# Þingsályktunartillögur samþykktar.

## 1. Höfundaréttur.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt:
*Till. til þál. um aðild Íslands að allsherjarsamningi um höfundarétt* [19. mál] (A. 19).

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til einnar umr.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Ég gerði í raun og veru grein fyrir þessari þáltill., um leið og ég lagði fyrir hv. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt. Ályktunin er um það að heimila ríkisstj. eða réttara sagt fela henni að gerast fyrir hönd Íslands aðili að allsherjarsamningi þeim um höfundarétt, sem gerður var í Geneve 6. sept. 1952. Þessi samningur er að meginefni hinn sami og Bernarsamþykktin, sem menn kannast við og Ísland er nú orðið aðili að, en hinn nýi allsherjarsamningur er víðtækari, nær til fleiri ríkja en hinn eldri, og ef Íslendingar þess vegna treysta sér á annað borð til þess að vera áfram í þessum samtökum, þá virðist vera rétt að gerast einnig aðili að hinum nýja samningi.

Málið var allrækilega undirbúið í tíð fyrrv. menntmrh., Björns Ólafssonar, og frv., sem ég gat um, fylgir ýtarleg álitsgerð, svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn., en vildi jafnframt beina því til þeirrar n. að hafa samráð við allsherjarnefndir í deildum, þó einkanlega í Nd., um afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (A. 19, n. 123).

*Frsm. (Bernharð Stefánsson):* Herra forseti. Með þáltill. þessari er lagt til, að Alþ. feli ríkisstj. að gerast fyrir hönd Íslands aðili að allsherjarsamningi þeim um höfundarétt, er gerður var í Geneve 6. sept. 1952. En svo er háttað um þennan samning, að aðilar að honum eru ýmis ríki, sem eru ekki í Bernarsambandinu, og liggur þýðing þessa samnings í því, að þessi ríki bætast við um það að tryggja gagnkvæman höfundarétt, þó ekki alveg eins víðtækan og er í Bernarsambandinu sjálfu. Það má því líta svo á að nokkru leyti, að þessi ríki hafi gerzt nokkurs konar aukafélagar í Bernarsambandinu með þessum samningi, sem till. fjallar um. Í nál. allshn. Sþ. á þskj. 123 eru þessi ríki talin upp, sem þannig hafa gerzt aðilar að samningnum, án þess að ganga þó í Bernarsambandið.

Ég býst við, að slíkur samningur við mörg af þessum ríkjum hafi litla þýðingu fyrir okkur, en ég vil þó benda á það, að meðal þeirra eru t. d. Austurríki og Bandaríkin. Annars eru ýmis fleiri ríki, sem eru ekki meðlimir í Bernarsambandinu, þar á meðal eitt af mestu stórveldum veraldarinnar, Sovétríkin. Þau eru ekki þátttakendur í því og ekki heldur í þessum samningi, sem hér um ræðir. Ég hygg, að það muni hafa aðalþýðinguna fyrir okkur Íslendinga að tryggja vernd höfunda okkar í Bandaríkjunum með þessum samningi, einkum ef það er nú rétt, sem nú er farið að geta um opinberlega, að höfundar í Bandaríkjunum njóti þessarar verndar á Íslandi, af því að Ísland er aðili að Bernarsambandinu, en íslenzkir höfundar njóti aftur ekki verndar í Bandaríkjunum. Þá sýnist það vera hagsmunir Íslands, eins og sakir standa, að gerast aðili að þessum samningi. Hitt er svo allt annað mál, hvort rétt er að halda áfram að vera í Bernarsambandinu. Það er vitað, og saklaust að nefna það hér þess vegna, að nú á seinni árum hafa vaknað efasemdir um þetta, og þær hafa vaknað aðallega, held ég, eða a. m. k. meðfram vegna ýmissa aðgerða STEFS nú á seinustu tímum. N. hefur þó ekki gert neina till. um úrsögn úr Bernarsambandinu, og slíkt mál liggur ekki fyrir. En eftir athugun málsins og með tilliti til þess, að við erum í Bernarsambandinu og höfum verið það lengi, þá leggur allshn. til, að till. þessi verði samþykkt.

Það liggur hér lagafrv. um svipað efni fyrir hv. Nd. Í sjálfu sér hefði verið rétt, að allshn. sameinaðs þings hefði átt viðræður við allshn. hv. Nd., sem þetta lagafrv. mun vera til meðferðar í. Af þessu hefur nú ekki orðið, en ég tel alveg víst, að svipað sjónarmið muni koma fram

þar og að sú lagabreyting, sem þarf að gera í sambandi við þetta mál, nái fram að ganga.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 138).

## 2. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var útbýtt:
*Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar* [133. mál] (A. 342).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Ég leyfi mér fyrir hönd ríkisstj. að leggja til, að Alþ. ákveði fyrir sitt leyti að fresta fundum þingsins frá og með deginum í dag að telja, enda komi það saman aftur ekki síðar en 5. febr. n. k., svo sem greinir í till.

Ýmis rök hníga að þessari till. Ég nefni fyrst þau, að eins og hv. þm. er kunnugt, þá tók núverandi ríkisstj. ekki við völdum fyrr en rúmum hálfum mánuði áður en Alþ. kom saman. Henni vannst þess vegna nær enginn tími til að undirbúa þau mál, sem hún þarf að leggja fyrir Alþ. til efnda á málefnasamningnum, sem gerður var, þegar stjórnin var mynduð.

Stjórnin hefur að sönnu eftir fremstu getu unnið að málum sínum síðan, svo sem frá var skýrt við eldhúsdagsumræður þær, sem nýverið fóru fram hér frá Alþ., en hún hyggst nú að nota þinghléið til þess að reyna að komast nokkru lengra áleiðis í þeim efnum. Þá var það og vilji margra þm., ekki síst þeirra, sem utan Reykjavíkur búa og ýmsum störfum þurfa að gegna í heimahögum um áramótin, að hlé verði á störfum Alþ. Og enn get ég þess, að líklegt er, að bæjarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara í janúarlok víða um land, mundu trufla störf þingsins, og mætti ýmislegt fleira til nefna.

Ég leyfi mér því að vænta, að hv. Alþ. samþykki þessa till.

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Það eru, eins og hæstv. forsrh. kom inn á, að vísu mörg rök, sem mæla með því að fresta þingi til þess tíma, sem hér er lagt til, og ekki óeðlilegt að veita hæstv. ríkisstj. þann rétt og það vald. En það er ekki óeðlilegt, að áður en það sé gert, þá fengju þm. eitthvað að vita um, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér að gera í þeim málum, sem eru allra brýnust úrlausnar núna, viðvíkjandi sjávarútveginum sérstaklega og ekki hvað síst viðvíkjandi bátunum, þar sem vitanlegt er, að nú stendur yfir deila og útlit fyrir eða a. m. k. ekki víst, að flotinn fari af stað í janúarbyrjun.

Ég skil það að vísu mjög vel, að hæstv. ríkisstj. vill máske sumpart með tilliti til þessa hafa heimild til þess að geta gefið út bráðabirgðalög í þinghléinu, en um leið og farið er fram á það við þingmenn að veita þennan rétt, þá væri ekki óeðlilegt, að hæstv. ríkisstj. segði okkur, að hún hugsaði a. m. k. að vinna alvarlega að þessari lausn og að því, að það mætti takast að koma bátaflotanum út.

Ég vildi þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort það hefði enn þá verið nokkuð ráðið af hálfu ríkisstj. viðvíkjandi þeim málum. Það er, eins og gefur að skilja, ekki að öllu leyti skemmtilegt að þurfa að skiljast við þau eins og nú standa sakir, en hins vegar vitanlegt aftur á móti, að ef svona till. væri ekki samþ., þá hefði ríkisstj. ekki heldur rétt til þess að gefa út nein brbl., sem gætu þó máske orðið að einhverju leyti til aðstoðar við lausn á deilunni.

Ég vildi þess vegna mega vænta þess, að hæstv. forsrh. segði okkur, hvað ríkisstj. hyggst að gera í þessum efnum eða að hún hyggist a. m. k. að sínu leyti að gera sitt ýtrasta til þess að finna lausn á þessum málum í tíma, þannig að það þurfi ekki að fara svo, að bátaflotinn liggi jafnvel mestallan janúar.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Út af þessum ummælum hv. 2. þm. Reykv. þykir mér rétt að segja frá því, að ég hygg, að það hafi verið í septembermánuði, sem ríkisstj. fól ýmsum af sínum trúnaðarmönnum að kynna sér eftir föngum hag útgerðarinnar og hag og efnahagsafkomu þeirra, sem afurðir hafa keypt af bátaflotanum, og þá með það fyrir augum að fá úr því skorið, hvort ekki væri hægt að koma til leiðar sanngjarnri hækkun á fiskverði til sjómanna og útgerðarmanna.

Að þessu máli hefur mikið verið unnið og af prýðilegum mönnum. Fyrir hönd stjórnarinnar hafa starfað að því skrifstofustjórinn í atvmrn., Gunnl. E. Briem, sem er formaður þessarar nefndar; fiskimálastjóri, Davíð Ólafsson; skrifstofustjórinn í viðskmrn., Þórhallur Ásgeirsson; bankastjóri Framkvæmdabankans, Benjamín Eiríksson; skrifstofustjórinn í fjmrn., Sigtryggur Klemenzson, og dr. Oddur Guðjónsson frá fjárhagsráði. Þessir menn hafa lagt í það mikið verk að rannsaka möguleikana fyrir verðhækkun.

Ég treysti mér ekki á þessu stigi að fullyrða neitt um það, hvort rannsóknin leiði til þeirrar niðurstöðu, að stjórnin telji sig hafa aðstöðu til þess að reyna að beita sér fyrir hækkun á fiskverði til sjómanna og útgerðarmanna. En þó held ég, að ég stað-

hæfi, að þær upplýsingar, sem fyrir liggja, gefa nokkrar vonir í þessum efnum. En vitaskuld hlýtur sérhver stjórn í landinu, jafnvel stjórn, sem væri eins bág og bölvuð og menn töluðu hér um á eldhúsdaginn, hvað þá heldur svo góð stjórn sem menn hugsa um á þessari stundu, að vilja gera allt, sem hún getur, til þess að vinna að því, að eigi rísi deila, er leiði til þess, að útgerðin stöðvist um áramótin.

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Ég vil á engan hátt draga í efa, að það sé rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að hæstv. ríkisstj. hafi fullan hug á að fá deiluna milli sjómanna og útgerðarmanna leysta eða deiluna um fiskverðið. Hins vegar gaf hann ekki, að því er mér virtist, og kannske ekki þess að vænta heldur, neinar þær upplýsingar, sem geta verið fullnægjandi alþm. í því efni, hvaða horfur séu á því, að deilan leysist skjótlega.

Viðvíkjandi till., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að ég mun eftir atvikum greiða henni atkv. En ég vil gjarnan taka það skýrt fram, að ef í sambandi við deiluna um fiskverðið kæmi til nýrrar lagasetningar, þá tel ég alveg tvímælalaust, að hæstv. ríkisstj. bæri þá að kalla Alþ. saman, áður en frá þeirri löggjöf yrði gengið, því að með slíkri þingfrestun sem hér er um að ræða er ekki til þess ætlazt, að hæstv. ríkisstj. taki sér með því vald til að gefa út brbl. Eins og till. nú er orðuð, þá segir, að þingið verði kvatt saman aftur eigi síðar en 5. febr. n. k., og ég vil láta það fylgja mínu atkv. um þessa till., að ég tel, að ef til lagasetningar kæmi í sambandi við lausn deilunnar um fiskverðið, beri ríkisstj. að leita um það álits þingsins, en ekki að leysa það með brbl.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Ég vil út af þessum ummælum hv. 4. þm. Reykv. segja það, að ég tel, að ef þessi till. er samþykkt, þá hafi stjórnin heimild til að gefa út brbl. Hv. þm. spyr um, hvort stjórnin ætli að nota þá heimild. Það getur hugsazt, að hún noti hana. Og ég tel það einmitt kost, að hún hafi slíka heimild. Margir þm. eru búsettir utan Reykjavíkur, og það getur verið mjög óþægilegt fyrir þá, að kveðja þurfi saman þing, ef grípa þarf til einhverrar lagasetningar. Þetta er alveg sama spurningin, sem hv. 4. þm. Reykv. vekur hér, eins og fram kom af hendi hv. 2. þm. Reykv., ef ég man rétt, 1948, þegar þáverandi forsrh., Stefán Jóhann, fór fram á sams konar heimild og ég fer fram á núna. Hv. 2. þm. Reykv. gat þá alveg réttilega um heimild stjórninni til handa til útgáfu brbl. Mig rekur ekki minni til, að hv. 4. þm. Reykv. hafi beitt sér á móti slíkri samþykkt þá, og lágu þó mál svipað fyrir að ýmsu leyti þá og nú. Það var einmitt dregið í efa, að þær lagaheimildir, sem þingið hafði gefið, nægðu til úrlausnar á þeim viðfangsefnum, sem risið gætu, og af þeim ástæðum jafnvel gert ráð fyrir, að til brbl. þyrfti að koma. Ég vil ekki, að menn hafi um það mismunandi hugmyndir, hvaða skilning stjórnin leggur í þetta, og heldur ekki hvernig hún mundi nota þær heimildir, ef henni þætti við þurfa.

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Mér þykir mjög miður, að hæstv. forsrh. treystir sér ekki til þess að gefa loforð um að láta ógert að gefa út brbl., t. d. til lausnar á deilunni um fiskverðið, þann tíma, sem þingfrestunin stendur, og það dregur úr mér að greiða þessari þáltill. atkv. Ég geri ráð fyrir, að ég sitji hjá við atkvgr., og áskil mér fullan rétt til, ef til þess skyldi koma, að finna að þeim gerðum hæstv. ríkisstj. að taka sér vald til útgáfu brbl. í sambandi við lausn þessa máls.

Hæstv. ráðh. sagði, að 1948 hefði þáverandi ríkisstj. fengið sams konar heimild undir svipuðum kringumstæðum. Ég minnist þess nú ekki gerla, hvort þetta er rétt frá skýrt. En að því er mína afstöðu snertir, þá get ég sagt það, að hún var öll önnur þá en nú. Þá var sá maður forsrh., sem hafði stuðning Alþfl. og ég vissi að mundi ekki beita þessari heimild, án þess að það yrði fullkomlega athugað í samráði og með vitund Alþfl. En eftir reynslu á starfi hæstv. núverandi ríkisstj. hef ég litla trú á því, að Alþfl. eða þeim þm., sem hann fylla, verði gerð fullnægjandi grein fyrir málavöxtum, þó að gripið yrði til slíkra úrræða að gefa út brbl.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 347).

## 3. Brúarstæði á Hornafjarðarfljótum.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:
*Till. til þál. um rannsókn á brúarstæði á Hornafjarðarfljótum* [75. mál] (A. 100).

Á 12., 13., 15. og 17. fundi í Sþ., 28. okt., 4., 11. og 18. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

*Flm. (Páll Þorsteinsson):* Herra forseti. Með till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er farið fram á það, að ríkisstj. láti fara fram á næsta ári nákvæma rannsókn á brúarstæði á Hornafjarðarfljótum. Við Hornafjarðarfljót eru staðhættir svo sérstæðir, að í sambandi við brúargerð mun þörf vera á, að nákvæm rannsókn fari þar fram á aðstöðu allri, áður en til framkvæmda getur komið. — Upptök fljótanna eru í Vatnajökli. Renna tvær jökulár undan rótum jökulsins, sitt hvorum megin við allhátt fell. Lausleg athugun hefur farið fram á brúarstæði þar, en þessar ár, einkum hin svonefndu Austur-fljót, breyta oft um farvegi, svo að ekki hefur þótt aðgengilegt að byggja brýr á þeim slóðum. En þegar neðar dregur á slétt-

lendið, dreifast þessar ár yfir stórt landssvæði milli tveggja gróðursælla sveita, Nesjahrepps og Mýrahrepps. Á mörkum þess, þar sem þessi vatnsfláki telst fljót eða fjörður, liggur þjóðvegur yfir hann í miðju héraði, og sú leið var fjölfarnasta leiðin milli hreppa í sýslunni, meðan ferðazt var á hestum. En þessi leið hefur oft reynzt torfær eða ófær á bifreiðum, og hefur þá verið horfið að því ráði meira og meira að fara aðra leið nær sjó og yfir Hornafjarðarfljót á ferju.

Á síðari árum hefur tækni fleygt mjög fram, og með hinum stórvirku tækjum, sem nú eru notuð til vegagerðar, hefur reynzt stórum auðveldara en áður að gera miklar framkvæmdir á því sviði, og með þessum stórvirku tækjum er það leikur einn að vinna ýmis verk, sem ókleift var að leysa af hendi áður. Þar, sem þjóðvegurinn liggur yfir Hornafjarðarfljót, sem lengi var hinn fjölfarnasti í héraðinu, eru 4—5 km leið á milli sveitanna Nesjahrepps og Mýrahrepps. Á þeim tímum árs, þegar jökulvötn eru að jafnaði lítil, er mikið af þessu svæði þurrar eyrar, en þær leggjast undir vatn í vatnavöxtum. Austur-Skaftfellingar hafa komið auga á það, að miklar líkur benda til þess, að hægt sé með viðráðanlegum kostnaði að ýta þarna upp görðum með jarðýtum og gera á þann hátt fyrirhleðslur við Hornafjarðarfljót á þessum slóðum, veita þeim með þessum hætti í mjóa ála og brúa síðan á einum stað eða fleiri. Reynslan sýnir, að í jarðveginum þarna er mjög mikið gróðurmagn. Ef eyrar sleppa við ágang vatns einhver ár, breytast þær í gróið land á tiltölulega stuttum tíma. Sennilegt er, að svo megi haga fyrirhleðslum, að stór landssvæði, sem vatn rennur nú yfir í vatnavöxtum, verði að fullu og öllu varin ágangi vatna, ef slíkar fyrirhleðslur eru gerðar. Mundi þá stækka að miklum mun á fáum árum gróðurlendi sveitanna báðum megin við Hornafjarðarfljót. En áður en hægt er að ráðast í framkvæmdir á þessu sviði, þarf vitanlega nákvæm athugun að fara fram á því, hvar fyrirhleðslur yrðu bezt settar og hve langar þær þyrftu að vera og hvort hagkvæmara er að gera þarna eina stórbrú eða smærri brýr á tveimur eða þremur stöðum, en það er aðeins þetta, sem farið er fram á með till. þeirri, sem hér liggur fyrir, að slík rannsókn verði gerð þegar á næsta ári.

Ég tel eðlilegt, að þessi till. fari til nefndar á milli umræðna, og mér er ljóst, að það er álitamál, hvort hún ætti að fara til fjvn. eða allshn. sameinaðs þings. Af slíkri rannsókn sem farið er fram á í till. mundi vitanlega leiða dálítinn kostnað, en það er samt engan veginn stórfellt fjárhagsatriði. Af því leiðir, að ég leyfi mér nú að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn., en því fer þó fjarri, að mér sé það nokkurt kappsmál, til hvorrar n. till. fer.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 100, n. 376).

*Frsm. (Jón Kjartansson):* Herra forseti. Fjvn. mælir með því, að þessi þáltill. verði samþykkt. N. hefur sent vegamálastjóra till. til umsagnar, og mælir hann einnig með því, að þessi rannsókn á brúarstæði á Hornafjarðarfljótum fari fram.

Hugmyndin var, að aðalsamgönguleiðin yfir Hornafjarðarfljót yrði með vélknúinni ferju frá Óslandi, sem er utan við þorpið Hafnarkauptún, og yfir að Melatanga, þar sem flugvöllurinn er. Var byrjað á framkvæmdum þar lítils háttar, en fyrir atbeina vegamálastjóra voru framkvæmdir stöðvaðar í bili, því að hann var þarna á ferð s. l. sumar og taldi rétt, að athugað yrði nánar, áður en lengra yrði haldið, hvort ekki væri heppilegra að byggja brú á Hornafjarðarfljótum nálægt Bjarnanesi. Er með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, farið fram á, að þessi rannsókn fari fram.

Að sjálfsögðu verður brú á Hornafjarðarfljótum mjög löng og þar af leiðandi dýr, en vélknúin ferja yrði einnig dýr, og sérstaklega yrði dýr rekstur á þeirri ferju, sem mundi náttúrlega sparast, ef brú kæmi þarna. Auðvitað yrðu það einnig miklu meiri þægindi fyrir sveitirnar þarna í kring og samgöngur allar, ef brú gæti komizt þarna. — N. leggur sem sagt til, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 398).

---

## 4. Dyrhólaós.

Á deildafundum 30. okt. var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal* [80. mál] (A. 109).

Á 13., 15. og 17. fundi í Sþ., 4., 11. og 18. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

*Flm. (Jón Kjartansson):* Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill. á þskj. 109, og er þar farið fram á, að rannsakað verði, hvað unnt sé að gera til þess að koma í veg fyrir frekari landspjöll af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal. Landspjöll þessi eru svo tíð og stórfelld, að ef ekkert verður hægt að gera í þessu efni, þá er ekki annað líklegt en að hið blómlega engi í Mið-Mýrdal fari í algera auðn með tímanum. Það eru 25—30 býli í Mýrdal, sem eiga engjalönd hér að, og það líður varla svo nokkurt ár, að ósinn brjóti ekki meiri eða minni landspildu af þessu blómlega engi. Heilt byggðarhverfi, Dyrhólahverfið, stefnir í fullkomna auðn, ef

ekkert verður að gert. Ég hef ekki þá þekkingu á þessum málum, að ég viti, hvað tiltækilegt er að gera til þess að bjarga frá þessum landspjöllum, en það, sem máli skiptir, er, að unnt sé að koma í veg fyrir, að ósinn stíflist, að hann hafi varanlegt útfall, eins og hann hafði víst í fornöld, að ég hygg.

Það eru til gömul munnmæli, sem herma, að Dyrhólaós hafi fyrr á öldum haft útfall undir eyjarhalanum að austanverðu og að hann hafi runnið út í svonefndan Bolabás og þá hafi ósinn aldrei stíflazt. Ég veit ekki, hvað hæft er í þessu, en inn úr Bolabás eru göng, og hefur verið komizt þar 70 faðma undir bergið, eða þriðjung leiðarinnar, og ekki ólíklegt, að þessi gömlu munnmæli séu rétt og að þarna hafi stíflazt af einhverjum orsökum, annaðhvort að ofanverðu eða einhvers staðar á leiðinni. En ef takast mætti að koma ósnum þarna í gegn á ný, þá mundi vera öruggt, að þarna yrðu ekki frekari landspjöll.

Ýmislegt bendir til, að í fornöld hafi verið miklu blómlegra um að litast umhverfis Dyrhólaós en nú er. Í Njáls sögu segir, að Kári Sölmundarson hafi reist bú að Dyrhólum, en það mundi hann ekki hafa gert, ef ekki hefðu verið þar góðir landkostir. — Til er samningur frá 17. öld, þar sem Kerlingardalsbræður leyfa bændum í Dyrhólahverfi upprekstur í Koltungum, sem er land í Kerlingardalsafrétt, fyrir reiðingsskurð norðan undir Dyrhólaey. En nú er ekki nokkur reiðingur til þarna og ekkert nema sandauðn. Þar, sem Dyrhólaós hefur verið að brjóta land, hefur stundum komið upp rekaviður og allt að 2 metra þykkt jarðlag ofan á. Þetta sýnir, að yfirborð óssins hefur verið miklum mun lægra áður fyrr en nú er. En það er mjög aðkallandi, að það verði athugað gaumgæfilega, hvað unnt er að gera til þess að vernda þetta blómlega land þarna í Mið-Mýrdal.

Hingað til hefur verið reynt að moka ósinn út, og hefur verið gert áður fyrr æði mikið að því, en alþm. skilja, að eftir því sem fækkar fólki á heimilunum, — nú er víðast hvar ekki nema einyrkjabúskapur, þar sem áður var fjölmenni á heimilum, — má heita, að það sé ókleift verk að moka út. Reynt hefur verið að nota þarna jarðýtu, en það er engan veginn hættulaust að hafa jarðýtu á þessum stað til þess að moka út ósinn, vegna þess að stundum kemur það fyrir, þegar verið er að moka hann, að þá hleypur hann með miklu kasti, svo að það getur verið stórhætta fyrir mann, sem er á slíku verkfæri, að vera þarna að verki.

Það, sem máli skiptir, er að reyna að finna einhver ráð til þess, að ósinn hafi öruggt útfall. Mýrdalurinn er of falleg og blómleg sveit til þess, að hann eyðileggist, máske fyrir sinnuleysi, ef eitthvað er hægt að gera til bjargar.

Ég leyfi mér að leggja til, að þessari þáltill. verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til síðari umr.

*Frsm. (Jón Kjartansson):* Herra forseti. Fjvn. leggur með því, að þessi till. verði samþ. Hún hafði sent hana vegamálastjóra til umsagnar, og í umsögn sinni telur vegamálastjóri mjög sennilegt, að hindra megi landspjöll við Dyrhólaós, en til þess að unnt sé að segja fyrir, hvað heppilegt sé að gera, telur hann, að fram verði að fara mælingar og athuganir á staðháttum, og það er einmitt þetta, sem till. mælir fyrir um.

Ég vil geta þess, að enda þótt ekkert sé fram tekið um það í þessum till. og ýmsum öðrum, sem líkt stendur á um og n. hefur fengið, hver beri kostnaðinn, liggur það að sjálfsögðu í hlutarins eðli, að ríkissjóður ber kostnaðinn, ef Alþ. heimilar svona athugun. — N. leggur til, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 399).

---

## 5. Vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar.

Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., var útbýtt:

*Till. til þál. um athugun á hentugu vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar* [108. mál] (A. 190).

Á 20. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 5. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

*Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):* Herra forseti. Því er nú þannig háttað, að af fjórum flm. að þessari þáltill. á þskj. 190 er ég hér einn viðstaddur. Hinir þrír flm. hafa allir boðað forföll. En þótt hv. þm. Siglf. sé 1. flm. og hefði að sjálfsögðu mælt fyrir till., ef hann væri hér, þá tel ég þó rétt að fylgja henni úr hlaði með örfáum orðum og á þann hátt flýta fyrir því, að hún geti strax gengið til nefndar, vegna þess að okkur flm. er það áhugamál, að þessi till. verði athuguð og afgreidd hér á hinu háa Alþingi og það á þessu þingi. — En till. fjallar um það, að ríkisstj. láti fara fram athugun eða rannsókn á, á hvern hátt Siglufirði verði helzt komið í varanlegt vegasamband við Skagafjörð, og þessari athugun verði lokið fyrir 1. okt. í haust, eða áður en væntanlegt Alþingi tæki þá til starfa.

Það eru nú sjö eða átta ár síðan vegasamband opnaðist milli Siglufjarðar og Fljóta, yfir svonefnt Siglufjarðarskarð, sem er einn af

erfiðustu og hæstu fjallvegum hér á landi milli byggða. En það er sannast að segja, að þetta vegasamband hefur reynzt svo ófullkomið á allan hátt, að það er alveg óhugsandi, að við verði unað til lengdar. Eins og fram er tekið hér í grg. fyrir frv., þá er þetta ekki nema örstuttur tími af árinu, 2—3—4 mánuðir, sem hægt er að segja að þarna sé um raunverulegt vegasamband að ræða. Jafnvel í jafnsnjólausum vetri og þessum, þar sem svo má segja, að allt landið sé snjólaust, er Siglufjarðarskarð þó algerlega ófært.

Þegar þessi vegur var gerður í fyrstu, þá var fyrst og fremst búizt við því, að þessi vegarbót mundi ekki kosta tiltölulega mjög mikið og væri því hægt að koma þarna á vegasambandi, sem að vísu ávallt var vitað að yrði ekki nema sumarvegasamband, fyrir tiltölulega lítið fé. Þetta reyndist nú á allt annan veg. Vegurinn varð mjög dýr og kostaði mikið. Svo hefur það komið ofan á, að þegar sambandið opnaðist, þá urðu notin af honum enn minni en menn höfðu þó gert sér vonir um áður. Og það liggur í hlutarins eðli um jafnstóran kaupstað og Siglufjörður er, með 3000 íbúa, þótt ekki sé gert þar ráð fyrir neinni verulegri fólksfjölgun fyrst um sinn, að það er ekki hægt við það að una fyrir svo stóran kaupstað, að ekki sé um sæmilega greiðfært vegasamband að ræða við þjóðvegakerfi landsins, auk þess sem Siglufjörður fær mestallar sínar landbúnaðarvörur úr Skagafirði, liggur enda langbezt. Tiltölulega öruggt vegasamband mikinn hluta ársins er því geysilega mikils virði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar. Það má því segja, að þar mætist algerlega hagsmunir Siglufjarðar og Skagfirðinga um þetta efni, enda eru það þm. Skagfirðinga og þingmenn Siglfirðinga, sem flytja þessa þáltill. sem sérstakt hagsmunamál þessara tveggja héraða, þótt segja megi, að þetta snerti allt landið, eins og raunverulega er, þegar á að greiða fyrir samgöngum milli stórra staða, útiloka það, að sumir staðir verði einangraðir. Það varð uppi sú skoðun, þegar þessi vegur var lagður, af mörgum, sem þarna bjuggu nærlendis, svo sem í Fljótum, að það hefði átt að fara allt aðra leið með veginn, og við flm. bendum hér á þá leið. Það er sú leið að fara í kring út Almenninga, sem kallaðir eru, út frá Hraunum og um svonefnda Stráka, Úlfsdali og síðan til Siglufjarðar. Athugun á að leiða í ljós, hvort þessi ábending okkar hafi ekki við rök að styðjast, en það veit ég, að fjöldi kunnugra manna telur, að þarna verði aldrei um veruleg snjóþyngsli að ræða, nema þá í sérstaklega snjóþungum vetrum, og að á þennan hátt væri hægt að koma á sambandi, sem mundi haldast nokkuð svipað og aðrir venjulegir heiðavegir hér á landi, skulum við segja, sem geta verið færir stundum allan veturinn og stundum mikinn hluta ársins. En ég þori að fullyrða, að fyrir þessi byggðarlög, einkum Siglufjörð annars vegar og Fljót og aðra úthreppa Skagafjarðar að austan hins vegar, er þetta eitt mesta áhugamál þeirra. Og ég hygg, að fátt væri betra fyrir Siglfirðinga sjálfa, sem hafa átt í miklum erfiðleikum vegna atvinnuvandræða af ástæðum, sem við allir vitum, hv. þingmenn, en að hægt væri að greiða úr þessum hlutum, þannig að vegasamband til þeirra yrði betra og greiðfærara. Hér er ekki farið fram á annað en að rannsókn fari fram um þessa hluti, sem síðan geti legið fyrir Alþingi nú á næsta þingi. Sú rannsókn þarf náttúrlega að fela í sér tvennt, fyrst vegarstæðið og einkum þó að safna upplýsingum um snjóþyngsli á því og svo hins vegar sem niðurstöðu af því, hvað mikinn kostnað þarna væri um að ræða við að leggja veg þessa leið til Siglufjarðar.

Ég sé nú ekki ástæðu til að láta fleiri orð fylgja þessu af hálfu okkar flm., en leyfi mér að mæla með því, að þessari till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 190, n. 374).

*Frsm. (Magnús Jónsson):* Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. þá, sem hér er til umr. og er á þskj. 190, þar sem lagt er til, að Alþ. feli ríkisstj. að láta athuga, með hvaða hætti Siglufirði verði helzt komið í varanlegt vegasamband við Skagafjörð, og að athugun þessari verði lokið fyrir 1. okt. 1954.

Fjvn. hefur leitað um mál þetta álits vegamálastjóra, og hefur hann mælt með því, að þessi athugun færi fram. Að vísu telur hann ljóst, að það muni verða hér við margvíslega erfiðleika að etja og þegar á sínum tíma hafi verið rannsakað vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar, þá hafi ekki verið talið fært að fara þá leið, sem sérstaklega er vikið að í grg. þáltill., heldur hafi verið það úrræði tekið, sem mönnum er kunnugt, að vegur var lagður yfir Siglufjarðarskarð. En reynslan hefur sýnt, að þessi vegur kemur að mjög litlu haldi og er aðeins opinn mjög stuttan tíma ársins, oftast ekki nema tvo til þrjá mánuði yfir hásumarið, þannig að af þessu eru ákaflega takmörkuð not fyrir Siglufjörð, sem vitanlega hefur þess mikla þörf að komast í vegasamband við sveitir Skagafjarðar og suður yfir, því að samgöngur einar á sjó eru auðvitað, eins og nú er háttað málum, algerlega ófullnægjandi. Það er vitanlegt, að síðan þessi vegur var lagður, hafa ýmsar umbætur orðið og nýjar leiðir opnazt varðandi vegalagningu. Af þeim sökum telur vegamálastjóri, að vel geti komið til mála, að rétt sé að athuga þessa leið að nýju, og tiltækilegt kynni að verða, þótt það yrði vitanlega allkostnaðarsamt, að leggja slíkan veg með þeim tækjum, sem nú er yfir að ráða, og af þeim sökum sé eðlilegt, að það verði kannað á nýjan leik, hvort tiltækilegt væri að leggja leiðina út fyrir Stráka, sem kallað er, en það mun vera sú leið, sem höfð er í huga með flutningi þessarar þáltill. — Fjvn. vill fyrir sitt leyti mjög stuðla að því, að þessi athugun fari fram, og mælir með því einróma, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 400).

## 6. Höfundaréttarsamningur við Bandaríkin.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:
*Till. til þál. um að fela ríkisstj. að gera gagnkvæman höfundaréttarsamning við Bandaríki Ameríku* [126. mál] (A. 307).

Á 31. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Þessi till. er í nánu sambandi við tvö mál, sem hafa verið fyrir Alþ. hér fyrr í vetur, annars vegar breyting á höfundaréttarlögunum og hins vegar um það, að Ísland skyldi gerast aðili að allsherjarsamningi um höfundarétt.

Lagabreytingin fór í þá átt að auðvelda, að Ísland gæti fengið gagnkvæm réttindi við Bandaríkin um þessi efni, og gat komið til greina að láta nægja í því sambandi þennan allsherjarsamning um höfundarétt, þar sem Bandaríkin eru aðili að honum. Að betur athuguðu máli hefur þótt sýnt, að það mundi dragast of mikið, að nauðsynleg vernd fyrir íslenzk hugverk fengist í Bandaríkjunum með þessu móti, þar sem búizt er við, að allsherjarsamningurinn taki ekki gildi milli allra aðila fyrr en eftir nokkuð langan tíma, þar sem gæti staðið á staðfestingu í ýmsum löndum. Þess vegna hefur þótt réttara að leita eftir beinum gagnkvæmum samningi við Bandaríkjastjórn um þessi efni, og er sú þáltill., sem hér er borin fram, í þá átt.

Mér skilst, að allir séu sammála um, að það sé eðlilegt, að slík réttindi fáist í Bandaríkjunum, og það því fremur sem flest bandarísk hugverk njóta verndar á Íslandi nú þegar, þar sem t. d. bækur, sem gefnar eru þar út, eru einnig flestar samtímis gefnar út í þeim löndum, sem eru þátttakendur í Bernarsáttmálanum, svo að Ísland verður verr úti í þessu efni en hinn aðilinn, í þessu tilfelli Bandaríkin. Verður hægt að bæta úr því með því að gera sérsamning við Bandaríkin um þessi efni, en áður en slíkur samningur er gerður, er hins vegar ekki hægt að fá þessi verk skráð í Bandaríkjunum, þannig að þau njóti þar verndar.

Það hefur komið fram nokkur gagnrýni á íslenzk stjórnarvöld fyrir það, að þau hafa ekki útvegað slíkan skráningarrétt þar vestra. Það er ekki hægt án slíkrar samningsgerðar sem hér er ráðgerð, og ef menn telja, að það sé nokkurs virði að fá réttinn, þá þarf að veita stjórninni þá heimild, sem hér er farið fram á.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, heldur legg til, að málinu verði vísað til hv. allshn. í Sþ. Hún mun hafa haft málið á fyrri stigum þess, og getur hún þá aflað sér frekari upplýsinga, ef hún telur þörf á. Legg ég til, að umr. sé frestað og till. vísað til hv. allshn.

*Lárus Jóhannesson:* Herra forseti. Ég vildi aðeins, áður en málið fer til nefndar, benda nefndinni á, hvort ekki væri nauðsynlegt að taka þetta mál upp á miklu breiðari grundvelli. Ég held, að það hafi verið nokkuð misráðið, þegar við gengum í Bernarsambandið. Ég held, að þeir hagsmunir, sem við höfum verið að verja, hafi orðið til þess, að okkar hagsmunir hafi orðið fyrir borð bornir. Ég er ekki einn af þeim mönnum, sem álíta, að menn eigi að gera sig seka í svonefndum ritstuldi, sem er náttúrlega ekkert sannnefni, en við verðum að reyna að vita fótum okkar forráð, áður en við stígum ákveðið spor.

Ég hef orðið var við það, að það hafa verið heimtuð óeðlilega há þýðingarlaun af okkur hér á landi, samanborið við fólksfjölda og samanborið við það, sem við fáum greitt fyrir þau fáu verk, sem hafa verið þýdd af okkar tungu. Í sambandi við mál, sem er í hæstarétti núna, hafa komið nokkrar upplýsingar um ritlaun, sem einn íslenzkur höfundur hefur fengið. Það kemur í ljós, að fyrir þýðingarrétt á bók í Ítalíu, sem er 40 milljóna þjóð, hefur hann fengið greidd 40 £. Fyrir rétt á bók í Suður-Ameríku allri hefur hann fengið greidd 40 £. Aftur á móti hefur iðulega verið krafizt af okkur 50 £ fyrir þýðingu erlendra bóka á íslenzku. Í því sama máli er einnig upplýst, að ein bók hans mun hafa komið út í Norður-Ameríku og gefið af sér, af því að upplag hennar var mjög stórt, allt upp í 100 þús. dollara. En hvað höfum við svo fengið heim, Íslendingar, fyrir það? Af þessum um 100 þús. dollurum fara 80 þús. í milliliðina, 20 þús. koma til höfundarins, en af þeim fara 10 þús. í skatta. Þetta er frá Bandaríkjunum, og var þó engin vernd þar, heldur álíta öll sæmileg útgáfufyrirtæki sjálfsagt að greiða fyrir þýðingar án tillits til milliríkjasamninga um það efni.

Við vitum það eða höfum heyrt um það a. m. k., að útvarpið hér sé látið greiða mikið á annað hundrað þús. kr. — ef til vill meira — fyrir flutningsrétt á erlendum tónverkum, sem réttar njóta. Hvað ætti það að vera hlutfallslega hjá milljónaþjóðum?

Ég vildi biðja n. að athuga þetta mál mjög vandlega og athuga það um leið, hvort ekki væri réttara fyrir okkur að vera alls ekki í Bernarsambandinu, heldur gera sérsamninga við þau ríki, sem við viljum hafa menningarsamband við. Í þessu sambandi vil ég benda á, að það hefur verið okkur ekki einungis til óþæginda, heldur til skammar, að við höfum ekki fengið yfir-

færslu á þeim peningum, sem við höfum samið um að greiða fyrir þýðingarrétt. Ég man eftir því, að ég samdi um að greiða fyrir þýðingarrétt á einni bandarískri bók 100 $, sem ég fékk ekki um langan aldur leyfi til yfirfærslu á, og ég fékk í því sambandi skammarbréf frá firmanu, sem ég samdi við. Í bréfi þessu var sagt við mig: Hvað eruð þið að ónáða okkur með að gera samning upp á 100 $, sem þið svo ekki fáið leyfi til að greiða?

Ég vildi aðeins vekja athygli n. á þessu, áður en málið fer til hennar, því að þetta er mál, sem áreiðanlega þarf að athuga mjög nákvæmlega. Ég held, að við höfum verið nokkuð fljótir á okkur að stíga þau spor, sem stigin hafa verið.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Það er svo með þetta mál eins og málin þessu skyld, sem voru hér til umræðu fyrr í vetur og ég drap á, að ég geri ráð fyrir, að þeir, sem um það fjalla á þinginu, svari því til svipað sem afstaða ráðuneytisins er, að úr því að við á annað borð erum þátttakendur í Bernarsambandinu, þá sé eðlilegt að gera þessar viðbótarráðstafanir; hins vegar leiði þessir aðilar hjá sér að svo stöddu að taka afstöðu til meginatriðisins, sem sé, hvort við eigum að halda áfram þátttöku okkar í þessu bandalagi.

Ég vil nú beina því til míns ágæta vinar, hv. þm. Seyðf., hvort ekki væri rétt, að hann og ýmsir aðrir þm., sem ég veit að eru sömu skoðunar og hann, flyttu beinlínis þáltill. um, að við gengjum úr þessu bandalagi, til þess að á daginn kæmi, hvort þingmenn að fenginni reynslu eru því sammála, að við séum áfram í þessum samtökum eða ekki. Og eins og hv. þm. sagði, þá þyrfti í sjálfu sér ekki að vera neitt óboðlegt við þá framkomu okkar, vegna þess að við getum vitanlega gert sérsamninga við þau lönd, sem við teljum ástæðu til, eftir sem áður, ef við teljum ekki fært að hverfa til þess ástands, sem var, áður en við gerðumst aðilar Bernarsáttmálans. — Ég vildi beina þessu til hv. þm. og annarra þeirra, sem eru svipaðrar skoðunar.

*Lárus Jóhannesson:* Í tilefni af ræðu hæstv. dómsmrh. vildi ég taka það fram, að ég tel mig á þessu stigi málsins ekki hafa nægileg gögn í höndum til þess að koma með rökstuddar till. um, hvort við eigum að vera í Bernarsambandinu eða taka upp samninga við einstök ríki. En hitt er auðsætt mál, að því meira sem búið er að binda sig og því fleiri samninga sem búið er að gera, því erfiðara verður að taka skrefið til baka, ef það álízt eðlilegt.

Hjá allshn. Ed. er nú annað mál skylt þessu, sem afgr. hefur verið í Nd. Það er um að veita höfundum meiri rétt viðvíkjandi þýðingum á bókum þeirra en verið hefur eftir íslenzkum lögum. Við höfum í allshn. Ed. sent það frv. til umsagnar Bóksalafélagsins, en mér vitanlega hefur sú umsögn ekki borizt enn þá. En ég fæ ekki betur séð en það sé til bóta, ef allshn. Sþ. vildi athuga þetta mál á breiðari grundvelli, áður en farið er að stíga skref til þess að binda okkur með samningum við erlendar þjóðir.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 307, n. 408).

*Frsm. (Bernharð Stefánsson):* Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur athugað þessa þáltill. og leggur til, að hún sé samþ. Afstaða n. byggist á því, að eins og kunnugt er njóta verk höfunda í Bandaríkjunum fullrar verndar á Íslandi, ef þau eru aðeins gefin út fyrst í einhverju landi Bernarsambandsins, t. d. í Kanada, en þannig mun venjulega vera farið að, ef verkið þykir nokkurs virði. Njóta bæði skáldrit og önnur verk, tónverk og annað slíkt, þannig meiri og lengri verndar í löndum Bernarsambandsins en í sjálfum Bandaríkjunum, því að lög Bandaríkjanna veita þeirra eigin höfundum skemmri rétt en Bernarsambandið gerir.

Ég hygg, að það hafi hér áður fyrr verið mögulegt að fá íslenzk verk skráð í Bandaríkjunum og að þau nytu þar höfundaverndar, eða áður en Ísland varð sjálfstætt ríki, því að það mun hafa verið einhver samningur um það á milli Dana og Bandaríkjanna. En þetta er orðið breytt nú, og íslenzkir höfundar njóta ekki verndar í Bandaríkjunum, nema hún sé veitt þeim sérstaklega, en það mun yfirleitt ekki vera gert. Þannig hefur gjaldeyrir, sem hefði verið réttmætt að til landsins rynni, farið forgörðum. Ég veit ekki, hvað mikil sú upphæð er, en sennilega er hún töluvert há.

Nú var hér á Alþ. í haust samþ. þáltill., sem fjallaði um svipað efni, eða um það, að Ísland gerðist aðili að samningi, sem gerður var í Geneve milli ýmissa landa og þ. á m. Bandaríkjanna um höfundarétt, en sá samningur kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en þing hvers lands hefur staðfest hann, og þykir ekki nægilegt til þess að ná því takmarki, sem að er stefnt, að íslenzkir höfundar njóti verndar í Bandaríkjunum. Þess vegna er sú till., sem hér liggur fyrir, fram borin. Eins og ég sagði í upphafi, telur allshn. þetta réttmætt og mælir með till., en um leið og ég lýsi því, þá vildi ég mega beina því til hæstv. ríkisstj., menntmrh. og sennilega utanríkisráðh. einnig, sem mundi gera samninginn, að það þyrfti að reyna að hafa samninginn þannig, að verk höfunda, sem gefin voru út, áður en Ísland varð sjálfstætt ríki, því að þau geta verið til enn og eru til, t. d. tónverk, nytu einnig verndar. Mér hafði komið til hugar að bera fram viðaukatill. við þessa till. um þetta, að ríkisstj. væri falið að reyna að ná samningi um það, en ég sá við nánari athugun, að það átti nú ekki beinlínis við. Þar sem till. er aðeins um það að fela ríkisstj. að gera gagnkvæman samning um vernd höfundaréttinda, þá átti ekki við að fara að beina til hennar í þeirri sömu till. sérstakri áskorun um að hafa samninginn svona, heldur leyfi ég mér að beina þessu til hæstv. ríkisstj. og vona, að það nægi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 428).

## 7. Þurrkví.

Á deildafundum 19. febr. var útbýtt frá Sþ.:
*Till. til þál. um undirbúning að byggingu þurrkvíar* [149. mál] (A. 381).

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gísli Jónsson):* Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. 381 till. til þál. um að skora á ríkisstj. að fela tveimur mönnum að ræða við bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar og Reykjavíkur um möguleikana á því að koma svo fljótt sem verða má upp þurrkví fyrir 6 þús. smál. skip, er stækka mætti síðar, svo að hún gæti rúmað allt að 18 þús. smál. skip. Till. fylgir ýtarleg grg., en þó tel ég rétt að láta nokkur orð fylgja hér þessu merka og svo mjög aðkallandi máli.

Almenningi mun það fyrir löngu ljóst, að án þess að landsmenn hafi jafnan ráð yfir hæfilegum skipakosti, verði sjálfstæðinu ekki við haldið. Land, sem byggir mestallan útflutning á fiskveiðum og þess utan liggur um þúsund mílur frá öðrum löndum, getur ekki haldið sjálfstæði sínu, nema það ráði jafnan yfir skipastól bæði til fiskveiða og flutninga. Far er framtíð þessarar þjóðar, frelsi hennar og menning. Án fars getur hún ekki lifað sjálfstæðu menningarlífi, hvorki í friði né ófriði. Þetta hefur þjóðinni löngu skilizt, og því er það, að hún hefur eignazt með ári hverju nýrri, stærri, betri og fleiri skip. Meðan Íslendingar áttu aðeins lítil för, smíðuðu þeir þau sjálfir, dyttuðu að þeim og færðu í naust, þegar þau voru ekki í ferðum. En jafnskjótt og förin voru stækkuð, var leitað til annarra þjóða, ekki aðeins um smíði þeirra, heldur og um meginhluta allan af viðgerðum þeirra og viðhaldi. Hér fór aldrei saman og fer ekki enn saman vaxandi skipastóll og vaxandi möguleikar til smíði skipa, viðgerða og viðhalds þeirra. Hafa Íslendingar af þessum ástæðum greitt hundruð milljóna króna úr landi á öld þeirri, sem nú er rúmlega hálfnuð, og stuðlað þann veg beinlínis að gjaldeyriseyðslu, sem var ekki nauðsynleg, og aukið jafnvel atvinnuleysið í landinu, oft til mikils tjóns fyrir alla aðila. Af þessu hefur viðhald skipastólsins orðið lakara, ending hans skemmri og öryggi margfalt minna. En allt hefur þetta síðan leitt til sívaxandi hækkunar á vátryggingargjöldum fyrir skip, sem hingað sigla eða héðan, svo að þjóðin greiðir einnig þar að óþörfu stórar fjárfúlgur. Þilskipaeigendurnir við Faxaflóa ráku sig á þessar staðreyndir þegar um aldamótin síðustu, er þeir höfðu eignazt allmikinn flota af þilskipum, sem stunduðu veiðar meginhluta ársins, og því var það, að þeir komu sér upp dráttarbraut fyrir skip sín hér í Reykjavík. En allt var þar skorið við neglur sér og aðeins fyrir þá stærð skipa, sem hér þekktist þá. Þótt Íslendingar eignuðust togara skömmu eftir aldamót og þótt þeir stækkuðu og fjölgaði árlega, var samt aldrei hugsað um þá hliðina að geta dregið þá hér á land eða fleytt þeim í þurrkví, hvað sem á lægi. Það var ekki fyrr en aldarfjórðungur var runninn, að hér voru settar upp dráttarbrautir, sem tekið gætu á land togara af þeirri gerð, er þá þekktist hér. Allt að þeim tíma var dýrum skipum lagt upp í fjörur og hingað og þangað til þess að dytta að þeim á hinn fátæklegasta og frumlegasta hátt. Allar þær áhættur, sem því voru samfara, og allir þeir erfiðleikar, sem á veginum urðu og þurfti að yfirvinna, eru langur og merkilegur kapituli í sögu útgerðar og iðnaðar um fjórðung aldar, sem hvort tveggja í senn geymir mynd margra afreka og mikillar fátæktar á sviði þeirra mála.

Þegar hér var komið málum, voru það margir, sem vildu láta Reykjavíkurbæ koma hér upp þurrkví eða dráttarbrautum fyrir þúsund smálesta skip. Hærra var þá ekki hugsað. En jafnvel sá stórhugur átti formælendur fá. Þá var látið sitja við dráttarbraut, sem tekið gæti skip allt að 600 smálestum. Varð það landinu til ómetanlegs gagns, að slíkum brautum var komið upp, þótt ekki væru þær stærri, enda urðum við að búa við þær allan ófriðartímann og yfirbjóða þeim þá svo, að telja mátti, að þær væru illa nothæfar í ófriðarlokin, enda þá orðnar allt of litlar. Hér var því komið upp nýjum brautum skömmu eftir stríðslokin, en þær gerðar svo litlar, að þær taka ekki nema skip allt að 1500 smálestum. Má því segja, að meginhluti verzlunarflotans eigi þess engan kost að vera settur hér á land eða geta fengið hér nauðsynlegar viðgerðir, auk þess sem brautir þær, sem fyrir eru, nægja engan veginn eftirspurninni, og verða því einnig hin smærri skip að leita í hópum til útlanda til hreinsunar og viðgerðar til stórtjóns og óþæginda fyrir land og lýð.

Árið 1943 samþykkti Alþ. að skipa fimm manna n. til þess að athuga þessi mál og gera tillögur um að koma hér upp skipasmíðastöð og þurrkvium ásamt dráttarbrautum. N. skilaði ýtarlegu áliti þegar á sama ári, benti á, að mjög aðkallandi væri að koma upp þurrkví, er tæki allt að 6000 smálesta skip, ásamt dráttarbrautum og byggingarbrautum fyrir nýsmíði, og benti jafnframt á heppilegan stað fyrir þessar framkvæmdir og hvatti mjög til þess, að hafizt væri þá þegar handa um að hrinda þessu máli í framkvæmd. Samþykkt voru þá einnig á því Alþ. lög, sem heimiluðu ríkissjóði að leggja fram 2 millj. kr. sem styrk til þessara framkvæmda og enn fremur að ábyrgjast lán allt að 3 millj. kr., ef Reykjavíkurbær vildi koma mannvirkjunum upp. Því miður var þessu máli þá ekki sinnt. Mun þar hafa valdið nokkru um, að þeir aðilar, sem áttu dráttarbrautirnar hér,

voru að koma upp nýjum og stærri brautum, eins og frá hefur verið greint hér að framan, og það talið nægjanlegt. En reynslan hefur sýnt, svo að ekki verður um villzt, að þeir menn höfðu rétt fyrir sér, sem þá bentu á, að hér væri allt of skammt farið. Árið 1951 er því málinu enn hreyft hér á Alþingi og samþykkt að skipa nefnd manna til þess að undirbúa byggingu þurrkvía fyrir 6000 smálesta skip, er stækka mætti síðar, svo að hún gæti rúmað 18 þús. smálestir. Liggja nú fyrir allar áætlanir og teikningar fyrir þessu mannvirki, allt eins og fram kemur í grg. fyrir þáltill. þeirri, er hér er til umr. Mér er það fullkomlega ljóst, að meginástæðan fyrir því, að þessu máli hefur ekki verið hrundið í framkvæmd, er það fjármagn, sem er áætlað að verkið muni kosta. Svo fjöldamörg og stór verkefni hafa á undanförnum árum kallað á það fé, sem fyrir hendi hefur verið eða hefur fengizt að láni, og því hafa bæði þessar framkvæmdir og margar aðrar orðið að sitja á hakanum, og þó eru takmörk fyrir því, hvað lengi einmitt þetta stóra mál má dragast.

Auk þeirra mörgu milljóna, sem hér eru árlega greiddar úr landi fyrir það að hafa ekki hér þurrkví, glötum við milljónum vegna þess, að við getum ekki tekið að okkur að vinna hér verk, sem berast beint upp í hendur okkar, svo sem fjöldamargar tjónsviðgerðir á erlendum skipum, sem hér verða fyrir tjóni og senda verður hjálparvana yfir hafið til viðgerða og hafa sum aldrei komizt alla leið. Má þar til nefna olíuskipið Clam, sem skemmdist hér í stórviðri. Var það togað suður fyrir Reykjanes, brotnaði þar í spón, en fjöldi manna lét lífið. Hefði því slysi verið hægt að bægja frá, ef hér hefði verið nægilega stór þurrkví til þess að taka skipið í og gera við tjónið, og margur maðurinn hefði fengið við það vinnu og allmikið fé runnið hingað til lands fyrir það verk. Hér strandaði annað skip við Engey í vetur. Var því fleytt á ný, en aðeins til að leggja því í fjöru, þar sem engin þurrkví var til, og enn missum við vænan spón úr aski beinlínis fyrir þurrkvíarskortinn. Sama getur ávallt komið fyrir okkar eigin skipastól. En hversu hörmulegt skeytingarleysi er það ekki að sofa á verðinum og sinna ekki málinu fyrr en allt er um seinan. Við erum allt of fátæk þjóð til þess að hafa ráð á því að vanrækja lengur þessa hlið útgerðar- og iðnaðarmálanna. Ef málið er tekið föstum tökum og vilji til að hrinda því áfram er fyrir hendi, munu gefast margar leiðir til úrlausnar. Í fyrsta lagi er þetta mál, sem tekur alllangan tíma að framkvæma, svo að hér er ekki um að ræða framlag á einu ári. Í öðru lagi er hér um að ræða mál, sem allir sjóvátryggjendur, sem tryggja skip í förum til Íslands, hljóta að hafa mikinn áhuga á. Í þriðja lagi er hér um að ræða stórt fjárhagsatriði fyrir tvær meginstéttir þjóðfélagsins, farmenn og iðnaðarmenn. Í fjórða lagi er hér um að ræða stórkostlegt fjárhagsmál fyrir Reykjavíkurbæ eða Hafnarfjörð, eftir því, hvor staðurinn yrði valinn fyrir þurrkvína; og síðan fyrir landið allt í heild. Það verða því ekki mörg önnur aðkallandi mál, sem hafa víðtækari áhrif á allt athafnalíf í landinu en einmitt þetta mál, ef vel er að gáð.

Þrátt fyrir þessi rök, sem öll hníga að því að hrinda þessu máli þegar í framkvæmd, fer þáltill. sú, sem hér er til umr., ekki fram á það, að byrja skuli nú þegar á sjálfum framkvæmdunum, heldur aðeins að skipaðir séu menn til þess að ræða við viðkomandi aðila, svo að finna megi grundvöll fyrir frekari framkvæmdum sem allra fyrst. Alveg sérstaklega er aðkallandi að staðsetja þurrkvína og velja henni hæfilegt land og skipuleggja það fyrir allar þær framkvæmdir, sem óhjákvæmilega verða í sambandi við þetta mannvirki. Á þetta jafnt við, hvort sem kvínni verður valinn staður í Reykjavík eða í Hafnarfirði, en þessir tveir staðir koma aðeins til greina, eins og skýrt kemur fram í till. n. Þau lönd, sem á báðum þessum stöðum eru langsamlega heppilegust fyrir kvína, kunna að verða tekin til annarra afnota, ef ekki er þegar eitthvað að gert í sambandi við þetta mál. Og það þarf óneitanlega nokkurn tíma til að semja um þessa hluti og koma þeim fyrir á heppilegasta hátt, og það eitt út af fyrir sig á ekki að kosta mikið fé. Hins vegar gæti það verið ómetanlegt tjón fyrir málið að láta þetta dragast svo lengi, að búið væri að ráðstafa þessum löndum til annarra þarfa. Það þarf líka að sjálfsögðu að ræða það, hvaða aðilar skuli bera af þessu kostnað, ef til framkvæmdanna kæmi eða þegar til framkvæmdanna kæmi, og þá í hvaða hlutföllum, ef um fleiri en einn er að ræða, svo og hvernig almenningi yrði tryggður afnotaréttur af mannvirkinu fyrir sem minnst fé. Allar slíkar áætlunartillögur þarf að undirbyggja og leggja fyrir þing og stjórn til athugunar og afgreiðslu, og það er rétt, að það dragist ekki lengur að ljúka þeim kafla undirbúningsins undir þessar nauðsynlegu framkvæmdir.

Á síðasta ári var brotið blað í iðnsögu Íslendinga. Þá var hér lagður kjölur að fyrsta skipi, sem hér á að byggja úr stáli. Þessari braut, sem hér var verið að ryðja, má ekki loka. En frumskilyrði fyrir því, að hér verði áframhald á, er, að komið verði upp þurrkví og í sambandi við hana smíðabrautum fyrir stálskip með öllum þeim nýtízku tækjum, sem slíkri iðn þurfa að fylgja.

Ég sé, að hæstv. forseti hefur ákveðið tvær umr. um þessa till. og þá væntanlega ætlazt til þess, að hún færi til hv. fjvn. (*Forseti:* Það er nú ekki nauðsynlegt.) Að vísu ekki nauðsynlegt. Ég vil í sambandi við þetta benda á, að verkefni það, sem hér liggur fyrir, mun ekki kosta nema sáralítið fé. Ég get í sambandi við það upplýst, að sú n., sem skipuð var 1951 og undirbjó þetta verk allt, eins og ég hef lýst og kemur fram í grg., hefur starfað án nokkurrar endurgreiðslu og ekki fengið neitt fyrir sitt verk. Og ég geri ráð fyrir því, að það starf, sem ég hef lýst, muni ekki heldur kosta mikið fé. Þess vegna legg ég ekki til sérstaklega, að till. sé vísað til fjvn., nema hæstv. forseti óski eftir því, en þá er einnig rétt að vísa málinu til hv. allshn., og vil ég óska þess, að það verði gert að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Sþ., 3 marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 381, n. 409).

*Frsm. (Bernharð Stefánsson):* Herra forseti. Allshn. hefur athugað þessa þáltill. og leggur til, að hún verði samþ. óbreytt.

Eins og mönnum er kunnugt, þá hefur farið fram töluverð athugun um byggingu þurrkvíar, sem tæki allt að 18 þús. smál. skip, og hafa, að því er virðist, tvær n. starfað að þessum undirbúningi, a. m. k. hefur tvisvar verið ráðstafað, að undirbúningur færi fram. Samt sem áður er það svo, að einn þáttur þessa undirbúnings hefur ekki farið fram, og það eru samningar við bæjaryfirvöld þeirra staða, sem til greina koma að áliti þeirra, sem áður hafa fjallað um þetta mál, bæði um land fyrir þetta mannvirki og annað í því sambandi. Till. fylgir ýtarleg grg., og auk þess flutti flm. málsins ýtarlega ræðu, þegar hann við fyrri umr. gerði grein fyrir till., og læt ég mér nægja að öðru leyti að vísa til þessa tvenns.

*Gísli Jónsson:* Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 429).

---

## 8. Rannsókn byggingarefna.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:
*Till. til þál. um rannsókn byggingarefna* [112. mál] (A. 219).

Á 31. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.

*Flm. (Ásgeir Bjarnason):* Herra forseti. Hv. 2. þm. S-M. flytur þessa till. ásamt mér. Till. er fram komin vegna þess, að margir bændur standa nú á þeim gatnamótum, að þeir geta ekki lengur notað þau gömlu peningshús, sem þeir hafa haft not af til þessa, og verða því að byggja að nýju. En byggingar á nýjum húsum eru mjög dýrar og það svo, að efnalitlir bændur efast um, hvort þeir geti risið fjárhagslega undir þeim kostnaði, sem af því hlýzt. Þetta hefur einnig orðið til þess, að margur bóndinn hefur horfið frá iðju sinni og lent að lokum á mölinni, þannig að það er fyllilega tímabært að sinna þessum málum frekar en verið hefur til þessa.

Ég tel ekki ósennilegt, að það mundi hægt að fá hús, sem er fljótlegt að setja upp og krefjast ekki neinnar fagvinnu, en öll fagvinna er mjög dýr. Hús þessi mundu ef til vill geta verið á málmgrindum og að mestu leyti úr plötum, sem annaðhvort væru úr aluminium, stáli eða asbesti, eða einhverjum öðrum efnum, sem eru lítið þekkt hér á landi. Þetta er fyllilega ástæða til að rannsaka mjög gaumgæfilega.

Á síðustu árum hafa farið fram fjárskipti hér á landi, og vonir standa til, að þau muni vel fara og sauðfé því fjölgi mjög ört á komandi árum, og ekki sízt fyrir það, að ræktun túna hefur aukizt stórkostlega nú síðasta áratuginn. Auk þess má á það benda, að öll tækni, sem nú er í sveitum, er miklu meiri nú en áður var. Heimilisdráttarvélarnar ásamt þeim tækjum, sem hægt er að nota í sambandi við þær, eru margvíslegar, og framleiðslan getur því stóraukizt á komandi árum, ef ekkert sérstakt kemur fyrir. Það má því búast við því, að byggingar á peningshúsum og öllu, sem þeim tilheyrir, verði miklu meiri nú á næstunni en verið hefur til þessa. En það liggur jafnframt ljóst fyrir, að það er ekki hægt fyrir þorra bænda nú að byggja mjög dýrar byggingar. Því geta þeir aldrei fjárhagslega risið undir. Auk þess er landbúnaðinum eða bændum oft láð það, hvað þeirra framleiðsluvörur séu dýrar. En ein leiðin til þess, að framleiðslan geti lækkað, er sú, að það sé hægt að byggja ódýrt, það þurfi ekki að taka mikil og dýr lán eða lán til langs tíma, það sé hægt að greiða þau fljótt niður, en þá ætti framleiðslan, jafnframt því sem hún vex, einnig að geta orðið ódýrari, ef ekki þarf að leggja í gífurlegan kostnað, sem verður að krefjast mjög hækkaðs verðlags.

Það er lagt til hér, að ríkisstj. láti athuga þetta í samráði við teiknistofu landbúnaðarins, sem á undanförnum árum hefur haft með þessi mál að gera og stendur vafalaust bezt að vígi að láta rannsaka þetta mál.

Ég vonast til þess, að þessi till. fái skjóta og góða afgreiðslu hér á hv. Alþingi og að lokinni þessari umr. verði henni vísað til allshn. og síðan tekin fyrir til síðari umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 219, n. 417).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

*Frsm. (Halldór Ásgrímsson):* Herra forseti. Það verður ekki dregið í efa, að það er mikil nauðsyn á, að skipulag og tækniútbúnaður hverrar byggingar fullnægi sem bezt þeim kröfum, sem til þeirra þarfa að gera um allt notagildi. Og vegna hins mikla byggingarkostnaðar er ekki síður þörf á, að vandlega sé fylgzt með öllum nýjungum um notkun byggingarefna, byggingaraðferðir og byggingartækni og allt slíkt sé hér tekið til fyrirmyndar, eftir því sem við getur átt og hentugt þykir. Þessa er

ekki sízt þörf í sambandi við útihúsabyggingar í sveitum, og því verður þessi till. til þál. að teljast orð í tíma töluð.

Fjvn. sendi teiknistofu landbúnaðarins till. til umsagnar, og mælti hún eindregið með henni. — Fjvn. leggur einróma til, að till. verði samþ. eins og hún er orðuð á þskj. 417. Efnisbreytingin er engin, till. aðeins nokkru ýtarlegri í þeim búningi, sem fjvn. hefur valið henni.

ATKVGR.

Brtt. 417 (ný tillgr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 430).

## 9. Handrit, skjöl og forngripir.

Á 5. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:

*Till. til þál. um ráðstafanir til öryggis handritum, skjölum og forngripum* [50. mál] (A. 53).

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var till. tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Alþingi hefur áður gert þál. um þann vilja sinn, að byggð verði örugg geymsla fyrir dýrmætustu hluti íslenzkra safna og þannig tilbúin, að þeir séu auðteknir fram til notkunar, þegar þarf. Eftir að búið var í síðustu styrjöld að koma handritum landsbókasafns og merkustu hlutum þjóðskjalasafns í bráðabirgðageymslu í skólahúsi austur í Hrunamannahreppi, samþykkti Alþ. 9. maí 1941 þá þál., sem getið er í grg. þessarar till., og fól ríkisstj. að annast framkvæmdir. Flm. till., Vilmundur Jónsson, sagði í grg. m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að núverandi hernaði kunni að slota innan ekki mjög langs tíma, fær enginn sagt fyrir, hvenær næsta hrina kann að ríða yfir eða hin næstnæsta, en svo horfir nú, að tæplega færumst vér fjær hættunum, er lengra líður fram. Sífelldum flutningi á söfnunum fram og aftur er samfara margvísleg áhætta fyrir þau, einkum ef til flutnings þarf að grípa í flaustri eða jafnvel í ofboði. Getur margt orðið þeim að meira eða minna grandi við þær ráðstafanir, þó að beinum hernaðaraðgerðum sé ekki til að dreifa, að því ógleymdu, að jafnan verður meira og minna undir hælinn lagt, hvort sá staðurinn, sem í það og það skiptið er flutt til, sé stórum öruggari en hinn, sem flutt var frá. Þá er ótalið, hvert tjón bóklegri menningu landsins er búið af því, ef söfnin verða löngum og löngum algerlega óaðgengileg bæði fræðiiðkendum og öðrum bókmenntamönnum."

Um þessa skoðun varð enginn ágreiningur á hv. Alþingi. Frsm. nefndar, er um málið fjallaði, Einar Árnason, þm. Eyf., tók það fram, að n. væri öll sammála flm. um að fela ríkisstj. að undirbúa byggingu sprengiheldrar geymslu til varðveizlu safna í framtíðinni. — Ef sá undirbúningur hefur verið hafinn, þá mun hann að engu orðinn nú eftir liðug 12 ár, og hv. Alþingi hlýtur að sjá í því sóma sinn og skyldu að tryggja, að nú verði sá undirbúningur framkvæmdur hið fyrsta.

Hér er um það að ræða að búa svo um hnútana, að svo miklu leyti sem í mannlegu valdi stendur, að þau þjóðarverðmæti Íslendinga, sem dýrmætust eru og óbætanlegust, ef þau verða fyrir tjóni eða glatast, verði varðveitt í öryggisgeymslu á tiltölulega óhultum stað. Þessi þjóðarverðmæti eru dýrmæt handrit landsbókasafns, ýmis opinber skjöl þjóðskjalasafns og ágætustu gripir þjóðminjasafns. Hér er um slíka dýrgripi að tefla, að íslenzk þjóð yrði stórum fátækari, ef þeir yrðu fyrir spjöllum; það tjón yrði aldrei bætt. Þetta álit á gildi handrita og skjala var á styrjaldarárunum staðfest með því, að þessum kjörgripum var þá komið burt úr Rvík, eins og ég áðan sagði, vegna þess að allt of áhættusamt þótti að geyma þau í reykvískum söfnum.

Nú eru að vísu ekki styrjaldartímar, en þó verður að telja óvarlegt að gera ráð fyrir, að friður haldist um alla framtíð. Saga mannkynsins bendir því miður ekki til þess, að viturlegt sé að gera ráð fyrir ævarandi Fróðafriði. En þá er hins einnig að gæta, að safngripir í reykvískum söfnum eru þar engan veginn öruggir, þótt friðartímar séu. Í þéttbýli bæja og borga er eldhætta jafnan nokkur, og má í því sambandi minnast þess, þótt langt sé um liðið, að Íslendingar hafa beðið óbætanlegt tjón vegna handritabruna. Þá er og rétt að benda á þá staðreynd, að uppskipun hergagna, þ. á m. sprengiefna, hér í Reykjavíkurhöfn hefur nú um sinn aukið mjög alla eld- og sprengihættu. Hníga öll rök að því, að við Íslendingar verðum hið fyrsta að koma upp hentugri öryggisgeymslu fyrir fyrrgreind þjóðarverðmæti. Slík geymsla á að vera tiltæk, ef á þarf að halda, og að öllum líkindum er rétt að geyma þar ýmsa dýrgripi að staðaldri.

Nýtt viðhorf, sem herðir á eftir samþykkt þessarar till. og verklegri framkvæmd á næstu missirum, er vonin um heimkomu Árnasafns og sjálf krafa okkar um endurheimt Árnasafns, og ég vil ekki láta þessa umr. líða hjá, án þess að minna á helztu skyldur, sem fylgja því safni. — Mér þætti líklegt, að íslenzkt Árnasafn í Rvík yrði nafn handritadeildar í nánum tengslum við landsbókasafn og heimspekideild háskólans, sem eðlilegt er að beri veg og vanda af útgáfustarfsemi, sem hlýtur að fylgja. Öðru hverju verða væntanlega sýningar og fræðslutímar til að kynna landsmönnum og öðrum Árnasafn og íslenzk fræði í nútíð og fortíð, en þess á milli mundi safnnotkunin mest vera bundin við fræðimenn, sem afmarka sér verkefni hverju sinni og hafa sjaldan nema fá handrit eða fáa tugi handrita undir rannsókn í einu. Árnasafn, ef til kæmi, að við fengjum það, rannsóknarstofnunin sjálf, getur hvergi þrifizt nema í Reykjavík, og það er sú stofnun og sú starfsemi, sem Alþingi hefur fyrir skömmu ákveðið að láta byggja yfir, þegar þörf krefur.

Verður að treysta, að efndir þess verði góðar, og má í því sambandi minna á hina almennu fjársöfnun til handritahúss. En samkv. því, sem ég var að segja áðan, er engin þörf að geyma nema lítinn hluta af handritum Árnasafns í rannsóknarstofnun þessari hverju sinni; hinn hlutinn, meiri hluti safnsins, ætti að dveljast í öryggisgeymslu, a. m. k. þangað til mannkynið hættir að leika sér, eins og nú, að sprengiefnum í hernaði og iðjurekstri. Handrit Árnasafns rúmast öll í einu herbergi, svo að það er ekki of dýrt, að slíkt herbergi sé haft til á tveimur stöðum.

Nefnd sú, sem fær þetta mál til meðferðar, ætti að kynna sér álit safnmanna, t. d. landsbókavarðar og háskólabókavarðar, um þessa hlið málsins, ef henni þykir, eins og ég vænti, ástæða til að gera sér nú þegar bráðabirgðahugmynd um þá húsagerð, sem till. okkar stefnir að.

Þetta sjónarmið, að öryggisgeymslan eigi að vera samastaður dýrgripa öldum saman, að öllu óbreyttu, styður einnig þá skoðun, að hún ætti að vera á einhverjum hinum merkasta stað, sem fundinn verði, bæði að sögugildi og framtíðargildi og með höfuðbólsaðstöðu í sveit, en þó ekki nærri krossgötum, sem hættur fylgja. Við flm. þessarar þáltill. teljum, að þetta sjónarmið geti skipt miklu við staðarval, en ekki sé vert eða ástæða til að gera ákveðna till. um það í bili.

Þær raddir hafa heyrzt með Dönum og munu enn eiga eftir að heyrast, að hernaðarþróunin hafi gert Reykjavík að öllu ótryggari stað í styrjöld en Kaupmannahöfn er. Þessa röksemd gegn handritakröfum okkar verðum við að gera allt til að kveða niður með þeirri fullvissu, að Íslendingar eru fastráðnir að gæta sögulegra dýrgripa sinna sem sjáaldurs auga síns. Það væri að mínu viti glapræði að ætla að geyma til að mynda Edduhandritin, svo að eitthvað sé nefnt, að staðaldri í safnhúsi í Rvík. Ef við skyldum innan skamms, eins og vonir standa vissulega til, endurheimta m. a. þessa dýrgripi, þá dýrgripi, sem Grundtvig gamli kallaði gimsteinana í kórónu norrænnar menningar, þá megum við ekki láta það henda, að vanrækt sé að varðveita þá neitt það, sem í mannlegu valdi stendur.

Við flm. væntum þess, að till. verði vel tekið og að hún fái þá afgreiðslu á hv. Alþingi, sem málefnið krefur. Ég legg svo til, að þessari till. verði að lokinni fyrri umr. vísað til fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 53, n. 440).

*Frsm. (Pétur Ottesen):* Ég get um afgreiðslu þessarar till. af hálfu fjvn. að mestu vísað til þess, sem í nál. stendur. Fjvn. var öll, eins og þar hermir, sammála um að leggja til við ríkisstj., að hafinn yrði undirbúningur öryggisráðstafana í þessu efni, eins og lagt er til í till. En í tillgr., eins og n. leggur til við Alþ. að hún verði samþ., er framkvæmd þessa máls beint inn á þá braut, að látin verði fara fram á því gaumgæfileg athugun, hvort eigi mætti með kleifum kostnaði koma upp í þessu skyni öryggisgeymslu neðanjarðar við safnahúsið í Reykjavík og ryðja þannig úr vegi þeim erfiðleikum í sambandi við hagnýtingu safnanna, sem því eru samfara að flytja þau burt úr bænum máske um lengri tíma. Er í þessu efni stuðzt við bendingu, sem n. barst um þetta frá landsbókaverði og forstöðumaður þjóðminjasafnsins telur og mjög athyglisverða einnig að því er þjóðminjasafnið varðar.

Fjvn. væntir þess, að samkomulag geti tekizt um það á Alþ. að hrinda þessu öryggismáli áleiðis á þann hátt, sem hér er lagt til. Heimild ríkisstj. til fjárframlaga í þessu skyni er að sjálfsögðu miðuð við þær aðgerðir í málinu, sem fram fara þangað til gengið verður frá fjárlögum fyrir árið 1955. En við afgreiðslu þeirra mundi verða tekin upp fjárveiting til þess að standa straum af framhaldi verksins.

*Gils Guðmundsson:* Ég vil flytja hv. fjvn. þakkir fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Ég tel það mjög mikilsvert, að það komist nú nokkur skriður á það, að öryggisgeymsla fyrir þá dýrmætu gripi, sem um er rætt í till., komist upp svo fljótt sem verða má.

Fjvn. leggur til, að gerð verði lítils háttar breyting á tillgr., og sú breyting er fólgin í því, að það verði athugað sérstaklega, áður en til framkvæmda komi, hvort ekki mætti haga svo til, að slíkri geymslu sem þar um ræðir væri komið fyrir neðanjarðar í sem nánustum tengslum við safnahúsið í Reykjavík.

Ég get alveg fallizt á þessa afgreiðslu. Það er að sjálfsögðu ekki nema allt gott um það að segja, að þessi möguleiki sé rannsakaður. Að vísu virðist mér út frá mínu leikmannssjónarmiði í þessum efnum sem það geti orðið erfiðleikum bundið að koma þarna upp öryggisgeymslu, sem teljast mætti algerlega örugg, eftir því sem mannlegur máttur getur öryggt slíka hluti, hvað sem á kynni að dynja. Það mætti ætla, að þetta yrði auðveldara á einhverjum stað utan Reykjavíkur, sem ekki mundi vera eins hættulegur talinn, ef til stórkostlegra tíðinda skyldi draga. En hitt er svo á að líta, að þessi leið, ef fær yrði, mundi vera miklu heppilegri fyrir alla notkun þeirra bóka og gripa, sem geymd yrðu á slíkum öryggisstað, En á það vildi ég leggja alveg sérstaka áherzlu, að undirbúningi þessa máls yrði nú hraðað, það yrði ekki látið dragast árum saman að vinna að þessu, heldur yrði það gert svo fljótt sem verða má og síðan hafnar framkvæmdir. Þetta verður að gerast, og því fyrr sem framkvæmdir hefjast, því betra.

ATKVGR.
Brtt. 440 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 451).

## 10. Héraðsrafmagnsveitur ríkisins.

Á 9. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.:
*Till. til þál. um endurskoðun á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins* [59. mál] (A. 70).

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

---

Á 10. fundi í Nd., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var till. aftur tekin til einnar umr.

*Pétur Ottesen:* Fyrsti flm. þessarar þáltill., hv. 2. þm. Skagf., Jón Sigurðsson, er fjarverandi, og vil ég þess vegna láta nokkur orð fylgja þessari till., þegar hún nú er tekin hér fyrir.

Tilgangurinn með þessari till. er sá að koma því til leiðar, að gerð verði nokkur athugun á tveimur liðum í gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Það er að því er snertir fastagjald af gripahúsum og fastagjald vegna vélanotkunar skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

Því er nefnilega þannig varið, að fastagjald af gripahúsum er hið sama og fastagjald til dæmis að taka af félagsheimilum, skólum, sjúkrahúsum, gistihúsum og þess háttar byggingum. Hér er um mjög ólíka gjaldstofna að ræða. Fastagjaldið af gripahúsum ætti að vera mun lægra, enda hefur nokkuð á því borið, að þetta hafi orðið þess valdandi, að bændur hafa ekki treyst sér kostnaðar vegna að taka rafmagn í útihús, nema þá það allra minnsta eða ófullnægjandi miðað við þær þarfir, sem þar eru fyrir hendi. Okkur flm. virðist því, að full ástæða væri til, að ný athugun færi fram á þessum lið gjaldskrárinnar eða reglugerðarinnar um gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Hinn liðurinn er um það, að það virðist ekki vera á fullri sanngirni reist að setja fastagjald, sem nemur allt að 1200 kr. á ári, á hvern rafmagnsmótor, sem notaður er til heyblásturs, þegar þess er gætt, að þessir mótorar eru ekki í notkun nema sem svarar tveimur til þremur mánuðum á ári, en fastagjaldið hins vegar svo hátt sett eins og hér hefur verið lýst og tekið allt árið. Auk fastagjaldsins verður svo að sjálfsögðu að greiða samkv. gjaldskránni það rafmagn, sem notað er við heyblástur. Þessar ástæður virðast okkur flm. vera þess eðlis, að fullréttmætt sé, að þessi atriði gjaldskrárinnar verði tekin til nýrrar athugunar. Súgþurrkun eða heyblástur er ákaflega nauðsynleg og hefur leyst mikinn vanda í sambandi við heyþurrkunina, og er þess vegna mjög mikils um vert, að mönnum sé ekki gert allt of erfitt fyrir um það að nota þessa aðferð til þess að bjarga heyinu frá skemmdum. En með því fyrirkomulagi, sem hér er á um þetta efni, hefur nokkuð á því borið, að menn telja sér bundna of þunga bagga með því að hafa þessa tilhögun um gjald fyrir þessa þjónustu.

Ég vildi svo leyfa mér að óska þess, að þessu máli verði vísað til landbn.

ATKVGR.
Till. vísað til landbn. með 22 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 70, n. 384).

*Frsm. (Jón Sigurðsson):* Herra forseti. Mál þetta er búið að liggja lengi fyrir. Það var afgreitt frá n. 16. des. fyrra árs, en sökum veikinda minna hefur það ekki verið tekið fyrir fyrr en nú.

N. athugaði þessa till. alveg sérstaklega og leitaði um hana umsagnar raforkumálastjóra ríkisins. Umsögn raforkumálastjóra til n. er dagsett 7. des. Í henni er tekið fram, að fastagjaldið af súgþurrkunarhreyflum sé ætlað til þess að hamla gegn því, að notaðir séu óhæfilega aflmiklir hreyflar, sem geti valdið truflunum á stólpaspennistöðvum og afltoppum aðalspennistöðva. Af þessu er augljóst, að aðalástæðan fyrir fastagjaldinu er ekki fyrir hendi, þegar um afllitlar vélar er að ræða, sem er langalgengast, t. d. 6 kw. eða minna, og þess vegna sér n. ekki, að það sé nokkur ástæða til þess að knýja notendur til þess að greiða jafnhátt fastagjald og gert er með þeirri reglugerð, sem nú gildir, af minni vélum, sem geta ekki valdið neinum slíkum truflunum. Eðlilegast telur n. þess vegna, að þessum notendum væri samkvæmt gjaldskránni gefinn kostur á að velja um, hvort þeir borguðu hóflegt fastagjald ásamt lágum taxta á kwst. eða eitthvert hærra gjald fyrir kwst. og þá ekkert fastagjald, og það færi þá eftir því, hve mikið ætti að nota hreyfilinn, hvern kostinn menn veldu. Loks getur raforkumálastjóri þess í bréfi sínu, að í undirbúningi sé gagngerð endurskoðun á gjaldskrá héraðsrafveitna, og virðist þess vegna ekki úr vegi, að þessi ákvæði, sem hér er sérstaklega vikið að, séu endurskoðuð, og leggur n. því einróma til, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 672).

---

## 11. Fiskveiðasjóður Íslands (till. fjvn.).

Á deildafundum 5. apríl var útbýtt frá Sþ.:
*Till. til þál. um eflingu fiskveiðasjóðs vegna bátasmíða* [198. mál] (A. 642).

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.

*Frsm. (Pétur Ottesen):* Þáltill. þessari fylgir allýtarleg greinargerð. Get ég þess vegna að mestu leyti vísað til hennar um rökstuðning fyrir þessari till. Eins og þar er vikið að og alkunnugt er, er fiskveiðasjóður eina lánastofnunin, sem ætlað er það hlutverk sérstaklega að lána stofnlán til sjávarútvegsins, og svona hefur þetta verið síðan lögð var niður útlánastarfsemi í stofnlánadeild Landsbankans. Þótt allmikið af fé því, sem stofnlánadeild Landsbankans hafði til útlána á sínum tíma, færi til togarakaupa — en fiskveiðasjóði hefur ekki verið ætlað sérstaklega að veita stofnlán í því augnamiði — þá var og nokkru af fé deildarinnar varið til lána til bátabygginga og til þess að reisa fiskiðjuver. Starfsemi stofnlánadeildar létti því að þessu leyti á fiskveiðasjóði, á meðan útlánastarfsemi deildarinnar hélzt. Nú er henni, eins og kunnugt er, fyrir nokkru lokið og engrar lausnar eða liðsinnis í þessu efni þaðan að vænta að óbreyttri tilhögun á rekstri deildarinnar.

Það er einkum tvennt, sem veldur því, hve stofnlánaþörf sjávarútvegsins til bátabygginga og fleira er nú mikil og aðkallandi. Á undanförnum árum, einkum á árunum 1950—1953, var mjög mikil rýrnun í fiskibátaflotanum, engin tök á þeim árum sökum aflabrests að fylla í þau skörð. Og þótt nokkuð hafi nú úr rætzt í þessu efni á árinu 1953, þá skortir enn þá mikið á, að úr sé bætt. Annað er það, að við útfærslu fiskveiðatakmarkanna hafa skilyrðin til fiskveiða á bátaflotanum stórum batnað og halda vafalaust áfram að gera það með hverju árinu, sem líður. Sýnilegur árangur friðunarinnar á bátamiðum hefur komið fyrr og greinilegar í ljós en nokkurn gat órað fyrir, svo hörmulega sem komið var hér hjá oss í þessum efnum. Nýtt líf hefur því færzt í vélbátaútgerðina. Í stað vonleysis og svartsýni, sem þar ríkti áður, hefur nú komið bjartsýni og trú á, að stórum bætt sé aðstaðan á þessu sviði, og þessi trú brýzt nú fram í athafnasemi, sem beinist mjög að því að vinna að aukningu bátaflotans og að bæta fiskverkunaraðstöðuna í landi. Nú er jafnframt því, sem kostað er kapps um að byggja stóra og haffæra báta til fiskveiðanna, einnig lagt mikið kapp á byggingu smærri báta með eða án þilfars, en bátar af þeirri stærð voru fyrir friðunina gersamlega dæmdir úr leik sökum langræðis. Nú standa miklar vonir til, að bátar af þessari stærð verði arðgæf atvinnutæki, sem auk þess fylla á mörgum stöðum í atvinnueyður þær, sem á vissum tímum voru fylgifiskar útgerðar stærri báta einna saman. Það er þess vegna skýr og ótvíræð þjóðfélagsnauðsyn, að hið opinbera skilji sinn vitjunartíma í því, að stutt sé að því með ráð og dáð, eftir því sem í valdi þess opinbera stendur, að menn eigi þess kost að geta snúið sér að því af alefli að hagnýta þessa breyttu aðstöðu á sviði fiskveiðanna.

Hér er það, sem einkum skortir á nú í þessu efni, að fiskveiðasjóður getur ekki mætt þeirri stofnlánaþörf, sem af fyrrgreindum ástæðum er nú fyrir hendi til aukningar og eflingar fiskibátaflotans. Úr þessu verður að bæta, og það verður að vinda mjög bráðan bug að því. Það má ekki dragast, úr því sem komið er, stundinni lengur.

Í grg., sem till. þessari fylgir, er bent á lítið dæmi þess, hversu nú er ástatt fyrir fiskveiðasjóði í þessum efnum. Allur almenningur, ríkisstj. og Alþ. hefur opin augu fyrir því, hver nauðsyn er á því, að þeim, sem beita sér fyrir atvinnurekstrinum í landinu, á hvaða sviði sem það er, sé veittur stuðningur, hvöt og uppörvun í starfi sínu, sem og öllum þeim öðrum, sem þar að vinna. Alþ. og ríkisstj. hefur nú og að undanförnu sýnt með mikilsverðum árangri mikla og merkilega viðleitni í því, að bætt sé úr stofnlánaþörf landbúnaðarins. Honum hefur nú og í framtíðinni verið veittur til afnota hálfur mótvirðissjóðurinn í þessu skyni. Þar er og, í landbúnaðinum, til mikils að vinna í okkar enn þá lítt numda landi. Þar er margra kosta völ. Frjósöm gróðurmold, sjálfsáður kjarngróður upp í jökulrætur, hverahiti, fossar o. fl. Þá hafa og verið bætt lánaskilyrði til húsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum, sem mikil þörf var á. Lagður hefur verið grundvöllur að lánastarfsemi fyrir iðnaðinn, sem á fyrir hendi vafalaust góð vaxtar- og þróunarskilyrði með þjóð vorri. Þá hefur og á þessu þingi verið stigið merkilegt og þýðingarmikið spor í því að beina fjármagni þjóðarinnar að stórstígum framkvæmdum í virkjun fossa og dreifingu rafmagns um allar byggðir þessa lands.

Með sérstöku tilliti til þeirra breytinga og vaxtarskilyrða, sem nú eru fyrir hendi í bátaútgerðinni af þeim sökum, sem lýst hefur verið, má segja, að sjávarútvegurinn búi við skarðan hlut að því er stofnlán snertir til aukningar bátaflotans og fleira. Úr þessu verður að bæta, og er þess að vænta, að ríkisstj. finni til þess leiðir, svo sem tekizt hefur um lausn hliðstæðra mála í öðrum atvinnugreinum.

Á öndverðu þessu þingi var vísað til fjvn. þáltill. um, að ríkið léti á sinn kostnað byggja ákveðna tölu stærri og smærri báta, er það svo seldi þeim, er kaupa vildu, með hagkvæmum kjörum. Átti ríkið að taka lán til þess að standa undir þessum framkvæmdum. Till. þessi er hvað það snertir, að æskilegt sé, að stuðlað verði að aukningu bátaflotans, rétt mynd af áhuga þeim, sem nú er vakinn hjá fiskimönnum vorum í þessu efni. Fjvn. athugaði mál þetta rækilega. Átti hún um það viðræður við kunnáttumenn í bátabyggingum svo og áhugamenn ýmsa á sviði sjávarútvegsins, og er það álit nefndarinnar og stutt af þeim upplýsingum, sem hún aflaði sér, að erfiðleikar þeir, sem fyrir hendi eru á því að fá báta byggða, stafi ekki af því, að það skorti framtak, vilja og löngun sjómanna til þess að koma þessu máli áleiðis. Það, sem á strandar í þessu efni, að þeir komi í framkvæmd vilja sínum og áformum, er það, að eigi er fyrir hendi í fiskveiðasjóði nauðsynlegt fé til stofnlána í þessu skyni. Það voru allir sammála um það, að ef takast

mætti að bæta aðstöðu fiskveiðasjóðsins til stofnlána, þá væri úr þessu máli greitt. Svo ber einnig á það að líta í þessu sambandi, að þeir, sem láta byggja báta, leggja mikið upp úr því að geta sjálfir haft hönd í bagga um ýmislegt, sem að byggingunni lýtur. Fjvn. vænti þess, að þeim tilgangi, sem í fyrrnefndri þáltill. felst, verði hagkvæmast náð og leiði til raunhæfari niðurstöðu með því, sem að er stefnt með till. þessari, en það verður að treysta því, að ríkisstj. vorri takist að leiða þetta mál fljótt til farsællegra lykta. Það er á það bent í grg., að breyta þurfi lögum fiskveiðasjóðs að því er snertir ákvæði þeirra laga um lántöku. En vinnist nú ekki tími til þess, áður en þingi lýkur, þá hefur ríkisstj. það mál að sjálfsögðu í sinni hendi, og er henni þá innan handar að fá úr þessu bætt.

Þessi till. er borin fram af n. og þarf þess vegna ekki, að ég ætla, frekari aðgerða en að koma til umr. og undir endanlega atkvgr.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð á s. l. hausti, þá var mjög um það rætt innan stjórnarflokkanna að taka beinlínis upp í stjórnarsamninginn ákvæði um eflingu fiskveiðasjóðsins. Sú varð þó að lokum niðurstaðan af þeim umr., að ekki þótti rétt að hníga að því ráði. Með réttu þótti mikið í fang færzt að gefa þau fyrirheit, sem tilgreind eru í stjórnarsamningnum varðandi verklegar framkvæmdir og nauðsynlegar lántökur í því sambandi, svo sem 250 millj. kr. til rafvirkjana í dreifbýlinu og 100 millj. til áframhaldandi Sogsvirkjunar, stórkostlegar aðgerðir varðandi húsabyggingamál og annað fleira, sem þar greinir. Vitað var og, að ef kringumstæður leyfðu, væri öruggur þingvilji í stjórnarflokkunum — og efa ég nú ekki, að hans mætti einnig leita víðar á Alþ. — um það að efla fiskveiðasjóðinn eða að afla meira fjár til stofnlána sjávarútvegsins.

Á öndverðu þessu þingi kom þegar í ljós ríkur hugur margra stjórnarliða um að hefjast handa um flutning frumvarpa eða tillagna, sem gætu fullnægt betur þessari ríku lánsfjárþörf heldur en auðið er að óbreyttum lögum og heimildum. Það varð þó enn að samkomulagi milli stjórnarflokkanna að hafast ekki að í bili, heldur skyldu menn athuga, hverju fram yndi um framkvæmd þeirra fyrirheita, sem gefin hefðu verið í stjórnarsamningnum, og reyna þá, ef auðið þætti, að taka málið upp í þinglokin.

Nú liggja hér fyrir tvær þáltill., önnur frá hv. fjvn., sem hv. formaður nefndarinnar með ágætum rökum í fallegri ræðu hefur hér lýst. Hin er frá stjórnarliðum og raunar einum stjórnarandstæðingi, sem á sæti í sjávarútvegsnefnd. Á ég þar við hv. 5. landsk. (EmJ). Báðar þessar till. hníga að því, að gerðar verði nú ráðstafanir, ef auðið er, til þess að afla þessum sjóði, fiskveiðasjóðnum, meira lánsfjár. Sú till., sem hér er til umr., takmarkast fyrst og fremst við það, að sjóðnum verði tryggt aukið fé í því skyni, að hann hafi aðstöðu til þess að lána til bátabygginga eða bátasmíða innanlands. Hin till. — hún er hér næsta mál á dagskrá, og ég vænti, að hæstv. forseti telji mig ekki fara út fyrir ramma eðlilegra umr., þó að ég minnist á hana — hnígur að því að láta fram fara á þessu ári endurskoðun laga frá 1943 um fiskveiðasjóð, m. a. í því skyni, að starfsfé sjóðsins og starfssvið verði aukið, og leggja frv. til nýrra laga um sjóðinn fyrir næsta Alþ. Ég segi það um þessar tvær till., og veit mig mæla það fyrir hönd ríkisstj. allrar, að það er mikill hugur í mönnum um það að geta framkvæmt það, sem þarna er farið fram á. Ég vil hins vegar ekki á þessu stigi málsins staðhæfa, að sá góði vilji leiði til þeirrar æskilegu niðurstöðu, að auðið verði að tilkynna Alþ., þegar það kemur saman á hausti komanda, að fyrir hendi sé nú nýtt stofnfé eða lánsfé handa fiskveiðasjóðnum. Ég get gefið um það fyrirheit, að verði þessar till. samþ. báðar, sem ég tel öruggt að verði, þá mun stjórnin í fyrsta lagi láta endurskoða lögin, sem till. á þskj. 712 mælir fyrir um, og í öðru lagi reyna að afla sjóðnum fjár, en um það fjalla báðar till., till. á þskj. 642, sem nú er hér til umr., og hin á þskj. 712.

Það væri að sjálfsögðu full ástæða til að ræða þetta merka mál, þ. e. a. s. starfsemi fiskveiðasjóðsins og hlutverk hans í þjóðfélaginu, nokkru ýtarlegar af minni hendi við slíkar umr., en með því að hv. frsm. gerði málinu svo glögg skil sem hann gerði og þar sem nú er mjög áliðið þingtímans og með því enn fremur, að ég geri ráð fyrir, að af hendi flm. till. á þskj. 712 verði einnig gerð nokkur grein fyrir, hvað fyrir þeim vakir, sem þá till. flytja, sé ég ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Í nafni stjórnarinnar lýsi ég yfir, að hún mun með ánægju taka á móti þessum till. og reyna að uppfylla þær vonir, sem tengdar eru við flutning þeirra, án þess að mér eða öðrum, sem sæti eiga í ríkisstj., sé á þessu stigi málsins auðið að gefa yfirlýsingar um annað eða meira en skilning á málinu og góðan vilja til að hefjast handa um framkvæmdir.

*Jóhann Jósefsson:* Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir fram kominni till. á þskj. 642, að svo miklu leyti sem hún miðar að því — og hún miðar að því — að efla fiskveiðasjóð vegna bátasmíða og raunar vegna fleira, skildist mér eftir ræðu hv. frsm. Og þá er ekki síður gleðilegt að heyra það, að hæstv. ríkisstj. hafi í huga að koma í framkvæmd eftir megni bæði því, sem þessi till. á þskj. 642 fer fram á, og eins hin till., sem er á þskj. 712 og hefur enn þá ekki komið til umr., fer fram á. En ég vil leyfa mér við þetta tækifæri, vegna þess, sem fram kemur í grg. till. á þskj. 642 og eins í ræðu hv. formanns fjvn., sem hafði framsögu í þessu máli, að láta hér strax koma í ljós þær athugasemdir, sem litlar eru, en ég þó hef byggðar á nokkurri reynslu varðandi það hlutverk, sem á að fullnægja hér með eflingu fiskveiðasjóðs, sem sé því að efla bátasmíðina innanlands.

Hv. frsm. virtist álíta, að ef hægt væri að efla fiskveiðasjóðinn, svo að hann hefði nægi-

legt fé til að lána út á stærri smíðar, þá væri sá vandi leystur. Ég get því miður ekki verið að öllu leyti á sama máli í þessu efni og vil nota þetta tækifæri til að koma mínum athugasemdum að til athugunar fyrir hæstv. ríkisstj., þegar hún fer að leysa það mál, bátasmíðina innanlands.

Mér var falið það af hálfu Sjálfstfl. hér í vetur, og um leið var einum hv. þm. Framsfl. falið hið sama hlutverk frá þeim flokki, sem sé að athuga leiðir að því, að skipasmíðastöðvar innanlands væru studdar til að leysa af hendi smíðar á fiskibátum við hæfi Íslendinga í samkeppni við útlendar stöðvar, er sækja fast á að fá að smíða þessa báta. Ég skilaði till. af minni hendi til míns flokks fyrir mörgum mánuðum, má segja nú orðið, og ég geri ráð fyrir því, að sá hv. þm. Framsfl., sem með mér starfaði, hafi gert eitthvað svipað. Ég vil á hinn bóginn ekki fullyrða neitt um það, að hvað miklu leyti við höfum í einstöku útfærsluatriðum verið sammála um þetta mál, en mér virtist, að ekki skildu leiðir neitt, er um það var að ræða, að nauðsyn væri á að efla bátasmíðina innanlands. Nú er það þannig, að þessi skoðun um, að það nægði að efla fiskveiðasjóðinn og efla lánveitingar til bátasmíða innanlands, það mundi lækna þau mein eða það ástand, sem skipasmíðastöðvarnar eiga við að stríða og þar af leiðandi líka þeir, sem njóta bátasmíðanna, hún var þá þegar uppi, og í sambandi við það vil ég láta þess getið, að þó að væri veitt lán, eins og þar var um talað, í mörg ár afborgunarlaust og með lágum vöxtum, þá þarf meira til, til þess að bátasmíðin innanlands geti staðizt þá samkeppni, sem að henni steðjar af útlendra hálfu, ef ekki á ýmist að neita um innflutning á bátum eða dæma þá menn, sem sjávarútveginn stunda, til þess að kaupa innlenda báta við verði, sem er langt frá því að vera samkeppnisfært við skip, sem smíðuð eru utanlands. Ég þarf ekkert að eyða mörgum orðum í það, hvað ég tel bátasmíðarnar innanlands vera nauðsynlegar, en ég vildi bara benda á þetta.

Ég get ekki álitið, að það muni leiða að fullu og öllu til farsællegrar lausnar á bátasmíðum innanlands, þó að með slíkum lánaveitingum og lánskjörum megi fá þá, sem kaupa vilja báta, til þess að hleypa sér í þær skuldir, sem það kostar nú og mun kosta sennilega í framtíðinni að fá fiskibáta smíðaða. Og ég vil, að hv. alþm. geri sér það ljóst, að hér er um að ræða stuðning við innlendan iðnað, þegar verið er að tala um að létta undir með bátasmíðunum, — stuðning við innlendan iðnað ekki síður en við bátaútveg landsmanna. Verðmismunurinn á vélbátum smíðuðum innanlands og svipuðum vélbátum, sem hægt er að fá smíðaða utanlands, nemur nokkrum þúsundum króna á smálest. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvað það er núna. Ég komst að þeirri niðurstöðu og fleiri hér í vetur, að bilið næmi um 3500—4000 á smálest þá, og ég ætla, að það bil hafi ekki mjókkað síðan. Hér er um dýrtíðarráðstöfun að ræða fyrir skipaiðnaðinn, og sá kostnaður, er af því leiðir að gera framleiðslu fiskiskipanna samkeppnisfæra, á að berast uppi af sama aðila sem greiðir niður afurðir landsmanna, t. d. greiðir niður innlendar framleiðsluvörur. En hann á ekki að leggja beint á sjómenn og útvegsmenn, hvorki sem skuldabagga vegna stofnlána skips né á annan hátt.

Við höfum nýlega verið vottar að skýrslu hæstv. fjmrh., sem meðal annarra margvíslegra mikilvægra upplýsinga gaf þá skýrslu, að ríkissjóður hefði orðið að borga á áttundu millj. króna, tók ég eftir, eða a. m. k. um 7 millj. kr. til stofnlánadeildarinnar vegna vanskila af lánum á togurum. — Það er ekki vert að reiða sig eingöngu á lánaleiðina í þessu efni, þegar svo er komið, að bátasmálestin, smíðuð innanlands, kostar það, sem við vitum að hún kostar nú í dag. Hins vegar mætti vel búast við því, og ég veit það af áhuga þeim, sem ríkir hjá sjómönnum og bátaútvegsmönnum um að fá sér þessi nauðsynlegu tæki, að þá gæti það vel farið svo, að menn hleyptu sér í svo að segja óbotnandi skuldir heldur en eiga þess engan kost að endurnýja skip sitt eða fá sér nýtt skip. Þess vegna vildi ég, að hæstv. ríkisstj. hefði fullt tillit til þess, þegar þetta mál verður athugað nú til næsta Alþ., að það er nauðsynlegt hvort tveggja, að efla fiskveiðasjóðinn svo, að hann geti veitt góð og löng lán þeim, sem fiskibáta vilja eignast, og ekki síður að gefa því gætur, að það verður, eins og nú er ástatt, að greiða niður eitthvað byggingarkostnaðinn innanlands, þannig að menn verði ekki svo að segja skyldaðir að reisa sér hurðarás um öxl í þessu efni. Skipasmíðastöðvarnar og starfsemi þeirra eru alþjóðarnauðsyn, og þar sem dýrtíð og verðbólga í landinu gerir þeim ókleift að keppa við útlenda smíði, er auðsætt, að hið opinbera verður að styðja iðnað þeirra beinlínis, ef hann á ekki að stöðvast, enda er það viðurkennt að nokkru leyti af löggjafanum nú þegar, þar sem er heimild í fjárlögum og hefur verið um hríð til endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum á efni, er fer til skipasmíða. Þó að það komi ekki að fullum notum, þá er það í þessa átt.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta. Ég vildi koma þessari ábendingu að, af því að ég vil gjarnan leggja þar lið að, bæði að skipasmíðastöðvarnar starfi og ekki síður hinu, að sjómenn og útvegsmenn geti keypt sína báta þar, sem þeir óska þess.

Í sambandi við þetta minnist ég þess, að hér var fyrir nokkru til umræðu fsp. frá einum hv. landsk. þm. til hæstv. ríkisstj., sem meðal annars, um leið og hún miðaði að bátasmíði innanlands, gekk í þá átt, hvort ríkisstj. mundi hamla innflutningi á aðfluttum bátum, ég held hún hafi verið orðuð eitthvað á þá leið, eða hvort hún mundi ekki leyfa það, meðan svo stæði sem nú er. Mér heyrðist á svari hæstv. ráðh., er svaraði, en því miður er ekki hér viðstaddur nú, að það væri látinn í ljós nokkur vafi á því, að innflutningur á bátum yrði leyfður. En ég vil benda hæstv. ríkisstj. á það, að ég álít, að meðan það er enginn skriður

kominn á bátasmíðarnar innanlands, þá nær það ekki nokkurri átt, að ríkisstj. standi mjög í vegi fyrir því, að menn fái að kaupa báta utanlands frá eftir því, sem þeir óska og þurfa. Hæstv. ríkisstj. hefur líka viðurkennt þetta sjónarmið á einu skeiði, — ég held það hafi verið s. l. haust, — en það liggur núna fyrir fjöldi af beiðnum frá ýmist gömlum útvegsmönnum eða ungum áhugamönnum, sem vilja eignast báta, en geta ekki fengið þá smíðaða innanlands eins og stendur sökum of mikillar dýrtíðar, það liggur fyrir bunki af umsóknum um aðflutningsleyfi á bátum, sem mér þykir mjög leitt að ekki skuli vera sinnt. Ég vil mælast til þess og vonast til þess, að þeir, sem yfir innflutningnum ráða, standi ekki að því, að áhugamenn á þessu framleiðslusviði, sem eru okkur engu síður nauðsynlegir en áhugamenn á öðrum framleiðslusviðum, ef ekki fremur, — að áhugamenn þeir, sem vilja eignast báta og koma upp skipaflotanum áframhaldandi, þurfi að vera vonbiðlar missirum saman eftir því að fá að kaupa sér hæfileg fargögn í þessu skyni. Líka vil ég leggja áherzlu á það, að það sé ekki gengið út frá því sem sjálfsögðu, að þessir menn fái ekki að kaupa bátana þar, sem þeim er hentast að fá þá og ódýrast. Það verður að aka seglum eftir vindi í þessu efni, og meðan bátasmíðin innanlands er í því erfiðleikaástandi, sem margbúið er að lýsa hér og ég skal ekki fjölyrða meira um, þá má ekki daufheyrast við óskum áhugamanna í þessu efni, jafnvel þó að þær verði ekki uppfylltar á annan hátt en þann að leyfa þeim að kaupa bát frá útlöndum til síns atvinnurekstrar.

*Jóhann Hafstein:* Herra forseti. Mig langaði til að leggja hér nokkur orð í belg í sambandi við þær umr., er fram fara um fiskveiðasjóðinn og eflingu hans.

Þó að það sé mjög að áliðnu þingi, sem fram koma þær tvær till., sem hér eru á dagskránni í dag, um eflingu fiskveiðasjóðs, þá er það síður en svo, að það hafi ekki verið um það mál rætt meðal þm., meðan á þessu þinghaldi hefur staðið, eins og hæstv. forsrh. vék að í sinni ræðu. Ég vil leyfa mér að taka mjög undir þau hvatningarorð, sem fram komu í framsöguræðu hv. þm. Borgf., hversu mikla nauðsyn nú bæri til að efla fiskveiðasjóðinn. Eins og hann gerði grein fyrir, er þetta af tvennum sökum. Í fyrsta lagi vegna þess, að sjóðurinn er nú eins og sakir standa mjög vanmegnugur þess að gegna hlutverki sínu. Í öðru lagi, að vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa í sambandi við landhelgislínuna, standa nú vonir til þess, að mjög muni fara í vöxt og eflast sá atvinnuvegur, sem tengdur er sérstaklega við fiskveiðar á bátunum hér. En ég vildi leyfa mér að vekja athygli á því, hversu sérstaklega stendur á um fiskveiðasjóð Íslands og hversu brýna nauðsyn ber til þess, að einmitt nú og eigi síðar sé hafizt handa um eflingu hans, eins og ég reyndar veit að hv. þm. gera sér kannske meira og minna eða fyllilega ljóst.

Á árum nýsköpunarstjórnarinnar, sem svo var nefnd, átti sér stað á mjög skömmum tíma afar ör endurnýjun bátaflotans hér eins og margra annarra atvinnutækja. Þá var svo komið, að fiskveiðasjóðurinn gerði ekki betur, ásamt með öðrum sjóðum, sem þá voru til þess stofnaðir, en að fullnægja þeirri miklu eftirspurn, sem þá var eftir lánsfé til sköpunar nýrra atvinnutækja. Síðan verður hlé á bátasmíðinni og bátakaupunum og þannig, að fiskveiðasjóðnum safnast allmikið fé á okkar mælikvarða, þannig að um s. l. áramót á fiskveiðasjóður í sjóði sínum um 18 millj. kr. En þó að svo sé, þá hefur nú aftur svo umbreytzt vegna þess, að endurnýjun bátaflotans hefur legið niðri, og vegna nýrra viðhorfa í sambandi við fiskveiðarnar, að á þessu ári, sem nú er að líða, mun þessi innstæða verða uppurin að fullu og enda langt því frá að sjái þá fyrir endann á því, að fiskveiðasjóðurinn sé þess umkominn að mæta þeirri miklu eftirspurn eftir stofnlánum, sem fyrir liggur. Þann 31. marzmánaðar voru lánsloforð hjá fiskveiðasjóði rúmar 16 millj. kr. Þá hafði bankainnstæða eða sjóður fiskveiðasjóðsins lækkað úr þessum 18 millj. um áramót niður í 16½ millj. kr., þannig að á þessum tímamótum, um s. l. mánaðamót, stendur nokkurn veginn í járnum innstæðufé sjóðsins og þau lánsloforð, sem hann er búinn að veita. En á sama tíma liggja fyrir lánsbeiðnir hjá fiskveiðasjóði, sem nema um 18½ millj. kr., en ekki hefur verið hægt að sinna eða taka til afgreiðslu eða gefa fyrirheit um úrlausn á á þessu tímabili. Þróun málanna hefur þess vegna verið þannig, að undanfarin ár hefur fiskveiðasjóður verið þess umkominn að sinna sínu hlutverki og hefur safnað innstæðum, sem ná hámarki um s. l. áramót, en vegna gerbreytingar í þessum málum mun fara þannig, að þær gersamlega þrjóta á þessu ári, og er þá langt í land að sinna þeim lánsbeiðnum, sem í heild liggja fyrir í sambandi við endurnýjun bátaflotans.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. skilji fullkomlega sjónarmið þau, sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh., að ríkisstj. hefur staðið í stórræðum á þessu þingi að uppfylla þau loforð, sem gefin voru við myndun núverandi stjórnar og skyldu ganga fyrir öðrum. Við verðum að vissu leyti að gera okkur grein fyrir því, að það er ekki hægt að gera allt í senn, byggja íbúðarhús, rafvæða landið og endurnýja skipastól og bátaflota í einu vetfangi. Það hefur þess vegna einnig orðið þannig, að það er nú fyrst í lok þingsins, sem fram koma till. um að undirbúa aðgerðir til þess að efla fiskveiðasjóðinn, og er það á elleftu stundu. Og enda þótt mörg og mikilvæg verkefni séu nú fram undan á öðrum sviðum þjóðmálanna hjá okkur og atvinnulífsins, þá eru sennilega fá, sem meira er um vert að greiðist fram úr heldur en efling fiskveiðasjóðsins, eins og lagt er til í þeim báðum þáltill., sem á dagskránni eru í dag og ég hef leyft mér að ræða samtímis.

Ég vildi aðeins með þessum fáu orðum mínum undirstrika þá miklu og brýnu nauðsyn, sem ég tel vera á því, að það megi takast fyrir næsta þing að undirbúa þessi mál svo, að fiskveiðasjóðurinn megi eiga von á nýju lánsfé og

þar með sú atvinnugrein, sem fiskveiðasjóðurinn styrkir, fá nýtt lánsfé og nýja örvun til uppbyggingar í landinu. Sannleikurinn er sá, að ef ekki tekst að greiða fram úr þessum málum á yfirstandandi ári, þá horfir hér til stórra vandræða.

Inn í þetta mál hefur svo blandazt auðvitað náskylt mál, en þó nokkuð annars eðlis, og það er, hvar bátasmíðin eða hvar bátakaupin skuli gerast, hvort örva eigi sérstaklega bátasmíðina innanlands eða leyfa mönnum að kaupa báta erlendis frá, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Vestm. (JJós). Inn í það mál skal ég ekki blanda mér á þessu stigi, en vildi aðeins með þessum fáu orðum leggja áherzlu á þá miklu nauðsyn, sem ég tel hér vera fyrir hendi, og ég efa það ekki fremur en hæstv. forsrh., að báðar þessar þáltill. muni ná fram að ganga. En á mestu veltur vissulega framkvæmd þeirra og hvernig tekst til um að sjá farborða því máli, sem þær stefna að, þ. e. að efla fiskveiðasjóðinn á einn eða annan hátt og bæta þar með aðstöðuna til fiskveiða á bátaflotanum hér við land.

*Gils Guðmundsson:* Herra forseti. Það var vissulega rétt hjá hv. síðasta ræðumanni (JóhH), að tillögur í sambandi við eflingu fiskveiðasjóðs eru fram komnar á elleftu stundu. Ég hafði búizt við því, að frá hæstv. ríkisstj. eða hv. stjórnarsinnum hefði fyrr á þinginu komið fram till. eða frv. til að leysa þann vanda, sem útgerðinni er á höndum að því er varðar skort á lánsfé. Því ber vissulega að fagna, að nú skuli loks vera hafizt handa um að hreyfa þessu máli, og verð ég þó að segja, að mér þykir þetta í helzt til óákveðnu formi.

Ég vil minna á það, að mjög snemma á þessu þingi bar ég fram á þskj. 39 þáltill. um smíði fiskibáta innanlands. Þar var fram á það farið, að ríkisstj. yrði falið að láta á næstu tveimur árum smíða hér innanlands 200 lítla fiskibáta og auk þess allmarga stærri báta, vélbáta allt frá 30—60 tonn.

Hv. frsm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, minntist lítils háttar á þessa þáltill. í framsöguræðu sinni og gat þess, að hv. fjvn., sem fékk hana til athugunar, hefði ekki gert beina ályktun eða gefið út nál. um hana, en taldi hins vegar, að með flutningi þeirrar till., sem hér liggur fyrir frá fjvn. á þskj. 642, væri að verulegu eða öllu leyti komið til móts við það, sem þar er fram á farið. Að vissu leyti er það rétt, að lánsfjárskorturinn er höfuðatriði þessa máls, en þó voru í þeirri till., sem ég flutti hér snemma á þinginu, nokkur atriði önnur, sem alls ekki koma fram í till. hv. fjvn. Þar var fram á það farið, að sjálf ríkisstj. hefði forgöngu um smíði þessara skipa og seldi þau síðan sjómönnum og útgerðarmönnum með hagstæðum greiðsluskilmálum og vaxtakjörum. Ég lít þannig á, alveg sérstaklega með tilliti til smábátasmíða, svo nefndra trillubáta og lítilla þilfarsbáta, að það sé hentugra fyrirkomulag, verði ódýrara og praktískara á margan hátt að smíða eða semja um smíði margra sams konar báta heldur en að láta hvern og einn, sem hefði hug á því að eignast slíkan bát, berjast við það í fyrsta lagi að afla sér einhvers lánsfjár og síðan að semja við skipasmiði um smíði á einum bát eða kannske tveimur bátum. Ég held, að það hefði verið full ástæða til þess að athuga þá leið, sem ég lagði til í þáltill. þeirri, sem ég áður gat um, að ríkisstj. hefði forgöngu um þessa smíði í nokkuð stórum stíl og síðan gæfist þeim mönnum, sem áhuga hefðu á því að eignast smábáta, kostur á að kaupa þá með hagkvæmum kjörum.

Í sambandi við smábátana vil ég leggja áherzlu á það, að þetta er ekki neitt smámál, eins og einstaka menn hafa viljað vera láta. Það hefur verið talað um það, að trillur gætu ekki leyst af höndum hin stærri og stórvirkari veiðiskip, og það er alveg rétt, en með hinni auknu fiskigengd, sem þegar er farið að gæta á grunnmiðum vegna stækkunar fiskveiðilandhelginnar, er það tvímælalaust, að veiði á smábátum mun geta orðið mikil lyftistöng fyrir fjölda veiðistöðva víðs vegar um land og geta veitt fjölda manns góða atvinnu; og þess ber að gæta, að miðað við stofnkostnað er hér um að ræða mjög hagkvæma útgerð. Yrðu t. d. byggðir 200 litlir fiskibátar, 4—6 tonna, þá mundu þeir sennilega fá veitt ekki færri en 800 manns atvinnu, en þó benda líkur til, að smíðakostnaður 200 slíkra báta mundi ekki vera miklu hærri en smíði eins nýtízku togara. Þetta vil ég benda á til þess að sýna fram á það, að hér er um athyglisvert mál að ræða. Það er einnig vitað, að áhugi á þessari útgerð hefur mjög farið vaxandi einmitt eftir að fiskveiðitakmörkin voru færð út og líkurnar fyrir fiskgengd á grunnmið jukust. En ég hygg, að til þess að þeir, sem hafa hug á því að láta smíða smábáta af þessum gerðum, gætu notfært sér lán úr fiskveiðasjóði, mundi þurfa breytingu á lögum sjóðsins. Ég er að vísu ekki nægilega kunnugur þeim efnum, en þó mun það vera svo, að þessir litlu bátar hafa átt erfitt uppdráttar að því er varðar lán úr fiskveiðasjóði, erfiðara en hinir stærri bátar. Það er því m. a. með tilliti til þessa og margs annars fullvíst, að löggjöfinni um fiskveiðasjóð þarf að breyta, hana þarf að endurskoða, eins og þegar er komin fram þáltill. um og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir að muni verða gert.

Ég vil svo að lokum undirstrika nauðsyn þess, að undinn verði að því bráður bugur að afla verulega aukins fjármagns til fiskveiðasjóðs. Það var sagt hérna áðan, sem að vísu er rétt, að ekki sé hægt að gera alla hluti í einu. En á það má benda í sambandi við þetta mál, að útgerðin er og hlýtur að verða meginundirstaða þess, sem gert verður á öðrum sviðum. Það eru engar líkur til þess, að hægt sé að framkvæma þær fyrirætlanir, sem undanfarna daga hafa verið samþykkt um l. og þáltill. hér á hinu háa Alþ., fyrirætlanir um nauðsynlegar og þarfar framkvæmdir, svo sem rafvæðingu landsins og ýmis aukin þægindi, ef einmitt útgerðin og aðrir undirstöðuatvinnuvegir geta ekki eflzt jafnhliða og lagt til það, sem til framkvæmdanna þarf. Ég vil því vænta þess, að hæstv. ríkisstj. láti ekki sitja við orðin tóm, þegar

hún væntanlega tekur nú við ákveðnum óskum og vilja Alþ. í sambandi við þessi mál með samþykkt þeirra tveggja þáltill. um eflingu fiskveiðasjóðs og um endurskoðun á lögum hans, sem hér liggja fyrir. Ég vil vænta þess, að hún láti einskis ófreistað til að afla nauðsynlegs fjár í því skyni að efla sjóðinn, svo að hann geti komið að þeim notum, sem nauðsyn ber til.

*Emil Jónsson:* Herra forseti. Það voru eiginlega fyrst og fremst nokkur orð, sem hv. þm. Vestm. (JJós) lét falla áðan, sem gáfu mér tilefni til þess að standa hér upp og segja nokkur orð um þáltill. þá, sem hér liggur fyrir.

Hann fór, eins og vænta mátti, að vísu viðurkenningarorðum um þá viðleitni, sem hér væri uppi um eflingu fiskveiðasjóðsins og þann tilgang, sem aðallega er undirstrikaður í þessari till. til þál. á þskj. 642 um lánveitingar úr sjóðnum, þ. e. a. s. til bátasmíða innanlands. En hann tók fram um leið, og sjálfsagt einnig réttilega, að það væri mjög mikill verðmunur á þeim bátum, sem keyptir væru frá útlöndum, og hinum, sem smíðaðir væru hér. Hann nefndi í því sambandi — ég held ég hafi tekið rétt eftir — 3500—4000 kr. á rúmlest báts. Ég skal nú ekki fara langt út í það að ræða þessa tölu eða aðra, sem nefnd kann að vera um þennan mismun. Hitt er víst, að það er einhver mismunur þarna á milli, þó að ég leyfi mér nú að draga í efa, að þessi mismunur sé eins mikill og hv. þm. nefndi.

Þá vil ég einnig leyfa mér að benda á, að það hafa verið hér uppi till. í hv. Alþ. að undanförnu til þess að reyna að draga úr þessum mismun og gera ráðstafanir til þess að lækka hann sem allra mest. M. a. var hér samþ. heimild í fyrra — og ég ætla, að hún hafi einnig verið gerð nú í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, — um að heimila ríkisstj. að gefa eftir tolla á efni til bátasmíðanna, og voru leidd rök að því, að þetta mundi draga mjög verulega úr þeim kostnaðarmismun, sem þarna er á ferð á milli útlendra og innlendra báta. Ég veit þó, að þó að þetta sé gert, þá dugir það sjálfsagt ekki til, og það má enn betur, ef duga skal. Hins vegar ber á það að líta, að það er ákaflega nauðsynlegt, einnig fyrir fiskimennina, sem bátana kaupa, að starfsemi skipasmíðanna leggist ekki algerlega niður, vegna þess að þá vanti verkefni, því að það verður ekki hægt til lengdar að reka hér skipasmíðastöðvar, sem eingöngu byggjast á viðgerðum og eru svo tímabundnar eftir árstíðum, að það geta verið tímabil, sem þurfi að halda á fjölda smiða til viðgerða, en svo aftur önnur, sem ekkert er að gera. Þetta bil er ekki hægt að brúa á annan hátt en þann, að þessar skipasmíðastöðvar, sem kannske að mestu leyti vinna að viðgerðum báta, mjög nauðsynlegu og óumflýjanlegu fyrir bátaeigendurna, hafi einnig við hliðina á viðgerðunum möguleika til nýsmíða, sem bær geti beint starfsmönnum sínum að, þegar störf við viðgerðirnar eru ekki fyrir hendi. Þó að það sé rétt, sem hv. þm. sagði, að þetta sé a. m. k. jöfnum höndum mál iðnaðarmanna eins og sjávarútvegsmanna, þá er því ekki að leyna, að þetta er vissulega einnig þýðingarmikið atriði fyrir útgerðarmennina og eigendur bátanna, að starfsemi þessi geti haldizt við lýði og falli ekki niður, því að hvar eru þeir þá staddir með menn til þess að gera við sína báta, þegar þeir þurfa á því að halda? Ég held þess vegna, að það sé vissulega rétt stefna að reyna að styrkja bátasmíðina innanlands, bæði með því að reyna að draga úr þeim hömlum, — eða hvað ég á að kalla það, — þeim steinum, sem hafa verið lagðir í þeirra götu með ósanngjörnum tollgreiðslum á efnivörum, og eins með hinu, að gera fiskveiðasjóði kleift að lána til þessara bátabygginga á þann hátt, að eigendur bátanna eða kaupendur þeirra sækist eftir því frekar lánskjaranna vegna að fá bátana byggða innanlands. Þannig mætti einnig draga nokkuð úr þeim mismun, sem eftir kann að verða á milli hins erlenda og innlenda báts.

Hv. þm. lagði á það höfuðáherzlu í sínu máli, að það yrðu ekki lagðar neinar hömlur á innflutning erlendra báta, þar sem þeir væru svona miklu ódýrari, eins og hann vildi nú vera láta, heldur en hinir innlendu (Gripið fram í.) — eða á meðan, segir hv. þm., þetta er ekki leyst. En ég held þvert á móti, að það megi ekki leyfa takmarkalaust innflutning á erlendum bátum, jafnvel þótt ekki sé til fulls búið að leysa þetta, sem ég hef nú verið að geta um, vegna þess að þegar svo margir erlendir bátar eru komnir til landsins, þá verður þörfin fyrir nýsmíðina innanlands kannske svo tiltölulega lítil, að þeir geta ekki rekið sínar skipasmíðastöðvar, miðað við hana eingöngu.

Ég held þess vegna, og það er það, sem ég vildi undirstrika, að það beri að fara varlega í það og mjög varlega að heimila mönnum að flytja takmarkalaust erlenda báta til landsins.

Ég vil líka á það benda, að margir útgerðarmenn, — það er mér kunnugt um, — vilja heldur báta, sem smíðaðir eru hér heima, heldur en þá, sem erlendis eru gerðir, jafnvel þó að þeir séu eitthvað dýrari, vegna þess að þeir telja, að þeir séu traustbyggðari og betur sniðnir eftir hinum íslenzku þörfum.

Allt þetta er nú kannske útkjálkaatriði af því máli, sem hér er til umræðu, en snertir það vissulega þó. Það, sem hér er til umræðu, er það, á hvern hátt fiskveiðasjóður verði bezt efldur til þess að sinna bæði þessu verkefni og öðrum, sem hann þarf nú að sinna og honum er ætlað að sinna, og kannske enn öðrum nýjum, sem ekki hefur enn verið lögtekið að hann sinni.

Ég vil í því sambandi leyfa mér að geta þess, að þessi mál fiskveiðasjóðsins hafa verið til umr. í sjútvn. Nd. frá því að þingið kom fyrst saman. Það hefur oft verið á eftir því ýtt þar í n., að einhver lausn væri fundin á þeim málum, en það hefur hvorki gert að reka né ganga, af hvaða ástæðum sem það hefur nú verið, og ég tel, að báðar þessar till., sem hér eru á dagskrá á þessum fundi, séu raunverulega ekki nema bráðabirgðaúrræði, sem séu ekki nándar nærri nóg til þess að leysa úr þeim vanda, sem fyrir liggur.

Hv. 5. þm. Reykv. lýsti því hér áðan, hvernig fjármálum fiskveiðasjóðs væri komið. Þeim er í stuttu máli þannig komið, að allt laust fé sjóðsins, sem hann átti og nam allverulegri upphæð fyrir stuttu, eða nokkuð miklu á annan tug milljóna, — allt þetta fé er uppétið eða sem sagt uppétið, því öllu ráðstafað í nýjar lánbeiðnir, og þó ekki hægt að sinna nema rétt um helmingnum eða tæplega helmingnum af þeim lánbeiðnum, sem borizt hafa. Það liggja enn óafgreiddar, sagði hann, hjá stjórn fiskveiðasjóðs umsóknir — ég held, að ég hafi tekið rétt eftir — í kringum 16 millj. kr., án þess að það sé nokkur peningur til þess að láta upp í þessi lán. Upp í þetta hefur svo sjóðurinn í ár náttúrlega sínar árlegu tekjur, sem mér er sagt að nemi um 8 millj. kr., og svo heldur ekki meira.

Í þeirri till., sem hér liggur fyrir, á þskj. 642, er skorað á hæstv. ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að afla fiskveiðasjóði viðbótarfjár til nauðsynlegra stofnlána vegna endurnýjunar og eðlilegrar aukningar fiskibátaflotans með bátasmíði innanlands. Nú langar mig til að spyrja: Hvernig er ætlazt til, að hæstv. ríkisstj. geri þetta? Hvaða möguleika hefur hún til að gera þetta? Við heyrðum, að hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að hann vildi líta á málið með fullum skilningi, en hann treysti sér ekki til þess að lofa neinu. Í l. um fiskveiðasjóð er, að ég ætla, eingöngu heimild til þess að taka 4 millj. kr. lán, þannig að það ýtrasta, sem hægt væri þá að koma sjóðnum til hjálpar með því að nota allar hans heimildir og þó að ríkisstj. tækist nú að fá fé til þess, að þessar heimildir væru fullnotaðar, þá yrðu það þó ekki nema 4 millj. kr., og það er í þessu sambandi ekki nema lítið brot af því, sem þarf á þessari stundu. Það hefur þess vegna orðið að ráði hjá nokkrum meðlimum sjútvn. Nd. að flytja aðra till., þar sem skorað er á ríkisstj. að láta fara fram heildarendurskoðun á l. um fiskveiðasjóð og taka þar m. a. til athugunar, hvort ekki mætti setja ný ákvæði um fjáröflun til sjóðsins og enn önnur um aukið starfssvið fyrir sjóðinn. En þessi till. kemur náttúrlega ekki að neinu gagni á þessu ári að öðru leyti en því, að hún undirbýr málið, ef samþ. verður, og getur náttúrlega þar af leiðandi orðið og verður vonandi til gagns fyrir framtíðina. En þó að ég sé hér aðili að annarri till., þá finnst mér þetta of skammt farið. Það er enginn vafi á því, að fiskveiðasjóður þarf á miklu meira fé að halda heldur en hér getur verið um að ræða, nema þá með breyttum l. sjóðsins, og samkvæmt yfirlýsingu hæstv. forsrh., þá er meira að segja engan veginn víst, að það fé fáist, áður en þing kemur saman næst.

Ég minnist þess í þessu sambandi, að það hefur hér áður á fyrri þingum verið talað um bátasmíðar innanlands og um aukningu fiskveiðasjóðs í því sambandi, og það hefur verið látin í ljós mjög vinsamleg skoðun á starfsemi sjóðsins og mjög vinsamleg orð látin falla um þörf á auknu fé honum til handa, en niðurstaðan hefur samt orðið sú til þessa, að það hefur ekki orðið af framkvæmdum.

Ég vildi í þessu sambandi leggja áherzlu á tvennt: annað það, að það yrði ekki takmarkalaus innflutningur erlendra báta leyfður, svo að næstum gæti af þeim orsökum stöðvazt hin innlenda bátasmíði, og að hinu leytinu vildi ég leyfa mér að leggja áherzlu á, að það yrði a. m. k. reynt að nota þá heimild til lántöku, sem í l. um fiskveiðasjóðinn er nú til, þó að hún sé ekki meiri en þetta. Það mundi þó sjálfsagt muna nokkuð um hana, þó að til frekari aðgerða yrði þá horft með nýrri lagasetningu um sjóðinn.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

*Frsm. (Pétur Ottesen):* Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja nú til viðbótar því, sem ég sagði, þegar ég reifaði hér þetta mál.

Þessari till. hefur verið vel tekið og um hana rætt allmikið, og skal ég ekki fara út í þær umr. Það var aðeins mjög leiður misskilningur, sem kom hér fram á því, sem í till. þessari felst, hjá hv. 5. landsk. (EmJ), sem ég vildi leiðrétta. Hann sagði sem sé, eins og rétt er, að í lögum um fiskveiðasjóð er heimildin til lántöku bundin við 4 millj. kr., og hann lagði, að því er virtist, þann skilning í þessa till., að þó að hún væri samþ., þá væri ekki til þess ætlazt, að hærra lán yrði tekið. Þetta er ákaflega mikill misskilningur og mjög einkennilegt, að honum skuli skjóta upp hjá hv. þm., m. a. af því, að í greinargerð þeirri, sem till. fylgir um þetta efni, er svo að orði komizt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það mun vera nauðsynlegt samhliða þeirri ákvörðun, sem tekin yrði með samþykkt þessarar till., að breyta samtímis lögunum um fiskveiðasjóð á þann veg að hækka verulega þá heimild til lántöku sjóðnum til handa, sem þar er nú."

Það er að sjálfsögðu meining þessarar till., að það þurfi að auka mjög verulega þá lánsheimild, sem í lögunum felst nú, ef á að mæta þeirri miklu eftirspurn, sem er eftir stofnlánum og ég gerði hér grein fyrir í fyrradag, þegar ég reifaði þetta mál, að mikil og rík og brýn þjóðarnauðsyn væri á að gerðar yrðu ráðstafanir á þessu þingi til að mæta. Ég býst við því, að það þyrfti að minnsta kosti að margfalda þessa upphæð með fjórum eða það þyrftu að vera fjórum sinnum 4 millj., sem sjóðnum áskotnuðust til sinnar starfsemi núna næstu árin, og er það miðað við þær miklu umsóknir, sem fyrir sjóðnum liggja nú, og þá breytingu, sem orðin er um aðstöðu til bátaútgerðar í landi þessu, eins og ég gerði hér grein fyrir í gær.

*Jóhann Jósefsson:* Það voru aðeins örfá orð til þess að leiðrétta það, sem hv. 5 landsk. þm. vildi hafa eftir mér um það, að ég vildi leyfa hóflausan innflutning á bátum frá útlöndum. Það voru aldrei mín orð, enda dettur mér ekki í hug að halda slíku fram. Hitt er annað mál, að eins og þessum bátasmíðamálefnum er skammt komið hvað snertir afskipti þings eða ríkis-

stjórnar, þá er það sýnt, að ef þeirri stefnu verður haldið, sem mér er tjáð af þeim mönnum, sem fara með innflutningsmál, að sé núna stefna ríkisstj., að veita ekki innflutningsleyfi fyrir neinum bátum, fyrr en bátasmíðarnar innanlands eru komnar í eitthvað betra horf, þá er sýnt, að það getur ekki annað en leitt til vandræða, og ég fór fram á það, að það yrði ekki sett loka fyrir þetta á þann hátt, sem nú virðist vera. En hitt voru ekki mín orð, að það ætti að eiga sér neitt taumleysi stað í þessum efnum.

Ég er líka sannfærður um það — og enn þá betur nú en ég hef fyrr verið — að orð mín um, að mismunur á innkaupsverði og smíðaverði báta væri um 4 þús. kr. á smálestina, eru sízt ofmælt; ég hef sjálfsagt tekið þar of lítið í árinni, en ekki of djúpt. T. d. í kjördæmi hv. 5. landsk. hefur nýlega verið smíðaður fiskibátur af venjulegri gerð, sem kostar rösklega milljón króna, og þótt aldrei nema góð lán stæðu til boða út á slíkan bát, þá stendur þó verðið óhaggað og yrði skuldabaggi á þeim, sem keypti þann bát, — hversu langan tíma skal ég ekki segja. Þetta bendir í þá átt, að það þarf að taka til athugunar, eins og ég hélt fram, hvort lánsleiðin er ein út af fyrir sig nægileg í þessu efni. Ég held, að hún sé ekki nægileg og að það þurfi þess vegna að hafa þetta sjónarmið líka.

Ég skal svo ekki tefja umr. um þetta mál; það var ekki mín ætlun. Ég er samþykkur till. og í sjálfu sér samþykkur öllum þeim rökum, sem hv. 5. landsk. þm. færði fyrir bátasmíði innanlands, enda hef ég notað sömu rök, bæði innan og utan þings, fyrir nauðsyn þess. En hitt er annað mál, að á meðan svo er ástatt, að ekki er kominn rekspölur á þetta mál, þannig að útvegsmenn og sjómenn geti sætt sig við verðið á skipunum, þá má hæstv. ríkisstj. og innflutningsyfirvöld ekki hindra einhvern innflutning á bátum, til þess að menn standi ekki uppi í vandræðum og í skipaleysi þennan tíma, sem líða kann, þangað til við höfum hæfilega góð og hæfilega ódýr innlend smíðuð skip til að bjóða.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 841).

## 12. Fiskveiðasjóður Íslands (till. GíslG o. fl.).

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var útbýtt:
*Till. til þál. um endurskoðun l. nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands* [203. mál] (A. 712).

Á 46. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

*Flm. (Gísli Guðmundsson):* Herra forseti. Flm. þessarar till. eru, auk mín, hv. þm. Snæf. (SÁ), hv. 5. landsk. (EmJ), hv. þm. Siglf. (EI) og hv. þm. V-Ísf. (EirÞ). Við leggjum til, að ríkisstj. verði falið að láta fara fram á þessu ári endurskoðun á l. um fiskveiðasjóð Íslands m. a. í því skyni, að starfsfé sjóðsins og starfssvið verði aukið, og leggja frv. til nýrra l. um sjóðinn fyrir næsta Alþ.

Fiskveiðasjóður Íslands, með því nafni, er orðinn nokkuð gömul stofnun. Hann var stofnaður með l. frá Alþ. árið 1905, en frv. til þeirra laga var flutt af dr. Valtý Guðmundssyni, sem var einn af forustumönnum íslenzkra stjórnmála um aldamótin. Svo var til stofnað, að nokkur hluti sekta fyrir landhelgisbrot rynni í sjóðinn auk lítils háttar framlags úr ríkissjóði. Var sjóðnum þannig í upphafi séð fyrir árlegum tekjum, þótt litlar væru, og stóð svo fram til 1920, eða um það bil, að landhelgissjóður var stofnaður, en þá voru honum fengnar sektatekjurnar.

Ekki var starfsemi fiskveiðasjóðs umfangsmikil fyrstu áratugina og starfssvið hans fremur óákveðið. Öðru hverju lánaði hann til skipa, eftir því sem efni leyfðu, og geta má þess til fróðleiks, að hann lánaði á sínum tíma talsvert fé til hafnargerðarinnar í Reykjavík og nokkurra annarra hafna. Laust fyrir 1930, þegar l. fiskveiðasjóðs voru tekin til endurskoðunar, voru rúmlega ⅝ af fé sjóðsins í lánum til hafnargerða og um ⅖ í lánum hjá bátaútveginum. En árið 1930 voru sett ný l. um sjóðinn og hlutverk hans ákveðið, að veita stofnlán til fiskibáta og iðnfyrirtækja í þágu sjávarútvegsins. Var þá og starfsfé hans aukið þannig, að lagt var á útfluttar sjávarafurðir svo nefnt fiskveiðasjóðsgjald, ⅛ af hundraði af verðmæti útflutningsvaranna. Rétt fyrir og eftir 1940 voru svo sett ný l. um fiskveiðasjóð. Voru þá verkefni hans í þágu bátaútvegsins enn aukin og honum jafnframt afhent innflutningsgjald það, er þá hafði um langan tíma verið innheimt í ríkissjóð, og hefur hann haldið því síðan. Við þetta uxu mjög árlegar tekjur sjóðsins, og honum tók að safnast höfuðstóll, svo að um munaði. Jukust þá lánveitingar úr sjóðnum að sama skapi.

Eins og tekið er fram í grg., átti fiskveiðasjóður um síðustu áramót um 42 millj. kr. útistandandi í l. veðréttar lánum samkv. lögum, og voru lánin rúmlega 400 talsins. Í grg. á þskj. 712 sést líka, hvernig þessi lán skiptast á milli byggðarlaga í landinu. Það yfirlit ber með sér, að flestar eða allar verstöðvar landsins, þar sem einhver útgerð er að ráði, hafa notið aðstoðar sjóðsins að meira eða minna leyti. Til viðbótar því, sem stendur í grg., þykir mér rétt

að gefa nokkrar upplýsingar um það, til hvers konar framkvæmda þessum lánum hefur verið varið, og er þá einnig miðað við síðustu áramót.

Lán til skipa voru þá 305, samtals að upphæð rúmlega 26 millj. kr. Lán til hraðfrystihúsa 29, samtals rúmlega 5½ millj. kr. Lán til fiskþurrkunarhúsa 28, samtals 2.2 millj. kr. Lán til fiskimjölsverksmiðja 21, samtals 4.4 millj. kr., og lán til annarra fyrirtækja á vegum bátaútvegsins 25, samtals 3.7 millj. kr.

Auk þessara lána, sem öll eru 1. veðréttar lán, átti sú deild sjóðsins, sem lánar út á 2. veðrétt, rúmlega 900 þús. kr. útistandandi um síðustu áramót.

Þessar tölur eru fengnar frá sjóðnum samkvæmt yfirliti hans um skiptingu lána.

Fiskveiðasjóður hefur til þessa að langmestu leyti starfað með eigin fé og má nú heita skuldlaus. Í gildandi l. um hann er þó heimild til lántöku allt að 4 millj. kr., sem er að sjálfsögðu allt of lág upphæð, ef á annað borð væri að því horfið að afla lánsfjár til starfseminnar, sem raunar virðist óhjákvæmilegt og eðlilegt, þar sem sjóðurinn hefur nú safnað talsverðum eignum og þarf að auka starfsemi sína.

Rétt er, að það komi fram, að auk þeirra útistandandi lána, sem, eins og ég hef áður gert grein fyrir, námu þeirri upphæð, sem ég áður hef nefnt, átti hann þá talsverða innstæðu til að mæta aðkallandi verkefnum. Það var upplýst hér í umræðum um annað skylt mál af hv. 5. þm. Reykv., að þessi innstæða hefði verið 19 millj. kr., en þetta fé safnaðist fyrir vegna þess, að lítið hefur verið um bátakaup undanfarin ár.

Hins vegar er það nú svo, að eftirspurn eftir lánum var mjög vaxandi síðari hluta ársins, sem leið, og er enn á þessu ári. Ber þar margt til. Má þá fyrst telja það, að margir útgerðarmenn hafa nú undanfarið verið að skipta um vélar í bátum sínum, og heldur það enn áfram á þessu ári, en vélar hinna nýrri skipa hafa margar reynzt endingarlitlar. Margir hafa nú undanfarið fest kaup á skipum eða virðast vera í þann veginn að gera það, ef fé verður fyrir hendi. Í því sambandi má minna á það, að á s. l. ári voru veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir 21 vélbát, og nýlega hefur verið skýrt frá því hér á Alþ., að nokkrir stórir eða meðalstórir bátar séu í smíðum innanlands. Smíði *lítilla vélbáta virðist og hafa aukizt, og hefur* trú manna á útgerð slíkra báta vaxið við það, að togurum og dragnótaskipum er nú, með hinni nýju tilskipun um friðun landhelginnar, bannaður aðgangur að miðum á fjörðum inni.

Þá er alltaf mikil þörf á lánum til fiskiðjuvera á ýmsum stöðum á landinu, og þess verður mjög vart, að þær lánsupphæðir, sem sjóðurinn hefur getað veitt út á 1. veðrétt, hrökkva of skammt til framkvæmda.

Í lok marzmánaðar s. l. var þannig ástatt, að búið var að veita loforð fyrir lánum, sem samtals námu álíka upphæð og innstæða sú, er sjóðurinn átti um áramót. En fyrir lágu þá lánbeiðnir, sem ekki hafði verið svarað, samtals 18½ millj. kr., langmest til skipa.

Sjóðurinn fær að vísu allmiklar tekjur á árinu, bæði af útflutningsgjaldi og vexti af útistandandi lánum. Ég ætla, að þessar tekjur, þ. e. a. s. tekjur af útflutningsgjaldi og vaxtatekjur, hafi á árinu 1953 verið samtals tæpar 9 millj. kr., en það er ekki hægt að vita fyrir fram, hverjar þær verða á þessu ári, þar sem óvíst er, hversu miklu útflutningsgjaldið nemur. Þar við bætast svo afborganir af lánum þeim, sem sjóðurinn á útistandandi, þær sem inn koma á árinu, þ. e. a. s. afborganir af rúmlega 40 millj. kr., en þessi lán eru flest veitt til 15—20 ára, nokkur þó til skemmri tíma. En lánbeiðnir eiga líka eftir að aukast til muna á árinu, því að mikið af þeim beiðnum, sem nú liggja fyrir, er umfram það, sem venjulegt er og jafnan segir til sín á sínum tíma. Það er að vísu trúlegt, að eitthvað af því lánsfé, sem búið er að lofa eða lofað verður á árinu, komi ekki til útborgunar fyrr en á næsta ári, af því að smíði eða framkvæmdum verður ekki lokið á þessu ári, en því miður verður þó að ganga út frá því, að fiskveiðasjóð skorti fé síðari hluta ársins til að geta haldið áfram starfsemi sinni svo sem þörf krefur, og þá því fremur á næsta ári, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að auka starfsfé hans.

Við flm. þessarar till. höfum komizt að þeirri niðurstöðu í sambandi við athugun á möguleikum til að auka starfsfé sjóðsins, að rétt sé að láta fara fram endurskoðun á lögum sjóðsins á milli þinga og að frv. til nýrra l. um fiskveiðasjóð Íslands verði lagt fyrir næsta Alþ. Gildandi lög um sjóðinn eru að stofni til frá árinu 1943, en á þeim l., þ. e. a. s. lögunum frá 1943, eins og þau voru gefin út það ár, hafa síðan verið gerðar breyt. nokkrum sinnum, eins og nánar er skýrt frá í grg. till. Það verður að teljast rétt, að öll fyrirmæli um almannastofnun eins og fiskveiðasjóð séu í einum l., eftir því sem við verður komið.

Þá er og á það að minna, að undanfarið hafa verið uppi á Alþ. og víðar raddir um, að sumum atriðum í l. þurfi að breyta, og okkur flm. er kunnugt um, að stjórnendur sjóðsins eru líka þeirrar skoðunar, að breytinga sé þörf, enda ekki óeðlilegt, þar sem l. eru nú orðin 11 ára gömul og margt hefur breytzt hér á landi á þeim tíma. Í sambandi við endurskoðunina ætlumst við til, að möguleikarnir til starfsfjáraukningar séu teknir til sérstakrar athugunar og kveðið á um hana í hinum nýju lögum.

Að öðru leyti skal ég ekki gera gildandi l. um fiskveiðasjóð sérstaklega að umræðuefni eða galla þá, sem á þeim eru taldir vera. Þó vil ég nefna það, sem að er vikið í grg. till., að æskilegt væri að víkka eitthvað starfssvið sjóðsins frá því, sem það er nú, og leyfa honum að lána til fleiri tegunda framkvæmda í þágu bátaútvegsins en hann nú gerir. T. d. væri mjög æskilegt, að sjóðurinn gæti lánað til verbúða, einkum fyrir þá, sem þurfa að sækja sjó utan heimamiða. Þá hefur og komið fram áhugi fyrir því, að fastri skipan verði komið á veitingu lána til opinna vélbáta, enda þótt sjóðurinn hafi aukið þá lánastarfsemi nokkuð í seinni tíð. Áður hef ég minnzt á óskir, sem uppi

hafa verið um að hækka lánin, og er það til athugunar í því sambandi, hvort sjóðurinn ætti ekki að veita eingöngu 1. veðréttar lán og þá eitthvað hærri en nú.

Ég mun nú senn ljúka máli mínu. Það vil ég þó segja að lokum, að bátaútveginum um land allt er það mikil nauðsyn að eiga vísan aðgang að hæfilega háum og hagkvæmum stofnlánum, bæði til þess að hægt sé að koma upp skipum í stað þeirra, sem ganga úr sér eða eyðileggjast, og til að koma fótum undir útgerð á þeim stöðum, ekki sízt í sumum hinna fámennari sjávarþorpa, þar sem hentug skip skortir til sjósóknar, svo og til þess að koma upp aðstöðu til að tryggja sem bezt verkun og vinnslu aflans í landi og auka sem mest verðmæti hans til útflutnings.

Bezta úrræðið í þessu efni er að efla fiskveiðasjóð Íslands, hina gömlu lánsstofnun bátaútvegsins, og reyna að sníða starfshætti hans sem bezt eftir þörfum bátaútvegsins, hvort sem hann er stór eða smár, í sjávarplássum landsins. Er þess að vænta, að ríkisstj. eða þeir, sem að endurskoðun vinna fyrir hana, ef till. okkar verður samþ., kynni sér, eftir því sem tök eru á, viðhorf manna víðs vegar við sjávarsíðuna til þess máls.

Þar sem nú líður að þinglokum, óska ég ekki eftir, að málinu verði vísað til n., en vænti þess fyrir hönd okkar flm., að till. verði samþykkt.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Út af þessari till. leyfi ég mér að vísa til þess, sem ég sagði um þá till., sem hér er á dagskrá næst á undan þessari till. Ég leyfði mér þá — og með a. m. k. þegjandi samþykki hæstv. forseta — að víkja nokkrum orðum að þessari till., sem nú er til umr. Ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem hv. frsm. hér hefur sagt, og get lýst yfir fyrir hönd stj., að einnig þessi till. mun verða tekin til allrar þeirrar athugunar og fyrirgreiðslu, sem stjórnin getur í té látið.

Ég get hins vegar ekki fremur um þessa till. en hina gefið á þessu stigi málsins bindandi loforð um, hver niðurstaða verði af tilraunum okkar til að efla fjárhag fiskveiðasjóðsins.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 842).

## 13. Milliþinganefnd í heilbrigðismálum.

Á deildafundum 13. nóv. var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um milliþinganefnd í heilbrigðismálum* [100. mál] (A. 165).

Á 17., 19., 20., 31. og 32. fundi í Sþ., 18. og 25. nóv., 2. des., 5. og 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

*Flm. (Hermann Jónasson):* Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er, eins og hún ber með sér, um tvö atriði: Að gera till. um fjölda, stærð og staðsetningu sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila í landinu. Og í annan stað að gera till. um almennar ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði með þjóðinni.

Það er ekki ýkjalöng grg., sem fylgir þessari till., en ég álít, að hana þurfi ekki lengri. Ef einhverjir eru þeirrar skoðunar hér á Alþingi, að ekki sé þörf á að samþykkja þessa till. og vinna þetta verk, sem þar er gert ráð fyrir, þá er ég fús til að ræða það nánar, en sé ekki ástæðu til þess við framsögu og án þess að fram komi mótmæli að tefja hv. Alþingi á því að reifa málið frekar.

Ég óska eftir, að málinu sé vísað til allshn. og síðari umr., og væri æskilegt, þar sem liðið er á þing og nokkur dráttur hefur orðið á því, að till. hafi verið afgreidd hér, að hægt væri að hraða afgreiðslunni í allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Sþ., 31. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 165, n. 580).

*Frsm. (Halldór Ásgrímsson):* Herra forseti. Fjvn. hefur rætt þessa till. á fundum sínum og enn fremur sent hana til umsagnar landlæknis.

Fjvn. telur heilbrigðismálin svo mikilvæg og kosti þjóðina árlega svo mikið fé, að hún álítur réttmætt að mæla með því, að þessi þáltill. verði samþ., sbr. nál. á þskj. 580.

*Jóhann Hafstein:* Herra forseti. Ég vil láta í ljós nokkra undrun mína yfir meðferð þessa máls og hvernig það er lagt fyrir hæstv. þing.

Það segir í nál. frá fjvn., að n. hafi athugað þáltill. þessa og sent hana heilbrigðisstjórninni til umsagnar. Ekki þykir n. ástæða til þess að láta þm. vita um umsögn heilbrigðisstjórnarinnar í nál., en hins vegar er lagt til, án þess að menn fái að sjá það eða meta það, að till. verði samþ. Ég hafði búizt við, að í framsögu yrði gerð grein fyrir þessu og þm. fengju að heyra, hvaða till. væru uppi hjá heilbrigðisstj., því að sannast að segja finnst mér till. þessi öll með nokkrum eindæmum og ekki sízt þegar athuguð er niður í kjölinn sú grg., sem henni fylgir.

Það er að vísu svo, að Framsfl. eða ráðherrar úr hans flokki hafa farið með heilbrigðismálin að undanförnu, og skyldi maður ætla, að form. Framsfl. hefði haft á þeim tíma aðstöðu til þess að koma á framfæri umbótum í heilbrigðismálum án þess að þurfa að leggja

til, að mþn. yrði skipuð til þeirra verka, eftir að ráðherra úr Framsfl. fer ekki lengur með heilbrigðismálin.

Finnst mér þess vegna, að till. þessi sé nokkuð mikið vantraust í garð, ja, fyrst og fremst þá líklega í garð þess manns í Framsfl., sem með stjórn heilbrigðismálanna hefur farið í ráðherrastóli að undanförnu. Það get ég ekki út af fyrir sig haft neitt við að athuga, og þar verða þeir að sakast hvor við annan, form. Framsfl. og þessi fyrrv. heilbrmrh. En það segir hv. flm. í grg., að flestir, sem hugleiða efni heilbrigðislöggjafarinnar eða athuga till., geri sér ljóst, að þeirrar athugunar, sem till. stefnir að, sé hin fyllsta þörf. Það koma svo fram í grg. fleiri atriði, eins og t. d. það, að miklu skipti, að þeim stórfelldu fjármunum, sem til þessara bygginga er varið, til heilbrigðisstofnana, sé ekki að verulegu leyti á glæ kastað. Hér hefur verið varið milljónatugum til heilbrigðismála á undanförnum árum og það undir forustu Framsfl., sem hefur haft stjórn heilbrigðismálanna, eða ráðh. úr þeim flokki, og þá heyrir maður það, að það þurfi að gera einhverjar ráðstafanir, svo að þessum milljónatugum sé ekki á glæ kastað. „Það er komið alveg nóg af því í þjóðfélagi okkar," segir hv. flm., „og mætti nefna þess mörg dæmi, að byggt er svo skipulags- og fyrirhyggjulítið, að við vöknum skyndilega upp við þann vonda draum, að opinberar eða hálfopinberar byggingar eru settar niður á alröngum stöðum. Hafa þessi mistök kostað stórfé, sem er á glæ kastað." Ég held, að það væri meira tilefni til þess að skipa rannsóknarnefnd til athugunar á því, hvernig heilbrigðismálastjórninni hafi farið þessi mál úr hendi á undanförnum árum, þegar það er upplýst og gefið í skyn, að það hafi verið kastað á glæ stórfé í meðferð þessara mála og á þeim tíma, sem ráðh. úr Framsfl. hefur farið með þessi mál.

Ég skil ekki í því, hvernig stendur á því, að hæstv. fjvn. hefur ekki tekið þetta mál fastari tökum og látið sér til hugar koma að rannsaka nokkuð þetta mál af tilefni þeirra stórfelldu getsaka, sem fram koma í grg. um stórkostlegar misfellur í meðferð þessara mála. Ég hef enga trú á því, eins og hv. flm. kemst að orði, að samþykkt þessarar till. mundi koma í veg fyrir slík mistök og óþörf fjárútlát eins og hann kemst að orði að átt hafi sér stað í þessum efnum. Sannast að segja verða svo nokkuð endasleppar niðurstöðurnar, því að efni þessarar till., eins og hún er orðuð, er að gera till. um fjölda, stærð og staðsetningu sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila í landinu og að gera till. um almennar ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði með þjóðinni, en helztu rökin í grg. eru, að það þurfi að fræða þjóðina um heilsuvernd og heilbrigði miklu meira en verið hefur og það sé einmitt verkefni þessarar nefndar að gera ákveðnar till. um það atriði, sem er alls ekki vikið sérstaklega að í efni till. Þó að það segi í grg. fyrir einhverri till., að nefnd eigi að gera eitthvað annað en efni till. stendur til, þá efast ég um, að það verði álitið verkefni nefndarinnar.

Ég held, að fá mál hafi borið að á þessu þingi með undarlegri hætti og undarlegri afgreiðslu en þetta, og mér finnst skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar hv. þingnefndir leita umsagna heilbrigðismálastjórnarinnar og láta ekki svo lítið að gera grein fyrir því í nál. eða á annan hátt fyrir þm., svo að þeir geti á grundvelli þeirra rannsókna, sem þar liggja fyrir, gert sér grein fyrir a. m. k. þeim álitsgerðum, sem úr þeirri átt hafa komið.

Að öllu athuguðu verð ég að segja, að ég hef enga trú á því, að neinn gróður vaxi upp af þessari till., sem til umbóta megi verða í heilbrigðismálunum, þegar athugað er, hvernig hún er til komin, heldur sé hún fyrst og fremst flaustursverk og einhvers konar sýndartill., sem þm. er mjög erfitt að gera sér grein fyrir eiginlega vegna hvers og til hvers er fram komin. Það er mikil gæzka hjá hv. fjvn. að fara svo léttum höndum um þetta mál að leggja til, að þessi till. hv. þm. Str. (HermJ) verði samþ., eins og í nál. greinir. Ég tel óverjandi annað en að mönnum gefist kostur á því að kynnast áliti heilbrigðismálastjórnarinnar og vil beinlínis fara fram á það við hæstv. forseta, að umr. um þetta mál verði frestað og þm. fái tækifæri til þess að kynna sér þessi gögn.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það væri æskilegt, að umsögn landlæknis lægi hér fyrir prentuð á þskj., til þess að hv. alþm. sæju, hvað hann hefur lagt til málanna í sambandi við þessa till., og það gæti vitanlega orðið fyrir næsta fund. Ég er í miklum vafa um það, þótt skipuð væri mþn. í heilbrigðismálum til þess að gera till. til úrbóta um það, sem aflaga fer, að það geti orðið að miklu gagni. Ég get tekið undir það með flm. þessarar till., að það hafa verið stigin mörg vixlspor hér áður í sambandi við heilbrigðismálin, staðsetningu sjúkrahúsa og annarra stofnana. Það hafa áreiðanlega verið stigin þar mörg vixlspor. En það vill nú þannig til, að staðsetning sjúkrahúsanna hefur nú þegar verið ákveðin, og liggur ekki fyrir að byggja nýtt sjúkrahús alveg að nýju, mér vitanlega, nema á Suðurlandsundirlendinu. Og það verður vitanlega gert, hvort sem skipuð verður mþn. í heilbrigðismálum eða ekki, svo augljóst sem það hlýtur að vera, að í þeirri byggð skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús. Sýslurnar fyrir austan hafa komið sér saman um að byggja eitt myndarlegt sjúkrahús fyrir þetta svæði. Á öðrum stöðum á landinu er aðeins um endurbyggingu að ræða. Ég býst við því, að þar sem sjúkrahús hefur áður verið, þá verði miklum annmörkum bundið að rífa það niður og byggja ekkert annað í staðinn. Ég býst við, að það verði ekki vel liðið. Hins vegar hlýtur þróunin að verða sú í sjúkrahúsmálunum, að sjúkrahúsin víða um land verði, eins og þau hafa verið, frekar lítil, en hér í Reykjavík og á Akureyri verði sjúkrahús með hinum fullkomnustu tækjum og sérfræðingum eftir því, sem völ er á. Og eftir því, sem samgöngurnar hafa batnað, því minni nauðsyn er á því að hafa stór og

fullkomin sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi eða í hverjum kaupstað eða kauptúni. Sem sagt, ég geri lítið úr því, þótt kosin verði nefnd, að þá komi hún að miklu gagni.

En ég vil hins vegar segja það, að ef hv. Alþ. telur ástæðu til þess að kjósa mþn. í heilbrigðismálum, þá vildi ég heldur leggja til, að nefndin yrði skipuð aðeins þremur mönnum, og er ég sannfærður um, að hún starfar ekki verr en fimm manna nefnd, og leyfi ég mér að flytja brtt. um það. Ég vil einnig leyfa mér að leggja til, að við till. bætist, að nefndin ljúki störfum fyrir 1. okt. 1954. Hef ég þá sérstaklega í huga það, að ég hef ákveðið, að frv. það til læknaskipunarlaga, sem nú liggur fyrir Ed., verði endurskoðað og athugað gaumgæfilega fyrir haustið og það verði þá lagt fyrir Alþingi til lögfestingar, og væri þá eðlilegt, ef mþn. í heilbrigðismálum væri starfandi, að hún hefði samstarf og samráð við þann mann, sem tekur að sér að endurskoða þetta frv. ásamt landlækni. Þess vegna væri heppilegt, ef til þess kemur, að nefnd yrði kosin í þessu skyni, að hún hefði lokið störfum fyrir 1. okt. Ég hef vægast sagt takmarkaða trú á því, að mikið kæmi að gagni frá þeirri nefnd, en sé það hins vegar meining Alþ., að það sé til bóta, þá er betra, að nefndin sé skipuð þremur mönnum heldur en fimm, og hún vinnur betur, ef hún hefur tiltölulega stuttan starfstíma og verður þá að leggja sig fram við störfin og láta þau ekki dragast úr hömlu

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Ég vil taka undir þau ummæli, sem hér hafa fallið, að mér virðist undarlegt, að hv. nefnd skuli mæla í svo stuttu máli með till. sem gert er og ekki gera neina grein fyrir því, hverjar till. hafi borizt frá landlækni, sem mun hafa fengið till. til umsagnar.

Till. er í tveimur meginliðum. Hinn fyrri er sá að gera till. um fjölda, stærð og staðsetningu sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila í landinu. Ég hygg, að verkefni á þessu sviði sé ákaflega lítið og takmarkað og fjarri öllum sanni að ætla, að það sé ástæða til þess að setja sérstaka nefnd fimm eða þriggja manna til þess að gera till. um þetta atriði. Ég hygg, að það sé rétt, sem hæstv. heilbrmrh. sagði hér áðan, að ákvarðanir hafi þegar verið teknar um staðsetningu og byggingu þeirra sjúkrahúsa, sem til greina kemur að byggja að nýju. Núna á síðari árum hafa verið byggð fjögur ný sjúkrahús: á Akureyri, í Hafnarfirði, í Keflavík og á Akranesi, og eru öll fullgerð og tekin til starfa. Enn fremur hefur verið byggt fyrir skömmu sjúkrahús á Patreksfirði, sem einnig er tekið til starfa. Í byggingu er nú eða hafinn undirbúningur að byggingu sjúkrahúss í Neskaupstað, sjúkrahúss hér í Reykjavík og sjúkrahúss á Blönduósi. Þegar svo litið er til þess, hvaða sjúkrahús eru á öðrum stöðum, þá kemur í ljós, að þegar hafa verið teknar ákvarðanir um eða byggð sjúkrahús í öllum kaupstöðum landsins, og engar minnstu líkur eru til þess, að hér verði breytt um, hvort sem mönnum sýnist nú, að hér hafi verið ráðið hyggilega í hvert skipti það, sem gert hefur verið. Ég hygg, að þessi sjúkrahús, sem upp eru komin, séu öll fullnotuð, nema sjúkrahúsið á Patreksfirði, sem virðist enn þá vera við vöxt, óþarflega stórt fyrir það hérað, og sjúkrahúsið, sem St. Jósepssystur hafa byggt í Stykkishólmi og ekki kemur neitt heilbrigðisstjórninni við að því er fjárútlát eða rekstur snertir. Ég held, að þá hafi einnig verið sett ákveðin lög um, hverra kjara skuli njóta, þ. e., hvaða styrks úr ríkissjóði og undir hvaða rekstur fellur sjúkrahús, sem væntanlega verður byggt á Suðurlandsundirlendinu, og mun því mega líta svo á, að ákvörðun hafi verið tekin um byggingu sjúkrahúss þar. Á þessu get ég ekki látið mér detta í hug að verði gerðar neinar breytingar. Sumpart er búið að reisa þessar byggingar, sumpart er hafinn undirbúningur og sumpart eru þær í smíðum, eins og t. d. á Blönduósi. Ég veit það vel, að ýmsir mæla, að sjúkrahúsið á Blönduósi muni vera byggt óþarflega stórt fyrir það hérað. Um það skal ég ekki fullyrða, en ég vil bara benda á, að þar eins og reyndar víðar þar, sem nýju sjúkrahúsin eru á leiðinni, er gert ráð fyrir því, að sérstök deild sé fyrir lasburða gamalmenni, sem þurfa sérstakrar umönnunar og hjúkrunar við, þó að ekki þurfi beinar læknisaðgerðir, og það er margt, að minni hyggju, sem mælir með því að sameina þetta hjá einni og sömu stofnun með spítalarekstri. Ég hygg, þó að ég hafi ekki hér við höndina umsögn landlæknis, sem í þessu tilfelli mun hafa verið Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir, sem jafnframt er heilbrigðiseftirlitsstjóri tryggingganna, að umsögn hans hafi hnigið að því, að ekki væri sérstök þörf nefndarskipunar í þessu efni, og ég er honum alveg sammála um það. Ég hygg líka, að hann hafi bent á, að í almannatryggingalögunum eru ýmis ákvæði um heilsuvernd, sem að vísu vegna frestunar á framkvæmd þess kafla laganna eru ekki enn komin í framkvæmd, en að minni hyggju eru fullkomlega réttmæt og engin minnsta ástæða er til þess að breyta. Nú liggur fyrir á þessu ári endurskoðun tryggingalaganna, m. a. með það fyrir augum að taka ákvörðun um, hvort heilsugæzlukaflinn skuli ekki koma til framkvæmdar. Í þessum kafla er gert ráð fyrir því, að heilsuverndarstöðvar komist upp í öllum kaupstöðum landsins. Heilsuverndarstöðin hér í Reykjavík er nú að verða fullbúin, og hún á að verða eins og aðrar heilsuverndarstöðvar miðstöð almennra heilsuverndarráðstafana í bæjarfélaginu og jafnframt miðstöð til fræðslu fyrir almenning um þau efni, sem varða heilbrigðissmál almennt. Og hið sama verkefni er öðrum heilsuverndarstöðvum úti um landið ætlað. Þá er gert ráð fyrir því í þessum kafla tryggingalaganna, að heilsuverndin sé úti um land, þar sem ekki eru heilsuverndarstöðvar, hjá héraðslæknunum, að svo miklu leyti sem þau einstöku læknishéruð geta ekki notað heilsuverndarstöðvar bæjanna, og að læknishéruðum, sem liggja fjarri slíkum stöðvum, sé veitt aðstoð í þessu starfi með því, að lærðar hjúkrunarkonur séu tengdar við héraðið. Ég hygg, að þetta sé langlíklegasta leiðin til þess að fá heilsuverndarstarfsemina í lag

einnig úti um byggðir landsins. Komið hefur til athugunar í því sambandi, hvort ekki muni unnt að sameina það starf að einhverju leyti við störf ljósmóður, ekki sízt með tilliti til þess, að alltaf fjölgar þeim meira og meira, sem leita til sjúkrahúsa eða fæðingarstofnana í kaupstöðum til að ala þar börn sín og að starf ljósmæðranna yrði þá í mörgum tilfellum að fylgjast með heilsufari þungaðra kvenna og annað slíkt, auk þess sem þær að sjálfsögðu þyrftu að taka á móti börnum öðru hverju.

Ég held, að þær meginreglur, sem lagðar eru í kaflanum um heilsuvernd í tryggingalögunum, séu þær, sem líklegastar séu til að bera árangur í því efni að koma fram og fræða almenning um ráðstafanir til þess að efla almenna heilbrigði og heilsuvernd í landinu, en ekki sé ástæða til þess, sízt samtímis því sem endurskoðun tryggingalaganna fer fram, að setja sérstaka n. til þess að fjalla um þessi málefni.

Ég játa það fullkomlega með hv. flm., að það er mikilsvert og þýðingarmikið, að þessi mál séu bæði í sem beztu lagi á hverjum tíma hjá okkur og að almenningur sé gerður meðstarfandi, ef svo mætti segja, í þeim ráðstöfunum, sem lúta að almennri heilsuvernd og heilbrigðisstarfsemi í landinu.

Niðurstaða mín af þessum hugleiðingum er nánast sú, að eðlilegasta afgreiðsla þessa máls væri sú að vísa till. til afgreiðslu hjá hæstv. ríkisstj.

*Hermann Jónasson:* Herra forseti. Ég sé nú satt að segja enga ástæðu til þess að svara skætingi út af flutningi þessarar till., eins og hún væri eitthvert undravert plagg, svo sem hv. 5. þm. Reykv. hefur haldið fram, og því er jafnframt af honum lýst yfir, að það hljóti að búa eitthvað undir þessu, einhver voðalega annarleg sjónarmið, m. a. bent á það, að þetta sé vantraust á fyrrv. heilbrmrh., sem hafi tilheyrt Framsfl., og með því valdi, sem hann hafði í höndum, hefði verið hægt að gera þetta á undanförnum árum.

Það ætti nú a. m. k. að vera fyrir hv. 5. þm. Reykv. trygging fyrir því, að ég er ekki með þessari till. að beina skeytum að neinum flokki eða neinum manni, að hann telur sig einmitt geta haldið því fram, að ef skeytinu væri beint gegn einhverjum, þá væri það, að ég væri að beina því gegn sjálfum mér. Tilgangur till. er sá, hvað sem allri fortíð í þessum málum líður, að athuga, hvort ekki sé ýmislegt í þessum málum, sem þarf að taka til endurbóta og leiðréttinga.

Ég skal játa það, að mín þekking á þessum málum er ákaflega lítil, og það kemur sjálfsagt fram í þessum umr. eða því, sem ég segi hér, en ég get satt að segja ekki séð, að við þurfum í þessu máli að vera sérstaklega hræddir við það hér á Alþ. að skipa nefnd í mál, sem nú er talið — einmitt seinustu árin — eitt allra stærsta mál meðal allra þjóða. Við erum alltaf að skipa nefndir, en þó hálfhræddir við að skipa nefndir. En er það nú til of mikils mælzt, þegar það kemur nú fram, eins og ég mun benda á í þessum umræðum, að það sé búið að gera mistök, það sé búið að ákveða ýmsa hluti, sem kannske hefði ekki átt að ákveða, þó að við stöldrum við núna frá vordögunum til 1. okt., eins og hæstv. heilbrmrh. hefur gert brtt. um, að skipuð verði n. þriggja manna og að hún starfi í sumar til 1. okt., — er það nú til of mikils mælzt, að þingið vilji tilnefna þrjá menn til þess að láta gefa sér skýrslu 1. okt. um það, hvernig þessi mál standi á Íslandi? Og ég spyr hv. alþm., með allri virðingu fyrir sérfræðingum, sem ég hef áreiðanlega engu minni en nokkur af þeim, sem hér eru í þessum sal, hvort það komi oft fyrir, að sérfræðingarnir, í þessu tilfelli læknar, haldi því fram, að rannsaka þurfi ástandið í þeirra eigin sérgrein. Ég hygg, að það séu fá dæmi til þess, að sérfræðingar hafi svarað þannig. En ég hygg, að hitt sé jafnvíst, og það er mjög útbreidd skoðun meðal stjórnenda í fjöldamörgum löndum veraldar, að með sérfræðingum þurfi menn, sem ekki eru sérfræðingar, til þess að líta yfir málin. Sú skoðun er að verða það útbreidd, að hún er að verða næsta almenn. Ég sé, að doktorinn þarna úti í horninu brosir að því, — því er ekki sveigt að læknum sérstaklega, það er talað til allra sérfræðinga.

Það var í þessu sambandi minnzt á það, að ég hafi slegið fram staðhæfingum um það, að hér hafi verið byggt með öðrum hætti heldur en vera ætti, og um það hafi ég látið falla stór orð í grg. Orðin eru nú ekki stór, en þau eru sönn, og ég hygg, að við þurfum nú ekki að fara lengra heldur en að líta á staðreyndir, hverjum sem það er að kenna, þar eiga allir líkt eða óskipt mál. Ef við tökum t. d. húsmæðraskólana, þarf ekki að orðlengja um þá; við vitum allir, í hvaða vandræði þar er komið. Það má líka nefna héraðsskólana. Það eru byggðir héraðsskólar, en síðan eru stofnaðir smáskólar víðs vegar um landið í minnstu þorpum, t. d. hér uppi á Álafossi með 6 nemendum í öðrum bekknum og 5 í hinum, og annað svipað því, og skipulagsleysið er komið út í það, að nemendurnir eru komnir úr héraðsskólunum í þessa smáskóla, og héraðsskólarnir standa sumir algerlega eða næstum algerlega tómir. Þannig eru gerðar ráðstafanir með fræðslulöggjöfinni, sem koma þvert ofan í það, sem búið er að gera áður. Það eru engir smápeningar, sem eru komnir í þetta tvennt, og ég hygg, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um það til þess, að því sé fundinn staður, sem sagt er í grg., þó að ekki sé nefnt fleira.

Það, sem ég álít að í fyrsta lagi þurfi að athuga, er það, hvort við eigum að halda áfram að byggja upp sjúkrahús aðallega í samræmi við það, hvort einhvers staðar kemur upp á landinu duglegur skurðlæknir nú eða þá. Það er vitað mál t. d., að sjúkrahúsið á Ísafirði stóð með geysilega miklum blóma í sambandi við ágætan skurðlækni, núverandi landlækni. Það er jafnvitað mál, að núna eru a. m. k. — svo að ekki sé meira sagt — fullkomin vandræði og fullkomlega ósýnt, hvort Ísfirðingar fái mann að sjúkrahúsinu, sem þeir geta fellt sig við. Að minnsta kosti hef ég það eftir einum þekkt-

asta lækni hér í bænum, að bæjarstjórinn hefur verið að leita á náðir læknastéttarinnar hér til þess að reyna að leita að manni til þess að taka sjúkrahúsið, en ekki fengið enn. Það getur vel verið — ég ætla ekkert að fullyrða um það — að sjúkrahúsið á Blönduósi sé sett niður á réttum stað; það er órannsakað mál. En reynslan er þessi annars staðar, og það er að sækja í sama horfið hér, að „centrum" eða kjarni hvers sjúkrahúss er að verða svo margbrotinn, með svo margháttuðum tækjum, með svo margháttuðum sérfræðingum, að hann er aðalkostnaðurinn í sjúkrahúsinu; hitt eru almennar byggingar. Og reynslan er að verða sú, eins og kemur núna fram á Ísafirði, að þeir læknar, sem eru búnir að fá fullkomna menntun, fást ekki í þessi sjúkrahús. Þeir segja: Við verðum aftur úr, ef við förum í þessi sjúkrahús. — Og ég hef það jafnframt eftir læknum, að það sé furða, hvað sé hægt að gera á þessum sjúkrahúsum og hvað er gert þar. Ég er ekki að fullyrða það, að samfærsla sé leiðin, því að ég er langt frá því að vera hæfur til þess að slá fram slíkum fullyrðingum og því síður að rökstyðja það. En að það þurfi a. m. k. athugun, það þori ég að fullyrða. Hvort á að leggja meiri áherzlu á það að fá t. d. tvo fullkomna kjarna, betri samgöngur og auðveldar samgöngur milli þeirra og minni sjúkrahúsanna, sem annast minni aðgerðir, eða á að velja þá leið, sem núna virðist vera valin, að reyna að byggja upp stór sjúkrahús víða, og svo stöndum við frammi fyrir þeim vandræðum, að ekkert af þessum sjúkrahúsum sé það fullkomið sem það þarf að vera til þess að geta fullnægt kröfum nútímans? Því er að vísu haldið fram, að þetta sé þegar ákveðið. Það sé búið að ákveða, hvernig sjúkrahúsunum eigi að vera fyrir komið, en jafnframt viðurkennt, enda vita það allir, að margt sé enn í þessum greinum heilbrigðismálanna ógert, sem ætti þá að mega athuga.

Það er dálítið einkennilegt, að menn láta í ljós undrun sína yfir flutningi tillögunnar. Því svara ég ekki. Ég ætla ekki að fara út í neinn skæting út af þessari till., hún er ekki flutt til þess að standa í neinum skætingi hér á Alþ. Hún er flutt í þeim tilgangi að reyna að fá endurbót á máli, sem ég álít að þurfi að endurbæta, athugun á því máli, sem ég álít að þurfi að athuga. Hún er ekki flutt í öðrum tilgangi, og ég veit, að hv. þm. vita, að svo er. En það er dálítið einkennilegt, þegar það kemur fram hér á Alþ., að það sé búið að gera yfirsjónir í þessum málum. Það má ómögulega rannsaka ástandið, hvað við eigum að gera fyrir framtíðina, og það er vegna þess, að það sé búið að gera hitt og það sé búið að staðsetja þetta, en jafnframt eru yfirsjónirnar viðurkenndar. Ég er þessu algerlega ósammála. Ýmislegt, meira að segja margt, er ógert viðkomandi staðsetningu og fyrirkomulagi sjúkrahúsa. Þetta þarf að athuga. En það er og ýmislegt, sem við þurfum að læra og höfum gott af að læra í þessu landi viðkomandi almennri heilbrigði. Það er t. d. ákaflega leitt, að við skyldum þurfa erlendan her inn í landið til þess að læra að búa okkur til skjólfötin, sem við höfum alltaf getað búið okkur í, a. m. k. seinustu ár. Og ég er alls ekki viss um það, hvort það verður nokkurn tíma reiknað í fjármunum, hvað það þýðir, að við höfum lært að klæða okkur við það að sjá erlendan her á Íslandi, sem kunni að búa sig. Þetta er staðreynd.

Stefnan, sem kemur fram í bréfi heilbrigðisstjórnarinnar, er þessi, með leyfi forseta:

„Mikillar varúðar verður ætíð að gæta um alþýðleg skrif og ræðuhöld fyrir almenning um heilbrigðismál." Og svo er sagt: „Fjölgun lækna þeirra og hjúkrunarkvenna, er að virkri heilsuvernd vinna í landinu, mun bezt gagna til þess að breiða út meðal almennings þá þekkingu um heilbrigðismál, sem honum er notadrýgst."

Hér er ég algerlega þverófugrar skoðunar. Ég held, að þessi skoðun á heilbrigðismálum sé alls ekki ríkjandi í nálægum löndum. Það er alls ekki skoðun í nálægum löndum, að það sé varasamt að tala um það við almenning, hvernig hann eigi að lifa og hvers hann eigi að neyta o. s. frv. Það er alls ekki skoðun meðal nálægra þjóða, heldur alveg þvert á móti. Og það er alls ekki skoðun hjá þjóðum, sem lengst eru komnar í þessum málum, að þessi fræðsla komi fyrst og fremst gegnum hjúkrunarkonur, að það séu hjúkrunarkonur, sem breiða út þekkingu á þessum málum, og fjölgun lækna. Niðurstaðan annars staðar er sú, eftir því sem ég bezt veit, að það séu ekki sízt húsmæðurnar í hverju landi, sem eigi að sjá fyrir þessari þekkingu. Það er vitað mál, að það starfa núna á Norðurlöndum slíkar fræðslustofnanir, og í sambandi við þær er haldið uppi slíkri fræðslu í sambandi við húsmæðrafræðsluna.

Við höfum núna hér á landi sýnishorn af því, hvernig þetta er, þar sem læknarnir vilja ekki taka afstöðu um almenna fræðslu. Ef þið gangið hérna upp á Óðinstorgið, þá getið þið séð nokkuð oft biðraðir, sem enn þá eru til í Reykjavík, og þessar biðraðir eru utan um búð, sem selur vörur fyrir Náttúrulækningafélagið á Íslandi. Nú hef ég enga þekkingu til þess, að ég hér reyni að halda því fram, að þær kenningar, sem Náttúrulækningafélagið og þess forsvarsmenn halda að þjóðinni, séu ekki réttar. En hér eru þetta þær einu kenningar um mataræði, sem fólkið heyrir — eða svo til. Annars staðar er starfað þannig, að það er reynt að kenna fólkinu, hverjar eru þær staðreyndir, sem læknavísindin hafa komizt að viðvíkjandi lifnaðarháttum, fæðu og öðru þess háttar.

Ég skal nefna dæmi í þessu sambandi. Mér er sagt, að hér sé nú gefið út að vísu tímarit af einum lækni, tímarit, sem ég hef því miður ekki séð, en er sjálfsagt gott á sínu sviði, en sá læknir, sem mestan áhuga hafði fyrir þessum málum, sá læknir, sem hafði þá skoðun, sem er útbreidd hér í nálægum löndum um vinnubrögðin á þessu sviði, sá læknir, sem sýndi það í verki, að hann vildi vinna fyrir þetta mál, sá læknir, sem skrifaði í þá átt, sem ég er að tala um hér að eigi að vinna, var dr. Gunnlaugur Claessen. Hann skar sig úr læknastétt, og hann var á móti skoðunum læknastétt-

arinnar almennt í þessum málum. Hann gaf hér út tímaritið „Heilbrigt líf", og það er vitað mál, að það skar upp úr um margt og gaf merkilega fræðslu um margt. Það er jafnvitað mál, að það er skoðun a. m. k. kannske þeirra æðstu manna í læknastétt, sem eru í heilbrigðisstjórninni, að þessi leið sé algerlega röng, það eigi yfirleitt ekkert að prédika fyrir almenningi, það eigi ekkert að segja honum um þetta mál, þetta komi af sjálfu sér. Og það er það einkennilega við það, að það er talið, að í læknastétt skeri það sig nokkuð úr, að þeir, sem hafa verið miklir skurðlæknar, hafa yfirleitt ekki mikla trú á þessari stefnu í læknamálum, sem dr. Gunnlaugur heitinn Claessen var einn af fyrstu brautryðjendum fyrir hér á landi. Þetta tímarit hans var smátt og smátt að sálgast og hefur ekki komið út núna í heilt ár, tímaritið Heilbrigt líf. Þannig er þessu háttað. Þessi tilraun, sem hefur verið gerð, er að deyja út. Þó að annar læknir hafi að einhverju leyti tekið upp merkið, þá er hann samt sem áður ekki manneldisfræðingur.

Það er t. d. eitt út af fyrir sig, þó að þetta sé kannske smátt og lítið dæmi, en menn hafa gott af að heyra, að Gunnlaugur Claessen beitti sér fyrir því, sagði okkur, að við hefðum ávexti í þessu landi, sem væru eins góðir og þeir ávextir, sem við flytjum inn, og líklega betri. Fyrir hans tilverknað og fyrir hans skrif fer nú fjöldi bifreiða með fjölda fólks hér upp um hálendið til þess að tína ber á hverju einasta ári, og þeim er safnað í þúsund tonna tali. Fyrir hans tilstilli var þetta mál rannsakað, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að í berjunum væri gnægð c-vítamína. Þetta þykir kannske ekki stórt, en það hefði einhvern tíma þótt stórt, þegar var verið að tala um það opinberlega, að við værum svo soltnir af c-vítamínefnum, Íslendingar, að það væru líkur til þess, að helmingurinn af Íslendingum fengi skyrbjúg.

Það þykir kannske ekki stórt atriði að rannsaka það, eins og Norðmenn og Danir sérstaklega gera, hvort það eigi að leyfa að flytja inn kornmat, mjöl, sem er malað fyrir löngu og búið að tapa miklu af sumum beztu efnum.

Það er áreiðanlega fjöldamargt, sem við þurfum að athuga í þessum efnum, og vegna þess, að ég hef nú talað alllangt mál um þessi efni, þá vil ég nú ekki þreyta hv. Alþ. með lengra máli, en það er a. m. k. brennandi sannfæring mín, sem að vísu byggist ekki á mikilli þekkingu, að það sé full ástæða fyrir okkur að athuga þessi mál, athuga þetta, hvort tveggja, sem ég hef hér minnzt á, og það er engu minni ástæða til þess að rannsaka síðara atriðið heldur en hið fyrra, vegna þess að það er staðreynd, að í þessari grein heilbrigðismálanna er stefna okkar önnur en hún er meðal nálægra þjóða, sem eru komnar lengst í manneldismálum. Og það er staðreynd, að heilbrigðisstjórnin hér er mótfallin þessari fræðslu, sem haldið er uppi víða meðal nálægra þjóða, eins og kemur beinlínis fram hér í þessu bréfi. Sjálfsagt ber að gæta varúðar, en athugið, að af opinberri hálfu er enn þá ekkert gert til þess að halda uppi þessari fræðslu.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri. En ég ætla að staðhæfa það, að það hafa oft hér á Alþ. verið fluttar till., sem hefur verið ástæðuminna að flytja en þessa till. Og hvort sem hún verður felld eða samþ., þá er ég alveg sannfærður um það, að hér er þó bent á rannsókn á þeim leiðum, sem við þurfum að rannsaka, því að í þessum málum er mörgu ábótavant, sem þarf að leiðrétta, og það mun seinni tíminn leiða í ljós, hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 722) leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

*Forseti (JörB):* Það var að því vikið í ræðu hér áðan, hvort ekki mundi vera ástæða til að fresta umr. Nú hefur það komið fram, að álit heilbrigðisstjórnarinnar liggur hér fyrir og n. mun hafa haft það með höndum. Þar að auki sé ég, að hv. fjvn. mælir með samþykkt till. Ég hef áður tekið málið út af dagskrá og frestað umr., svo ég sé ekki ástæðu til þess að gera það að þessu sinni.

*Frsm. (Halldór Ásgrímsson):* Herra forseti. Mér virðist það ætli að verða nokkur goluþytur í hv. Alþ. út af þessari meinlausu till., ef dæma má eftir ræðu hv. 5. þm. Reykv. (JóhH). Hann undraðist, að fjvn. skyldi leggja til, að tillagan yrði samþykkt, og enn fremur, að nefndin skyldi ekki hafa birt umsögn landlæknis. Til þess bar vitanlega enga nauðsyn, og ég held, að mér sé óhætt að segja það fyrir hönd n., að hún hafi litið svo á, að hin langa álitsgerð landlæknis hafi verið þess eðlis, að ekki hafi verið ástæða til að birta hana. Hún var mest sögulegt yfirlit yfir þróun heilbrigðismálanna og niðurstaðan sú, sem hv. flm. gat um, að nokkur vafi væri á því, að mþn. í þessu máli væri nauðsynleg. Ef svo hefði verið sem hv. 5. þm. Reykv. virtist ætlast til, að hv. Alþ. færi í þessu efni algerlega eftir því áliti, sem kynni að koma frá landlækni, þá hefði það auðvitað skipt máli að birta álit hans. En ég ætla, að flestum hv. alþm. sé ljóst, eins og ég sagði áðan í mínum fáu framsöguorðum, að heilbrigðismálin eru það mikilvæg og kosta þjóðina árlega svo mikið fé, að full ástæða er til að skipa n. til að íhuga, hvort ekki mætti eitthvað betur fara í þeim málum og hvort við getum ekki eitthvað lært af þeim mistökum, sem þar hafa þegar átt sér stað, o. s. frv.

Hæstv. viðskmrh. vék að því, að því er mér skildist, að honum væri ekki svo mjög ljós nauðsyn á þessari nefndarskipun, en kom þó með brtt. við hana, þ. e., að nm. skuli vera þrír og n. hafi lokið störfum fyrir 1. okt. n. k. Mér finnst þessi till. frambærileg, enda færði hæstv. ráðh. rök fyrir því, að n. hefði lokið a. m. k. einhverjum störfum í haust. Ég hef haft tækifæri til að bera brtt. undir nokkra meðnm. mína, og eru þeir mér sammála um að mæla með henni. En með ræðu sinni færði hæstv. ráðh. fram nýjar ástæður og meðmæli með því, að mþn. verði skipuð í þessum málum, því að

hann gat þess, að fyrir Alþ. liggur nú frv. til laga um nýja læknaskipun, og taldi ástæðu til þess og vinning, að þessi fyrirhugaða n. fjallaði þar um til haustsins. Ég vil því álíta, að hv. 5. þm. Reykv. telji málið ekki eins alvarlegt, eftir að hann hefur heyrt skoðun hæstv. ráðh., auk þess sem hann ætti ekki að telja málið svo hættulegt, þar sem hlutaðeigandi ráðh. er flokksbróðir hans og mun enn fremur einhverju ráða um nefndarskipunina.

Hv. 4. þm. Reykv. (HG) taldi, að í heilbrigðismálunum yrði ekki miklu um þokað frá því, sem þau eru nú, og að flest sjúkrahús, sem byggja ætti, væru þegar byggð, og það sama sagði hæstv. ráðh., nema hann talaði um óbyggt sjúkrahús á Suðurlandsundirlendi. Yfirleitt var tónninn í ræðu hv. 4. þm. Reykv. sá, að í heilbrigðismálunum væri allt í föstum skorðum og harla góðum og að nefnd mundi ekki hafa mikið til málanna að leggja, sem vinningur væri að. Þetta er auðvitað fullmikil bjartsýni á ástandinu eins og það er.

Hæstv. ráðh. minntist á, að aðeins væri ein sjúkrahúsbygging eftir, þ. e. fyrir Suðurland, og tel ég, að mþn. mætti gjarnan athuga það mál. En ég vil leyfa mér að minna hæstv. ráðh. á, að það hefur líka verið ráðgert fjórðungssjúkrahús fyrir Austurland. Þar eru nú þegar tvö sjúkrahús, þótt ekki sé nema annað starfandi sem stendur, þ. e. sjúkrahúsið á Seyðisfirði, en hitt, vænt sjúkrahús, er í smíðum á Norðfirði. Spurningin þar er þá sú, sem þessi mþn. mætti gjarnan íhuga: Á að byggja þriðja sjúkrahúsið eystra, t. d. að Egilsstöðum, eða eiga tvö að nægja? Sýnist þar vera nokkurt verkefni fyrir n. til að athuga og það ekki ómerkilegt. Eru svo ekki raddir uppi nyrðra um, að þar þurfi enn að bæta við sjúkrahúsin? Hið mikla og glæsilega sjúkrahús á Akureyri er nú að taka til starfa. Samt þótti nauðsynlegt að byggja stórt sjúkrahús á Blönduósi, sem ýmsir efast um að sé við hæfi, og í þriðja lagi hefur heyrzt, að uppi væru raddir um að byggja sjúkrahús á Sauðárkróki. Er ekki nokkurt verkefni fyrir væntanlega nefnd að meta þessa nauðsyn og íhuga, hvort hér sem kannske víðar sé ekki stefnt út í byggingu og rekstur sjúkrahúsa, sem reynist ofviða? Svona má halda áfram að spyrja og telja upp atriði, sem verða ekki gefin svör við nema eftir ýtarlega athugun. Og ég fullyrði, að þær ræður, sem hér hafa verið fluttar gegn nefndarskipun, hafi ekki innihaldið nein frambærileg rök gegn þessu máli.

Það er ekki nægilegt að byggja mikil og góð sjúkrahús. Eins og hv. flm. þessarar till. vék að, þarf líka að hugsa fyrir rekstri þeirra, og ekki eingöngu það, heldur líka, að til þeirra fáist læknar við hæfi, þ. e. læknar, sem færir eru um að vinna öll þau störf, sem ætlazt er til að unnin séu í nútíma sjúkrahúsum með fullkomnum tækjum. Þetta þarf m. a. að hafa í huga, og því tel ég nokkurn vafa leika á, hvort að hóflegu marki sé stefnt nyrðra í þessum málum. Eins þarf á sama hátt að meta, hvað er við hæfi okkar Austfirðinga í þessum efnum sem og Sunnlendinga.

Ég hef ekki fleira að segja um málið að svo komnu, en vil að lokum endurtaka það, að n. mælir með brtt. hæstv. viðskmrh.

*Páll Zóphóníasson:* Herra forseti. Mér þykir á skorta þessa tillögu, að sú nefnd, sem skipuð verður eftir henni, eigi líka að athuga læknaskipunina. Hæstv. ráðh. tók fram, að hann hygðist láta landlækni og einhvern annan mann athuga það frv., sem nú liggur fyrir Alþ., og ég vildi mega treysta því, að milli þeirra manna og þessarar nefndar megi verða samvinna um endurskoðun læknaskipunar í heild, og verði það, get ég fyrir mitt leyti fellt mig við það, en að öðrum kosti hefði ég óskað, að það kæmi beint fram í sjálfri till. Það er nú svo, að það var skipuð hér nefnd, mþn. í læknamálum, fyrir löngu síðan, það eru bráðum 10 ár síðan, og hún hefur aldrei skilað áliti. Það hefur verið gengið eftir því mörgum sinnum, það hefur aldrei fengizt. En síðan sú nefnd var skipuð, hefur verið sitt á hvað unnið á þeim grundvelli, sem nokkur hluti þm. þá vildi vera láta, að fjölga læknishéruðum og hafa þau lítil og ekki spítala við þau, en líka unnið jöfnum höndum og stundum í sömu kjördæmunum að því að stækka læknisumdæmin og hafa spítala í þeim og hafa tvo lækna í hverju umdæmi. Hefur ekki fengizt enn úr skorið, hvort heppilegra væri, og þetta hefur leitt til þess, að í læknaskipuninni hefur verið glundroði nú síðustu árin og Alþ. hoppað sitt á hvað inn á þessar tvær ólíku stefnur. Þess vegna vildi ég mjög ákveðið óska eftir því, að ráðh. sæi um það, að sú nefnd, sem hér verður skipuð eftir þessari till. væntanlega, vinni að þessu með þeim mönnum, sem hann kann að láta vinna að því að ganga endanlega frá þessu frv., sem liggur fyrir þessu þingi um læknaskipun landsins.

*Kjartan J. Jóhannsson:* Herra forseti. Ég stend hér ekki upp til þess að tala mikið um þessa nefndarskipun, heldur aðallega til þess að leiðrétta nokkurn misskilning, sem mér fannst gæta í ræðu þeirri, sem hv. flm., þm. Str. (HermJ), flutti hér áðan.

Það hefur verið móðins nú undanfarin ár að tala mikið um heilsuvernd. Kemur þar í ljós, að menn virðast halda, að þetta sé einhver ný bóla, jafnvel að heilsuvernd sé alveg nýuppfundin. Hv. flm. sagði t. d. í þessu sambandi, að nú á seinustu árum væri mikið um þetta rætt meðal allra þjóða. En það er miklu lengur búið að ræða um heilsuvernd en nú allra síðustu ár, og jafnvel hér hjá oss í fásinninu á Íslandi er þetta engin ný bóla. Þetta er miklu eldra. Það er þegar um aldamótin — og þó raunar miklu fyrr, ef aftur í aldir er farið — sem hér er hafin mjög merkileg barátta einmitt í heilsuvernd. Á ég þar við baráttuna við holdsveikina. Það var ákaflega merkilegt mál.

Það var hér mikið um holdsveiki og líðan og öll aðbúð þessara sjúklinga var ákaflega slæm. Það var fyrir forgöngu lækna, bæði íslenzkra og danskra, sem hafizt var handa um útrýmingu holdsveikinnar. Og það var danskur læknir, dr.

Petrus Beyer, sem átti sinn mikla þátt í því og hófst handa um fjársöfnun til stofnunar holdsveikisspítalans í Laugarnesi, sem gefinn var Íslendingum af dönskum Oddfellowum, að ég hygg. Við vorum svo heppnir, að til starfa við þennan spítala sem fyrsti læknir hans og raunar yfirlæknir hans lengstan tímann, sem hann starfaði, valdist ágætur íslenzkur læknir, sem flestum framar ber að þakka það, hve við erum langt komnir með að útrýma holdsveikinni algerlega af Íslandi. Það er ekki, að því er fróðir menn telja, nema tímaspursmál, þangað til við erum algerlega búnir að útrýma holdsveikinni hér á landi. Og á því sviði stöndum við framarlega, Íslendingar, því að það er allt annað en það sé verið að útrýma holdsveikinni yfirleitt í heiminum.

Alveg sama má segja um sullaveikina. Þar voru íslenzkir læknar líka vakandi og þar hefur áunnizt geysilega mikið verk, eins og kom fram núna nýlega í skýrslu, sem prófessorinn í meinafræði hér við háskólann flutti um þetta mál. Ég man nú ekki nákvæmlega, hvað langt er síðan hann byrjaði á rannsóknum dauðameina hér á landi, en það er alllangt síðan, og í stuttu máli, þá held ég hann hafi skýrt frá því í þessari skýrslu sinni, að það mætti heita, að meginþorri þeirra líka, sem hann rannsakaði fyrstu ár sín hér, hefði tekið í sig sullaveiki einhvern tíma á ævinni. Og fyrir svona 30 árum líklega, það er ekki lengra síðan, var skurðaðgerð við sullaveiki einhver algengasta skurðaðgerð, sem hér á landi var framkvæmd þá. En nú er það svo, að jafnvel í allra stærstu sjúkrahúsunum hér á landi þykir það hreinn viðburður, ef sullur finnst í sjúklingi. Og skurðaðgerðir við sullaveiki eru mjög fátíðar orðnar. En annars var það svo fyrir ekki allmörgum árum, að þá var það fyrsta, sem maður var spurður að erlendis, um sullaveikina á Íslandi og aðgerðir við henni, þegar maður kom á sjúkrahús erlendis. Þá var þetta hér á Norðurlöndunum a. m. k. orðið fátítt, enda þau lönd, eða a. m. k. Danmörk, ekki sauðfjárræktarlönd, og sullaveikin er, eins og við vitum, aðallega algeng í sauðfjárræktarlöndunum. En bæði í Bretlandi og í Danmörku var eitt af því fyrsta, sem um var spurt, hvernig gengi með sullaveikina á Íslandi. En fyrir baráttu íslenzkra lækna hefur svona vel orðið ágengt í því efni.

Á líkan hátt er þessu farið með berklaveikina, og það er ekki alveg nýtilkomið. Þó að það sé ekki mjög langt síðan embætti berklayfirlæknis var stofnað, þá er það, að ég hygg, skömmu eftir aldamótin, sem heilsuhælisfélagið var stofnað fyrir forgöngu Sigurðar Magnússonar og Guðmundar Björnsonar landlæknis, að ég hygg. A. m. k. komu þeir mjög við sögu þessa félags og stofnun fyrsta heilsuhælisins hér á landi, Vífilsstaðahælisins, sem var fyrsta skrefið. Það var það, sem mest kallaði að á þeim tíma, að sjá sjúklingunum, sem þá voru mjög margir, fyrir hælisvist til að auka batahorfur þeirra, og um leið var í því nokkur heilsuvernd, að þeim var bjargað frá heimilum sínum, þar sem af þeim stafaði smithætta. Síðan hefur þessu starfi verið haldið áfram, teknar upp hér berklavarnir, sem standast samanburð við það bezta, sem þekkist nú á tímum í heiminum á því sviði. Það bendir a. m. k. til þess, að svo sé, að núverandi yfirmaður berklavarnanna hér hjá okkur, dr. Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir, fékk einmitt á sínum tíma nú fyrir allskömmu tilmæli frá Sameinuðu þjóðunum um að starfa á þeirra vegum að berklavörnum. Það er ábyggilega vegna þess, að þetta starf í berklavörnunum hér á landi hefur vakið athygli langt út fyrir landssteinana, enda er það svo, að á sumum sjúkrahúsum, þar sem ég þekki til, þá stafaði um helmingur legudaganna frá berklasjúklingum, sem þar dvöldust. Og það voru sjúkrahús, sem voru ekki í rauninni berklahæli. En nú má heita, að berklasjúklingarnir séu alveg horfnir af þessum sjúkrahúsum öllum nema beklahælunum, nema rétt í svip, ef þessir sjúklingar þurfa einhverra aðgerða við eða því um líks, sem ekki er hægt að framkvæma á hælunum sjálfum.

Þá minntist hv. flm. nokkuð á eitt sérstakt sjúkrahús, sjúkrahús Ísafjarðar, sem hefði staðið með miklum blóma, skömmu eftir að það var reist, vegna þess að þá hefði starfað þar ágætur skurðlæknir. Ég ætla nú ekkert að draga úr því með þennan ágæta skurðlækni, það hafa fleiri ágætir læknar starfað við það sjúkrahús. En það, sem hann drap á í sambandi við það sjúkrahús, er á nokkrum misskilningi byggt. Aðsókn að þessu sjúkrahúsi hefur minnkað allverulega frá því sem hún var mest, en það var nú ekki þegar þessi ágæti skurðlæknir, sem flm. nefndi, veitti því forstöðu, heldur nokkru síðar. En það er nú samt ekki í sambandi við það og kastar engri rýrð á þann lækni, heldur var það og er með þetta sjúkrahús eins og mörg önnur, að aðsóknin er komin undir fjölda þeirra manna, sem þangað eiga sókn, hvað þeir eru margir, og einnig samgöngumálum og samgönguháttum. Það er alkunna, að á starfssviði þessa sjúkrahúss hafa lagzt niður heilir hreppar. Og að öðru leyti hafa samgöngurnar breytzt þannig, að aðrir heilir hreppar, sem að vísu eru ekki alveg komnir í eyði enn þá að minnsta kosti, eiga nú betri sókn á annan veg. Á ég þar einmitt við hreppa, sem hv. flm. eru vel kunnir, norður á Ströndum. Strandamenn sóttu yfirleitt mjög mikið á sjúkrahús Ísafjarðar, en nú er það a. m. k. að sumarlagi orðið miklu hægara fyrir þá að sækja suður á bóginn eða til sjúkrahúsa á Norðurlandi. Þar að auki orsakast fækkun sjúklinga á þessu sjúkrahúsi af þessu, sem ég drap á áðan, að berklasjúklingarnir eru algerlega horfnir, en þeir lögðu til helminginn af legudagafjöldanum og tóku upp hálft sjúkrahúsið lengst af.

Þá virtist mér einnig gæta nokkurs misskilnings í ræðu hv. flm., þegar hann talaði um fræðslu um heilbrigðismál. Það er náttúrlega miklu víðtækara fræðsla um heilbrigðismál heldur en bara um manneldi, sem hann virtist eiginlega telja að væri það sama. Hann tók það upp með sérstakri vanþóknun, að landlæknir hefði getið um í sínu bréfi, að það væri varúð-

ar að gæta í fræðslu um heilbrigðismál. Og flm. virtist halda fram, að læknarnir teldu, að það ætti að varast að fræða almenning um hollustuhætti. Það er hin mesta firra. En hitt er rétt, að það ber að gæta varúðar, og á ég þá sérstaklega við það, að nauðsynlegt er, þegar erindi eru flutt um heilbrigðismál, t. d. í útvarpið, að þau séu svo góð, þau séu svo skýr og greinileg, að ekki sé hætta á misskilningi, og alveg sérstaklega, að ekki sé hætta á, að af þeim leiði óþarfa sjúkdómahræðslu. Þetta er atriði, sem við læknar a. m. k. verðum iðulega varir við, þegar erindi eru flutt í útvarpið, ef þeir, sem þau hafa flutt, hvort sem það eru læknar eða aðrir, tala ekki nógu skýrt og greinilega. Það er dálítið erfitt stundum fyrir lækna að tala fyrir allan almenning, læknanámið er langt og viðtækt og nokkuð sérgreint. Það er alltaf dálítið erfitt fyrir slíka menn að gera sér fulla grein fyrir því, að sumt af því, sem þeim finnst alveg sjálfsagt og liggja í augum uppi, sé ekki jafnsjálfsagt fyrir allan almenning. Það er sérstaklega þetta, sem fyrir læknunum vakir, þegar þeir eru að tala um, að það beri að gæta varúðar, þegar opinber fræðsla fer fram um heilbrigðismál, en alls ekki hitt, að við höfum trú á því, að það sé skaðlegt að fræða almenning um hollustuhætti. Það er síður en svo, að það sé, enda hafa margir ágætir íslenzkir læknar gert mikið að því bæði fyrr og síðar, hér áður fyrr t. d. Guðmundur Björnson landlæknir og Guðmundur Hannesson prófessor. Sæmundur Bjarnhéðinsson prófessor skrifaði allmikið á sínum tíma um heilbrigðismál, og þá muna allir eftir dr. Gunnlaugi Claessen, sem lengst af sínum starfstíma hér á landi var sískrifandi um heilbrigðismál og hollustuhætti. Hann var nú svo sérstakur áhugamaður um þetta mál, eins og kom fram í ræðu hv. flm. hér áðan, að hann var aðalhvatamaður og um langt skeið ritstjóri tímaritsins Heilbrigt líf, sem þá átti sitt blómaskeið. Enn fremur má telja lækna, sem nú vinna að þessum málum. Þá er þar til að nefna t. d. prófessor Niels Dungal, sem heldur úti riti um heilbrigðismál. Dr. Sigurður Sigurðsson hefur líka allmikið skrifað um heilbrigðismál fyrir almenning.

Ég held, að ég hafi nú leiðrétt það helzta, sem mér fannst þörf á í ræðu hv. flm. Að öðru leyti hefur verið svo mikið um þetta mál rætt í deildinni, að ég ætla ekki að hafa þetta lengra.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Hér er lagt til, að kosin verði mþn. í heilbrigðismálum, og var fjvn. öll sammála um að mæla með samþykkt þessarar till. Það er ekkert undarlegt við það, þó að skoðanir séu skiptar um, hvort árangur muni verða af nefndarskipun eða ekki, og kemur okkur það ekkert ókunnuglega fyrir, fjvn.-mönnum, þó að menn séu misjafnlega trúaðir á árangur slíks nefndarstarfs, en hitt er hægt að rökræða, hvort það verkefni sé fyrir hendi, sem nefndinni er ætlað að vinna. Nú er verkefnið hér fram sett í tveim liðum till. og nefndinni þar ætlað að gera í fyrsta lagi till. um fjölda og stærð og staðsetningu sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila og í öðru lagi að gera tillögur um almennar ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði með þjóðinni.

Sumir halda því fram, að fyrri liðurinn í till. gefi ekkert verkefni fyrir þessa hugsuðu nefnd. Þó hefur verið sýnt fram á það, að ekki sé búið að ákveða stærð og staðsetningu þeirra sjúkrahúsa, sem fyrirsjáanlega sé þörf fyrir í náinni framtíð, og m. a. má fyllilega um það deila, hvort þörf sé á að byggja það sjúkrahús, sem rætt hefur verið um að byggja á Sauðárkróki, eftir að hið stóra sjúkrahús Akureyrarkaupstaðar er komið upp og hið stóra sjúkrahús á Blönduósi hinum megin Skagafjarðarbyggða einnig komið það langt á veg, að ekki verður snúið aftur með það. Það er sem sé óráðið og mjög óvíst, hvort það er rétt að bæta þarna þriðja allstóru sjúkrahúsi við á þessu svæði norðanlands. Frsm. fjvn. benti á, að enn þá væru óteknar ákvarðanir um, hvort rétt væri að reisa héraðssjúkrahús fyrir Austurland og héraðssjúkrahús fyrir Suðurlandsundirlendi. Það er því langt frá, að það sé búið að taka endanlegar ákvarðanir um það, sem n. er ætlað samkvæmt fyrri tölul. till. að athuga og gera till. um.

Hitt vita svo allir, að það verður aldrei ráðið í eitt skipti fyrir öll, hvaða sjúkrahús skuli byggð í landinu, fremur en því verður ráðið í eitt skipti fyrir öll, hvaða skóla skuli byggja í landinu. Um það geta verið skiptar skoðanir, og er fyllilega ástæða til, að sérfræðileg athugun fari fram á slíku, áður en í framkvæmdirnar er ráðizt.

En menn hafa ekki minnzt á síðari tölul. í umr. verulega. Það er vitað, að það er ekki farið að framkvæma heilsuverndarkafla tryggingarlaganna enn þá að neinu ráði, og það er því fyllilega tímabært, að það sé vel athugað, með hvaða hætti skuli gera ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði almennt með þjóðinni.

Hæstv. heilbrmrh. hefur tekið þátt í þessum umr., og skilst mér, að hann geri ráð fyrir, að till. verði samþ. með tveimur breyt., sem hann telur vera til bóta. Önnur er um það, að nefndin hafi lokið svo snemma störfum, að niðurstöður hennar geti legið fyrir, þegar hann tilnefni mann ásamt landlækni til þess að endurskoða heilbrigðismálalöggjöfina í heild. Í öðru lagi verði nefndin ekki fimm manna nefnd, heldur þriggja manna nefnd. Fyrir liggja meðmæli frá fjvn. um það, að þessar brtt. hæstv. heilbrmrh. verði teknar til greina.

Það er þó fleira, sem er óráðið enn þá í heilbrigðismálunum og hægt er vissulega að deila um, hvort réttilega sé búið að ráða fram úr. Það lágu tvö frv. fyrir þessu þingi um rekstur sjúkrahúsa, annað frá heilbrigðismálastjórninni um það, að rekstur sjúkrahúsa utan Reykjavíkur skyldi styrktur með 5 kr. styrk úr ríkissjóði á legudag í þeim smæstu, miðlungsstór sjúkrahús með 10 kr. styrk úr ríkissjóði á legudag og stærstu sjúkrahús utan Reykjavíkur, þ. e. eitt einasta sjúkrahús, Akureyrarsjúkrahúsið nýja, með 20 kr. styrk úr ríkissjóði

á legudag. Ég verð að segja, að það er mjög svo vafasamt, að þarna sé fundin hin eina sanna og rétta leið til þess að tryggja góðan rekstur fullkominna heilbrigðisstofnana í landinu. Og það er vissulega hægt að deila um það, hvort ekki sé réttmætari hin hugsunin, sem einnig hefur verið borin fram í frv.-formi á þessu þingi, að Landsspítali Íslands sé starfræktur — aðalspítalinn í Reykjavík og síðan útbú frá honum sitt í hverjum landsfjórðungi, Vestfirðingafjórðungi, Norðlendingafjórðungi, Austfirðingafjórðungi og Sunnlendingafjórðungi. Til hvers á að hafa þessi útbú frá landsspítalanum? Til þess að tryggja a. m. k. eitt fullkomið sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi, þar sem sé öruggt, að færasti sérfræðingur í skurðaðgerðum sé í hverju þeirra og hin fullkomnustu lækningatæki. Það er mín sannfæring, að heilbrigðismálunum á Íslandi sé ekki á sómasamlegan hátt borgið, nema því aðeins að ríkið tryggi, að hægt sé að launa einn hæfan sérfræðing að einu vel útbúnu sjúkrahúsi í hverjum landsfjórðungi. Ég tel, að jafnframt því, sem hugsuð nefnd ætti að athuga um staðsetningu og stærð sjúkrahúsa, ætti hún fyllilega að hugleiða það, hvort ekki sé nauðsynlegt að tryggja rekstur fullkomins sjúkrahúss, eins a. m. k., í hverjum landsfjórðungi. Það eru að vísu til þeir, sem telja, að í heilbrigðismálum og menntamálum og yfirleitt í öllum málum eigi bara að búa vel að hlutunum í Reykjavík og svo eigi landsbyggðin að fá alla sína þjónustu hér. En ég er alveg á öndverðri skoðun, og það þýðir a. m. k. ekkert að vera að hjala um jafnvægi í byggð landsins, ef menn ætla að halda hinni fyrrnefndu stefnunni fram í menntamálum, heilbrigðismálum, samgöngumálum og yfirleitt öllum þeim málum, sem skipta mestu fyrir líf og líðan fólksins úti um byggðir landsins. Ég tel það ekki nema óframbærilegt kák í heilbrigðismálum að ætla landsbyggðinni að reka sjúkrahús sums staðar með 5 kr. styrk á legudag, en á öðrum stöðum með 20 kr. styrk á legudag, og hróplegt ranglæti í því. En það, að landsspítalinn skiptist í deildir og sjái um, að eitt sjúkrahús í landsfjórðungi sé búið hinum fullkomnustu tækjum og hafi fullkomna sérfræðinga til starfa og að þessir aðalmenn fjórðungssjúkrahúsanna væru á sömu launum og yfirlæknar við landsspítalann að öðru leyti, — það eitt tel ég vera leiðina til þess að tryggja fullkomna heilbrigðisþjónustu fyrir fólkið úti um landið. Það er ekkert vafamál, að fullkomið sjúkrahús er svo dýr stofnun í rekstri, að jafnvel stærstu kaupstaðirnir utan Reykjavíkur rísa ekki undir rekstri slíkra húsa. Það er reynslan búin að sýna og sanna. Viðhald húsanna verður þess vegna vanrækt, viðhald lækningatækja verður vanrækt, og þegar svo er komið, þá er ekki unnt að fá hæfustu sérfræðinga til þess að starfa við þessi sjúkrahús. Það er ástæðan til þess, sem hv. flm. till., hv. þm. Str., vék hér að, erfiðleikanna á því að fá sérfræðinga að sjúkrahúsum eins og t. d. sjúkrahúsi Ísafjarðar nú. Auk þess er efnahag bæjarfélaganna þannig komið, að þau hafa ekki efni á að bjóða sjúkrahúslækni, sem er starfsmaður bæjanna, slík laun, að það samsvari þeim tekjum, sem sérfræðingar geta haft hér í Reykjavík. Verður það eitt með öðru til þess að útiloka, að hinir hæfustu menn fáist að jafnvel hinum stærstu sjúkrahúsum kaupstaðanna.

Ég verð því að segja, að þeir menn hafa rangt fyrir sér, sem telja, að ekki sé ástæða til að fela þriggja manna nefnd — skulum við segja — að gera tillögur um skipun heilbrigðismálanna í nánustu framtíð, og einkanlega þegar ætlazt væri þá til, að niðurstaða þeirrar n. gæti að einhverju leyti orðið grundvöllur fyrir þeirri endurskoðun, sem hæstv. heilbrmrh. hefur hér boðað.

Verkefnin eru vissulega ærin, og hitt fer svo eftir atvikum, eftir því, hvernig menn veljast til og hvernig þeir vinna, hver árangurinn verður, og það getur enginn okkar sagt um það neitt fyrir fram, hvort hann verður mikill eða lítill. En ég tel ástæðu til nefndarskipunar og nefndarstarfs í þessu þýðingarmikla máli.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 165, n. 580, 722, 729).

*Jóhann Hafstein:* Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða um þessa till. umfram það, sem ég hef þegar rætt hana á fyrra stigi.

Hv. flm. talaði nú mikið sjálfur um það, að hann hefði lítið vit og þekkingu á þessum málum, og fannst mér, að till. sjálf, hvernig hún var til komin, gæti borið nokkurn vott um það. Hins vegar flutti hann hér mjög langa og skelegga ræðu, sem sýndi, að hann kemur víða við í heilbrigðismálunum, og lagði nú megináherzluna á manneldismálin og virtist þar sitja inni með mikinn fróðleik, og sennilega hefði nú verið í samræmi við þessa ræðu eðlilegra frá upphafi, að þessi till. hefði takmarkazt við manneldismálin og verið um skipun mþn. í þeim málum. En látum það gott heita. Ég skal ekki orðlengja, úr því sem komið er, um þetta, en vildi aðeins, að eitt atriði stæði ekki aðfinnslulaust.

Hv. þm. Str. var að tala um, að læknarnir sjálfir væru á móti heilsuvernd og fræðslu fyrir almenning. Hann vildi leiða þessar niðurstöður sínar eða álit m. a. af ummælum, sem fram kæmu í umsögn heilbrigðismálastjórnarinnar frá dr. Sigurði Sigurðssyni. Það verð ég að segja, að mér finnst vera í fyllsta máta ósmekklegt að viðhafa slík ummæli í sambandi við þann ágætismann, sem einmitt hefur fórnað svo miklum tíma og kröftum í heilsuverndina hér á landi, að einstakt má telja. Ég býst nú við því, að hv. flm. hafi ekki með þessum orðum verið að sveigja sérstaklega að dr. Sigurði Sigurðssyni, en ég vildi þó, að það kæmi fram hér, að það væru tekin af öll tvímæli í því, að slíkt væri alls ekki maklegt, enda svaraði hv. þm. Ísaf. einnig fyrir læknana almennt í þessum efnum, svo að það er þar litlu við að bæta.

En varðandi sérstaklega dr. Sigurð Sigurðsson, sem gegndi störfum landlæknis og skrifaði álitsgerð um þetta mál, þá er allra sízt maklegt að væna hann um það að vera á móti eða lítið fyrir það að efla heilsuverndina og fræðslu almennings, því að ég held, að öllum öðrum ólöstuðum, að enginn a. m. k. núlifandi Íslendingur eigi merkari starfsferil á því sviði að baki sér en dr. Sigurður Sigurðsson.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég hef flutt brtt. á þskj. 729 um það, að ráðherra skipi formann nefndarinnar. Sú till. þarf ekki frekari skýringa við. En mér finnst það eðlilegra, og það tengir n. í eðlilegra samband við heilbrigðismálastjórnina, að sjálfur heilbrigðismálaráðherra skipi formann slíkrar nefndar.

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Það, sem gaf mér nú tilefni til að biðja um orðið, var tvennt, sem kom hér fram við fyrri hluta umr.

Annað var það, að það væri nægilegt verkefni fyrir slíka nefnd sem þessa að koma sér niður á það, hvar fjórðungssjúkrahús fyrir Austfirði ætti að reisa. Ég held nú, að það sé ekki svo nærri, að af þeim sökum sé ástæða til að skipa nefnd með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, því að að sjálfsögðu þyrfti ríkisstj. eða viðkomandi héruð að hafa ákveðinn og meiri undirbúning, áður en að því verki er snúið. En það er í raun og veru það eina, eins og fram kom, sem ekki er að nokkru búið að taka ákvarðanir um að því er snertir staðsetningu sjúkrahúsanna.

Viðvíkjandi hinum þættinum, þeirri almennu fræðslu um heilbrigðishætti og heilsuvernd, er það að segja, að mér skildist nú á hv. flm. þessarar till., að það væri aðallega mataræði og manneldi, sem hann hefði í huga í þessu sambandi. Ég vildi nú leyfa mér að benda hv. þm. á, að til þess að hefja aðgerðir í því efni er alveg fullkomlega óþarfi að skipa nokkra nefnd. Það er til í lögum, ég ætla frá 1945, ákvæði um manneldisráð, sem beinlínis er ætlað að hafa með höndum manneldisrannsóknir og rannsóknir á fæðutegundum. Um nokkurra ára skeið var unnið mikið og gott verk í þessum efnum og að verulegu leyti byggt á tillögum og undirbúningi Skúla prófessors Guðjónssonar, sem starfaði að undirbúningi þessa máls. Og það voru að ýmsu leyti mjög merkilegar upplýsingar, sem manneldisráð undir framkvæmdastjórn Júlíusar Sigurjónssonar, ef ég man rétt, hafði innt af höndum. En einhverra hluta vegna — ég held, að það hafi verið í kringum árið 1950, þegar núverandi stjórnarflokkar tóku við — féll þessi starfsemi niður með öllu. Ég vildi leyfa mér að benda hæstv. heilbrmrh. á að fletta upp í þessum lögum frá 1945, því að ég efast ekki um, að hann sér það, að hann hefur nægar heimildir í þessu efni og góðan og sæmilega traustan grundvöll að byggja á.

Ég vék að því hér í fyrri ræðu minni, að ég áliti, að rétt væri að vísa þessari till. til ríkisstj., og bjóst við því, að það mundi koma till. um það, eftir því sem einn hv. þm. hafði talað hér. Það hefur nú ekki orðið; í staðinn fyrir það hefur hann flutt brtt. En mér þykir rétt að leggja til, að þessu máli verði vísað til hæstv. ríkisstj. til athugunar, byggt á þeim forsendum, sem ég hef gert hér grein fyrir, að verkefnið sé ekki sérstakt fyrir þessa nefnd, og að allt, sem henni er ætlað að gera, beri eftir eðlilegum hætti öðrum aðilum að vinna bæði að framkvæmd og undirbúningi á.

*Hermann Jónasson:* Herra forseti. Ég þarf ekki að tala hér langt mál. Það er vitanlega alger misskilningur, enda leiðrétti hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) það að vissu leyti sjálfur, að ég hafi verið að sveigja að þeim manni, sem hann minntist á, Sigurði Sigurðssyni; það er svo fjarri því, mín orð urðu alls ekki skilin þannig, og ég sveigði alls ekki að læknum heldur yfirleitt. Ég sagði, að ég hefði eins mikla trú á sérfræðingum og þar á meðal læknum eins og flestir aðrir, sem álíta, að þeir væru ekki einhlítir, og sveigði ekki á nokkurn hátt að læknum í þessu sambandi. Sagt var, að hér sé til manneldisráð og að ég hafi talað mikið um mataræði og manneldi; það er alveg rétt, ég gerði það. Það er líka ein stór grein heilsuverndarinnar og kannske ein af þeim allra stærstu. Um það er rétt að segja það, að það veitir áreiðanlega ekki af því, eins og kom nú hér fram hjá hv. 4. þm. Reykv. (HG), að athuga um vinnubrögð ráðsins. Merkileg vinna, sem þar hafði verið upp tekin, hefur fallið niður, en slíkt mun vera sjaldgæft að átt hafi sér stað hjá nokkru þjóðfélagi, sem vill fylgjast með í þeim málum. Annars sjá menn greinilega af reynslunni, hvað það þýðir að gera ráðstafanir þannig, að hugsað sé um heilsuvernd, og sá ágæti læknir, sem hér er í d., minntist einmitt á það og kom með rækilegar sannanir — og rækilegri en ég hefði gert — fyrir mínu máli, með því að minnast á sullaveikina. Hvar væri komið þar, ef ekki hefði verið reynt að taka þannig á málum eins og gert er ráð fyrir að verði reynt að taka á málum um almenna heilbrigði í þessari till., sem hér liggur fyrir, og hvað væri líka t. d. með holdsveikina, og hvað væri með berklaveikina, þar sem Sigurður Sigurðsson hefur unnið stórvirki? Yfirleitt er ágreiningur um það meðal lækna hér í þessu landi og annars staðar, hvað mikið sé hægt að gera til að fyrirbyggja sjúkdóma, og um það eru mjög skiptar skoðanir, eins og ég minntist á í minni frumræðu. Ég álít, að það sé yfirleitt of lítið gert að því á ýmsum sviðum, þau dæmi, sem læknirinn nefndi hér, sanna hvað hægt er að komast með því að taka rétt á málunum og byrgja brunninn, áður en barnið dettur ofan í.

Ég get fallizt á fyrir mitt leyti þær till., sem liggja hér fyrir frá heilbrmrh., og enn fremur hef ég ekkert við að athuga brtt. á þskj. 729, því að þessi till. er, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, flutt til þess, að af henni, ef svo mætti til takast, yrði nokkurt gagn. En það geri ég vitanlega ekki að nokkru ágreiningsmáli, hver skipar formann nefndarinnar.

*Bergur Sigurbjörnsson:* Herra forseti. Ég verð að játa það, að ræður hv. þm. Str. um þessa till. svo og grg. hans fyrir till. hafa ekki enn þá sannfært mig um nauðsyn þess, að þessi till. verði samþykkt.

Till. byggist í fyrsta lagi á því, að í sjúkrahúsmálum, sérstaklega í staðsetningu og byggingu sjúkrahúsa á undanförnum árum hér á landi, hafi verið gerðar mjög miklar skyssur, mjög mikil mistök, eins og hv. þm. Str. hefur orðað það. Nú er það svo, að þau mistök, sem þarna er um að ræða, ættu þá að vera hv. núverandi stjórnarflokkum að kenna. Sæti það sízt á mér að taka upp hanzkann fyrir hv. stjórnarflokka í þessum efnum, ef þeir hefðu framið þar stórvægileg mistök. Þó er það nú svo, að þegar ég heyri andstæðinga mína borna sökum, sem mér finnst hvorki réttlátar né sanngjarnar, þá get ég ekki að því gert, að ég get ekki þegjandi á það hlustað, heldur þykir mér rétt að koma þeim þar til nokkurrar aðstoðar, sem fyrir röngum ásökunum verða. Og í þessu máli verð ég að segja það, að ég tel þær ásakanir um mistök í þessum efnum, sem hér hafa fram komið, vægast sagt harla einkennilegar. Það er að vísu rétt, að við höfum byggt stórt og hugsað stórt í sjúkrahúsmálum. En er það, ef að er gætt, rétt að hugsa stórt og byggja stórt í þeim efnum? Eru það mistök, þó að eitt sjúkrahús eða nokkur sjúkrahús séu byggð einni hæð eða nokkrum tugum rúmmetra of stór miðað við daginn í dag? Ég álít, að slíkt séu engin mistök, heldur þvert á móti. Ég álít, **að það hefðu verið** mistök í þessum efnum, ef við hefðum hugsað of smátt og byggt of smátt. Og ég spyr þá menn, sem hér hafa fjargviðrazt um það, eins og t. d. hv. 2. þm. N-M., að sjúkrahús á Blönduósi, sjúkrahús á Akureyri o. s. frv. „hafi ekki verið byggð við hæfi," eins og hann orðaði það, — ég spyr þessa menn: Hvernig verður eftir 40—50 ár, þegar íslenzka þjóðin, ef ekkert sérstakt ólán hendir hana, verður orðin 300 þús. manns a. m. k.? Verða þessi sjúkrahús þá of stór? Verða þeir, sem stóðu að byggingu þessara sjúkrahúsa, þá sakaðir um, að þeim hafi orðið á mistök fyrir of stórar byggingar o. s. frv.? Ég held ekki. Ég held þess vegna, að sá grundvöllur sé rangur, sem þessi till. byggist á. Og þegar svo er, þá get ég ekki fallizt á það, að það sé nein ástæða til að samþ. þessa till. Enn síður get ég fallizt á það, að það sé rétt að samþ. brtt. þá, sem hæstv. heilbrmrh. hefur borið hér fram, sérstaklega ef síðari hluti þáltill. er hafður í huga. Samkv. brtt. hæstv. ráðh. á n., sem um ræðir, að ljúka störfum fyrir 1. okt. 1954, en hins vegar er það sýnilega ógerlegt, ef menn athuga verkefni n. eins og það er ákveðið í síðari lið till. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Að gera tillögur um almennar ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði með þjóðinni." Það er sýnilegt, að n. á þess engan kost að gera þessu máli nokkur skil fyrir 1. okt. 1954. Til þess er þetta verkefni allt of viðtækt. Ef brtt. hæstv. ráðh. yrði því til þess, að hin till. yrði samþykkt, álít ég, að þetta mál sé hvorki fugl né fiskur og til lítils sóma fyrir Alþingi að samþykkja það þannig. Ég vil því taka það fram, að ég mun fylgja till., sem hv. 4. þm. Reykv. hefur borið hér fram um að vísa þessu máli til ríkisstj., af því að ég sé í sjálfu sér ekkert athugavert við það, en hefði þó talið eðlilegast, að þessi till. ásamt brtt. yrði felld.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af því, sem hv. 8. landsk. sagði hér áðan, að ef þessi till. mín á þskj. 722 yrði samþ., þar sem svo er kveðið á, að n. eigi að ljúka störfum fyrir 1. okt. 1954, þá væri sá tími allt of naumur. Ég er á allt annarri skoðun. Nefndin hefur þó alltaf rúma fimm mánuði eða fimm og hálfan mánuð til þess að vinna þessi störf, og ég er sannfærður um, að sá tími er nógu langur, ef n. á annað borð vill hraða störfum. Ég hef líka þá reynslu í störfum yfirleitt, að eftir því sem verkinu er meira hraðað, því betri árangur er yfirleitt af starfinu. Þær nefndir, sem eru kosnar af Alþingi eða skipaðar á annan hátt milli þinga og hafa ótakmarkaðan tíma til starfa, vinna yfirleitt störfin á lengri tíma en nauðsynlegt er og hafa ekki þann hraða í vinnubrögðunum, sem er nauðsynlegur. Það hefur líka komið fram hér hjá mörgum ræðumönnum, að það sé ýmislegt í heilbrigðismálum þjóðarinnar, sem sé nauðsynlegt að rannsaka og endurbæta. Er þá ekki nauðsynlegt, að till. til úrbóta komi sem allra fyrst?

Ég benti á það hér síðast, þegar þetta mál var til umr., að það lægi fyrir að endurskoða frv. það, sem nú liggur fyrir hv. Ed. til læknaskipunarlaga, fyrir haustþingið, vegna þess að það er meiningin að leggja það frv. endurskoðað og endurbætt fyrir Alþ., til þess að það verði lögfest. Ég benti á, að ef n. verður kosin til þess að gera till. til úrbóta í heilbrigðismálunum, um staðsetningu sjúkrahúsa og annað, sem ábótavant er í heilbrigðismálunum, þá vinni n. í samráði við þá menn, sem taka læknaskipunarfrv. til endurskoðunar. Það fer þess vegna vel á því, að tími sá, sem mþn. er ætlaður til starfa, sé bundinn við 1. október eða þann tíma, sem haustþingið kemur saman. Fimm og hálfur mánuður fyrir n. til starfa er áreiðanlega nógu langur tími. N. getur safnað að sér skýrslum og gögnum á þessum tíma og unnið úr þeim, og það eru betri vinnubrögð, að það sé hæfilegur hraði, heldur en að n. ætli sér langan og ótakmarkaðan tíma, segjum 1—2 ár eða lengur, eins og stundum vill vera, þegar mþn. starfa og hafa ótakmarkaðan tíma fyrir sér.

Ég vil aðeins láta þetta koma fram, og ég veit, að margir hv. alþm. eru sömu skoðunar og ég í þessum efnum.

*Gísli Guðmundsson:* Herra forseti. Ég hef nú hlýtt nokkuð á umr. um þetta mál, en þó því miður ekki allar, og ég vil nú segja það, að það hefur komið mér dálítið á óvart, að deilur skuli hafa getað orðið hér á þingi um till. sem þessa. Það er nú svo, að þau eru mörg málin, sem hið háa Alþ. hefur samþykkt að láta athuga á milli þinga og fá til þess menn að fram-

kvæma slíkar athuganir, og ég ætla, að sum af þeim málum, sem Alþ. þannig gerir sérstakar ráðstafanir til athugunar á milli þinga, séu ekki stærri en það mál, sem hér liggur fyrir. Ég vil líka segja það, að ég er fyrir mitt leyti hlynntur því, að þessi till. verði samþykkt, og geri líka ráð fyrir, að svo verði, þar sem hv. fjvn., sem málinu var vísað til, hefur, að ég ætla, einróma lagt til, að það verði gert.

Ég held, að menn þurfi ekki að óttast það, að okkar ágæta læknastétt hafi nokkuð við það að athuga, að slík n. sé sett á laggirnar sem þessi. Ég get a. m. k. ekki ímyndað mér, að svo sé. Það er miklu fremur viðurkenning af hálfu Alþ. á mikilvægi þessara mála, mikilvægi starfs læknastéttarinnar, sem kemur fram í þessari till., heldur en að tillögunni sé gegn henni stefnt, enda væri slíkt ekki réttmætt, því að við eigum áreiðanlega hér á Íslandi, miðað við okkar þjóðarstærð og aðrar ástæður, vel menntaða læknastétt og vel hæfa til síns starfs.

Ég skal nú ekki fara langt út í það að ræða efni þessarar till. Fyrri liður till. ætlar n. að gera till. um fjölda, stærð og staðsetningu sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila í landinu. Síðari liðurinn ætlar henni að gera till. um almennar ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði með þjóðinni. Það er að sjálfsögðu margt, sem nú þarf athugunar í sambandi við framkvæmdir í sjúkrahúsmálum. Samgöngur hafa breytzt mjög til batnaðar í seinni tíð. Þekking lækna og annarra á því, sem hægt er að gera fyrir vanheila menn og hver meðferð þeim hentar bezt, hefur líka aukizt. Hér þarf áreiðanlega ýmsar tegundir af dvalarstöðum fyrir vanheilt fólk. Oftast er talað um spítala. En margir eru þeir, sem ekki þurfa þess beinlínis með að vera á þeim stofnunum, sem venjulega eru kallaðar spítalar, þar sem eru sérfræðingar og fullkomnustu tæki til lækninga, heldur þurfa þeir þess oft og tíðum fyrst og fremst með að vera þar, sem þeir geta notið aðhlynningar, sem ekki er hægt að veita á heimilum. Ég hef heyrt lækna segja það, sem hafa áhuga á þessum hlutum, að þeir teldu, að það, sem vantaði e. t. v. fyrst og fremst eða hefði vantað hér á landi, væri einmitt slíkir dvalarstaðir, ekki beinlínis spítalar, heldur slíkir dvalarstaðir eða hæli, þar sem vanheilt fólk geti notið þeirrar aðhlynningar, sem það þarfnast. Með þessu er auðvitað ekki sagt, að ekki vanti líka eitthvað af sjúkrahúsum, enda eru nú sem betur fer hafnar eða ráðnar allmiklar framkvæmdir í þeim málum og þegar allmikið framkvæmt síðustu árin.

Birtar hafa verið samanburðartölur um fjölda sjúkrarúma t. d. hér og í nágrannalöndunum, og sá samanburður virðist sýna, að sjúkrarúmafjöldi hér sé ekki langt neðan við það, sem algengt er t. d. á öðrum Norðurlöndum. En mér hefur verið tjáð, að munurinn á ástandi hér og þar í þessum efnum sé e. t. v. mest í því fólginn, að nágrannaþjóðirnar eigi meira af dvalarheimilum, hjúkrunarheimilum, en verið hafa hér á landi, sem verður þá til þess, að ýmsir af þeim, sem hér þurfa að liggja á sjúkrahúsum, fá sína hjúkrun á hjúkrunarheimilunum og taka ekki upp rúm á spítölunum, eins og þeir verða að gera hér, á meðan ekki er nóg af öðrum stofnunum, sem geta veitt hjálpina.

Þessa hluti og ýmsa aðra er áreiðanlega full ástæða til þess að athuga í n. sem þessari.

Ég skal ekki ræða mikið um 2. lið till. Þar er fjallað um svo yfirgripsmikið mál og svo fræðilegt, að ég tel naumast á mínu færi að leggja þar orð í belg nú. En ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram frá hv. 8. landsk. (BergS), sem reyndar lýsti sig andvígan till., að með sérstöku tilliti til þessa máls sé ekki rétt að takmarka starfstíma n. svo sem gert er í annarri brtt. hæstv. heilbrmrh. Vildi ég nú skjóta því til hans, hvort hann gæti ekki fallizt á að taka þann hluta brtt. sinnar aftur. Ég held, að það sé alveg ómögulegt fyrir svona n. að skila nokkru viðhlítandi áliti, a. m. k. um 2. liðinn, eftir nokkra mánuði. Það held ég að sé alveg útilokað að sé hægt, því að þetta er það yfirgripsmikið mál, sem að sjálfsögðu þarf m. a. að afla upplýsinga um frá öðrum löndum.

Ég vil benda á það í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um fyrirhugaðar till. um læknaskipun, sem hann hygðist leggja fyrir þingið í haust, að mér sýnist, að það þyrfti nú ekki að reka sig á hans fyrirætlanir í því efni, þó að starfstími n. væri ekki takmarkaður svona, því að sjálfsögðu gæti hann, ef hann vill, að n. fjalli eitthvað um það mál út af fyrir sig, leitað álits hennar um það, þó að hún starfaði lengur. Þess vegna þarf ekki af þeim ástæðum að takmarka svo mjög starfstímann sem gert væri með þessari till. Það var nú eiginlega mitt aðalerindi hér upp í ræðustólinn, að ég vildi beina þessu til hæstv. ráðh., hvort hann mundi ekki geta fallizt á að taka þennan hluta brtt. sinnar aftur. Mér skilst, að það þurfi ekki að fara í bága við fyrirætlanir hans um að leggja fyrir næsta þing frv. um læknaskipun.

ATKVGR.

Till. frá 4. þm. Reykv. (HG) um að vísa till. til ríkisstj. felld með 24:8 atkv.

Brtt. 722,a samþ. með 26:1 atkv.

— 729 samþ. með 31:1 atkv.

— 722,b samþ. með 27:1 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 32:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 845).

## 14. Landabréf í þágu atvinnuveganna.

Á deildafundum 15. febr. var útbýtt í Sþ.:

*Till. til þál. um gerð hagrænna landabréfa í þágu atvinnuveganna* [140. mál] (A. 365).

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til fyrri umr.

*Flm. (Sigurður Bjarnason):* Herra forseti. Í till. þeirri, sem ég hef flutt hér á þskj. 365, felst nokkur nýjung. Þar er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 20 þús. kr. til þess að hefja gerð hagrænna landabréfa. Þetta er að vísu mjög lág upphæð, en ég hygg samt, að fyrir hana sé hægt að hefja byrjunarframkvæmdir á þessu sviði.

Það er óþarfi að skýra þessa till. ýtarlega. Fyrir efni hennar er gerð grein í grg., sem fylgir henni. Ég vil aðeins benda á það, að okkur Íslendinga skortir margvíslegar hagrænar upplýsingar. Öll slík upplýsingaþjónusta í þjóðfélagi okkar má heita á bernskuskeiði. Hins vegar er það vitað, að því gleggri upplýsingar sem fyrir hendi liggja um efnahagsmál og einstaka þætti þeirra, því hægra er oft um vik að snúast við þeim vandamálum, sem að steðja.

Hagræn landabréf eru af mjög mismunandi gerðum, enda er þeim hagað mjög eftir breytilegum aðstæðum hinna ýmsu landa. Ég hygg, að það, sem helzt kæmi til greina hér á Íslandi að taka með í reikninginn í sambandi við gerð slíkra landabréfa, væri t. d. landslag, skipting landsins í undirlendi og heiðalönd, nýtilegt land, graslendi, tún og engi, flatarmál þess og staðsetning, byggð og þéttbýli, sveitir og bæir, samgöngur, vegir, flugvellir, viðkomustaðir skipa, sími, rafmagn o. s. frv.; enn fremur hlutfallsleg dreifing búpenings á landið, framleiðsla landbúnaðarafurða, sjávarafurða, iðnaðarvarnings o. s. frv.

Það er alls staðar reynslan, þar sem að því ráði hefur verið horfið að gera slík hagræn landabréf, að af þeim hefur orðið mjög mikið gagn. Og ég er sannfærður um það, að ef að því ráði yrði horfið hér, þá mundi gerð þeirra einnig verða íslenzkum atvinnuvegum og framleiðslustéttum ekki hvað sízt til mjög mikils gagns.

Ég vil leyfa mér að beina þeim tilmælum til þeirrar hv. n., sem þetta mál fær til athugunar, að það verði sent til álita t. d. hagstofustjóra og enn fremur til jarðfræðideildar náttúrugripasafnsins. Báðir þessir aðilar hljóta að hafa glöggan skilning á þýðingu þess máls, sem hér er um að ræða. Ég leyfi mér svo að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 45. og 47. fundi í Sþ., 7. og 10. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 365, n. 675).

*Frsm. (Lúðvík Jósefsson):* Herra forseti. Fjvn. hefur haft till. þessa til meðferðar á nokkrum fundum og auk þess sent till. til umsagnar til Hagstofu Íslands, Fiskifélags Íslands og til dr. Sigurðar Þórarinssonar.

Það varð að niðurstöðu í n. að leggja til, að till. yrði samþ. með allverulegri breytingu, þar sem lagt er til, að að vísu verði hafinn nokkur undirbúningur að slíkri landabréfagerð sem till. fer fram á, en þó verði lögð aðaláherzla á að afla nauðsynlegra upplýsinga varðandi fiskimið landsins í þeim tilgangi, að hafin verði gerð fiskikorta af fiskimiðunum.

Það er nú ekki þörf á að hafa langar umr. um þetta mál, en þó þykir mér rétt að minnast með örfáum orðum á þessa meginbreytingu, sem fjvn. leggur hér áherzlu á í sambandi við afgreiðslu þessarar till.

Það kom fram í upplýsingum, sem n. aflaði sér varðandi málið, að nú er svo komið, að sjókortagerðin öll er að færast inn í landið. En jafnhliða því, að hin almenna sjókortagerð færist inn í landið, hefur þeim mönnum, sem að því verki standa, orðið ljóst, að það er mikil nauðsyn á því, að Íslendingar taki í sínar hendur einnig að gera svo nefnd fiskikort, en það eru kort, sem veita mjög mikilvægar upplýsingar um fiskimiðin, sýna bæði botnlag fiskigrunnanna, veita upplýsingar um strauma og margt annað það, sem að gagni kemur fyrir fiskimenn, þegar þeir eru á hinum ýmsu fiskimiðum. Íslendingar hafa ekki átt kost á því fram að þessu að notfæra sér nein slík fiskikort, nema að því leyti til sem erlend kort hafa fengizt, en kort, sem erlendar fiskveiðiþjóðir hafa gert af íslenzkum fiskimiðum, eru allgóð í þessu efni, svo langt sem þau ná. En það er líka vitað, að Íslendingar eru alltaf að afla sér meiri og meiri upplýsinga um fiskimið sín og það eru að opnast ný veiðisvæði kringum landið, sem vantar tilfinnanlega upplýsingar um eða a. m. k. þannig upplýsingar, að þær liggi fyrir í kortum. Í þessu efni vildi ég t. d. benda á það, að af jafnviðfrægum fiskimiðum og fiskimiðunum, sem togarafloti okkar hefur tekið meginhlutann af afla sínum á hin síðustu ár, hinum svo nefndu Halamiðum fyrir Vestfjörðum, eru raunverulega ekki til nein kort, sem sýna miðin eins og þau raunverulega eru. Þær mælingar, sem af þessum miðum eru til í kortum, eru meira og minna rangar að upplýsingum reyndra fiskimanna. Vitanlega liggur fyrir að kortleggja þessi svæði upp á nýtt og á réttan hátt og veita fiskimönnum okkar margvíslegar aðrar upplýsingar varðandi þessar fiskislóðir. Þá er það einnig mjög athyglisvert atriði í þessu efni, að næstum allar þær fiskislóðir, þar sem togarar okkar hafa á undanförnum árum veitt karfa, eru fyrir utan hið mælda svæði okkar. Þar eru ekki til nein venjuleg kort af, og allra sízt er af þeim svæðum að finna neitt það, sem heitir fiskikort. Þetta eru tiltölulega nýfundin veiðisvæði, sem tiltölulega fáir Íslendingar þekkja, en vitanlega væri feiknarlega þýðingarmikið að fá haldgóðar upplýsingar um, og slíkar upplýsingar gætu komið þeim mönnum að stórkostlega miklu gagni, sem á þessar fiskislóðir þurfa að sækja á næstunni, og sparað óteljandi mikil útgjöld fyrir fiskiskipin.

Nefndinni þótti full ástæða til þess, þegar nú er gert ráð fyrir að hefja nokkurn undirbúning að því að gera hin svonefndu hagrænu landabréf í þágu atvinnuveganna, að þá yrði

þó fyrsti áfanginn í því sá að snúa sér að gerð þessara fiskikorta, sem óumdeilanlega eru einn þýðingarmesti vettvangurinn í þessu efni fyrir okkar þjóð, og það ætti að standa nær okkur en margt annað að gera sjálfir kort af okkar dýrmætu fiskimiðum, en þurfa ekki að sækja upplýsingar um íslenzk fiskimið til erlendra þjóða.

Af þessum ástæðum hefur fjvn. lagt til, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, sem er að finna á þskj. 675 og felur það í sér, að ríkissjóði verði heimilað að verja 30 þús. kr. til þess að afla nauðsynlegustu upplýsinga um fiskimiðin umhverfis landið og til þess síðan að hefja undirbúning að gerð fiskikorta. Það er áreiðanlegt, að fyrir þessu er mikill áhugi meðal allra þeirra, sem til þekkja, og ég hygg, að það væri vel af stað farið í sambandi við gerð hinna hagrænu landabréfa að stíga þetta skref sem fyrsta skref í þessu máli. Fjvn. leggur sem sagt til, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, sem er að finna á þskj. 675.

ATKVGR.
Brtt. 675 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 848).

## 15. Togaraútgerðin (till. ríkisstj.).

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var útbýtt:
*Till. til þál. um athugun á hag togaraútgerðarinnar* [206. mál] (A. 786).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Ég tel mig ekki þurfa að fylgja þessu máli úr hlaði með langri framsöguræðu. Till. sjálf ber með sér, að lagt er til, að Alþ. kjósi sjö manna n. til þess að athuga hag togaraútgerðarinnar og ef n. að lokinni þessari rannsókn telur ástæðu til, þá beri hún fram till. til úrbóta fyrir útgerðina, sem n. telur að muni koma að viðhlítandi gagni, eins og kveðið er á.

Ég get í rauninni látið nægja að vísa til umræðna, sem farið hafa fram hér tvívegis nýverið á Alþ. um hag togaraútgerðarinnar í sambandi við fyrirspurnir. Var þá nokkuð rætt um afkomu togaraútgerðarinnar á undanförnum tveim árum aðallega og gefnar um það upplýsingar, að útgerðarmenn teldu hag sinn standa höllum fæti, ríkisstj. teldi hins vegar ekki enn þá færðar sönnur á, hve mikil brögð væru að hallarekstri á þessu sviði atvinnulífsins, og þess vegna teldi ríkisstj. sig heldur ekki viðbúna til þess að benda á, hverjum úrræðum bæri að beita til þess að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem þarna kynnu að vera á ferðum.

Ríkisstj. hefur nú fengið nokkru meiri upplýsingar í þessum efnum heldur en hún hafði, þegar síðast var um þetta mál rætt, og því miður staðfesta þær upplýsingar, að rekstur togaranna hafi gengið illa, svo að ég kveði ekki sterkar að, á árinu 1953 og það sem af er þessu ári, en þó — og á það legg ég áherzlu — liggja enn ekki fyrir nægjanlega almennar sannanir til þess, að hægt sé á þeim skýrslum að byggja dóm né till. til úrbóta.

Ríkisstj. hefur þess vegna talið eðlilegt, að Alþ. skipaði 7 manna n. til þess að rannsaka hag þessa hluta útvegsins og gera till. um úrbætur, ef n. telur, að hér sé um varanlega meinsemd að ræða.

Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt hér, að auðvitað mega menn ekki verða uppvægir og sízt þeir, sem sjávarútveg stunda, þó að um tímabundinn hallarekstur sé að ræða. Við vitum það, að það er eðli þessa atvinnurekstrar, að öðru hverju verður hann að taka á sig þung töp. Það, sem ber að rannsaka, er því, hvers eðlis eða hverjar eru rætur þeirra meina, sem fram eru komin, og hvort menn geta gert sér vonir um, að breyttar kringumstæður kunni að ráða bót á því, sem nú kynni að upplýsast að útvegurinn væri ekki einfær um að rísa undir.

Nú kynnu menn að spyrja, hvort ríkisstj. teldi sig vera að fría sig ámæli með því að bera fram slíka till., hvað ríkisstj. hygðist að gera, ef rannsókn leiddi í ljós, að það væri nauðsyn fyrir aðgerðir. Ég get um það því til svarað, að auðvitað verður að fara með þann vanda eins og annan vanda, sem ævinlega getur steðjað að, hvort sem þing á setu eða ekki. Ef vandinn væri talinn svo örlagaríkur, að nauðsynlegt væri að kalla saman þing út af honum, þá er það auðið. Það er líka auðið að gera ráðstafanir án þess, að þing kæmi saman, í samráði við þingflokkana. En það er ekki auðið að segja á þessu stigi málsins, hvort aðgerða sé þörf, jafnvel þótt um taprekstur hafi verið að ræða undanfarna — við skulum segja — 12—14 mánuði, og það er enn síður hægt að kveða á um það, hvaða úrræðum skuli beita, fyrr en sú rannsókn hefur farið fram, sem ég gat um og ég vildi með mínum fáu orðum hafa bent á, að á að gefa bendingar um, í fyrsta lagi, hvort úrræða er þörf, og í öðru lagi, hver úrræði helzt gætu komið að viðhlítandi gagni.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fylgja þessu máli úr hlaði með frekari orðalengingum og leyfi mér að vísa til þeirra umræðna, sem um þetta hafa farið fram undanfarnar vikur tvívegis hér á Alþingi.

*Lúðvík Jósefsson:* Herra forseti. Ég verð að lýsa því yfir, að mér þykir þessi till. vera harla lítil lausn, eins og nú er komið með hag togaraútgerðarinnar í landinu, að bregðast þannig við þeim vanda, sem allir landsmenn þekkja nú orðið að mjög verulegu leyti, að nú þegar þing er að slíta störfum, þá skuli sett niður mþn. til þess að rannsaka málið, og a. m. k. eftir því, sem maður verður að ætla um kröfur ríkisstj. um upplýsingar í þessum málum, miðað við það, sem á undan er gengið, get-

ur hún varla skilað störfum fyrr en næsta haust.

Út af fyrir sig tel ég ekkert við það að athuga, að skipuð væri mþn. til þess að rannsaka þetta mál og fá það sem bezt upplýst fyrir alþjóð. En þegar sá vandi steðjar að, að togarafloti landsmanna er ýmist hættur rekstri, eins og staðreyndir liggja fyrir um, eða augljóslega liggur fyrir, að hann er allur að hætta störfum, og þar með mundi færast stöðvun yfir hálfan íslenzka sjávarútveginn a. m. k., þá tel ég það heldur seinvirka leið til úrbóta að ætla að setja mþn. í málið, sem sennilega mundi þurfa að vinna að rannsókn sinni í næstu 6—7 mánuði.

Ég hef verið á þeirri skoðun, eins og ég hygg, að margir fleiri væru, að það vekti fyrir hæstv. ríkisstj. að koma fram nú, áður en þingi yrði slitið, einhverjum þeim ráðstöfunum, sem mættu gagna til þess að tryggja það, að togararnir stöðvuðust ekki nú á þessu ári, jafnvel þó að um bráðabirgðaráðstöfun yrði að ræða, sem ekki yrði hægt að byggja á til frambúðar. Ég hef búizt við þessu, því að ég hef haft ástæðu til þess að ætla, að hæstv. ríkisstj. hefði gert sér fyllilega ljósa grein fyrir því, hvernig komið er með rekstur togaraflotans. En annaðhvort er, að hún hefur ekki gert sér fyllilega ljósa grein fyrir því, hvernig ástatt er í þessum efnum, eða þá að hún metur það að svona litlu, þó að allur togaraflotinn þurfi að liggja óstarfræktur í hálft ár, að hún telur það fyllilega fært að slíta þingi undir slíkum kringumstæðum. Annaðhvort mun sennilega vera, en hvorugt er að mínum dómi gott.

Hæstv. forsrh. lét þau orð falla hér, þegar hann talaði fyrir þessari till., að ríkisstj. teldi, að ekki lægi nægilega ljóst fyrir, hvort raunverulega væri þörf á opinberri aðstoð í sambandi við togararekstur inn. Hann taldi, að þó að ríkisstj. hefði fengið upplýsingar frá samtökum togaraeigenda, þá væru þær þannig, að það væri ekki af þeim hægt að draga þá skoðun, að hér væri um vanda að ræða, sem væri til langframa, heldur jafnvel, eftir því sem hans orð lágu, mætti helzt búast við því, að hér væri aðeins um tímabundinn vanda að ræða, sem ef til vill kynni að leysast að mestu leyti af sjálfu sér. Í þessu efni taldi hann nauðsynlegt, að sú n., sem skipuð yrði, rannsakaði, hvers eðlis þessi vandi væri, hvernig á honum stæði og þá hvaða úrbætur mættu helzt koma til greina. Af þessum ástæðum þykir mér full ástæða til þess að rifja hér upp með örfáum orðum nokkuð af því, sem hefur verið að gerast í sambandi við togararekstur inn og mætti nú vera öllum landsmönnum fyllilega ljóst.

Ég vil þá benda á það, að það er engin smáræðis breyting, sem orðið hefur í sambandi við togararekstur okkar Íslendinga, þegar ísfiskmarkaðurinn brást með öllu. Við það, að ísfiskmarkaðurinn hvarf alveg úr sögunni, gerbreyttist aðstaða útgerðarinnar til þess að láta endana ná saman í rekstrinum. Sérstaklega kom þetta fram í sambandi við skipshafnirnar. Þeir kjarasamningar, sem sjómenn hafa unnið eftir á undanförnum árum, hafa verið þannig og eru þannig enn í dag, að launakjörin eru heldur betri á skipunum, ef þau sigla með aflann á erlendan markað og selja hann þar nýjan. Auk þess, að launakjörin voru þannig, að launin voru yfirleitt betri, þegar þetta gamla rekstrarform var viðhaft, þá fylgdu þessu rekstrarformi allverulega mikil fríðindi fyrir sjómenn fram yfir það, sem þeir eiga nú við að búa, eftir að hið nýja rekstrarform var tekið upp með heimalandanir hjá skipunum. Yfirleitt mátti segja, að í hvern einn ísfisktúr á erlendan markað færu í beina siglingu í kringum 11—13 dagar. Þessa 11—13 daga hafði verulegur hluti af skipshöfninni hreinlega frí frá störfum — svo nefnt siglingafrí — og gat því hvílt sig í landi, án þess að kaup skertist við það. Um leið og breyting varð á rekstri skipanna, þá sneri það aftur við sjómönnunum, að þeir urðu að vinna alla þessa daga. Þeir fengu um það bil á mánuði hverjum helmingi fleiri vinnudaga úti á sjó heldur en þeir höfðu haft áður. Á meðan aflinn var seldur nýr á erlendum markaði, höfðu skipverjar einnig allveruleg gjaldeyrisfríðindi, sem flestir þekkja. Þetta hvarf gersamlega úr sögunni við það, að skipin fóru að landa innanlands. Afleiðingarnar af þessu hafa m. a. komið fram í því, að sjómennirnir hafa réttilega bent á það, að kjör þeirra á þessum síðustu árum hafi stórum farið versnandi á skipunum. Þeir hafa því leitað í önnur störf. Þetta var ofur eðlilegur hlutur. En auk þess gaf það líka auga leið, að fyrir sjálfa útgerðina var sala á fiskinum á erlendum markaði miklum mun hagkvæmari á margan hátt heldur en að leggja fiskinn upp heima. M. a. kom það fram í því, að þá gátu skipin tekið verulegan hluta af rekstrarkostnaði sínum út í vörum á hinu erlenda verðlagi, keypt sér allar útgerðarvörur, viðhald skipanna og margt og margt fleira, miðað við það verðlag, sem þekktist í nágrannalöndum okkar, en með hinu breytta formi færist þetta allt inn á það verðlag, sem gildir í okkar landi, sem er margfalt hærra.

Nú vita menn það, að þetta breytta viðhorf í sambandi við togararekstur inn hefur eðlilega komið til greina í sambandi við þær aðgerðir, sem allir landsmenn voru sammála um að gera, sem var setning hinnar nýju fiskveiðalandhelgi. Eins og setning hinnar nýju fiskveiðalandhelgi var landsmönnum almennt til gagns og góða, þá varð framkvæmd hennar þannig eðlilega, að það hlaut að bitna talsvert í svipinn á rekstri togaranna. Enginn togaraeigandi hefur kvartað undan þessu, því að þeir hafa allir skilið það svo, að þeir mundu, þegar tímar liða fram, hafa gagn af stækkuðu friðunarsvæði við landið og það mundi, þegar tímar líða fram, einnig aukast afli á þeirra miðum. En í svipinn hefur þetta eðlilega bitnað verulega á rekstri skipanna. Ég hygg, að það væri sanngjarnt og réttmætt, að landsmenn almennt, og þá ekki sízt Alþ., gerðu sér fyllilega grein fyrir því, að á sama tíma sem Íslendingar hafa staðið í stríði í sambandi við það að fá viðurkennda hina nýju fiskveiðalandhelgi sína og á sama tíma sem íslenzki bátaflotinn og fjöldamargir landsmenn hafa haft mjög gott af því, að landhelg-

in var stækkuð, þá hafa þær ráðstafanir í fyrsta kasti komið nokkuð við rekstur togaraútgerðarinnar. Við það má svo einnig bæta því, að vitanlega var það augljóst mál, að stækkun landhelginnar þýddi það líka í framkvæmd, að af togaraflota okkar voru tekin allþýðingarmikil veiðisvæði frá því sem áður var. Þeir urðu að víkja af þeim veiðisvæðum, missa þar allþýðingarmikil fiskimið. Þeir hafa ekki heldur kvartað undan þessu og óska ekki eftir að kvarta undan því á neinn hátt, því að þeir meta að fullu þá þörf, sem var fyrir hendi í þessum efnum. Eigi að síður ber að líta á þetta, og það verður hver og einn að skilja það, af þessu hlaut að leiða, að í svipinn hlaut að þrengjast nokkuð um fyrir togaraútgerð landsmanna.

En auk þessa, sem ég hef nú lítillega minnzt á, hefur vitanlega togaraútgerðin fengið að taka á miklum mun erfiðari hlutum en jafnvel þessu. Það er staðreynd, að togaraútgerðin hefur þurft að búa við það verðlag á afurðum sínum, sem heimsmarkaðurinn hefur skammtað á hverjum tíma. Togararnir hafa ekki fengið nein sérstök fríðindi eða neinar fiskuppbætur frá hinu opinbera. Þegar það gerist, að á árinu 1953 fellur verð á heimsmarkaði á saltfiski og skreið, þannig að það mun að meðaltali rúmlega 15% verðlækkun og bara verðlækkunin á saltfiskinum einum mun nema í kringum 500 þús. kr. á togara að meðaltali á ári, þá er skiljanlegt, að þetta segi til sín í rekstrinum og það allalvarlega. Sama er að segja um skreiðina, að fyrir rétt rúmlega ári var geysilega hátt verð á skreið, og á árinu 1952 bjuggu nokkur skip við tiltölulega hagstætt verð á þeirri framleiðsluvöru. En á þessu ári, á árinu 1953 og síðast á því ári var þar um mjög verulega verðlækkun að ræða, sem vitanlega hefur komið fram í rekstri skipanna. Þannig má nefna miklu fleiri dæmi. Ég get nefnt það, að á árinu 1951 og mikið af árinu 1952 var verð t. d. á þorskalýsi kr. 6.40 kg, en allt s. l. ár fór verðið á þessum afurðum hæst upp í kr. 2.80 á kg. Þarna var líka um geysilega mikla verðlækkun að ræða. Þetta hlaut vitanlega að koma fram í rekstrarafkomu skipanna.

Áður hef ég minnzt lítillega á það, að við hið breytta rekstrarform togaranna, með því að reksturinn færðist meira inn í landið, hlaut allur tilkostnaður skipanna, hvort sem það var í sambandi við viðhald þeirra, veiðarfærakostnað eða annað, að hækka til mikilla muna frá því, sem áður var, og það gefur auga leið, vegna þess að hið innlenda verðlag hér er miklum mun hærra en hið erlenda verðlag, sem skipin gátu notið áður. Ég hef t. d. í þessu efni áður bent á það hér á Alþ., og það er aðeins eitt lítið dæmi, sem segir svolítið um þetta, að ef togari núna þarf að kaupa sér ljósavél, sem bilar í skipinu, þá kostar slík vél núna í Englandi 233 þús. kr., og það hefðu skipin þurft að greiða fyrir vélina, ef þau hefðu siglt á erlendan markað, því að þau höfðu leyfi til þess að kaupa slíkar nauðsynjar þá úti á því verði. En hvað bætist við þessa vél núna eftir réttum reglum með því að þurfa að flytja hana inn í landið? Við þetta verð, 233 þús., bætast 47303 kr., og af því tekur ríkissjóður einn bara í söluskatt 21798.05 kr., en auk þess tekur auðvitað ríkissjóður miklu meira en þetta í bæði vörumagnstoll og verðtoll og aðra tolla, sem á þessum nauðsynjum hvíla við innflutning. Þannig er það, að tilkostnaður skipanna hefur eðlilega stórkostlega vaxið við hið breytta útgerðarform.

Auk þessa ber svo að líta á það, að togararnir hafa þrátt fyrir sífellt hækkandi tilkostnað hér í landi þurft að búa öll þessi ár við svo að segja óbreytt fiskverð — og í sumum tilfellum lækkandi fiskverð eins og ég var að geta um á saltfiski og skreið. Þeir hafa þurft að búa við óbreytt fiskverð allan þennan tíma á þeim fiski, sem þeir hafa þurft að landa nýjum til vinnslu í frystihús hér innanlands, nema hvað verð á karfa hækkaði nokkuð nú á s. l. ári. Hafa hv. alþm. almennt gert sér grein fyir því, að togaraflotinn fær fyrir fisk, sem hann leggur hér upp til frystihúsanna til vinnslu, 85 aura verð fyrir þorskinn, á sama tíma sem bátarnir fá, þegar allt er reiknað á þeim grundvelli, sem gert hefur verið á undanförnum árum þeim til handa, ekki 85 aura fyrir kg, heldur kr. 1.40, því að það er líka rangt, að þeir fái kr. 1.22, sem er lagt til grundvallar í sambandi við útreikning á kaupi háseta, það er aðeins umsamin tala, en hið raunverulega verð, sem ætla má til bátanna, mun vera mjög nærri því að vera kr. 1.40 fyrir kg, miðað við þá reynslu, sem út hefur komið á undanförnum árum? En togararnir fá aðeins 85 aura fyrir kg, og þetta fiskverð er búið að standa óbreytt í mörg ár. Það þarf því engan að undra, með stóraukn um tilkostnaði skipanna, þó að það vitanlega dragi smám saman af þessum rekstri og þó að t. d. bátaflotinn okkar komist eitthvað betur af, þegar þó þetta vel er að honum búið í samanburði við togararekstrinn.

Aðeins þessi dæmi, sem ég hef nefnt núna, eiga að vera flestum landsmönnum ljós, og þau gefa alveg auga leið um það, að það er full ástæða til þess, að rekstrarafkoma togaranna hlýtur að vera þröng.

En til viðbótar við þetta liggur það svo fyrir, að ég sé ekki, hvaða ástæðu hæstv. ríkisstj. hefur til þess að vantreysta þeim upplýsingum, sem hún hefur fengið, eftir að hún hefur beðið um þær. Hún hefur nú fengið upplýsingar frá togaraeigendum um afkomuna, miðað við s. l. ár, og eru þær upplýsingar byggðar, eins og nú er komið, á reikningi um það bil helmingsins af öllum þeim skipum, sem rekin eru nú í landinu. Ég fullyrði það, að hún hefur ekki heimtað neitt svipað því eins glöggar og sundurliðaðar upplýsingar í sambandi við framlagða rekstrarreikninga frá bátaútvegi landsmanna eða frystihúsunum, þegar hún hefur verið að gera sínar ráðstafanir fyrir þessa aðila, eins og hún hefur nú þegar heimtað af togaraútgerðinni og fengið í sínar hendur, þó að hún álíti, að til viðbótar við þessa reikninga, sem fram eru lagðir, þurfi nú að setja mþn. til þess að athuga málið í marga mánuði. Auk þess

má svo benda á það, að í hópi þeirra aðila, sem hafa lagt fram reikninga sína fyrir s. l. ár af togaraeigendum, eru t. d. fyrirtæki eins og Bæjarútgerð Reykjavíkur, sem rekur 8 togara og hefur lagt fram reikninga yfir rekstur þessara skipa fyrir s. l. ár, mjög sundurliðaða og greinargóða reikninga, og býður sitt bókhald fram hverjum þeim, sem vill það athuga. Meðal þessara aðila eru margar aðrar bæjarútgerðir í landinu, þar sem svo að segja opinberir endurskoðendur fjalla um bókhaldið. Ég verð því að segja það, að ég álít, að nú þegar liggi fyrir það greinargott yfirlit um afkomu togaraútgerðarinnar í landinu, að það þurfi hvorki nokkur hv. alþm. né ríkisstj. að efast um, að það er þörf á verulegum aðgerðum, ef ekki á að leiða til þess, að togaraútgerðin stöðvist. Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um það, að eins og nú er eru þegar stöðvuð nokkur skip, m. a. tvö af skipum bæjarútgerðarinnar í Reykjavík liggja hér í höfninni, og annað þeirra hefur legið lengi og ekki getað komizt á veiðar, og ég er alveg sannfærður um það, að ekki getur dregizt nema svona fram undir lok maímánaðar, að allur togarafloti landsmanna hlýtur að hætta rekstri, ef engar bætur eða engin aðstoð fæst frá hálfu hins opinbera í sambandi við rekstur skipanna.

Það væri auðvitað full ástæða til þess líka í sambandi við þetta mál að ræða nokkuð um það, hvaða leiðir eru tiltækastar í sambandi við lausn þessa vanda. En við 4 þm. Sósfl. hér höfum lagt fram þáltill., sem fjallar um þetta mál og er að finna á þskj. 613, og í þeirri þáltill. bendum við á nokkrar þær leiðir, sem við teljum fyllilega eðlilegt að reyna að fara í þessum efnum. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að ef horfið yrði að því ráði, sem bent er á í þeirri till., þá væri hægt að aðstoða togaraútgerðina mjög verulega og a. m. k. tryggja það með þeim ráðstöfunum, sem þar er bent á, að rekstur togaranna yrði tryggður á þessu ári. Ég skal hins vegar ekki neita því, að þar er bent á ýmsar þær leiðir, sem ágreiningur getur verið um, hvort tiltækilegt sé að taka upp að svo stöddu. Ég hefði líka, af því að hér er um svo nauðsynlegt og alvarlegt mál að ræða, talið ekki óeðlilegt, að reynt yrði að komast að einhverjum samkomulagsleiðum, að allir þingflokkar hefðu reynt að leggja sig fram í því efni að ná samkomulagsleiðum um það, hvað gera á í þessum efnum, jafnvel þó að þeir gætu ekki fengið þá framkvæmd á lausn þessara mála, sem þeir hefðu helzt kosið hver um sig. En því miður hefur ekki verið horfið að því ráði enn að gera neinar slíkar tilraunir hér á Alþ., leita eftir slíku samkomulagi.

Við höfum með þessari þáltill., sem ég hef hér lítillega minnzt á, bent á þær leiðir, sem við teljum alveg sjálfsagt að reyndar verði og farið eftir þeim, það sem þær ná. Aðrir flokkar hafa ekki bent á neinar sérstakar leiðir, en þó hefur maður heyrt tilnefndar nokkrar ráðstafanir, sem gætu komið til greina, a. m. k. sem bráðabirgðaráðstafanir.

Ég skal ekki nú, af því að mjög er áliðið fundarins, fara ýtarlega út í að rekja þessar leiðir, sem við höfum bent á, enda okkar till. enn ekki hér tekin til umr., en vil þó benda á það, að það er staðreynd, sem ekki verður fram hjá gengið, að einn af stærstu útgjaldaliðum í rekstri togaranna er olíukostnaður þeirra. Verð á olíu hér á landi er miklum mun hærra, eins og tölur liggja fyrir um, og hefur verið í langan tíma hér hjá okkur miklum mun hærra heldur en í löndunum hér í kringum okkur. Þó eigum við að kaupa olíuna inn á sama verði og þau lönd gera. Og við eigum samkvæmt opinberum skýrslum þar um að njóta líka sömu flutningsgjalda og þau lönd njóta. Ég hef marggert tilraun til þess að fá skýringar á því, hvernig stendur á þeim mikla mismun, sem er á olíuverði hér og í löndunum í kringum okkur, og þær upplýsingar hafa ekki fengizt. Hitt er svo aftur vitað mál, að olíufélögin hér hafa verið að veita einstaka aðilum, sem hafa fengið verulega sterk tök á þeim, stórkostlegan afslátt frá hinu auglýsta verði, þó að togaraeigendur hafi ekki orðið þess aðnjótandi nema að litlu leyti. Í sambandi við það vil ég strax taka það fram, að það er gersamlega rangt, sem hér hefur verið sagt, að togaraeigendum hafi verið gefinn kostur á því að vera að meiri hluta til í einu því olíufélagi, sem stofnað hefur verið hér á landi nú og rekur olíuverzlunina. Mér er a. m. k. ekki kunnugt um það. Ég hef aldrei orðið var við það og þó fylgzt með þeim málum frá upphafi. (Gripið fram í.) Já, við erum í félaginu, og við fengum skeyti um það, að við mættum gerast aðilar að þessu félagi, og í því skeyti stóð, — ég á það enn þá, — að það væri bundið því skilyrði, að Samband ísl. samvinnufélaga ásamt tilteknum fjórum eða fimm kaupfélögum áskildi sér meirihlutarétt í félaginu. Það liggur skjalfest fyrir, að undir þessum kringumstæðum var okkur boðið upp á þátttöku í því félagi, en ekki annarri. En það er nú svo, að þrátt fyrir þær tölur, sem fyrir liggja um mjög mismunandi olíuverð á hinum ýmsu stöðum, þá hafa ekki getað fengizt hér fullnægjandi upplýsingar um það, hvernig á þessum mikla verðmismun stendur. Ég er því sannfærður um það, eftir að hafa kynnt mér þau mál allvel, að það er hægt að framkvæma verulega lækkun á olíuverði hér á landi og þannig bæta afkomu útgerðarinnar talsvert frá því, sem nú er.

Þá höfum við einnig bent á, að það virðist vera hægur vandi að bæta nokkuð afkomu togaraútgerðarinnar og útgerðar landsmanna almennt með því að framkvæma verulega lækkun á vöxtum hjá bönkunum, einkum á vöxtum í sambandi við hrein afurðalán. Nú eru teknir af afurðalánum hér á landi 5% vextir, sem eru miklum mun hærri vextir en maður þekkir hér í löndunum í kring. Ágætt dæmi um, hvað hægt er að gera í þessu efni, er það, sem nú liggur fyrir mjög greinilega í þessum efnum, þar sem annar aðalbankinn hér, sem er Útvegsbankinn, veitir sínum viðskiptavinum afurðalán og tekur 5% vexti af þessum lánum, en hann endurselur samtímis og hann veitir lánið þessa afurðavíxla til seðladeildar

Landsbankans og borgar Landsbankanum 4½% af þessum vöxtum fyrir að endurkaupa víxlana, eða Útvegsbankinn annast það að veita þessi afurðalán til viðskiptamanna sinna fyrir ½%, en hins vegar hrúgast svo upp gróðinn hjá seðlabankanum og er nú orðinn miklum mun meiri á ári hverju heldur en þekkzt hefur áður. Það væri full ástæða til þess, að vextir af afurðalánum yrðu stórlega lækkaðir frá því, sem nú er, enda engin ástæða til þess að leggja slík lán að jöfnu við ýmis önnur lán, sem veitt eru undir alveg gersamlega öðrum kringumstæðum heldur en afurðalánin eru.

Ég hef einnig áður bent á það, að það er alveg tvímælalaust, að það er hægt, ef vilji er fyrir hendi, að fyrirskipa verulega lækkun á frögtum, einkum á frögtum, sem teknar eru fyrir flutning á framleiðsluvörum landsmanna á erlendan markað. Það hefur ekki leynt sér, að skipafélög þau, sem annazt hafa vöruflutninga til landsins og frá landinu, bæði Eimskipafélag Íslands og skip Sambandsins, svo að maður taki tvö stærstu félögin, hafa hagnazt drjúgum á undanförnum árum, og þau hafa hagnazt svo vel, að það bendir alveg ótvírætt á, að þau gætu stillt töxtum sínum meira í hóf heldur en þau hafa gert, einkum í sambandi við að flytja afurðir landsmanna á erlendan markað. En slík fragtlækkun mundi auðvitað veita aðstöðu til þess, að hægt yrði að hækka fiskverðið aftur að jöfnu á móti.

Nú, klukkan er þegar orðin 7, og fer eflaust að líða að lokum fundarins, enda ekki ástæða til þess að ræða þetta miklu meira á þessu stigi. En ég vildi lýsa því yfir sem minni skoðun, að sú leið, sem hæstv. ríkisstj. virðist hníga að með flutningi þessarar þáltill., verkar þannig á mig, að hún er raunveruleg uppgjöf á lausn í þessu máli. Hún er það að loka augunum fyrir aðsteðjandi vanda, sjá þó, að togararnir eru að leggjast og eru lagztir sumir hverjir. Fram undan er 6—7 mánaða starfstími þeirra, þangað til Alþ. kemur næst saman, og á meðan á að athuga um afkomumöguleika þeirra, en láta þá liggja ónotaða. Þetta er að gefast að verulegu leyti upp við þennan mikla vanda, og þetta tel ég því ekki viðhlítandi úrlausn fyrir Alþ. eins og nú standa sakir.

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Hæstv. forsrh. lét í frumræðu sinni orð falla eitthvað á þá leið, að sumir kynnu að telja, að ríkisstj. legði fram þessa þáltill. til þess að firra sig ámæli og koma af sér vanda. Ég hygg, að það verði ekki bara sumir, sem segi þetta, heldur verði það almannarómur, að þetta sé heldur klaufaleg tilraun til þess að firra hæstv. ríkisstj. ámæli og koma vanda af sér og á aðra aðila.

Það eru nú komnir fullir tveir mánuðir, ef ég man rétt, síðan þessum málum var fyrst hreyft hér á Alþ. og hæstv. forsrh., sem jafnframt er sjútvmrh., að því spurður, hvað ríkisstj. hefðist að til þess að afstýra stöðvun togaraflotans. Þá minnir mig, að hæstv. ráðh. léti í það skína, að ríkisstj. væri að hugsa um að setja menn þá þegar til þess að rannsaka greinargerðir og skýrslur togaraeigenda. Ég man, að hann taldi upp í því sambandi ýmsa ágæta menn, sem hann hefði hugsað sér að fá í slíka nefnd. Tíminn hefur liðið síðan. Sú nefnd hefur ekki verið skipuð. Nú er komið fast að þinglokum, og þá er lagt til að skipa hér mþn. til þess að athuga málið, þegar fyrir liggja beinar yfirlýsingar frá togaraútgerðarmönnum, að togararnir verði stöðvaðir innan skamms, ef ekki séu gerðar stórfelldar ráðstafanir þeim til aðstoðar, og þegar er farið að leggja togurum, og vikulega bætist í hópinn. Það er augljóst mál, að verði þessi till. samþ. án annarra aðgerða, þá er ekkert hægt að gera af þingsins hálfu, löggjafans hálfu, til þess að breyta um eða bæta aðstöðu togaraeigenda, fyrr en næsta þing kemur saman, sem er yfirleitt ekki gert ráð fyrir að verði fyrr en á næsta hausti. Þetta er svarið við þeim yfirlýsingum, sem ég hygg að séu gefnar í fullri alvöru, að togaraflotinn verði stöðvaður hvað úr hverju og væntanlega að fullu í mánuðinum, eins og einn forstöðumaður togaraútgerðar orðaði það hér áðan. Því segi ég, að þetta er heldur klaufaleg tilraun til þess að firra sig ámæli. Hér er ekki bent á eina einustu leið sérstaklega, sem sé rannsóknarefni, síður en svo.

Mér er ekki fullkunnugt um, hvað sérstaklega muni valda því, ef togararnir stöðvast nú þegar hver af öðrum, hvort það er fyrir skort á rekstrarfé, hvort það er fyrir vanskil á áföllnum greiðslum eða hvort það er aðeins mat á afkomuhorfum, sem veldur þessu. Um ekkert af þessu hefur hæstv. ráðh. upplýst nokkurn skapaðan hlut. Ég veit, að það hefur nokkrum sinnum verið til þess gripið, þegar haldið hefur við stöðvun hjá ákveðnum atvinnugreinum, að veita þeim „moratorium" ákveðinn tíma, þannig að ekki væri hægt að ganga að þeim til greiðslu á kröfum og þannig stöðva rekstur þeirra. Ég veit ekki, hvort svo er ástatt um togarana, að það sé af slíkum ástæðum, sem þeir kunna að stöðvast nú, en hæstv. ríkisstj. hefði a. m. k. ástæðu til að kynna sér það, og þá mætti afstýra þeim voða með einföldum ráðstöfunum um að lögbjóða greiðslufrest á ákveðnum kröfum eða jafnvel öllum kröfum, ef það þætti nauðsynlegt. Slíkt hefur verið gert bæði fyrir landbúnaðinn, að ég held tvisvar sinnum, og fyrir bátaútveginn a. m. k. þrisvar sinnum, sem ég man eftir, einmitt til þess að afstýra stöðvun. Ég veit ekki, hvort þetta mundi duga. Það mundi duga, ef vandræðin stafa af þessum sérstöku ástæðum, sem ég nú hef nefnt.

Auk þess, að samþykkt þessarar till. er engin lausn á málinu, þá virðist mér till. sjálf svo úr garði gerð, að það sé auðséð, að það sé ekkert með henni meint. Hún er með talsvert óvenjulegum hætti. Nefndinni eru engin tímatakmörk sett. Nefndinni er ekki sagt, að hún eigi að skila neinum skýrslum. Verkefni hennar er talið í fyrstu málsgr. að athuga hag togaraútgerðarinnar. Í annarri málsgr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Skal nefndin að lokinni rann-

sókn ástæðu til, skal hún benda á úrræði, sem hún telur að megi verða útgerðinni að einhverju gagni.“ Ríkisstj. á ekki að koma þarna neitt til sögunnar. Ef nefndin kynni að verða skipuð þannig, að hún sæi ekki nein úrræði, sem hún teldi að mundu verða að gagni, þá er ekkert að gera. Setjum svo, að nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti breytta löggjöf, ákvarðaða af Alþ., til þess að gera nokkuð, sem að gagni kæmi, þá getur hún að vísu bent á það, en það mundi þá kosta að kalla saman aukaþing, geri ég ráð fyrir, ef til slíkrar aðgerðar ætti að koma.

Ég mundi telja, að það væri fyllsta ástæða til þess, ef þessi till. *er samþ.*, sem út af fyrir sig sennilega enginn verður á móti, þá segi hún nokkru nánar fyrir um verkefni n., setji því henni ákveðin takmörk. Eftir þeim yfirlýsingum, *sem fyrir liggja nú, mætti það ekki* vera seinna en um miðjan maí, sem hún ætti að hafa lokið sínu starfi, því að ekki er æskilegt, að togaraflotinn sé allur stöðvaður. Enn *fremur teldi ég ástæðu til að taka fram, hvert* hún á að skila sinni skýrslu, og ef ástæða þætti til, hvaða afbrigði hún skyldi rannsaka sérstaklega af þeim, sem hér hafa verið nefnd, *við skulum segja t. d. oliuverð, vaxtakjör og* annað slíkt.

Ég tók ekki eftir því, að hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir því, að þessi till. færi til nefndar. *Samkvæmt þingsköpum verða um hana tvær* umr., og þetta er sú fyrri. Ég verð að segja það, að mér finnst fyllsta ástæða til þess, að þessi till. fari til nefndar og þar verði athugað *orðalag hennar, hvort ekki væri rétt að marka* nokkru skýrar verkefni nefndarinnar, þannig að nokkru ákveðnari sjónarmið kæmu fram heldur en finnanleg eru í þessari ályktun eins *og hún er nú. Ég tók ekki eftir, að hæstv. ráðh.* gerði till. um nefnd. Ég leyfi mér því að gera það að till. minni, að till. verði vísað milli umr. til hv. allshn.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Ég hafði, herra forseti, allríka ástæðu til þess að flytja hér nokkra ræðu í tilefni af ummælum þeirra tveggja hv. þm., sem talað hafa. Ég ætla þó að stilla mig um það, vegna þess að ég veit, að ef þetta mál á að ná fram að ganga, þá sker það ekki úr, hvað þeir segja hér eða hvort menn færa *hér fram lengri eða skemmri rök.* Það, sem sker úr, er, að þingtíminn leyfi, að við fáum þessa nefnd skipaða.

Ræða hv. 4. þm. Reykv. (HG) sýndi, að hann hefur fremur lítið kynnt sér þau gögn, sem fyrir hafa legið í málinu. Það er ekki fyrr en í þessari viku, að ríkisstj. fær skýrslur um afkomu meira en eins togara. Og í þessari viku fékk hún skýrslu um afkomu þrettán skipa og þó ófullkomna mjög.

Það, sem mér finnst einkenna þessar umr., er, að menn fjargviðrast yfir því, að ríkisstj. skuli ekki nú þegar bera fram úrræði og vita allt um þetta mál, sem til þess þarf að bera þessi skynsömu úrræði fram.

Hv. 11. landsk. sagði, að nefndin gæti ekki skilað áliti fyrr en í haust. Af hverju þá? Er þetta rannsóknarefni svo viðurhlutamikið, að það verði ekki brotið til mergjar á skemmri tíma? En ef það er rétt, hver má þá ætlast til þess af Alþ. eða jafnvel hinni alvitru ríkisstj., að þessir aðilar geti krufið það til mergjar nú á þessu þingi? Ég leyfi mér að leiða athygli að því, að ég er ekki alveg viss um, hvort útgerðarmenn sjálfir hafa gert sér fulla grein fyrir, hvaða vandi er á höndum. Að minnsta kosti veit ég eitt, og það er, að þeim hefur ekki komið saman um nein úrræði í þessum efnum. Þeir útgerðarmenn, sem komu á fund ríkisstj., töluðu um bátagjaldeyri og einhver svipuð fríðindi eins og bátaflotinn nýtur. Hv. 11. landsk., sem hefur nú undirritað bréf til ríkisstj. fyrir hönd útgerðarmannanna ásamt tveim öðrum mönnum, ber hér fram á Alþ. allt aðra till., og það er ekki nema von, að ríkisstj. þurfi einhvern tíma til að átta sig á, hverjar af þessum till., sem útgerðarmennirnir eru að rífast um innbyrðis, séu skynsamlegar.

Útúrsnúningar hv. 4. þm. Reykv. eru tæplega svaraverðir. Hann spyr, hverjum nefndin eigi að benda á úrræði, rétt eins og það væri álitamál, hvort þingnefnd skilaði áliti til ríkisstj. eða t. d. kölska.

Ég verð svo, herra forseti, að stilla mig um að gera þær athugasemdir, sem þessar ræður hafa gefið tilefni til, vegna þess, hve áliðið er nú fundartíma, og ég veit, að hæstv. forseti hefur gert það til að reyna að þoka málinu áleiðis að halda nú fund lengur en venja er og nokkuð komið fram á matartíma.

En ég vil segja það um ræðu hv. 11. landsk. að lokum, að hann talaði hér aðallega eins og hann væri að tala í þeirri nefnd, sem ég get vel hugsað mér að hans flokkur mundi kjósa hann í, með mikinn fróðleik þeim til handa, *sem hann veit að þurfa á honum að halda.* En einmitt hans ræða sannar bezt, að það þarf á margvíslegum fróðleik að halda, áður en menn geta tekið ákvarðanir í þessum efnum.

*Ég lýk svo, herra forseti, mínum ummælum* með því að segja, að þetta er orðið dálítið spaugilegt, þegar hér stendur umboðsmaður Sósfl. og umboðsmaður Alþfl. og ráðast grimmúðlega á sjútvmrh. fyrir það, að hann hafi engan áhuga í þessum efnum, vitandi þó það, að enginn alþm. á sína afkomu jafnt undir því, að ekki sé látið afskiptalaust, hvort þessi mikilvægi atvinnuvegur landsmanna hrynur í rúst eða ekki. Ég tel mig auk þess eiga nokkurn þátt í því, að nýsköpunarflotinn var keyptur til Íslands, og hvernig í ósköpunum getur mönnum dottið í hug, að mér sé alveg sama, hvort þessi atvinnurekstur leggst í rúst almennt talað? En menn verða að skilja, að það er ekki auðið fyrir okkur að ganga lengra inn á götur bátagjaldeyrisfríðinda heldur en búið er að gera. Menn verða einnig að skilja, að ef þessi burðarás í atvinnulífi þjóðarinnar bregzt, ef á að fara að gera sérstakar ráðstafanir honum til framdráttar með fríðindum á kostnað annarra landsmanna, þá verða áður að liggja fyrir skýrslur byggðar á rannsókn og ekki reistar bara á ummælum útgerðarmanna sjálfra og dómi sjútvmrh., sem á allt sitt und-

ir, að útgerðin gangi sæmilega. Þetta er alveg eðlilegt sjónarmið og alveg eðlileg framkoma af minni hendi, en ég vil ekki, að nokkur maður væni mig um það, að ég beri kaldan hug til þessa atvinnurekstrar, enda trúi ég því ekki, að nokkrum manni detti það í hug.

Ég leyfi mér, herra forseti, að mælast til, að till. þessi verði afgreidd án nefndar.

*Haraldur Guðmundsson:* Það er fullkomlega ástæðulaust af hæstv. ráðh. að gefa í skyn, að ég vilji þæfa þetta mál. Ég hef talað hér í fimm mínútur, og það er allt og sumt. Það er líka fjarri öllu lagi, að mér detti í hug, að hann beri kaldan hug til togaraútgerðarinnar. Slíkt hefur mér aldrei dottið í hug.

Að því er snertir till. mína um, að þessi till. fari til nefndar, og ummæli hæstv. ráðh. í sambandi við það, vil ég enn benda á það, sem ég benti á áðan. Samkvæmt till., eins og hún er orðuð nú, er nefndinni í sjálfsvald sett, hvenær hún lýkur sínu starfi, hvort hún bendir á nokkur úrræði eða ekki, í staðinn fyrir, að með öllum venjulegum þinglegum og sjálfsögðum hætti ber þessari nefnd auðvitað að skila sinni skýrslu ásamt till. til hæstv. ríkisstj., sem síðan er réttur aðili til að bera þessar till. fram við Alþ. eða meta á sínum fundum öll, hvaða ráðstafanir hún telur tiltækt að gera án þess, að þurfi að koma til lagasetningar. Þetta er augljóst mál. Og það, sem orð hæstv. ráðh. nú staðfesta, er það, að þetta er ekkert annað en að neita að horfast í augu við staðreyndir, að koma af sér vanda, sem á honum hvílir sem ráðh., og koma honum yfir á þessa þingskipuðu nefnd, sem hefur ekki aðstöðu til að geta gert neitt nægilega snemma til þess að afstýra stöðvun togaranna núna í maí næstkomandi.

Hæstv. ráðh. segir, að ég megi skilja það, að honum sé annt um togaraútgerðina, hann eigi alla sína afkomu undir henni. Mér er ekki kunnugt um það sérstaklega, undir hverju hann á sína afkomu. Ég ber engan kvíðboga fyrir því, að hann lendi í neinum vandræðum, þótt togararnir stöðvist í maílok. Það eru margir aðrir, sem lenda í vandræðum í því efni og verri vandræðum án efa heldur en hæstv. ráðh. gerir. Það er rétt, að hér er um að ræða burðarásinn undir okkar atvinnulífi, og hæstv. ríkisstj. hefur til þessa, síðan þessi vandræði voru öllum ljós, vanrækt skyldu sína í þessum efnum. Það, sem hún er að gera með þessu, er að reyna með þessu yfirklóri að koma vandanum á aðra, skjóta málinu á frest, sem getur haft þær afleiðingar, að þessi burðarás bogni og útgerðin stöðvist.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 786, 825, 835).

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram brtt. við þessa till. til þál. um athugun á hag togaraútgerðarinnar og raunar tvær, aðalbrtt. á þskj. 825, og er það nokkur umorðun á þáltill.

Þessi till. mín miðast við, að það þurfi ekki sérstaklega miklar rannsóknir á hag togaraútgerðarinnar til þess að komast að niðurstöðu um, að það sé verulegra umbóta þörf. Ég held, að staðreyndirnar, sem blasa við okkur nú, tali það skýru máli, að raunverulega sé ekki höfuðatriðið í sambandi við afgreiðslu á svona stórmáli núna rannsóknin ein, heldur hljóti hitt að vera höfuðatriðið, að benda á úrræðin og verða sammála um þau. Þær staðreyndir t. d., sem blasa við okkur nú um hag togaraútgerðarinnar, eru, að tveir af togurum Bæjarútgerðar Reykjavíkur eru nú þegar bundnir, þ. e. fjórði hlutinn af togurum bæjarútgerðarinnar, þeirrar stærstu, sem til er í landinu, er þegar bundinn hér í Reykjavík. Ég býst ekki við, að það sé nokkur hv. þm., sem álítur, að Bæjarútgerð Reykjavíkur fari að binda sína togara, nema því aðeins að það sé af einhverjum ástæðum gersamlega óhjákvæmilegt. Hins vegar býst ég við, að það þyrfti ekki að spyrja nema framkvæmdastjórana í bæjarútgerðinni að því, hvaða togarar það séu sem stendur, sem borga sig bezt hjá henni. Ég býst við, að hún mundi samstundis svara, að það eru þeir, sem væru bundnir. Reikningslega séð eru það áreiðanlega þeir, sem borga sig bezt. Það er sem sé ekki nokkur efi á því, að það er tap á togaraútgerðinni og það mikið tap og vaxandi tap.

Hins vegar blasir svo sú staðreynd við okkur, að sjómennirnir ganga í land og það fyrst og fremst vönustu sjómennirnir og reyndustu sjómennirnir og um leið dýrmætustu sjómennirnir, þannig að togararnir geta vart gengið, það er vart hægt að reka þá lengur, vegna þess að það vantar á þá sjómenn, íslenzka sjómenn. Og af hverju ganga sjómennirnir í land? Af því að launakjörin eru orðin gersamlega óviðunandi. Einmitt þegar togararnir eru reknir til þess að afla fisks til þess að vinna úr hér innanlands, þá eru launakjörin á þeim gersamlega óviðunandi, enda líka nú þegar samþ. af sjómannafélögunum að segja upp samningum, þannig að hafa það í hendi sér, í hvaða mánuði togararnir kynnu að verða stöðvaðir. M. ö. o.: Við stöndum frammi fyrir því, að annars vegar tapar togaraútgerðin, þannig að þeir, sem eiga togarana, treysta sér vart til að reka þá, og hins vegar eru sjómennirnir að ganga í land af togurunum vegna þess, að launakjörin á þeim eru gersamlega óviðunandi. Ég veit ekki, hvernig staðreyndirnar ættu að geta talað skýrara máli heldur en þessu um, hve gersamlega óviðunandi það ástand sé, sem nú er í málum togaraútgerðarinnar, og ég vil minna á það um leið, að það, að vélbátaútvegurinn gengur, stafar af því, að það er greiddur til hans styrkur frá almannafé, 80 millj. kr. á ári, og þessi styrkur hefur skapað þá hugmynd hjá sumum mönnum, að vélbátaútgerðin borgi sig eitthvað betur á Íslandi nú sem stendur

heldur en togaraútgerðin, sem er náttúrlega algerlega rangt. Togaraútgerðin er rekin styrklaust, og jafnvel þótt tap á henni væri á árinu máske milli 20 og 30 millj., þá kostar hún almannafé miklu minna heldur en vélbátaútgerðin gerir núna.

Hins vegar er með þessu ástandi í þjóðfélaginu, sem núna er, verið að skapa hringlandi vitlausa afstöðu hjá fólkinu almennt til þess gildis, sem togaraútgerðin hefur fyrir okkur, gagnvart því gildi, sem vélbátaútvegurinn hefur, og er ég þó ekki að lasta hann. Það er farið að tala um það nú, að togararnir borgi sig ekki. Það er farið að tala um það nú, að það sé bezt að hætta togaraútgerð á Íslandi. Það koma jafnvel í blöðum tilskrif frá mönnum um það, að það sé bezt að fara að selja togarana úr landi. Það er rétt eins og þjóðinni sé ekki enn þá orðið það ljóst, að togaraútgerðin er sá burðarás, sem á hvílir atvinnulíf Íslendinga, öll afkoma Íslendinga, allur íslenzkur ríkisbúskapur og öll sú lífsafkoma, sem vinnandi stéttirnar og almenningur ekki síður en borgarastéttin eiga við að búa á Íslandi. Ég þarf ekki nema að minna á eina einustu tölu í sambandi við það, sem oft hefur verið nefnd hérna áður. Það er sú gífurlega afkastageta, sem við Íslendingar höfum við okkar veiðar, okkar sjómenn afkasta meiru á mann á veiðum heldur en nokkrir aðrir sjómenn veraldarinnar. Eins og hv. þm. vita, þá er meðaltalið, að á hvern íslenzkan sjómann séu veidd 70 tonn af fiski. Næsta land, sem kemur á eftir, — ég býst við, að það sé Noregur, — er með 10 tonn af fiski á sjómann. Við erum sjöfalt hærri og langhæsta land veraldarinnar. Hvað er það, sem gerir það, að við stöndum svona hátt í þessu, að okkar afkastageta er svona mikil? Við skulum taka t. d. bezta togarann í ár. Afkastageta sjómannsins á honum er 230 tonn af fiski. Einn einasti sjómaður framleiðir það, og það er þessi háa framleiðslugeta sjómannanna á togurunum, sem gerir það að verkum, hvað meðaltalið verður hátt fyrir íslenzkan útveg í heild. Togararnir eru langsamlega afkastamestu tæki, sem við eigum á sjó og landi, og með því að fá okkur duglegu sjómönnum þessi tæki til þess að nota við okkar góðu fiskimið, þá getum við skapað þá lífsafkomu, sem til er á Íslandi. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér þetta ljóst, og það væri nauðsynlegt, að fólkið almennt væri uppfrætt betur um þetta, þegar aðrir eins hlutir koma fram og þeir, að togaraútgerðin borgi sig ekki fyrir þjóðina og það sé bezt að fara að selja togarana úr landi eða leggja þeim, — togaraútgerðin, sem borgar sig bezt fyrir þjóðina.

Þó að togaraútgerðin beri sig ekki fjárhagslega, þá ber hún allt okkar þjóðarbú uppi. Þetta er það, sem ég vildi undirstrika, og þess vegna geri ég það þarna að minni brtt., að þessi nefndarskipun sé miðuð við að aðstoða ríkisstj. við að leysa þessi vandamál, m. ö. o. ekki að setjast niður til þess að rannsaka og rannsaka og semja langa og stóra doðranta, sem þm. er úthlutað eftir nokkurn tíma og enginn þeirra síðan lítur í, heldur að aðstoða ríkisstj. við að finna nú þegar leiðir til þess að bjarga togaraútgerðinni og fara þær leiðir. Mér sýnist einmitt á till. hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj., að meiningin hjá hæstv. ríkisstj. sé að reyna að skapa samstarf á milli allra flokka þingsins og ríkisstj. um þetta mál, og undir það vil ég taka, og við það miða ég líka þessa brtt., en bæti því aðeins við, að þessi n., sem kosin sé, eigi að vinna að því í samráði við ríkisstj. að gera tafarlausar ráðstafanir til þess að tryggja hallalausan rekstur togaraútgerðarinnar og að það fáist jafnan íslenzkir sjómenn til starfa á togaraflotanum. Síðan bendi ég á, eins og við höfum raunar áður gert og ég þarf ekki að ítreka sérstaklega, hvaða leiðir skuli fara, þ. e. lækkun á olíuverði, lækkun á bankavöxtum o. s. frv. Þessar leiðir liggja í augum uppi. Þær eru einu leiðirnar, sem hægt er að fara, að skera niður eitthvað af þeim gróða, sem einokunarvaldið í landinu hefur. Þetta einokunarvald er of þungt, það er of þungt á togurunum hjá togaraútgerðinni, og það er að drepa hana, og það er meira að segja bezt fyrir það sjálft, ef það á að lifa áfram að einhverju leyti, að togaraútgerðinni sé bjargað.

Ég held þess vegna, að það verði að láta bæði bankana og olíuhringana, vátryggingarfélögin og önnur slík finna, að það verður að skera niður þann kostnað, sem allir þessir aðilar yfirleitt heimta núna af útgerðinni.

Ég álít, að hættan, sem vofir yfir, sé sú, að nú þegar í mailok verði megininu af okkar togurum lagt. Það eru sum félög búin að segja upp yfirmönnunum á skipunum nú þegar. Undirmönnunum er hægt að segja upp, þ. e. hásetunum, með skömmum fyrirvara. Það er nú þegar búið að leggja tveimur af togurum Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Fátæku bæjartogaraútgerðirnar úti um land berjast í bökkum. Það var ekki meiningin, þegar þessir togarar voru keyptir og þeim var úthlutað til bæjarútgerðanna úti um land til þess að skapa stórútgerð á stöðum, þar sem hún hafði ekki verið áður, að þetta endaði með því, að þessar bæjarútgerðir yrðu brotnar niður fjárhagslega, togararnir teknir af þeim og kannske seldir til einhverra og einhverra einkaaðila, en það er það, sem stefnir að, svo framarlega sem svona er haldið áfram eins og nú er. Það vofir yfir þjóðinni, að togararnir stöðvist, jafnvel að sú alda fari að rísa, að það eigi að fara að selja togarana úr landi; enn fremur að bæjarútgerðirnar, þetta mjög ánægjulega fyrirbrigði, sem skapazt hefur, og ein eftirtektarverðasta sjálfsbjargarviðleitni smábæjanna úti um land, — að þessar bæjarútgerðir verði brotnar fjárhagslega á bak aftur. Það er þetta, sem vofir yfir, ef ekkert er nú að gert. Ég álít þess vegna, að hér þurfi að grípa í taumana. Það sé ekki nóg, eins og hæstv. ríkisstj. leggur til, að n. aðeins athugi hag togaraút-

gerðarinnar og ef hún sjái ástæðu til að lokinni rannsókn, þá bendi hún á úrræði. Það, sem n. þarf að gera, er að vinna með ríkisstj. að því, að úrræðin séu framkvæmd nú þegar.

Ég vil leyfa mér að vona, að hæstv. ríkisstj. og hv. þm. geti gengið inn á þessa aðalbrtt. mína. Hin brtt. á þskj. 535 er miklu smærri. Það er aðeins um, að 7 manna n. sé til vara. Það er að vísu ekki sérstaklega þýðingarmikið, getur þó verið þægilegt, en er að vísu líka hægt að framkvæma það máske án þess, að till. sé samþ. um það.

Ég vil svo leyfa mér að vona, að hv. þm. geti fallizt á þessa brtt., og með því mundi þó vera skilizt þannig við þetta mál nú á þinginu, að það væri bent á úrræði og ríkisstj. og fulltrúum Alþ. raunverulega falið vald til þess að framkvæma þau úrræði. Þá mundi þingið sem sé skiljast vel við þessi mál. Hitt aftur á móti, að setja málið aðeins í n., það vitum við því miður venjulega hvað þýðir.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Ég vildi aðeins leyfa mér, herra forseti, að mælast vil þess við hv. 2. þm. Reykv., að hann taki aftur brtt. á þskj. 835 um skipun varamanna. Ef slík till. yrði hér borin upp og felld, þá mundi ég líta á það sem fyrirmæli Alþ. um það, að ekki væri heimilt að skipa varamenn, eða ekki væri heimilt að taka við öðrum en þeim, sem þingið kýs, í slíka nefnd. Ég geng hins vegar út frá því sem eðlilegum hlut, að ef einhver þeirra manna, sem kosnir verða nú á Alþingi, forfallast frá störfum, þá muni ég hlutast til um, að sá flokkur, sem þann mann hefur kosið, nefni annan mann í staðinn fyrir þann, sem þannig kynni að forfallast frá störfum. — Að öðru leyti vil ég ekki tefja umr. um málið. Ég held fast við þá till., sem ríkisstj. hefur borið fram og hér hefur verið rædd, og sé ekki ástæðu til að bæta við það.

ATKVGR.

Brtt. 825 felld með 36:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

*já:* GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HG, KGuðj, LJós, SG, BergS, ÁS, EggÞ, EOl, EmJ.

*nei:* GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, JörB.

3 þm. (FRV, HV, PO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

*Gísli Jónsson:* Herra forseti. Með því að hv. flm. hefur alveg láðst að sýna fram á, hvernig á að ná saman endunum, ef uppfyllt er ákvæði till., þar sem ætlazt er til, að kostnaðurinn aukist eins mikið og sparað er á öðrum sviðum, þá sé ég ekki ástæðu til að samþ. till. og segi því nei.

*Jóhann Jósefsson:* Herra forseti. Ég tel engan veginn óhugsandi, að ýmislegt af því, sem talið er upp í þessari brtt., megi vera liður í þeim ráðstöfunum, sem þarf að gera eða gerðar kunna að vera. Á hinn bóginn álít ég, að á þessu stigi málsins beri ekki að sníða þeirri n., sem fær þetta mikla verkefni í hendur, neinn sérstakan stakk, og segi því nei við þessari brtt.

Brtt. 835 tekin aftur.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 860).

## 16. Kosningar til Alþingis og sveitarstjórnarkosningar.

Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var útbýtt:

*Till. til þál. um kosningu nefndar til að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar* [207. mál] (A. 839).

Á 49. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gísli Guðmundsson):* Herra forseti. Í till. þeirri til þál., sem hér liggur fyrir á þskj. 839 og flutt er af hv. þm. A-Húnv., hv. þm. Barð., hv. þm. A-Sk. og mér, er það lagt til, að Alþ. kjósi 7 manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar, en gildandi lög um þetta efni eru nr. 80/1942 og nr. 81/1936.

Það hefur komið fram á þessu þingi, að margir hafa áhuga fyrir endurskoðun og breytingu kosningalaga, og eru áður komnar fram uppástungur um, að endurskoðunin verði falin sérstakri nefnd. Þar sem nú er komið að þinglokum, mun það að öllu athuguðu vera svo, að mestar líkur séu til, að till. um slíka endurskoðun nái fram að ganga í því formi, sem við nú flytjum hana.

Í till. er gert ráð fyrir, að Alþ. kjósi sjálft nefndina á breiðum grundvelli og að henni verði eingöngu falið að endurskoða kosningalögin.

Þar sem mjög er orðið áliðið þings, legg ég ekki til, að till. verði vísað til nefndar, en vænti þess, að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr.

*Gylfi Þ. Gíslason:* Herra forseti. Á þskj. 360 fluttum við 4 þm. till. til þál. um skipun nefndar til þess að gera tillögur um takmörkun á heimild stjórnmálaflokka til þess að nota fé í sambandi við kosningar og kosningaundirbúning. Þessari till. var vísað til hv. allshn. Sþ., og lagði hún til, að till. yrði breytt. Brtt. hv. allshn. var þannig, með leyfi hæstv. forseta, að fyrri *málsgr.* till. skyldi orðast svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa eftir tilnefningu þingflokkanna 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar

til Alþingis og til þess að athuga og gera tillögur um kjördæmaskipunina.“

Gerði hv. form. allshn., hv. 1. þm. Eyf. (BSt), glögga grein fyrir skoðun nefndarinnar á málinu og rökum hennar fyrir því að breyta till. í þetta horf. En nefndin var á einu máli um að mæla með samþykkt till. svo breyttrar. Nú brá hins vegar svo við, þegar till. var til umræðu á síðasta fundi í Sþ., að umræðum var frestað, en í þess stað var nokkru síðar útbýtt till. til þál. um kosningu nefndar til að endurskoða lög um kosningar til Alþ. og lög um sveitarstjórnarkosningar. Munurinn á þessari þáltill. og till. allshn. er sá, að í síðari þáltill. er gert ráð fyrir kosningu 7 manna nefndar, en í till. allshn. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. skipi 5 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna. Að öðru leyti er ekki um efnismun á tillögunum að ræða.

Ég tel að mörgu leyti eðlilegra að hafa þann hátt á, sem hv. allshn. lagði til að hafður væri, þ. e. a. s., að nefndin væri skipuð 5 mönnum aðeins og að allir flokkar þingsins ættu fulltrúa í þeirri nefnd. Þess vegna hef ég leyft mér ásamt þeim sömu mönnum og fluttu upphaflegu þáltill. um takmörkun á heimild stjórnmálaflokka til þess að nota fé í sambandi við kosningar og kosningaundirbúning að flytja brtt. við þáltill. um það, að hún verði orðuð eins og hv. allshn. hafði lagt einróma til, og vonum við, að þessi brtt. við þáltill. hv. þm. N-Þ. o. fl. hljóti stuðning, fyrst sú hugmynd, sem þar liggur til grundvallar, átti einróma fylgi í hv. allshn.

Það er ástæðulaust að hafa nefndir fjölmennari en brýn þörf gerist, og það er eðlilegt, að allir flokkar þingsins geti látið skoðanir sínar í ljós í sambandi við þá endurskoðun, sem hér er lagt til að fari fram.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um málið til þess að verða ekki til þess að tefja þingstörf að nauðsynjalausu á síðasta starfsdegi þingsins.

*Bernharð Stefánsson:* Herra forseti. Ég get mjög stytt mál mitt, sökum þess að hv. 1. landsk. þm. (GÞG) hefur rakið gang þessa máls, sem ég hafði ætlað mér að víkja að.

Það er borin fram þáltill. hér í hinu háa Alþ. um skipun nefndar til þess að endurskoða einn þátt kosningalaganna. Þeirri till. er vísað til allshn. þingsins, og hún gerir þá brtt., að n. sé falið það hlutverk að endurskoða öll kosningalögin til Alþ. og jafnframt að gera tillögur um kjördæmaskipun landsins, sem vitanlega er ekki hægt að breyta með einföldum lögum, en átti að vera til leiðbeiningar fyrir væntanlega stjórnarskrárnefnd, ef hún nokkurn tíma lýkur störfum. Eins og hv. 1. landsk. þm. tók fram, þá var allshn. með öllu óklofin í till. sinni um þetta mál. Einn nm. var ekki viðstaddur að vísu, eins og ég gat um í gærkvöld, þegar það mál var til umræðu, en að öðru leyti var nefndin óklofin, og áttu þó sæti í henni fulltrúar fjögurra flokka.

Nú bregður svo við, að þessi till., sem nefnd er búin að athuga, er ekki einu sinni á dagskrá á þessum fundi, og þar með, að því er mér virðist, af forseta ákveðið, að hún komi tæplega til meðferðar framar. En í staðinn er lögð fram hér sérstök þáltill. um sama efni og ákaflega svipuð og brtt. allshn. var við hina till. Munurinn er sá, að í staðinn fyrir 5 manna nefnd, sem væri skipuð eftir tilnefningu allra þingflokkanna, komi 7 manna kosin nefnd, og svo er fellt niður, að þessi nefnd skuli athuga um kjördæmaskipun landsins. Þetta er breytingin.

Raunverulega virðist breytingin vera aðeins sú, að minnsta stjórnmálaflokknum í þinginu er bolað frá að taka þátt í þessu starfi og að nefndin á ekki að fjalla neitt um kjördæmamálið.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en út af þessu vil ég segja það, að ég sé ekki, að þessi nýja þáltill. taki brtt. allshn. neitt fram. Að vísu mundu tveir stærstu flokkarnir í þinginu fá 2 menn hvor í þessa nefnd, en eins og ég tók fram í umræðunum um þá till., þá er það ekkert aðalatriði, hvort flokkur hefur einn eða tvo menn í nefnd, sem ekkert vald hefur, heldur á aðeins að gera till. Ég veit ekki heldur, hvort það er hyggilegt að ganga fram hjá því, ef menn eru ekki alveg horfnir frá því að setja nýja stjórnarskrá á næstu árum, að athugað sé um kjördæmaskipun landsins, því að á því atriði hefur það staðið, að ekki er þegar búið að ákveða nýja stjórnarskrá.

Á hinn bóginn álít ég þó betra að fá þessa þáltill. samþ. heldur en ekki neitt, og ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með þeirri brtt. við þessa till., sem hv. 1. landsk. þm. boðaði, en að henni fallinni, og sjálfsagt má búast við, að hún falli, þá mun ég þó þrátt fyrir það, að mér finnst málatilbúnaðurinn einkennilegur, greiða atkv. með þeirri þáltill., sem fyrir liggur.

Ég hef ekki séð ástæðu til að boða fund í allshn. út af þessari nýju till., þar sem henni hefur alls ekki verið vísað til nefndarinnar. Ég hef átt aðeins tal við suma af nefndarmönnum, en alls ekki alla, og ég veit ekki, hvernig þeir munu greiða atkv. um brtt., sem nú er lýst. En ef ekki liggur annað fyrir til atkv. að lokum heldur en sú þáltill., sem hér er til umr., þá hygg ég, að flestir nm. í allshn. muni greiða henni atkv.

*Jón Pálmason:* Herra forseti. Þar sem ég er einn af flm. þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, þá þykir mér ástæða til að segja örfá orð, einkum út af þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar.

Það hefur komið í ljós að undanförnu smátt og smátt, að á okkar kosningalögum eru ýmsir gallar, sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Skal ég nefna sem dæmi það, sem er mjög áberandi í sambandi við bæjar- og sveitarstjórnarkosningar, að þar getur hvort tveggja átt sér stað, nú á þessu ári, að talsvert miklum hóp af kjósendum er bægt frá því með lögum að taka þátt í bæjar- eða sveitarstjórnarkosningum, ef þeir hafa flutt á milli staða, og hitt getur líka átt sér stað, að aðrir kjósendur, sem hafa flutt á milli staða, geti kosið á tveim stöðum á sama

árinu. Ég nefni þetta sem dæmi til sönnunar því, að það er nauðsynlegt að endurskoða okkar kosningalög, og er það í rauninni ekkert undarlegt, vegna þess að í aðalatriðum eru þau orðin fullra tuttugu ára gömul, en þetta er mikill lagabálkur og eðlilegt, að hann sé endurskoðaður nú. Hins vegar gat það orkað tvímælis, hvort það var nauðsynlegt að setja í þetta mþn. eða fela ríkisstj. að láta sína starfsmenn, stjórnarráðsstarfsmenn, framkvæma þessa endurskoðun fyrir næsta þing.

En út af því, sem hér hefur komið fram hjá hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. Eyf., þá vil ég segja það, að ég sé enga ástæðu til að vera að blanda saman þeim tveimur málum, sem hér er um að ræða, því að þetta er, eins og allir sjá, ný till. og stendur ekki í neinu sambandi við þá till., sem þeir aðallega ræddu. Hún var upphaflega flutt á allt öðrum grundvelli en hér er um að ræða, og inn í hana átti, bæði eins og hún var upphaflega og eins og henni var skilað frá allshn., að blanda endurskoðun á kjördæmaskipuninni, sem liggur fyrir nefnd, sem búin er að starfa í mörg ár, og virðist liggja beint fyrir að heimta, að sú n., sem er stjórnarskrárnefndin, skili áliti. Þau mál, sem þar er um að ræða, eru þess vegna alveg utan við það verksvið, sem hér er ætlazt til að þessi n., sem við flytjum hér till. um, eigi að fjalla um. Hitt má segja að sé kannske eðlilegur ágreiningur, varðandi skipun þessarar nefndar, hvort það skuli vera fleiri eða færri menn í henni, og eins hitt, hvort þeir skuli vera tilnefndir af þingflokkunum eða kosnir af Alþ. En okkur sýndist það nú, flm. öllum, að það væri eðlilegt að hafa á því þann sama hátt og venjulega hefur verið um milliþinganefndir, að þessi n. væri kosin hlutfallskosningu eftir venjulegum reglum hér á Alþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en vil leggja áherzlu á það, að hv. þm. séu ekkert að blanda saman hér þeim tveimur málum, sem hv. 1. landsk. lagði áherzlu á að blanda hér saman í sinni ræðu, og ég vænti þess, að hæstv. forseti geti séð svo til, að þessi till. geti gengið hér í gegn án þess að fara til n. Þetta er ákaflega einfalt mál, og þar sem nú er komið að þinglokum, þá er nauðsynlegt, að það séu hafðar hraðar hendur á því, ef menn ætlast til, að þessi till. nái hér samþykki.

*Gils Guðmundsson:* Herra forseti. Ég var satt að segja dálítið hissa á því, þegar ég sá dagskrána fyrir þennan fund, að till. sú, sem var hér á dagskrá í gær, till. á þskj. 360, skyldi ekki vera á dagskránni, en nýlega fram lögð þáltill. um mjög skylt efni var hins vegar komin hér á dagskrána. Hv. 1. landsk. hefur rakið nokkuð forsögu þeirrar till., sem liggur fyrir á þskj. 360, og skal ég ekki endurtaka það, aðeins minna á, að sú till. fjallar, eins og hún er úr garði gerð frá hálfu allshn., í meginatriðum um sama efni og hin nýja þáltill., sem hér er til umræðu. Það er því mishermt hjá hv. þm. A-Húnv., að hér sé verið að blanda saman algerlega óskyldum málum. Það virðist a. m. k. auðsætt, að hin nýja þáltill. er borin fram fyrst og fremst í þeim tilgangi að gera óþarfa till. á þskj. 360 eða réttara sagt brtt. allshn. við þá till., og eina ástæðan, sem virðist liggja til þess, að þarna er komin fram ný till. um svo að segja sama efnið, þ. e. a. s. endurskoðun á lögum um kosningar til Alþingis, virðist vera sú, að það eigi að útiloka með hinni nýju till., að allir þingflokkarnir fái fulltrúa í þeirri nefnd, sem á að kjósa til þess að endurskoða kosningalögin. Það er a. m. k. ekki hægt að sjá, að tilgangurinn sé neinn annar.

En í sambandi við þetta vil ég minna á það, að þetta er gagnstætt þeirri venju, sem hefur a. m. k. stundum verið látin gilda um hliðstæð mál, þegar átt hefur að endurskoða til að mynda stjórnarskrána. Ég veit ekki betur en að síðasta stjórnarskrárnefnd hafi verið þannig skipuð, að það hafi verið í hana tilnefndir 2 menn frá hverjum þingflokkanna. (*Gripið fram í:* Að minnsta kosti einu sinni.) Já, ef til vill ekki síðasta nefndin, — ég þori ekki að fullyrða það, — en það hefur verið gert, að þingflokkarnir hafa fengið að velja jafnmarga fulltrúa í slíka nefnd án tillits til stærðar þeirra, og rökstuðningurinn fyrir þeim hætti er að sjálfsögðu sá, að í slíkri nefnd, sem á að rannsaka mál og undirbúa tillögur, sé eðlilegt og gott fyrir allra hluta sakir, að sem flest sjónarmið komi fram, að sem flestir aðilar hafi aðstöðu til að leggja það til málanna, sem þeir hafa fram að færa.

Eins og hv. 1. landsk. lýsti hér áðan, höfum við hinir sömu þm. sem bárum fram till. þá, sem er á þskj. 360, leyft okkur að bera fram sem brtt. við þá till., sem hér liggur fyrir, alveg óbreytta brtt. hv. allshn., sem prentuð er á þskj. 503.

Ég vil vænta þess, að hv. alþm. líti á þetta mál af fullri sanngirni og geti sætzt á þá afgreiðslu, að sú till. verði samþ. og þar með tryggt, að allir þingflokkar hafi aðstöðu til þess að koma að sínum skoðunum og sjónarmiðum í sambandi við þá endurskoðun á kosningalöggjöfinni, sem hér er fyrirhuguð.

*Karl Guðjónsson:* Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós undrun mína yfir þeim óvenjulegu vinnubrögðum hæstv. forseta að taka ekki á dagskrá þessa fundar nál. allshn. um það mál, sem er í rauninni hið sama og hér liggur fyrir. Ég vil sömuleiðis taka undir þau ummæli, sem hér hafa fallið um það, að hér er um alveg óvenjulega afgreiðslu máls að ræða að því leyti, að till. kemur fram allsnemma á þinginu um, að gerðar séu ráðstafanir til þess að takmarka notkun fjár í kosningum. Allshn. Sþ. hefur haft málið til meðferðar á mörgum fundum. Hún hefur orðið sammála um að flytja brtt., sem mér skilst að flm. till. á þskj. 360 geti hið bezta sætt sig við, enda er þar um að ræða frjálslynda lausn á málinu. Þetta er býsna merkilegt af hæstv. ríkisstj., því að henni eigna ég till. á þskj. 839, sem hér er til umræðu, enda þótt hún sé ekki skráð sem flytjandi hennar. Það er ákaflega lítil viðsýni

eða frjálslyndi, sem birtist í því, að fráleitt skuli þykja að afgreiða málið eins og allshn. óklofin hefur lagt til.

Ég ætlaði mér, þegar ég bað hér um orðið í upphafi vega, að gera að mínum brtt. við þetta þær till., sem allshn. hafði gert, en lýsi nú stuðningi mínum við þær, þegar aðrir hafa orðið mér fyrri til að flytja þær, og vænti þess, að þær nái samþykki, fyrst hæstv. forseta þótti ekki ástæða til þess að láta þær koma hér til atkvæða sem sjálfstæðar till., eins og mér hefði þó virzt að sjálfsagt hefði verið, enda fráleitt að virða till. allshn. í málinu minna en þær till., sem eru mjög síðla fram komnar og fluttar af nokkrum þm., að því er virðist einungis til þess að koma í veg fyrir það með tilstyrk hæstv. forseta, að till. frá allshn. komi til atkvæða.

*Bergur Sigurbjörnsson:* Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það mál, sem hér er til umræðu, svo furðulegt sem það er þó, bæði hv. 1. landsk. þm. og hv. 8. þm. Reykv. hafa gert það og sagt það, sem ég vildi segja í þessu máli. En það er aðeins lítið atriði, sem ég vildi skjóta hér inn í þessa umræðu. Brtt., sem hv. 1. landsk. þm. og fleiri flytja, er orðrétt till. í máli, sem áður hefur legið fyrir nefnd. Hins vegar hefur aðaltill., sem hér er til umr., ekki verið vísað til nefndar.

Nú er það sýnilegt, að skipun 7 manna mþn. til að athuga þessi mál hlýtur að hafa talsvert mikinn kostnað í för með sér, og því tel ég, að samkvæmt þingsköpum ætti að vísa þeirri till. til nefndar milli umræðna, ef hún yrði samþykkt.

Ég vil því gera það að till. minni, að svo framarlega sem brtt. verður felld, sem er raunverulega till. frá nefnd og hefur verið fjallað um í nefnd, þá verði aðaltill. vísað til hv. fjvn. á milli umræðna.

Fleira en þetta ætlaði ég ekki að segja. Þó vil ég aðeins taka það fram, að mér þykir hafa orðið hér mikil skoðanaskipti á hv. Alþ. síðan í gær. Í gær var borin hér fram till. um það að fækka í mþn., sem var till. um að kjósa hér, mþn. í heilbrigðismálum. Það lá hér fyrir till. um að kjósa 5 manna mþn., og hið háa Alþ. sá ástæðu til að fækka þessu í 3 menn. Nú hefur þn. lagt til að kjósa 5 manna nefnd, en fram er komin á hinu háa Alþ. till. um að fjölga í þeirri n. upp í 7 menn. Ástæðan til þess að fjölga á í n. og kjósa hana með þeim hætti, sem nú er lagt til, er aðeins ein, sú að útiloka einn þingflokkinn, nefnilega Þjóðvarnarflokk Íslands, frá því að eiga fulltrúa í nefndinni.

Ég skil það mætavel, að hv. stjórnarflokkar kjósa það fremur að hafa fulltrúa frá Alþfl. og Sósfl. í n. með sér, en vilja losna við Þjóðvfl. og hafa nefndina fjölmennari og fórna meira fé úr ríkissjóði til þess eins. En einhvern veginn kann ég nú samt ekki við þessa aðferð, allra sízt þegar hv. þm. stjórnarflokkanna, eins og hv. 1. þm. Eyf. (BSt), frsm. allshn. hér í gær, lýsti afstöðu sinni til þessa máls og rökum fyrir því, að það væri eðlilegt og sjálfsagt, að allir þingflokkarnir ættu mann í slíkri nefnd sem þessari, og færði þar m. a. fram sem rök, að í stjórnarskrárnefndinni svo kölluðu voru þingflokkarnir jafnréttháir, a. m. k. um eitt skeið.

*Gísli Jónsson:* Herra forseti. Út af því, að hér hefur komið fram frá hv. flm. till. á þskj. 360, að hér væri um sama mál að ræða, vil ég aðeins leyfa mér að benda hæstv. forseta á, að ef till. hv. allshn. yrðu samþ. sem brtt. við aðaltill. á þskj. 360, þá mundi ég a. m. k. krefjast þess, að það yrði úrskurðað af hæstv. forseta, hvort ekki væri um nýtt mál að ræða.

Í upphafi er borin fram hér till. um að rannsaka mútur í kosningum og lögð megináherzla á það, enda höfuðatriðið í till. á þskj. 360. Nú hefur allshn. breytt þeirri till. og gerir það að höfuðatriði að rannsaka kjördæmaskipunina, en fellir í burt meginatriði úr till. á þskj. 360. Betur er nú varla hægt að löðrunga hv. flm. heldur en hv. n. hefur gert með nál. sínu, því að þar er alveg þurrkað út meginatriði till. og þar með að áliti n. sýnt fram á, að slíkar fullyrðingar hafi ekki verið annað en fleipur í hv. þm. og sé engin ástæða til að taka slíkt upp, hvorki í nál. né í till. Hér er því vissulega um allt annað mál að ræða og það svo, að hér er enginn skyldleiki á milli.

Sama má segja um þá till., sem hér er til umr. Úr henni er fellt alveg í burtu að rannsaka eða gera till. um kjördæmaskipunina, eins og hv. þm. A-Húnv. hefur bent á. Það er þar því enn um allt annað mál að ræða heldur en það mál, sem hv. allshn. hefur lagt til að afgreitt yrði. Þess vegna undrar mig mjög, þegar nú hv. 1. flm. till. á þskj. 360 tekur upp till. úr nál. við allt annað mál og óskar eftir, að henni sé hnýtt aftan í það mál, sem hér um ræðir. Þó að till. sú, sem hér um ræðir, verði samþ. óbreytt, þá útilokar það ekki, að till. á þskj. 360 komi til atkv. og Alþ. segi um það, hvort það vill láta rannsaka, að hve miklu leyti einn eða annar flokkur hefur haft í frammi mútur í sambandi við kosningar, því að það er höfuðatriði þeirrar till. Og mér þykir ákaflega lítið leggjast fyrir kappann, ef hv. 1. flm. og allir hinir, sem með honum eru, sætta sig við það, að ekki sé efnislega rannsakað það atriði, sem þeir þóttust vera vissir um að Alþ. mundi samþykkja.

Út af hinu atriðinu, að ranglátt sé og ólýðræðislegt að leyfa ekki öllum flokkum að eiga sæti í þeirri nefnd, sem á að endurskoða kosningalöggjöfina, vil ég leyfa mér að benda á, að Sósfl. á Alþ. er þríklofinn; hann hefur hér 6 menn undir nafninu sósíalistar, hann hefur einn mann utan flokka, og hann hefur 2, sem ganga hér undir fölsku nafni. Hvaða heilindi væru í því eða lýðræði að leyfa slíkum flokki, sem kannske skipuleggur sjálfur sinn klofning þannig fyrir kosningar, að fá 3 fulltrúa, en lofa svo ekki stærsta flokki þingsins með 21 fulltrúa að hafa nema einn? Ég held, að þessi hv. þm. hafi ekki athugað nægilega vel, hvað hér er að gerast í þessum málum.

Ég vil svo aðeins að síðustu benda á, að auk þeirra agnúa, sem hv. þm. A-Húnv. gat um áðan á kostningalöggjöfinni, þá er mér kunnugt um, að fjöldamargir oddvitar í sveitum landsins hafa óskað eftir því, að endurskoðuð yrðu lögin um sveitarstjórnarkosningarnar. Það er svo nú, að það er ekki hægt að kjósa neina varahreppsnefndarmenn í þeim hreppsnefndum, þar sem ekki er kosið eftir listum. Ef einn af þeim þremur, eins og þeir eru venjulega, fellur frá, þá eru engir varamenn. Þá verður kosning að fara fram að nýju, því að hæstv. ráðuneyti hefur úrskurðað, að þessu sé ekki hægt að breyta nema því aðeins að breyta lögunum. Það er m. a. ein ástæðan fyrir því, að við óskum eftir því, að lögin í heild, bæði lögin um alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar, verði endurskoðuð.

*Bernharð Stefánsson:* Herra forseti. Ég held, að það megi endalaust deila um það, þegar till. eða frv. er breytt verulega, hvort það sé nýtt mál eða ekki. Það hefur víst tvisvar verið úrskurðað, eftir að breytingar hafa verið gerðar á máli, að þetta væri orðið nýtt mál, en meðferð þess máls eftir það hefur orðið að hreinni vitleysu. M. a. hefur slíkt mál, sem kallað var nýtt mál, verið tekið til umræðu í eitt skipti, án þess að nokkur væri flm. þess nýja máls, svo að ég held, að það fái ekki staðizt hjá hv. þm. Barð., að allshn. þingsins hafi með sinni till. gert till., sem fyrir lá, að nýju máli.

Hv. þm. heldur því fram, að meginatriðið í till. hafi verið endurskoðun á ákvæðum um mútur í kosningum. Það var nú ekki orðað svo í tillögunni, heldur misnotkun fjár. Misnotkun fjár í kosningum getur verið fleira en beinar mútur. En till. var líka um það að skipa mþn. til þess að athuga þann hátt kosningalaganna, sem um þetta fjallar. Það má því líta svo á, að till. um skipun n. hafi verið annað meginatriðið. Allshn. lízt, að það sé réttara að fara ekki nánar út í það, hvaða verkefni mþn. eigi að hafa, heldur eigi hún að endurskoða öll kosningalögin. Það er vitanlega sama málið. Sú nefnd gat auðvitað og átti alveg eins að taka þann kafla kosningalaganna til athugunar, sem fjallaði um óleyfilegan kosningaáróður, eins og önnur atriði kosningalaganna. Þess vegna var þetta vitanlega alveg sama málið, þó að till. allshn. hefði verið samþykkt við þá till., sem hún hafði til meðferðar. Ég fæ ekki betur séð en að þó að þessi till. sé tekin upp sem brtt. við þá till., sem hér liggur fyrir, þá sé það líka sama málið og enn fremur sama málið, því að þessi till., sem fyrir liggur, er ekki um annað en það að skipa mþn. eða kjósa mþn. til þess að endurskoða kosningalög til Alþ. og kosningalög bæjar- og sveitarstjórna. Þó að það komi fram brtt. um það, hvernig n. skuli vera saman sett, er það auðvitað fjarstæða að láta sér detta í hug, að það sé annað mál fyrir það, þó að brtt. allshn. væri nú samþ. sem brtt. við þá till., sem fyrir liggur.

Till. sú, sem allshn. fjallaði um, og till. sú, sem hér liggur fyrir, eru í raun og veru um sama málið, þótt þær tvær till. séu ekki sama þingmál, en það er vitanlega að mínu viti alveg heimilt að bera upp hvaða brtt. sem er innan ramma þeirrar till., sem fyrir liggur.

*Gylfi Þ. Gíslason:* Herra forseti. Ég vil taka algerlega undir þau ummæli hv. 1. þm. Eyf., að í brtt. hv. allshn. hafi það alls ekki falizt, að um nýtt mál væri að ræða. Till. hennar var um endurskoðun kosningalöggjafarinnar eins og upphaflega till. Sú endurskoðun, sem nefndin gerir ráð fyrir, var aðeins viðtækari en sú, sem gert var ráð fyrir í upphaflegu till.

Hv. þm. Barð. kom upp um það í ræðu sinni áðan, að honum hefði verið meinilla við þá till., sem við fjórir þm. fluttum á þskj. 360, fór um hana heldur óviðurkvæmilegum orðum og sagði, að hún fjallaði um mútur í kosningum. Ég skal ekki við þessar umr. og á síðustu klukkustundunum, sem þingið starfar, verða til þess að vekja hér upp illdeilur, en ekki finnst mér það samt sem áður gott fyrir hv. þm., að hann skuli koma jafngreinilega og hann gerði upp um það, að honum er í nöp við það, ef sett væru ákvæði í kosningalög, sem takmarka heimild manna og flokka til þess að nota fé í kosningum. Um ástæður til þess, að þessi hv. þm. tekur sér þetta svo sérstaklega nærri, skal ég ekki fjölyrða.

Ég vildi aðeins leggja á það áherzlu, að ég lít á þá till., sem borin hefur verið fram á þskj. 839, sem till. til þess að leysa mörg mál, sem fyrir þessu þingi hafa legið. Við þm. Alþfl. í hv. Nd. fluttum, svo sem kunnugt er, frv. um breytingu á kosningalögunum, þar sem gert er ráð fyrir heimild til kosningabandalaga. Þm. Þjóðvfl. hafa flutt frv. um breytingu á ýmsum atriðum kosningalaganna. Og á þskj. 360 er till. um það að skipa n. til þess að fjalla um vissan þátt kosningalaganna, þ. e. a. s. ákvæði, sem þegar eru í þeim og fjalla um misnotkun fjár í kosningum, og átti n. sérstaklega að athuga, hvort ekki væri hægt að gera þau ákvæði viðtækari en þau eru núna til að tryggja betur en gert er, að ekki komi til misnotkunar í þessu sambandi. Ég lít þannig á, að till. á þskj. 839 frá hv. þm. N-Þ. o. fl. sé afgreiðsla á þessum málum öllum, og tel sjálfsagt, ef þessi till. verður samþ. og n. verður kosin, að hún athugi alveg sérstaklega þau frv. og þær hugmyndir, sem felast í þessum málum, sem þegar liggja fyrir hinu háa Alþ., og auk þess auðvitað öll önnur atriði í kosningalögunum, sem n. kann að þykja ástæða til þess að fjalla um.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um málið, þótt tilefni hefði verið til þess, til þess að eyða ekki dýrmætum tíma þingsins á síðustu stundum þess.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.

Till. um að vísa þáltill. til fjvn. felld með 26:1 atkv.

Á 50. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 861) leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 861 felld með 28:13 atkv.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 865).

## 17. Stjórnarráðshús og Skálholtsstaður.

Á 49. fundi í Sþ., 13. apríl, var útbýtt:

*Till. til þál. um fjárframlög til stjórnarráðshúss og endurreisnar Skálholtsstaðar* [208. mál] (A. 851).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Hæstv. kirkjumrh. og ég höfum leyft okkur í umboði ríkisstj. að flytja hér þáltill. á þskj. 851, þar sem leitað er heimildar Alþ. til að verja úr ríkissjóði á árinu 1954 eða leggja til hliðar á því ári í fyrsta lagi 2 millj. kr. til þess að reisa nýtt stjórnarráðshús í Reykjavík og í öðru lagi 1 millj. kr. til kirkjubyggingar í Skálholti. Ég vænti þess, að ekki þurfi að fylgja þessari till. úr hlaði með löngu máli.

Ég leyfi mér þó aðeins að minna á, að hinn 1. febr. s. l., þegar liðin voru 50 ár frá því, að stjórnin fluttist inn í landið, þá gaf ríkisstj. út tilkynningu um það, að hún mundi beita sér fyrir því, að byggt yrði stjórnarráðshús. Ríkisstj. hefur rætt um þetta við flokka sína og hefur nú talið sér fært að bera fram till. um, að fyrsta sporið verði stigið til þess að efna það fyrirheit, sem þá var gefið, með því að varið verði úr ríkissjóði eða lagðar til hliðar í þessu skyni á yfirstandandi ári 2 millj. kr.

Ég veit, að öllum hv. þm. er kunnugt um, hversu þröngur er húsakostur æðstu stjórnar landsins, og þá jafnframt, hver bagi ekki aðeins sjálfri stjórninni og hennar starfsmönnum er að þessu, heldur og oft og einatt öllum þeim, sem á hennar fund þurfa að leita. Hin ytri merki um þessa fátækt eru náttúrlega mál fyrir sig. Það er leiðinlegt, að ríkisstj. og hennar starfslið skuli þurfa að una því, sem allt of lengi hefur verið sætt sig við, og á ég þar ekki aðeins við núverandi ríkisstjórn né fyrrverandi, heldur á þetta við, þótt farið sé miklu lengra aftur í tímann. Hitt er stærra atriði, að vegna húsnæðisþrengslanna verður sú starfræksla, sem þar fer fram, miklu kostnaðarmeiri.

Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. viti, að það, sem stjórnin hefur í huga, er að hagnýta lóðir ríkisins á milli Bankastrætis og Amtmannsstígs til þess að reisa þar myndarlegt stjórnarráðshús. Aðeins fyrstu frumdrættir hafa verið teiknaðir af þessu húsi, og hefur stjórnin haft þá til athugunar, en að sjálfsögðu þarf það mál að sæta miklu nánari meðferð, áður en auðið er að stiga fyrsta spor í framkvæmdunum. Geri ég ráð fyrir, að ríkisstj. muni fela starfsmönnum sínum að sjá um, að málið fái þann undirbúning, sem það verðskuldar. Við þær aðstæður, sem við búum hér, þar sem saman fer höfuðstaður fátækrar menningarþjóðar og fiskibær, ber hinu opinbera að vanda eftir föngum til þeirra bygginga, sem það reisir, og ríkisstj. mun hafa hug á því að koma þarna upp veglegu húsi, en þó án alls íburðar.

Ég leyfi mér að vona, að þessi hugmynd sæti góðum undirtektum hjá öllum hv. alþm., og læt þessi fáu orð nægja — einnig vegna þess stutta tíma, sem hér er til umr.

Varðandi síðari liðinn í till., um að heimila að verja 1 millj. kr. til kirkjubyggingar í Skálholti, læt ég nægja að minna á, að eftir tvö ár, árið 1956, eru 900 ár liðin frá því, að stofnaður var biskupsstóll í Skálholti. Í sambandi við það afmæli munu að sjálfsögðu fara fram nokkur hátíðahöld og væntanlega með þátttöku erlendra kirkjuhöfðingja. Íslendingar geta ekki kinnroðalaust augum litið þennan fornhelga stað, svo sem nú er þar umhorfs, og þaðan af síður sýnt öðrum hann. Þjóðarsómi býður, að úr þessu sé bætt tafarlaust, og er þó raunar komið fram yfir elleftu stund.

Ég þarf ekki að hafa miklar orðalengingar um þá skyldu, sem hvílir á herðum Alþingis í þessum efnum. Auðvelt er að slá á marga og viðkvæma strengi, og ég mundi þá einnig hafa reynt það, ef ég hefði ekki talið þetta mál fagna öruggu fylgi.

Fyrir ríkisstj. vakir ekki nein fordild eða bruðlun fjár, heldur hitt, að nokkurt fé verði lagt af mörkum til þess, að Skálholtsstaður verði þjóðinni a. m. k. ekki til vansæmdar, enda þótt hann yrði litinn erlendum gestaaugum á 900 ára hátíðinni. Er hér um fyrsta framlag að ræða.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 851).

## 18. Allsherjarafvopnun.

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:
*Till. til þál. um áskorun til Bandaríkjanna vegna vetnissprengna o. fl.* [192. mál] (A. 620).

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

*Flm. (Einar Olgeirsson):* Herra forseti. Þessi þáltill., sem við þm. Sósfl. flytjum, fjallar um vandamál, sem ekki aðeins snertir okkur Íslendinga, heldur og fleiri, jafnvel alla. Ég býst við, að flestum hv. þm. sé kunnugt, hvernig öllum þeim mönnum, sem á annað borð hugsa eitthvað um framtíðina á þessari jörð, brá við, þegar afleiðingarnar af næstsíðustu vetnissprengjutilraun Bandaríkjanna sáust. Ég býst við, að allir hv. alþm. hafi fylgzt með því hérna dag eftir dag, þegar fréttirnar voru að koma í útvarpinu um þær skelfingar, sem dundu yfir sjómennina á Japanshafi, yfir íbúana, sem urðu fyrir afleiðingunum af öskufallinu. Ég býst við, að við sem ein af mestu fiskveiðaþjóðum veraldarinnar höfum getað sett okkur nokkurn veginn í spor þeirra manna, sem ekki þorðu að leggja sér fisk til matar, vegna þess að þeir bjuggust við, að hann væri eitraður, sett okkur í spor þjóðar, sem sá fram á það, að hún yrði að hætta fiskveiðum vegna þessara tilrauna, sem gerðar hafa verið af framandi stórveldi, sem áður hafði þó með kjarnorkuvopnum drepið svo skipti hundruðum þúsunda manna hjá þessari sömu þjóð. Ég býst við, ef einhverjir okkar hafa hugsað sem svo, að við værum svo langt burtu hérna á Íslandi, að það kæmi okkur lítið við, sem gerðist í Kyrrahafi, að þá hafi e. t. v. sú hugsun þó komið upp hjá sumum, þegar þeir heyrðu fréttirnar frá Kanada, frá Saskatchewan, frá héraði, þar sem allmargir Íslendingar búa, 10000 km burt frá því svæði, þar sem vetnissprenging fór fram, — þegar þeir heyrðu um, að geislavirk aska hefði fallið þar, að þá hafi mönnum skilizt, að það væri enginn óhultur, og hvað mundi þá, ef slíkar tilraunir væru gerðar í Atlantshafinu? Ég býst þess vegna við, að flestir hv. alþm. hafi gert sér ljóst, að með öðru eins fyrirbrigði og því, sem þarna gerðist við þessa vetnissprengjutilraun, er verið að kveðja alla menn, sem einhverja ábyrgðartilfinningu hafa gagnvart lífinu á jörðinni, til hugsunar og til starfa um það að láta ekki þessa hluti halda áfram.

Við tókum þetta mál fyrir í þingflokki Sósfl. 24. marz og gerðum þá ákvarðanir um að undirbúa að leggja fram þá till., sem hér er komin fram og nú er til umr. Við höfum nú fylgzt með því, að síðustu vikurnar hefur á hverju þingi veraldarinnar á fætur öðru þetta mál verið tekið til umr., í hverri heimsálfunni á fætur annarri. Við höfum fylgzt með því, hvernig allir þingflokkarnir í Japan, því landi, sem þarna á hvað mest um sárt að binda, hafa sameinazt í því skyni að mótmæla því, að fleiri tilraunir verði gerðar, og krefjast þess, að stórveldin í veröldinni komi sér saman um að hindra, að kjarnorkuvopn verði notuð. Við höfum fylgzt með því, hvernig forsætisráðherra Indlands, einn af þeim stjórnmálamönnum, sem nú eru mest metnir í veröldinni, hefur kvatt sér hljóðs til þess að skora á stórveldin að gera ekki fleiri tilraunir í þessa átt. Við höfum fylgzt með, hvernig þingflokkarnir í Ástralíu, þingflokkarnir í Danmörku, hvernig sænsku jafnaðarmennirnir og nú síðast enska þingið hafa tekið ákvarðanir, sem hníga í sömu átt.

Þetta er ekki undarlegt. Við höfum smám saman, mennirnir, verið á síðustu öldum að leysa úr læðingi öfl, sem hefðu getað, ef þau hefðu verið notuð, útrýmt allri fátækt, öllum sjúkdómum af jörðinni. Við höfum verið að leysa úr læðingi öfl, sem gátu gert mannkynið, ef það hefði vit á að hagnýta sér þau, gæfuríkt, að svo miklu leyti sem ytri skilyrði geta skapað gæfu. En við sjáum um leið, að með þessu mikla valdi, sem við mennirnir höfum fengið yfir leyndardómum lífsins, erum við líka færir um að eyðileggja þetta sama líf. Sömu tækin sem við getum notað til þess að gera lífið dásamlegt og dýrðlegt getum við líka notað til þess að þurrka það burt. Og við sjáum það nú og við heyrum talað um það af hálfu vísindamannanna í sambandi við síðustu sprengjurnar, sem farið er að hugsa um, eins og kóboltsprengjuna, að það sé ekki aðeins hægt fyrir okkur að þurrka út alla þá menningu, sem mannkynið hefur verið síðustu árþúsundirnar að byggja upp, heldur sé líka hugsanlegur möguleiki fyrir okkur að þurrka burt mannkynið sjálft, þannig að ef einhver dýr lifðu eftir á jörðinni, þá yrði sú sama milljóna ára þróun, sem gerzt hefur og skapað hefur okkur í þeirri mynd, sem við erum nú, að endurtaka sig aftur, ef jörðin þá yrði byggileg.

Þegar svona viðhorf blasa við fyrir okkur, þá er ekki að undra, þó að við sjáum ástæðu til þess að hreyfa slíkum málum — og það á þingi, sem á sér einhverja merkilegustu sögu, sem nokkurt þing í veröldinni á, þing, sem hefur sýnt sig fyrir upp undir þúsund árum að geta ráðið við vandamál, sem flestar eða allar aðrar þjóðir urðu að leysa með vopnum.

E. t. v. vilja menn nú hugsa sem svo, að þegar við mennirnir séum orðnir svo voldugir og getum gert svona mikið og grandað þar með okkur sjálfum, þá sé lítil von til þess, að við getum hindrað það, að svona vopn verði notuð.

Það er þó ekki ástæða til þess að kvíða í þeim efnum. Við mennirnir höfum þegar fundið upp og þekkt áratugum saman eiturtegundir, sem geta þurrkað út allan gróður, allt dýralíf og allt mannlíf á stórum svæðum í veröld-

inni. Við höfum getað þegar ræktað bakteríur, sem geta, ef þeim er beitt sem vopnum, haft sömu áhrif í því að eyðileggja allt lifandi. En við mennirnir höfum haft vit á því að gera samkomulag um það, jafnvel þótt við beittum öðrum tækjum til þess að drepa hverjir aðra, að nota ekki þessi vopn, og flestallar þjóðir heims, þó ekki Bandaríki Norður-Ameríku, hafa undirritað samkomulag um að beita ekki slíkum vopnum eins og bakteríuhernaðinum, og það hefur til allrar hamingju ekki komið fyrir, að þeim vopnum hafi verið beitt í stórum stíl. Við höfum sem sé dæmin um, að þegar önnur eins drápstæki og eitrið eða bakteríurnar hafa verið ræktaðar eða fundnar upp og mögulegt verið að nota það, þá höfum við mennirnir getað haft vit fyrir okkur sjálfum í því að koma okkur saman um að nota ekki svona hluti.

Þær kjarnorkusprengjur, sem nú hafa verið fundnar upp, og nú síðast vetnissprengjan eru drápstæki, sem eru stórvirkari en nokkur eiturvopn eða nokkur bakteríuvopn, og það gegnir að því leyti öðru máli um þær og þá fyrst og fremst vetnissprengjuna, að þessi vopn eru þegar ýmist notuð eða tilraunir gerðar með þeim. Bandaríki Norður-Ameríku hafa þegar notað atomvopnin í Hiroshima og Nagasaki, drepið á nokkrum mínútum fleiri manns en allir íbúar Íslands eru og ekki aðeins drepið fólk, heldur líka þannig breytt eðli manna, að erfðalögmálin gilda ekki lengur, að þeir menn, sem verða fyrir áhrifum af þessu, eru ekki lengur færir um að skapa samsvarandi menn, með þeim erfðum, sem mannkynið á. Sjálf rás lífsins, framrás þess er trufluð af þessum tækjum. Við höfum enn fremur nú yfirlýsingu frá forseta Bandaríkjanna um, að vopn eins og vetnissprengjan verði notuð, ef til styrjaldar kemur, og jafnvel hann upp á eigin spýtur mundi grípa til þess að láta nota slík vopn. Við höfum sem sé yfirlýsingar um og heyrum nú þessa dagana ögranir og óbeinar hótanir um, að svona vopn verði notuð. Það er talað um það í Asíu, þar sem þau hafa verið notuð áður. En við vitum, að það muni líka vofa yfir víðar, ef farið verður að nota þau þar. Það er þess vegna vitað mál, að annaðhvort verða mennirnir sem heild að geta skapað samkomulag sín á milli um að hindra notkun þessara ægilegu tækja eða þá að allt mannlífið er í hættu.

Við höfum að vísu þekkt stríð og bardaga lengi á þessari jörð, en það, sem er um að ræða í sambandi við notkun hernaðartækja eins og vetnissprengju, er ekki lengur neitt stríð eða neinir bardagar. Það eru slík múgmorð, að það nálgast morð á sjálfu mannkyninu. Við verðum að gera okkur ljóst, að þessi hætta vofir yfir, að þetta er ekki aðeins tal, og ég fyrir mitt leyti vil undirstrika það, að það, sem gerir þessa hættu svona mikla, er, að þessi vopn eru í höndum á yfirstétt, sem er að missa stjórn á sjálfri sér.

Georg Brandes sagði eitt sinn, að það væri ekkert villidýr eins brjálað og maður, sem er hræddur um peninga sína, og það er auðséð, að sú auðmannastétt, sem drottnar í Bandaríkjunum, er að brjálast á sama hátt og sú yfirstétt, sem drottnaði í Þýzkalandi fyrir skömmu. Og það þarf að grípa fram fyrir hendurnar á slíkri yfirstétt, og það þarf að gera það áður en hún leggur út í þá hluti, sem hún hefur áður sýnt sig reiðubúna til þess að leggja út í. Við munum eftir sögunum um þær yfirstéttir, sem sáu, að hverju stefndi með þær. Við könnumst við þá menn, sem þegar þeir sjá, að þeir eru að tapa í veröldinni, kjósa heldur að láta allt farast með sér heldur en að tapa. Og það er það, sem þeir auðmenn, sem drottna í Bandaríkjunum, virðast vera hræddir við. Þeir þora ekki að horfa fram á friðsamlega þróun í veröldinni, vilja geta beitt tortímingarvopni við þær þjóðir, sem nú eru, eins og við Íslendingar höfum verið að gera, að berjast fyrir sínu frelsi, og það er þessi hætta, sem við verðum að gera okkur ljósa.

Þess vegna er það, að ég álít, að við eigum að okkar leyti hér á Alþingi Íslendinga að láta í ljós þá skoðun, sem er að verða almenningsálit í veröldinni, að það verði að koma í veg fyrir, að fleiri vetnissprengjutilraunir verði gerðar, og að þau stórveldi, sem nú geta framleitt þessa sprengju, komi sér saman um að gera ekki fleiri tilraunir og setjast að samningaborðinu til þess að koma í veg fyrir, að kjarnorkuvopn verði nokkurn tíma notað í hernaði.

Ég álít, að við Íslendingar eigum að taka undir þessar kröfur, það sé í samræmi við alla erfð okkar þjóðar, í samræmi við það, að við erum svo að segja eina þjóð veraldarinnar, sem aldrei hefur átt í stríði við neina aðra þjóð.

Ég hef í ræðu minni sagt skýrt og skorinort, hvar ég álít að hættan liggi, og þessari till., eins og við leggjum hana fyrir, þm. Sósfl., er fyrst og fremst beint til ríkisstj. Bandaríkjanna, því að við vitum, að þaðan stafar hættan. Það er komin fram brtt. við þessa till. frá hv. 4. þm. Reykv. (HG) og hv. 8. þm. Reykv. (GilsG), og ég verð að segja það, að þó að ég að vísu kysi heldur till. eins og hún er orðuð frá okkur, þá get ég líka ákaflega vel sætt mig við till. eins og hún þá yrði orðuð, því að það næst með henni sami tilgangur. Aðalatriðið er, að við Íslendingar getum sameinazt um það að leggja okkar lóð á vogarskálina í þessu efni og að við, þrátt fyrir þann mikla skoðanamun, sem hjá okkur er, þrátt fyrir allar þær deilur, sem við venjulega tökum upp, þegar við minnumst á þessi mál, gætum sameinazt um að láta til okkar taka á alþjóðavettvangi í máli, þar sem við ættum fyllilega að geta staðið sameinaðir. Ég vildi þess vegna leyfa mér að vona, að hv. alþm., þó að ég þykist vita af reynslu, að ýmsir þeirra mundu frekar kinoka sér við að samþ. till. með því orðalagi, sem við höfum haft á henni, mundu þó geta samþ. hana með því orðalagi, sem hv. 4. og hv. 8. þm. Reykv. leggja til.

En höfuðatriðið er hitt, að við samþ. slíka

till., að við hverfum ekki þannig frá þessu þingi, að það sé ekki gert. Ég vildi mega óska, að það væri hægt að hafa samkomulag um það, að við afgr. þessa till. án þess, að hún *færi til n.* Við vitum, að þótt t. d. *utanrmn.* eða einhver önnur slík n. tæki þessa till. til meðferðar, þá gætu varla orðið á því breyt. frá því, sem er, a. m. k. eins og lagt er til að hún sé orðuð á þskj. 719, ef menn á annað borð vildu eitthvað samþ. í þessum efnum, og það álít ég að væri ákaflega vel farið og raunverulega ekki annað sæmandi fyrir okkur.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hér geti orðið *samkomulag* um, að Alþ. Íslendinga sem ein af þeim elztu stofnunum, a. m. k. hér í Evrópu, sem skapaðar hafa verið til þess að skipuleggja menningarlíf hjá einni þjóð, láti, þegar menningin og mannkynið er í meiri hættu á jörðinni heldur en það hefur verið nokkurn tíma hingað til, þá skoðun sína í ljós og standi Alþ. allt saman um það, að þeim stóru og voldugu í veröldinni beri að hætta við þennan ægilega leik, sem byrjað er á. Ég álít, að við sem fulltrúar smælingjanna í heiminum, við sem þeir smæstu, ættum að segja þetta það skýrt og skorinort, að aðrar þjóðir tækju tillit til þess, og ég efast ekki um, að einróma samþykkt frá Alþ. Íslendinga hefði mikla þýðingu í þá átt að knýja þetta fram.

*Gils Guðmundsson:* Herra forseti. Ekki þarf að fara mörgum orðum um tilefni þeirrar þáltill., sem hér er til umr.

Atburðir þeir, sem gerðust á Kyrrahafi hinn 1. marz s. l., þegar Bandaríkjamenn sprengdu þar vetnissprengju með þeim afleiðingum, sem alkunnar eru, geta engum verið úr minni liðnir. Svo má heita, að allur heimur hafi staðið á öndinni vegna þess tortímingarmáttar, sem ljóst er að stórveldi þau, er framleiða vetnissprengjur, búa yfir. Menn vissu að vísu áður, að með tilkomu vetnissprengjunnar höfðu gífurleg eyðingaröfl verið leyst úr læðingi, en eftir atburðina á Kyrrahafi er öllum heimi þó enn ljósara en áður, hvílík ógn er búin mannlífi á þessari jörð, ef þvílík vopn yrðu notuð í styrjöld. Við vetnissprenginguna 1. marz er hættusvæðið talið hafa verið nær 300 þús. km², eða þrefalt stærra en allt Ísland. Kjarnorkufræðingar hafa sjálfir lýst yfir, að ein slík sprengja gæti þurrkað út stórborgir eins og New York og London. Þá er það einnig viðurkennt, að sprenging þessi á Kyrrahafi hafi verið a. m. k. helmingi aflmeiri en kjarnorkufræðingarnir, sem höfðu tilraunirnar með höndum, reiknuðu sjálfir með. Sýnir það ljóslega, að mjög skortir á það, að jafnvel vísindamenn geti með nokkurri nákvæmni reiknað út eða sagt fyrir um afleiðingar slíkra tilrauna. Er því auðsætt, að hér hafa verið leyst úr læðingi öfl, sem enginn getur fullyrt, hvílíkan tortímingarmátt hafa; aðeins er ljóst af reynslunni, að hann er geigvænlegri en orð fá lýst.

Því hefur verið lýst yfir hvað eftir annað nú hinar síðustu vikur, að Bandaríkin muni halda áfram smíði á vetnissprengjum svo og tilraunum með þær á Kyrrahafi. Vitað er, að Rússar framleiða einnig vetnissprengjur og hafa þegar gert tilraunir með að sprengja þær. Það blasir því við nú, að stórveldin halda áfram í ríkara mæli en nokkru sinni áður kapphlaupi um framleiðslu og tilraunir með þessi ægilegu vopn. Með þessa staðreynd í huga hafa fjölmörg áhrifamikil blöð víðs vegar um heim, stjórnmálaflokkar og jafnvel fulltrúar heilla ríkja borið fram kröfur um það, að nú verði snúið við og horfið af þessum helvegi, tilraunum með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn verði hætt og stórveldin hefji þegar umræður og samninga um bann við framleiðslu kjarnorkuvopna, jafnframt því sem tryggt verði öruggt alþjóðlegt eftirlit með því, að það bann verði ekki brotið.

Einhverjir kunna að segja, að Ísland hafi litla aðstöðu til að skipta sér af þessum málum, rödd þess muni ekki heyrast, vilji þess muni engin áhrif hafa á ákvarðanir stórveldanna.

Ég er að því leyti alveg sammála flutningsmönnum þáltill. þeirrar, sem hér liggur fyrir, að Íslandi beri siðferðisleg skylda til að taka einarðlega undir þá kröfu, sem æ fleiri bera nú fram, að kapphlaupið um framleiðslu vetnissprengna verði stöðvað og stórveldin hefji samninga um bann við framleiðslu kjarnorkuvopna. Hins vegar lít ég svo á, að eðlilegt og rétt sé að beina slíkum áskorunum til allra þeirra stórvelda, sem starfa nú ákafast að framleiðslu kjarnorkuvopna. Þess er lítil eða engin von, að stöðvað verði kapphlaupið um gerð æ stórvirkari sprengna, nema því aðeins að þríveldin, Bandaríkin, Sovétríkin og Bretland, taki upp viðræður og samninga sín á milli og við aðrar þjóðir um að snúa við á þessari braut, áður en of seint er orðið.

Ég hef þess vegna leyft mér, ásamt hv. 4. þm. Reykv., að bera fram brtt. við till. á þskj. 620. Sú brtt. er þess efnis, að Alþingi feli ríkisstj. að beina þeirri áskorun til stórveldanna þriggja, er ég áðan nefndi, Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Bretlands, að taka nú þegar upp samninga sín á milli og við önnur ríki um bann við framleiðslu kjarnorkuvopna og strangt alþjóðlegt eftirlit með því að banninu verði framfylgt og að fella jafnframt niður frekari tilraunir með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn. — Þá leggjum við einnig til, að fyrirsögn till. breytist í samræmi við þetta.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt. okkar. Hún er prentuð á þskj. 719. Ég vænti þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþykkja hana.

*Forseti (JörB):* Það eru margir, sem komnir eru á mælendaskrá. (*EOl:* Það er nóg nóttin.) Að vísu, en ósýnt er nú, hvort umr. geti lokið samt. (*EOl:* Það er sjálfsagt að reyna það.) Ég veit nú ekki, nema hyggilegra væri að fresta umr. til næsta dags (*EOl:* Ég vil mótmæla því.) — úr því að svona margir eru á mælendaskrá. (*EOl:* Er ekki réttast að halda á-

fram í nótt með þetta?) Till. kemur til umr. Hv. þm. getur treyst því, að hún kemur á dagskrá og til umr. (*EOl:* Ja, en það er bara takmarkaður tími á morgun, því að það eru mörg fleiri mál, og það er nú síðasta nóttin, sem við höfum til að vinna.) En ef dagurinn verður notaður vel, þá getur það orðið drjúgur tími. (*EOl:* Það eru fleiri mál á morgun á ferðinni, sem verður talað nokkuð mikið í. Ég vil eindregið óska eftir, að það sé haldið áfram með umr. nú. Það hafa ekki verið það margir fundir í Sþ. upp á síðkastið. Og ég vil bara benda á það, forseti, að ef stjórnarliðið ætlar að hafa þann hátt á að tefja mál hér, eftir að stjórnarandstaðan hefur gert stjórninni mögulegt að koma í gegn málum hérna með því að tala ekki í þeim, þá verður farið að endurskoða þá aðferð. Ég vil benda ríkisstj. á, að hún kemur ekki málum í gegn hér á Alþingi, eins og hún lætur sitt stjórnarlið sækja þingfundina. Þá skal verða gerbreytt um aðferðir hér í þinginu, ef hún ætlar að hafa svoleiðis við.) Ég verð að benda hv. 2. þm. Reykv. á, að enn er ekki ástæða til þess að vera svona órór eins og hann er. Þetta er ekki svo komið, að ekki sé unnt að ræða málið, þó að það gerist ekki nú í nótt. (*EOl:* Ég vil krefjast þess, að forseti haldi áfram umr. í nótt.) Ja, það er sjáanlegt, að ef umr. heldur áfram, þá verður það langt fram á nótt og kannske lýkst ekki, og þá er ekkert við það unnið, og stundum er það nú með afgreiðslu mála ekki óhyggilegt að fara hóflega í sakirnar, meðan ekki er útilokað, að möguleiki sé á því að fá mál afgr. á þinglegan hátt, eins og vakir nú fyrir hv. þm.

Það er rétt, þar sem svona er ástatt um þetta og komið er nú fram á nótt og fyrirsjáanlegt, að ósýnt er, að umr. verði lokið, þar sem nú þegar eru komnir sex menn á mælendaskrá, að Alþ. sjálft ákvarði, hvort umr. skuli haldið áfram nú í nótt eða ekki, og ber ég það þá undir hv. alþm.

ATKVGR.
Fellt með 17:10 atkv. að halda umr. áfram.

*Flm. (Einar Olgeirsson):* Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla þeirri aðferð, sem hæstv. forseti hefur um, hvernig umræðum sé hagað í þinginu í nótt. Það hefur aldrei tíðkazt á þessu þingi, og það eru allmörg þing liðin síðan sú aðferð hefur verið notuð að láta stjórnarlið á Alþ. ákveða með atkvgr. að hætta umræðum um mál, sem stjórnarandstaðan flytur. Það er gripið til þessa svo að segja síðustu nóttina, sem þingið á að starfa, í þeim tilgangi auðsjáanlega af hálfu stjórnarliðsins að eyðileggja umræður um þetta mál. Það er vitað mál, að á morgun ætlar utanrrh. að flytja skýrslu hér á Alþ. Það er enn fremur vitað, að það er eftir að afgr. mörg mál í báðum deildum. Það er enn fremur vitað, að allmargar kosningar þurfa að fara fram á morgun og að öllum líkindum síðari umr. um mál í Sþ., þannig að það eru ákaflega lítil líkindi til þess, að ef umr. lýkur ekki í nótt um þetta, þá komi þetta mál fyrir aftur. Forseti hefur aldrei gripið til þess að afsala sér sínu valdi til þess að tryggja það, að Alþ. ræði mál, fyrr en nú, og þurfti ekki nema að líta á forsetastólinn áðan til þess að sjá, hvað var að gerast, að stjórnarliðið sjálft og ríkisstj. var að leggja að forseta.

Ég álít, að hæstv. forseti misnoti sitt vald með því að skjóta nú undir stjórnarliðið og láta það ákveða að hætta þessum umræðum. Og ég vil mótmæla því. Þetta er í fyrsta skipti, sem hæstv. forseti hefur misnotað sitt vald sem forseti. Honum bar að taka jafnt tillit til þeirra, sem eru í stjórnarandstöðu, eins og ríkisstjórnarinnar. Hæstv. ráðh. hafa ekki gert svo mikið að því að ræða þýðingarmikil mál hér á þinginu, að þeim hefði verið of gott að standa hér í nótt og tala. Ég vil þess vegna eindregið mótmæla því, sem hæstv. forseti nú hefur gert, að hann hefur gefið stjórnarliðinu tækifæri til þess að hindra áframhaldandi umræður um þetta mál.

*Forseti (JörB):* Mér finnst, að hv. 2. þm. Reykv. geti verið rólegur nokkurn veginn að minnsta kosti til morguns, þó að endanleg afgreiðsla fáist ekki um málið í nótt. Hvorugur okkar getur ráðið því, ef Alþ. svo sýnist, að það sé möguleiki á því; umr. geta staðið það lengi. Það er því ekki líku til að dreifa; hvorugur okkar getur haft það á valdi sínu. — En það kalla ég ekki misnotkun á forsetavaldi, að borið sé undir Alþingi sjálft um tilhögun á umr., þar sem henni er ekki lokið og ekki skertur réttur þingmanns eða þingmanna að ræða málið tilskilinn tíma. Og ég er búinn að gefa hv. 2. þm. Reykv. loforð um það, að málið verði tekið á dagskrá á morgun, og þá hef ég í huga, að það sé það góður tími fram undan, að hægt sé að ræða málið, svo að það fái afgreiðslu. — Hv. þm. á nú hér enn mál á dagskrá, og ég álít, að við eigum ekki að verja mjög miklum tíma í að þrasa um þetta.

*Flm. (Einar Olgeirsson):* Herra forseti. Ég tók það fram, að það væri misnotkun á valdi forseta að skjóta því undir úrskurð Alþ. að hindra frekari umræður um málið, þegar auðséð er, að það er annars vegar minni hlutinn, stjórnarandstaðan, sem í hlut á, hins vegar stjórnarliðið. Það er hægt að stöðva umræður um hvert einasta mál í þinginu með því að viðhafa þær aðferðir. Forseti er skoðaður sem fulltrúi jafnt stjórnarandstöðunnar sem ríkisstj., og honum ber sem forseta að sjá jafnt um rétt stjórnarandstöðunnar til þess að ræða mál eins og meiri hl., og það veit hæstv. forseti. Hitt skal ég viðurkenna, að hæstv. forseti getur séð um það, að umr. um þetta mál haldi áfram. Hann getur lofað því hér að slíta ekki Sþ. fyrr en atkvgr. hefur farið fram um þetta mál. Hann er í þeirri sérstöku aðstöðu nú fyrir utan allt annað, að hann er einn handhafi forsetavalds og getur ráðið því, — meira að segja sá, sem situr þar í forsæti. Ef hæstv. forseti lýsir því hér yfir, að þetta mál muni fá sína eðlilegu afgreiðslu, þannig að endan-

leg atkvgr. muni fara fram um það, áður en þingi ljúki, þá er náttúrlega engin ástæða fyrir mig til þess að vera með fleiri mótmæli hér í kvöld.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Ég skal ekki tefja þann dýrmæta tíma, sem þingið á eftir að starfa, með að ræða hér mikið um þingsköp. En ég vil aðeins, að fram komi rödd um það, að það eru mjög ómaklegar vítur, sem hv. 2. þm. Reykv. beinir hér til forsetans, sem er þekktur að mikilli réttsýni og réttdæmi og ágætu starfi sem forseti. Ég held ekki, að ástæða sé til að láta svo mikið sem þessi hv. þm. hefur gert yfir óréttlæti út af því, að hann geti ekki sjálfur valið og ákveðið, að þessari nótt skuli varið til umræðna um þetta eina mál, þegar bíða afgreiðslu mörg önnur mál, sem eiga alveg jafnan rétt á að ná afgreiðslu eins og þetta mál.

Ég hygg auk þess, að hann hafi borið þetta mál fram sem sýndarmál; það bar nú ræða hans vott um. Hann hagaði þannig sínum orðum, að hann reyndi að vekja upp umræður og illdeilur um mál, sem hann segist þó óska eftir að sé afgreitt, flytur hér ræðu eftir miðnætti í því skyni að koma af stað umræðum, — ræðu, sem áreiðanlega getur prentazt í Þjóðviljanum, um það, að annað af þeim tveim stórveldum, sem hafa framleitt þessa vetnissprengju, hafi gert hana til þess að myrða hann og okkur hina, englana, sem eigum að vaka hér og syngja hallelúja fyrir hann í nótt. En englarnir, sem hann trúir á, guðirnir hans, Rússarnir, þeir hafa aftur aðeins gert sér til ánægju að sprengja vetnissprengju í sínu landi og aldrei haft neitt í huga annað en það, sem alltaf einkennir þá, réttlætið og sakleysið. En það vil ég sem sagt að standi skjalfast, að það er sýnt, að þessi maður flytur þessa till. sem sýndartill. Og það er mjög eftirtektarvert, að þegar hann með ræðu sinni neyðir marga menn til að kveðja sér hljóðs og ræða málið, — ég endurtek það: neyðir þá til að kveðja sér hljóðs og ræða málið, — að hann skuli þá ráðast á forseta kl. 1 að nóttu og bera hann brigzlyrðum um rangindi fyrir það, að hann lætur þingið úrskurða, hverjir vilji vaka yfir slíkum ræðuhöldum.

*Flm. (Einar Olgeirsson):* Herra forseti. Ég sé nú, að hæstv. forsrh. er búinn að flytja þá ræðu, sem hann ætlaði að flytja um þetta mál, og menn eru búnir að heyra hans innlegg í málið. Það gæti kannske verið, að nú stæðu upp einhverjir fleiri næst af þessum sex, sem voru búnir að kveðja sér hljóðs. Ég hef nú satt að segja aldrei vitað það áður hér, að ég hefði svona mikil áhrif á þessa menn, að þeir þyrftu nú bara sex saman að fara að rísa upp til þess að andmæla þeirri ræðu, sem ég flutti hérna áðan. Ég hef hingað til vitað það, að þegar ég hef flutt hérna ræður, þá hefur þessum mönnum þótt miklu betra að þegja á eftir heldur en að tala. Það er alveg sérstakt tilefni, sem þessi hæstv. ríkisstj. nú tekur sér til þess allt í einu að fara að tala. Þetta er sama ríkisstj. sem er búin að þegja allt þingið. Hún hefur þagað yfirleitt yfir flestum málum, sem hér hafa verið flutt. Af hverju þarf hún að tala núna? Jú, af því að það er síðasta nóttin. Af því að það á að sjá um að afgreiða ekki fleira.

Ég skal láta hæstv. ríkisstj. vita eitt: Ef hún ætlar sér að hafa svona vinnubrögð í frammi, þá getur stjórnarandstaðan líka breytt um vinnubrögð. Og ég vil láta hæstv. ríkisstjórn vita það, að það yrðu ekkert þokkaleg vinnubrögð hérna á þinginu, svo framarlega sem það ætti að taka þessi vinnubrögð ríkisstj. núna í kvöld til fyrirmyndar. Þess vegna vil ég eindregið mótmæla því, sem hér er nú að gerast, og ég vil taka það fram, að í þeirri ræðu, sem ég flutti hér áðan, var ekki eitt einasta orð, sem ekki væri mælt af fullri ábyrgðartilfinningu fyrir því, sem nú væri að gerast í veröldinni. Ég hélt ekki, að hæstv. ríkisstj. þyrfti að taka allt svo nærri sér, þó að Bandaríkin gerðu einhvers staðar eitthvað, að hún þyrfti að fara að rjúka upp, þó að það væri deilt á stjórn Bandaríkjanna; það er nóg fyrir hana að hugsa um það, sem stjórn Bandaríkjanna gerir hér á Íslandi. Ég held hún ætti að láta sér nægja að verja það.

Því fór fjarri, að sú till., sem ég flutti hér, væri einhver sýndartill. Það er þvert á móti, og það veit hæstv. forsrh. sjálfur bezt, þó að hann tali hér öðruvísi. Það er gott að vera með galgopaskap stundum, eins og hann var hérna áðan. En það mál, sem nú er um að ræða hér, er alvarlegra en það eigi við. Þess vegna vil ég lýsa því yfir, að ég álít ákaflega illa farið, að hæstv. forseti skuli hafa látið ríkisstj., þó að hún stökkvi upp á nef sér, nota forsetavaldið á þennan hátt, sem nú hefur verið gert, og taka orðið af þm.

En hitt vil ég taka fram, og það má hæstv. ríkisstj. muna, að þessi aðferð, sem hún hefur beitt hér í kvöld, verður máske notuð í þinginu meira en hæstv. ríkisstj. þykir sjálfri gott. Stjórnarandstaðan hefur verið mjög „lojul" hér á þessu þingi. Það hafa verið stjórnarfrv. hér, þegar þannig hefur verið skipað í Nd., að það var í lófa lagið að fella þau við 1. umr., ef menn hefðu kært sig um það. Svona illa sækir stjórnarliðið venjulega þingfundi hér, svo að ég tali ekki um ráðherrana. En við skoðuðum það sem okkar verkefni sem þingmenn að sjá um að koma þessum málum áfram. Þess vegna á það sannarlega ekki við, þegar hæstv. ríkisstj. fer að setja sig upp á háan hest hvað þetta snertir og fer að reyna að nota sér það, að svona er orðið framliðið þingtímans, til þess að reyna að hindra, að mál fái eðlilega afgreiðslu.

Það er ekki til neins að ætla að verja hæstv. forseta í þessu efni. Hann veit það ósköp vel sjálfur, að þá aðferð, sem hann lét viðhafa núna, væri alltaf hægt að viðhafa til þess að þagga niður í stjórnarandstöðunni. Þess vegna veit hann ósköp vel, að þetta er ekki aðferð, sem samrýmist þeim skyldum, sem forseti hefur gagnvart öllum þm.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Í nótt hafði engin till. komið fram um að láta þetta mál ganga til n., og voru þó allmargir, sem höfðu kvatt sér hljóðs. Nú hefur orðið samkomulag um það til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins að leggja til að vísa því til hv. utanrmn., og geri ég það hér með, en ég vil taka fram, að það er tryggt, að hún mun skila áliti. Það er ekki til þess að koma málinu fyrir kattarnef með því móti, þar sem ætlunin er og það er fyrir fram tryggt, að hún mun þegar halda fund í kvöld og skila áliti, áður en of seint verður til afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., s. d., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 620, n. 862 og 863, 719, 866).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

*Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson):* Meiri hl. hv. utanrmn. hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til þessarar till. á þskj. 862.

Þegar haldinn var fundur í dag í utanrmn. til þess að ræða till. á þskj. 620, lá fyrir einnig brtt. á þskj. 719, en ég sé nú, að eftir afgreiðslu málsins í utanrmn. hafa bætzt við tvö þskj. í þessu máli, þar sem er brtt. hv. 1. landsk. þm. á þskj. 863 og brtt. hv. 1. flm. þáltill., hv. 2. þm. Reykv., á þskj. 866. Eins og nál. meiri hl. utanrmn. ber með sér, varð ekki samkomulag í n., og þá stóðu málin þannig, að þeir tveir hv. nm., sem nú hafa síðan flutt brtt. á sérstökum þskj., töldu sig ekki geta fallizt á þá afgreiðslu málsins, sem meiri hl. lagði til í n. Ég skal ekki fullyrða, hvort brtt. á þskj. 863 er alveg samhljóða brtt. á þskj. 719, af því að ég hef alveg nýlega séð hana, en í n. var helzt að heyra á þeim hv. þm., sem þessa brtt. flytur, hv. 1. landsk. þm., að hann mundi halla sér að brtt., sem komin var á þskj. 719. Og í raun og veru skildi ég orð hv. 2. þm. Reykv. einnig á þá leið,, að hann mundi, ef ekki yrði samþ. aðaltill., verða sammála hv. 1. landsk. að svo komnu máli.

Það er stórt deilumál, sem hér er fært inn á Alþingi Íslendinga, þar sem gert er ráð fyrir, að Alþingi geri ályktun í þessu að kalla má allra viðkvæmasta deilumáli á alþjóðlegum vettvangi sem stendur. Það getur vel verið, að á það sé misjafnlega litið frá ýmsum hliðum, hvort Alþingi eigi yfir höfuð að gera ályktun um slík mál og þá í hvaða átt sú ályktun skuli helzt stefna. Við vitum það, að við höfum þá sérstöðu að vera vopnlaus þjóð og viljum vera það áframhaldandi, og liggur því næst þessari þjóð að styðja þá hugsjón, sem uppi hefur lengi verið og er ekki hvað minnst nú á dögum, allsherjarafvopnun, styðja þá hugsjón, að þjóðirnar hætti að berast á banaspjótum, hvort heldur þau spjót eru smíðuð úr stáli, úr eiturgasi eða atómorku. Ef svo lánlega gæti til tekizt fyrir þjóðunum, að með samningum og samþykktum kæmi bræðralagshugsjón í stað hernaðaranda og afvopnun í stað þess að finna upp ný og ný vopn, þá væri það hið heillaríkasta fyrir mannkynið. Ef sú afvopnun væri raunhæf og undir alþjóðlegu eftirliti, mundi það fara langt til þess að girða fyrir allar þær ógnir, sem nú stafa af þessum geigvænlegu vopnum, sem nútímatækni og vísindaleg þekking hafa lagt upp í hendur manna. Meiri hl. hallast því frekar á þá sveif, að Alþ. styðji þessa meginhugsjón allra friðelskandi manna og allra friðelskandi þjóða um allsherjarafvopnun, og þá um leið er sú hugsjón borin uppi, að bæði kjarnorkuvopn og önnur vopn hætti að ógna mannkyninu.

Við teljum, að þetta sé raunhæfasta leiðin. Sú till., sem borin var fram í upphafi, beinir broddum sínum einungis að einni þjóð veraldar í þessu efni og einu vopni, og brtt. gerir svipað, nema hún snýr máli sínu til þriggja ríkja heimsins, en allsherjarafvopnunin grípur yfir þetta allt saman, ef hún gæti komizt á, og nær til allra þjóða og allra vopna og allra ógna, sem af vopnaburði stafa. Það er þess vegna, að við teljum, að þetta sé raunhæfasta leiðin til þess að bægja frá heiminum hinum geigvænlegu vítisvopnum nútímans, hverju nafni sem þau nefnast, þar með auðvitað talin kjarnorkuvopn og vetnissprengjur, og að slík allsherjarafvopnun sé undir alþjóðlegu raunhæfu eftirliti. Líklegustu og öflugustu alþjóðasamtökin til þess að taka málið þessum tökum teljum við hinar Sameinuðu þjóðir, og við viljum leggja til, að Alþingi Íslendinga feli ríkisstj. að beina áskorun sinni einmitt til hinna Sameinuðu þjóða um, að þær beiti sér af alefli fyrir því að koma á allsherjarafvopnun. Með því teljum við að mest öryggi verði fengið fyrir þeim hættum, sem mannkyninu og framtíð mannkynsins stafi af þeim vopnum, sem beitt er í ófriði og mundi verða beitt framvegis, ef um ófrið væri að ræða.

Ég sé nú, að hv. 1. flm. þáltill., hv. 2. þm. Reykv., hefur með sinni nýjustu till. gert ráð fyrir því, að Alþingi telji, að fyrsta skrefið til allsherjarafvopnunar sé, að tafarlaust sé hætt öllum tilraunum með vetnissprengjur. Ég tel, að það sé ákaflega hæpin fullyrðing að marka þannig fyrsta sporið í allsherjarafvopnuninni, vegna þess að til grundvallar því, að hið fyrsta raunhæfa spor verði stigið í þessum efnum, er að mínum dómi frekar sannfæring hinna vitrustu *meðal þjóðanna um það, að með nútímatækninni sé veröldin komin svo nálægt* þeirri heljarþröm, ef um ófrið yrði að ræða, að einsýnt sé, að allir þeir, sem vilja vel í heiminum, hverrar þjóðar eða kynflokks sem þeir eru, verði að leggjast á þá höfuðsveif í þessum málum, að allsherjarafvopnunin komist í kring. Og hver er kominn til þess að segja um það, hvort kjarnorku- eða vetnissprengjan, sem svo er kölluð, verði lengi það

nýjasta nýtt í málinu? Þessi hugtök eru tiltölulega ný og mjög stutt síðan vetnissprengjan yfir höfuð heyrðist nefnd. Hver getur ábyrgzt, að ekki sé á næstu grösum einhver ný tegund vítisvéla eða slíkra vopna, þannig að þótt kjarnorkuvopnin yrðu bönnuð, þá mætti við því búast, að eitthvað annað skyti upp höfðinu? Fyrir því getur enginn séð, eins og enn er komið, neinn enda. Þess vegna, eins og ég hef lýst, að við lítum þannig á í meiri hl. utanrmn., að allsherjarafvopnunin sé leiðin, sem verði að fara og muni reynast heppilegust, og að afskipti Sameinuðu þjóðanna af þessum málum muni reynast sterkust og notadrýgst, höfum við lagt til, að þessi þáltill. sé samþ. svo breytt sem segir í brtt. á þskj. 862.

Ég ætla, að það sé ekki þörf fyrir mig að hafa hér um fleiri orð. Ég veit það, að ágreiningur var í n. um afgreiðslu málsins. Sá ágreiningur heldur sennilega áfram hér í þingsalnum. En við vildum í n. stuðla að því fyrir okkar leyti, að þetta mál fengi þinglega afgreiðslu og fengi afgreiðslu á þann hátt, sem Alþingi Íslendinga sæmir.

*Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Þegar kjarnorkan var beizluð fyrir nokkrum árum, hófst í raun og veru ný öld í sögu mannkyns. Atómið er mesti orkugjafi, sem mannkynið nú þekkir. Þennan orkugjafa má nota til góðs og til ills. Því miður urðu fyrstu kynni mannkynsins af þeim stórkostlega orkugjafa ill. Þetta mikla ægiafl var fyrst notað til eyðileggingar, en ekki til uppbyggingar. Á þeim árum, sem liðin eru, síðan tókst að beizla kjarnorkuna, hafa framfarir á því sviði orðið stórkostlegar, miklu stórkostlegri en nokkurn mun hafa órað fyrir, þegar uppgötvunin var gerð hið fyrsta. Síðan hafa verið gerðar vetnissprengjur og kóboltsprengjur, sem hafa þvílíkan eyðingarmátt, að stærstu borgir er hægt að leggja í rúst með einni slíkri sprengju, geysilandsvæði er hægt að gera óbyggileg öllum lífverum, sem við nú þekkjum.

Þegar þannig er komið, að í höndum mannsins eru slík eyðingartæki, er vissulega ástæða til þess að staldra við og hugleiða, hvar við erum á vegi staddir. Það mannkyn, sem hefur háð tvær stórstyrjaldir á hálfri öld og beitt í þeim ægilegum vopnum, getur ekki verið öruggt um hag sinn og framtíð sína, eftir að til er vitneskja um jafngeigvænleg vopn og kjarnorkusprengjur, vetnissprengjur og kóboltsprengjur eru. Þess vegna er það engan veginn að ófyrirsynju, að hugur manna er nú svo mjög bundinn við það að koma í veg fyrir, að nokkurn tíma komi til þess, að slíkum vopnum sé beitt.

Sérstök athygli hefur vaknað á þeirri stórkostlegu hættu, sem þessum vopnum fylgir, vegna tilrauna, sem nýlega hafa farið fram á Kyrrahafi, og þar sem komið hefur greinilega í ljós, að eyðingarmáttur þessara vopna er jafnvel enn þá meiri en gleggstu vísindamenn höfðu áður gert sér grein fyrir. Og einmitt nú, eftir að öllu mannkyni varð ljóst, hvað hér er í raun og veru á ferð, um hvílíkt vald hér er í raun og veru að ræða í höndum þeirra manna, sem ráðstöfunarrétt hafa á slíkum vopnum, þá hefur athygli stjórnmálamanna og almennings um gervallan heim beinzt í ríkari mæli en nokkurn tíma áður að því, með hverjum hætti gera mætti ráðstafanir til þess að tryggja, að ekki drægi til nýrrar styrjaldar og þá alls ekki til slíkrar styrjaldar, að þessum vopnum yrði beitt.

Í flestum löndum hefur það verið rætt í þessum mánuði og hinum næsta á undan, að æskilegt væri, að stórþjóðirnar gerðu ráðstafanir til þess, að til beitingar slíkra vopna kæmi aldrei. Þess vegna má segja, að ekki sé óeðlilegt, að jafnstórt mál og hér er um að ræða beri á góma á Alþingi Íslendinga. Mun það hafa verið tilefni þess, að nokkrir hv. þm. fluttu till. til þál. um áskorun til Bandaríkjastjórnar vegna vetnissprengju.

Ég get þó ekki fellt mig við þá till., eins og hún er orðuð á þskj. 620. Ég tel það fyrst og fremst ágalla á henni, að henni er beint fyrst og fremst að ríkisstj. Bandaríkja Norður-Ameríku, þó að vitað sé, þó að öllum heimi sé kunnugt, að Sovétríkin hafa einnig gert tilraunir með vetnissprengjur og að yfirráð yfir vetnissprengjum eru sízt hættuminni í höndum ráðamanna Sovétríkjanna heldur en ráðamanna Bandaríkjanna. Þess vegna fagnaði ég því, að flutt skyldi vera brtt. af hv. 8. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. um það að umorða tillgr. þannig, að þeim tilmælum, sem gert er ráð fyrir, sé beint til allra þeirra ríkja, sem vitað er að hafa ráð þessara kjarnorkuvopna, Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Bretlands.

Á fundi, sem haldinn var í utanrmn. í dag, kom það fram af hálfu meiri hl. n., fulltrúa hv. Sjálfstfl. og hv. Framsfl., að þeir leggja til, svo sem þeir gera till. um á þskj. 862, að tillgr. sé orðuð á enn annan veg, þar sem gert er ráð fyrir því að skora á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér fyrir allsherjarafvopnun, sem væri tryggð með raunhæfu alþjóðlegu eftirliti, enda sé það öruggasta ráðið til þess að koma í veg fyrir notkun kjarnorkuvopna.

Ég tel það galla á þessari till., að í henni er ekki vikið sérstaklega að þeim tilraunum, sem nýlega hafa farið fram með vetnissprengjur, síðan sú uppgötvun var gerð, bæði í Sovétríkjunum og Bandaríkjunum. Sérstök ástæða er til þess að beina því til stórveldanna, sem ráð hafa á þessum vopnum, að nota þau ekki og að láta af frekari tilraunum með þessi vopn, en fyrir því var einmitt gert ráð í till. þeirra hv. 8. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. Þess vegna hef ég leyft mér í mínu minnihlutanál. að taka upp till. þeirra tvímenninganna sem brtt. við till. meiri hl., óbreytta að öðru leyti en því, að orði er vikið til og fyrirsögn till. orðuð öðruvísi, þ. e. a. s. ætlazt til þess, að hún heiti: Till. til þál. um allsherjarafvopnun og kjarnorkuvopn, en um bæði þessi atriði er fjallað í tillgr. sjálfri.

Ég tel, að ástæða væri til þess fyrir Alþingi að samþ. ályktun, sem í fælist, að því væri beint til ríkisstj. Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Bretlands að taka nú upp samninga sín á

milli og við önnur ríki um allsherjarafvopnun og bann við framleiðslu kjarnorkuvopna og enn fremur strangt alþjóðlegt eftirlit með því, að banninu verði framfylgt, en fella jafnframt niður frekari tilraunir með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn. Í till. er fyrst og fremst lögð áherzla á nauðsyn allsherjarafvopnunar, en jafnframt algert bann við framleiðslu kjarnorkuvopna og strangt eftirlit með því, að því banni verði framfylgt. Ég hygg, að Alþ. mundi með slíkri ályktun geta lagt sitt lóð á vogarskálina, þótt ekki stórt væri, í viðleitninni til þess að forða mannkyni frá ógnum styrjaldar, frá þeim ægilegu ógnum, sem styrjöld með kjarnorkuvopnum hlyti að hafa í för með sér.

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Það hafa nú skeð þau undur, að hv. utanrmn. hefur afgr. tillögu og það meira að segja fljótt. Á fundi, sem ég mætti á í utanrmn. í dag, klofnaði n., og eins og þegar hefur verið skýrt frá, mynda stjórnarflokkarnir þar meiri hluta, en við erum þar báðir í minni hluta, hv. 1. landsk. og ég. Ég hef enn þá ekki gefið út nál., en býst við, að það komi frá mér, áður en lýkur, en það gerir nú ekkert til, það þarf ekki að tefja þessar umr.

Eins og þegar hefur verið skýrt frá, þá hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í utanrmn. lagt til, að till., sem ég hef flutt ásamt fleiri hv. þm., yrði breytt eins og segir á þskj. 862, þannig að till. yrði þá áskorun til Sameinuðu þjóðanna um að beita sér fyrir allsherjarafvopnun og eins og þar segir svo áfram. Ég skal vissulega undirstrika það fallega, sem kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., hv. þm. Vestm. (JJós). Það væri náttúrlega ákaflega fallegt og gott, ef mannkynið gæti nú komið sér saman um að hætta að stríða, ef menn gætu nú komið sér saman um allt í einu að leggja niður vopn, sem menn hafa tiðkað síðustu árþúsundirnar hér á jarðríki. Vissulega væri þetta ákaflega æskilegt, og það væri náttúrlega ákaflega erfitt að vera að hafa mikið á móti því, að samþ. væri till. í þá átt, svo framarlega sem maður hefði einhverja von um, að það væri lausn á því vandamáli, sem við erum að glíma við núna.

Við skulum alveg gera okkur ljóst, hvert vandamálið er, sem við erum að glíma við. Það hefur allt í einu skapazt sú hætta, að mannkynið geti þurrkað sjálft sig út, að með vetnissprengjunni og með áframhaldandi þróun þeirra vitisvéla verði mögulegt fyrir mannkynið að þurrka sjálft sig út, eyðileggja alveg tilveru þessarar sérstöku dýrategundar, sem svona hátt hefur náð, eyðileggja jafnvel allt líf á jörðinni, jafnvel sprengja sjálfa jörðina undan sér, breyta jafnvel jörðinni í sól. Það er alveg óútreiknanlegt, hvað það er, sem getur hlotizt af því, ef mannkyninu og þeim mönnum, sem því stjórna, á að haldast uppi að halda áfram að beita þessum aðferðum, vetnissprengjum og öðru slíku, kjarnorkusprengjum á einu eða öðru stigi, jafnvel líka nýjum stigum, eins og hv. þm. Vestm. var að minnast á. Það er óútreiknanlegt, hvað af því kann að hljótast, ef það á að viðgangast hjá mannkyninu og reiknast með í eðlilegum hernaði. Það er þessi hætta, sem við erum að glíma við. Það er þessi hætta, sem ógnar allri tilveru okkar mannanna hér á þessari jörð.

Hins vegar hvað snertir stríð, sem er mjög sorglegt og slæmt fyrirbrigði, þá er það samt svo, að í allmargar árþúsundir, næstum meðan við höfum sögur af, hafa mennirnir barizt. Þeir hafa barizt með sverðum, og þeir hafa jafnvel barizt með skæðari vopnum. Þeir hafa barizt, en það hefur aldrei verið sú hætta í sambandi við það, þegar menn börðust með sverðum og spjótum og öðru slíku, að menn gereyddu mannkyninu, að menn þurrkuðu mannkynið út af jörðunni. Þrátt fyrir það, þótt mennirnir hafi öldum saman háð styrjaldir, barizt með sverðum og spjótum og skæðari vopnum, þá hefur aldrei — til allrar hamingju — verið hætta á því, að þeir dræpu allt mannkyn, sem til var á jörðunni. Því segi ég það: Það væri vissulega æskilegt, að mennirnir gætu hætt að berjast, að það væri hægt að afvopna allan heiminn.

En finnst mönnum það sérstaklega líklegt sem raunhæf aðgerð og raunhæf till. frá þjóðþingi eins og Alþ. Íslendinga að leggja það til í dag, að við skulum tengja spurninguna um að hindra notkun vetnissprengjunnar við það, að við hættum að berjast með sverðum og spjótum eða öðrum slíkum vopnum? Er það skynsamlegt? Er það raunhæft?

Það er ekki vegna þess, að ég sé á móti því, að menn hættu að berjast með sverðum og spjótum eða öðrum slíkum vopnum, að ég gagnrýni þessa till., heldur vegna þess, að hún gengur fram hjá þeirri geigvænlegu hættu, sem yfir okkur vofir. Það hafa vofað yfir okkur fleiri hættur en vetnissprengjan í sambandi við styrjaldir. Það hefur vofað yfir okkur sú hætta, að bakteríuhernaður yrði tekinn upp, að bakteríum, sem væru ræktaðar alveg sérstaklega í tilraunastöðvum stórveldanna, væri beitt til þess að gereyðileggja lífið á svo og svo stórum svæðum jarðarinnar. Flest ríki veraldarinnar hafa hins vegar til allrar hamingju komið sér saman um það, þó að vísu ekki Bandaríkin, að banna notkun bakteríu í styrjöldum, og það hefur aldrei verið gert, ekki af neinu ríki. Það er líka í slíkum tilraunastöðvum búið að finna upp eitur, sem gæti drepið alla íbúa einnar stórborgar á örskömmum tíma, en menn hafa yfirleitt komið sér saman um, að slík vopn ætti ekki að nota. Þessar hættur hafa verið til, og mennirnir hafa einbeitt sér að því að reyna að hindra, að þessi vopn væru notuð. Þess vegna er gert samkomulagið um bann við notkun bakteríu í hernaði. Menn hafa líka komið sér saman um að hafa ákveðnar reglur í ófriði um að reyna að bjarga særðum mönnum og leyfa Rauða krossinum og öðrum hjúkrunarsveitum ákveðið starf til þess að reyna að lina skelfingar ófriðar, og það hefur verið spor í rétta átt, jafnvel þótt það hefði vissulega verið betra, þegar till. komu fram um Rauða kross og aðrar hjúkrunarsveitir, að menn bara hættu alveg að berj-

ast. M. ö. o.: Þær till., sem fram hafa komið hjá mannkyninu um að reyna að lina skelfingar styrjaldanna, reyna þó að gera þær ekki eins ægilegar og þær eru, reyna þó að bjarga þeim mönnum, sem særðir eru, þegar verið er að berjast, reyna þó að koma í veg fyrir, að bakteríur séu notaðar, reyna í þessu tilfelli að koma í veg fyrir, að kjarnorkuvopn séu notuð. Þetta eru allt saman stórvægilegar, raunhæfar till., sem geta dregið úr þeirri skelfingu, sem styrjöld er. Þess vegna er ekki raunhæft að flytja þá till., sem meiri hl. í utanrmn. hér flytur.

Ég vil bara skjóta því að fulltrúum stjórnarflokkanna í hv. utanrmn., hvernig þeim mundi finnast það, þegar hagsmunastreita á sér stað, — við skulum segja verkamenn og atvinnurekendur eru að deila eða jafnvel að bændur og kaupstaðarbúar væru máske að deila um verð eða eitthvað annað slíkt, að menn ræktu sig á það í veröldinni, að það væru andstæðir hagsmunir, og menn væru að reyna að miðla þarna málum og finna út það, sem rétt væri, og afstýra miklum vandræðum í sambandi við slík átök, — hvernig mundi þeim lítast á, ef það væri bara allt í einu sagt: Ja, góðir menn, elskið bara hverjir aðra, framkvæmið það í reyndinni, og gefið hvor öðrum allt með hinum, og verið svo ekki að togast á um hagsmuni? Það væri einhver svipuð aðferð, álíka raunhæf til lausnar daglega á þeim vandamálum, sem við erum að stríða við, eins og sú, sem meiri hl. utanrmn. hérna leggur til, að þegar mannkynið stendur frammi fyrir þeirri hættu, sem af kjarnorkuvopnunum stafar, þá skuli menn bara koma sér saman um að hætta alveg hreint að berjast í veröldinni.

Svona laust má ekki taka á þessu máli. Það verður að taka raunhæfar á þessum málum heldur en þarna er gert. Þess vegna vil ég leyfa mér að benda á, í hvaða samhengi þessar till., sem hér koma fram um að vísa svo að segja burt öllum tilraunum um bann við notkun kjarnorkuvopna með því að taka upp málið sem allsherjarafvopnun, standa við þá utanríkispólitík, sem Bandaríkin nú hafa tekið upp. Bandaríkin hafa sem sé, og það í byrjun þessa árs, gerbreytt um stefnu í öllum sínum hernaðarmálum og þar með raunverulega að miklu leyti í sínum utanríkismálum. Þau hafa tekið upp þá stórhættulegu stefnu að einbeita öllum sínum styrjaldarrekstri að því að berjast með kjarnorkuvopnum. Þau hafa gert þá ráðstöfun, sem tilkynnt var af utanrrh. Bandaríkjanna núverandi, Dulles, 12. jan. þ. á., að Bandaríkin lýstu því yfir, að þau gerbreyttu nú um hernaðarstefnu og byggðu héðan af allt á því að geta svarað árásum með gagnárásum kjarnorkuvopna. M. ö. o.: Það er meira að segja af hálfu Bandaríkjanna dregið úr framlagi til hers, á sama tíma sem margfaldað er framlag til kjarnorkuvopna og það sérstaklega til vetnissprengna. Því er lýst yfir, að byrji styrjöld, þá muni fyrst og fremst kjarnorkuvopnunum verða beitt, m. ö. o., verði styrjöld, þá muni Bandaríkin beita kjarnorkuvopnum, og það mun vafalaust þýða, að þeim verði beitt á báða bóga. Það er þessi gerbreyting á öllum styrjaldarrekstri, sem lýst var yfir 12. jan. af Dulles utanrrh. Bandaríkjanna, sem hefur gerbreytt viðhorfunum í veröldinni og skapað hættuna á því, að mannkyninu eða stórum hluta þess og a. m. k. menningunni á jörðinni yrði eytt, svo framarlega sem til nýrrar heimsstyrjaldar kæmi. Og það er þess vegna sem okkur verður að skiljast, að það verður að leggja aðaláherzluna á að hindra, að þessi ægilegu vopn verði notuð í styrjöld.

Það er verið að berjast í heiminum núna sem stendur. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir, að gripið verði til annarra eins vopna og vetnissprengjunnar í þeim styrjöldum, sem nú standa. Alþingi hefur sjálft hér og einstakir þingmenn látið í ljós sínar skoðanir á frelsisbaráttu þeirra þjóða, sem eru að berjast fyrir sínu frelsi, allt frá Marokkó og austur til Indó-Kína. Við vitum, að þessar þjóðir eru alltaf öðru hverju að berjast fyrir því að velta af sér nýlenduokinu. En við vonumst til þess, að þó að stríð séu háð á þessum stöðum, þá verði ekki farið að beita kjarnorkuvopnum í þeim styrjöldum.

Hvernig svöruðu nú aðrar þjóðir veraldar og ábyrgir ráðamenn Bandaríkjanna, þegar Dulles utanrrh. Bandaríkjanna gaf þessa yfirlýsingu 12. jan. og gerbreytti þannig þeirra hernaðarpólitík? Utanrrh. Kanada, — og Kanada er líka meðlimur í Atlantshafsbandalaginu, — Lester Pearson, lýsti því yfir, að þessar yfirlýsingar utanrrh. Bandaríkjanna væru alls ekki gefnar í neinu samráði við stjórn Kanada. Í enska þinginu kom það greinilega fram, ekki síst hjá fyrrverandi hermálaráðherra, Hore Belisha, hvernig Bretarnir vilja alls ekki vera samábyrgir um þessar yfirlýsingar Bandaríkjanna. Og hjá þeim mönnum, sem eru dálítið ábyrgari í sinni utanríkispólitík í Bandaríkjunum sjálfum heldur en núverandi stjórn republikananna, kom þetta nákvæmlega sama fram. Sá maður, sem hv. stjórnarflokkar hér á Alþingi hafa þó á undanförnum árum stundum gert nokkuð með, Acheson, fyrrverandi utanrrh. Bandaríkjanna, réðst mjög harðvítuglega á þessa pólitík Dulles og ríkisstj. Bandaríkjanna í New York Times 28. marz, þar sem hann segir m. a.:

„Bandamenn Ameríku mundu réttilega líta svo á, að tilveru þeirra væri að nauðsynjalausu stefnt í voða á ófyrirleitinn hátt. Það er ekki hægt að vænta þess, að þeir mundu samþ. slíka stefnu bandalagsins. Það væri heldur ekki hægt að gera ráð fyrir því, að þeir vildu samþ., að við notuðum herstöðvar í löndum þeirra. Í stuttu máli: Það er erfitt að ganga rækilegar í berhögg við þær meginreglur, sem heppileg stefna Atlantshafsbandalagsins hlyti að byggjast á."

Þetta var yfirlýsing frá Acheson, fyrrverandi utanrrh. Bandaríkjanna, og Demokrataflokkurinn bandaríski hefur yfirleitt tekið þá afstöðu að gagnrýna harðvítuglega þessa stefnu, sem í ársbyrjun var tekin upp.

Þetta eru þeir hlutir, sem við þurfum að gera okkur ljósa. Þetta eru þau raunhæfu

vandamál, sem við stöndum frammi fyrir. Núverandi ríkisstjórn Bandaríkjanna með Dulles utanrrh. í broddi fylkingar hefur markað nýja utanríkispólitík, nýja hernaðarpólitík, sem stofnar tilveru mannkynsins í hættu, með því að lýsa því yfir, að Bandaríkin muni leggja höfuðáherzluna á smíði kjarnorkuvopna og beita kjarnorkuvopnum í styrjöld. Og Eisenhower forseti hefur sjálfur lýst því yfir, að hann mundi taka það á sína ábyrgð að beita þessum kjarnorkuvopnum. Það er þessi hætta, sem við stöndum frammi fyrir, og það er að afstýra þessari hættu, sem við verðum fyrst og fremst að einbeita okkur að með þeim litlu áhrifum, sem við getum haft hér í Alþingi Íslendinga. Þess vegna álít ég ekki rétt að glepja okkur að neinu leyti, jafnvel þótt að öðru leyti væru fallega orðaðar till., en hindruðu þennan tilgang.

Um upphaflega till. okkar sósialista á þskj. 620 var minnzt á hér áðan, að henni væri að nokkru leyti beint gegn Bandaríkjunum eða það væri broddur í henni til Bandaríkjanna, — hann er nú að vísu ekki neitt mjög harðvítugur, hann er mjög kurteis, en hann var eðlilegur og raunhæfur, vegna þess að Bandaríkin eru eina ríkið, sem hefur beitt kjarnorkuvopnum í styrjöld, og eru það ríki, sem lýsir því yfir nú, að þau ætli sér að beita vopnunum í styrjöld, og eru auðsjáanlega núna að byrja með að hóta að beita kjarnorkuvopnum í Asíustyrjöld. Þess vegna var það ekkert óeðlilegt, þó að þessi litli broddur væri í okkar till. Hins vegar, eins og ég lýsti yfir við byrjun mína á umr. um þetta mál í gærkvöld, þá gat ég ákaflega vel hugsað mér að samþ. þá till. frá hv. 4. og 8. þm. Reykv., sem þá var fram komin, og nú hefur hv. 1. landsk. tekið þá till. upp og flytur hana sem brtt. við till. meiri hl. utanrmn. á þskj. 863, og ég vil lýsa því yfir, að ég mun að sjálfsögðu greiða þeirri brtt. atkvæði. Hins vegar lízt mér svo á, að sú ágæta till., ef stjórnarflokkarnir standa saman um sinn meiri hl. í utanrmn., muni að öllum líkindum verða felld, því miður. Þá væri mjög góð og mjög virðuleg till. fyrir Alþingi að samþ. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 866 um, að það bætist aftan við till. meiri hl., þessa till., sem fer fram á allsherjarafvopnun, svo hljóðandi setning, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi telur, að fyrsta skrefið til allsherjarafvopnunar sé, að tafarlaust sé hætt öllum tilraunum með vetnissprengjur og að notkun þeirra og annarra kjarnorkuvopna sé bönnuð.“

M. ö. o.: Ég lít svo á, að ef meiri hl. Alþingis Íslendinga vill endilega fara þá leið að afgr. þetta mál, sem hérna liggur fyrir, með einni allsherjarósk um allsherjarafvopnun, þá verði þó Alþingi Íslendinga að gera sér það ljóst, að vandamál, sem mannkynið er búið að glíma við í margar þúsundir ára, þ. e. það vandamál, að menn skuli beita vopnum, verður að öllum líkindum ekki leyst á þann hátt, að menn stökkvi þaðan, sem við stöndum í dag með ógn vetnissprengjunnar yfir höfðum okkar, og komi ekki niður fyrr en á enda leiðarinnar, þar sem allir menn hafa lagt niður öll vopn. Ég held, að við verðum að gera okkur ljóst, að leiðina til allsherjarafvopnunar mannanna á jörðinni verðum við að feta skref fyrir skref, og því stærri og betri skref sem við getum stigið, því betra. Ég held, að fyrsta skrefið, sem við þurfum að stíga, sé að koma í veg fyrir, að kjarnorkuvopn verði notuð, — það sé fyrsta skrefið, sem við verðum að stíga, — og ef okkur tekst nú að hjálpa til að hafa þau áhrif, að það skref verði stigið, þá gæti ég trúað, að hægt væri að feta áfram á þeirri braut að reyna að fá fram allsherjarafvopnun hjá mannkyninu. Þess vegna álít ég, ef hv. þm. er alvara með að vilja stuðla að því að firra mannkynið þeirri hættu, sem kjarnorkuvopnin hafa skapað, þá beri þeim í öllu falli, ef þeir geta ekki samþ. þá ágætu till., sem flutt er á þskj. 863, að samþ. þessa viðbótartill. mína.

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Ég kvaddi mér nú hljóðs í gærkvöld, áður en sú breyting varð á þessu máli, sem síðan er komin í ljós, en ég vildi gjarnan bæta nokkrum orðum við það, sem hér hefur verið sagt.

Ég tel það fullkominn óþarfa að eyða mörgum orðum til þess að lýsa þeim voða, sem mannkyninu stafar af notkun kjarnorkuvopna í hernaði. Ég geri ráð fyrir, að öllum hv. þm. sé sá voði svo ljós, að óþarfi sé að eyða orðum til þess að lýsa því. Ég mun því snúa mér að þeim till., sem hér liggja fyrir, og ræða efni þeirra og hvað á milli ber.

Samkv. till. á þskj. 620, sem borin er fram af Einari Olgeirssyni o. fl., er lagt til, að Alþingi Íslendinga skori á ríkisstj. Bandaríkja Norður-Ameríku að hætta tilraunum með vetnisprengjur, og svo enn fremur að taka upp samninga þríveldanna allra um bann við framleiðslu kjarnorkuvopna. Þessa till. álít ég alls ekki með nokkru móti hægt að samþykkja. Það að beina til eins ríkis tilmælum í þessa átt hefur ekki nokkra minnstu þýðingu, er aðeins móðgun við þetta eina ríki, og liggur í augum uppi, að meðan aðrar þjóðir eru með tilraunir í þessu efni, þá vill enginn hætta sínum tilraunum, heldur þvert á móti reyna að hraða þeim sem mest og standa sem bezt í samkeppninni við hin önnur ríki, sem slíka framleiðslu hafa með höndum. Þess vegna gerðist ég flm. ásamt hv. 8. þm. Reykv. að till. á þskj. 719. Samkv. henni er lagt til, að Alþingi beini þeirri áskorun til þríveldanna allra, Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Bretlands, að taka nú þegar upp samninga um afvopnun, og í því sambandi lögð sérstök áherzla á bann við framleiðslu kjarnorkuvopna, og um leið og þessir samningar hefjast, þá skuli allir þeir, sem að þeim standa, jafnframt fella niður tilraunir með framleiðslu vetnissprengna og kjarnorkuvopna.

Hv. meiri hl. utanrmn. hefur ekki getað fallizt á þessa till., en leggur í þess stað til, að Alþingi feli ríkisstj. að skora á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér af alefli fyrir allsherjarafvopnun, og svo áfram hugleiðingar um skaðsemi og hættur kjarnorkuvopna. Hér er um

svo stórfellda efnisbreytingu að ræða, að ég sé mér ekki með nokkru móti fært að fallast á þessa till. fyrr en a. m. k. ég sé, hvernig till. á þskj. 719, sem hv. minni hl. n. hefur tekið upp, reiðir af.

Ég veit ekki betur en að meginhlutverk Sameinuðu þjóðanna samkv. þeirra stofnskrá og samþykktum sé að afstýra styrjöld og koma á friði í heiminum og ein af allra þýðingarmestu nefndum þessarar stofnunar sé afvopnunarnefndin, sem á að vinna að afvopnun meðal þjóðanna samkv. sínum reglum og samkv. þeim fyrirmælum, sem þing Sameinuðu þjóðanna hefur veitt henni. Að þetta ekki hefur lánazt betur en raun sannar, stafar af því, að innan Sameinuðu þjóðanna er geysimikil sundrung og ágreiningur, að þar er ákvæði um neitunarvald í samþykktum þeirra, sem gerir það að verkum, að ef ákveðnir aðilar fallast ekki á samþykktir, sem gerðar eru, þá hafa þær ekki gildi. Með neitunarvaldinu er hægt að stöðva samþykktir, sem mikill meiri hluti þjóðanna gerir og hinir ekki vilja beygja sig fyrir. Við sendum fulltrúa á þing Sameinuðu þjóðanna, og það er sjálfsagt, að hann beri fram okkar mál þar. Ég veit ekki, hvernig hæstv. stjórnarflokkar hugsa sér meðferð málsins, ef þeirra till. verður samþykkt. Gera þeir ráð fyrir því, að Sameinuðu þjóðirnar, það er að segja framkvæmdastjóri þeirra, geti nokkuð gert í þessu efni fyrr en búið er að kalla saman a. m. k. fund í afvopnunarnefndinni og sennilega þing Sameinuðu þjóðanna til að gera sínar ályktanir af þessu? Og það er langur tími til stefnu og gerist margt á því tímabili.

Öðru máli gegnir um það, sem ætlazt er til að gert verði samkv. till. minni hl., sem er á þskj. 719. Þar er snúið sér beint en sameiginlega til þríveldanna, sem hver maður veit að í raun og veru ráða því, kannske hvert eitt fyrir sig, hvort það verður stríð eða friður. Þó að Sameinuðu þjóðirnar fengju áskorunina, eins og hún er orðuð frá hæstv. stjórnarflokkum, mundu þær ekki annað gera heldur en að snúa sér til þessara þriggja stórvelda fyrst og fremst. Mér sýnist því langur krókur að fara í þessu efni, sem hæstv. stjórnarflokkar leggja til. Mér finnst, að það einlæga og eðlilega í þessu sé það, að ef Alþ. vill á annað borð beina ályktunum til aðila utan okkar eigin lands, þá sé sjálfsagt að fara beint og krókalaust til stjórnenda þeirra þjóða, sem í raun og veru ráða því, eins og ég áðan sagði, hvort það verður stríð eða friður, einar eða fleiri. Ég vil því mjög eindregið mæla með því, að till. minni hl. n. verði samþ. Og sýnist það í raun og veru sú eina eðlilega afgreiðsla þessa máls, úr því að Alþ. vill, sem ég tel rétt og sjálfsagt, láta sína rödd heyrast í þessu.

Ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Reykv. lét svo ummælt í fyrri ræðu sinni hér, að fjölmörg þjóðþing, stjórnmálaflokkar og félagssamtök hvarvetna um heim hefðu beint áskorunum um þetta efni til þríveldanna, samþykkt ályktanir í þessu efni, og vildi þar með gefa í skyn, að það væru svipaðar ályktanir eins og felast í till. hans á þskj. 620. Mér er ekki kunnugt um eitt einasta þjóðþing eða allsherjarsamkomu utan áhrifasvæðis Rússa, sem hefur samþ. svipaða ályktun og felst í till. á þskj. 620, þar sem einhliða er skorað á Bandaríkjastjórn eina að hætta tilraunum með vetnissprengjur.

Hv. þm. segir, að eina sjálfsagða leiðin í þessu efni sé sú að feta sig stig af stigi í áttina til afvopnunar, banna fyrst hættulegustu vopnin og fika sig svo áfram niður á við. Í því sambandi upplýsti hann, að það væru til og á valdi vísindamanna ýmissa þjóða nægileg ráð til þess að eyða heilum þjóðum með bakteríum, með sýklum. Það hefði verið bannað, það bann hefði verið virt og ekkert ríki, sagði hann í sinni seinni ræðu, hefði notað bakteríur í hernaði. Ég hygg, að þetta sé rétt. En þó minnir mig, að hans blað hafi nú sagt, að Bandaríkin hafi notað sýkla í Kóreustyrjöldinni, og þykir vænt um, ef hv. þm. er kominn á réttari skoðun í þessu efni nú. (Gripið fram í.) Voru það ekki nema tilraunir? Vægar tilraunir? Ég verð nú að gera þá játningu, að ég óttast, hverjar ályktanir og samþykktir sem gerðar kunna að hafa verið, að ef til stórstyrjaldar kemur og ein þjóð eða fleiri berst fyrir lífi sínu og tilveru og á ráð á vopni, sem getur snúið styrjöldinni henni til sigurs, þá er ekki líklegt, að til þess ráðs yrði ekki gripið, þegar í fullt öngþveiti væri komið. Þetta hygg ég að menn verði að gera sér ljóst, og því er að sjálfsögðu rétt að undirstrika það, að engu marki er náð í þessu efni fyrr en afvopnun er komið á. En hitt er líka rétt, að eins og tímarnir eru nú og vegna þeirra atburða, sem gerzt hafa nýlega, er rétt og sjálfsagt að leggja á þessum tímamótum sérstaka áherzlu einmitt á meðferð kjarnorkuvopna og vetnissprengna, og það er einnig gert í þeirri till., sem er á þskj. 719 og hv. minni hl. hefur tekið upp í sitt nál. Ég vildi því mjög mæla með því, að fallizt yrði á till. eins og hún er orðuð í nál. á þskj. 863.

*Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson):* Herra forseti. Þetta mál hefur nú gengið með talsvert miklum hraða hér, síðan farið var að ræða það í gærkvöld, og ég tek eftir því og tók þó ekki eftir því fyrr en ég var búinn að flytja mína framsöguræðu, að brtt. meiri hl. n. á þskj. 862 er ekki nákvæmlega eins og ætlazt var til að hún yrði. Ég hef gert ráðstafanir til þess að fá till. prentaða upp. Ég get að vísu skýrt frá því, hvað það var, sem þarf að bætast við og vantaði, ef það þykir nægja, en að öðrum kosti læt ég forseta ráða því, hvort hann vill fresta fundi, þangað til hin uppprentaða till. er komin. Ég skal lýsa því eftir ósk hæstv. forseta, að þar sem stendur: „enda er það öruggasta ráðið til þess að koma í veg fyrir notkun kjarnorkuvopna og vetnissprengjunnar“ — átti að vera: „enda er það öruggasta ráðið til þess að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og vetnissprengjunnar“ — og á eftir þessu koma orðin: „í hernaði“, svo að endirinn á þessari gr. er þá þetta: „enda er það öruggasta leiðin til þess að koma í veg

fyrir framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og vetnissprengjunnar í hernaði.“

Þetta með framleiðsluna er þýðingarmikið, og var leitt, að það skyldi falla niður. Það kom t. d. fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HG), að hann leggur talsverða áherzlu á, að það sé hætt við tilraunir með þetta vopn, og má af þessari skýringu minni sjá, að meiri hl. er ekki eins fjarri hans hugsun og hin prentaða till. gefur tilefni til að ætla, eins og hún nú er, enda mun hið uppprentaða skjal sýna það, þegar þar að kemur.

Nú bið ég hæstv. forseta að segja til, hvort hann óskar eftir, að beðið sé eftir hinu uppprentaða skjali; annars ætlaði ég að bæta fáeinum orðum við. [Frh.]

*Forseti (JörB):* Hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir því, að till. hafi brenglazt ofur lítið frá því, sem ætlazt var til. Ef hv. þm. *finnst, að þeir hafi getað gert sér grein fyrir* samkv. skýringu hv. frsm., hvað leiðrétt hefur verið, þá skoða ég þetta sem leiðréttingu og kemur rétt í skjalapartinum eins og hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir. Hins vegar ef hv. alþm. kjósa heldur að fá í sínar hendur till. með því orðalagi, sem hún á að vera, áður en gengið er til atkvæða, þá mun ég að sjálfsögðu verða við þeim óskum. Ef enginn hv. þm. gerir neina aths. út af þessu, þá skoða ég það sem menn taki þetta gott og gilt, því að hv. frsm. hefur gert glögga grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, að það er smáleiðrétting og leiðrétting til betri vegar, skilst mér, á efni till. Ég tel og, að það sé rétt, að hv. frsm. haldi áfram sinni ræðu.

*Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson)* [frh.]: Ég þakka hæstv. forseta. Ég skal ekki þreyta ræðu um þetta mikla vandamál, sem hér hefur verið fært inn á þennan vettvang. Hv. 4. þm. Reykv. hefur miklu betur en ég mundi gert hafa sýnt fram á það, að hv. flm. þáltill. hafa verið ofhaldnir af einhliða áliti í þessum efnum, þeir sem fluttu þessa till. upphaflega, hv. 2. þm. Reykv. og hans skoðanabræður; það sést af því, eins og hv. 4. þm. Reykv. sýndi glöggt fram á, að till. er þar einvörðungu beint gegn einu ríki veraldar.

Það er ekki af því, að við, sem myndum þennan meiri hl., höfum nokkuð minni ótta eða finnum til minni fordæmingar á þessum válegu vopnum, sem brúkuð eru, heldur en hv. 2. þm. Reykv. og hans trúarbræður, að við viljum haga orðum okkar á annan veg til þess að láta í ljós vilja okkar og ósk um það, að þeirri vá verði afstýrt, sem af notkun kjarnorkuvopna og slíkra sprengna, sem hér eru nefndar, vetnissprengna o. s. frv., mundi leiða, heldur af því, að við lítum ekki litað á þetta mál. Við lítum ekki á voðann sem komandi aðeins frá einni átt. Ef um það væri að ræða hér, sem ég ætla ekki að fara út í neitt að verulegu leyti, að tala um það, hvaðan heiminum stæði mestur voði, þá er þar mörgum fleirum til að dreifa og margri annarri utanríkispólitík til að dreifa heldur en utanríkispólitík Bandaríkjanna, sem hv. 2. þm. Reykv. virtist vera svo fróður um. Hann minntist ekkert á utanríkispólitík ríkjanna austan járntjaldsins, og ætla ég þó, að hann muni engu ófróðari vera um hana heldur en þá, sem hann lýsti. Við höfum fullan rétt á því, og okkur ber skylda til þess, þótt smáir séum, að leggja það til í þessum efnum, sem við hyggjum réttast og bezt og er í samræmi við rödd okkar eigin samvizku.

Á hinn bóginn get ég ekki fallizt á þá skoðun, sem fram kom hjá hv. 4. þm. Reykv., að Alþingi Íslendinga ætti að snúa sér að slíku máli sem þessu annan veg en í gegnum þá allsherjarstofnun, Sameinuðu þjóðirnar, sem Ísland er einn meðlimur í og er sá stærsti og merkasti vettvangur, þar sem rödd Íslands getur látið til sín heyra, og sá vettvangur, þar sem Ísland nýtur jafnréttis við stærri þjóðir. Ef við aftur á móti snúum tali okkar beint og milliliðalaust, hvort heldur væri til Moskvu, til Washington eða London, þá ber þeim hinum sömu sem á það tal mundu hlýða ekki sama skylda til að taka tillit til óska okkar kotríkis á þann veg eins og þegar við göngum fram í þeirri breiðfylkingu, sem Sameinuðu þjóðirnar mynda. Það er því að yfirlögðu ráði og með það fyrir augum, að þann veg sé okkar framkoma mest metin og virðulegust, að við, sem myndum meiri hl. í utanrmn., höfum farið fram á það, að Alþingi legði fyrir ríkisstjórn Íslands að skora á Sameinuðu þjóðirnar að taka þetta málefni upp, og ég geri eins vel ráð fyrir því, að af meðlimum Sameinuðu þjóðanna verði Ísland ekki hinn eini meðlimur, sem ber slíkar óskir á borð á því stóra þjóðþingi.

Ég skal svo ekki um þetta hafa fleiri orð. Ég vonast til þess, að málið geti nú fengið sína afgreiðslu, eins og við höfum allir viljað stuðla að, að það fengi. Það getur verið bitamunur, en ekki byrðar með orðalag á till. hv. 4. þm. Reykv. og hv. meiri hl. utanrmn., en við stefnum allir að því marki að láta frá þessum véum heyrast þá rödd, sem miði til góðs í þessu efni, og öruggasti vegurinn, vissasti vegurinn, beinasti vegurinn og sá, er til mestrar farsældar mundi leiða fyrir allt mannkyn, er það, að þjóðirnar gætu bundizt föstum og öruggum heitum um allsherjarafvopnun.

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Ég vil nú ógjarnan verða til þess að lengja þessar umr., ef hægt væri að fara að ljúka þeim.

Ég skil það vel, að hv. þm., sem sjálfir stóðu að því að fá Ísland inn í Atlantshafsbandalagið, eru eðlilega dálítið viðkvæmir fyrir þeim ádeilum, sem fram koma á Bandaríkin, og ég vil ekki hér, af því að við höfum nú deilt um þau mál allheitt og harkalega stundum, fara að rifja það upp í sambandi við þessi mál. Ég hef flutt þau rök það oft hér, að ég held, að þess ætti ekki að þurfa, enda heppilegast, að hægt væri að losna við þau. En hitt verða menn að gera sér ljóst, að það eru Bandaríkin núna sem stendur, sem hafa fleiri hundruð herstöðvar úti um alla veröld í öllum

heimsálfum og hafa sjálfir kjarnorkuvopn, sem þeir hafa tilkynnt að þeir muni vera reiðubúnir til þess að beita í stríði. Þetta skapar sérstöðu Bandaríkjanna í heiminum. Enn fremur hitt, að þeir hafa þegar sýnt sig í því að beita slíkum vopnum í styrjöld — og svo nú upp á síðkastið með sinni breyttu hermálapólitík í janúar gert þetta að höfuðatriðinu í öllum þeirra stríðsundirbúningi, í allri þeirra hernaðarpólitík. Þetta er, eins og ég sýndi fram á áðan, það, sem skapar þá sérstöku hættu, sem hér er fyrir hendi.

Ég vil aðeins minna menn á, hvað sagt var við ýmsa, sem beittu sér fyrir því fyrir nokkrum árum, að það væri skorað á Bandaríkin, þegar þau áttu ein kjarnorkuvopn í heiminum, svo að vitað væri, að undirgangast þá skuldbindingu að nota þau ekki í hernaði. Það voru skapaðar æsingar á móti þeim mönnum, sem þá voru að beita sér fyrir því, að kjarnorkuvopn væru bönnuð. Ég veit, að hv. þm. muna eftir því í sambandi við undirskriftirnar undir Stokkhólmsávarpið.

En ég ætla ekki að fara að rifja neitt upp af þessu eða deila um það. Aðeins vildi ég segja hitt, ekki sízt í sambandi við þá fallegu ræðu, sem hv. þm. Vestm. var að halda: Ef þetta er rétt, sem hann segir að sé meiningin hjá meiri hl., að vilja svona ákaft byrja á allsherjarafvopnun, — ég ætla nú ekki að skjóta því inn, hvort það standi í sambandi við það, að það eru að koma fram till. um að fara að vopna Íslendinga hérna heima, — hvað geta þeir þá haft á móti því að samþykkja þá viðbót, sem ég er með, að fyrsta skrefið til allsherjarafvopnunar sé, að tafarlaust sé hætt öllum tilraunum með vetnissprengjur og notkun þeirra og annarra kjarnorkuvopna sé bönnuð? Hvað getur verið á móti því að samþykkja þessa viðaukatillögu? Ég hef ekki heyrt nokkur rök á móti því, og þau eru ekki til. Það veit hver einasti hv þm., að það er ekki hægt að komast að samkomulagi um það, að allar þjóðir í heiminum afvopnist undireins, því miður, það er ekki hægt. Hvað mundu þessir hv. þm. segja sjálfir við þær þjóðir, sem eru að berjast fyrir sínu frelsi núna, sumar með furðulega frumstæðum vopnum, litið betri en þeim, sem Íslendingar höfðu stundum í gamla daga? Getið þið virkilega búizt við því, getum við gert okkur vonir um það? Því miður ekki í svipinn. En það er hitt, sem við verðum að einbeita okkur að, að afstýra því, að þessi kjarnorkuvopn verði notuð. Og ég held það hafi verið misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv., þegar hann talaði um þær áskoranir, sem ég undirstrikaði að hefðu komið fram frá ríkisstj. Japans og þingflokkunum þar, frá forsætisráðherra Indlands, frá ýmsum þingflokkum og þingum í Evrópu. Ég var ekki sérstaklega að segja, að þessar till. allar saman og þessi ávörp væru samhljóða þeim, sem við hefðum verið að flytja hérna. Ég var þvert á móti að tala um, að öllum þessum till. er einbeitt að því einu að reyna að hindra notkun kjarnorkuvopna í styrjöld og að reyna að hindra, að það verði gerðar fleiri tilraunir með vetnissprengjuna. Sannleikurinn er, að við vitum ekki, hvenær slíkar tilraunir kunna að leiða til álíka skelfinga eins og styrjaldar, og við vitum ekki enn þá, til hvers þær tilraunir hafa leitt, sem þegar hafa verið gerðar, eins og nú þegar er farið að tala um, að Kyrrahafið sé orðið geislavirkt. Ég vil því mega vona það, hvað sem okkur nú annars greinir þarna á um, að þessi litla viðbótartill. mín á þskj. 866 verði í öllu falli samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 863 felld með 31:13 atkv.
— 719 kom ekki til atkv.
— 866 felld með 31:10 atkv.
— 862,1 (ný tillgr.) samþ. án atkvgr.
— 862,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis, með fyrirsögninni:

*Þál. um áskorun á Sameinuðu þjóðirnar varðandi allsherjarafvopnun* (A. 876).

## 19. Sömu laun karla og kvenna.

Á deildafundum 16. febr. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um staðfestingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna* [143. mál] (A. 369).

Á 33. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. og 37. fundi í Sþ., 24. febr. og 3. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 10. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

*Flm. (Sigurður Bjarnason):* Herra forseti. Það er alkunna, að á undanförnum árum hefur þeirri skoðun aukizt fylgi meðal lýðræðisþjóða, að konum og körlum beri jöfn laun fyrir sömu vinnu. Það er og svo komið, að í fjölmörgum löndum hefur þessi háttur verið upp tekinn um launagreiðslur. Þrátt fyrir það brestur þó nokkuð á það hér á Íslandi, að réttur kvenna hafi verið gerður jafn rétti karla á þessu sviði.

Ísland hefur um nokkurra ára skeið verið aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni, en á þingum hennar hefur jöfn laun karla og kvenna borið mjög á góma, og um það hafa verið gerðar ályktanir. Með samþykkt, sem gerð var á þingi stofnunarinnar árið 1951, var lagt til við þau ríki, sem eru aðilar að henni, að þau tryggi, að reglan um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf komi til framkvæmda hjá þeim.

Síðan þetta gerðist hafa nokkur ríki staðfest þessa samþykkt heima hjá sér. Enn fremur hefur efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu

þjóðanna tekið hana til meðferðar og skorað á aðildarríki sín að vinna að framkvæmd hennar og staðfesta þessa svokölluðu jafnlaunasamþykkt.

Í þessu sambandi vil ég benda á það, að í frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem liggur nú fyrir hv. Alþ., er gert ráð fyrir því í 3. gr., að konur og karlar hafi jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf. Er hér greinilega um spor að ræða í þá átt, að opinberir starfsmenn njóti jafnréttis, hvort sem þeir eru karlar eða konur. Að öllu þessu athuguðu virðist sjálfsagt og eðlilegt, að Alþ. staðfesti fyrrgreinda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Við flm. þessarar þáltill. leggjum því til, að Alþ. skori á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að samþykkt stofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna verði staðfest að því er varðar Ísland og jafnframt undirbúi ríkisstj. nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykktin komist í framkvæmd.

Í samþykkt stofnunarinnar frá 1951 segir svo um það í 2. gr., hvernig jafnréttisreglunni skuli komið til framkvæmda: 1) með landslögum eða reglugerðum; 2) með ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum til ákvörðunar á launum; 3) með heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna; 4) með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega.

Ég hygg, að þetta mál liggi svo ljóst fyrir, að hv. Alþ. eigi auðvelt með að geta tekið afstöðu til þess. Ég vil geta þess, að mér er kunnugt um það, að fulltrúar Íslands á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1951 greiddu atkv. með þessari samþykkt, og eðli málsins samkvæmt er því eðlilegt, að Alþ. samþykki hana, staðfesti hana og að síðan verði unnið að því að þeim leiðum, sem í samþykktinni sjálfri greinir, að konur og karlar fái jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Ég vil svo leggja til, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til athugunar hjá hv. allshn.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Eins og í þessari þáltill. greinir, hafa fulltrúar Íslands á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar greitt atkv. með jafnlaunasamþykktinni, þ. e. a. s. samþykkt þessara alþjóðlegu samtaka um, að konum verði greidd sömu laun og körlum fyrir jafnverðmæt störf, frá 1951. Ísland er þarna aðildarríki, og það hefði þess vegna mátt vænta þess, að ríkisstjórnir Íslands hefðu fljótlega samþ., að Ísland staðfesti þessa jafnlaunasamþykkt. En það hefur ekki gerzt. Íslenzkar ríkisstjórnir hafa ekki borið fyrir Alþ. till. til staðfestingar á jafnlaunasamþykktinni, og það virðist hafa bögglazt eitthvað óþægilega fyrir brjósti hæstv. ríkisstj., því að nú virðast 7 þm. Sjálfstfl. hafa orðið að taka sig út úr og bera fram áskorun á ríkisstj. um að staðfesta nú þessa samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem eðlilega hefði eiginlega átt að samþykkjast árið 1951. Ég tek þessa till. sem skjallega sönnun þess, að hæstv. ríkisstj. hafi alls ekki verið fáanleg til að stíga þetta spor og að þessir 7 sjálfstæðismenn hafi verið alveg vissir um, að málið fengi ekki afgreiðslu, nema því aðeins að ríkisstj. fengi fyrirmæli Alþ. um að gera þetta. Ef þetta er svo, að svona mikil mótspyrna sé á móti þessu sjálfsagða réttlætismáli meðal stjórnarflokkanna, þá fagna ég því, að þessi till. skuli vera komin fram, og ég efast ekki um, að Alþ. tekur undir við þessa sjömenninga um að knýja á og skora á ríkisstj. að staðfesta jafnlaunasamþykktina fyrir Íslands hönd.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. sagði, að þeirri skoðun er sífellt að aukast fylgi, að konur njóti sömu launa og karlmenn fyrir sömu störf. Og það er vitanlega himinhrópandi ranglæti að borga ekki konu, sem vinnur sama verk og karlmaður, sama kaup, og hefði hæstv. forsrh., sem hefur verið einn af stærstu atvinnurekendum landsins, átt að vera búinn fyrir löngu að sjá sóma sinn í því að greiða konum sama kaup og karlmönnum við sín stóru atvinnufyrirtæki og undireins að grípa tækifærið til þess að leysa málið úr sínum háa valdasessi, þegar hann var nú ekki aðeins atvinnurekandi, heldur einnig formaður ríkisstjórnar á Íslandi í þriðja eða fjórða sinn.

Það er líka rétt, sem hv. frsm., þm. N-Ísf., sagði áðan, að það brestur nokkuð á, að þetta sé viðurkennt í framkvæmdinni, og þess vegna ekki aðeins þörf á því, að jafnlaunasamþykktin sé staðfest fyrir Íslands hönd, heldur full þörf á því, að það sé sett löggjöf á Íslandi um það, að konum skuli greitt sama kaup og körlum. Það er í þriðja lagi rétt, að nú örlar á nokkrum skilningi, að því er virðist, frá hæstv. ríkisstj. í þessu máli, því að ákvæði hefur verið skotið inn í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna um það, að konum í þjónustu ríkisins skuli greidd sömu laun og körlum fyrir sömu vinnu. En verði sú löggjöf staðfest á þessu þingi, sem allar líkur benda til, þá virðist og sjálfsagt, að gengið sé frá því örugglega með löggjöf samtímis, að þeim konum, sem ganga að störfum fyrir þjóðfélagið í annarra þjónustu en ríkisins, í þjónustu bæjarfélaga og í þjónustu annarra atvinnurekenda, sé þá samtímis tryggt að lögum sama kaup fyrir sömu vinnu og körlum.

En Alþingi á kost á því að lögfesta hvort tveggja samtímis, því að jafnframt því, sem frv. liggur fyrir um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna með þessu ákvæði, liggur einnig fyrir hv. Alþingi frv. til laga um sömu laun til kvenna sem karla við margvísleg önnur störf í þjónustu atvinnurekenda og bæjar- og sveitarfélaga sömuleiðis. Og það er það kátlega við það, að sumir af þeim hv. flm. þessarar þáltill., sem skora á ríkisstj. að staðfesta jafnlaunasamþykktina, hafa legið á því frv. allt þetta þing í þn. og hafa ekki enn þá skilað frá sér till. um, að það verði gert að lögum. Þetta ætti allt auðvitað að fylgjast að, samþykkt þessarar till., samþykkt frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna með ákvæðinu um, að konum í þjónustu ríkisins skuli greitt sama kaup og körlum, og frv., sem fyrir þinginu liggur um, að atvinnurekendur og bæjar- og sveitarfélög skuli fylgja þeirri sömu reglu

um sama kaup fyrir konur og karla. Þá hefði Alþingi það, sem nú situr, bætt fyrir margra ára og áratuga vanrækslu og ranglæti í garð kvenþjóðarinnar, ef þetta fylgdist allt saman að. Þáltill. ein í vfirlýsingarformi eins og þetta hefur ákaflega lítið gildi út af fyrir sig. Það er löggjöfin, sem þarf að koma um þetta efni, og ekki aðeins þá gildandi að því er varðar konur í þjónustu ríkisins, heldur við öll störf í þjónustu atvinnuveganna. En þessi þáltill. hinna 7 sjálfstæðisþingmanna á í raun og veru að vera sönnunargagn fyrir því, að í Sjálfstfl. séu a. m. k. sjö réttlátir, sem vilji beita sér fyrir jafnrétti kvenna og karla í launamálum. Og ég skil það ekki, að þeir fái sig til að rétta höndina upp á móti samþykkt frv. um sömu laun kvenna og karla, eftir að þeir hafa t. d. fengið samþykkta till., sem hér liggur fyrir.

Ég vil því álíta á þessu stigi málsins, að nú hljóti í fyrsta lagi frv. um sömu laun kvenna og karla að koma úr nefnd með meðmælum þessara manna, sem standa að flutningi þessarar till. a. m. k., og síðan hljóti það frv. að fljúga í gegnum þingið. Það vill líka svo vel til, að hv. Alþingi hefur fengið áður tækifæri til að kynnast þessari hugmynd í frumvarpsformi, að konum beri að greiða sama kaup og körlum við hvers konar þjóðfélagsstörf, því að 1948 flutti ég einnig frv. um þetta sama efni, og fór það þá gegnum 1. umr. og meðferð n. í hv. Ed. En þá var skilningurinn ekki meiri en það, að hver einasti þingmaður Sjálfstfl. í Ed. og hver einasti þm. Framsfl. í Ed. hamaðist á móti málinu, þangað til búið var að ganga af því dauðu. Batnandi mönnum er bezt að lifa, og það er bezt, að þeir eigi kost á því að bæta nú þeim lárviðarkrans um höfuð sér, að þeir hafi ekki aðeins fengið samþykkta þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, heldur einnig staðið að samþykkt frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna með ákvæði um sömu laun kvenna og karla og einnig frv., sem nái til þess að lögfesta, að konur, sem vinna í þjónustu atvinnuveganna og hjá sveitarfélögum, fái einnig sömu laun fyrir sömu vinnu. Þá væri málið leyst og Alþingi hefði skilað verki, sem um aldir mundi verða því til sóma.

Ég þarf varla að lýsa því yfir, að ég er fylgjandi þessari þáltill. og tek hana sem sönnunargagn um mikil og gleðileg sinnaskipti í Sjálfstfl.

*Gunnar Jóhannesson:* Herra forseti. Ég verð að segja það, að það gladdi mig, þegar ég sá, að þess till. var komin hér fram, og tel, að hún marki tímamót. Það er þannig, að þetta mál, um jafnrétti kvenna og karla í launamálum, hefur verið mjög mikið baráttumál íslenzkrar verkalýðshreyfingar um langt árabil, og það verður að segja þá sögu eins og hún hefur gengið, að það hefur mælt ákaflega miklu andófi, svo að ekki sé meira sagt, frá atvinnurekendastéttinni að skilja það, að konur, sem hafa unnið t. d. sömu verk og karlar, ættu að fá sömu laun. Nú sjáum við það, að 7 ágætir sjálfstæðismenn hér í þessari hv. d. flytja hér þáltill. einmitt um það efni, og eins og ég sagði áðan, gleður mig sannarlega, að þetta mál er fram komið, og verkalýðshreyfingin mun sannarlega draga sína lærdóma af því, að svona mikil stefnubrevting hefur orðið einmitt í röðum hv. sjálfstæðismanna. Ég get lýst því hér yfir, að ég mun greiða þessari till. atkvæði. Ég tel sjálfsagt, þó að till. sé kannske beint aðallega að því að ná jafnréttinu fram hjá því opinbera, að í þeim undirbúningi, sem ríkisstj. er falið samkv. þessari till., ef hún er samb., að ganga frá, láti ríkisstj. sem slík þær ráðstafanir ná lengra, m. a., að það verði í þeim lagabálki eða þeirri reglugerð, sem frá ríkisstj. kemur á sínum tíma, sem vonandi verður ekki mjög langt að bíða, m. a. gert ráð fyrir því, að konur fái sömu laun og karlmenn fyrir sömu vinnu, hvar sem þeir vinna, hvort sem þeir vinna hjá því opinbera eða hjá einstaklingi eða bæjarfélagi. Mér finnst sjálfsagt, að það þurfi ekki að ræða slíkt. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. sjái sóma sinn í því að veita nú málinu fullan stuðning, svo að það hljóti samþykki hæstv. Alþingis og henni gefist sem fyrst tími til að ganga frá þessu máli, þannig að það mætti verða henni til sóma og þá um leið þeim aðilum, sem málið fjallar um, til hagsbóta.

Ég vil svo að lokum geta þess, að það er alveg rétt, sem hv. 3. landsk. þm. (HV) benti hér á áðan, að það hefur legið hér fyrir þessu þingi frv. frá honum um svipað efni, sem gengur miklu lengra en þessi till. Það er búið að liggja hér óafgreitt í marga mánuði, og væri æskilegt, að það kæmi hér fram og það yrði þá endanlega frá því máli gengið, úr því að þessi mikli áhugi er hér allt í einu sprottinn upp í röðum sjálfstæðismanna, sem ég fagna fyrir mitt leyti og mun veita allan þann stuðning, sem ég get.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. og 49. fundi í Sþ., 10. og 13. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 369, n. 784).

*Frsm. (Emil Jónsson):* Herra forseti. Efni þessa máls er að skora á hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna verði staðfest að því er Ísland varðar, og jafnframt undirbúi ríkisstj. nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykktin komist í framkvæmd.

Allshn. Sþ. hefur haft þessa till. til meðferðar og mælir einróma með því, efnislega, að hún verði samþ. Hún hefur gert orðalagsbreytingu nokkra á till. og telur réttara, að hún verði orðuð eins og n. hefur lagt til á þskj. 784.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, þá hefur Ísland um nokkurt tímabil verið aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni, en á þingum þessarar stofnunar hefur jafnrétti karla og kvenna í launamálum verið rætt og gerðar um það ályktanir. Með samþykkt, sem gerð var á þingi

stofnunarinnar árið 1951, var lagt til við aðildarríkin, að þau tryggðu það, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf kæmi til framkvæmda hjá þeim og tæki til alls starfsfólks. Þessi samþykkt, sem gerð var árið 1951, er prentuð sem fskj. með þáltill. Löndin eða þjóðirnar, sem eru aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni, hafa nokkur, frá því að samþykktin gekk í gildi, fullgilt hana hjá sér, en fleiri eru þó, sem eiga það eftir. Ekkert Norðurlandanna hefur t. d. enn þá fullgilt samþykktina, og hafa þau greint ástæður sínar til þess, að svo er, í skýrslu, sem þau hafa gefið Norðurlandaráðinu um það mál. Danir telja sig t. d. ekki geta fullgilt samþykktina vegna þess, að þar séu engin lög um þetta efni. Í skýrslu Norðmanna segir, að þar hafi málið verið rætt í nefndum og á Stórþinginu, atvinnurekendur þar í landi hafi lagzt á móti fullgildingu samþykktarinnar, en verkalýðssambandið sé henni meðmælt. Á Stórþinginu hafi verið samþ. það álit félagsmálanefndar þingsins, að ríkisstj. skyldi taka til nákvæmrar athugunar, hversu koma megi grundvallaratriðum samþykktarinnar í framkvæmd. Svipað er að segja um Svía. Þeir hafa ekki heldur fullgilt samþykktina og frestað um það ákvörðun, a. m. k. ekki tekið ákvörðun, í hve ríkum mæli samþykktin skuli tekin til greina við ákvörðun launa starfsmanna ríkisins.

Hér á Íslandi hefur ríkisstj. á sínum tíma tjáð sig fylgjandi því, að gerð yrði alþjóðasamþykkt um sömu laun til karla og kvenna, þar sem hún væri fylgjandi þeirri grundvallarreglu í meginatriðum, enda er ekki gerður greinarmunur hér á landi á körlum og konum að því er snertir stöðu hjá hinu opinbera. Á öðrum sviðum mun nokkuð skorta á það, að reglunni um sömu laun sé framfylgt hér á landi. Samkvæmt þessu taldi allshn. rétt að breyta orðalagi till. á þann veg að fela ríkisstj. að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir, sem gera þyrfti, til þess að þessi samþykkt gæti tekið gildi hér á landi. Þessi undirbúningur getur hugsazt á tvennan veg. Hann getur hugsazt á þann hátt, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að upp verði teknir samningar milli Vinnuveitendasambands Íslands og allsherjarsamtaka vinnandi fólks í landinu um það, að þessir tveir aðilar komi sér saman um málið, og undirbúningurinn getur líka orðið á þann hátt, ef svo vill verkast, að lagasetning um þetta efni verði undirbúin.

Um það, hvaða leið skyldi farin í þessu efni, hefur n. ekki látið neitt álit í ljós sérstaklega. En ég skal segja það sem mína skoðun, að ég teldi það æskilegast í þessu máli, ef samkomulag gæti um það tekizt á milli samtaka vinnuveitenda og t. d. Alþýðusambands Íslands og annarra sambanda vinnandi manna í landinu, frekar en að um kannske beina lagasetningu um efnið væri að ræða, þó að slíkt komi vitanlega fullkomlega til greina. Sem sagt, n. leggur til, að málið verði afgr. á þann hátt, að till. verði samþ. með þeirri breyt., að hún orðist eins og segir á þskj. 784, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæta vinnu geti orðið staðfest á Íslandi.“

Ég skal geta þess, að við fjórir Alþfl.-menn í hv. Nd. höfum þar borið fram frv. til laga, sem fer í nokkuð svipaða átt og þessi till., þ. e. a. s., þar er þó ekki byggt á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, heldur er þar gert ráð fyrir sérstöku og ákveðnu lagafrv. um málið, og ég tel, að með þessari samþykkt, ef gerð verður hér, séu því máli, sem í frv. felst, efnislega einnig gerð nokkur skil og því þokað verulega áleiðis eins og till. er orðuð og gerir ráð fyrir.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Þegar þessi till., sem hér er til umr., var borin fram, þá virtist það vera augljóst mál, að annar hv. stjórnarflokka, Sjálfstfl., hefði fengið mikinn áhuga á því, að hér yrði tryggt launajafnrétti milli kvenna og karla, því að menn þóttust vissir um það, að þeir 7 hv. alþm. í Sjálfstfl., sem að till. stóðu, hefðu vissulega ekki gerzt flm. hennar nema í fullu samráði við sinn flokk og þá fullvissir þess, að flokkurinn væri reiðubúinn til að framkvæma þessa till., verða við þeirri áskorun, sem í henni felst. En nú virðist svo sem það hafi orðið ofan á við athugun á till. í n., að ekki þyki fært að samþ. till. óbreytta, heldur eingöngu að skora á ríkisstj. að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæta vinnu geti orðið staðfest á Íslandi. N. kemst að þeirri niðurstöðu, að það séu þeir meinbugir á hér, að það sé ekki hægt að staðfesta jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að sinni og ríkisstj. skuli nú fá það hlutverk að undirbúa það, að það sé hægt að staðfesta þessa samþykkt ILO. Nú má það vel vera, að það sé alveg út í hött, að þessi þáltill. sé flutt, af því að áður en hún gæti haft nokkurt minnsta gildi, nokkra minnstu þýðingu aðra en að hræsna um fylgi við málið, þyrfti að tryggja annað tveggja, lagasetningu á Íslandi, sem skyldaði atvinnurekendasamtökin til að skuldbinda sig um greiðslu sömu launa til kvenna og karla, eða að löggjöf væri sett um þetta mál, svo að atvinnurekendur væru skyldugir til að haga þannig launagreiðslum, að fullu jafnrétti milli kynjanna væri náð. Það er að annarri hvorri þessari leið, með heildarsamningum milli atvinnurekendasamtakanna og verkalýðssamtakanna eða með lagasetningu á Íslandi, sem þetta mál kemst í höfn, og að öðrum leiðum ekki. Það var því sýnt frá upphafi, að till. þeirra hv. 7 þm. Sjálfstfl. var sýndargagn eitt og þokaði málinu ekki nokkurn hlut í áttina til launajafnréttis. Alveg verður sama upp á teningnum, þó að brtt. hv. n. verði samþykkt. Málið er ekki komið neitt nær sinni lausn að samþykktri till. heldur en áður, nema því aðeins að hæstv. ríkisstj. annaðhvort tryggi heildarsamninga, sem leysi málið, eða undirbúi lagasetningu um lausn þess. En fyrir þessu hv. Alþingi hefur legið frv., og það er ekki í fyrsta sinn, sem það hefur legið

hér fyrir, heldur er það í annað sinn og nokkur ár liðin síðan það var hér fyrst flutt, — frv. til laga um sömu laun til karla og kvenna. Hv. Alþingi hefur daufheyrzt við að samþ. þetta frv. í bæði skiptin, og virðist því vera augljóst mál, að hv. stjórnarflokkar hafi hvorki vilja né getu til þess að verða við þeim óskum, sem í till. fólust.

Ég álít, að hæstv. ríkisstj. fái nú enn þá einu sinni, ef þessi till. hv. n. verður samþ., að ganga undir próf um það, hvort hún og þar með þeir flokkar, stærstu flokkarnir í landinu, sem að stjórninni standa, eru vinsamlegir og fylgjandi launajafnrétti kvenna og karla eða hvort þeir eru fjandsamlegir því máli. Eftir því verða framkvæmdirnar á þessari till., sem þess vegna væri m. a. afgreidd sem prófsteinn á hv. stjórnarflokka í málinu.

ATKVGR.

Brtt. 784 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 877).

# Þingsályktunartillögur felldar.

## 1. Strandferðir og flóabátar.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um rekstur strandferða og flóabáta* [71. mál] (A. 94).

Á 12. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

---

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gísli Jónsson):* Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér um ræðir og er til umr., á þskj. 94, er, ef samþ. verður, fyrirskipun Alþ. til hæstv. ríkisstj. um að leita nú þegar samninga við Eimskipafélag Íslands og S. Í. S. um, að þau taki að sér frá næstu áramótum, eða svo fljótt sem verða má, allar strandferðir og flóabátaferðir umhverfis landið. Þótt ýtarleg grg. fylgi till., þykir mér til hlýða að gera hér í framsögu nokkru nánari grein fyrir þessu máli, sem segja má að snerti hvert mannsbarn á landinu á einn eða annan hátt.

Þegar horft er um öxl og flett er blöðum sögunnar, verður ekki hjá því komizt að rekast á þær staðreyndir, að baráttan fyrir betri samgöngum umhverfis landið og landa á milli er einn snarasti þátturinn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Án þess að spinna þann þráð vel og örugglega var óhugsandi að öðlast sjálfstæði, og án þess að viðhalda þeim þræði vel og örugglega er óhugsanlegt að viðhalda sjálfstæði þjóðarinnar. Svo veigamikill þáttur eru samgöngumál í þjóðlífi allra þjóða og þá ekki sízt þeirra, sem eyland byggja, og einkum ef slíkt land á erfiðar yfirferðir, eins og hér á sér stað. Þetta hefur forvígismönnum þjóðarinnar jafnan verið ljóst, og því hefur verið haldið uppi öruggri sókn og baráttu fyrir umbótum á samgöngum landsmanna í meira en heila öld.

Lengi fram eftir var þessi þjónusta í höndum erlendra aðila, eða svo lengi sem Íslendingar voru of fátækir og of fákunnandi til þess að inna hana af hendi sjálfir. Það er óþarfi að rifja hér upp allan þann ömurleik, sem því var samfara, að erlendir aðilar höfðu þessi mál með höndum, allan þann skilningsskort, sem þar ríkti á kjörum þjóðarinnar, og þörfina til þess að bæta þau, og allt það samúðarleysi, sem svo mjög var ríkjandi hjá þeim, sem þjónustuna höfðu tekið að sér. Allt er þetta rist svo djúpt í meðvitund þjóðarinnar, að mikið vatn mun renna til sjávar enn, áður en það allt er gleymt.

Nú er svo komið, að þjóðin ræður sjálf yfir þessum málum. Stofnun Eimskipafélags Íslands var fyrsta og drýgsta sporið í þá átt að taka mál þessi öll í eigin hendur. Þróun þess var og þróun samgöngumálanna almennt, þótt einnig kæmi þar og annað til viðbótar.

Það var frá upphafi tilætlunin, að Eimskipafélagið skyldi annast allar siglingar landa á milli og með ströndum fram, eftir því sem því yxi fiskur um hrygg, og það var einungis fyrir féleysi, að félagið gat ekki frá byrjun sinnt strandferðunum, þótt það raunar frá upphafi sigldi á margar hafnir umhverfis landið samfara millilandasiglingunum og annaðist þannig nokkurn þátt strandferðanna og ekki þann þýðingarminnsta, að færa vöruna beint á hafnirnar frá útlöndum og taka þar aftur útflutningsvöruna og færa hana beint til markaðslandanna og spara þannig margvísleg útgjöld í sambandi við umhleðslu á milli skipa. Eru þeir ekki fáir, sem sakna þessa fyrirkomulags og óska þess, að það mætti aftur takast að koma því á, þúsundum manna til mikils hagræðis. Hitt komst félagið ekki yfir, að sinna allri þjónustunni, vegna skorts á skipum. Því var það, að ríkissjóður neyddist til þess að hlaupa undir bagga og taka að sér nokkurn hluta ferðanna.

Um árabil var þó fullt samstarf á milli ríkisins og Eimskipafélagsins um þessi mál, og var félagið lengi vel látið annast útgerð ríkisskipanna, báðum aðilum og allri þjóðinni til hags. En í stað þess að draga smátt og smátt úr afskiptum ríkissjóðs af þessum málum og láta þau öll óskipt færast yfir til Eimskipafélagsins, eftir því sem ástæður þess leyfðu, var farið öfugt að. Reksturinn var tekinn undan félaginu og ríkið látið kaupa annað skip til ferðanna í viðbót við það, sem fyrir var. Þessi ráðstöfun var á marga lund óheillavænleg og undanfari margra víxlspora, sem stigin hafa verið á þessari braut síðan. Skipið, sem keypt var, var þjóðinni í alla staði óhagkvæmt og gersamlega óhæft til þess að inna af hendi þá þjónustu, sem því var ætlað, en kostaði þó ríkissjóðinn margfaldar upphæðir í hallarekstri á hverju ári, miðað við nýrri og betri farkost. Ef Eimskipafélagið hefði ekki á þeim árum sinnt strandferðunum, svo sem ég

gat um hér áðan, þá hefðu öll þessi mál horft til stórvandræða. Það kom þá og fljótt í ljós, að slík tvískipting á þjónustunni var hvorugum aðilanum til hagsbóta og allra sízt ríkissjóði. Gerði þáverandi forstjóri Skipaútgerðarinnar ítrekaðar tilraunir til þess að fá strandferðirnar miklu betur skipulagðar og m. a. á þann hátt að tryggja Skipaútgerðinni sérleyfi til þess að sigla á ákveðnar hafnir á landinu, er aðrir mættu ekki flytja fólk eða vörur að eða frá. Með því móti taldi hann að unnt væri að veita beztu þjónustu fyrir minnst gjald. Þessar till. fengu þó ekki náð fyrir augum forráðamanna þjóðarinnar, m. a. vegna þess, að þá hefði Skipaútgerðin orðið að leggja enn meira fé í skipastól, auk þess sem starfssvið Eimskipafélagsins hefði með því verið skert svo mikið, að sýnilegt var, að það yrði ekki til heilla fyrir þjóðina.

Skömmu fyrir síðustu heimsstyrjöld var fundið upp á því snjallræði að selja betra strandferðaskipið úr landi, en halda hinu heima, því er lakara var, líklegast vegna þess, að enginn maður hefur við því viljað líta. Var þá um leið undirbúin bygging á nýju og mjög hentugu skipi í stað þess, sem selt var. Kom það heim í byrjun ófriðarins og bjargaði gersamlega samgöngumálunum umhverfis landið öll styrjaldarárin. Kostir þessa skips komu fljótt í ljós, og nú skeður það, sem ekki hafði þekkzt áður, að skip í strandferðum er rekið með sæmilegum hagnaði. Hafði skip þetta yfirfljótandi verkefni, var heppilegt til þeirrar þjónustu og mjög sparneytið. Kom þá glöggt í ljós, að með því að ætla slíku skipi stærra starfssvið og tryggja því flutningana, sem til féllu á því svæði, var vel hægt að reka ferðirnar með sæmilegum ágóða. Hins vegar var hið gamla úrelta skip, sem haldið var í ferðunum með þeim árangri, að rekstrarhalli þess gleypti ekki einasta allan ágóðann af betra skipinu, heldur tók til sín mjög háar fúlgur úr ríkissjóði til viðbótar.

Allt þetta leiddi til þess, að skipuð var mþn. árið 1943 til þess að athuga fyrirkomulag strandferðanna og gera till. um nýja skipun strandsiglinga, einkum fyrirkomulag flóabáta og hvernig bezt megi samrýma ferðir þeirra við siglingar strandferða- og millilandaskipanna. Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á, að á það var lögð megináherzla við nefndina að gera um það till., hvernig samrýma skyldi flóabátaferðirnar við ferðir hinna stærri strandferðaskipa og millilandaskipa, svo að sem allra minnstur kostnaður yrði við framhaldsflutninga og umskipun á vörum, sem og minnstar mögulegar tafir á vörusendingum á milli staða. Ég var einn þeirra manna, sem áttu sæti í þeirri n. Benti ég þegar á, að til þess að ná því takmarki, sem hér bar að stefna að og ná að síðustu, væri alveg óhjákvæmilegt, að dreifing vörunnar á hinar ýmsu hafnir yrði í höndum þeirra aðila, sem flytja vöruna til landsins. Þeir einir hefðu hvort tveggja í senn, áhuga fyrir því að dreifa vörunni eftir bezt skipulögðum leiðum, gætu m. a. skipulagt það að losa í hin smærri skip beint úr stærri skipunum án þess að taka vöruna í land, og hefðu einir möguleika til þess að framkvæma skipulagið. Samgöngumálin mundu sækja í sama horf að ófriðnum loknum, þannig að Eimskipafélagið og ef til vill einnig aðrir aðilar mundu sigla skipum sínum á hinar ýmsu hafnir og flytja til þeirra vörur beint frá útlöndum, eins og þeir einnig mundu taka þar útflutningsvöruna og færa hana beint til markaðslandanna. Það væri því höfuðnauðsyn að miða allar þær umbætur, sem nú ætti að undirbúa í sambandi við strandsiglingarnar, við það, að þessi mál yrðu síðar færð úr höndum ríkisins yfir á hendur þeirra manna, sem á hverjum tíma annast vöruflutninga frá landinu og til þess. — Voru þessi mál þá og rædd nokkuð við stjórn Eimskipafélagsins.

Þetta sjónarmið var ekki nema að mjög litlu leyti viðurkennt í n. Þáverandi forstjóri Skipaútgerðarinnar, sem var form. n., hélt því mjög fram og það með réttu, að rekstrarhalli ríkissjóðs af strandferðunum stafaði af því, að hvorki strandferðirnar né millilandaferðirnar væru skipulagðar sem skyldi, enda erfitt að framkvæma slíka skipulagningu, á meðan öðrum væri heimilt að sigla með flutninga á betri hafnir landsins og skipakostur ríkisins hins vegar afar óhentugur til strandsiglinga. Var n. öll sammála um þessi atriði. Hann lagði því til, að komið skyldi upp nokkrum innflutningshöfnum umhverfis landið og skyldi síðan flytja vörur til þeirra og frá þeim ýmist til útlanda eða á hinar smærri hafnir innanlands. Hann hélt því mjög fast fram í n., að banna ætti öllum strandsiglingar öðrum en Skipaútgerðinni, og taldi, að að því bæri að vinna, þegar Skipaútgerðin hefði öðlazt nægilegan skipakost til þess að annast ein alla flutningana. — Þetta var bjargföst skoðun þess manns, sem árum saman hafði stjórnað þessum málum. Hann sá enga aðra leið til þess að útiloka rekstrarhallann en þá, sem að framan greinir. Ég skal ekki ræða um það hér, hversu óheppilegt og skaðlegt það yrði fyrir allan landslýð, ef lögbjóða ætti, að ekki mætti setja vörur á land nema á örfáum stórum höfnum á landinu, hvernig sem á stæði, en vil hins vegar benda á hitt, að í þessum till. forstjórans felst full viðurkenning fyrir því, að ekki sé unnt að útiloka hallarekstur á strandferðum nema flutningarnir séu allir á einni hendi.

Það var einnig skoðun hinna annarra nm., að þetta væri meginatriði fyrir hallalausum rekstri strandferðanna, og það var að fenginni þeirri viðurkenningu allra nm., að ég bar fram þá till. í n., að reynt yrði þá þegar að semja við Eimskipafélagið um þessi mál á grundvelli þessarar niðurstöðu, þar sem það félag var þá eini aðilinn í landinu, sem hafði möguleika til þess að sameina strandferðir og millilandaferðir á fyrrnefndum grundvelli. En um þetta varð ekkert samkomulag, beinlínis vegna þess, að formaður n. hafði samhliða þessu allt önnur sjónarmið, er ekki samrýmdust mínum till.

Milliþn. komst einnig sameiginlega að þeirri niðurstöðu, að til þess að sinna að fullu þeim verkefnum, sem tilheyra strandsiglingum, þyrfti að tryggja þeim a. m. k. tvö skip af líkri gerð og stærð og Esja, og ef vel ætti að vera, yrðu

að vera möguleikar til þess að grípa til þriðja skipsins af sömu stærð þann tíma, sem hin tvö gætu ekki verið að starfi vegna viðgerða eða af öðrum ástæðum, en það taldi n. öll að væri lágmarkskrafa að hafa jafnan tvö slík skip í ferðunum vetur og sumar. Hitt var n. sammála um, að þriðja skipið gæti vel verið við önnur störf, ef þau væru fyrir hendi, þegar hin tvö væru að störfum í strandferðunum. Var ætlunin, að þau skip gengju jafnan umhverfis landið hvert á móti öðru, en kæmu þó ekki við á smæstu höfnunum, nema brýna nauðsyn bæri til. Var gert ráð fyrir, að á þann hátt hefðu íbúarnir öruggt samband við Reykjavík og aðra staði landsins tíunda hvern dag sumar og vetur. En auk þess var talið nauðsynlegt að hafa fjögur smærri skip, um 300 smál. hvert, til þess að flytja fólk og vörur á milli hinna smærri hafna. Átti þannig að mynda heilsteypt samgöngukerfi meðfram allri ströndinni. Jafnframt var hugsað að fella niður að mestu leyti sérstakar flóabátaferðir. — Þá lagði n. einnig til, að hafinn skyldi þegar undirbúningur að smíði stærra skipsins og tveggja hinna smærri skipa. Var þessum till. hrundið í framkvæmd, eins og kunnugt er.

Frá form. n. lá fyrir rekstraráætlun yfir útgjöld þessa skipastóls, sem sýndi, að hann átti ekki að þurfa nema sáralítinn styrk úr ríkissjóði, og munu þær áætlanir hafa ráðið miklu um það, að horfið var að því að byggja þessi skip samkvæmt till. n. Ég var ávallt mjög myrksýnn á slíkan útreikning, nema hægt yrði að koma rekstrinum og þá jafnframt flutningunum öllum á þá aðila, er önnuðust flutninga á vörum á milli landa, því að ég þóttist þá þegar sjá fyrir, í hvaða horf málið mundi fara eftir styrjaldarlok. Hefur það og allt komið á daginn, eins og kunnugt er.

Mér hefur þótt rétt að láta þessar upplýsingar allar koma hér fram við fyrri umræðu málsins. Á þeim tíma, sem aðeins tvö skip voru í reglubundnum strandferðum og áttu við samkeppni að etja hjá Eimskipafélaginu, var tekin upp sú regla að taka betra skipið úr strandferðum um mesta annatímann og láta það halda uppi siglingum landa á milli. Mun þó aldrei hafa verið annað en rekstrarhalli á þeim ferðum. Nú, þegar Skipaútgerðin hefur á að skipa fjórum skipum í ferðirnar, er enn tekin upp þessi fyrri regla, að láta bezta skipið halda uppi millilandasiglingum, og árangurinn er eitthvað álíka og áður, að ríkissjóður verður að gefa allmiklar fjárfúlgur með þessum ferðum, þótt hins vegar halli á þeim sé ef til vill eitthvað minni en að láta skipið sigla hálftómt á ströndina. Er skipið jafnvel sent í skemmtisiglingar, sem kosta landið meira fé í erlendum gjaldeyri en það hefur ráð á að láta frá öðrum nauðsynlegri kaupum. Nú væri þetta sök sér, ef skipið hefði engum verkefnum að sinna heima fyrir á þessum árstíma, en eins og allir vita, er það ekki hið raunverulega í málinu, því að á sama tíma sem skipið er í slíkum skemmtiferðum til ýmissa landa er Skipaútgerðin með alls konar skipakost í strandferðunum, sem engan veginn uppfyllir brot af þeim lágmarkskröfum, sem gerðar verða til slíkra skipa. Ofan á allt annað er svo rekstrarhallinn á þessum mjög svo ófullkomnu skipum miklu meiri en rekstrarhallinn er á skipum útgerðarinnar. Sýnir þetta hvað bezt, hversu skipulag strandferðanna er langt frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar ákveðið var að smíða hin nýju skip, sem ætlað var það hlutverk að bæta samgöngurnar og tryggja fólkinu betri og örugga þjónustu. Slíkum samgöngutækjum geta menn á engan hátt treyst, hvorki í því að flytja óskemmdar vörur né að koma á ákveðnum tíma eða geta tekið það með til flutninga, sem engan veginn má bíða, hvað þá heldur að öruggt megi teljast eða yfirleitt mögulegt fyrir fólk að taka sér með slíkum farkostum far hafna á milli, hvað sem á liggur. Afleiðingin af öllu þessu hefur svo orðið sú, að fólkið verður að treysta á aðrar ferðir en hinar skipulögðu strandferðir, bæði um vöru- og fólksflutninga, sem svo aftur er til stórtjóns fyrir Skipaútgerðina; síðan þarf ríkissjóður að blæða og borga brúsann.

Árið 1952 var gert ráð fyrir að veita rúmlega 5 millj. kr. til strandsiglinga. Var þessi upphæð ákveðin í fjárl. eftir mjög ýtarlegt samtal við forstjórann á þeim tíma og þá jafnvel bent á, að í rekstrarliðunum væri reiknað með mörgum liðum, sem væru óeðlilega háir. Var það jafnvel viðurkennt, en því þó jafnframt borið við, að ekki væri unnt að lækka þessa liði, því að sams konar útgjaldaliðir væru líka í rekstri Eimskipafélagsins og þeir ávallt teknir til samanburðar, þegar gerðar væru tilraunir til sparnaðar. En niðurstöðutölur landsreikninganna þetta ár á þessum lið urðu ekki 5 millj., heldur rúmlega 10 millj. kr., og það standa víst engar vonir til þess, að liðurinn fari lækkandi í framtíðinni.

Meðan Esja var eina frambærilega farþegaskipið, sem haft var í strandferðum, urðu heil héruð að sætta sig við að sjá aldrei viðunandi farþegaskip koma á aðliggjandi hafnir, þótt þangað hefðu oft áður komið beztu skip landsins og það oft tvisvar í mánuði eða oftar. En þegar Hekla kom til landsins síðar og var sett í strandferðir, áttu aðilar þeir, sem þar bjuggu, erfitt með að skilja, hvers vegna þeir fengju ekki að njóta þessara skipa á borð við aðra landsins íbúa, en nú eru íbúar í heilum landshlutum, svo sem við Breiðafjörð, Húnaflóa og víðar, sem þó áður fyrr höfðu ágætar strandsiglingar, orðnir svo vanir þessu ranglæti, að þeir gera sér ekki miklar vonir um það, að úr þessu fáist bætt, svo lengi sem þessum málum er stjórnað af Skipaútgerðinni. Hin smærri skip útgerðarinnar og alls konar kollur, sem hún sendir á þessar hafnir, er henni býður svo við að horfa, er svo sem fullgott handa þessu fólki, sem Skipaútgerð ríkisins og þá væntanlega í samráði við hæstv. samgmrh., sem borið hafa á þessu ábyrgð, flokkar í annan og miklu lægri flokk í þjóðfélaginu en hina, sem beztu skipin eru látin fljóta fyrir. Á hinu hefur minna borið, að þetta fólk væri sett í annan eða léttari skattaflokk, þegar innheimt eru af því gjöld til ríkissjóðsins til þess að standa undir þessum mjög svo einkennilega skipulagða ríkisrekstri.

Ég held, að það væri ekki úr vegi fyrir núverandi hæstv. samgmrh. að athuga, hvort ekki væru einhver tiltök að leiðrétta þetta ranglæti nú þegar og jafnvel á meðan málið er til athugunar og umræðu hér í þinginu, því að ég sé sannarlega ekki, hvernig unnt er að verja það misrétti öllu lengur, sem hér er haft í frammi við heil héruð. Að við flm. teljum eðlilegt, að leitað sé samninga bæði við Eimskipafélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga um, að þessir aðilar taki að sér strandsiglingar, kemur til af því, að báðir þessir aðilar hafa nú yfir að ráða miklum og góðum skipakosti, sem nú þegar hefur á hendi allmikinn hluta af þeirri þjónustu, sem íbúunum víðs vegar um landið er í té látin með strandsiglingunum. Það er því ekkert eðlilegra en að þeir taki einnig að sér þann hluta strandsiglinganna, sem Skipaútgerðin hefur í dag, og skipt verði þá jafnframt á milli þeirra þeim skipakosti, sem Skipaútgerðin ræður nú yfir og ríkissjóður er eigandi að. Að sjálfsögðu verður þá einnig að gera samninga til margra ára, t. d. 25 ára, og samningsaðilar jafnframt að skuldbinda sig til þess að láta þessa þjónustu af hendi á þann hátt, að hún verði íbúum landsins á engan hátt óhagstæðari en nú er.

Um allt þetta og mörg önnur atriði er nauðsynlegt að semja, en það á ekki að vera neinum sérstökum vandkvæðum bundið að komast að slíkum samningum, sem allir aðilar gætu vel við unað og ríkissjóður hagnaðist mjög verulega á.

Því hefur verið haldið fram í umræðum um þetta mál, að með því að taka það úr höndum ríkisins mundi þungum bagga verða velt yfir á þegnana í hækkandi far- og farmgjöldum og lakari þjónustu. Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á tvennt. Hið fyrra, að far- og farmgjöld Skipaútgerðarinnar eru þegar svo há, að ekki þykir fært að hækka þau meira, m. a. vegna þess, að ýmsir aðrir aðilar hafa haft af því verulegan hagnað að sigla alls konar skipum á ströndina fyrir allmiklu lægri gjöld, og það er einmitt vegna þess, hversu gjöldin eru há og skipulagning ferðanna óþolandi, að fólkið er hætt að nota skipin nema í neyð, þ. e., þegar enginn annar kostur er fyrir hendi, svo að þessi þáttur á ekki fyrir sér neina aðra breytingu en að batna, ef aðrir aðilar tækju við. Hið síðara, að þessi sömu rök voru fram borin af þeim, er ekki vildu, að ríkið hætti að starfrækja sérleyfisferðirnar milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þeirri grýlu var haldið mjög fast að mönnum, að jafnvel tvöfaldur þungi á við rekstrarhallann yrði lagður á þjóðina í formi af hækkandi farmgjöldum, fargjöldum og allri þjónustu. En hver hefur reynslan orðið? Hún hefur orðið sú, að slíkar umbætur hafa verið gerðar á þessum leiðum síðan einstaklingarnir tóku við rekstrinum, að engan hefði dreymt um slíkt, og allir viðurkenna, að þær hefðu aldrei komizt á í höndum ríkisstofnananna, auk þess sem ferðirnar eru á allan hátt miklu hagkvæmari fyrir fólkið og ríkissjóðurinn er laus við milljónatöp. Það sama mundi verða ofan á, ef strandferðirnar yrðu afhentar þeim aðilum, sem þáltill. gerir ráð fyrir. Háar kröfur eru sí og æ gerðar til þings og stjórnar um að spara útgjöld ríkissjóðs, hvar sem það er hægt, og slíkar kröfur eiga ekki að falla niður, því að hver sú króna, sem ríkissjóður getur sparað með því að láta þegnana framkvæma verkið, án þess að til komi aðstoð ríkisins, er lyftistöng undir aðrar og nýjar framkvæmdir og einkum þær, sem eru þess eðlis, að einstaklingarnir fá ekki við þær ráðið án aðstoðar ríkissjóðs. Og þær 10 millj. kr., sem strandferðirnar kosta nú ríkissjóðinn, má allar spara með því að skipuleggja ferðirnar á þann hátt, sem lagt er til í þáltill. Því fé er miklu betur varið í rafmagnsframkvæmdir eða annað, sem þjóðin hrópar á og getur ekki án verið, svo að eitthvað sé nefnt.

Ég vildi því mega vænta þess, að þáltill. verði samþ. þegar á þessu þingi og að hæstv. ríkisstj. beiti sér síðan fyrir því að ná þeim samningum sem fyrst, sem um ræðir í till.

Ég vil að lokum leyfa mér að leggja til, að þáltill. verði að lokinni þessari fyrri umr. vísað til síðari umr. og til hv. fjvn., og vænti þess jafnframt, að hún afgreiði málið svo fljótt sem ástæður hennar leyfa og eigi síðar en svo, að nægur tími veitist til þess að afgreiða till. efnislega á þessu Alþingi.

*Skúli Guðmundsson:* Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir á þskj. 94, er till. til þál. um rekstur strandferða og flóabáta, en á síðasta þingi kom fram undanfari þessa máls. Það var frv. á þskj. 515, flutt af hv. þm. Barð. (GíslJ). Efni þess frv. var nú svipað því, sem hér liggur fyrir í þáltill. Þar var sagt, að leita skyldi samninga við Eimskipafélag Íslands um, að það taki að sér allar strandferðir, þar með taldar flóabátaferðir, sem styrks njóta úr ríkissjóði, og samningarnir áttu að vera um það, að Eimskipafélagið héldi uppi þessum ferðum með þeim styrk úr ríkissjóði, er samið kynni að verða um, enda tæki Eimskipafélagið þá við öllum strandferðaskipum, sem ríkissjóður er eigandi að. Í frv. sagði enn fremur, að ef samningar tækjust, þá skyldi ríkisstj. heimilt að afsala til Eimskipafélagsins öllum skipum og öllum öðrum eignum ríkisins, sem Skipaútgerðin hefur yfir að ráða, þ. á m. hlutaeign ríkisins í flóabátafélögum, ef um slíka eign væri að ræða. Allt átti þetta að afhendast án annars endurgjalds en þess, að Eimskipafélag Íslands skuldbyndi sig til að halda uppi strandferðum á sinn kostnað í 25 ár, og sagt var, að styrkurinn, sem samið yrði um að greiða Eimskipafélaginu árlega þennan tíma, skyldi ákveðinn með tilliti til þessarar eignarafhendingar. Í grg., sem fylgdi frv. á síðasta þingi, var m. a. talað um, að nauðsynlegt væri, að strandsiglingarnar væru á einni hendi, og flm. kvaðst telja það langheppilegast, að allar strandsiglingar yrðu afhentar Eimskipafélaginu, eins og hann orðaði það. Hann lét þess þar getið, að það væri ávallt að koma betur og betur í ljós, að nauðsynlegt væri að koma þessum málum undir eina stjórn og einn aðila.

Í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, er einnig lagt til, að leitað verði samninga við Eimskipafélagið og annan aðila, Samband ísl. samvinnufélaga, um, að þessi félög taki að sér frá næstu áramótum, eða svo fljótt sem verða má, allar strandferðir og flóabátaferðir umhverfis landið, og er gert ráð fyrir því í till., að þessi félög taki þá við öllum þeim skipastól, er Skipaútgerð ríkisins hefur nú yfir að ráða og ríkissjóður er eigandi að. Það er ekki sérstaklega tekið fram í till., hvort flm. gera ráð fyrir, að það þurfi að greiða þessum félögum einhvern styrk, rekstrarstyrk að auki, en maður getur búizt við því samkvæmt því, sem fram kom í frv. hv. þm. Barð., sem er fyrri flm. að till., að hann geri ráð fyrir nú, eins og í fyrra, að til þess þurfi e. t. v. að koma, að það verði einnig greiddur ríkisstyrkur.

Nú kemur mér í hug, að það gæti verið erfitt að gera samninga um svona mál fyrir næsta aldarfjórðung nú á þessari stundu, því að margt er nú að taka breytingum í okkar þjóðfélagi, alveg eins á sviði samgöngumála sem öðrum, og gæti út af fyrir sig orðið erfitt og nokkrum vandkvæðum bundið að koma á samningum, sem landsmenn yfirleitt væru ánægðir með eftir svona 20 eða 25 ár.

Það er nýtt í málinu nú, að hér er lagt til, að samið verði við tvo aðila, en aðeins einn áður. Þar með virðist það vera úr sögunni, sem haldið var fram í fyrra, að svo mjög nauðsynlegt væri að koma málum þessum undir eina stjórn og einn aðila. Það lítur út fyrir, að flm. telji sér ekki fært lengur að flytja málið á þeim grundvelli. Þeir hafa komið auga á þá staðreynd, að við hliðina á Eimskipafélagi Íslands er nú komin skipaútgerð Sambands ísl. samvinnufélaga, sem er vaxandi fyrirtæki, hefur þegar, eins og flm. tók fram, nokkuð af góðum skipum og tekur í vaxandi mæli að sér flutninga fyrir landsmenn víðs vegar um land, sérstaklega flutning á vörum frá útlöndum á hinar ýmsu hafnir. Sambandið hefur stór vöruflutningaskip, 2000—3000 tonna skip, en hefur einnig eignazt nokkuð af minni skipum, um það bil þúsund smálesta skipum, sem henta mjög vel fyrir margar hinar smærri hafnir landsins, þar sem hafnarskilyrði eru þannig, að skip af þeirri stærð geta fengið afgreiðslu við bryggjur, en hins vegar ekki miklu stærri skip.

Samband ísl. samvinnufélaga hefur þannig eignazt nokkuð af skipum og rekur þau. Þó má benda á það, að aðstaðan er mjög ójöfn í þessari samkeppni milli Sambandsins og Eimskipafélagsins. Annar aðilinn, Samband ísl. samvinnufélaga, hefur nú að undanförnu greitt hærri skatta til hins opinbera en nokkur annar aðili hér á landi, en hitt fyrirtækið er skattfrjálst sem kunnugt er samkvæmt sérstökum lögum og sterkefnað. Þrátt fyrir það hafa samvinnumenn ekki hikað við að taka flutningana þegar að verulegu leyti í eigin hendur og hugsa sér sjálfsagt að halda þeirri starfsemi áfram og auka hana, eftir því sem þörfin kallar að.

Það er talað um það hér í grg. með þessari till., hver halli hafi orðið á útgerð ríkisskipanna. Hv. þm. Barð. nefnir, að 1952 hafi hallinn orðið rúmlega 10 millj. kr. Maður gæti nú misskilið hans orð þannig, að það væri rekstrarhallinn hjá Skipaútgerðinni, en það er nú ekki svo há upphæð, heldur eru þarna meðtaldir flóabátastyrkirnir, sem Alþingi úthlutar árlega, eins og kunnugt er. Hallinn á fyrirtækinu Skipaútgerð ríkisins er hins vegar eftir reikningnum, sem við fengum nýlega, eitthvað 8½ millj. kr. eða þar í kring.

En hvað er að segja um það fé, sem Eimskipafélagið hefur safnað á undanförnum árum, sem er geysimikið, hvaðan er það tekið? Það hefur vitanlega verið tekið af þeim sömu mönnum sem borga gegnum ríkissjóðinn hallann á Skipaútgerð ríkisins, og það má gjarnan minna á það í þessu sambandi, að það virðist stundum hafa verið lakar búið að þessu ríkisfyrirtæki en að hlutafélaginu Eimskipafélagi Íslands af valdhafanna hálfu. Ég vil minna á það, að á stríðsárunum fengu Íslendingar mörg skip á leigu frá öðrum þjóðum og þeim var af ríkisstj. á þeim tíma ráðstafað til Eimskipafélags Íslands og það hafði af útgerð þeirra á þeim árum mjög mikinn gróða. Ég hygg, að ég fari rétt með það, að á þeim tímum hafi forstjóri Skipaútgerðar ríkisins bent á það, að hagkvæmt gæti verið, að Skipaútgerð ríkisins tæki að sér rekstur þessara leiguskipa að einhverju leyti a. m. k., en á það var ekki fallizt af þeim, sem höfðu yfirstjórn þeirra mála. Hefði það verið gert, þá hefði útkoman að sjálfsögðu orðið allt önnur hjá Skipaútgerðinni, og hún hefði þá eignazt nokkuð af þeim gróða, sem féll í hlut Eimskipafélags Íslands.

Ég hef nú ekki reikninga Eimskipafélagsins hér við höndina, en hv. þm. mörgum eru þeir nú nokkuð kunnir. Þeir vita það vel, að það er ákaflega mikið fé á okkar mælikvarða, sem það fyrirtæki hefur grætt á undanförnum árum, og eins og ég sagði áðan, þá hefur það haft þennan gróða af viðskiptunum við landsmenn, það hefur tekið hærri farmgjöld og kannske fargjöld en nauðsynlegt var til að standa undir rekstrinum. Það má því vel segja, að þetta séu álögur á landsmenn alveg eins og það, sem greitt hefur verið í hallarekstur Skipaútgerðarinnar.

Það eru nú um það bil 40 ár síðan farið var að undirbúa stofnun Eimskipafélags Íslands og hrinda því fyrirtæki á flot. Ég minnist þess, að þá var hafin fjársöfnun um land allt til að koma þessu félagi á fót, og þeirri málaleitan var vel tekið líklega undantekningarlaust í öllum héruðum landsins. Menn lögðu fram mjög margir smáa hluti, hver eftir sinni getu, og það tókst að koma upp þessu félagi, innlendu félagi, til þess að annast um flutninga, vöruflutninga og fólksflutninga með skipum. Þetta var á þeirri tíð mikið sjálfstæðismál, og menn bundu miklar vonir við þetta fyrirtæki. Það var áreiðanlega svo þá, að allur almenningur hér á landi vonaðist eftir því, að þarna væru þeir að vinna að því að koma á fót fyrirtæki, sem mundi á þessu sviði reyna að veita öllum landsmönnum sem bezta þjónustu, ekki eingöngu þeim, sem búsettir eru á ákveðnum stöðum á landinu, kannske þar sem þéttbýlið er mest, heldur öll-

um landsmönnum, hvar sem þeir voru búsettir. En mér virðist, að því miður skorti töluvert á, að þessar vonir manna hafi rætzt. Það virðist svo sem stjórnendur Eimskipafélagsins hafi á undanförnum árum nokkuð mörgum meira hugsað um það, hvað væri ábatavænlegast fjárhagslega fyrir fyrirtækið, heldur en um það, með hverju móti þeir gætu veitt öllum landsins börnum sem bezta og jafnasta þjónustu.

Hv. þm. Barð. sagði áðan í ræðu sinni, að það hefði einungis verið fyrir féleysi, að Eimskipafélag Íslands gat ekki frá upphafi sinnt strandferðunum, og þetta má vera rétt; það er vafalaust rétt. En það eru breyttar ástæður hjá þessu fyrirtæki fyrir löngu. Nú verður ekki féleysi um kennt, ef það dregur sig í hlé frá því að veita þá þjónustu öllum landsmönnum, sem menn gerðu sér vonir um, þegar það var stofnað fyrir tæpum 40 árum. Og spurningin er þessi: Skyldi Eimskipafélag Íslands eða þeir, sem stjórna málum þess, nokkurn tíma fara að vinna í þeim anda, sem landsmenn gerðu sér vonir um, þegar það var stofnað? Það hefur nægа möguleika til þess nú. Það er fjárhagslega sterkt fyrirtæki og hefur og á þegar mikið af skipum. Ég skal ekki segja um það, hvort það er óhætt að gera sér vonir um, að sú stefnubreyting verði hjá fyrirtækinu, að það taki að vinna í þessum anda, en það er ljóst, að flm. þessarar till. gera sér ekki vonir um það eins og nú er, því að það kemur berlega fram, að þeir telja, að Eimskipafélagið muni ekki veita þessa alþjóðarþjónustu nema með því móti, að því verði afhent mikil verðmæti, nokkur góð skip, sem mundu vera seljanleg nú fyrir háar fjárhæðir, og jafnvel, eða a. m. k. eins og fram kom í frv. hv. þm. Barð. á síðasta þingi, þá gerði hann ráð fyrir því þá, gerir kannske ráð fyrir því enn, að þetta sé ekki nóg, heldur yrði einnig að greiða því svo og svo mikinn árlegan styrk af ríkisfé, ef það ætti að fara að vinna á þann hátt, sem upphaflega var til ætlazt af öllum þorra landsmanna.

Ég veit ekki um það, ég skal ekkert um það fullyrða, hvort þetta mál er borið fram fyrst og fremst af áhuga fyrir að minnka kostnað ríkissjóðs eða landsmanna við flutningastarfsemina. Fyrir skömmu komu forvígismenn Sjálfstfl. — en það eru einmitt menn úr þeim flokki, tveir hv. þm., sem flytja þessa till. — því fram, að sett var upp sérstök útgerðarstjórn fyrir nokkur af skipum ríkisins, varðskipin. Ekki var þó með neinum rökum fundið að stjórn Pálma heitins Loftssonar á útgerð skipanna. Það mun vera dómur allra sanngjarnra manna, sem fylgzt hafa með þeim málum á undanförnum árum, að hann hafi stýrt því fyrirtæki, sem hann veitti forstöðu, mjög vel og giftusamlega. Það var eitthvað annað, sem þarna var á bak við, en það liggur í augum uppi, að þessi ráðstöfun sjálfstæðismanna veldur auknum kostnaði. Það er vitanlega dýrara að hafa sérstaka útgerðarstjórn fyrir nokkurn hluta af ríkisskipunum en að hafa þetta í einu lagi, eins og áður var. Þessi ráðstöfun virðist mér ekki benda til þess, að það sé svo mjög brennandi áhugi hjá mönnum í þeim flokki fyrir því að gera þennan rekstur hagkvæmari fjárhagslega en hann er eða hefur verið að undanförnu.

Ég geri nú að sjálfsögðu ráð fyrir því, að málið fari til nefndar, eins og flm. leggja til, en ég tel, að það sé ástæða til fyrir þá hv. n. að athuga þetta frá ýmsum hliðum.

Ég mun sleppa að ræða um sumt af því, sem fram kom í ræðu hv. þm. Barð., sem má telja að hafi verið aðfinnslur viðkomandi stjórn á Skipaútgerðinni á liðnum árum. Hann talaði um, að það hefði verið keypt óhæft skip, o. s. frv. Ég hef nú grun um, hvaða skip hann á við. Ég held, að það hafi reynzt hér í eigu Íslendinga happafleyta og sennilega engu dýrara í rekstri en sum önnur, sem þeir höfðu, þ. á m. sum af elztu skipum Eimskipafélagsins. Þetta var skip, sem var kynt með kolum eins og sum skip Eimskipafélagsins. Betra strandferðaskipið hefði verið selt, en því lakara haldið, sagði hv. þm., en viðurkenndi þó, að það hefði verið keypt gott skip í staðinn. Það mun hafa komið fram stundum áður, að hv. þm. Barð. hefur frekar haft horn í síðu Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur nú mjög fengizt við skipakaup fyrir ýmsa aðila á undanförnum árum og mun vera talinn af ýmsum og er vafalaust fagmaður á því sviði. En hann hefur víst ekki verið til kvaddur, þegar skip voru keypt fyrir Skipaútgerð ríkisins.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Vafalaust er þessi till., sem hér er til umr., fram borin vegna þess, að halli er frá ári til árs á Skipaútgerð ríkisins. En það er þó ekkert nýtt atriði fyrir mönnum. Þessi þjónusta mun hafa verið rekin með halla lengstum og fáir í raun og veru gert sér vonir um það, að hægt væri að reka þá þjónustu sem fjárplógsstarfsemi, eða yfirleitt, að það væri æskilegt, að það væri gert. Það hefur víst verið lítill ágreiningur um það milli stjórnmálaflokka að haga farmgjöldum fyrir vörur með Skipaútgerð ríkisins á þann veg, að ekki væri greitt hærra gjald fyrir þá vöru, sem flutt er til Austfjarða, Vestfjarða og Norðurlandshafna, heldur en fyrir þær vörur, sem fluttar eru hér á nágrannahafnir við Rvík. Þetta er vitanlega mikilsverð þjónusta fyrir fólkið, sem býr í hinum fjarlægari héruðum og landshlutum, og mér er ekki kunnugt um, að neinn stjórnmálaflokkur hafi lagt til, að önnur „prinsip" væru tekin upp í þessu efni. En það væri vitanlega hægt að hverfa frá þessu og ætla fólkinu í hinum fjarlægu landshlutum að bera þyngri byrðar í sambandi við þær vörur, sem ríkisskipin flytja frá fólkinu og til þess, og þar með skapa allt annan grundvöll fyrir þessa útgerð til þess að bera sig og kannske bera sig vel. En þeir, sem ekki vilja, að breytt sé þessu grundvallaratriði, mega ekki alveg falla í stafi, þeir verða að reyna að halda vatni, þó að þetta leiði til þess, að það verði ekki gróðavænleg útgerð, sem annast þessa þjónustu, sem tekur vægt gjald fyrir vegna aðstæðna fólksins, sem hún er að þjóna. Það eru á fjárl. þessa árs ætlaðar 6½ millj. kr. til Skipaútgerðar ríkisins, og fylgir því aths. frá

fjmrh. um, að þörf sé þar jafnvel á hærri upphæð. Ef tekin er með sú upphæð, sem forstjórinn taldi nauðsynlega til fjárfestingar í viðbót, þá hafa verið nefndar í því sambandi 10 millj. kr. á næsta árs fjárl.

En það er önnur starfsemi, sem fer fram í einstaklingsrekstri, en er sama eðlis og þjónusta Skipaútgerðar ríkisins, og það er útgerð flóabátanna, miklu umfangsminni rekstur að vísu, en sama eðlis, og halli á þeim rekstri er nú áætlaður á næsta árs fjárlögum 1 millj. 250 þús. Þeir einstaklingar, sem reka þá báta, virðast ekki kunna á því lagið að hafa þessa starfsemi þannig, að hún standi undir sér, hvað þá heldur að hún geti skilað arði.

Ég skal alls ekki fordæma þá hugsun, sem kemur fram í þessari þáltill., þá, að æskilegt væri, að þessi starfsemi væri undir einni stjórn og í höndum eins og sama aðila, sem annast hinn gróðavænlega þátt flutningamálanna fyrir þjóðina, þ. e. a. s. þann þáttinn að flytja vörur frá landinu og til þess. Það er vitanlega gróðavænleg starfsemi. Ég held, að það væri ákaflega eðlilegt, að þetta væri allt saman á hendi eins og sama aðila. En eins og drepið var á hér í umr. áðan, þá kom það fram í till., sem flutt var um þetta efni á síðasta þingi. Nú er aftur horfið frá því og lagt til, að starfsemi Skipaútgerðar ríkisins verði skipt á tvo aðila. Það virðist mér stefna í öfuga átt og ekki líklegt til að vera til bóta, en það er nú einhvers konar útjöfnunarstefna, sem í því felst og á að falla í það almenna pólitíska hallamælingakerfi, sem nú er hyrningarsteinninn undir samvinnu stjórnarflokkanna, og þess vegna er þetta nú náttúrlega ekki heldur út í hött. Það á sem sé að skipta þessari starfsemi niður á Eimskipafélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga. Það á að afhenda skip Skipaútgerðar ríkisins Eimskipafélaginu og skipaútgerð Sambands ísl. samvinnufélaga samkv. samningum, sem líklegt er talið að kynnu að takast um þessa afhendingu, um leið og samið yrði um strandferðirnar sjálfar.

Ég minntist á það, þegar fjárl. voru til 1. umr., að mér fyndist skipun þessara mála vera nálega eins vitlaus og hún gæti verið, að ætla einstöku hlutafélagi með einstaklingsrekstri, sem nýtur skattfríðinda, að annast þjónustuna, sem hægt er að græða á, vöruflutningana að landinu og frá því, en ætla síðan ríkinu að annast þann hluta vörudreifingarþjónustunnar fyrir þjóðina, sem engar líkur eru til að geti staðið undir sér. Ég lét í ljós þá skoðun, og vil túlka hana enn með örfáum orðum, að ég teldi afar eðlilegt, að þessi þjónusta öll væri á hendi eins og sama aðila, að sá aðili, sem nýtur gróðans af þeim þætti þjónustunnar, sem hann annast, sæi einnig fyrir þeirri þjónustu, sem ekki getur staðið undir sér.

Nú mundi einhver láta sér detta í hug, að þá væri ég inni á sömu hugsun og hv. flm. þessarar till., að þetta bæri að afhenda Eimskipafélagi Íslands, en það er þvert á móti. Ég tel, að það gæti engu síður komið til álita og það beri að athuga, hvort ekki væri rétt, að ríkið, sem hefur þessa nauðsynjaþjónustu fyrir þegnana í hinum afskekktari byggðum landsins, tæki einnig að sér hinn gróðavænlega hluta flutningaþjónustunnar frá landinu og til þess og hefði síðan einhvern hluta af gróðanum frá þeirri starfsemi til þess að standa undir hallanum af strandsiglingunum. Og mér er nær að halda, að það væri nú rétta lausnin á því máli að losna við hallann á fjárl. í sambandi við strandferðirnar, að ríkið tæki einnig að sér hina gróðavænlegu aðflutninga til landsins og á afurðum þjóðarinnar til markaðslandanna og verði síðan nokkrum hluta af þeim gróða til þess að standa undir hallanum við strandsiglingarnar. Mér finnst eiginlega einkennilegt, að maður, sem virðist hafa hugsað dálítið um þessi mál eins og hv. flm. þessarar till., skuli alls ekki hafa dottið ofan á þessa lausn, því að hún virðist eiginlega blasa miklu eðlilegar við, sem sé, að það væri athugað, hvort ekki ætti að leggja Eimskipafélag Íslands og rekstur þess undir ríkið í stað þess að láta það njóta skattfrelsis og raka saman gróða á arðvænlegri þjónustu, en láta hins vegar ríkið sitja uppi með hallarekstur, sem einstaklingar vilja vafalaust ekki fúslega taka að sér, nema með því að það væri samið um styrki þeim til handa til þess að annast þjónustuna, enda hefur örlað á þeirri hugsun hjá hv. flm., að það þyrfti að gera ráð fyrir því, ef samningar tækjust, að samið yrði m. a. um styrki til handa Eimskipafélaginu og Sambandi ísl. samvinnufélaga til þess að taka þessa þjónustu að sér.

Ég held sem sé um þessa till., sem talar um það, að það eigi að koma þessum málum undir eina stjórn og í hendur einum aðila, að flm. hafi tekið þetta frá öfugum enda og ættu að hugleiða, hvort ekki ætti að snúa þessu alveg við og ætla ríkinu að taka að sér fyrst og fremst hlutverk Eimskipafélagsins og nota ágóðamöguleikana af þeirri starfsemi til þess að standa undir fyrirsjáanlegum halla af hinni þjónustunni, sem Skipaútgerð ríkisins hefur annazt til þessa. Það er a. m. k. álit Alþfl., að þá værum við öllu nær því að finna þessu máli rétta lausn en með þeirri till., sem hér liggur fyrir.

*Flm. (Gísli Jónsson):* Herra forseti. Ég vil nú í fyrsta lagi leyfa mér að þakka þeim hv. þm. tveimur, sem hér hafa rætt um þessi mál. Þar hefur a. m. k. komið fram nýtt sjónarmið, sem er sjónarmið út af fyrir sig. Hins vegar sakna ég þess mjög frá hv. þm. V-Húnv. (SkG), að hann skyldi ekki ræða málið meira efnislega, því að hann gerði ekki hina minnstu tilraun til þess að hrekja nokkuð þær upplýsingar, sem ég bar fram hér í sambandi við þáltill. og voru raunverulega mergur þessa máls, heldur var með alls konar aðrar aðfinnslur, sem koma ekki kjarna málsins við, eins og ég skal nokkuð sýna fram á.

Honum þótti það nokkuð einkennilegt, að nú skyldi þetta vera borið fram í þál.-formi, en hefði á s. l. þingi verið borið fram í frv.-formi. Skal ég gjarnan skýra, hvers vegna þetta er svo. Í því frv., sem ég lagði fram til umræðu og afgreiðslu í hv. Ed. á s. l. þingi, var tekið

fram í 2. gr., eins og hv. þm. minntist á, hvernig skyldi fara með eignir félagsins, vegna þess að það er ekki hægt að afhenda eignirnar nema gefa um það heimild frá þinginu, og slík heimild verður að vera í lagaformi. Þetta er ekki gert í þáltill., vegna þess að það er ekki hægt að heimila ríkissjóði að afhenda eignir ríkisins með þáltill. Það er hægt að heimila ríkissjóði að taka að sér alls konar greiðslur í þáltill., en það er brot á stjórnarskránni að heimila með þáltill. að láta af hendi nokkrar eignir ríkisins, og fyrir það er þessi þátturinn ekki tekinn með hér. Þess vegna hef ég líka lagt megináherzlu á það atriði málsins að komast að samningum um málið. Þegar þeir samningar lægju fyrir og þeir þættu viðunandi af hæstv. ríkisstj., þá bæri henni að sjálfsögðu að leggja slíka samninga til samþykktar fyrir Alþ., ef þeir samningar hafa í för með sér eignarafhendingu. Þetta er skýringin á því, hvers vegna ég hef heldur valið þessa leiðina. Ég tel einnig, að það sé miklu auðveldari leið að takmarkinu að byrja þannig að leita samninganna en fyrir fram að ákveða um þetta lög, eins og hugsað var á síðasta Alþingi, og hef ég m. a. komizt að því í sambandi við þær umræður og meðferð, sem málið fékk á síðasta þingi, og þykir enginn vansi að taka það til athugunar við flutning málsins nú í þetta skipti.

Þá sagði hv. þm., að það mundi verða mjög erfitt að semja um þessi mál til 25 ára. Ég hygg nú, að honum sé vel kunnugt um það, eins og mér og mörgum öðrum hv. þm., að það þykir ekki neitt ákaflega langur samningstími í stórmáli, hvorki á milli aðila né milli ríkja, þó að samið sé um 25 ár; síður en svo. Og það ætti því ekki að vera nein fjarstæða að semja um þessi mál hér innanlands við slíka aðila eins og hér er bent á, þar sem annars vegar er ríkið, þ. e. a. s. þegnar þjóðfélagsins, og hins vegar er mikill hluti af þessum sömu þegnum, sem bæði eiga Eimskipafélagið og samvinnufélagsútgerðina, svo að ég teldi, að það yrði engum vandkvæðum bundið að semja um þessi mál, svo að vel færi, enda kæmi það þá á daginn, þegar farið væri að ræða þau, hvort þessir erfiðleikar eru það miklir, að ekki væri hægt að komast yfir þá.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að frv. á þskj. 515 var sent Eimskipafélaginu í fyrra til umsagnar. Og eina ástæðan, sem félagsstjórnin bar fram fyrir því að geta ekki afgreitt málið skyndilega, var sú, að það væri ákaflega umfangsmikið og þyrfti vitanlega að ræða það frá ýmsum hliðum, sem er alveg rétt. Hins vegar kom ekki nokkur ábending um það frá stjórn Eimskipafélagsins, að það væru þau vandkvæði á þessu máli, sem ekki væri hægt að komast yfir, nema síður sé, svo að ég hygg, að það sé óhætt að samþ. till. fyrir það, þó að hv. þm. finnist, að það séu ýmis vandkvæði í sambandi við svo langan samning.

Hv. þm. minntist einnig á það, að þegar lesið væri frv. á þskj. 515, þá gerði ég ráð fyrir, að það þyrfti einhvern styrk annan en andvirði eignanna. Allt eru þetta samningsatriði. Það yrði fyrst og fremst komið undir því, hvað þeir taka að sér langan starfstíma, einnig komið undir því, hvaða þjónustu þeir vilja gefa, hvort þeir vilja bæta þjónustuna mikið frá því, sem nú er, og eyða allmiklu fé í það, eða hvort þeir vilja miða við, að þjónustan sé lík og hún er í dag. Þess vegna verður ekkert sagt um það á þessu stigi málsins, hvort þurfi að veita þeim sérstaklega annan styrk en eignayfirfærsluna. Hins vegar tel ég ekki á þessu stigi málsins, að það sé ákaflega mikil fórn fyrir ríkið að afhenda eignirnar, vegna þess að það er vitað, að ef ríkið heldur áfram að reka strandferðirnar í næstu 25 ár, þá eru þessar eignir þeim einskis virði, þær hverfa þá í afskriftum eða í meðgjöf til þjóðarinnar til þessarar þjónustu. Hins vegar ef litið er á málið þannig, að það sé hægt fyrir ríkið að selja skipin út úr landinu eða einhverjum öðrum aðilum, þá er það náttúrlega ákveðin fjárhæð, sem gengur til þess að kaupa samninginn, svo að það sést ekki fyrr en samningurinn hefur verið reyndur, hversu mikil byrði það væri fyrir ríkissjóðinn að fara þessa leið, sem ég þegar hef bent á.

Þá gat hv. þm. um það, að það hefði orðið sú breyting á í sambandi við flutning þessa máls, að ég hefði fyrr viljað afhenda þetta einum aðila, en nú vildi ég afhenda þetta tveimur aðilum. Þetta er ákaflega skiljanlegt, og vil ég í sambandi við það leyfa mér að vísa til þeirra gagna, sem komu fram í minni framsöguræðu. Það var sameiginlegt álit þeirra manna, sem störfuðu í mþn., m. a. fyrrverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar, sem hafði viðtæka þekkingu á þessum málum, hvað sem okkur hinum viðkemur, og viðurkennt af öllum þessum aðilum, að það væri nauðsynlegt, að sá aðili, sem flytur inn til landsins vöruna, dreifði henni einnig og bæri kostnaðinn af dreifingunni. Og þegar nú er viðurkennt, að Samband ísl. samvinnufélaga er ekki einasta að auka skipastól sinn, heldur einnig upplýst hér af hv. þm. V-Húnv., að því verði haldið áfram, þannig að þeir geti séð um alla flutninga með sínum stærri skipum á stærri hafnirnar og með sínum smærri skipum á smærri hafnirnar, þá er ekkert eðlilegra en einmitt að þessi aðili sé einnig tekinn með í þann samning, sem hér um ræðir, því að ég hef bent á, að með því að skipta þessum flutningum á marga aðila, þá sé alveg útilokað að komast að þeim hagstæðu kjörum fyrir þjóðina í sambandi við flutningana, sem hægt er að komast að, ef þetta er skipulagt með einum eða tveimur aðilum, eins og hér er lagt til. Það gæti verið full samvinna á milli þessara tveggja aðila, sem einir raunverulega í dag mætti segja að hafi þá þjónustu á hendi að flytja til landsins vöruna. Það gæti verið fullkomin samvinna á milli þeirra um að dreifa henni um landið, og þess vegna eðlilegt, að það sé sett inn, að það eigi að semja við báða þessa aðila. Ég hefði hins vegar ekkert á móti því, ef það kæmi fram við samningsumleitanir, að annar hvor aðili vildi bjóða betri þjónustu fyrir minna fé frá ríkissjóði og landsmönnum en hinn, að honum einum væri afhent þetta hlutverk. Væri mér þá nákvæm-

lega sama, hvort það væri S. Í. S. eða Eimskipafélagið.

Till. er því borin fram beinlínis sem eðlilegur árangur af þeim niðurstöðum, sem féllu í mþn. Og formaður n., eins og ég tók fram hér í minni framsöguræðu, hélt því ákaflega fast fram, að það hefði verið alveg útilokað að hafa þessa þjónustu á hendi fyrir ríkið, nema því aðeins að þeim væri þá tryggt sérleyfi á hafnirnar. Ég hygg nú, að það verði ekki margir samvinnufélagsmenn, sem vildu samþykkja það, að þeirra skip skyldu ekki fá leyfi til þess að flytja nokkra vöru á hinar smærri hafnir, heldur aðeins annaðhvort til Rvíkur eða Akureyrar og svo yrði ríkið að dreifa henni á þeirra kostnað. Ég ímynda mér, að því yrði ekki vel tekið hjá landsmönnum yfirleitt. En það var þetta, sem forstjóri Skipaútgerðarinnar vildi stefna að, og ef hv. þm. V-Húnv. trúir mér ekki á því sviði, þá vil ég benda honum á að lesa nál. mþn., sem til er hér í þingskjölum; þessi skoðun formannsins kemur alveg skýrt fram þar. Hann vildi láta fyrirskipa, að þeir menn, sem önnuðust flutningana á milli landa, skyldu skila vörunum að mestu leyti í fjórar hafnir á landinu, eina á Austurlandi, eina á Vesturlandi, eina á Norðurlandi og eina á Suðurlandi, og síðan mættu þeir ekki flytja þá vöru út til neytendanna, þó að þeir hefðu flutt til landsins, og ekki heldur taka við vöru frá viðskiptamönnum sínum á smærri höfnunum og flytja á þessar stóru hafnir, þetta skyldi vera hlutverk, sem ríkissjóður skyldi gera og hafa einkaleyfi til að gera og enginn annar koma nálægt. Og ég er alveg viss um, að hversu erfiðlega sem það kann að ganga að koma fram þessari till., þá verður þúsund sinnum erfiðara að koma þeim fyrirmælum fram hér á Alþingi, að slík skipun skuli vera á þessum málum. Þá mundu margir menn rísa upp og segja: Þetta látum við nú ekki bjóða okkur. Svo mikill aukakostnaður hefur orðið við það að þurfa að umskipa vörum, setja þær í land á einni höfn, flytja aftur um borð o. s. frv. og óþægindi fyrir landsmenn, að þeir mundu aldrei verða þakklátir neinum þeim þm., sem kæmi á slíkri skipan í landinu. — Og þá er ekki önnur leið út úr þessu öngþveiti en að láta sama aðilann hafa dreifinguna sem hefur flutningana til landsins, eins og hv. 3. landsk. (HV) viðurkenndi, þótt hann vildi fara aðra leið, sem ég skal koma að síðar, en einmitt í hans ræðu kom þetta skýrt fram, að hann viðurkenndi ekki einungis sjónarmið mitt, heldur einnig ágreiningslaust sjónarmið mþn. í þessu máli. Það er líka alveg sýnilegt, að eftir því sem báðir þessir aðilar, Eimskipafélagið annars vegar og samvinnufélögin hins vegar, og þá alveg sérstaklega samvinnufélögin, auka sinn skipakost, eins og hv. þm. V-Húnv. minntist á eða tilkynnti hér áðan að mundi verða gert og mér þykir ekki nema eðlilegt og gleðilegt að verði, — þá er alveg áreiðanlegt, að það hlýtur að skapa stórkostlega samkeppni við þann aðila, sem hefur strandferðirnar á hendi, hvort sem það er ríkið eða einhverjir aðrir, og sá aðili er dæmdur til þess að tapa í þeirri samkeppni, hann getur ekki neitt annað. Hann er varnarlaus fyrir því, hvað mikið þessir aðilar taka og flytja á hina ýmsu staði og frá þessum stöðum, og verður að gera svo vel sjálfur að sigla með tómar fleyturnar á eftir þeim eða samhliða þeim á staðina, eins og þegar er gert í dag, og það er ein meginorsökin til þess, að það verður að breyta þessu fyrirkomulagi.

Hv. þm. V-Húnv. notaði allmikinn tíma til þess að ræða um það, hvað það væri ójafnt skipt á milli Eimskipafélagsins og Sambandsins í sambandi við skattfrelsi. Ég skal ekki fara mikið út í þau mál, það gefst sjálfsagt tími til þess að ræða það á öðrum vettvangi. En ég vil þó benda á, að ef þessi till. yrði samþ., verður þó tekinn að minnsta kosti einhver kúfur af þeirri upphæð, sem menn vilja að Eimskipafélagið greiði í ríkissjóð, ef þeir með þessu tækju að sér að halda uppi strandferðum umhverfis landið, án þess að fá nokkurn styrk til þess hjá ríkissjóði. Ég vil aðeins benda á það. Og ég segi alveg eins og hv. 3. landsk., að mér fyndist það ekkert óeðlilegt, að sá aðili, sem þénar á því að flytja vörurnar til landsins, eins og Eimskipafélagið hefur gert og Sambandið hefur gert, taki einmitt á þennan hátt að sér að greiða til ríkissjóðs skatt eins og hér er lagt til. Ef það hins vegar er hægt fyrir þessa aðila að inna þjónustuna af hendi fyrir miklu minna fé en ríkið gerir í dag, þá er það þeirra mál og þá er það líka gleðilegt, en útkoman verður sú sama, að þeir hafa þá á þennan hátt notað eitthvað af sínum gróða eða sínum hyggindum til þess að spara ríkissjóði fé. Ef skip Sambandsins greiða of mikið í skatt til ríkissjóðs af sinni þjónustu, þá mundi sú fúlga einnig minnka, ef þeir á þennan hátt tækju að sér einhvern hluta strandferðanna og þénuðu ekki á því fé, svo að það kæmi allt í sama stað niður.

Hv. þm. V-Húnv. vildi leiðrétta umsögn mína um samanburð á tapinu og áætlaðri upphæð til strandferðanna 1952. Ég vil mega leiðrétta það, sem kom fram hjá honum hér, af því að þar var ekki að öllu leyti farið rétt með. Það er að vísu rétt, sem hann sagði, að tapið á strandferðunum hefði verið um 8½ millj. kr. En ég bar saman tvær upphæðir í báðum tilfellunum. Ég bar saman það, sem veitt er til strandferða og flóabáta árið 1950 á fjárl., og það eru um 5 millj. kr. til beggja, en af því er rúm milljón til flóabátanna og hitt til strandferðanna. Og síðan bar ég saman þá upphæð, sem þetta hvort tveggja hefði kostað á árinu, en það var rúmar 10 millj. kr., svo að það hefur verið eytt úr ríkissjóði rúmlega 5 millj. kr. meira en áætlað var til þessarar starfsemi. Hins vegar ber hv. þm. V-Húnv. saman annars vegar þá tölu, sem veitt var á fjárl. til beggja þessara aðila, og hins vegar aðeins tapið hjá öðrum aðilanum, og það er rangt. Ég veit, að þetta er gert fyrir misskilning hjá hv. þm., ekki af ásettu ráði, en ef hann flettir upp í yfirliti, sem hefur komið frá hæstv. fjmrh. og verið lagt hér alveg nýlega á borðið, þá mun hann sjá, að undir B-lið, þ. e. til skipaútgerðar og flóabáta, var áætlað 5 millj. kr., en

varð 10 millj. 150 þús., svo að minn samanburður var hárréttur, og vænti ég, að hv. þm. viðurkenni það.

Þá spurði hv. þm. um það, hvaðan það fé væri tekið, sem Eimskipafélagið nú þénaði, þ. e. ágóði Eimskipafélagsins. Í fyrsta lagi ber að athuga, hvort Eimskipafélagið sigli þá fyrir hærri flutningsgjöld á milli landa en aðrar þjóðir. Ég hef ekki orðið var við, að það sé, og hygg, að það muni ekki vera, og ef svo væri, þá mundu aðrar þjóðir sigla hér til Íslands. En ég hygg, að það sé ekki gert nema á þeim sviðum, þar sem Íslendingar hafa ekki, því miður, nein flutningstæki, svo sem er með olíuflutninginn. Einmitt á þeim sviðum sigla útlendingar, en á öðrum sviðum munu Íslendingar hafa tekið að sér mestalla þessa flutninga, sem betur fer, og þá a. m. k. ekki fyrir hærra verð en við þyrftum að greiða til annarra í erlendum gjaldeyri. Það, sem það græðir á þeim flutningum, er þá það sama sem aðrir mundu græða, og færi það allt út úr landinu, væri hver sú króna af því töpuð. Annars vegar kunna þeir að geta skipulagt sína starfsemi betur en aðrir og geta þá þar af leiðandi haft betur upp úr því. Þess vegna er ekki annað eða meira tekið af þjóðinni fyrir þessa flutninga en aðrir aðilar mundu taka af henni á opinberum markaði. Sama er um það, sem Samband ísl. samvinnufélaga tekur af þjóðinni, er það siglir fyrir sömu gjöld, sem ég hygg að það muni sigla fyrir, og mun þá hv. þm. leiðrétta það, ef ég fer þar rangt með, svo að því verður ekki blandað saman við taprekstur strandferðaskipanna.

Þá minntist hv. þm. á það, að ef Skipaútgerðin hefði fengið eitthvað af þeim gróða, sem Eimskipafélagið fékk í stríðinu, þá stæði Skipaútgerðin betur að vígi. Ekki skal því mótmælt. En það haggar ekki þeim staðreyndum, að í dag er ekki hægt fyrir Skipaútgerðina að reka þessa útgerð nema með stórkostlegu tapi. Þó að það tap væri greitt af einhverjum sjóðum, sem hefðu safnazt upp fyrir óvenjuleg atvik á stríðstímunum, þá var það aðeins til þess að mæta því á meðan þeir entust, en kerfið sjálft er jafnóheppilegt fyrir því, þó að þeir sjóðir væru til. En það er svo annað atriði, og ég skal ekki draga það inn í þessar deilur, hvort það hefði verið rétt að láta það renna frá Eimskipafélaginu til einhverrar annarrar starfsemi. Hitt má þó benda á, að Eimskipafélagið hefur notað þetta fé — eins og það hefur notað sinn gróða allan — til þess að byggja upp nægilega góðan og stóran flota fyrir Ísland til þess að flytja vörur hér á milli, samfara því sem Sambandið hefur einnig tekið þátt í þeirri uppbyggingu, og ég virði alveg eins vel, að það hefur verið gert af þeim aðila eins og Eimskipafélaginu, en þetta hvort tveggja er sterkasti þátturinn í því að viðhalda sjálfstæði landsins, hvernig sem fer, og því má þó ekki gleyma.

Þá sagði hv. þm., að það hefði verið búizt við því, þegar safnað var fé um allt land, að Eimskipafélagið mundi þjóna öllum landslýð án þess að mismuna fólkinu. Ja, það er nú einmitt það, sem ég vil ná með þessari till. Nú segi ég, að Eimskipafélagið hafi að sjálfsögðu gert þetta í annarri mynd. Það tók að sér í gegnum tvennar stórar styrjaldir margra ára að flytja til og frá landinu vörur, þegar engir aðrir voru til þess að gera það. Og það er alveg áreiðanlegt, að lífsskilyrðin á Íslandi hefðu orðið allt önnur og lakari, ef þetta hefði ekki tekizt, að hafa þá nægilegan eða a. m. k. þann flota, sem þá var fyrir hendi og Eimskip hafði yfir að ráða, og þeim hefði ekki einmitt verið stjórnað á þann hátt, sem gert var. Þá hefðu lífsskilyrði verið allt önnur og miklu lakari hér á Íslandi. En þessu virðast menn gleyma. Nú, þegar Eimskipafélagið er orðið svo fjársterkt, að það gæti einnig sinnt hinum öðrum hlutverkum, þ. e. að sigla með vörurnar á allar hafnir landsins, þá er það einmitt ég, sem ber það hér fram, að sú tilhögun verði höfð á, og ég hefði ekki í dag neina ástæðu til þess að ætla, að Eimskipafélagið vilji skjóta sér undan þeim skyldum. Það reynir þá fyrst á það, ef þessi till. verður samþ. og Eimskipafélagið vill ekki uppfylla þær vonir, sem við það eru bundnar. Þá reynir fyrst á það að sjá, hvaða svar þeir kunna að gefa í þessu máli. Vil ég ekki hafa neinar getgátur um það í garð Eimskipafélagsins, nema síður sé. — Ég hygg því, að þessi ummæli, sem hv. þm. hafði um Eimskipafélagið í sambandi við það, að þeir hafi brugðizt trausti manna, séu ofmælt, og vona, að það hafi verið gert í hugsunarleysi, en ekki að athuguðu ráði, að bera hér fram á hæstv. Alþ. þá ádeilu á Eimskipafélagið, sem kom fram í orðum hv. þm.

Þá sagði hv. þm., að hann vissi ekki, hvort þetta mál væri borið fram af okkur flm. af umhyggju fyrir hag ríkissjóðs eða vegna umhyggju fyrir bættum samgöngum í landinu. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að það er borið fram af umhyggju fyrir þessu hvoru tveggja, bæði fyrir hag ríkissjóðsins annars vegar, eins og kom fram í minni framsöguræðu og í grg., og einnig af umhyggju fyrir, betri þjónustu við fólkið, því að það er mín bjargfasta skoðun, að þjónustan við fólkið verði miklu betri, ef þessari skipan verði komið á. Og það er ekkert annað, sem liggur til grundvallar flutningi þessarar till., hvorki frá mér né hv. þm. Snæf., en umhyggja fyrir báðum þessum þáttum. — Hann benti svo á, að þá hefðum við átt eða Sjálfstfl. að haga sér öðruvísi í sambandi við stjórnina á landhelgisgæzlunni. Við skulum ekki blanda þessu máli hér inn í, því að það er alveg áreiðanlegt, að það verður aldrei neinum manni talin trú um það, að hin beinu útgjöld eða sparnaður, á hvora hliðina sem menn vilja reikna það, við að setja aðra yfirstjórn yfir þann hlutann, sem ríkið rekur, nemi nokkrum milljónum eins og tapið á strandferðunum. Það þarf enginn maður að halda það. Hitt getur numið milljónum, ef forráðamenn, nýir eða gamlir, hafa gert eða gera einhver glappaskot í þeim málum. En sjálf yfirstjórnin sem slík, laun til yfirstjórnarinnar, getur ekki numið nema sáralitlum upphæðum, og það svo sáralitlum, að það getur komið fram margfalt, hundraðfalt, þúsundfalt í betri

stjórn en hjá öðrum aðilum og líka einnig í lakari stjórn. — Úr því að hv. þm. fór að blanda þessu inn í, þá þykist ég hafa heimild til þess að benda honum á, að það er ekki búið að gera út um það enn, hvað það kostar ríkissjóðinn mörg hundruð eða tugi þúsunda eða milljónir, hvernig gengið var frá því bezta skipi, sem hefur verið byggt í þessar ferðir. Ég sé ekki annað en að það sé óútgert um það mál enn, og verður þar a. m. k. ekki kennt um hinum nýju stjórnendum. Annars var þetta krafa frá fjöldamörgum mönnum að aðskilja landhelgisgæzluna frá strandferðunum, enda ekkert skylt með þessum tveimur málum. Annað liggur undir dómsmálum og hitt liggur undir atvinnumálum, og það er enginn skyldleiki á milli þessara mála yfirleitt. Hitt skal ég svo láta hv. þm. V-Húnv. vera einan um að reikna út, hvort nokkuð af þessum rúmum 5 millj., sem nú koma fram sem beint meira tap en gert var ráð fyrir á strandferðunum, stafar af því, að ekki voru til nein strandgæzluskip til að setja eitthvað af því tapi yfir á þann reikninginn; það skal ég láta hv. þm. V-Húnv. glíma við. En ákaflega stingur það í stúf að sjá nú allt í einu, þegar þessi reikningur og þessi stjórn eru aðskilin, að þá eru það loksins strandferðirnar, sem tapa nú 5 millj. kr. meira en áætlað var, eins og hefur komið fram í reikningunum. ( Gripið fram í.) Ég segi, það skal ég láta hv. þm. um, að bera saman og reikna, hvort það stafi af því. Annars var alveg óþarfi að draga þetta mál, sem er alveg óskylt mál, inn í þessar umræður.

Hv. þm. notaði nú í ræðu sinni — sem ég nú ekki bjóst við — svo lítla háttvísi að fara að tala um það hér, að ég hefði eitthvert horn í síðu Skipaútgerðarinnar. Ég veit ekki til þess, að ég hafi nokkru sinni haft nokkurt horn í síðu Skipaútgerðarinnar. Milli mín og fyrrverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar tókst alltaf ágætis samvinna í öllum viðskiptum og það mjög góð. Og milli okkar í nefndum, þar sem við störfuðum saman, var sú samvinna einnig ágæt, eins og á milli mín og margra annarra góðra framsóknarmanna, svo að ég frábið alveg slíka háttvísi í umræðum hér að vera að koma með slíkar getgátur. Hitt er allt annað atriði, að ég hef leyft mér að benda á betri aðferðir í sambandi við þessi mál en hafa verið hafðar í frammi; það er allt og sumt. Og hv. þm. fær hvorki hv. þingheim né þjóðina nokkru sinni til þess að viðurkenna það, hvað margar ræður sem hann heldur um það, að kaupin á Súðinni hafi verið vel gerð. Það er alveg áreiðanlegt, að ef hann vill draga þau mál hér inn í, þá get ég mætt honum um það atriði, hvenær sem hann vill. Það er ekki að hafa neitt horn í síðu einhvers fyrirtækis eða stofnunar, þó að menn leyfi sér almenna gagnrýni á þeirra gerðum, þegar um er að ræða, að það fé, sem farið er með, er tekið úr ríkissjóði og alveg eins úr mínum vasa að nokkru leyti eins og hvers annars. Ég hef sannarlega ekki undir neinum kringumstæðum borið nokkurn kala til hæstv. forseta sameinaðs þings, þó að ég benti á það á sínum tíma, að það hafi ekki verið rétt farið með ákveðna eign. Og ég veit, að hann persónulega hefur ekki látið sér detta í hug, að það væri á nokkurn handa máta sneitt að honum sjálfum; síður en svo. Og það er nákvæmlega sama hér. Það er alls ekki þinglegt af jafnmerkum manni og hv. þm. V-Húnv. að halda því fram, af því að ég ber hér fram gagnrýni á ákveðna stofnun, að þá sé ég að hafa eitthvert horn í síðu stofnunarinnar. Sá maður, sem ekki færir nein önnur rök fyrir máli sínu en það, á engin rök til í málinu. Hann er orðinn rökþrota algerlega.

Ég skal þá koma aðeins nokkrum orðum að ræðu hv. 3. landsk. Hann sagði, að fáir hefðu búizt við því, að þessi þjónusta yrði notuð sem fjárplógsstarfsemi. Ég þekki þessi rök. Hv. 5. landsk. þm. (EmJ) margsinnis staglaðist á þessu sama, þegar verið var að ræða um það hér í þinginu að leggja niður ferðirnar á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og milli Reykjavíkur og Akureyrar. Hann þráfaldlega bar það fram, að þó að honum þá sem ráðherra, sem réði yfir þeim málum, hefði ekki tekizt að reka þessar ferðir svo, að þær gætu borið sig, þá stafaði það beinlínis af því, að það hefði aldrei verið ætlazt til þess, að þetta væri fjárplógsstarfsemi; fólkið yrði að fá þessa þjónustu, ríkið yrði að taka þennan þátt á sig. Og það var fyrir þá andstöðu, sem ekki var hægt að leggja þessa starfsemi niður fyrr en sjálfstæðismenn voru einir í stjórn. En hvað er nú? Ég hygg jafnvel, að hv. 5. landsk. mundi ekki þora í dag að koma til þingsins og segja: Takið upp þessa starfsemi aftur. Greiðið þið fleiri hundruð þúsundir og allt í milljón í tap frá ríkissjóði til þess að fá sömu þjónustuna sem þið höfðuð þá. — Ef hann vill bera saman þá þjónustu, sem nú er, og ef hv. 3. landsk. vill líka gera það, þá veit ég, að það er enginn af þm., sem þorir að bera slíkt frv. hér fram, vegna þess að reynslan hefur sýnt, að allt, sem þeir sögðu um þessi mál þá, var rangt. Nú hafa þessi mál verið sett í hendur annarra manna, með miklu betri árangri, miklu betri vögnum, miklu öruggari ferðum og miklu minna tapi fyrir ríkissjóð vegna þess að ríkissjóður hefur ekkert tap af því. Þetta eru nákvæmlega sömu rökin sem nú koma frá hv. 3. landsk. — Hitt er svo allt annað atriði, það sem hv. þm. ræddi um, að það væri rétt að taka Eimskipafélagið og leggja það undir ríkið. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En í því liggur fullkomin viðurkenning fyrir því, að þessi mál eiga að fara á eina og sömu hönd. Þá er að kanna það. Er meira fylgi fyrir því hér í hv. Alþ. að taka Eimskipafélagið og leggja það undir ríkissjóðinn, láta það taka við öllum störfunum og þá að gefa ríkisvaldinu, þ. e. ríkissjóði, einkarétt til þess að flytja allar vörur frá og til landsins, — er meira fylgi fyrir því en fyrir minni tillögu? Og ef það er minna fylgi fyrir því, þá eiga þeir menn, sem vilja þó koma þessu á eina hönd, að fylgja minni till., ef þeir vilja vera sjálfum sér samkvæmir. Það er alveg sýnilegt. Þess vegna vænti ég þess, að þegar Alþfl. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að fyrir því er nú ekki þingfylgi, nema þá kannske hjá Alþfl. og þó ekki víst

einu sinni að það sé hjá honum óskiptum, þá fylgi hann því, að málinu verði veitt í það horf, sem ég hef lagt til í minni till. á þskj. 94.

*Skúli Guðmundsson:* Ég held ég sjái nú ekki ástæðu til að taka neitt aftur um það, sem ég sagði um hornið í síðunni, líklega hefði ég nú átt að byrja á því að færa hv. þm. Barð. þakklæti fyrir að veita mér tilsögn í háttvísi og þinglegheitum. — Hann segir, að það þurfi enginn að halda, að það muni milljónum í kostnaði, þó að sérstök útgerðarstjórn sé sett yfir nokkurn hluta ríkisskipanna, þ. e. a. s. varðskipin. Við erum nú miklir menn orðnir hér, en stundum hefur nú verið talað hér um minna en milljónir, það væru athugandi einhverjir liðir, er næmu ekki milljónum. Hann segir, að þetta muni ekki nema nema sáralitlum upphæðum, sá aukakostnaður, sem af þessu hlýzt. Ég var ekki með neina spádóma um það, hvað það yrði. Það leiða ríkisreikningarnir í ljós á sínum tíma.

Hv. þm. var að tala um gróða Eimskipafélagsins og sagði, að S. Í. S. mundi þá eins græða á flutningunum, ef það tæki jafnhá flutningsgjöld, sem hann sagðist gera ráð fyrir. Ég hef nú ekki neinn samanburð hér á flutningsgjöldum hjá þessum tveim fyrirtækjum, þó að mér sé hins vegar kunnugt, að í einstökum tilfellum hefur skipaútgerð Sambandsins lækkað farmgjöld, en ég hef bent á það áður, að það fyrirtæki borgar mikla skatta, og það fer þannig í ríkissjóðinn nokkuð af því, sem það hagnast á þessum flutningum; hins vegar ekki hjá Eimskipafélaginu. Ég vil enn benda á það, að samkv. þeim reglum, sem gilda um samvinnufélög, þá skilar Sambandið aftur til samvinnufélaganna, sem í því eru, og þau aftur til sinna félagsmanna, þegar um hagnað á viðskiptum er að ræða.

Þá segir hv. þm. Barð., að ef hnigið yrði að því ráði að láta Eimskipafélag Íslands taka að sér strandferðirnar, þá yrði tekinn kúfur af gróða þess. En mér hefur skilizt á till. hans nú og frv. frá í fyrra, að hann vildi afhenda Eimskipafélaginu miklar eignir og jafnvel borga því árlegan styrk til þess að halda uppi strandferðunum, svo að það þyrfti ekki að taka kúfinn af gróða sínum til þess að rísa undir halla af þeim flutningum.

Hann sagði, að ég hefði verið með rangan samanburð um útkomuna hjá Skipaútgerðinni árið sem leið, en þetta var misskilningur hjá hv. þm. Ég nefndi ekki í minni ræðu áðan fjárlagaáætlunina, hver hún hefði verið, hvað gjöldin hefðu farið mikið fram úr áætlun. Ég aðeins nefndi þær tölur, sem eru á ríkisreikningnum, og benti á, að túlkun hans á málinu gæti valdið misskilningi, þar sem hann talaði um 10 millj. án þess að skýra frá því í sinni ræðu og í grg. með till., að töluverður hluti af þessu er flóabátastyrkirnir.

Hann segir, að ég hafi verið með aðfinnslur út af flutningi málsins. Það var ekki, síður en svo. Ég var ekkert að finna að því, þó að flm. flytji þetta nú í þáltill.-formi, en í frumvarpsformi í fyrra.

Hann heldur því enn fram, að það sé engum vandkvæðum bundið að semja um slík mál fyrir fram fyrir 25 ár. Ég vil nú aðeins benda á það, að fyrir 25 árum t. d. var það að heita mátti óþekkt fyrirbæri í okkar þjóðfélagi, að menn ferðuðust milli Norður- og Suðurlands í bifreiðum. Það munu hafa farið fáeinar fólksbifreiðar yfir Holtavörðuheiði sumarið 1928 með nokkra farþega. Engum kom til hugar á því ári að reyna að flytja vörur yfir þann fjallveg eða yfirleitt landveg milli þessara landsfjórðunga. Við vitum, hver geysibreyting er á þessu orðin síðan, bæði að því er snertir flutning á fólki og vörum. Við vitum það líka, hvað miklar framfarir hafa orðið að því er flugsamgöngur snertir hér á landi á tiltölulega fáum árum. Og ég viðurkenni, að ég tel mig ekki það mikinn spámann, að ég treysti mér til að segja fyrir um það, hvernig okkar flutningamálum verði haganlegast fyrir komið eða verði aðallega fyrir komið eftir 20—25 ár. En víst gætu menn látið sér koma í hug, að á þeim yrðu allmiklar breytingar á því tímabili frá því, sem nú er.

Svo var hv. þm. Barð. að minnast á till., sem komið hefði fram um sérleyfi til strandferða í mþn., sem fjallaði um þau mál fyrir nokkrum árum. Og hann sagði og hafði um það mjög sterk orð, að margir menn í landinu mundu rísa upp til mótmæla, ef ætti að veita einum aðila einkaleyfi til að flytja vörur á vissar hafnir. Mér skildist, að hann væri þá að tala um einhvern orðróm, sem hefði komið um að láta Skipaútgerð ríkisins hafa slíkt einkaleyfi. En hvað er það, sem hv. þm. er hér að flytja á þinginu nú og í fyrra? Hann er að fara fram á það, að það verði veitt einkaleyfi til strandferða. Í fyrra átti það að vera einn aðili. Nú talar hann um tvo og þeir eigi að skipta landinu á milli sín. Sem sagt, það er einkaleyfi. Hann segir þó í sömu ræðunni sem hann er að mæla með þessu fyrirkomulagi, að margir menn muni rísa upp til að mótmæla, ef einum aðila verði veitt slíkt einkaleyfi. Ja, ég veit ekki, hvort hann kallar það skort á háttvísi eða þinglegheitum, en ég bara get ekki skilið málflutninginn.

*Flm. (Gísli Jónsson):* Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. lengur. Ég vil aðeins taka það fram út af því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði síðast, að hann hefur alveg misskilið till. Hér er ekki að tala um neitt einkaleyfi, hér er að tala um að fá samninga við Eimskipafélagið og samvinnufélögin um að taka að sér þessa flutninga. Það er ekki neitt um það sagt, hvort aðrir menn megi ekki flytja hér vörur á ströndina, svo að þetta er hreinn misskilningur hjá hv. þm. Hins vegar er það sýnilegt, að þeir aðilar, sem hafa flutninga til landsins, hafa, eins og margtekið hefur verið fram, langstærstu möguleikana til þess að gera þessa þjónustu það góða og það ódýra, að öðrum dytti ekki í hug að reyna að hafa af því lífsuppeldi að keppa við þá eins og þeir gera í dag, því að eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, þá er það hópur manna, sem í dag lifir

hreint og beint á því í skjóli okursfarmgjalda, sem nú eru í landinu fyrir flutning á ströndina, og hefur af því góðar tekjur að sigla á ströndina ár eftir ár, eins og hv. þm. er ljóst. Þetta mundi alveg hverfa, ef þjónustan væri veitt með lægri flutningsgjöldum, sem ég tel að sé hægt að veita hana, og á betri hátt en nú er gert, þegar búið væri að sameina það við þá aðila, sem flytja vöruna til landsins.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Í raun og veru var að ófyrirsynju blandað inn í þetta mál rekstri strandgæzluskipa ríkisins og því haldið fram, að sú ráðstöfun, sem gerð var, að láta þá gæzlu koma undir sérstaka stjórn, hefði bent á sérstakan hug sjálfstæðismanna til þess að auka útgjöld úr ríkissjóði. Eins og hv. þm. Barð. (GíslJ) hefur tekið fram, þá eru strandferðir og strandgæzla svo gersamlega ólíkar í eðli, að engin von var til þess, að það gæti tekizt vel að láta þetta vera undir einni og sömu stjórn, enda hygg ég, að flestir verði að játa, að hverju sem fram mátti halda, meðan Pálmi heitinn Loftsson hafði yfirstjórnina með höndum, þá geti engum manni komið til hugar, að það hefði verið verjandi að fela núverandi forstöðumanni strandferðaskipanna löggæzluna við strendur landsins í hendur. Og sannleikurinn er einnig sá, að það að sjá strandferðunum borgið er vitanlega svo erfitt verk, að ekki veitir af, að þeir, sem það taka að sér, geti sinnt því einu og gefið sig að því. Sá gífurlegi halli, sem hér er talað um og er nú einhvers staðar nærri 10 milljónum króna, er öruggt vitni þess, að ekki veitir af því, að forustumenn þess fyrirtækis eigi þess kost að sinna því, en þurfi ekki að hafa svo gerólíkt verkefni með höndum eins og yfirstjórn löggæzlunnar á hafinu. Og þegar ég sagði, að ég hefði engan mann heyrt halda því fram, að núverandi forstöðumaður strandferðaskipanna væri hæfur til þess að hafa yfirstjórn strandgæzlunnar, þá segi ég ekkert til gagnrýni því, að hann var skipaður forstjóri í því starfi, sem hann nú gegnir. Ég hvorki mæli því bót né áfellist það. Hitt fullyrði ég, að það hefði verið fráleitt að setja hann yfir hitt starfið. Ég hygg líka, að það sé hægt að sýna fram á það með fullum rökum, að sú ráðstöfun að setja sérstaka yfirstjórn þessara mála hafi ekki orðið til aukins kostnaðar, hafi ekki orðið til þess, að verr hafi gengið fjárhagslega í þessum efnum en áður. Nú er það að vísu svo, að strandgæzlan hefur mjög aukist síðustu ár, Þór hefur komið inn í nýr, og eins hefur verið tekin upp meiri gæzla úr flugvélum en áður. Auk þess er á það að líta, að það hefur orðið mikill kostnaður vegna þess, að vélar Þórs eru ekki í því ástandi, sem æskilegt væri, svo að vægilega sé til orða tekið, og er það mál út af fyrir sig. Það er einnig vitanlegt, að skipin hafa þarfnazt mjög gagngerðra breytinga og viðhalds á þessu tímabili, en engu að síður eru þær tölur eftirtektarverðar, sem ég hef með höndum og hygg að séu réttar, að þar sem á árinu 1951, sem mun vera síðasta árið, sem þetta var undir sameiginlegri stjórn, fór reksturinn við gæzluna rúmum 1700 þús. kr. fram úr áætlun, — og það er töluverð upphæð þó, nær 2 millj. kr., — þá munar eftir því yfirliti, sem nú liggur fyrir fyrir árið 1952, ekki nema 30 þús. kr. hvað farið er fram úr áætlun. Þetta er samkvæmt þeim tölum, sem mér eru gefnar upp, og það kynni að benda til þess, að ekki hafi veitt af því, að sérstök yfirstjórn væri sett á þessi mál, og væri óskandi, að jafnvel tækist varðandi strandferðirnar, að það tækist að halda settum áætlunum eins og hér hefur tekizt.

*Skúli Guðmundsson:* Hæstv. ráðh. er með samanburð um, hvað mikið hafi farið fram úr áætlun fjárlaga, mér skilst landhelgisgæzlukostnaðurinn. Ég teldi það nú meira upplýsandi fyrir þingheim að fá að vita, hvað kostnaðurinn raunverulega hefur orðið fyrr og nú, því að áætlanir þingsins eru oft mismunandi. En hæstv. dómsmrh. lét þau orð falla í sinni ræðu, að það hafi verið fráleitt, — ég held, að hann hafi sagt, að enginn hafi talið fært eða mundi hafa talið fært að fela núverandi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins að annast um stjórn varðskipanna. Hæstv. ráðh. færði engin rök fyrir þessu, enda eru þau ekki til, því að það hefur engin reynsla fengizt um hæfni forstjórans, sem hann nefndi, í því efni. Dómur hæstv. ráðh. um þennan opinbera starfsmann er því órökstuddur með öllu, hann er sleggjudómur.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. (SkG) er auðsjáanlega í nöp við, að hér séu gefnar upplýsingar um hið sanna eðli þessa máls, og var þess vegna illa við þær tölur, sem ég nefndi. Get ég ekki að því gert.

Varðandi það, hvort ég hefði fellt sleggjudóm yfir núverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar, þó tók ég það einmitt skýrlega fram, að ég dæmi ekkert um það, hvort hann sé hæfur til þess að veita því fyrirtæki forstöðu, sem hann er settur fyrir. Hitt þori ég að fullyrða, að hann skortir alla hæfileika til þess að vera yfirmaður löggæzlu á hafinu umhverfis Ísland, en það var forstjóri Skipaútgerðarinnar. Mig sannast sagt undrar, að hv. þm. V-Húnv. skuli ætla þingheim svo blindan, að nokkur maður trúi því, að þessi maður væri hæfur til þess, enda er hægast að bera saman, að þegar að því var fundið, að stjórn löggæzlunnar við hafið var fengin sérstökum manni, þá er gott fyrir hv. þm. V-Húnv. að líta í sína bibliu, Tímann, og sjá, hvað þar var fundið til varnar því að hafa þetta hjá Skipaútgerð ríkisins. Það voru þeir persónulegu kostir og reynsla, sjómennskuæfing og annað slíkt, sem Pálmi Loftsson hafði fengið, og óneitanlega mjög langur lærdómur af því að hafa raunverulega farið með þessi mál. Ekkert af þessu hefur núverandi forstjóri Skipaútgerðarinnar. Hann getur verið ágætur í sínu starfi þrátt fyrir það, og við skulum vona, að hann sé framúrskarandi hæfur fjár-

málamaður, enda veitir auðsjáanlega ekki af því, ef á að lækka 10 millj. kr. halla Skipaútgerðarinnar, að hann sé það.

*Gísli Guðmundsson:* Herra forseti. Ég verð nú að segja það út af ræðu, sem hæstv. dómsmrh. flutti hér áðan, að mér þykir það dálítið einkennilegt, að hæstv. ráðh. skuli sjá ástæðu til þess að vera að lýsa yfir hér á Alþ. áliti sínu á hæfileikum eða hæfileikaskorti opinbers starfsmanns til þess að gegna starfi, sem honum hefur ekki verið falið að gegna. Um það skal ég svo ekki hafa fleiri orð, en ég vil taka undir það, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um það efni, og á þá leið, að mér kemur það dálítið á óvart, að hæstv. ráðh. skuli vera að láta slík ummæli falla hér.

En út af þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, þá vildi ég segja aðeins örfá orð, áður en þetta mál fer til n., sem væntanlega verður. Það er nú svo, að ég held, að menn hafi almennt litið svo á, að strandferðirnar hér í kringum landið ættu ekki endilega að vera reknar með það fyrir augum, að þær bæru sig. Hér hefur verið um að ræða opinbera þjónustu, sem innt hefur verið af hendi einkum í þágu atvinnuveganna og þess fólks, sem í strjálbýlinu býr, og ef nú ætti að fara að taka upp nýtt sjónarmið í þessu efni, þannig að endilega ætti að ganga út frá því, að strandferðirnar bæru sig reikningslega, þá er ég hræddur um, að ýmsum þætti nokkuð þungt undir því að búa. Það er líka svo, að það er ekkert einsdæmi í samgöngumálum, að hið opinbera hafi af þeim nokkurn kostnað, og er hendi næst að minna á þau miklu fjárframlög, sem ríkissjóður og fleiri aðilar opinberir inna af hendi árlega vegna samgangna á landi. Nú er það einnig svo, að síðan samgöngur í lofti hófust hér vegna innanlandsnotkunar hefur ríkissjóður einnig lagt nokkuð af mörkum til þeirrar greinar samgangnanna. Það er þess vegna ekkert sérstakt, þó að ríkissjóður þurfi að leggja af hendi nokkurt fé árlega, og jafnvel þó að það sé talsvert mikið, vegna strandferða. Það er sambærilegt við það, sem gerist í öðrum greinum samgöngumálanna innanlands. Ég held líka, eða mig minnir það, að það hafi stundum verið uppi raddir hér á Alþ. og í ríkisstj. um, að gera ætti ráðstafanir til þess að draga úr þeim rekstrarhalla, sem er á strandferðunum, og hefur þetta verið hugsað á þá leið, að hækkuð yrðu fargjöld og farmgjöld með skipunum og hækkuð gjöld fyrir útskipun og uppskipun á höfnum. En ef ég man rétt, þá hafa slíkar ráðstafanir að jafnaði strandað á því, að þm. hefur ekki þótt fært að hækka til verulegra muna þessi gjöld, sem almenningur í byggðum landsins innir af hendi fyrir strandferðaþjónustuna. Þessi orð, sem ég mæli hér, eru sögð vegna þess, að ég vildi, að það kæmi fram hér af minni hálfu, áður en n. tekur málið til meðferðar, að ég tel mjög vafasamt að breyta þannig viðhorfinu til þessara mála að fara að ganga út frá því, að þess sé krafizt, að strandferðaþjónustan beri sig reikningslega. Það er þetta, sem ég vil segja við þá n., sem væntanlega fær málið til meðferðar.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Ég get ekki annað en látið uppi undrun yfir því, að svo glöggur maður eins og hv. þm. N-Þ. skuli finna hér að ummælum mínum á þann veg, sem hann gerði.

Það er auðvitað ekki hægt að halda því fram, eins og hv. þm. V-Húnv. (SkG) gerði, að það hafi verið aðfinnsluvert að aðskilja Skipaútgerð ríkisins og löggæzluna á sjónum, nema því aðeins að sá maður, sem á hverjum tíma veitir strandferðunum forstöðu, hafi hæfileika til þess að fara með löggæzluna. Ef hann hefur það ekki, þá er ekki hægt að telja, að það sé aðfinnsluvert að aðskilja þetta. Í ummælum hv. þm. fólst því ábending, sem gaf til kynna, að það var fyllilega réttmætt, sem ég sagði. Að öðru leyti hallaði ég ekkert á þann mann, sem hér um ræðir, frekar en ég mundi halla á hv. þm. V-Húnv., þó að ég segði um hann, að ég hafi ekki heyrt, að nokkur lifandi maður leitaði til hans sem skurðlæknis (Gripið fram í.) eða vildi gera hann að biskupi, já. Hann er ágætur maður í sínu héraði, hefur verið prýðilegur kaupfélagsstjóri, er vel frambærilegur þingmaður, en það þætti eitthvað skrýtinn maður, sem vildi fara að láta hann skera upp á sér vömbina.

*Halldór Ásgrímsson:* Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við þau ummæli dómsmrh., þar sem hann var að gera samanburð annars vegar á því, sem rekstur landhelgisgæzlunnar hefði farið fram úr áætlun 1951, og hvernig útkoman hefði orðið aftur 1952. Mér skildist, að með því að segja, að landhelgisgæzlan 1951 hefði farið á aðra milljón fram úr fjárlagaáætlun, en 1952 hefði fjárlagaáætlunin staðizt svo að segja, þar væri hann með sönnun þess, hve mikil nauðsyn hefði verið á að breyta um forstöðu, og af þessum tölum ætti maður að draga nægilega skýrar ályktanir í því efni. En hæstv. ráðh. virtist gleyma því, að 1951 hygg ég að fjárveitingin hafi verið 6 millj., en 1952 hafi hún verið 9.7 millj. og hafi því þá verið auðveldara en 1951 að búa búinu svo, að ekki yrði rekstrarhalli fram yfir áætlun. Ég ætla því, að þarna komi ekki eins hagstæður mannjöfnuður fram og hæstv. ráðh. virtist vilja sýna með þessum samanburði.

Hæstv. ráðh. telur, að nú hafi rekið valið tré á sínar fjörur í sambandi við þá breytingu, sem hann framkvæmdi, að taka landhelgisgæzluna undan Skipaútgerðinni, því að nú væri forstjóri Skipaútgerðarinnar ólærður maður í þeim fræðum, sem þyrfti til þeirra hluta. Það má vera, að hæstv. dómsmrh. hafi verið svona framsýnn, að hann vissi það fyrir, að eftir ár eða svo væri von á því, að breyting þyrfti að verða á forstöðu Skipaútgerðarinnar og þar væri ekki von á nema svona rétt meðalleikmanni að dómi hæstv. ráðh., sem mundi þar að auki ef til vill ekki verða annað en framsóknarmaður, og væri slíkt ekki til bóta. En fyrir sjónum venjulegra manna lá þetta ekki fyrir, þegar breytingin var gerð, og þess vegna hlýtur önnur ástæða að hafa komið til greina hjá hæstv. dómsmrh.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Ég vil nú ekki vera að karpa um þetta, en valið á núverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar sýnir einungis það, sem ég hef alltaf haldið fram, að það þarf allt aðra hæfileika til þess að veita þeirri starfsemi forstöðu en hinni. Þetta eru gerólík mál, sem krefjast ólíkra hæfileika, eins og það krefst ólíkra hæfileika að vera hinn ágæti forustumaður í kaupfélagsmálum í Vestur-Húnavatnssýslu eða vera skurðlæknir eða biskup. Það geta allt verið ágætir menn, en þetta krefst allt ólíkra hæfileika, og skipunin, sem ég er ekki að gagnrýna út af fyrir sig, — ég læt hana alveg eiga sig, — á núverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar, sýnir einmitt það, að veitingavaldið í þessu tilfelli hefur litið þannig á.

Varðandi það, að hægara sé að láta háa fjárveitingu standast en lága, þá vil ég spyrja minn ágæta vin, þm. N-M.: Hefur þetta farið þannig með áætlunarupphæðirnar til strandferðanna? Hefur áætlunin þar staðizt þeim mun betur sem áætlunarupphæðin hefur orðið hærri, eða hefur kannske hallinn orðið þeim mun meiri sem áætlunin var hærri í þinginu?

Umr. frestað.

Á 15., 17. og 19. fundi í Sþ., 11., 18. og 25. nóv., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 2. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Það er langt síðan þetta mál var hér til umr., svo að það liggur við, að maður sé búinn að missa þráðinn, en þó misminnir mann það ekki, að hér er til umr. till. um það að gefa tveimur fyrirtækjum eignir Skipaútgerðar ríkisins, þ. e. a. s. skipastól, sem líklegast er upp á 60—80 millj. kr. verðmæti. En það, sem fyrst kemur í hug manns undir umr. um slíka till. sem þessa, er auðvitað það, hvaða nauðsyn muni hafa rekið flutningsmenn til að leggja þetta mál fram og beita sér þannig fyrir því, að niður sé brotin í einu vetfangi þróun þýðingarmikils máls, sem hefur verið byggð upp í heilan mannsaldur. Ég býst við, að svar flm. sé það, að þeim þyki nauðsynin fyrir till. sinni liggja í því, að halli á Skipaútgerð ríkisins fari vaxandi. Hv. 1. flm. mun hafa haldið því fram, að hallinn á Skipaútgerð ríkisins s. l. ár hafi verið um 10 millj. kr. Nú hefur sú tala verið vefengd, og í blaðaskrifum, sem orðið hafa um málið, hefur hv. 1. flm., að mér skilst, sansazt á og viðurkennt, að hann telji hallann raunar kannske ekki meiri en svona 8.5 millj. kr., og mun það láta nærri, að bókfærður halli fyrirtækisins sé það, og hafi þannig skeikað um hálfa aðra milljón, þegar 10 millj. kr. upphæðin var nefnd fyrst. En sú aths. hefur þó verið gerð við þessa tölu, að halli ríkisskipa sé um 8½ milljón, að á síðasta árs reikningum hafi Skipaútgerðin kostað 5.4 millj. kr. til viðgerða á skipunum. Nú er auðvitað nokkur hluti af þessum viðgerðarkostnaði eðlilega tilheyrandi þessu rekstrarári, en þó mun nokkuð á þriðju millj. kr. af þessum viðgerðarkostnaði vera vegna klössunar á tveimur dýrustu skipum útgerðarinnar, nefnilega Esju og Heklu, 2.6 millj. kr. Það er vitanlega upphæð, sem ætti að dreifast á fleiri ár, og er þess vegna ekki með fullum rétti a. m. k. hægt að telja þetta til halla ársins 1952.

Þá er líka vakin athygli á því, að ýmis ný útgjöld hafi nú bætzt í rekstur Skipaútgerðarinnar og sé rétt að taka nokkurt tillit til þeirra, ef mönnum t. d. dytti í hug að gera samanburð á, hvort rekstrarkostnaður Skipaútgerðar ríkisins hefði nú vaxið meira en t. d. rekstrarkostnaður ríkissjóðs sjálfs, og það væri nokkur ástæða til, að menn kipptust við, ef rekstrarkostnaður Skipaútgerðarinnar hefði vaxið miklu örar en útgjöld ríkissjóðs. En í töflu, sem ég hef fengið í hendur yfir kostnað Skipaútgerðar ríkisins borinn saman við útgjöld ríkissjóðs allt frá 1930, þá virðist mér, að hundraðshlutinn fari ekki svo mjög hækkandi. Til dæmis á árinu 1931 eru rekstrarútgjöld Skipaútgerðar ríkisins 3.05% af ríkisútgjöldunum, 1948 var þetta hlutfall 1.38%, 1949 0.71%, 1950 0.9%, 1951 1.5% og 1952 2.34%. 1931 voru rekstrarútgjöld Skipaútgerðar ríkisins 3.05%, og árið 1952, sem mönnum hefur blöskrað mest, eru þessi útgjöld 2.34% af útgjöldum ríkissjóðs. Er þó enginn vafi á því, að þjónustan, sem látin hefur verið í té, hefur margfaldazt, og skipastóllinn er, eins og menn vita, nú margfaldur á við það, sem hann var 1930. Þar við bætist svo, að ýmis ný gjöld hafa fallið á Skipaútgerðina, sem ekki heyrðu til rekstrarkostnaði hennar um 1930, eins og t. d. söluskatturinn, sem nemur nokkrum hundruðum þús. kr. í rekstrarútgjöldum Skipaútgerðarinnar. Annað gjald hef ég gaman af að nefna hér, sem nú er að finna meðal útgjalda Skipaútgerðarinnar, en það er skattur til Vinnuveitendasambands Íslands. Skipaútgerð ríkisins hefur verið látin ganga í þann félagsskap og borga skatt til þeirra samtaka. Svo er aftur komið fram á aðalfundi Vinnuveitendasambands Íslands og lagt þar til, að sjóði þeim, sem myndazt hefur af skattgjaldinu frá atvinnufyrirtækjum í landinu, verði varið til þess að kaupa samkomusal fyrir félagsskapinn, og lagt til, að sjóðurinn sé tekinn, sem m. a. er byggður upp af svona upphæðum eins og frá Skipaútgerðinni, og keypt ein hæð í Morgunblaðshöllinni. Svona eru nú ýmsar upphæðir til komnar, og er fróðlegt fyrir þingheim að vita, að þarna er nokkur upphæð, sem telst með í halla Skipaútgerðar ríkisins, ætluð sem steinn í það mikla musteri, sem Morgunblaðið er að byggja. Er vonandi, að sú upphæð, sem til þessa var ætluð, sé ekki hneykslunarhella hv. flutningsmanna till.

Mín skoðun er reyndar sú, að fyrirtæki eins og Skipaútgerð ríkisins hefði vel getað látið það vera að takast slík útgjöld á hendur, og hefði þá hallinn verið strax þeim mun minni. En nóg um það. Það virðist vera nokkurn veginn tölulega sannað, að raunverulegur rekstrarhalli Skipaútgerðar ríkisins hafi ekki verið 10 millj. s. l. ár og ekki heldur 8.5 millj., heldur innan við 6 milljónir. Og á fjárlfrv. ársins

1954 eru Skipaútgerðinni ætluð framlög úr ríkissjóði til rekstrarins eitthvað yfir 6 millj. kr., ef ég man rétt.

Það verður sjálfsagt ekki um það deilt, að Skipaútgerð ríkisins hefur innt af hendi og innir af hendi mjög gagnlega þjónustu fyrir þjóðina. Menn muna áreiðanlega, hvernig hér var ástatt fyrir ekki meira en svona mannsaldri, þegar Danir héldu hér aðallega uppi siglingum með ströndum landsins. Það var þjóðarsmán það ástand, sem þá ríkti. Eitt af skáldunum, Einar Benediktsson, hefur ort um þetta stórbrotið kvæði, um það, hvernig honum blöskraði að sjá landa sína innan um skranið í lestum dönsku skipanna, og hann vildi, að sá smánarblettur væri afnuminn. Ég minnist líka, að ein af snjöllustu ritgerðum Jónasar Jónssonar frá Hriflu var einmitt um þennan sama smánarblett, átakanleg grein um það, hvernig farið var með Íslendinga í lestum strandferðaskipanna fyrir svona 40—50 árum, um og eftir aldamót og meira að segja langt eftir aldamót, og nýlega hefur sá maður minnt á, að hann hafi einu sinni með skipinu Hólar verið samskipa 300 sunnlenzkum sjómönnum, sem voru þar innan um skranið í lestinni, og hann segir, að hann gleymi aldrei þeirri neyð og þeirri smán, sem þetta umkomulitla fólk hafði orðið að líða á þessari ferð meðfram ströndum Íslands.

Og svo vöknuðu Íslendingar sem betur fer til vitundar um það, að þarna hefðu þeir verk að vinna, og það voru lögð drög að þessu fyrirtæki, sem hér er verið að deila um, að Skipaútgerð ríkisins. Það var keypt skip, lítið og gott skip. Þegar það fór að verða úrelt, var það selt úr landi, og menn urðu sammála um að byggja annað skip stærra og betra, og það voru allir sammála um, að þetta væri góð umbót, þetta væri þáttur í baráttu þjóðarinnar til sjálfstæðis. Og mennirnir halda áfram. Menn sáu, að það að hafa eitt strandferðaskip, Heklu hina nýju, var ekki nóg. Við Vestfirðingar minnumst þess vel, að það var svo langt á milli Esjuferða, að fólk, sem þurfti að fara af Vestfjörðunum til Suðurlandsins í atvinnuleit á ákveðnum tímum, sérstaklega að vetrinum, varð að sæta hverri ferð, sem féll, hverri fáanlegri ferð, fara út í hvaða kopp sem var, og úr einu og sama þorpi þurftu stundum að fara tugir manna, stundum beztu manna byggðarlagsins. Og í einni slíkri ferð var það, sem þjóðinni er minnisstætt, að 40 manns úr einu sjávarþorpi vestanlands fóru í ófullnægjandi farkosti af stað úr sínu byggðarlagi áleiðis til Reykjavíkur, og fórust þar 40 manns. Þorpið var flakandi í sárum á eftir. Og af hverju stafaði þetta? Það stafaði af því, að þá var ekki búið að koma þessum málum í neitt sómasamlegt horf. Það vantaði skipakost til þess að annast vöru- og fólksflutninga meðfram ströndum landsins. Og mér er tjáð, og ég hef það fyrir satt, hygg, að það sé sannleikur, að það hafi einmitt verið eftir þetta stórslys á Vestfjörðum, að því var hreyft hér á Alþ., að n. yrði skipuð til þess að gera tillögur um að bæta um framkvæmd og fyrirkomulag þessara mála, strandsiglingarnar. Og þá mun hafa verið samþ. þáltill. á Alþ. um nefndarskipun og nefnd kosin og í hana kosnir Pálmi Loftsson, Jón Axel Pétursson og Gísli Jónsson, hv. 1. flm. þessarar till. Og þessi n. mun hafa unnið gott verk, komizt að þeirri niðurstöðu að lokum, að það væri ráð að byggja annað skip á stærð við Esju, þ. e. a. s. Heklu, og byggja tvö smærri skip, Herðubreið og Skjaldbreið, til þess að annast fólks- og vöruflutninga fyrir hinar smærri hafnir landsins. Hygg ég, að nefnd hafi sjaldan komizt að viturlegri niðurstöðu en einmitt þessi hv. nefnd. En það er kaldhæðni örlaganna, að einmitt einn af þessum hv. nm. er nú 1. flm. að till. hér á hv. Alþ., þar sem lagt er til, að þetta góða verk þessarar góðu n. skuli nú rifið í sundur og að engu gert, a. m. k. skipt upp á milli tveggja privatfyrirtækja í landinu.

Ég tel, að hitt lægi nær, ef mönnum blöskrar sá halli, sem er á þessari starfsemi, að gera till. um, hvernig megi eyða þeim halla eða draga úr honum, ef mönnum er það ekki ljóst, að þessi halli er bein afleiðing af því skipulagi, sem menn hafa kosið þessari starfsemi. Menn hafa kosið þessari starfsemi það form, að þarna sé fólkinu í fjarlægum byggðum meðfram ströndum landsins veitt aðstoð með ríkisfé, á sama hátt og það fólk fær aðstoð með ríkisfé, sem býr lengra inni í landi og nýtur þess fjármagns, sem varið er til vegagerða og brúagerða í landinu. Styrkur ríkissjóðs til Skipaútgerðar ríkisins er nákvæmlega sama eðlis, og hygg ég, að það sé flestum ljóst. Ef það er rétt, að halli Skipaútgerðar ríkisins sé innan við 6 millj. kr., þegar sannleika er ekki hallað, og litið á það, hvernig verðlagi er hagað að því er snertir farmgjöld hjá Skipaútgerð ríkisins, þá kemur það í ljós, að það er hyllzt til þess að taka ekki hærra verð fyrir flutning á þungavöru til Norðurlands og Austfjarða en t. d. byggðanna við Breiðafjörð. En ef það væri gert og verðlagning sett á þetta svipuð og einkafyrirtæki mundu gera, þá er áreiðanlegt, að það yrði strax hægt að draga stórkostlega úr þessum halla, kannske að gera reksturinn að gróðafyrirtæki, en það yrði bara á kostnað fólksins, sem nyti þessarar þjónustu. Það mætti t. d. strax gera ráðstöfun um að hætta að láta Breiðirnar koma við á smáhafnir, þangað sem fátt fólk er að flytja og litlar vörur og þannig lítið upp úr að hafa löngum krók. Það mætti setja hærri farmgjaldataxta á hafnir austanlands og norðan, ef Alþ. vildi það, ef þingflokkur Sjálfstfl. vildi það. Og það mætti hækka farmgjöld á hvers konar þungavöru, t. d. á byggingarvöru, ef menn vildu ekki draga úr kostnaði við byggingar í afskekktum byggðarlögum. Það mætti hækka farmgjöld fyrir fóðurvörur til bændanna og áburð til bændanna, og þetta eru allt saman stórar vörutegundir, þar sem um mikið magn er að ræða, og mundu gefa Skipaútgerð ríkisins stórkostlega auknar tekjur, ef töxtunum væri hagað á svipaðan hátt og einkafyrirtæki mundu gera og Eimskipafélagið er mjög líklegt til þess að haga þessu verðlagi eftir að það væri búið að taka við þessu, og S. Í. S. líka, ef það hugsaði sér að reka fyrirtækið sem fyr-

irtæki, sem verzlun. Þetta væri leiðin til þess að eyða halla Skipaútgerðar ríkisins, ef Alþ. vildi það. En Alþ. hefur viljað veita fólkinu hjálp, og þess vegna hefur töxtunum verið hagað þannig, að verðlagningin leiðir til halla. Og þegar það virðist vera gert með vitund og vilja þingsins, þá er furðulegt, að mjög þingreyndir menn skuli allt í einu falla í stafi yfir því, að afleiðingin af þessu fyrirkomulagi, að afleiðingin af þessari hjálp verði fjárframlög úr ríkissjóði.

Ég kemst ekki hjá að minnast á það, af því að það hefur verið dregið inn í þessar umr., að Skipaútgerð ríkisins annast olíuflutninga út um byggðir landsins og hefur til þess tankskipið Þyril. Annað fyrirtæki hefur líka tankskip og hefur haft um 20 ára bil, tankskip, sem er að vísu lítið eitt minna en Þyrill, en er ekki nema nokkurra ára gamalt, er nýlegt skip. Inn í þessar árásir á Skipaútgerð ríkisins hefur það blandazt af hendi 1. flm., að ég hygg, að Skipaútgerð ríkisins hefði óleyfilegan gróða af olíuflutningaskipinu Þyrli. Um það er hægt að deila, hvernig eigi að haga rekstri þess skips, hvort Skipaútgerð ríkisins eigi að haga farmgjöldum á olíum þannig, að tekjurnar af skipinu verði nákvæmlega til þess að standast útgjöldin og gefi engan afgang. Það væri ákaflega eðlileg þjónusta að því er snertir sjávarútveg og aðrar atvinnugreinar, sem olíurnar nota. En þessum farmgjöldum hefur nú verið hagað þannig, að olíuflutningaskipið Þyrill skilaði s. l. ár 586 þús. kr. rekstrarhagnaði. Ég hefði nú einmitt haldið, að þeir menn, sem fjargviðrast mest yfir töpunum hjá ríkisskip, fögnuðu aftur þessu, að það örlaði þó á einhverjum stað á gróða. Nei, en þetta er líka hneykslunarhella hjá þeim. Nú hefur sem sé Þyrill tekið á olíuflutningunum 586 þús., nærri 600 þús. kr. gróða s. l. ár, og þetta er óverjandi gróði, ef taxtar Þyrils eru hærri en keppinautsins, olíuflutningaskipsins Skeljungs hjá Shell. En a. m. k. er það jafnóverjandi hjá báðum, ef taxtarnir eru jafnháir hjá báðum, og jafnmikið rán af sjómönnum og öðrum, sem olíur nota, ef báðir ræna þarna arði. Hefur líka verið hneykslazt á því, að Ríkisskip græði á vöruafgreiðslunum, en vöruafgreiðslurnar munu taka sams konar gjöld og aðrar skipaafgreiðslur hér, og þá kemur sem sé rúml. 100 þús. kr. ágóði út á árinu 1952. Af einhverjum fleiri póstum hefur Ríkisskip gróða, svo að þarna er talað um óleyfilegan gróða hjá því um 900 þús. kr.

Nú hefur mér borizt í hendur samanburður á farmgjöldunum hjá olíuflutningaskipinu Þyrli og hjá olíuflutningaskipinu Skeljungi, eign h/f Shell á Íslandi, og sú skýrsla virðist upplýsa það, að flutningsgjöld hjá þessum skipum báðum séu þau sömu að því er snertir hafnirnar hérna í kringum Faxaflóa. Að flytja olíur úr Hvalfirðinum og til Akraness og Reykjavíkur kostar kr. 31.25 á tonnið hjá báðum skipunum. Þar hallast ekkert á. En þegar Þyrill á að flytja olíur til fjarlægari hafna, eins og t. d. til hafna á Vestfjörðum allt norður í Ísafjarðardjúp, þá tekur Þyrill kr. 63.30 fyrir að flytja tonnið af gasolíu, en Skeljungur tekur kr. 109.90. Með öðrum orðum: Skeljungur leyfir sér að taka stórkostlega miklu hærri farmgjöld af olíum á fjarlægari hafnir en Þyrill gerir. Þegar Þyrill flytur gasolíu til Norðurlandshafna og Austfjarða, tekur hann kr. 77.35 fyrir að flytja tonnið, en Skeljungur tekur kr. 109.90. Þegar um benzínflutninga er að ræða, þá er það þannig, að Þyrill tekur kr. 85.80 fyrir benzíntonnið til Vestfjarða, en Skeljungur kr. 135.46. Og séu skipin að flytja benzín til Austfjarða, þá tekur Þyrill kr. 105.45, en Skeljungur kr. 135.46. Og um steinolíuflutningana er það að segja, að Þyrill tekur á Vestfjarðahafnir kr. 74.55, en Skeljungur kr. 125.44. Sannleikurinn er sá, að Þyrill er þetta frá 42 allt upp í 73.6% lægri með sín farmgjöld en olíuflutningaskip einkaframtaksins, Skeljungur.

Þá hefur það verið reiknað út, að ef bæði skipin, Skeljungur og Þyrill, hefðu tekið sömu farmgjöld fyrir þær olíur, sem þau hafa flutt fram til septemberloka á árinu 1953, þá hefði Þyrill fengið 1 millj. 164 þús. kr. meiri tekjur fyrir sína olíuflutninga en hann hefur tekið. Hann hefur látið vera að hirða 1 millj. og 164 þús. kr., sem Skeljungur hefði látið sér þóknast að þiggja, ef hann hefði flutt sama olíumagn fyrir þjóðina.

Nú verð ég að segja það, að ef Þyrill hefur tekið ranglega nærri 600 þús. kr. af landsmönnum fyrir sína þjónustu á árinu 1952, þá eru allar líkur, sem benda til þess, að Skeljungur hafi tekið a. m. k. tvöfalda þá upphæð að óþörfu fyrir sína þjónustu, og ef það er illt og bölvað í fyrra tilfellinu, sem ég get vel fallizt á, þá er það ekki síður grábölvað í seinna tilfellinu.

Það er af þessum tölum upplýst, að Skipaútgerð ríkisins hefur þarna innt af hendi þjónustu, sem er tekið minna gjald fyrir en einkafyrirtæki hafa gert og gera á sama tíma. Þetta virðist gefa bendingu um, að það væri ekki ólíkleg tilgáta, að ef einkafyrirtæki væru farin að reka strandferðirnar yfirleitt, þá kynni það að leiða til þess, að taxtarnir yrðu hækkaðir í hinum fjarlægari landshlutum og rekið út frá því sjónarmiði, að þetta skyldi bera sig, jafnvel þótt viðkomandi fyrirtæki hefðu orðið þeirrar gæfu aðnjótandi frá ríkinu að fá skipastól upp á 60—80 millj. kr. sem gjöf frá því, þegar þau hefðu tekið þetta að sér og lofað öllu fögru um að reka þetta með sama hætti og hingað til hefur verið gert.

Það er mín skoðun, að það væri að öllu leyti óhyggilegt að hverfa frá þeirri þróun þessara mála, sem fylgt hefur verið á síðustu áratugum. Ég tel, að þarna hafi verið tekið mannlega á máli, bætt úr ófremdarástandi, sem íslenzk þjóð vildi ekki þola sem sjálfstæð þjóð, og að þarna sé látin af hendi gagnleg þjónusta, sem ekki megi fella niður og ekki rýra, og það sé að öllu leyti sanngjarnt, að ríkið leggi fram nokkurt fé úr sameiginlegum sjóði til að jafna aðstöðumun þess fólks, sem í fjarlægustu landshlutunum býr. Ég tel það algerlega bera vott um þröngsýni og afturhaldssemi að hnjóta fyrst og fremst um þau fjárútlát úr ríkissjóði í fjárl.

Það væri margt annað, sem væri miklu nær að reka löppina í.

En það er ein breyting, sem væri vafalaust æskileg í sambandi við vörudreifingu og fólksflutninga meðfram ströndum landsins, og það er, að Eimskipafélagi Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga væri báðum gert skylt að flytja helztu vörutegundir, sem fluttar eru á annað borð í heilum skipsförmum, á nokkrar aðalhafnir Íslands og gera þannig okkar stórhafnir að innflutningshöfnum, en hafa ekki Rvík sem einustu innflutningshöfn landsins, og ætla síðan litlu skipunum, Esju, Heklu, Herðubreið og Skjaldbreið, að fara á þessar innflutningshafnir og dreifa vörunni á nærliggjandi hafnir í stað þess að þurfa að sækja allar vörur til Rvíkur. Þetta væru skynsamlegri vinnubrögð, og þetta drægi úr kostnaði fyrir Ríkisskip og fyrir þjóðina alla í heild áreiðanlega. Ef breytingu ætti að gera á þessum málum, þá hygg ég, að það væri helzt og fyrst og fremst þessi breyting. En ég er alveg sannfærður um, að það hafi verið álit langsamlega meiri hluta þjóðarinnar og vafalaust líka mikils meiri hluta Alþingis að efla heldur og bæta þá þjónustu, sem Skipaútgerð ríkisins veitir, en draga ekki úr henni og stofna engu í hættu með það að fá þennan rekstur í hendur einkafyrirtækjum, sem varla væri von að gerðu það til lengdar með stórkostlegum hallarekstri. Það hefur verið á það bent, að Eimskipafélag Íslands annaðist fram að seinustu heimsstyrjöld nokkuð af strandsiglingunum, lét sín skip koma við á hafnirnar, en það hefur bara ekki tekið upp þann hátt eftir stríð. Það var engin von til þess, að það gerði það á stríðsárunum. En það hefur ekki tekið upp þennan hátt núna eftir stríð. Af hverju? Ætli það sé ekki vegna þess, að það langaði ekki til að taka á sig aukinn halla, sem af þeirri þjónustu mundi leiða, ef það innti þarna af hendi vöruflutninga fyrir sömu farmgjöld og Ríkisskip hefur ákveðið? Það er vafalaust, að Eimskip væri farið aftur inn á þessa braut, ef þetta væri gróðaleið, en ég gæti hugsað, — og það finnst mér ákaflega eðlilegt, — að Eimskip sé ekkert að slægjast eftir þessu, af því að þarna er ekki neitt feitan gölt að flá, og það heldur sér þess vegna frá því, lætur löngunina til þess að þjóna fólkinu úti um landsbyggðina sitja á hakanum og kýs heldur að verða fyrir minna tapi. Ég lái því það ekkert.

Mér finnst að öllum málavöxtum athuguðum vera einsætt mál, að þessi till. hv. þm. Barð. og hv. þm. Snæf. ætti ekki síður en málið, sem var verið að ræða hérna áðan — og miklu fremur en það — að sæta þeirri háðung að vera felld frá því að fá þinglega meðferð.

*Halldór Ásgrímsson:* Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umræðu, gerir ráð fyrir, að ríkið létti af sér í 25 ár rekstrarhalla vegna strandferða og rekstrarstyrk til flóaferða með því móti að láta af hendi tvö stærri og tvö smærri strandferðaskip, eins og það er orðað í grg. En af hvaða ástæðum geta hv. flm. ekki um fimmta skipið, þ. e. olíuflutningaskipið Þyril? Í tillgr. segir: „enda tækju þá félögin við öllum þeim skipastól, er Skipaútgerð ríkisins hefur yfir að ráða og ríkissjóður á.“ Hvað veldur því, að mótorskipið Þyrill er ekki nefndur í grg., þar sem talið er upp, hvaða skipakost ríkið á að láta af höndum? Þyrill er þó sannarlega þess virði, að hans sé að einhverju getið, þegar á að farga honum eða gefa hann. Hann er bæði allmikið skip, verðmætt og gott, og innir svo merkilegt hlutverk af hendi í sambandi við útgerð og margvíslegar aðrar athafnir víðs vegar í kringum land, að það er, eins og hv. 3. landsk. (HV) benti á, þess vert, að menn gefi gætur, hvað er verið að fara m. a. í þessu atriði tillagnanna. Og það er enn fremur, eins og hv. 3. landsk. benti á, ekki eingöngu um það að ræða að gefa verðmætt skip, heldur er verið að láta af höndum það skip, sem hefur innt af höndum mjög hagkvæmt og farsælt starf eða þjónustu í þágu dreifbýlisins, útgerðarinnar víðs vegar í kringum land. Og ef gerður er samanburður á rekstri mótorskipsins Þyrils annars vegar og olíuflutningaskipinu Skeljungi hins vegar, sem rekið er af því marglofaða einkaframtaki, þá fæst góð lexía fyrir hv. flm. til að íhuga, þar sem þar kemur í ljós mikill mismunur á kostnaði við dreifingu olíunnar út um land, því að eins og hv. 3. landsk. benti lauslega á, eru flutningsgjöld Skeljungs, ef sleppt er Faxaflóa, 30—74% hærri en Þyrils.

Í tillgr. tala hv. flm. um strand- og flóabátaferðir, en í grg. segir, að útgjöld ríkisins til strandferðanna hafi 1952 orðið rúmlega 10 millj. Hér er vísvitandi skýrt skakkt frá, því að útgjöldin urðu samkvæmt ríkisreikningi 8.6 millj. En hins vegar námu rekstrarstyrkir til flóabátanna í einstaklingsrekstri það ár nálægt 1½ millj. Strandferðir og flóabátastyrkir eru ætíð tveir aðgreindir liðir á fjárl., og það er blekking, þegar talað er um rekstur Skipaútgerðarinnar, að bæta þar við flóabátastyrkjunum. Það er vitanlegt, að ríkið hefur árlega orðið að leggja fram mikla fjárhæð vegna strandferða og einnig til flóabátaferðanna, og þessir útgjaldaliðir hafa eðlilega og óhjákvæmilega farið hækkandi með vaxandi dýrtíð og enn fremur vegna aukinna krafna frá dreifbýlinu um betri og tíðari ferðir á hverja einustu höfn kringum land. Og ég tel, að þegar gerð er tilraun til þess að draga úr þessari þjónustu við dreifbýlið, sem ekki eingöngu er eðlilegt að veita, heldur skylt, þá sæmi það a. m. k. illa þessum hv. þm., sem báðir eiga að vera fulltrúar dreifbýlisins, og því fremur sæmir þeim það illa, þar sem till. er auk þess mjög lævísleg tilraun til þess að draga úr strandferðaþjónustunni.

Hv. 3. landsk. gerði lítils háttar samanburð á því, hvað útgjöld strandferðanna hafi verið mikil byrði á einstökum árum miðað við ríkisútgjöldin í heild. Ég hef athugað það mál og tekið nokkuð. Á árabilinu frá 1930—39 voru útgjöld ríkissjóðs vegna strandferðanna að meðaltali öll árin nálægt 2.12% af ríkisútgjöldunum. Á öðru 10 ára bili, frá 1941—50, námu útgjöldin nálægt 1.85% og meðaltal áranna 1951—52 nálægt 1.93% af ríkisútgjöldunum. Á þessu

sést, að hinn tilfinnanlegi baggi, sem hv. flm. tala um að sé með strandferðunum lagður á ríkissjóð, er þó tiltölulega léttari nú miðað við ríkisútgjöldin en hann var á árunum fyrir 1940.

Með þessu vil ég þó ekki segja, að það væri ekki æskilegt, að þessi útgjöld gætu verið eitthvað lægri. Að jafnaði eru þau líka lægri en árið 1952, því að á því ári fór fram, eins og kunnugt er, flokkun á tveimur stærstu skipunum, en ég hef ekki trú á því, að um mikla útgjaldalækkun geti verið að ræða á þessum lið að staðaldri, nema dregið væri stórlega úr þjónustunni á þessu sviði við dreifbýlið og hún gerð því dýrari. Og því fjarstæðara er það að mínum dómi, að ekki þurfi annað en að afhenda öðrum aðilum strandferðaskipin, að í raun og veru þurfi ekki annað en að setja aðra forstöðu fyrir Skipaútgerð ríkisins til þess, að hægt sé að losa ríkissjóð við öll útgjöldin, bæði útgjöldin vegna rekstrar Skipaútgerðarinnar sem slíkrar og flóabátaferðanna. Þetta er svo mikil fjarstæða, að hún er alveg furðuleg.

Hitt er svo annað mál, að það væri æskilegt, ef hægt væri, að létta eitthvað þessar byrðar fyrir ríkissjóð, án þess þó að dregið væri nokkuð úr þeirri þjónustu, sem dreifbýlið nýtur nú á þessu sviði og þarf að njóta og það jafnvel í vaxandi mæli frá því, sem nú er. Það gæti í þessu sambandi komið til greina að íhuga, hvort hægt væri að finna einhvern fastan tekjustofn handa Skipaútgerðinni, sem ekki hefur enn þá verið nýttur í þágu ríkissjóðs, og má ætla, að þar sé ekki um auðugan garð að gresja, en mér dettur í hug, að byrjun að slíkri tekjuöflun fyrir strandferðirnar væri t. d. að afnema skattfríðindi Eimskipafélagsins, og rynni þá skattur þess til strandsiglinganna, sem vitað er að Eimskipafélagið er fyrir löngu búið að vanrækja.

Hv. flm. segja, að Eimskipafélagið og Sambandið auki sífellt skipastól sinn og sýnilegt sé, að þessi félög muni auka samkeppni við Skipaútgerðina um fólks- og vöruflutninga. Hvað viðkemur samkeppni um fólksflutningana, þá virðist hún hrein fjarstæða. Skip Sambandsins eru ekki byggð til fólksflutninga, og þau skip Eimskipafélagsins, sem eru til slíkra hluta hæf, sjást mjög sjaldan við strendur landsins, a. m. k. á þeim stöðum, sem mest hafa þörf fyrir þá fyrirgreiðslu, sem Ríkisskip annast nú. Það er rétt, að Sambandið eykur vöruflutninga út á land með auknum skipastól, en í því efni verður tæplega það sama sagt um Eimskipafélagið, a. m. k. hvað varðar smærri hafnirnar. Þar, sem ég þekki til, er það hreinn viðburður, ef Fossarnir koma á smærri hafnir, og hreinasta undantekning, ef þeir koma upp að bryggju. Og það getur hver hv. þm. sem aðrir gert sér grein fyrir því, hvaða álag það er fyrir þær hafnir, sem þurfa að skipa vörum úr eða í skip langt úti á skipalegum í staðinn fyrir við bryggjur. Þess vegna hef ég ekki trú á því, að samkeppni skipadeildar S. Í. S. og Eimskipafélagsins í sambandi við vöru- og fólksflutninga út á land standi Skipaútgerðinni svo mjög fyrir þrifum. En það er vitanlega þegar til staðar samkeppni frá öðrum aðilum, sem auðvitað skerðir allmikið tekjur Skipaútgerðarinnar. Ég á þar við fólksflutninga með bílum og flugvélum og vöruflutninga með stærri bátum á stuttleiðum og bílum á einstökum lengri leiðum, þar sem vegirnir eru beztir. Og þær vörur, sem fluttar eru með bílum, eru fyrst og fremst þær vörutegundir, sem hæst flutningsgjald er reiknað af og þar af leiðandi gróðavænlegast að flytja. Þessi samkeppni um flutninga á fólki og vörum hefur átt sér stað og mun halda áfram, en án þess að minnki hin almenna og raunverulega þörf dreifbýlisins fyrir strandferðir.

Hv. flm. víta í grg. mjög harðlega, að Hekla hefur verið látin fara undanfarin sumur nokkrar millilandaferðir með farþega. Þeir segja, að það hafi kostað þjóðina allmikinn erlendan gjaldeyri. Ég hef ekki haft tækifæri til að rannsaka það mál nægilega, en ég ætla, að þetta sé fjarstæða, eins og margt annað í grg. till. Það er öllum vitanlegt, að með þessum ferðum hafa ferðazt mjög margir útlendingar, a. m. k. fram til síðasta sumars, og hafa þeir auðvitað greitt í erlendum gjaldeyri. Hvað snertir svo gjaldeyriseyðslu innlendra manna með Heklu, þá tel ég, að ef um ásökunarefni er þar að ræða, sem ég tel ekki, þá eigi að stefna fyrst og fremst þeirri ásökun til annars skipafélags, þ. e. Eimskipafélagsins, og svo flugfélaganna. Það má nærri geta, hvort innlendir menn hafi ekki í raun og veru eytt miklu meiri erlendum gjaldeyri í ferðalög með þessum farartækjum en með þessum fáu ferðum, sem haldið hefur verið uppi með Heklu stuttan tíma á undanförnum sumrum.

Þá segja hv. flm., að þessar ferðir hafi borið sig mjög illa og þar með hafi verið lagður mikill skattur á þjóðina. Ég held, að þetta sé eins og annað hreinasti sleggjudómur, því að þótt svo sé, sem ég hef heyrt, að ferðir Heklu hafi borið sig illa s. l. sumar, þá er það vitað mál, að áður hafa þær borið sig mjög sómasamlega. T. d. var hreinn gróði af þeim 1952 eitthvað 100 þús. kr. Og ef það er nú rétt, að þessar ferðir hafi a. m. k. að jafnaði borið sig fjárhagslega, þá er auk þess óbeini gróðinn mjög mikill fyrir Skipaútgerðina af þeirri ástæðu, að á þeim tímum, sem ferðirnar eru farnar, er langminnst að gera fyrir bæði stærri skipin á ströndinni. Þá ferðast menn yfirleitt með bílum og flugvélum, þar sem slíku verður við komið, og þeir vöruflutningar, sem um er að ræða með bílum, fara þá mjög mikið fram. Það má því fullyrða, að tvö minni skipin ásamt Esju anni þá yfirleitt strandferðunum nokkurn veginn sómasamlega. Tekjur Skipaútgerðarinnar af farþega- og vöruflutningum yfir t. d. tvo beztu sumarmánuðina mundu því sama og ekkert verða meiri, þótt Hekla væri með í þeim siglingum. Ég tel því, að utanlandssiglingar Heklu hafi verið tilraun til að reka Skipaútgerðina með minni halla en ella og beri ekki að lasta slíkt.

Í tillgr. er gert ráð fyrir, að á þann veg verði samið við Eimskipafélagið og Sambandið, að félögin taki á sínar herðar í 25 ár kostnað við rekstur strand- og flóabátaferða og að þjónustan verði aldrei lakari en hún er nú og að auki skylt að uppfylla allar þær kröfur, sem

fram kunna að koma þessi 25 ár. Ekki er nú smátt skorið á pappírnum. Allar óskir, sem fram kunna að koma í næstu 25 ár og stefna að enn betri og hagkvæmari strand- og flóabátaferðum, eiga þessi skipafélög að uppfylla. Auðvitað eiga Eimskip og S. Í. S. ekki að hefja starfsemina með tvær hendur tómar, þar sem á að afhenda þeim fjögur strandferðaskipin og Þyril að auki. En hvað tæki svo við eftir 25 ár, ef þessi till. væri samþ., sem auðvitað kemur ekki til nokkurra mála, því að hún er svo óheyrilega fjarstæð, að ég vil taka undir það með hv. 3. landsk., að það beri ekki að vísa till. til nefndar, heldur fella hana strax.

Það er ekki auðvelt að spá, hvað taki við eftir þau 25 ár, sem Eimskip og S. Í. S. er ætlað að annast strandferðirnar. Eitt er þó alveg augljóst, að þá þarf ríkið að semja að nýju við eitthvert eða einhver skipafélög um strandferðir og flóabátaferðir, og þarf ekki að fara í grafgötur með, að þá stendur ríkissjóður höllum fæti í slíkum samningum. Þá eru engin skip til að selja af hendi og ekki heldur nein skip til þess að grípa til að starfrækja, ef að afarkostum einum væri að ganga í samningum við skipafélög.

Hvernig sem á er litið, virðist þessi þáltill. hreinasta vitleysa og aðeins borin fram til þess að finna eitthvert form fyrir árás á Skipaútgerðina og þá, sem við hana hafa starfað, og einnig árás á alla þá mörgu aðila, sem hafa haldið uppi flóabátaferðum fyrir eigin reikning, en hafa ekki getað annazt þær ferðir nema með verulegum styrk frá ríkinu.

Hv. flm. segja raunverulega, að vegna lélegrar forstöðu í þessum málum hafi ríkið verið látið kasta á glæ mörgum milljónum árlega. Þetta eru svo þungar ásakanir, að manni verður á að spyrja, hvernig hv. flm. geti réttlætt eða rökstutt slíka fjarstæðu. Og hvaðan kemur þessum herrum myndugleiki til þess að knésetja alla þessa menn, sem þeir eru að seilast til með rökleysum sínum?

Síðast þegar þetta mál var til umræðu, tók hæstv. dómsmrh. þátt í þeim, m. a. til þess að afsaka það, að hann tók forstöðu landhelgisgæzlunnar úr höndum fyrrverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar. Hæstv. ráðherra taldi, að það þyrfti allt aðra hæfileika til þess að stjórna landhelgisgæzlu en skipaútgerð. O jæja. Segja má, að skylt sé nú skeggið hökunni. Sá maður, sem er fær um að stjórna umsvifamikilli skipaútgerð, hefur a. m. k. til að bera hæfileika, sem útgerðarstjóra landhelgisgæzlunnar má ekki vanta. Ég vil ekki heldur skilja þau orð, sem hæstv. ráðh. lét falla í sambandi við þetta atriði, þannig, að hann hafi tekið forstöðu landhelgisgæzlunnar úr höndum fyrrverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar vegna þess, að ráðherrann teldi, að hann hefði vantað hæfileika til að stjórna málunum. Ég vil ekki draga í efa, að núverandi forstjóri landhelgisgæzlunnar sé fær í sínu starfi, en það vita allir, að fyrrverandi forstjóri var það einnig, svo að af bar, og að það var hann, sem manna mest byggði upp landhelgisgæzlu okkar og gerði hana að því, sem hún er nú í dag. Ég held þess vegna, að ráðabreytni hæstv. dómsmrh. í þessu efni hljóti að byggjast á einhverjum verðleikum núverandi forstjóra, sem liggi utan og ofan við þá almennu hæfileika, sem verður að gera kröfu til, að forstjóri landhelgisgæzlunnar hafi til að bera.

Hæstv. ráðh. virðist ekki trúa mjög á það, að háar fjárveitingar til mála hrökkvi betur en lágar til að framkvæma það, sem framkvæma þarf. Ráðherrann spurði mig: „Hefur áætlunarupphæð til strandferða þeim mun betur staðizt sem áætlunarupphæðin hefur orðið hærri, eða hefur kannske hallinn orðið þeim mun meiri sem áætlunin var hærri í þinginu?“ Hér er í raun og veru furðulega spurt og satt að segja falin gráleg meining á bak við. Vitanlega hlýt ég að svara því játandi, að hver fjárveiting stenzt því betur sem hún er rýmri, það er augljóst. Og svo veit ég enn fremur, að forstaða Skipaútgerðarinnar er og hefur verið þannig, að það hefur verið reynt að fara eins vel með fjármuni og unnt hefur verið. Ég var satt að segja svo undrandi út af þessari fyrirspurn hæstv. ráðh., að ég fór að hugsa um, hvort ráðherrann gæti vitað þess nokkurt dæmi, að trúnaðarmenn ríkisins færu því óvarlegar með ríkisfé sem þeir hefðu hærri fjárveitingar í höndum. Ég fór að líta í ríkisreikningana, og urðu fyrir mér reikningar áranna 1949 og 1950. Ég sá þar, að 1949 hafði verið veitt til dóms- og lögreglustjórnar 11 millj. 756 þús. kr., en til málanna höfðu gengið 13 millj. 411 þús., og hafði þó tekizt á því ári að spara á landhelgisgæzlunni um 220 þús. Samkvæmt þessu hafði umframeyðsla á þessum lið fjárl. orðið nálægt 1 millj. 655 þús. kr. Árið 1950 var fjárveitingin til þessara sömu mála hækkuð í samræmi við eyðsluna 1949. Þá var veitt til dómsmála og lögreglustjórnar 13 millj. 188 þús., en sama árið var notað 15 millj. 835 þús., umframeyðsla nál. 2 millj. 647 þús. kr., þrátt fyrir það, að á því ári tókst líka að spara dálítið á landhelgisgæzlunni. Ég játa, að mér þótti þetta mjög athyglisvert, að hér fór saman hærri fjárveiting og hækkandi umframeyðsla. En þrátt fyrir þetta hlýt ég að halda fast við það, að háar fjárveitingar hrökkvi betur en lágar til hvers konar framkvæmda, eins og ég hlýt líka að trúa því, að embættismenn ríkisins, jafnt ráðherrar sem aðrir, muni yfirleitt ekki eyða meira fé en nauðsyn krefur, þótt jafnvel þeir fái í hendur rúmar fjárhæðir til að framkvæma það, sem þeir eiga um að sjá og yfir að ráða. — Ég sé, að hæstv. dómsmrh. er nú ekki hér viðstaddur, en ég held, að þessi skoðun mín sé rétt og að hæstv. ráðh. hljóti að verða mér sammála í þessu efni.

*Flm. (Gísli Jónsson):* Herra forseti. Ég skal gæta þess að fara ekki langt út í þessi málefni, þar sem ég hef talað þrisvar og hef aðeins rétt til að gera stuttar athugasemdir. Ég mun geyma mér að svara efnislega því, sem fram hefur komið hér nú í dag, þar til ég tek til máls við síðari umr. málsins. Ég vil þó aðeins leiðrétta hér við þessa umr. þann reginmisskilning, sem hefur komið fram hjá tveimur hv. þm.,

sem síðast hafa talað, að till. er ekki um það, eins og sést á þskj., að afhenda neinar eignir, heldur um hitt, að fela ríkisstj. að leita samninga um þessi atriði, en þeir hafa túlkað málið þannig hér á hv. Alþ., að hér sé um afhendingu eignanna að ræða. Ég hef hins vegar tekið það fram í mínum ræðum áður, að hér sé aðeins um samningaumleitun að ræða, en að sjálfsögðu verði ekkert gert nema með samþykki Alþ., ef til kæmi, að hægt væri að semja um þessi mál. Virðist því, að þeim sé svo umhugað um, að ekkert verði upplýst um þessi mál, að jafnvel megi ekki leita slíkra samninga.

Annað, sem ég vildi mega leiðrétta hér, vegna þess að það var mjög ósmekklega dregið hér inn í umr. af hv. 3. landsk., er það, að vegna þess að Esja hafi ekki getað annazt ákveðnar ferðir, þá hafi orðið hér 40 manna sjóslys, beinlínis vegna þess, að ekki voru nægilega mörg skip í strandferðunum. Það var nú nægilega mikill harmur hjá þjóðinni, þó að mennirnir væru ekki nema 33 og ekki væri bætt við 7, en ég vil benda hv. þm. á það, að þetta slys varð fyrst og fremst fyrir það, að Esja, sem var sömu dagana á ferðinni um Vestfirði, fékk ekki fyrir vanrækslu Skipaútgerðarinnar að koma inn til Bíldudals og taka þetta fólk. Hún fór þar fram hjá daginn eftir að þetta skip lét úr höfn og það þrátt fyrir það, að búið var að senda margar áskoranir til Skipaútgerðarinnar um það að taka fólkið á Bíldudal með Esju, sem var á ferðinni og hafði þar af leiðandi nægileg tækifæri til þess að taka það. — Þetta þótti mér rétt að láta koma hér fram.

Þriðja, sem ég vildi mega minnast hér á, er það, að hér hafa komið fram till. frá tveimur hv. þm. um að fella þessa till. frá nefnd. Telja þeir, að það væri hneyksli að láta till. ganga til nefndar til þess að fá þar m. a. upplýst, hvort hún eða gögn okkar flm. eða afsakanir og fullyrðingar þessara tveggja hv. þm. séu á rökum reistar. Út af þessu vildi ég aðeins mælast til þess við hæstv. forseta, að atkvgr. verði ekki látin fara fram í dag, heldur á næsta fundi, því að ef þetta á að skiljast sem flokkssamþykkt, þar sem annar er flokksformaður, þ. e. hv. 3. landsk., og ef orð hans eiga að skoðast flokkssamþykkt frá hálfu Alþfl. að hefta þannig frekari rannsókn í málinu og ef einnig á að skilja óskir og ummæli hv. 2. þm. N-M. (HÁ) sem samþykkt Framsfl., þá þykir mér ekkert óeðlilegt, að það sé látið bíða til næsta fundar að hafa atkvgr. um málið.

Að síðustu þykir mér rétt að leiðrétta, að hv. 2. þm. N-M. sagði, að till. væri borin fram til þess að finna eitthvert form til árása á Skipaútgerðina og stjórn flóabátanna, en ég vil taka fram, að það er hér um hreinan misskilning að ræða. Till. er borin fram af beinni nauðsyn til þess að spara um 10 millj. kr. fyrir ríkissjóðinn og tryggja á sama tíma betri þjónustu fyrir fólkið í dreifbýlinu. Efnislega skal ég ekki ræða málið og ekki misnota leyfi hæstv. forseta til að gera athugasemd.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Hv. 1. flm. till. sagði, að það væri um misskilning að ræða, hann væri ekki að leggja til, að það ætti að afhenda eignir Skipaútgerðar ríkisins Eimskipafélagi Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga, heldur ætti bara að hefja samninga um það. Vitanlega eiga þessir samningar að hefjast með það fyrir augum, að þeir takist, og tilgangur þessarar till. er sá, sem hér hefur verið ræddur af mér og hv. 2. þm. N-M. Ég vænti, að hv. flm. sé ekki horfinn frá þeim tilgangi till., og það er þess vegna ákaflega eðlilegt, að það sé rætt, hvort æskilegt sé að ná því markmiði, sem samningarnir eiga að snúast um, og hér hefur verið leitazt við að sýna fram á það, að það hefði verið síður en svo ómaksins vert að leggja út í slíkt samningaþóf. Það hefur líka verið á það bent í þessum umr., að það hafi verið auðvelt að losna við halla á þessum rekstri, ef hv. tillögumenn eða aðrir þm. vildu það. Það væri hægt með því að láta ríkisskipin hætta að sigla á afskekktar hafnir, það hefði verið hægt með því að hækka farmgjöld t. d. á áburði, á fóðurbæti, á byggingarvörum til fjarlægra hafna, ef t. d. þm. Sjálfstfl., stærsta flokks þingsins, vildu það. Það væri hægt, eins og hv. 2. þm. N-M. benti á, að hætta að veita Eimskip skattfrelsi og taka það fé, sem þannig fengist í ríkissjóð, til þess að bera uppi einhvern hluta af halla strandferðaþjónustunnar. Það væri líka, eins og ég benti á hér við byrjun þessarar umr., hægt að hugsa sér þá leið til þess að losna við þessi útgjöld úr ríkissjóði vegna strandferðanna, að ríkið tæki í sínar hendur allan aðflutning á vörum til landsins og flutning á vörum frá landinu og notaði gróðann af þeirri starfsemi til þess að bera uppi hallann af strandferðunum. Og það væri kannske eðlilegasta lausnin á því að snúa alveg efni þessarar till. við, það væri ríkið, sem tæki við Eimskip og kannske að einhverju leyti við samvinnuflotanum líka, en ekki hitt, að Eimskipafélagið og S. Í. S. tækju við skipum ríkisins, því að þá væri einn og sami aðili búinn að taka við hvoru tveggja (*Forseti:* Mér láðist að geta þess, að þetta er aðeins athugasemd.) ja, örstutt — hlutverkinu, því, sem græðist á, og hinu, sem tapast á, og það færi langbezt í höndum eins aðila, sem sé ríkisins sjálfs, sem gerir þetta fyrir þegna þjóðfélagsins.

Það var misskilningur hjá hv. frsm., að ég hefði lagt til, að málið yrði fellt frá nefnd. Ég sagði hitt, að þetta mál væri svo mikil fjarstæða, að það væri ekki síður maklegt að það væri fellt frá nefnd en það mál, sem hv. stjórnarflokkunum báðum þóknaðist áðan að fella frá þinglegri meðferð. Ég er ekki fylgjandi slíkum vinnubrögðum hv. stjórnarflokka, en þegar þeir beita þeim, þá er ekki nema alveg sjálfsagt af stjórnarandstöðunni að minna þá á, að það gæti átt við um sum þeirra mál að beita því líka, en till. hefur ekki verið borin fram um þetta enn þá.

Viðvíkjandi því, að það hafi verið vegna vanrækslu ríkisskips, að tugir manna fórust á Vestfjörðum, vil ég segja það, að það var vitanlega af því, að þá var ekki nægur strandferðaskipafloti hjá Skipaútgerð ríkisins til þess að geta komið nógu oft á hinar smærri hafnir.

Þess vegna varð Esja að halda sér við stærri hafnirnar og hraða sinni för til þess að komast aftur í aðra hringferð kringum landið. Önnur skip voru þá ekki til að annast þessa þjónustu. Þá gat liðið hálfur mánuður og þrjár vikur, kannske upp í mánuð, án þess að skip kæmu á Flateyri, Súgandafjörð eða Bíldudal, og þá varð fólk að safnast þar saman og bíða eftir ferðum og urðu þannig tugir manna, sem urðu svo að sæta hverri þeirri ferð, sem fékkst. Þetta slys varð af því, að Skipaútgerð ríkisins var þá ekki orðin svo öflug um skipakost, að hún gæti látið skip sín koma á smærri hafnirnar nægilega oft. Þetta á að vera okkur í minni, og við viljum hvorki stofna til þess ástands, að slíkt verði aftur fyrir það, að búið sé að leggja Skipaútgerð ríkisins niður við trog, eða að fólksflutningar í lestum hefjist á ný, eins og þegar Danir höfðu þessa þjónustu með höndum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 10. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Fellt með 21:17 atkv. að vísa till. til síðari umr.

## 2. Bifreiðakostnaður ríkisstjórnarinnar.

Á deildafundum 15. des. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um bifreiðakostnað ríkisstjórnarinnar* [127. mál] (A. 313).

Á 31. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til einnar umr.

*Flm. (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Á þskj. 313 flytjum við hv. 8. þm. Reykv. till. um að heimila ríkisstj. að hafa eina til tvær bifreiðar til sinna nota, en að aðrar bifreiðar, þær sem ráðherrar hafa nú, skuli seldar atvinnubílstjórum.

Ég vil taka það fram, að hér er í sjálfu sér um smámál að ræða. En í hinu smáa speglast hið stóra, þegar um er að ræða óhófseyðslu og misnotkun opinberra aðila á almannafé. Þá þykir mér einnig rétt að taka það fram, að hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. hafa mörgum sinnum auglýst eftir sparnaðartillögum frá stjórnarandstöðunni, og geri ég því ráð fyrir, þar sem þessi till. er einmitt borin fram til sparnaðar, að hæstv. ríkisstj. muni taka henni vel og fara þess á leit við þingmenn stjórnarflokkanna, að þeir ljái málinu lið, svo að það nái fram að ganga.

Það er ekki nema eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. vilji sjálf ganga á undan með góðu fordæmi og spara fyrst og fremst þann kostnað og þá óhófseyðslu, sem hún sjálf hefur haft um hönd á undanförnum árum, og gefa með því öðrum fagurt fordæmi um ráðdeild og sparsemi um meðferð almannafjár.

Nú er því þó ekki að neita, að maður gæti haft grun um, að hæstv. ríkisstj. væri þetta mál ekki jafnkærkomið tækifæri til að sýna hug sinn í sparnaðarátt og allar líkur ættu að benda til, og hefur það komið fram við ýmis tækifæri. Meðal annars hefur því verið haldið fram af hæstv. ríkisstj., að ríkisstj. þyrfti á bílum að halda til langra ferðalaga í sambandi við embættisstörf. Ég hef aldrei heyrt það rökstutt á neinn hátt, að þessu væri svo varið, og það mun öllum ljóst vera, að þetta er a. m. k. í meginatriðum, ef ekki öllum atriðum, rangt. Ráðherrar fara yfirleitt ekki í nein langferðalög við embættisrekstur sinn, en hins vegar hefur það mörgum sinnum komið fyrir, að þeir hafa misnotað ráðherrabílana í flokksþágu og sent bílana í slíkum tilfellum í langferðalög víðs vegar um land á kostnað ríkissjóðs.

Þá hélt hæstv. fjmrh. því einnig fram hér við eldhúsdagsumræðurnar í sambandi við gagnrýni þjóðvarnarmanna og annarra á bílanotkun ríkisstj., að þetta hefði verið venja í fimmtán ár, og m. a. sagði hann þá líka, að þegar hann hefði tekið við ráðherraembætti, þ. e. a. s. menntamálaráðherraembættinu, úr höndum kommúnista, þá hefðu verið tvær bifreiðar í menntmrn. Þetta notaði hann sem afsökun og rökstuðning fyrir því, að ríkisstj. og ráðherrar hefðu bíla og einkabílstjóra fyrir sjálfa sig, og er það í fyrsta skipti, sem ég heyri það, að hæstv. fjmrh. vill taka kommúnista sér til fyrirmyndar. Þá vil ég einnig á það benda, að þó að þessi ósiður hafi viðgengizt í 15 ár, að ráðherrar hefðu bíla til að aka sér á milli veizluborða þjóðfélagsins, svo og til heimila sinna og frá, þá er það í sjálfu sér engin sönnun fyrir því, að slíkt sé réttmætt eða eigi að eiga sér stað.

Einnig hafa talsmenn hæstv. ríkisstj. talað um það með mikilli fyrirlitningu og fordild, þegar bílakostnaður þeirra hefur verið gagnrýndur, að þjóðvarnarmenn og aðrir ætluðust sýnilega til þess, að ráðherrarnir væru einkabílstjórar hjá sjálfum sér.

Ég tel, að íslenzkir ráðherrar hafi ekki efni á að hneykslast á því, þó að til þess væri ætlazt, að þeir væru bílstjórar hjá sjálfum sér. Miklu frekar mættu þeir telja sig hólpna og vera ánægðir, ef ríkissjóður vildi borga bifreiðarnar, þó að hann borgaði ekki bílstjóra líka.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa langa framsögu um þetta mál. Það er mikið rætt, og svo heppilega vildi til, að á þessum fundi gaf hæstv. forsrh. skýrslu um þann óhemjukostnað, sem ríkissjóður hefur af bílahaldi opinberra starfsmanna nú um þessar mundir. Þó þykir mér rétt að geta þess, rétt til að sýna, í hvert efni er komið þessum málum og hvað menn telja sér heimilt í þessum efnum, að fyrir skömmu skýrði blaðið Frjáls þjóð frá því, að í sambandi við bílakaup hv. þm. Str. hefði verið framið margfalt lögbrot, og sýndi fram á það, svo að

óyggjandi var. Hv. þm. Str. brá við skjótt til að afsaka sig, og var afsökun hans í því fólgin, að hann hefði sparað ríkissjóði stórar upphæðir, á meðan hann var ráðh., með því að hafa ekki einkabifreiðarstjóra. Út frá þessari röksemd þessa hv. þm. hlýtur maður að álykta sem svo, að hann líti þannig á, að það sé nú orðin ein af skyldum íslenzkra ráðherra að hafa einkabifreiðarstjóra á kostnað ríkisins. Ég vil aðeins taka fram, ef einhver skyldi vaða í villu og svíma um það atriði, að það er langt frá, að það sé nokkur skylda íslenzkra ráðherra að hafa einkabifreiðarstjóra. Þvert á móti er hvergi til nein lagaheimild, sem heimilar þeim að hafa þessa bílstjóra. Og það er ekki einu sinni heimild til í fjárlögum fyrir greiðslum úr ríkissjóði til einkabifreiðarstjóra ríkisstjórnarinnar, en greiðslur til þeirra hafa á undanförnum árum verið teknar sem umframgreiðslur úr ríkissjóði og Alþ., þ. e. a. s. hv. þingmenn stjórnarflokkanna, látnir samþykkja þær eftir á, þegar ríkisreikningur viðkomandi árs hefur verið samþykktur.

Þetta dæmi vildi ég aðeins nefna til að sýna, í hvert óefni hér er komið, og eins til þess að menn gætu hugleitt, hvert menn gætu leiðzt í þessum efnum, ef ekki verður stungið við fæti. Eins og ég tók fram áðan, þá er þetta mál öllum hv. þm. mjög kunnugt, og tel ég þess vegna ekki ástæðu til að óska eftir því, að málinu verði vísað til nefndar né að umr. verði frestað, heldur legg til, að þessari einu umr., sem fram á að fara um málið, verði lokið nú þegar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 30:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

*já:* GÞG, KGuðj, BergS, FRV, GilsG.

*nei:* HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JR, KK, LJóh, MJ, ÓTh, PÞ, SÁ, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, BSt, BBen, BÓ, EI, EOl, EirÞ, EystJ, GislG, GíslJ, JörB.

HG, SG, EggÞ, GJóh greiddu ekki atkv.

13 þm. (HV, JPálm, JS, KJJ, LJós, PZ, PO, SB, ÁB, BrB, EmJ, GÍG, GTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

*Haraldur Guðmundsson:* Ég tel fyllstu ástæðu til þess, að settar yrðu reglur um notkun bifreiða í opinbera þágu. Hins vegar finnst mér mjög hæpið að fara að taka út úr ráðherrabifreiðarnar sérstaklega á þann hátt, sem hér er gert, og mun því ekki greiða atkv. um till.

# Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

## 1. Endurskoðun varnarsamnings.

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt:
*Till. til þál. um endurskoðun varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna* [20. mál] (A. 20).

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Sþ., 19. okt., var till. aftur tekin til einnar umr.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Um leið og ég fylgi þessari till. úr hlaði, tel ég rétt að fara nokkrum orðum um viðhorf þau, sem nú blasa við í íslenzkum utanríkismálum.

Sérhver Íslendingur verður að taka afstöðu til eins grundvallaratriðis í utanríkismálum. Vill hann hafa samvinnu við aðrar þjóðir um sameiginlega stefnu í utanríkis- og varnarmálum, eða vill hann, að Íslendingar taki sjálfir ákvarðanir sínar án alls tillits til aðgerða annarra? Þetta er grundvallaratriði.

Ég held, að þeir séu mjög fáir, sem treysta sér til þess að rökstyðja það, að íslenzk þjóð gæti af eigin rammleik tryggt sér það öryggi, sem flestar þjóðir sækjast eftir, að henni yrði í stríði og friði vel borgið, ef hún samræmdi að engu leyti gerðir sínar því, sem aðrar þjóðir eru að gera hverju sinni, ef hún tæki á engan hátt tillit til hagsmuna þeirra. Höfuðrökin fyrir því, að Íslendingar hljóti að leita samvinnu við aðrar þjóðir um utanríkismál, eru fólgin í því, að þeir geta ekki komizt af án samvinnu við aðrar þjóðir í viðskiptum. Líf Íslendinga í þessu landi er háð því, að þeir geti siglt til annarra landa. Það er grundvallaratriði fyrir Íslendinga, að siglingaleiðirnar umhverfis landið séu opnar og öruggar. Ef samvinna þeirra við aðrar þjóðir eykur líkur á því, að þessar siglingaleiðir haldist opnar, þá er sú samvinna í samræmi við hagsmuni Íslendinga.

Utanríkisstefna einskis ríkis getur verið algerlega óháð þeim aðstæðum, sem ríkjandi eru á því svæði heimsins, þar sem það er, allra sízt hinna smæstu ríkja. Það jafngildir þó ekki því, að þau þurfi að vera leppríki. Sagan kennir okkur, að öll ríki hafa ávallt miðað utanríkisstefnu sína við þær aðstæður, sem þau hafa búið við, en ekki þær, sem þau kunna að hafa óskað að búa við. Það er ekki þáttur í sjálfstæði ríkis að vera fært um að komast af án allrar samvinnu við önnur ríki, heldur hitt, að vera frjálst að því að velja sér þau ríki til samvinnu, sem það telur sér henta.

Ef ríki kýs að fara að öllu leyti eigin götur, þ. e. a. s. að fylgja svo nefndri einangrunarstefnu, á það um ýmsa kosti að velja. Það getur vígbúizt til varnar eða sóknar, og það getur verið vopnlaust og óvarið. Ríki, sem leitar samvinnu við önnur ríki, getur og leitað eftir margs konar bandalögum. Til hafa verið mörg hernaðarbandalög stórvelda og bandalög smærri ríkja um hlutleysi í átökum stórvelda og þá misjafnlega vopnuð.

Ef Íslendingar kjósa nú að eiga samvinnu við aðrar þjóðir um utanríkismál sín, verða þeir að miða aðgerðir sínar við það, hvernig ástatt er í þeim hluta heimsins, þar sem þeir búa. Þar er nú um að ræða tvær þjóðafylkingar. Okkur kann að þykja miður, að svo skuli vera. En við staðreyndirnar verður að miða, en ekki hitt, hvernig við vildum hafa þær. Við gætum þó auðvitað miðað gerðir okkar við það að reyna að breyta þessum staðreyndum, ef þær eru okkur andstæðar eða ógeðfelldar, en meðan þær eru staðreyndir, hljóta þær þó að móta þá möguleika, sem fyrir hendi eru, og að því leyti að hafa grundvallaráhrif á gerðir okkar.

Í Evrópu er nú ekki til neitt bandalag hlutlausra þjóða. Engin þeirra þriggja Evrópuþjóða, sem nú fylgja hlutleysisstefnu, Svíþjóðar, Sviss og Írlands, á að nokkru verulegu leyti sömu hagsmuna að gæta og Ísland, þannig að samvinna við þau kæmi til greina fyrir Íslendinga. Ef Íslendingar vildu því nú lýsa yfir hlutleysi, yrði það að vera hlutleysi einangraðs lands, sams konar hlutleysi og þeirra þriggja ríkja, sem ég nefndi. Tvö hin fyrrnefndu, Svíþjóð og Sviss, hafa að því leyti sams konar aðstöðu og Ísland, að þau eru hernaðarlega mikilvæg, og hafa þau því talið sér nauðsynlegt að verja miklu fé til landvarna og að hafa tiltölulega mjög sterkan her. Hið þriðja, Írland, hefur litla hernaðarþýðingu sökum nálægðar við Stóra-Bretland og hefur því talið sig geta komizt hjá verulegum varnarráðstöfunum.

Ef við á annað borð eigum að hafa sam-

vinnu við aðrar þjóðir, eins og nú háttar, verður sú samvinna þess vegna annaðhvort að vera við hin vestrænu lýðræðisríki innan Atlantshafsbandalagsins eða við hin svo nefndu alþýðulýðveldi í Austur-Evrópu. Hagsmunir okkar og ríkjanna í Austur-Evrópu eru í öryggismálum svo gerólíkir, að enginn málsmetandi maður hefur mér vitanlega mælt með neins konar bandalagi við þau. Hagsmunir þeirra eru í styrjöld milli austurs og vesturs auðvitað þeir, að siglingar milli Bandaríkjanna og Bretlands séu sem ótryggastar. Hagsmunir okkar eru þveröfugir. Þetta er svo augljóst, að enginn mælir með bandalagi við Austur-Evrópuríkin. Hins vegar er hagur þeirra af því, að Ísland væri hlutlaust og leyfði hér engar hernaðaraðgerðir, hvorki í stríði né friði, einnig augljós. Með því væri ríkjunum báðum megin Atlantshafs gert örðugra en ella að gæta öryggis siglingaleiðanna um norðanvert Atlantshaf. Siglingar og loftferðir um það svæði yrðu óöruggari, og yrði það þessum ríkjum að sjálfsögðu til tjóns. Sú utanríkisstefna, sem Sovétríkin og Austur-Evrópuríkin kysu því helzt að Íslendingar fylgdu, væri stefna hlutleysis og vopnleysis. Auðvitað eru það ekki nægileg rök fyrir því, að við eigum ekki að fylgja slíkri stefnu. Aðalatriðið er: Hverjir eru hagsmunir okkar sjálfra?

Meginhagsmunir okkar í utanríkismálum eru tengdir því, að siglingaleiðunum um Atlantshaf sé haldið opnum, en þeir hagsmunir eru sameiginlegir hagsmunum landanna báðum megin við Atlantshaf og þá fyrst og fremst Bandaríkjanna, Bretlands og Noregs. Þessir hagsmunir skipa okkur því í sveit með þeim. Ef einhver þeirra ríkja, sem þessara hagsmuna eiga að gæta, mynda hlutlaust bandalag eða gerast aðilar að slíku bandalagi, þá verður hlutleysisstefnan aftur að raunhæfum möguleika í íslenzkum utanríkismálum, í þeim skilningi, að hún gæti samrýmzt grundvallarhagsmunum okkar, en meðan svo er ekki, er hún eingöngu í þágu þeirra ríkja, sem hafa þveröfuga hagsmuni við okkur sjálfa.

Þrátt fyrir það, sem nú hefur verið sagt, er ekki óeðlilegt, að nokkur hópur manna hér á landi aðhyllist stefnu algers hlutleysis. Það er höfuðeinkenni hins hreina kommúnista, að hann telur hagsmuni alþýðulýðveldanna ávallt einnig vera hagmuni síns eigin lands. Allt það, sem styrkir aðstöðu alþýðulýðveldanna, er þegar til lengdar lætur, líka til gagns fyrir hann sjálfan og þjóð hans. Út frá þessu sjónarmiði er það eðlilegt, að íslenzkir kommúnistar aðhyllist nú hlutleysiskenninguna í íslenzkum utanríkismálum. Það er rökrétt afleiðing þeirrar skoðunar þeirra, að bezta ráðið til að efla Ísland sé að efla Sovétríkin og bandamenn þeirra.

En nú hefur annar flokkur manna einnig tekið kenninguna um hlutleysi og vopnleysi Íslands undir núverandi kringumstæðum upp á arma sína, þ. e. a. s. Þjóðvarnarflokkurinn. Hann hefur að vísu ekki gert mikið til þess að rökstyðja hana, en þó lagt áherzlu á, að hann ætli henni alls ekki að vera til stuðnings Sovétríkjunum, heldur sé hún ein í samræmi við hagsmuni Íslands. En hafa forvígismenn Þjóðvfl. í raun og veru gert sér grein fyrir því, hvað yfirlýsing um hlutleysi Íslendinga nú í dag mundi þýða? Í henni fælist tilkynning til Bandaríkjamanna og Breta um það, að í styrjöld, sem brjótast kynni út, fengju þessar þjóðir ekki með samþykki Íslendinga sams konar aðstöðu og þeir höfðu hér á landi í síðustu styrjöld. Er það tilætlun þessara manna, að um þá aðstöðu yrði neitað? Það er mál til komið, að þeir tali skýrt um skoðanir sínar. Er þeim það ekki jafnljóst og öllum öðrum, að Bandaríkjamenn og Bretar telja slíka aðstöðu hér á landi svo mikilvæga í styrjöld við ríki á meginlandi Evrópu, að þeir mundu, eins og nú háttar, telja slíka tilkynningu beinan fjandskap við sig? Er þeim ekki jafnljóst og öllum öðrum, að þessi ríki mundu vafalaust í styrjöld telja sig verða að taka þessa aðstöðu með valdi, ef þeim yrði neitað um hana, eins og Bretar gerðu í síðustu styrjöld? Er þeim ljóst, að með afstöðu sinni eru þau þá að kalla á það, að aðstaða Íslendinga í slíkri styrjöld yrði aðstaða hernuminnar þjóðar? Eru þeir reiðubúnir til þess að taka á herðar sér ábyrgð af því hlutskipti, sem þá kynni að bíða Íslendinga meðan á styrjöldinni stæði og að henni lokinni? Ef þessir menn mæla með hlutleysi, eins og nú háttar í heiminum, vitandi það, að engin þjóð, sem við gætum haft vonir um að hafa samband við í styrjöld, er nú hlutlaus, verður að ætlast til þess, að þeir geri sér grein fyrir því, hvað gerðist, ef hlutleysið yrði virt, því að væntanlega vona þeir það, en ekki hitt, að landið yrði hernumið. Íslendingar yrðu að vera við því búnir í stríði að geta við hvorugan styrjaldaraðilan verzlað, og þeir gætu ekki haldið uppi stöðugu og öruggu sambandi við neina hlutlausa þjóð, sem þeir gætu átt nauðsynleg viðskipti við. Eru þeir menn, sem boða íslenzkt hlutleysi, miðað við núverandi kringumstæður, raunverulega reiðubúnir til þess að bera ábyrgð á slíku, eða eiga þeir enn þá talsvert óhugsað um þessi mál?

En þótt Íslendingar telji nauðsynlegt að eiga samvinnu við þær þjóðir, sem þeir telja að eigi sömu hagsmuna að gæta, verður að hafa það í huga, að sú samvinna getur orðið með mörgu móti. Hvernig hún er talin eiga að vera, hlýtur fyrst og fremst að vera komið undir því, hverja skoðun menn hafa á utanríkispólitiskri og hernaðarlegri aðstöðu Íslands. Ýmsir virðast telja, að markmiðið með aðild okkar að varnarsamstarfi hinna vestrænu lýðræðisríkja eigi fyrst og fremst að vera það, að hér verði komið upp þeim vörnum, að Íslendingar þurfi ekki að óttast árás eða hertöku úr austri. Ef þannig er hugsað, hefur það tvær afleiðingar. Í fyrsta lagi verða varnirnar þá að sjálfsögðu að vera svo öflugar, að þessari árásarhættu sé bægt frá, og í öðru lagi verða Íslendingar þá sóma síns vegna að annast þær að meira eða minna leyti sjálfir, bæði greiða kostnað við framkvæmdirnar og leggja til lið landinu til varnar. Það er auðvitað óhugsandi, að nokkur sjálfstæð þjóð, sem tel-

ur stöðuga árásarhættu vofa yfir landi sínu, geti til frambúðar og á venjulegum tímum látið aðra þjóð greiða fyrir sig kostnað af landvörnum sínum og leggja sér til menn til þess að annast þær. Þeir, sem þá kenningu boða, að við séum í árásarhættu úr austri, verða því að hugsa hugsanir sínar til enda. Það væri hræðilegt, ef rétt væri, að við værum í stöðugri hættu af árás og hertöku úr austri. Það væri auðvitað hörmulegt böl, ef við yrðum fyrir slíkri hertöku. Við þá hættu búa þó ýmsar þjóðir. Hitt væri ekki síður ömurlegt, að vera sér þess meðvitandi að geta vegna smæðar sinnar bókstaflega ekkert gert, er að gagni gæti komið, til þess að afstýra slíkri hættu, en verða að treysta öðrum í þeim efnum að öllu leyti, en slíkt er ekki hollt þjóð, sem vill halda sjálfsvirðingu sinni og sjálfstrausti. Ef við ættum að hafa nokkra sæmilega tryggingu fyrir því, að land okkar yrði ekki hertekið af óvinum hinna vestrænu ríkja, þá yrðu varnarráðstafanir hér að vera svo miklar og varnarlið svo fjölmennt, að okkur sjálfum væri algerlega um megn að standa undir slíku. Ættum við að fela slíkar framkvæmdir öðrum og hafa hér til langframa það erlenda lið, sem veitti okkur sæmilegt öryggi gegn hertöku, þá skapaðist þjóðinni sjálfri af því slík hætta inn á við, að hún væri óbærileg. Það er því gæfa Íslendinga, að hægt skuli vera að staðhæfa, að þessi skoðun sé röng.

Meðan bandarísk-brezki flotinn er svo að segja allsráðandi á norðanverðu Atlantshafi, verður Ísland ekki hertekið með ofansjávarflota annarra ríkja. Með neðansjávarflota einum verður landið ekki hertekið og því þaðan af síður haldið. Og enn er flugtækni ekki komin á það stig, að þau hergögn verði flutt flugleiðis, sem þyrfti til þess að halda landinu gegn sókn af hálfu þeirra, sem ráða hafinu umhverfis það. Af þessum sökum getum við leitt hjá okkur þær miklu varnarráðstafanir, sem nauðsynlegar væru að öðrum kosti.

Það er löngu kominn tími til þess, að menn tali ljósar um þessi mál en gert hefur verið lengi undanfarið. Það gengur ekki, að stjórnmálamenn og blöð prédiki þá kenningu, að við búum við stöðuga hættu af árás úr austri, en ræði síðan ekkert um þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru, ef þetta væri rétt. Það er augljóst, að hafi verið og sé um verulega árásarhættu að ræða, eru ráðstafanir þær, sem gerðar voru með herverndarsamningnum 1951, engan veginn nægilegar til öryggis landinu. Það er svo að segja jafnóvarið eftir sem áður gegn slíkri hættu. Ef menn trúa á árásarhættuna, er það rökrétt afleiðing af því, að hér sé efnt til miklu meiri varnarframkvæmda en gert hefur verið og að herliðinu hér sé fjölgað. Og ef menn telja, að slíkt eigi að gera, þá eiga menn að segja það, svo að hægt sé að ræða málið heiðarlega og fyrir opnum tjöldum.

En það má færa fram önnur rök fyrir nauðsyn þess, að Íslendingar hafi samstarf við nágrannaþjóðir sínar báðum megin Atlantshafs, en þau, að árásarhætta steðji að landinu. Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar og þeirra, að siglingaleiðunum um norðanvert Atlantshaf sé haldið opnum. Það er staðreynd, að í styrjöld auðveldar aðstaða hér mjög, að slíkt takist. Þess vegna eigum við að vera reiðubúnir til þess að láta þessum þjóðum í té slíka aðstöðu í styrjöld. En óhjákvæmileg afleiðing þess getur orðið sú, að séu nágrannaríkin að vígbúast vegna þess, að þau gera ráð fyrir styrjöld, verði að gera hér nokkrar ráðstafanir til þess, að landið geti þegar í upphafi stríðs gegnt hlutverki sínu, t. d. með viðbúnaði á Keflavíkurflugvelli og á stöðum, þar sem radarþjónustu er talin þörf, og jafnvel með staðsetningu nokkurs herliðs, ef ástand er talið sérstaklega tvísýnt. Slíkur viðbúnaður verður þó að miðast við það eitt, að landið gegni sams konar hlutverki og í síðustu styrjöld, en ekki, að héðan verði háð árásarstyrjöld. Fámenni þjóðarinnar og lega höfuðstaðarins veldur því, að slík not landsins mundu leiða yfir það óbærilegar hættur. Og það herlið, sem hingað væri sent á sérstökum hættutímum, yrði að sjálfsögðu að hverfa á brott þegar í stað, er Íslendingar teldu þessa hættutíma liðna. En einmitt í þessum rökstuðningi samstarfsins við ríkin báðum megin Atlantshafs felst ástæða þess, að við getum kinnroðalaust tekið því, að þessar þjóðir greiði kostnað af þeirri mannvirkjagerð, sem er nauðsynleg. Hún er gerð í þágu sameiginlegra hagsmuna, sem þó eru auðvitað miklu brýnni fyrir þær þjóðir, sem eru margfalt stærri en við Íslendingar.

Við flm. þessarar till. litum þannig á, að herverndarsamningurinn 1951 hafi verið gerður á grundvelli þessara skoðana. Við lítum ekki á það sem hlutverk þeirra ráðstafana, sem gerðar voru, að bægja frá árásarhættu úr austri, enda duga þær auðsjáanlega ekki til þess. Við lítum á þær sem óhjákvæmilegan þátt í þeirri utanríkisstefnu Íslendinga að hafa samstarf við hinar vestrænu lýðræðisþjóðir í þágu sameiginlegra hagsmuna varðandi öryggi sjóleiða og loftleiða um norðanvert Atlantshaf. Ráðstafanir þær, sem í samningnum fólust, voru tvíþættar. Aðalatriði hans var, að efnt skyldi til ýmissa framkvæmda, sem bráðnauðsynlegar voru taldar til þess, að landið gæti þegar í upphafi styrjaldar gegnt hlutverki sínu, en það var fyrst og fremst bygging fjögurra radarstöðva, lenging flugbrauta á Keflavíkurvelli og bygging hlýla þar. Hitt atriðið var staðsetning nokkurs liðs í landinu, þ. á m. flugsveita á flugvellinum. En á það var fallizt af hálfu Bandaríkjastjórnar að hafa þetta lið svo fámennt, eða aðeins 3900 manns í mesta lagi, að augljóst var, að ekki gat verið um venjulegar landvarnir að ræða. Að flugsveitunum frátöldum var hér nánast um að ræða öryggisgæzlu mannvirkja og tæknistörf.

Þótt liðið, sem koma skyldi til landsins, væri ekki fjölmennara en þetta og framkvæmdirnar fjarri því að vera risavaxnar, var samt ljóst, að af hvoru tveggja gætu hlotizt alvarleg vandamál, ef ekki væri vel á málum haldið. Íslenzka þjóðfélagið er svo dvergsmátt og að mörgu leyti svo sérstætt, að taka verður þar á

svo að segja öllum hlutum öðruvísi en með stærri þjóðum. Þess vegna var það, að ég fyrir mitt leyti lagði sérstaka áherzlu á það, er samningurinn var undirbúinn, að skilið væri sem greinilegast milli hers og þjóðar. Ég ræddi það mál ýtarlega við fulltrúa ríkisstjórnarinnar við samningsgerðina, Hans G. Andersen þjóðréttarfræðing, og fullvissaði hann mig um, að skilja bæri 3. gr. samningsins svo, að íslenzk stjórnarvöld gætu kveðið á um dvalarstað liðsins, og að ráð væri fyrir því gert, að hermenn kæmu yfirleitt ekki til Reykjavíkur eða annarra bæja nema þá í snöggar hópferðir og undir leiðsögu yfirmanns, þ. e. a. s. ekki sem einstaklingar og í einkaerindum. Þannig var og framkvæmdin í fyrstu. En nokkrum mánuðum síðar var gildandi reglum um þessi efni breytt, að því er mér var sagt, einhliða af herstjórninni og án þess að um það væri fengizt af íslenzkum stjórnarvöldum. Ég vakti athygli þeirra á þessu, andmælti afskiptaleysi þeirra og varaði við afleiðingunum. Þegar þing kom saman um haustið, ræddu þm. Alþýðuflokksins þetta mál við þáverandi hæstv. forsrh. og utanrrh., og var þar lögð áherzla á, að reglur þær, sem giltu í fyrstu um dvalartíma hermanna utan stöðva sinna, væru látnar taka gildi á ný. Mér til mikillar undrunar hélt þáverandi hæstv. utanrrh. því þá fram, að mjög vafasamt væri, að nokkur heimild væri til þess að banna hermönnunum frjálsar ferðir um landið í fristundum sínum. Lofuðu ráðherrarnir samt að gera ráðstafanir til þess að koma því til leiðar, að ferðir hermanna til Reykjavíkur yrðu takmarkaðar. En framkvæmdir urðu hins vegar litlar. Hermenn sóttu meir og meir til Reykjavíkur og annarra bæja í nágrenni við stöðvar þeirra. Þeir og aðrir amerískir starfsmenn tóku meira að segja að leigja húsnæði hér í bænum og annars staðar í allstórum stíl. Þeir sóttu skemmtistaði í ríkum mæli og settu í vaxandi mæli svip sinn á bæjarlífið. Samskipti við íslenzkt æskufólk og þó einkum stúlkur jukust óðfluga. Og af þessu hlutust margs konar vandræði. Þar kom meira að segja, að hermönnum var leyft að vera óeinkennisklæddum í frítímum sínum, væntanlega til þess að minna bæri á þeim. Allt var þetta mjög öðruvísi en ég og margir aðrir höfðu gert ráð fyrir og töldum eðlilegt. Nefnd þriggja valinkunnra manna var skipuð til þess að fjalla um sambúðarvandamálin, sem upp voru komin. Hún mun hafa gert ýmsar tillögur, m. a. um að takmarka mjög dvalartíma hermanna utan stöðva sinna. En þessum till. var ekki sinnt af ríkisstjórninni. Seint og síðar meir voru þó settar nokkrar reglur um þetta efni, en þær voru ófullnægjandi, þar eð þær náðu aðeins til nokkurs hluta herliðsins, og auk þess lítið gert til þess að tryggja, að þeim væri framfylgt. Allt vandamálið margfaldaðist svo við það, að leyft var að flytja inn um það bil þúsund amerískra verkamenn, sem voru algerlega frjálsir ferða sinna í frítímum sínum, höfðu mikil fjárráð, voru alókunnugir þjóðháttum öllum og ollu miklum félagslegum vandræðum. Við þetta bættist svo, að á Keflavíkurflugvelli var haldið þannig á málum, að það var til þess stofnað, að upp risi þar íslenzk-amerískur bær, þar sem allt skyldi vera hvað innan um annað, íbúðir hermanna og starfsmanna, Íslendinga og Ameríkumanna. Kunni slíkt ekki góðri lukku að stýra, enda létu sambúðarvandamálin ekki á sér standa. Þá voru og bæði íslenzkir og erlendir verktakar látnir hafa framkvæmdir með höndum, og hinir erlendu verktakar, sem og herstjórnin, höfðu bæði íslenzka og erlenda starfsmenn og verkamenn í þjónustu sinni samhliða. Fjöldi Íslendinga var látinn vinna undir stjórn amerískra verkstjóra, sem engin trygging var fyrir að þekktu íslenzkar aðstæður. Og kaupgreiðslur til Íslendinga og Ameríkumanna voru og eru ekki hinar sömu. Íslenzkir verkamenn reyndust og reynast enn eiga í miklum útistöðum við hinn erlenda verktaka, Hamiltonfélagið, og ýmsum erfiðleikum bundið að ná rétti sínum gagnvart því. Allt varð þetta á ekki löngum tíma til þess að gera andrúmsloftið á Keflavíkurflugvelli með þeim hætti, að það hefur orðið gróðrarstía andúðar á bandaríska hernum og þeirri utanríkisstefnu, sem lá herverndarsamningnum til grundvallar. Réttmæt óánægja með alla framkvæmd herverndarsamningsins hefur og orðið svo megn, að vafalaust má telja, að fjölmargir, sem á sínum tíma viðurkenndu nauðsyn þess, að samningurinn væri gerður, hafa snúizt gegn honum. Eins og oft vill verða, hafa menn ekki greint skýrt milli þess, hvað er afleiðing samningsins sjálfs, og hins, hvað er afleiðing slælegrar framkvæmdar á honum. Frámunalegt aðgæzluleysi og sleifarlag af hálfu fyrrverandi ríkisstjórnar hefur gert þá utanríkisstefnu, sem átti að liggja samningnum til grundvallar, tortryggilega og jafnvel hæpna í augum fjölda fólks, sem alls ekki aðhyllist hugmyndir kommúnista um utanríkismál þjóðarinnar. Þess vegna er ábyrgð fyrrverandi ríkisstjórnar þung á þessu sviði. Hún tók að sér framkvæmd mikilvægasta og viðkvæmasta samnings, sem Íslendingar hafa gert á síðari árum. Á bak við þá samningsgerð stóð án efa mjög sterkur meiri hluti þjóðarinnar af skilningi á ríkri nauðsyn hennar. En ríkisstj. brást því trausti, sem henni var sýnt, því að á skömmum tíma var óánægja með framkvæmd samningsins orðin svo almenn í öllum flokkum, í öllum stéttum, að ekki er lengur við ástandið unandi. Og nú í dag er ástandið þannig, að flestir virðast viðurkenna, að eitthvað þurfi að gera til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem mál þessi séu í. Spurningin er, hvaða ráðstafanir eigi að gera, hvaða stefnu eigi að fylgja.

Mér virðist sem um fimm meginleiðir eða stefnur sé nú að ræða fyrir Íslendinga.

Í fyrsta lagi er sú leið að grundvalla stefnuna á árásarhættukenningunni og efna þá hér til nýrra hernaðarframkvæmda og þá fyrst og fremst byggingar nýs hernaðarflugvallar, sem hlyti auðvitað einnig að hafa í för með sér, að fjölga yrði hér hinu erlenda liði eða koma á fót íslenzku herliði til þess að treysta varnir

landsins. Alþfl. hefur fyrir sitt leyti tekið eindregna afstöðu gegn slíkum ráðstöfunum. Í apríl s. l. samþykkti miðstjórn flokksins ályktun, þar sem lýst er algerri andstöðu gegn því, að gerðir verði nýir samningar um fjölgun hins erlenda liðs eða byggingu nýrra hernaðarmannvirkja utan þeirra svæða, sem hernum nú hafa verið fengin samkv. samningnum 1951. Þessi afstaða flokksins er fyrst og fremst rökstudd með því, að ástandið í heimsmálunum hafi ekki versnað, heldur batnað, síðan herverndarsamningurinn var gerður, og þess vegna geti auknar ráðstafanir ekki verið nauðsynlegar. Er þetta í fyllsta samræmi við það, að ýmis smáríki, svo sem Danir og Norðmenn, hafa ekki viljað stíga ný spor á vígbúnaðarbrautinni nú undanfarið og stórþjóðirnar sjálfar hafa dregið úr framlögum sínum til vígbúnaðar, enda hefur von manna um, að friður haldist, nú um langt bil ekki verið sterkari. Núverandi stjórnarflokkar hafa þó ekki tekið skýra afstöðu til þessa máls. Spurningin um það, hvort leyfa ætti byggingu nýs flugvallar, hefur þó verið rædd svo mikið opinberlega, að stjórnmálaflokkunum er öllum skylt að taka **afstöðu til hennar.**

Í öðru lagi er sú stefna að halda varnarsamningnum, eins og hann er nú, óbreyttum í aðalatriðum og sömuleiðis grundvallaratriðum í framkvæmd hans, þ. e. a. s. að gera enn um ófyrirsjáanlegan tíma ráð fyrir vist erlends hers í landinu, en hyggja hins vegar ekki á neinar nýjar framkvæmdir eða aukningu herliðsins. Við þetta er þó það að athuga, að meginhluti þjóðarinnar leit áreiðanlega ekki á herverndarsamninginn og þá skipun, sem upp var tekin með honum, sem frambúðarlausn á varnarmálum Íslands. Í honum fólst tilraun til þess að leysa í skyndi mikið vandamál fyrir nágrannaþjóðir Íslendinga og þá sjálfa. Allir íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa lýst yfir því, að þeir telji ekki koma til mála, að hér verði erlendur her til frambúðar. Spurningin er þá fyrst og fremst um það, hvenær tími sé kominn til þess að taka ákvörðun um, að herinn skuli hverfa á brott, og hvaða ráðstafanir þá skuli gera. Reynslan, sem fengizt hefur af framkvæmd samningsins, hefur hins vegar verið með þeim hætti, að við flm. þessarar till. teljum ekki koma til mála að halda áfram á sömu braut og hingað til, heldur álítum við, að tímabært sé að endurskoða samninginn og taka upp skipun, sem fremur væri til frambúðar.

Í þriðja lagi mætti kannske nefna þá leið, að hinn erlendi her væri látinn hverfa á brott, en íslenzkum her komið á fót í staðinn til þess að annast hlutverk hans. Væntanlega yrði þá að semja um það við Bandaríkjastjórn, að hún lyki þeim framkvæmdum, sem verið er að vinna að, en er ólokið. Enginn íslenzkur stjórnmálaflokkur hefur gerzt formælandi þessarar leiðar, og er það vel. Hún hefur hins vegar verið rædd í blöðum, og því nefni ég hana.

Í fjórða lagi er svo sú stefna, að segja eigi samningnum upp, láta herinn fara strax og unnt er án þess að gera nokkrar ráðstafanir í framhaldi af því, stöðva, að því er manni skilst, þær framkvæmdir, sem verið er að vinna að, svo sem byggingu radarstöðvanna, og lýsa yfir hlutleysi og vopnleysi þjóðarinnar. Þessi stefna kemur fram í tveim þskj., sem liggja fyrir þessu þingi: í till. til þál. frá hv. þingmönnum Þjóðvfl. og í frv. frá hv. þingmönnum Sósfl. Ef miðað er við þessi þskj., er enginn munur sjáanlegur á afstöðu þessara tveggja flokka. Innihald þessara tveggja þskj. er í aðalatriðum nákvæmlega hið sama. Hv. þingmenn Sósfl. hafa gert grein fyrir því hér á Alþ. áður, að þeir telja rétt og hægt að segja herverndarsamningnum upp og kveða á um tafarlausan brottflutning liðsins án þess að gera nokkrar aðrar ráðstafanir í því sambandi. Ég vék að því fyrr í máli mínu, að rök þeirra fyrir því eru ofur einföld. Þeir eru á móti því, að hinum vestrænu lýðræðisríkjum sé búin hér nokkur aðstaða til verndar siglinga- og loftleiðum um Atlantshaf, ef styrjöld kynni að brjótast út. Þess vegna voru þeir á móti því, að nauðsynlegum mannvirkjum í því sambandi yrði komið upp, og þeir mundu líka vera á móti tilvist þeirra hér, þótt þeirra væri gætt af íslenzku starfsliði. Þetta er allt skiljanlegt út frá þeirri meginforsendu, sem þeir ályktа út frá, þ. e. a. s., að það, sem sé hinum vestrænu lýðræðisríkjum að gagni og Sovétríkjunum og bandamönnum þeirra til skaða, það sé Íslandi líka til skaða. Hitt mun mönnum yfirleitt hins vegar ekki ljóst enn þá, hvernig hv. þingmenn Þjóðvfl. hugsa það að láta hinn erlenda her hverfa úr landinu og gera alls engar ráðstafanir til þess að þau mannvirki, sem búið er að reisa eða verið er að reisa, verði rekin og þeirra gætt af Íslendingum. Þeir þurfa að upplýsa, hvort þeir ætlast til þess, að rekstur Keflavíkurflugvallar verði lagður niður að nokkru leyti eða hvort hann á kannske að eyðileggjast að nokkru eða öllu leyti. Þeir þurfa að upplýsa, hvort þeir ætlast til þess, að hætt verði við byggingu radarstöðvanna, eða hvort þeir ætlast til þess, að Íslendingar ljúki við að reisa þær fyrir eigin fé. Ef þeir eru þeirrar skoðunar, að láta eigi þær framkvæmdir, sem búið er að gera á Keflavíkurvelli, grotna niður aftur í gæzluleysi og hætta við byggingu radarstöðvanna, þá eru þeir sammála hv. þingmönnum Sósfl. En ef þeir eru þeirrar skoðunar, að mennta eigi íslenzka menn, til þess að hægt verði að halda Keflavíkurflugvelli við undir alíslenzkri stjórn, ljúka eigi við radarstöðvarnar og reka þær síðan af Íslendingum, þá eru þeir sammála þeirri till., sem hér er nú til umr. Um þriðju leiðina í þessu sambandi er alls ekki að ræða. Og þeim mun fyrr sem hv. þingmenn Þjóðvfl. gera sjálfum sér og öðrum ljóst, hver er afstaða þeirra í þessu sambandi, þeim mun betra.

Í fimmta og síðasta lagi er síðan um að ræða þá stefnu, sem felst í till. okkar hv. 3. landsk. þm., þeirri, sem hér er nú til umr. Það er meginatriði þessarar till., að samningurinn skuli endurskoðaður með það fyrir augum, að Alþ. geti með þriggja mánaða fyrirvara ákveðið brottflutning hersins, en jafnframt skal rík-

isstj. þegar í stað gera ráðstafanir til þess að mennta Íslendinga til þess að taka að sér rekstur og gæzlu þeirra mannvirkja, sem upp hefur verið komið eða verið er að koma upp samkv. herverndarsamningnum. Hér er um tæknistörf og algeng gæzlustörf að ræða, og engrar hernaðarþjálfunar er þörf, enda er berum orðum sagt í till., að ekki skuli þjálfa Íslendinga til neinna hernaðarstarfa. Þegar menntun þessa nauðsynlega starfsliðs væri lokið eða tryggðir hefðu verið erlendis sérmenntaðir starfskraftar, hefði Alþ. skilyrði til þess að kveða á um brottflutning hersins með stuttum fyrirvara. Jafnframt er í till. gert ráð fyrir því, að íslenzkir verktakar einir annist þær framkvæmdir, sem enn er ólokið, þótt kostnaður við þær verði greiddur af Bandaríkjunum eða Atlantshafsbandalaginu. Einn höfuðvandinn, sem siglt hefur í kjölfar herverndarsamningsins, hefur átt rót sína að rekja til þess, að erlendur verktaki, sem hefur haft ónóga þekkingu á íslenzkum staðháttum, hefur haft hér með höndum miklar framkvæmdir. Það er ástæðulaust. Íslenzkir aðilar hafa sýnt, að þeir eru vel færir um að annast þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, enda auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, að þeir ráði sér erlenda sérfræðinga eftir þörfum. Æskilegast væri, að ríkið sjálft hefði þessar stórframkvæmdir með höndum, en ef það treystir sér ekki til slíks, þá þeir íslenzkir aðilar, sem mesta reynslu hafa. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að þann tíma, sem hinn erlendi her eigi eftir að dvelja í landinu, skuli hann dvelja á varnarsvæðunum og ekki hafa önnur afskipti við landsmenn en þau, sem skyldustörf hans krefjast, og að sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem eingöngu eða aðallega er notaður til hernaðarþarfa, sé girtur og öll almenn umferð um hann bönnuð.

Fyrir þrem vikum var það samþykkt einróma í miðstjórn Alþfl., að þessi till. til þál. skyldi flutt á Alþ. Með henni er bent á raunhæfa leið út úr þeim ógöngum, sem fyrrverandi ríkisstj. leiddi þjóðina í með slæmri framkvæmd á herverndarsamningnum. Það væri algerlega óviðunandi, ef haldið yrði áfram á sömu braut og gengin hefur verið s. l. tvö og hálft ár. Ný ríkisstj. hefur nú tekið við völdum og þar með nýr utanrrh. Hann hefur ekkert látið uppskátt um það enn, hverri stefnu hann mun fylgja, og skulu engar getsakir hafðar uppi um það að óreyndu. Alþfl. hefur hins vegar viljað marka sína stefnu skýrt og ljóst í þessari till. og er sannfærður um, að samþykkt hennar mundi verða heillaríkt spor og marka ný tímamót í viðleitni þjóðarinnar til þess að varðveita sjálfstæði sitt og treysta öryggi sitt. Kjarni málsins er í rauninni ljós og skýr. Að baki þessarar till. er staðfastur vilji til þess að eiga samstarf við hinar vestrænu lýðræðisþjóðir um verndun siglinga- og loftleiða um norðanvert Atlantshaf, að sjálfsögðu í ófriði, en einnig í friði á þann hátt, að Íslendingar reki mannvirki, sem samstarfsþjóðum þeirra eru nauðsynleg í fyrrgreindu skyni, ef ófriður brýzt út, og leyfi jafnframt vist nokkurs liðs í landinu, ef alveg sérstök hætta er talin steðja að, t. d. ef siglinga- eða loftleiðir umhverfis landið verða ótryggar. En að öðru leyti grundvallast hún á þeirri bjargföstu sannfæringu, að á venjulegum tímum sé hér engin þörf herliðs, hvorki erlends né innlends, sem betur fer, þar eð innlendur her yrði þjóðinni ofviða, en engin þjóð, sem varðveita vill sjálfstæði sitt og sjálfsvirðingu, getur til langframa haft erlendan her í landi sínu.

Að svo mæltu óska ég þess, að umr. verði frestað, herra forseti, og málinu vísað til hv. utanrmn.

*Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):* Herra forseti. Með inngöngu vorri í Norður-Atlantshafsbandalagið höfum vér Íslendingar skuldbundið oss til þess að vera hollir þátttakendur í varnarbandalagi vestrænna lýðræðisþjóða. Fyrir allra hluta sakir mundi það eigi vera skynsamlegt, að vér brygðumst þessum skuldbindingum. Það er margyfirlýst og skal undirstrikað hér, að um er að ræða varnarbandalag, en ekki árásarsamtök. Íslenzkir hagsmunir eru, að öldur ófriðar brjóti ekki yfir íslenzkar strendur. Ég trúi því, að samtök eins og Norður-Atlantshafsbandalagið séu líkleg til þess að varðveita friðinn í Evrópu.

Vér trúðum lengi á hið algera hlutleysi. Hlutleysið átti að vera vörn hinna vopnlausu smáþjóða í trausti þess, að vopnaðar stórþjóðir virtu yfirlýst hlutleysi smáþjóðanna. Reynsla tveggja heimsstyrjalda hefur sýnt og sannað mjög áþreifanlega og átakanlega, að hlutleysinu hefur ekki verið treystandi. Hin hlutlausu ríki hafa orðið árásarríkjunum að bráð í tveimur heimsstyrjöldum. Það er því einungis vegna þess, að vér trúum því, að hlutdeild vor í varnarbandalagi sé landi voru og þjóð affarasælli en algert hlutleysi, að vér höfum gengið í varnarbandalag og gert varnarsamning. Og trú vor á lýðræði hefur skipað oss í samstöðu með vestrænum lýðræðisþjóðum, enda ræður hnattstaða landsins og ekki litlu þar um.

Þegar Norður-Atlantshafssamningurinn var gerður, horfði ófriðvænlega í Evrópu og Asíu, og þegar herverndarsamningurinn var gerður, var ástandið þannig, að allir íslenzkir alþm., nema þingmenn Sósfl., voru sammála um, að ekki væri fært að hafa landið varnarlaust. Nú er þannig ástatt, að enginn virðist vita í dag, ekki einu sinni þeir, sem bezta aðstöðu ættu að hafa til þess að fylgjast með, hvort gera megi ráð fyrir friðvænlegri horfum í framtíðinni eða ekki. Menn virðast nú leggja höfuðáherzluna á að þreifa hver á öðrum og kanna, eftir því sem það er hægt, hvort betri sambúðarhættir þjóðanna séu í vændum. Hervæðingin heldur áfram þrátt fyrir allt. Það er vopnahlé í Kóreu, en ekki friður, og það er næsta táknrænt fyrir ástandið í veröldinni í dag. Það er því ekki hægt að fullyrða, hvort ástæður hafi raunverulega breytzt frá því, sem verið hefur nú undanfarið, því að það er einmitt það atriði, sem stjórnmálamenn víða um heim eru að reyna að kanna.

Meðan svona er ástatt, tel ég ekki eðlilegt, að Ísland verði varnarlaust með því að breyta þeirri ákvörðun, sem allir þm. gerðu árið 1951 nema sósialistar, og láta nú þann her fara, sem þá kom hingað. Ég segi ekki þetta nú af því, að ég líti svo á, að fyrir flutningsmönnum þessarar þáltill. vaki það, að varnir landsins séu nú niður felldar, heldur vegna þess, að mér þykir rétt, að skoðun mín á þessu komi fram við þetta tækifæri, þótt raunar væri vitað, hver hún er. Vér verðum auðvitað að fylgjast sem bezt með í þessum málum og mynda oss skoðun um ástandið og sérstaklega um vora eigin aðstöðu. Það verður að vera á voru valdi að ákveða, hvort her er nauðsynlegur í landinu til varnar eða ekki, enda er það svo eftir þeim samningi, sem vér höfum gert um varnarmálin. En ég vil nú vona, að ástandið breytist þannig í heiminum og verði svo friðvænlegt, að vér séum fullvissir um, að ekki þurfi að hafa her til varnar á Íslandi.

Eins og ég sagði áðan, tel ég þannig ástatt, að vér verðum að hafa her til varnar landinu. Það hefur alltaf verið augljóst, að ýmis vandkvæði fylgdu því að þurfa að hafa her í landi. Reynslan, sem vér höfum nú þegar, sýnir oss þetta glögglega. Ýmsir agnúar hafa komið í ljós í sambúðinni. Verður þar ýmsu að breyta, ef vel á að fara. Taka verður upp samninga við þá, sem varnirnar hafa að sér tekið, til þess að koma endurbótum á í því efni, því að vitanlega er eðlilegt, að samningaleið sé reynd til þrautar í þessum málum. Getur á miklu oltið um framtíð þessara mála, hvernig tekst að ráða bót á ýmsu því, er til bóta stendur í þessu sambandi. Vona ég, að það takist með góðu samkomulagi að finna ráð til fullnægjandi úrbóta.

Ég hef haft þessi mál með höndum rúmlega mánaðartíma. Hef ég notað mér þann tíma til þess að kynna mér þau, og er það mjög mikið verk, því að hér er um afar fjölþætt mál að ræða. Það hefur aukið mér erfiðleika, að varnarmálanefnd, sem fór með flest eða öll mál, sem snertu samskipti við varnarliðið, sagði af sér. Hefur það aukið störfin, að ágreiningsmálin hafa síðan komið beint til ráðuneytisins. Hef ég jafnhliða því að kynna mér málin orðið að ráða fram úr þessum daglegu vandamálum, og hefur þeim yfirleitt verið ráðið til lykta.

Á því tímabili, sem varnarsamningurinn hefur staðið, hefur skapazt ýmiss konar reynsla, sem sjálfsagt er að færa sér í nyt, enda ljóst, að á framkvæmd samningsins verður að gera breytingar. En meðan fyrirhugaðar breytingar hafa ekki verið lagðar fyrir ríkisstjórnina í heild og meðan málin eru að fá samningsfylgi, get ég af eðlilegum ástæðum ekki rætt þessa þætti málsins frekar, en hv. þm. mega vera þess fullvissir, að mér er að sjálfsögðu ánægja að því að ræða þessi mál hér á Alþ. og gefa hv. Alþ. allar upplýsingar, jafnótt og málin komast á það stig, að það sé eðlilegt.

*Gils Guðmundsson:* Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, snertir stórmál, og er full ástæða til að ræða hana ýtarlega. Ég mun þó ekki lengja umr. mjög að þessu sinni, og er ástæðan aðallega sú, að við þm. Þjóðvfl. höfum borið fram þáltill. hér á Alþ., þar sem krafizt er uppsagnar hins svo nefnda varnarsamnings, svo fljótt sem lög leyfa, en jafnframt lagt til, að gerðar séu nú þegar margvíslegar ráðstafanir til að koma eftir föngum í veg fyrir spillingu og margvíslegt böl, sem leiðir af dvöl hins erlenda hers í landi okkar. Munum við skýra greinilega stefnu Þjóðvfl. í þessum málum, þegar tillaga okkar á þskj. 21 kemur til umr., en við höfum óskað þess, að fyrri hluta umr. um þá till. verði útvarpað. Ég vil þó ekki með öllu láta hjá líða að gera grein fyrir afstöðu minni og flokks míns til till. þeirrar, sem hér liggur fyrir og tveir hv. þm. Alþfl. og forustumenn, ritari hans og formaður, eru flutningsmenn að.

Fyrst vil ég geta þess, sem ég tel vel um till. og jákvætt frá okkar sjónarmiði, en því miður hafa hv. flm. búið svo um hnútana, að um þau atriði hlýt ég að verða fáorðari en ég þó gjarnan vildi. Ég vil í þessu sambandi aðeins minnast á nokkur atriði í ræðu hv. 1. landsk. (GÞG), sem talaði hér áðan fyrir till. Hann beindi nokkrum spurningum til okkar þjóðvarnarmanna, og ég mun svara þeim að nokkru í því, sem ég segi um afstöðu okkar hér á eftir, en vil þó drepa strax á örfá atriði.

Hv. 1. landsk. lýsti sig andvígan hlutleysi og taldi það bæði heimskulegt og háskalegt. Litlu síðar í ræðu sinni sagði hann alveg réttilega: Aðalatriðið er, hverjir eru hagsmunir okkar Íslendinga sjálfra. — Auðvitað hljótum við að ræða þessi mál fyrst og fremst á þessum grundvelli. En ég vil spyrja hv. frsm.: Eru það hagsmunir okkar að skipa okkur í sveit með ákveðnum stórveldum, ákveðinni stórveldablökk, vísum styrjaldaraðila, ef ófrið skyldi bera að höndum? Veit hv. þm. ekki, hvernig nútíma styrjöld er háð? Hún er háð ekki aðeins með beinni innrás í land, heldur er hún háð með gnægð flugvéla og margs konar sprengna, þ. á m. getum við búizt við kjarnorkustyrjöld. En hver er þá vörnin, sem við eigum í vændum, þegar slík styrjöld er háð, þó að hér sé eitthvað af liði í landi? Ég efast um, að hann hafi gert sér það fyllilega ljóst eða viljað gera sér það fyllilega ljóst, að vörnin fyrir flugvélaárásum og fyrir kjarnorkuárásum, — vörnin, sem þjóðin sjálf fær fyrir þessum árásum, er harla lítil, jafnvel þó að hér sé her í landi eða einhverjir tilburðir til varnar.

Hann spurði einnig, hv. þm., hvað við þjóðvarnarmenn vildum að gert væri, ef styrjöld bæri að höndum. Vitanlega verður hverju sinni að taka afstöðu til mála eins og þau liggja fyrir, og ég vil svara þessu í sem allra stytztu máli með þeim orðum, sem hann sjálfur sagði: Það verður vitanlega að láta hagsmuni Íslands hverju sinni ráða því, hvernig við tökum afstöðu gagnvart hverjum þeim vanda, sem að höndum ber. — Nú viðurkenndi hv. þm. í ræðu sinni, að styrjaldarhætta hefði farið minnkandi, og hann notaði það sem eina af meginröksemdunum fyrir því, að endur-

skoða þyrfti varnarsamninginn, eins og þeir tillögumenn fara fram á. En eigum við að láta herlið dvelja hér árum og áratugum saman, eða svo að ég segi ekki það mikið, eigum við að taka á okkar herðar að reka hér og halda við stórkostlegum hernaðarmannvirkjum, ef til vill svo að áratugum skiptir? Er það í okkar þágu eða í þágu einhverra annarra? Mig langar til, að hv. flm. þessarar till. svari því hiklaust og umbúðalaust.

Hv. þm. talaði mikið um það, að ef við værum hlutlausir, þá mundum við ekki geta verzlað við önnur lönd, við yrðum útilokaðir frá því að verzla við styrjaldaraðila. Hann lagði töluverða áherzlu á þetta verzlunarsjónarmið. Ég held nú, að reynslan sýni, að það sé ekki veruleg hætta á því í styrjöld, að við getum þá ekki komið út afurðum okkar. Það hefur reynsla síðustu styrjalda sýnt, og þetta virðist því vera hálfgerð tylliástæða.

Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið, að varnir landsins yrðu að vera svo öflugar, að árásarhættu sé bægt frá. En hvað mundi þurfa til þess? (Gripið fram í.) Var það ekki? Var það misskilningur? En ég hygg þó, að þeir, sem telja, að hér verði að halda uppi vörnum, hljóti að halda fram þeirri röksemd, að slíkar varnir eigi og verði að vera svo öflugar, að ekki sé veruleg hætta á árás, eða að minnsta kosti að það stórauki ekki árásarhættuna að hafa hér litlar og lítilfjörlegar varnir. En varnir, sem mundu duga til þess að verja ekki aðeins landið, heldur íslenzku þjóðina, yrðu að vera svo öflugar, að þó að landið allt væri eitt virki, þá hygg ég, að það mundi ekki duga til.

Ég skal svo snúa mér aftur að þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, og vil þá fyrst geta þess, eins og ég áðan sagði, sem ég tel ástæðu til að fagna í till., en það er einkum það atriði, að hv. flm. eru þeirrar skoðunar, að nauðsyn beri til að loka herstöðvunum og banna þar alla almenna umferð. Að vísu má segja, að það dragi dálítið úr fögnuðinum, að orðalagið á þessum lið er heldur þokukennt, eins og raunar fleira í till., en þó virðist það vaka fyrir hv. flm. að koma í veg fyrir stöðugt ráp hermanna um allar trissur og margvísleg meira en þarflaus samskipti hermanna og Íslendinga. Og þar eð þessi stefna er í samræmi við ályktun miðstjórnar Alþfl., eins og hv. flm. skýrði frá, þá má líklegt telja, að þinglið flokksins allt fylgi henni fram einart og ötullega. Þegar þess er einnig gætt, að Framsfl., flokkur hæstv. utanrrh., hefur gert svipaða ályktun í þessum efnum, þá mun mega ætla, að þingmeirihluti sé fyrir því, að herstöðvunum verði lokað. Ég vil ekki að óreyndu gera ráð fyrir, að þessar ályktanir fyrrgreindra flokka séu gerðar til þess að sýnast eða sefa óánægða flokksmenn, heldur vænti ég þess, að þar fylgi hugur máli. En á það reynir nú trúlega á þessu þingi, hversu djúpstæður er áhugi hv. alþm. á því að girða fyrir hina margvíslegu ógæfu, sem af því stafar, hve herliðið er látið leika hér lausum hala.

Að öðru leyti en því, sem tekur til lokunar herstöðva, nær till. sú, sem hér liggur fyrir, allt of skammt að mínum dómi, enda byggð á forsendum, sem ég er í mörgum efnum ósamþykkur, þ. á m. þeirri forsendu, að við ekki aðeins séum, heldur einnig að okkur beri að vera í hernaðarbandalagi, en af því leiðir svo það, að við hljótum um langa framtíð að gegna margvíslegum og þungbærum skyldum, sem því eru samfara, þ. á m. vörzlu og viðhaldi alls konar hernaðarmannvirkja. Verður sú starfsemi litlu eða engu fýsilegri í mínum augum, þó að svo sé ráð fyrir gert í þessari till., að Íslendingar hagnist fjárhagslega á slíkri hervirkjagæzlu. Vil ég af þessu tilefni skýra stuttlega afstöðu Þjóðvfl. Íslands til hersetu og þátttöku Íslendinga í hernaðarbandalögum.

Flokkur minn telur, að Íslendingum beri að taka upp að nýju hlutleysisstefnu sína í hernaðarátökum þjóða á milli, þeir eigi að hafna þátttöku í hvers konar hernaðarbandalögum og lýsa yfir ævarandi vopnleysi sínu, þeir eigi því að nota fyrsta hugsanlegt tækifæri til að losna úr hinu svo nefnda Norður-Atlantshafsbandalagi. Þjóðvfl. lítur svo á, að Íslendingum beri að ástunda vinsamleg skipti við allar þjóðir og það eigi að vera keppikefli þeirra og skylda að beita áhrifum sínum í samtökum þjóðanna til eflingar friði og alþjóðlegri réttarvernd hlutlausra smáríkja. Við höfum að vísu heyrt það sagt æði oft, að hlutleysi sé úrelt hugtak, sem reynzt hafi haldlaust í síðustu styrjöld. Það var sagt hérna áðan, bæði af hv. 1. flm. þessarar till. og hæstv. utanrrh. Verjendur hersetu á Íslandi hafa margsagt þetta. Þeir hafa sagt, að það megi ekki láta landið óvarið, yfirlýsingar um hlutleysi og vopnleysi endist skammt til varnar, ef svo skyldi fara, að ný heimsstyrjöld brytist út. Mér vitanlega hefur enginn haldið því fram, að slíkar yfirlýsingar tryggi landið gegn afskiptum í hernaðarátökum stórvelda. Slík trygging er því miður engin til. Ég hef hlýtt á margar ræður og lesið margar greinar, sem formælendur erlendrar hersetu hafa flutt og ritað, en ég hef hvergi komið auga á nein skynsamleg rök fyrir því, að herseta og hervirkjagerð í landinu verði íslenzku þjóðinni nokkur vörn. Vissulega hvílir þó sú skylda á þeim mönnum, sem hafa kallað yfir okkur herlið, að sanna þetta. En þeir hafa látið það ógert. Ég hygg þvert á móti, að herstöðvar á Íslandi séu, eins og komizt hefur verið að orði, fyrir fram pöntuð þátttaka í hugsanlegri komandi styrjöld. Við vitum allt of vel eða getum a. m. k. ráðið af líkum, hvernig ófriður milli hinna mestu hervelda nútímans mundi háður, ef styrjaldarbrjálæði hæfist að nýju. Ófriðarþjóðirnar mundu að sjálfsögðu leggja allt kapp á að vinna herstöðvum óvinanna og samgöngumiðstöðvum eins mikið tjón og framast væri kostur. Það væri að vísu hugsanlegt, að sterku herveldi tækist að verja landið okkar fyrir innrás, en þjóðinni mundi það í rauninni enga vernd geta veitt. Hversu öflugt herlið og hversu stórfelldur vígbúnaður sem hér væri, mundi sennilega ekkert fá varnað því, að kjarnorkusprengjum og öðrum stórvirkum

drápstækjum yrði varpað á hið verndaða land. Hervernd mundi því í ófriði ekki aðeins verða íslenzkri þjóð fányt, heldur verri en engin. Þegar er verndarþjóðin lenti í styrjöld, mundi samband okkar við hana gera land okkar að ófriðarsvæði og þjóð okkar raunverulega að ófriðarþjóð, en það mundi leiða yfir hana allt það böl og alla þá tortímingu, sem því væri samfara. Hið eina, sem íslenzkri þjóð getur verið vernd í, ef ný styrjöld brytist út, er vissulega það að vera sem fjærst herstöðvum og hernaðarátökum.

Þetta eru í mjög stuttu máli þær forsendur, sem við þjóðvarnarmenn byggjum á þá stefnu okkar, að segja beri upp herverndarsamningnum frá 1951 og taka upp að nýju hlutleysis- og vopnleysisstefnu þá, sem Íslendingar fylgdu í utanríkismálum allt fram að þeim örlagaríka degi, er þeir voru flekaðir í hernaðarbandalag það, sem kennt er við Norður-Atlantshaf.

Þar eð ætla má, að brátt gefist tækifæri til að ræða þessi stórmál öll í áheyrn alþjóðar, sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð miklu fleiri. Á eitt atriði vil ég þó lítillega minnast.

Fylgjendur og forsvarsmenn ameríkskrar hersetu á Íslandi láta það stöðugt klingja á hverjum þeim manni, sem er andvígur hersetu og bendir á hinar margvíslegu hættur, sem af því stafa, að hann sé í þjónustu annars stórveldis, hann sé leppur og leiguþý Rússa, eins og það er stundum svo fallega orðað. Þó að í hlut eigi menn, sem lýst hafa sig fullkomlega andvíga þeim stjórnarháttum, sem tíðkast austur þar, eru rök verjenda hernámsins, ef rök skyldi kalla, nálega alltaf hin sömu: Þeir menn og þeir flokkar, sem sætta sig ekki við ameríkst herlið á Íslandi, jafnvel margs konar yfirtroðslur þess herliðs, eru í rússneskri þjónustu, þeir eru að gera Rússum auðveldara fyrir að hertaka landið, þeir eru að grafa undan frelsi og lýðræði, og fleira mæla þeir álíka spaklega. Því er ekki að neita, að hér eru til menn, sem sjá Rússland í dýrðarljóma og trúa heitt á það stjórnarfar, sem þar ríkir, en hitt er alger ofrausn hjá forsvarsmönnum ameríkskra herstöðva á Íslandi að vilja gefa Rússum allar þær þúsundir Íslendinga í öllum stjórnmálaflokkum, sem eru andvígar hersetu hér á landi og sjá glöggt þann voða, sem íslenzkri þjóð er búinn af hennar völdum. Það er staðreynd, að ekkert ríki nema Bandaríki Norður-Ameríku hefur krafizt þess á friðartímum að fá herstöðvar á Íslandi. Rússar hafa mér vitanlega aldrei gert kröfur um slíka aðstöðu hér á landi. Ef þeir hins vegar sýndu svipaða ásælni í okkar garð sem Bandaríkjamenn hafa gert, þá er það vissulega skylda okkar að gera þeim skiljanlegt, að íslenzk þjóð vill ekki gera land sitt að fótaskinni erlendra herja eða erlends yfirgangs í einni eða neinni mynd. Því miður hefur glapsýni íslenzkra forustumanna valdið því, að Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur ekki verið gert þetta nægilega skiljanlegt. Við þjóðvarnarmenn teljum, að fyrir löngu sé tími til þess kominn, að það verði gert.

Þetta vildi ég sagt hafa um afstöðu Þjóðvfl. til þess stórmáls, sem þáltill. sú, er hér liggur fyrir, fjallar um. Af töluðum orðum mínum leiðir, að ég tel till. ná allt of skammt, en sum atriði hennar eru þó að mínum dómi til bóta frá því, að ekkert væri gert, og er þar þá sérstaklega um að ræða lokun herstöðvanna. Sá er vissulega vilji alls meginþorra Íslendinga að lifa í sátt við allar þjóðir, og sú er vissulega ósk þeirra að leggja sinn skerf fremur til þess að draga úr hatursbálinu en viðhalda því og blása að glóðunum. Það er siðferðisleg skylda okkar Íslendinga að láta ekki sjálfviljugir nota íslenzkt land til að efla eða magna ófriðarbálið, er við vitum að fyrr eða síðar getur hleypt gervöllum heimi í ljósan loga og orðið tortíming allrar siðmenningar.

*Finnbogi R. Valdimarsson:* Herra forseti. Það liggja nú fyrir hv. Alþ. þrjár till. um uppsögn og endurskoðun varnarsamningsins svo nefnda frá 1951. Í fyrsta lagi er frv. um uppsögn samningsins og afnám lagagildis hans, sem flutt er af öllum hv. þingmönnum Sósfl. í Nd., og í öðru lagi þær tvær till. til þál., sem hér liggja fyrir, önnur flutt af báðum hv. þm. Þjóðvfl. um uppsögn samningsins, og hin, sú till., sem hér liggur fyrir til umr., um endurskoðun samningsins, flutt af hv. forustumönnum Alþfl., hv. 1. og hv. 3. landsk.

Bæði með tilliti til stöðu hv. flutningsmanna þessarar till. innan flokks þeirra og til yfirlýsingar þeirrar, sem hv. aðalflm. till. gaf um, að það hefði verið samþykkt í miðstjórn Alþfl. að bera fram þessa till. eins og hún liggur fyrir, þá tel ég fyrir mitt leyti ástæðu til að fagna því, að það virðast vera að gerast a. m. k. sinnaskipti og skoðanaskipti og stefnubreyting í þessum hv. flokki miðað við fyrri afstöðu hans. Hv. aðalflm. sagði að vísu ekkert um það, hvort allur hv. þingflokkur Alþfl. stæði að þessari till. eða hvort það væru skoðanir og stefna allra þm. flokksins, sem lægi fyrir í till. og þeirri grg., sem henni fylgir, en meðan því er ekki mótmælt, að allur þingflokkur Alþfl., allur Alþfl. í heild sinni, standi að þessari till., þá verð ég að ganga út frá því, að svo sé, að með þessari till. sé einmitt mörkuð stefna Alþfl. í utanríkismálum að því er varðar samninginn frá 1951 a. m. k. og afstöðu til hans og hersetu Bandaríkjanna hér á landi. Og ég tel ástæðu til að fagna því, að þessi flokkur einmitt virðist hafa breytt skoðunum sínum og afstöðu til þess hernáms Íslands, sem var samþykkt m. a. af fulltrúum þessa flokks vorið 1951 þrátt fyrir þá afstöðu, sem einmitt hv. flm. þessarar till. höfðu tekið árið 1949 til inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið.

Ég tel ekki síður ástæðu til að fagna ýmsu því, sem kom fram í ræðu hv. 1. landsk. fyrir þessari till. Sérstaklega fagna ég þeirri yfirlýsingu hans, er hann sagði, að það væri nú hægt að staðhæfa, að kenningin um, að það vofði yfir Íslandi árás úr austri, sífelld hætta á því, að Ísland yrði hernumið úr austri, hertekið af sjó, væri röng. Ég fagna því, að hv. þm. gefur nú svo afdráttarlausa yfirlýsingu

um það, að þessi kenning sé röng. Ég hef oft í ræðu um þetta mál einmitt slegið því föstu og fært rök að því, að þetta er hin mesta falskenning. En ég veit ekki betur en að hernám Íslands 1951 hafi einmitt verið byggt á þessari falskenningu, þessari kenningu, sem ég hef opinberlega í ræðu leyft mér að kalla stærstu lygi, sem hefur verið haldið fram í íslenzkum þjóðmálum. Að vísu hafa aldrei komið fram nein rök fyrir þessari kenningu. Þau hefur hæstv. núverandi dómsmrh., fyrrverandi utanrrh., aldrei virzt þurfa að bera fram. Þetta er staðhæfing, sem hefur verið borin fram, að það vofi yfir Íslandi hernám, og það hefur verið látið liggja að því, þegar hernámssamningurinn 1951 var gerður og síðan, að þessi hætta á hernámi hafi einmitt vofað yfir vorið 1951 alveg sérstaklega og einnig síðan, en fyrir því hafa ekki heldur verið færð nein rök, því að þeir hv. 43 þm., sem stóðu að samningnum frá 1951, hafa aldrei þurft að færa nein rök fyrir því hér á Alþ., að þeir tóku ábyrgð á því að gera hann. Þeim nægði, að þeir voru 43. Þeir létu það nægja, að þeir höfðu meiri hluta og höfðu nægan blaðakost til þess að halda á lofti þeirri kenningu, sem hv. aðalflm. þessarar till. stimplar nú sem hina örgustu falskenningu, að það hafi vofað yfir Íslandi hernám í byrjun maí 1951. Ég fagna því, að hv. Alþfl. slær því nú föstu sem heild, að þessi kenning sé hin argasta falskenning, og hann byggir nú framvegis afstöðu sína í íslenzkum utanríkismálum og sérstaklega afstöðu sína til hersetu á Íslandi á því, að þessi kenning sé öll röng. Ég vona, að það sé orðin skoðun allra hv. þm. þessa flokks og að það verði ekki hvikað frá þessari skoðun í umr. um þetta mál framvegis.

Ég tel ekki þörf á að hafa langar umr. um þessa till., eins og hún hér liggur fyrir. Því hefur verið lýst yfir af hálfu hv. Þjóðvfl., að hann hafi óskað útvarpsumræðna um sína till. á þskj. 23 um uppsögn varnarsamningsins, og fara þar þá um leið væntanlega fram enn einu sinni almennar umr. um þessi mál, eins og þau horfa nú við. Ég vil nú aðeins segja það um mína afstöðu til þessarar till., sem hér liggur fyrir, að þó að hún sé í einstökum atriðum, að mínum dómi, ekki nógu ljóst orðuð og ég sé ekki samþykkur ýmsum skoðunum, sem eru settar fram í grg. hennar, þá fagna ég því þó, eins og ég hef áður sagt, að hún er fram komin. Í fyrirsögn þessarar till. er að vísu aðeins talað um endurskoðun þessa samnings frá 1951, en tveir fyrstu töluliðir þessarar till. eru þó ekki um endurskoðun samningsins. Þeir eru um atriði, sem snerta aðeins framkvæmd samningsins, og hinir síðari töluliðir þessarar till. sýna, að þó að hv. flm. tali um endurskoðun samningsins, þá er það alls ekki á þeim sama grundvelli og samningurinn frá 1951 var gerður, og skal ég víkja nánar að því síðar, á hverju ég byggi það. Þessi till. fjallar því að mínu viti að öðrum þræði um framkvæmd samningsins og að hinu leyti um nýjan samning á allt öðrum grundvelli, sem hv. flm. telja að kunni að koma til mála að gera í stað varnarsamningsins frá 1951. Þeir gera m. ö. o. ráð fyrir niðurfalli samningsins.

Það er í fyrsta tölulið þessarar till. lagt til, að framvegis skuli íslenzkir aðilar einungis annast framkvæmdir, sem ákveðnar voru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og enn er ólokið, segir þar. Það mun vera hér átt við ákveðin mannvirki, byggingar, sem hv. flutningsmönnum mun vera eitthvað sérstaklega kunnugt um að hafi verið ráðgerðar vorið 1951, þegar þessi samningur var gerður.

Í öðru lagi er í 2. tölulið till. gert ráð fyrir, að framvegis verði varnarsvæði þau, sem þegar hafa verið látin í té, þ. á m. sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem eingöngu eða fyrst og fremst þarf að nota í hernaðarþágu, afgirt og öll almenn umferð um þau bönnuð. Mér er nú ekki kunnugt um, að í samningnum frá 1951 séu nein ákvæði, sem banni þessar ráðstafanir, og því virðist mér ekki þurfa að koma til endurskoðunar samningsins til þess að fá þessum atriðum kippt í lag og þau framkvæmd á þann hátt, sem hv. flm. gera ráð fyrir. Orðalagið um það atriði að girða þessi svæði er að vísu ekki nógu ljóst að minni hyggju, því að það getur ekki verið, að hv. flm. eigi við það einungis, að Íslendingum verði bönnuð umferð um þessi svæði, heldur hitt, að umferð hinna erlendu hermanna um svæði utan þessara svæða verði takmörkuð eða bönnuð. En hvorar tveggja þessar ráðstafanir má gera á grundvelli samningsins frá 1951, og framkvæmd þeirra er aðeins lagfæring, lítils háttar lagfæring á því stórkostlega sleifarlagi, sem hefur verið á allri framkvæmd samningsins alla tíð frá 1951, en sú framkvæmd hefur verið, eins og kunnugt er, í höndum fyrrverandi utanrrh. og hinnar svo nefndu varnarmálanefndar, sem hann skipaði sér til aðstoðar í þeim efnum.

Það er frá mínu sjónarmiði mjög gleðilegt tímanna tákn, að það kemur nú fram opinberlega úr æ fleiri áttum, að öll framkvæmd hervarnarsamningsins frá 1951 hafi verið í ólestri og með þeim endemum, að ekki verði lengur við unandi. Það er alveg sýnilegt, að nú er hér á hv. Alþ. mikill meiri hluti, sem er kominn á þessa skoðun, að öll framkvæmd varnarsamningsins frá 1951 í höndum utanrrh. Bjarna Benediktssonar, núverandi hæstv. dómsmrh., og varnarmálanefndar hafi verið í ólestri og óþolandi, óviðunandi með öllu. Sá sami þingmeirihluti mundi vafalaust fagna því, ef þær tvær ráðstafanir, sem hv. flm. þessarar till. gera ráð fyrir og óska eftir, yrðu framkvæmdar, í fyrsta lagi, að íslenzkir aðilar einir önnuðust byggingarframkvæmdir og aðrar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og öðrum svo nefndum varnarsvæðum, og í öðru lagi, að þessi varnarsvæði svo nefndu yrðu fullkomlega afgirt og tekið með öllu fyrir ónauðsynlegt ráp og flakk hermanna um allar jarðir á þessu landi og þá sérstaklega hér í Rvík. Það er ánægjulegt að vita það, að hér er nú orðinn fullur þingmeirihluti fyrir till. um svo eindregnar ráðstafanir í þessum efnum, en þær till. fengust ekki afgr., þótt fyrir lægju frá

fleiri en einum flokki í fyrravetur hér á Alþingi. Ég vona, að það megi vænta þess, að núverandi hæstv. utanrrh. láti það ekki lengi dragast að gera þær ráðstafanir, sem hann hefur nú boðað, óljóst að vísu, í sinni ræðu hér áðan, um framkvæmdir til þess að bæta úr þeim ólestri öllum, sem verið hefur á framkvæmd þessara mála.

Ég get ekki ímyndað mér, hver ætti að harma, að það erlenda félag, sem hefur nú farið með mest af byggingarframkvæmdum á Keflavíkurflugvelli, yrði látið víkja, eins og hv. flm. þessarar till. leggja til, þannig að íslenzkir aðilar einir önnuðust þar framkvæmdir.

Það er alkunnugt, að þetta félag, sem er kennt við Hamilton, hefur brotið öll íslenzk lög, sem gátu snert á nokkurn hátt þess starfsemi hér á landi. Því hefur haldizt uppi að óvirða öll íslenzk stjórnarvöld, sem þau mál hafa heyrt undir, sem það hafa snert. Það hefur svikizt um að innheimta opinber gjöld samkvæmt íslenzkum lögum handa íslenzka ríkinu og íslenzkum bæjarfélögum. Það hefur brotið opinberlega alla samninga við verkalýðssamtök, sem gilda í þessu landi, jafnt líka þá samninga, sem voru gerðir með samþykki og að sumu leyti fyrir tilstuðlan hæstv. ríkisstj. á s. l. vetri. Þetta er alkunn og opinber staðreynd, og getur enginn hér á Alþingi né utan þess mótmælt því. Og nú upp á síðkastið hefur það gengið svo freklega fram í stríði sínu við íslenzk verkalýðssamtök, að því er nú í blaði, sem gefið er út á Keflavíkurflugvelli af starfsmönnum þar á vellinum, sem enn hafa ekki verið — ekki einu sinni af stjórnarblöðunum — vændir um að vera kommúnistar, slegið föstu, að þetta félag standi opinberlega í stríði við verkalýðssamtökin til þess að kúga þau og það sé um það að gera, hvort eigi að takast að kúga öll íslenzk verkalýðssamtök með samningsrofum og lögbrotum eða ekki. Og nú verður úr því skorið, hvort hv. Framsfl. og hans hæstv. nýi utanrrh., hvers tilkomu í það virðulega sæti, sem hann situr í, ég hef fagnað frá því að mér var kunnugt um, að hann mundi vera þangað væntanlegur, — nú verður úr því skorið, hvort hv. Framsfl., sem fer með þessi mál öll, stendur nú við það, sem hann hefur lýst yfir, að þetta félag skuli víkja; það mun verða að sjást, hann mun verða að taka ákvörðun um það nú næstu daga, því að þau mál eru komin í þann bobba, að það verður að leysa úr þeim eða skera á hnútinn.

Ég veit ekki heldur, hverjir ættu að harma það, þótt gerð yrði alvara úr því að framkvæma þá till., sem hér liggur fyrir og er komin fram úr öðrum áttum líka, frá hv. þm. Alþfl. á síðasta þingi, að það ætti að girða herstöðvarnar þar og loka þeim, þannig að engar ónauðsynlegar ferðir hermanna yrðu liðnar hingað til Rvíkur eða um landið yfirleitt. Það er a. m. k. víst, að húsnæðisleysingjarnir í Rvík hefðu ekki ástæðu til að harma það, að það væri tekið fyrir dvöl ameríska hermanna hér í Rvík. Það er alveg vitað, að þeir taka upp tugi eða hundruð íbúða hér í bænum, á sama tíma sem hér er meiri neyð í húsnæðismálum heldur en hefur hér þekkzt árum saman, ef ekki áratugum saman.

Þessi tvö atriði snerta, eins og ég áður sagði, aðeins framkvæmd samningsins frá 1951 og koma í raun og veru nauðalítið við endurskoðun hans.

Í 3. og 4. tölulið þessarar till. láta hv. flm. í ljós, með hvaða hætti þeir vilji endurskoðun þessa samnings. Þeir slá því föstu í fyrsta lagi, að Íslendingar geti farið með gæzlu þeirra mannvirkja, sem þegar hafi verið gerð á Keflavíkurflugvelli og annars staðar á svo nefndum varnarsvæðum, án þess að nokkur Íslendingur sé þjálfaður til hernaðarstarfa. Ég tek undir þessa skoðun hv. flm. og fagna henni. Þeir slá því föstu í 4. lið þessarar till., að þeir vilji ekki una við varnarsamninginn frá 1951 á þeim grundvelli, sem hann er, heldur telji þeir, að ef slíkur samningur sé gerður á annað borð, þá ætti hann að vera á þá leið, að Alþingi geti ákveðið með þriggja mánaða fyrirvara, að allur erlendur her, allt herlið Bandaríkjanna eins og það leggur sig, yrði að hverfa frá Íslandi, en í samningnum frá 1951 er langt frá því, að það sé gert ráð fyrir slíku, að það sé á valdi Alþingis að reka ameríska herinn burt úr landinu með þriggja mánaða fyrirvara. Í núgildandi uppsagnarákvæðum samningsins er því slegið föstu, að þó að svo færi, að Alþingi Íslendinga vildi uppsögn þessa samnings með öllu, vildi, að hann félli niður, vegna þess að alþm. væru komnir á þá skoðun, að ameríska herstöðvar hér í landi væru hvorki nauðsynlegar né æskilegar, þá verði Íslendingar að bíða í 18 mánuði eftir því, að þessi her víki. Þannig var um hnútana búið 1951 með samþykki hv. flm. þessarar till.

Ég vil því slá því föstu, að hv. flm. þessarar till. vilja nú, ef um samning væri að ræða að endurskoðuðum þessum samningi, sem nú gildir, samning á allt öðrum grundvelli heldur en þessi samningur er, og ég fagna því enn. Það er vitanlega út af fyrir sig rétt, að það er Alþingi eitt, sem á að ákveða það, hvort það sé her í landinu, erlendur her í landinu — eða ekki. Það er vitað, að það er óhæfa, eins og ákveðið var í samningnum frá 1951, að það skuli verða að líða 18 mánuðir frá því, að Íslendingar kæmust að þeirri niðurstöðu, að það eigi ekki að vera her í landi þeirra, — að þeir verði að bíða í 18 mánuði eftir því, að sá her, sem hér er, fari, en þetta var nú samþykkt 1951.

Uppsagnarákvæði varnarsamningsins svo nefnda frá 1951 mun vera einsdæmi í millirikjasamningum, og ég benti á það í umr. um hann hér á Alþingi 1951, að það væri þá helzt samningur Breta við Egypta, sem hefði þvílík uppsagnarákvæði að geyma eins og þessi, en það er kunnugt, að sá samningur var gerður með nauðung, vegna þess að brezkur her sat og hafði setið áratugum saman í Egyptalandi og gat kúgað Egypta til hverra samninga sem var. Hann var gerður með vopnin, með brezka tanka og fallbyssur og flota yfir höfði sér. En þessi samningur var gerður, að því er sagt

hefur verið og haldið fram, af frjálsum vilja 43 þm. Þeir gerðu hann af frjálsum vilja, það var ekki kominn — segja þeir og hafa lagt mikla áherzlu á — það var ekki kominn hér amerískur her eða floti. 43 þm. komust að þeirri niðurstöðu, að nú vofði slík hætta yfir Íslandi, að það yrði að gera samning, yrði að fá hingað erlent herlið, og þá bjuggu þeir um leið svo um hnútana, að það væri ekki hægt að losna við þetta herlið fyrr en að 18 mánuðum liðnum, eftir að þeir eða Alþingi kæmist að þeirri niðurstöðu, að herliðsins væri engin þörf. Þetta og önnur ákvæði þessa samnings munu verða geymd í sögunni, og allar aðferðir, sem notaðar voru við gerð þessa samnings, munu geymast í sögunni, væntanlega sem einsdæmi. En ef hv. Alþfl. og ef til vill fleiri af þeim mönnum, sem stóðu að þessum samningi, eru nú komnir á þá skoðun, að bæði sé framkvæmd hans með öllu óviðunandi og óþolandi í þeirri mynd, sem hún hefur orðið þau tvö og hálft ár, sem hann hefur gilt, og enn fremur að sá grundvöllur, sem þessi samningur var gerður á, sé rangur og að það komi ekki til mála að endurnýja þennan samning á sama grundvelli, eins og hv. flm. þessarar till. sýnilega meina, þá tel ég mikla ástæðu til að fagna og síður ástæðu til að erfa við þessa hv. þm. og aðra það, að þeir stóðu svo ábyrgðarlaust að gerð þessa samnings fyrir tveimur og hálfu ári. Hér er nú áreiðanlega, eins og ég áður sagði, meiri hl. á hv. Alþingi fyrir því að kippa í lag framkvæmd þessa samnings, meðan við hann verður að búa samkv. ákvæðum hans, og ef til vill er líka meiri hl. hér á hv. Alþingi fyrir því að krefjast þess, að í stað þessa samnings, ef um nokkurn samning ætti að vera að ræða, **kæmi annar samningur** á allt öðrum grundvelli. Flokkur hæstv. utanrrh., Framsfl., hefur lýst því yfir í blaði sínu og á annan hátt, hygg ég, að það sé hans skoðun, að það beri að endurskoða þennan samning, taka hann til endurskoðunar. En það hefur að vísu ekki komið eins fljótt fram, á hvaða grundvelli sá flokkur óskar endurskoðunar samningsins. Ef það er á svipuðum grundvelli og hv. flm. þessarar till. virðast vera komnir á, ef hv. Framsfl. er kominn á þá skoðun, að það ætti ekki að gera samning eins og þennan, á sama grundvelli, að sá grundvöllur, sem þessi samningur hvílir á, sé ekki réttur og æskilegur fyrir Íslendinga og þess vegna beri að taka samninginn til endurskoðunar, þá væri að mínum dómi mikil ástæða til að fagna því, ef slík sinnaskipti hefðu orðið. En ég tel víst, að það komi fram við meðferð þessa máls — einmitt þessarar till. — hér á hv. Alþingi, hvort þetta er svo, að flokkur hæstv. utanrrh. telji grundvöll varnarsamningsins frá 1951 einnig óviðunandi, eins og hann telur framkvæmd hans óviðunandi og óþolandi lengur. Það mætti þá vera, og mér virðist meira að segja, að það gætu bent ýmsar líkur til þess, að hér á hv. Alþingi mætti skapast þingmeirihluti í þessum málum, sem gæti fundið nýjan grundvöll í stað þess auðmýkjandi samnings, sem hefur verið búið við í tvö og hálft ár, en allir virðast nú vera að snúast á móti. En þetta mun einmitt, eins og ég áðan sagði, koma sérstaklega í ljós við meðferð þessa máls í hv. utanrmn. og hér á Alþingi.

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Mér sýnist, í sambandi við þær umr. og þá þögn, sem hér fer fram, að undanhald sé að byrja hjá þeim hv. flokkum, sem stóðu að Atlantshafssamningnum og hernámssamningnum 1951. Mér virðist Alþfl. ryðja brautina allmyndarlega, enda þorir hann nú í fyrsta skipti um langan tíma að taka til máls um þessi mál. Framsókn var dálítið að hiksta á þessum málum fyrir síðustu kosningar, og íhaldinu hefur þótt gott núna að sleppa við aðalábyrgðina og forustuna í meðferð utanríkismálanna. Það er auðséð á öllum sviðum, að það er að bresta flótti í það lið, sem kallaði ameríska herinn inn á Ísland. Ég sé hins vegar á byrjuninni á þessum umr., að það muni vera meiningin hjá þm. Framsfl. og Sjálfstfl. að reyna að þegja, eins og þeir eru vanir, þegar þessi mál eru til umræðu hér á Alþingi. Það virðist vera þeirra afstaða, eins og það hefur verið hingað til, að þjóðina varði ekki um, hvað þeir hafi gert í þessum málum, og þeir eigi ekki að standa reikningsskap hér á Alþingi fyrir því, sem þeir gera. Ég vil að vísu láta í ljós ánægju mína yfir því, að mér heyrist hæstv. utanrrh. vera á annarri skoðun þarna og lýsir því yfir hér, að hann muni svara þinginu og gefa því upplýsingar á sínum tíma viðvíkjandi þessum málum. Það er hins vegar ekki hann, sem ber ábyrgð á því svívirðingarástandi, sem hérna ríkir á landinu núna. Það eru þeir hv. þm. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., sem hér sitja í sínum þingsætum.

Ég held nú, fyrst Alþfl. er þó a. m. k. farinn að hafa kjark í sér til þess að tala um þessi mál og kveða upp úr með, hvers konar ástand sé hér skapað, úr þeim gömlu stjórnarherbúðum, þá held ég nú, að þm. og þeir ráðh., sem eru þm., úr Frams- og Sjálfstfl. ættu að sjá sér vænst að taka til máls líka, en ekki halda fast við að láta þögnina og baktjaldamakkið við Ameríkanana geyma þeirra málstað. Það er sannarlega tími til þess kominn, að þeir menn, sem bera ábyrgð á því ófremdarástandi, sem hér hefur skapazt á Íslandi, standi reikningsskap frammi fyrir þjóðinni, þannig að þeir þori að ræða hér á Alþingi við almennar umræður, hvað það er, sem gerzt hefur hér á undanförnum árum, og ég held það veiti ekki af því, að þau mál séu krufin alvarlega til mergjar.

Meðan ekki gefst tími eða tilefni til að ræða frekar við þá ráðh. Frams.- og Sjálfstfl., sem kölluðu ameríska herinn inn í landið, og þá þm., sem fylgja þeim til þess, þá mun ég nú fyrst og fremst ræða við 1. landsk. þm., sem hér hefur f. h. Alþfl. hafið undanhaldið í þessum málum, og athuga nokkuð þau rök, sem hann þar flytur fram sínu máli nú til stuðnings. Mér skilst raunverulega á honum, að það sé eiginlega nokkuð ný teoría þar á ferðinni, sem Alþfl. grundvallaði nú sína afstöðu í þess-

um málum á, hún væri sú, að það ætti að vera samvinna við aðrar þjóðir í hernaði, sem yrði að grundvallast á möguleikum til verzlunar í stríði. Ég verð nú að segja, að mér finnst þessi teoría dálítið undarleg, og ég skal koma að henni seinna. Við skulum fyrst athuga nokkrar aðrar af hans staðhæfingum.

Hann virtist líta svo á, að það væri ekki neitt annað að gera en að fara í einhver bandalög, það að fara eigin götur þýddi að fylgja einangrunarstefnu. Þetta er alveg hrein vitleysa. Utanríkispólitík hvers einasta lands á að miðast við það að varðveita þess sjálfstæði og þess tilveru út frá hagsmunum þjóðarinnar sjálfrar og án tillits til annars og að finna út frá þessum hagsmunum og út frá þessum lífsþörfum, hvaða pólitík sé hentugust á hverju augnabliki til þess. Það að fordæma fyrir fram sem einhverja einangrunarstefnu að fara eigin götur, þ. e. að reka sjálfstæða utanríkispólitík, er að fordæma sjálfstæði einnar þjóðar, fordæma möguleika hennar til þess að vera sjálfstæð.

Hv. 1. landsk. sagði, að við yrðum að miða við ástandið í þeim heimi, sem við búum í. Hv. þm. lýsti bara því ástandi algerlega skakkt. Það eru ákaflega sterk öfl til í heiminum, sem vinna að því, að smáþjóðir eins og við fái að vera í friði. Og ef við ætlum að meta, hvaða utanríkispólitík hæfir okkar hagsmunum bezt, þá verðum við að þora að miða við það, að slík öfl séu til sterk hjá öllum þjóðum, sem vilja varðveita frið, meira að segja Bandaríkjum Norður-Ameríku líka. Það að ætla að beygja sig fyrir því, að yfirstéttir nokkurra ríkja hafi myndað hið svo kallaða Atlantshafsbandalag, beygja sig fyrir þeim staðreyndum og segja, að fyrst þetta bandalag hefur verið myndað, þá sé sjálfsagt fyrir okkur að vera í því, er sama sem að gefa upp sjálfstæða utanríkispólitík og gerast í staðinn taglhnýtingur þeirra, sem kunna að vera voldugir í einhverjum nágrannaríkjum okkar á viðkomandi augnabliki. Og að vera slíkur taglhnýtingur leiðir fyrr eða seinna til þess að verða hálfgert leppríki líka. Hví í ósköpunum ættum við Íslendingar, jafnvel þótt við stæðum einir um svona pólitík, ef við álítum hana rétta, ekki að þora að segja það? Við höfum jafnvel bjargað okkur áður í okkar sögu á því að þora að fara öðruvísi að en allar aðrar þjóðir, út frá því að okkar þjóðfélagi hentaði annað en það, sem öllum öðrum þjóðum hentaði þá.

Rétt á eftir kemur hv. 1. landsk. inn á það í sinni ræðu: Ja, ef einhverjar af þjóðunum í Evrópu, við skulum segja England, Norðurlönd, tækju upp hlutleysisstefnu, þá yrði það aftur raunhæft fyrir okkur Íslendinga að tala um hlutleysisstefnu. Af hverju er ekki jafnraunhæft fyrir okkur Íslendinga og jafnrétt að gerast brautryðjendur í hlutleysisstefnu á undan Norðurlöndum og jafnvel undan Englandi eins og að dragast aftan í Englandi og aftan í Norðurlöndum, á meðan þessar þjóðir væru ekki búnar að átta sig á því, hvað praktískast er fyrir þeirra eigin hagsmuni? Hví í ósköpunum ættum við Íslendingar ekki að geta rutt braut í þessum efnum? Auðvitað getum við vel rutt braut í þessum efnum. Ef við getum lifað, þá eigum við að koma vitinu fyrir þessar þjóðir, sem búið er að blekkja með þeim áróðri, sem þessi hv. þm. var á ýmsan hátt mjög vel að hrekja hér áðan, hræða á þeirri grýlu, sem Hitler notaði áður og Bandaríkin núna til þess að reyna að beygja lýðræðisríki undir voldugt auðvald.

Það er ef til vill ekki svo algerlega fjarri því, að við Íslendingar séum á vissan hátt að ryðja þessa braut. Hv. 1. landsk. man eftir yfirlýsingu formanns danska Sósíaldemókrataflokksins fyrir síðustu kosningar um, að Danir eða a. m. k. danski Sósíaldemókrataflokkurinn kærði sig ekki um að fá amerískar herstöðvar í Danmörku. Og hvað vitnaði hann í þar? Hann vitnaði í fordæmið frá Íslandi. Hann vitnaði í það, að Íslendingar væru svo óánægðir út af hernámssamningnum frá 1951, að það væri full hætta á fullum fjandskap við Bandaríkin vegna hans. Af hverju eru Íslendingar óánægðir með samninginn 1951? Af því að þjóðin er búin að sjá, hvað yfirgangur Bandaríkjanna þýðir, sá yfirgangur, sem hver viti borinn maður gat reiknað út 1951 og við vissum að mundi koma. En það, að við Íslendingar risum upp, þeir sem ekki létu fjötra sig af áróðri Atlantshafsbandalagsins og þess flokka hér, risu upp gegn þessu hernámi og börðust gegn afleiðingunum af því á Keflavíkurflugvelli og annars staðar, hefur leitt til þess, að þjóðir eins og Danir eru að byrja að átta sig á, hvaða hætta sé þarna á ferðinni. Þeir eru m. ö. o. að byrja að rísa upp og fylgja stefnu, sem þessir menn, sem hv. 1. landsk. stundum er að kalla kommúnista, hafa verið að marka hér á Íslandi. Það má vel vera, ef við segðum okkur úr Atlantshafsbandalaginu og rækjum ameríska herinn burt héðan af Íslandi, eins og við getum gert, að Danir og Norðmenn fyndu fulla ástæðu til þess að taka upp svipaða hlutleysisstefnu og við höfum haft áður og sæju, að það væri bezt fyrir þeirra hagsmuni. Er ekki hægt fyrir okkur að gera eitthvað svipað og Svíþjóð hefur gert? Hví í ósköpunum ættu okkar hagsmunir að vera eitthvað fjarri? Hví í ósköpunum ætti að fordæma sem einhverja þjónkun við erlent stórveldi hér á Íslandi það, sem Svíar hafa leyft sér að gera núna í mörg ár? Og hví í ósköpunum ættu Danir og Norðmenn ekki að geta séð hagsmuni sína í því að taka upp sömu stefnu? Nei, ég held, að það væri einmitt meiri heiður að því fyrir okkur Íslendinga að þora að gerast brautryðjendur, þora að segja nei við yfirgangi Bandaríkjanna heldur en að bíða og bíða, þangað til sprungan t. d. á milli Englands og Bandaríkjanna sé orðin svo mikil, að meira að segja England sjálft fari að rísa upp á móti Bandaríkjunum og segja þeim svo á eftir fullum hálsi, að þeir vilji ekki einu sinni lengur vera í bandalagi við þá. Og ég vil um leið og ég varpa fram þeirri hugmynd, sem vissulega er ekkert óraunhæf lengur, spyrja þessa hv. þingflokka, sem hafa nú veitt Bandaríkjunum þau ítök á Íslandi, sem þeir nú hafa: Hvað er það, sem þessir hv.

þingflokkar hugsa sér, svo framarlega sem England skyldi nú taka upp þá afstöðu, sem við höfum stundum verið að berjast fyrir hérna, beygja sig ekki lengur fyrir yfirgangi Bandaríkjanna og taka héðan af upp hlutleysisstefnu? Er þá meiningin með þeirri pólitík, sem nú er rekin, að búið sé að gera Ísland nægilega háð Bandaríkjunum til þess að Ísland geti þjónað sem herstöð á móti Bretum líka? Það er bezt, að þessir hv. þm., sem alltaf hafa lýðræðið og lýðræðisríkin og ekki sízt Bretland í því sambandi á vörunum, geri sér alveg fyllilega ljóst, hvað þeir eru að gera. Það er ekki brezkur her, sem þeir kölluðu hingað inn, heldur ameríkskur, og sá ameríkskur her, sem á jafnt að vera notaður á móti þeim, sem þeir kalla sérstaklega lýðræðisþjóðir Evrópu, eins og á móti öðrum. Það eru þeir, sem bera ábyrgðina á þessu. Það eru þeir menn, sem hafa kallað ameríska herinn hér inn í landið, sem bera ábyrgðina, til hvers sem hann verður notaður, og það dugir engin afsökun í því sambandi, að þeir hafi ekki ætlazt til þess, að þessir blessuðu Bandaríkjamenn gerðu þetta og þetta. Þeir menn, sem hafa kallað ameríska herinn hér inn á Ísland, verða að gera sér ljóst, að þeir hafa kallað her árásarsinnaðs stórveldis, sem er að stefna að því að leggja undir sig heiminn. Þeir hafa kallað þann her hingað inn. Og það er á þeirra ábyrgð, þótt það sé ekki á þeirra valdi, hvað sá her kann síðar meir að gera. Það þýðir þess vegna lítið að vera að tala um, að við séum að skipa okkur í sveit með Bandaríkjunum og Stóra-Bretlandi í þessu sambandi. Við skulum athuga það máske betur síðar, hvernig þeim málum er hagað, hvernig menn eru að skipa sér í sveit þar.

En ég ætla ofur lítið að minnast á það, sem hv. 1. landsk. kom inn á og vildi nú sérstaklega náttúrlega drótta að okkur sósialistum, eins og vant er, um hagsmuni Austur-Evrópuríkjanna í þessu sambandi. Það er nauðsynlegt, ef við ætlum að reyna að stjórna okkar landi, að einhverjir viti, eins og heimurinn er, að við gerum okkur ljóst, hvernig ástandið raunverulega er í heiminum, og að við reynum að skyggnast eitthvað dýpra og kryfja það ástand betur til mergjar en við gerum bara með því að lesa Morgunblaðið. Sum ríki í heiminum, sem nú eru sósíalistísk, hafa átt við það að búa, frá því að þau urðu til, að auðvaldsríkin í heiminum hafa undirbúið og gert árásir á þau. Og það ætti varla að hafa farið fram hjá þeim hv. Alþýðuflokksþingmönnum, a. m. k. sízt þeim, sem eldri eru, að eftir að byltingin var gerð í Rússlandi og alþýðan tók þar völdin, þá voru í upp undir fjögur ár meira eða minna háðar árásarstyrjaldir af Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, öllum þessum svo kölluðu lýðræðisríkjum, til þess að reyna að kæfa þá byltingu alþýðunnar í blóði. Það mistókst alveg, eins og það mistókst seinna meir fyrir Hitler að drepa þessi alþýðuríki. En hitt aftur á móti getur vafalaust enginn láð þeim verkamönnum og bændum, sem hafa brotizt til valda í þessum ríkjum, að þeir séu tortryggnir eftir þær árásir, sem þeir hafa orðið fyrir á þessum fáu áratugum, sem alþýðuvöld og sósíalismi hafa verið til í heiminum, ekki sízt með tilliti til þess, að við vitum ósköp vel, hvernig auðvaldsríkin ekki aðeins út frá sínum stéttahagsmunum heyja þannig árásarstyrjaldir á þessi alþýðuveldi, heldur hvernig styrjaldirnar eru um leið stórfelldustu gróðafyrirtæki auðhringanna, sem ráða í þessum löndum. En ég ætla ekki að fara að rekja þau mál nánar, þótt ég sé reiðubúinn til þess, en aðeins athuga örstutt það, sem hv. 1. landsk. sagði, að auðvitað hljóti hinn hreini kommúnisti að taka afstöðu með hagsmunum alþýðulýðveldanna, það sé svo sem ekki út frá hagsmunum sinnar eigin þjóðar, sem hann sé að taka afstöðu, ef það af tilviljun kann að fara saman.

Veit hv. 1. landsk., hvað það er gamalt að bera sósíalistum á brýn, að þeir séu þjónar einhverra annarra en alþýðunnar sjálfrar? Veit hann, að þetta hefur verið gert frá því, að sósíalisminn varð til í heiminum? Upprunalega vorum við sósíalistar ásakaðir um það að vera sendiboðar djöfulsins, það var þegar menn voru ekki orðnir eins feimnir við það að taka guð almáttugan sér í munn í sambandi við stjórnmálin eins og menn eru orðnir núna. Næst þar á eftir þótti mönnum praktískt að bera hverjum sósíalista, sem barðist á móti stríði sinnar eigin auðmannastéttar, það á brýn, að hann væri auðvitað erindreki auðvaldsins í hinu landinu. Hvað var sagt við Wilhelm Liebknecht og August Bebel 1871, þegar þeir í þýzka þinginu börðust á móti styrjöldinni? Auðvitað var sagt, að þeir væru erindrekar Frakka. Hvað var sagt um Jean Jaurez 1914, þegar hann sem foringi frönsku alþýðunnar þá barðist á móti þeirri stórveldastyrjöld, sem franska auðvaldið var að leggja út í? Auðvitað var sagt, að hann væri erindreki Þjóðverja, þýzka auðvaldsins — og myrtur á þeim grundvelli. Þetta eru röksemdir, sem hafa alltaf verið notaðar móti sósíalistum. Þetta er það, sem auðvaldinu hefur þótt þægilegast og eðlilega þægilegast, vegna þess að það hefur aldrei nokkurn tíma mátt né þorað að segja sannleikann í þessum efnum, að sósíalistarnir væru að berjast fyrir hagsmunum alþýðu síns eigin lands, á móti yfirstétt síns eigin lands. Þess vegna þykir yfirtéttinni hér á Íslandi, þeirri, sem var að selja Ísland undir Bandaríkin, heppilegast að nota slíkar röksemdir. En það er hart, að hv. 1. landsk. skuli taka undir þær, sérstaklega í því máli, sem hann er að tala um í dag. Hann segir, að auðvitað hljóti hinn hreini kommúnisti að vera á móti því að gera hernámssamning eins og 1951. Má ég spyrja: Var hann hinn hreini kommúnisti, hv. 1. landsk., þegar hann stóð á móti því, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður? Var hann hinn hreini kommúnisti, hv. 1. landsk., þegar hann barðist á móti því, að Atlantshafssamningurinn væri gerður? Og hvaða leyfi hefur hann að gera öðrum þær getsakir, sem hann ekki gerir sjálfum sér, þegar hann tekur sömu afstöðu?

Röksemdirnar fyrir því, að Ísland ætti ekki að ganga inn í Atlantshafsbandalagið, voru svo greinilegar og svo auðsæjar, að jafnvel hv. 1. landsk. sá þær, þó að hann hefði ekki þrek í sér til þess að standa við þær áfram, að standa á móti því, að hernámssamningurinn, sem var takmarkið, sem Bandaríkin stefndu að með öllum þeim samningum, sem voru þá gerðir á Íslandi, væri gerður líka. Við vissum það ósköp vel allir saman, við sem börðumst saman á móti Atlantshafssamningnum, að það var ekki þar um það að ræða, að Ísland væri að ganga í eitthvert varnarbandalag, — að það væri ekki um það að ræða, að við værum að tryggja okkur einhverja vernd frá hálfu Atlantshafsríkjanna. Við vissum ósköp vel, hvað var að gerast. Við vissum, að það voru hagsmunir Bandaríkjanna, sem kröfðust þess, að þeir næðu tökum á Íslandi. Og við vitum ósköp vel, að hagsmunir Íslands hafa aldrei staðið í neinu sambandi við herstöðvar hér á Íslandi. Herstöðvar hér á Íslandi leiða fyrst og fremst þá hættu yfir okkur, að þjóðin verði drepin. Herstöðvar á Íslandi, það þýðir fyrst og fremst aðstöðu fyrir útlenda þjóð til þess að geta barizt héðan sem bezt, til þess að geta látið skella á Íslandi árásirnar, sem hún væri hrædd um að ella kynnu að skella á sér. Það þýðir að tefla Íslandi fram sem peði til þess að láta drepa það til að verja kónginn heima fyrir. Fyrir okkur Íslendinga hafa aðeins verið einir hagsmunir í sambandi við styrjöld — og það er að lifa af, það er að gera ráðstafanir til þess, að við gætum lifað eftir þá styrjöld. Og um það hefðu þeir valdhafar, sem hafa haft ábyrgðina á stjórn Íslands á undanförnum sex árum, gjarnan mátt hugsa, — mennirnir, sem hafa gert allar ráðstafanir til þess að drepa þjóðina.

Þá spurði hv. 1. landsk., hvort það væri virkilega tilætlunin hjá okkur, sem stæðum á móti þessum hernámssamningi og vildum, að Ísland væri hlutlaust, að við mundum neita um aðstöðu hér eins og seinast, 1941, og sagði, að slíkt mundu þjóðir eins og Bretland og Bandaríkin, ef þær ættu þá saman í stríði, telja beinan fjandskap. Ég álít tvímælalaust, að þótt til styrjaldar kæmi, þá væri það langskásta aðstaðan fyrir Ísland að halda áfram að vera hlutlaust, meira að segja þó að það væri hersetið, og látum Bretland og Bandaríkin um það að ætla að telja þjóð, sem lýsir sig hlutlausa, í fjandskap við sig. Það er þá ný túlkun á alþjóðarétti, sem aldrei hefur þekkzt hingað til og mundi aldrei nokkurn tíma verða viðurkennd í neinum samningum, sem fram færu eftir stríð. Ísland var hlutlaust seinast, og Ísland mótmælti hernámi Breta, og ég veit ekki til þess, að það hafi verið skoðað sem fjandskapur. Það hefur verið skoðað sem eðlileg sjálfsvörn. Svo framarlega sem okkar hlutleysi, ef það væri, yrði ekki virt, þá er það þó miklu betra að vera hernuminn heldur en að vera virkur þátttakandi í styrjöld. Hvað þýðir það, sem gert hefur verið í Atlantshafsbandalaginu, svo framarlega sem Atlantshafsbandalagið yrði látið koma til framkvæmda, ef til styrjaldar kæmi? Það þýðir að gera Ísland að virkum aðila í styrjöld. Það þýðir að setja á Ísland ábyrgð af því öllu, sem þessi bandalög gera í viðkomandi styrjöld. Það þýðir að velta á Ísland öllum afleiðingunum af því, að slíkir bandamenn eins og Bretland og Bandaríkin eða kannske bara Bandaríkin ein mundu máske tapa í slíkri styrjöld. Það þýðir að gera Ísland að sakaraðila í slíku sambandi, að setja þá sök á Ísland, að það eigi sök á slíkri styrjöld með Bandaríkjunum. Og við höfum margrakið það hér áður, þó að hv. þingmenn stjórnarflokkanna, fyrri og seinni stjórnarflokka, hafi gert lítið með það, — við höfum margrakið það, hvað það mundi þýða að láta Ísland komast í aðstöðu yfirunninnar þjóðar, sem hefur tekið þátt í því með Bandaríkjunum að hefja árásir á aðrar þjóðir. Þá vitum við, hvað bíður slíkra landa, sérstaklega svo framarlega sem sú aðstaða, sem þau hafa veitt, verður til þess að valda ægilegum skelfingum hjá öðrum þjóðum. Við sjáum enn þá ríki eins og Austurríki, sem búa við slíkt að hafa lent inn í slíkri ógæfu, þó að stór hluti þjóðarinnar væri á móti. Og við skulum alveg gera okkur ljósa þá hreinu lögfræðilegu og samningslegu ábyrgð, sem við tökum af því að fleka Ísland inn í bandalag eins og Atlantshafsbandalagið.

En þá minntist hv. 1. landsk. á þá möguleika: Ef nú okkar hlutleysi væri virt í styrjöld. Ja, mér fannst honum bara helzt finnast það eitthvað voðalegt. Ég sé nú ekki betur en það væri þó það langsamlega skásta, sem fyrir okkur gæti komið í styrjöld, ef slíkt hlutleysi væri virt. Við skulum segja, að Bretland og Bandaríkin settu verzlunarbann á okkur í slíkri styrjöld, og mér heyrist nú nokkurn veginn, að spursmálið um verzlun sé einmitt það eina, sem allt eigi að miðast við. Ég held, að hv. 1. landsk. og því miður flestallir þm., sem um þessi mál tala, tali eins og þeir hafi ekki hugmynd um, hvað stríð er. Þeir hafa aldrei nokkurn tíma upplifað það sjálfir að vera mitt í styrjöld, vera daglega þar, sem sprengjurnar falla, sjá allt brennandi í kringum sig, vita ekki, á hvaða sekúndu þeir kunna sjálfir að farast. Þeir hafa ekki upplifað það, sem okkar togarasjómenn upplifðu á styrjaldarárunum, og þeir hafa sízt af öllu upplifað það, sem þjóðirnar á meginlandi Evrópu upplifðu í sambandi við styrjöldina síðustu. Þess vegna er talað svona gáleysislega um það og breytt enn þá gáleysislegar, þegar verið er að tala um styrjöld og hernaðarbandalög. Þess vegna er búið að fleka okkur inn í styrjaldarbandalag, árásarstyrjaldarbandalag, með eintómum áróðri og lygum, af því að okkar þjóð hefur, mér liggur við að segja til allrar hamingju, ekki fengið að kenna á því, hvað styrjöld er, nema örfáir af okkar mönnum, sem hafa staðið í siglingunum og þvílíku. Nei, ef okkar hlutleysi í styrjöld væri virt, jafnvel þó að við yrðum að lifa eins og okkar forfeður hafa lifað, jafnvel við sult og seyru, undir meira eða

minna verzlunarbanni, þá væri það stórkostleg hamingja móts við það að vera skotmark í nútímastyrjöld.

Ég held, að þeir menn, sem nú eru farnir að sjá að sér, sem nú eru farnir að átta sig á því, hvers konar glapræði þeir gerðu 1951, þegar þeir báðu um ameríska herinn inn í landið, ættu að fara að segja þingheimi satt og hreint frá, hvernig stóð á því, að 43 íslenzkir þm. og þm. þar á meðal, sem stóðu á móti Atlantshafsbandalaginu, létu glepja sig út í þetta. Hvað var sagt við þessa menn? Hverju var logið að þeim? Á hverju voru þeir hræddir? Hvernig var grýlan máluð út fyrir þeim þá? Það hefur eitthvað þurft til að tryggja, að hv. þingmenn færu að brjóta stjórnarskrána, færu að brjóta sinn drengskapareið, færu að svíkjast aftan að þjóðinni, eins og gert var á fundunum í maí 1951. Það hefur eitthvað þurft til. Ég veit ósköp vel, að þessir menn hafa ekki horfið frá allri sinni fyrri stefnu án þess, að það hafi eitthvað verið lagt fyrir þá, sem þjóðin vissi ekki um enn þá. Hvað var þessum mönnum sagt? Hvernig stendur á því, að þessi samningur skuli hafa verið gerður 1951? Var þeim sagt, og trúðu þeir því kannske, að það væru rússnesk síldarskip hérna hringinn í kringum landið full af hermönnum til þess að ráðast á það? Voru það einhverjar svona bábiljur, sem tókst að telja þessum hv. þm. trú um? Hvað var það, sem olli því, að svona hlutur gat gerzt? Það þarf enginn að fara að segja mér, að það hafi verið Kóreustyrjöldin. Þessir hv. þm. tala núna um, að það líti friðvænlega út í heiminum, og það má þó víst eins búast við því, að Júgóslavía og Ítalía fari að berjast á morgun eða Arabaríkin og Ísrael. Og ég veit ekki betur en að stríðið haldi áfram í Indókína af fullum krafti. Ég held, að áfram haldi allar þessar styrjaldir, sem hafa verið síðustu 150 árin og verða líklega — því miður — það sem eftir er af þessari öld. Það þarf ekki að telja okkur hér trú um svona bábiljur. En það væri hins vegar æskilegt, að þessir hv. þm. skýrðu það, hvernig stendur á því, að þeir eru nú að falla frá því, sem þeir samþykktu þá.

En við vitum ósköp vel, hvað það var, sem olli því, að 1951 þótti Ameríkumönnum tækifæri til þess að knýja fram það, sem þeir höfðu ætlað sér allan tímann. Við vitum, að Keflavíkursamningurinn var að renna út; það voru liðin fimm ár. Við vitum, að átyllan, sem notuð var í sambandi við hann, var að verða nokkuð léleg: Þýzkalandsferðirnar. Við vitum, að Bandaríkin þóttust vera búin að ná nægilega miklum tökum á íslenzku ríkisstjórninni, vera búin að borga nógu mörg hundruð milljóna til íslenzku ríkisstj., til þess að það væri hægt að heimta andvirðið: hernaðarlegu yfirráðin yfir Íslandi. Ég held þess vegna, að það væri ákaflega fróðlegt fyrir okkur að fá upplýsingar um, hvað olli því, að beðið var um hernámið 1951, því að það er það hættulegasta, sem við nú stöndum frammi fyrir, og það er vitanlegt, að í þeim samningi eru líka ákvæði raunverulega, í 6. og 7. gr., til að binda Ameríkönunum herstöðvarnar hér áfram.

Svo er það viðvíkjandi rökunum, sem hv. 1. landsk. flutti fyrir því, að við yrðum að vera í bandalagi við Bandaríkin og við England. Það áttu að vera sameiginlegir hagsmunir af því að halda opinni sjóleið í styrjöld, sem kynni að koma. Ég á ákaflega bágt með að skilja, að það skuli allt í einu vera farið að beita svona röksemdum í þessu sambandi, svona geopólitískum röksemdum, eins og þeir hefðu nú kallað það kannske nazistarnir þýzku. Hvað þýðir þetta raunverulega, ef við ættum að vera tengdir bandalagi við ríki eins og Bandaríki Norður-Ameríku vegna sameiginlegra hagsmuna af því að halda opinni sjóleið í styrjöld, ef hún kynni að koma? Við vitum náttúrlega aldrei, hvenær slík styrjöld kynni að koma. Ef við ættum alltaf að vera við því búnir, þá þýðir það, að við þyrftum alltaf að hafa ameríska her hér. Eftir öllum þessum bábiljum, sem sagðar eru um þetta, mundi þetta þýða raunverulega ævarandi hersetu hérna. Það mundi þýða her hér til frambúðar, ef við gengjum út frá þessu sem röksemd. Enn fremur, ef við ættum að vera í bandalagi við einhverja þjóð eða eitthvert ríki bara vegna þess, að það liggur á svipuðum stað í heiminum og við og hefur sömu hagsmuni eins og við af því að halda opinni sjóleið í styrjöld, þá þýðir það, að við ættum að standa í bandalagi við slíkt ríki alveg án tillits til þess, hvaða stjórnarfyrirkomulag ríkir í því ríki. Við skulum segja t. d., að Bandaríkin verði fasistiskt ríki, sem þau eru á góðri leið til, mjög góðri leið, mjög hraðri leið, með amerískum hraða, það ætti að þýða, eftir þessum röksemdum, að til þess að halda uppi opinni sjóleið með Bandaríkin sem sterkasta ríki á Atlantshafinu, þá ættum við að vera í bandalagi við fasistaríki. Við sjáum nú, að Bandaríkin hugsa þetta þannig sjálf. Þau eru nýbúin að gera bandalag við Spán, og það er alveg auðséð, að Spánn annars vegar og Ísland hins vegar eiga að vera armarnir, sem umlykja England og Frakkland, þau ríki, sem þyrfti að ráðast á, ef þau verða ekki þæg Bandaríkjunum, hvort sem þau væru borgaraleg eða sósialistísk. Það er svo sem alveg auðséð, hvert þarna er verið að stefna, og það þarf ekki að hugsa langt fram í tímann til þess að sjá þann möguleika, að Repúblikanaflokkurinn væri búinn að stíga nokkur skref áfram til hægri, dálítið lengra í McCarthyismanum. Bandalagið við Spán sýnir okkur, hvert þarna er verið að stefna, — argasta fasistaríki, sem til er á jörðinni. Og ég sé ekki heldur, að það hafi verið kvartað mikið yfir því bandalagi af þeim, sem hafa flekað Ísland inn í bandalag við Bandaríkin. Með þessari röksemd má þess vegna alveg eins færa rökin fyrir því, að við ættum að standa í bandalagi við fasistaríki eins og lýðræðisríki. Nei, það er ekki þessi rök, sem þarna hafa valdið. Þessi rök hjá hv. 1. landsk. þm. eru teoría, sem fundin er upp eftir á til þess að verja málstað, sem hann getur ekki varið fyrir sjálfum sér, af því að það er málstaður, sem ekki var málstaður hans, en hann af ógæfu hefur flekazt út í.

Hv. 1. landsk. talaði mjög rétt og mjög ræki-

lega, og það er alveg greinilegt, að hann er sjálfur að reyna að komast inn á þá stefnu, sem hann áður hafði, fyrir 1951, um bábiljurnar í sambandi við árásarhættuna úr austri. En hann kveinkaði sér við að minnast á hitt, sem er staðreynd, sem við fáum að þreifa svo áþreifanlega á núna, og það er, að árásin úr vestri er hafin. Innrásarherinn úr vestri er kominn inn í landið. Menn kveinka sér við að nefna Bandaríkin og þeirra pólitík gagnvart Íslendingum þeim nöfnum, sem eru rétt og sönn um það. Það er einn ferill af yfirgangi og svikum gagnvart Íslandi þessi síðustu tólf ár, sem við höfum haft afskipti af Bandaríkjastjórn. Það er imperíalismi Bandaríkjanna, sem hefur komið í ljós í því að vilja ná fjárhagslegum tökum á Íslandi og skapa sér hernaðarbækistöðvar á Íslandi. Og það er þetta, sem hefur verið að gerast þessi tólf ár.

Ég held, að það, sem við verðum að gera okkur ljóst, sé, hvernig þessi Bandaríki hafa verið að fara með Ísland. Þau kúskuðu Bretland til þess að afhenda sér Ísland 1941. Bréf brezku ríkisstjórnarinnar til íslenzku ríkisstj. þá voru login yfirlýsing. Menn þurfa ekki annað en lesa ræðu Churchills í brezka þinginu 9. júlí 1941 til þess að sjá þar annað, sem hann segir við brezka þingið, heldur en það, sem hann lét sinn konsúl hér á Íslandi tilkynna íslenzku ríkisstj. þá. Það var tilkynnt Íslandi þá, að Bretar þyrftu að fara héðan burt með sinn her. Það var notað sem átylla til þess að kúska fram beiðni héðan á yfirborðinu, beiðni, sem raunverulega var gerð eftir úrslitakostum, um, að Bandaríkin tækju að sér hernám Íslands. Í ræðu sinni í brezka þinginu í júlí 1941 sagði Churchill, að Bretar gætu því miður ekkert að því gert, þó að Bandaríkin væru komin inn á Ísland, það hefði verið gert eftir beiðni íslenzku ríkisstj. sjálfrar. Það voru Bandaríkin, sem voru að kúska Bretland til þess að láta af hendi Ísland sem skiptimynt, á sama hátt og herstöðvarnar í nýlendum Breta í Vesturheimi voru þá leigðar Bandaríkjunum til 99 ára.

Síðan ætluðu Bandaríkin sjálf eftir styrjöldina að sjá um það að halda sinni hersetu hér áfram. Við munum ósköp vel, hvaða tangarhald var notað þá. Fyrst var gert áhlaup 1. okt. 1945 til þess að heimta herstöðvar til 99 ára. Það var árás Bandaríkjanna á Ísland. Það var að heimta íslenzkt land í heila öld undir sín yfirráð. Það kom greinilega fram, að hverju Bandaríkin stefndu. Þeirri árás var hrundið. Þá var samningurinn frá 1941 notaður sem tangarhald, samningurinn, sem var kúskaður fram með úrslitakostum, og það var sagt, að Bandaríkin mundu ekki fara héðan af Íslandi, því að þau skildu samninginn þannig, að þau mættu vera hér áfram, — nema því aðeins að Keflavíkursamningurinn væri gerður. Þannig var Keflavíkursamningurinn kúskaður fram með hótunum um að sitja hér annars í banni íslenzku þjóðarinnar. Og svona var haldið áfram. Þegar Keflavíkursamningurinn var að renna út, þá þóttust þeir með Marshallsamningnum og Atlantshafssamningnum vera búnir að binda Ísland nægilega vel til þess að geta þá flekað menn inn á hernámssamninginn 1951.

Svona hafa Bandaríkin verið að leggja undir sig Ísland. Og það er þetta, sem við eigum að þora að segja. Það, sem við stöndum þarna frammi fyrir, er barátta gegn yfirgangi Bandaríkjaauðvaldsins hér á Íslandi. Það er það raunhæfa í þessum málum: hernaðarlegur, efnahagslegur, fjárhagslegur yfirgangur þeirra, og stjórnmálalegur nú meira og meira. Það er nú komið svo, að ég býst við, að meira að segja Framsfl. mundi gjarnan segja þessum samningi upp. En hann fær það ekki, fær það ekki fyrir Bandaríkjunum. Það er ekki nein tilviljun, að þeir hv. framsóknarmenn, sem kölluðu herinn inn í landið, þora ekki að standa hér fyrir máli sínu. Þeir eru smám saman að sjá það meira og meira, í hvert óefni þeir eru búnir að koma þjóðinni. Mér þykir vænt um, að Alþfl. og ekki sízt einmitt þeir menn hans, sem stóðu með okkur í baráttunni móti Atlantshafssamningnum 1949, skuli vera búnir að sjá, hvað hér er að gerast. Og alveg án tillits til þess, sem kann að hafa greint á á undanförnum árum, og án tillits til þess, hvaða sök menn kunna að eiga sjálfir í því sambandi, þá er gefið, að eins og sakir standa nú, er það lífsnauðsyn fyrir íslenzku þjóðina, að hún losni við ameríska herinn af Íslandi. Frá því sjónarmiði að vernda líf þjóðarinnar, ef til styrjaldar kæmi, en þó sérstaklega frá því sjónarmiði að gera líf hennar hamingjusamt, á meðan friður er, þá er nauðsynlegt að losna við ameríska herinn af Íslandi. Hverju spori, sem stigið er í þá átt, ber þess vegna að fagna, hve skammt sem það er stigið. En höfuðatriðið er hitt, að þeir kraftar þjóðarinnar, sem sjá nú, í hverja hættu er komið, taki höndum saman um að knýja fram, að þessum samningi verði sagt upp, að knýja fram, að Alþingi og þjóðin sjálf ráði aftur í sínu landi, en ekki erlendur her og erlend ríkisstjórn.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 28. okt., var fram haldið einni umr. um till.

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Áður en þessari umræðu var frestað, þá spurðist hv. 6. landsk. (FRV) fyrir um það, hvort Alþfl. væri samþykkur till. á þskj. 20, sem er flutt af hv. 1. og hv. 3. landsk. Enn fremur fullyrti þessi sami hv. þingmaður, að ef svo væri, þá væri um alger skoðanaskipti og stefnubreytingu að ræða hjá Alþfl. í þessum málum. Þessi ummæli hv. 6. landsk. gefa mér tilefni til þess að segja hér nokkur orð til viðbótar því, sem framsögumaður lét fylgja till.

Þingflokkur Alþfl. er efni till. samþykkur, enda er hún í fullu samræmi við fyrri afstöðu flokksins til varnarmálanna og í beinu framhaldi af aðgerðum hans í sambandi við varnarsamninginn og framkvæmd hans allt frá 1951. Alþfl. hefur frá upphafi verið það ljóst, að

marghátttuð vandkvæði hlutu að fylgja setu varnarliðsins í landinu og þau vandkvæði mundu aukast enn, ef við bættist fjölmennur hópur erlendra verkamanna. Hann hefur þrásinnis bent á nauðsyn þess, að komið yrði í veg fyrir ónauðsynleg samskipti íslenzkra manna og kvenna við hermennina og hið erlenda starfslið. Hann hefur sýnt fram á það, hver óhæfa það væri, að hermenn eða erlendir starfsmenn vallarins gætu leigt húsnæði hér í bænum eins og húsnæðisástandið er nú, þegar vitað er, að fjöldi Reykvíkinga er húsnæðislaus. Hann hefur haldið því fram, að íslenzkt verkafólk og íslenzkir verktakar ættu að geta annazt þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar væru samkvæmt samningnum. Og hann hefur krafizt þess, að ríkisstj. hlutaðist til um, að Íslendingar ættu kost á því að fá sérmenntun og æfingu, sem til þess er nauðsynleg að taka að sér umsjón, viðhald og gæzlu mannvirkjanna og rekstur flugvallarins í heild sinni. Hér er því ekki um neina stefnubreytingu hjá Alþfl. að ræða, þvert á móti, till. er í beinu áframhaldi af stefnu Alþfl. í þessum málum. Alþfl. er þeirrar skoðunar og hefur jafnan verið, að seta erlends herliðs í landinu eigi ekki og megi ekki vera frambúðar ráðstöfun.

Varnarsamningurinn við Bandaríkin fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins var nauðsynleg, óhjákvæmileg varúðarráðstöfun vopnlausrar og varnarlausrar smáþjóðar, — óhjákvæmileg vegna ástandsins í alþjóðamálum, vegna yfirvofandi ófriðarhættu og til öryggis Íslendingum sjálfum. Hann var sprottinn af sömu rót og varnarsáttmáli Norður-Atlantshafsríkjanna og beint framhald af honum. Þetta var viðurkennt af öllum flokkum og öllum þingmönnum árið 1951, að kommúnistum einum undanteknum, sem höfðu fullkomna sérstöðu um þessi mál.

Nú eru liðin rúm tvö ár síðan varnarsamningurinn var gerður, og ýmsar misfellur hafa komið fram, eins og Alþfl. sagði fyrir. Þessar misfellur hafa komið fram í sambandi við einstök atriði samningsins og framkvæmd hans. Alþfl. litur svo á, að hér í landi hafi af einum stjórnmálaflokki, kommúnistaflokknum, verið rekin skaðsamleg starfsemi í sambandi við afstöðuna til varnarliðsins hér í landinu. Að halda því fram, eins og þar er gert, að Ísland hafi verið hernumið af Bandaríkjunum, að hér sé um hernámslið að ræða, er fjarri öllum sanni. Tilefnislaus brigzl og illyrði og viðleitni til að ófrægja varnarliðið í augum landsmanna eru sprottin af hinu illa, hættuleg fyrir okkur sjálfa og móðgun við vinsamlega þjóð. Alþfl. hlýtur því að harma það, að slík illmæli hafa verið fram borin. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, og það er ekki til neins að leyna henni, að varnarliðið er hingað komið samkvæmt beinum samningum, sem Íslendingar hafa gert við Bandaríkin fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins um þetta efni, til þess að draga úr öryggisleysi okkar eigin lands og jafnframt til þess að styrkja aðstöðu Atlantshafsríkjanna sameiginlega til verndar friði og öryggi. Þessa staðreynd er okkur skylt að hafa í huga, hitt er ósæmilegt, að brigzla Bandaríkjamönnum um kúgun og ofbeldi í þessu sambandi. Þennan samning gerðu Íslendingar, eins og allir vita, af fúsum og frjálsum vilja með samþykki yfirgnæfandi meiri hluta Alþ.

En Alþfl. hlýtur einnig að harma þau mistök, sem orðið hafa af hálfu íslenzkra stjórnarvalda í sambandi við framkvæmd samningsins. Það var og er skylda ríkisstj. að gæta þess til hins ýtrasta, að hlutur Íslendinga verði aldrei fyrir borð borinn í samskiptunum við varnarliðið og að sem allra minnst röskun stafaði íslenzku þjóðlífi eða hætta íslenzku þjóðerni af dvöl og veru setuliðsins hér í landinu. Ríkisstj. átti að gera foringjum hins erlenda liðs og bandarískum stjórnarvöldum það ljóst þegar í upphafi, að liðið er hingað komið til þess að gerast samstarfsmenn okkar Íslendinga til gagnkvæmra öryggisráðstafana fyrir báðar þjóðirnar. Ég efa það ekki, að varnarliðinu og foringjum þess yfirleitt og stjórn Bandaríkjanna sé það jafnmikið áhugamál og okkur Íslendingum, að dvöl varnarliðsins hér á landi, meðan hún er talin nauðsynleg, verði með þeim hætti, að sem fæstir og minnstir árekstrar verði milli Íslendinga og varnarliðsins og sem minnst vandræði stafi af dvölinni hér. Ég er fullviss um það, að þau óska þess, að vinskapur og traust aukist með Íslendingum og Bandaríkjamönnum, en ekki óvild og tortryggni. Þess vegna tel ég fyllstu ástæðu til að vænta þess, að þeim efnisatriðum, sem borin eru fram í þáltill. í þskj. 20, verði vel tekið af hálfu Bandaríkjamanna og mæti þar fullum skilningi.

Till. sú, sem hér er til umr., er um endurskoðun á varnarsamningnum frá 1951 og framkvæmd hans. Hún er ekki um uppsögn á samningnum. Alþfl. telur ekki tímabært, eins og nú er ástatt í alþjóðamálum, að segja upp varnarsáttmálanum frá 1951 á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 7. gr. samningsins, þannig að skylt sé og að því stefnt, að varnarliðið sé horfið brott af landinu í seinasta lagi eftir 18 mánuði, hvernig sem ástandið þá kynni að vera í alþjóðamálum. Slík er ekki afstaða Alþfl., hann telur slíka uppsögn ekki tímabæra. Veldur því, eins og ég sagði áðan, sú mikla óvissa, sem enn ríkir í alþjóðamálum. Við Íslendingar eigum að sjálfsögðu að vænta hins bezta og — hvar sem við fáum því við komið í alþjóðasamtökum eða á hvaða vettvangi sem er — að gera það, sem við getum, til þess að saman dragi, en ekki sundur með þjóðunum. En um leið og við væntum þess bezta, þá eigum við einnig, eins og hyggnir menn, að vera viðbúnir því versta, og einmitt þess vegna teljum við ekki tímabært að segja sáttmálanum upp eins og nú er ástatt. Þetta kom glögglega fram í ræðu hv. frsm., enda ber og till. og grg. hennar það ótvírætt með sér. Efni till. er í sem stytztu máli það, að íslenzkir aðilar skuli annast þær framkvæmdir, sem gerðar verða samkvæmt samningnum frá 1951, og afgirtur sé sá hluti vallarins, sem notaður er í sambandi við starfsemi varnarliðsins, og umferð um hann bönnuð; að nú þegar skuli hafinn undirbúningur

undir það, að Íslendingar sjálfir taki í sínar hendur gæzlu og umsjón mannvirkja og rekstur vallarins og að Íslendingum sé séð fyrir nauðsynlegri sérmenntun og æfingu, til þess að við getum tekið þessi störf að okkur, og síðan, þegar þessum undirbúningi er lokið, þá skuli sá frestur, sem Alþ. hafi til þess að ákveða brottflutning herliðsins úr landinu, styttur úr þeim 18 mánuðum, sem núgildandi samningur gerir ráð fyrir, niður í 3 mánuði, þannig að það sé á valdi Íslendinga, valdi Alþ. sjálfs, eftir að þessum undirbúningi er lokið, að ákveða hvenær sem er með þriggja mánaða fyrirvara brottför liðsins úr landinu. Það á að vera mat Alþ., mat íslenzku þjóðarinnar á því, hvort nauðsynlegt sé að hafa þetta lið lengur, sem úr því verður að gilda, og fresturinn sá, sem til er greindur í till. sjálfri. Þetta er meginefni till. Ætla ég nú, að hv. fyrirspyrjandi hafi fengið svar við fyrirspurn sinni um afstöðu Alþfl. til hennar, og getur hann þá gert sér ljóst, hvort hans afstaða er eitthvað svipuð.

Hv. 6. landsk. og ég ætla hv. 8. þm. Reykv. létu einnig í ljós mikinn fögnuð yfir þessari till., sem hér hefur fram komið, og mér skildist helzt, að þeir mundu veita henni eindreginn stuðning hér á Alþ. Þetta er gott, ef satt er. En það er engu að síður ákaflega furðulegt, og mér liggur við að halda, að það sé of gott, til þess að það geti verið satt, að þessir hv. þm. hafi þegar tekið þeim sinnaskiptum, sem væru nauðsynlegur undanfari slíkrar afstöðu þeirra til málsins. Það er vitað og viðurkennt, að í utanríkismálum á kommúnistaflokkurinn aðeins eitt áhugamál, og það er það, að Íslendingar slíti öll tengsl við vestrænu lýðræðisþjóðirnar, lýsi landið hlutlaust, hvernig sem á stendur, þannig að það sé jafnan vopnlaust, óvarið, bíði þess, að sá fyrsti og frekasti geti tekið það án nokkurrar fyrirhafnar eða mótspyrnu. Þetta er stefna kommúnista í þessum málum, og þessari stefnu hafa þeir verið trúir, fastir á línunni í þessu efni, ef svo mætti segja, öll hin síðari ár. Í þeirra augum er það bezta vörn landsins, að flugvellir og hafnir bíði hér opin og gæzlulaus, þannig að hver sem vill geti komið og án fyrirhafnar eða mótstöðu lagt þessi svæði undir sig og notað þau eins og honum þykir bezt henta. Þetta er sannleikurinn um stefnu kommúnista í þessu máli, og ekki verður annað séð en að þjóðvarnarmennirnir telji, að vörnum landsins og öryggi sé bezt borgið með því, að þeir fylgi nú svo þétt á eftir kommúnistum í þessu efni, að ekki geti hnífurinn þeirra á milli komizt.

Vegna þess, að öllum er kunnugt um stefnu þessara tveggja flokka í varnarmálunum, þá verð ég að segja, að mig furðaði á fögnuði þeirra yfir þessari till., sem er nú fram komin. Og enn meira furðar mig á honum, þegar ég lít á þær till., sem þessir hv. flokkar báðir hafa borið fram hér á Alþ. nú að þessu sinni um hið sama mál. Tillögur þessar er að finna á þskj. 23, sem er frv. frá Einari Olgeirssyni og flokksmönnum hans í Nd. um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna. Frv. þetta tekur af öll tvímæli. Þar er alveg skýrt fram tekið það, sem ég áður sagði, að samningnum á að segja upp nú þegar, ekki leita eftir endurskoðun, eins og till. Alþfl. fer fram á, heldur segja honum upp, og það er beinlínis tekið fram, að strax og liðnir eru þeir 6 mánuðir, sem endurskoðun á að standa eftir samningsákvæðunum, skuli formleg uppsögn fara fram. Hvað sem gerast kann og hvert sem ástandið verður, þá skal samningnum sagt upp og allt herlið brott farið innan þess tíma í síðasta lagi, sem samningurinn ákveður. Í 1. gr. frv. segir, að það skuli segja samningnum upp með tilskildum fyrirvara og að „endurskoðunin sé aðeins formsatriði".

Á þskj. 21 flytja svo Gils Guðmundsson og Bergur Sigurbjörnsson, þm. Þjóðvfl., till. til þál. um uppsögn varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna. Þar segir svo í 1. lið till., að æskja skuli nú þegar endurskoðunar á samningnum samkv. heimild í 7. gr. hans svo og leggja fyrir Alþ. frv. til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfresturinn er úti. Það er alveg sama og hjá kommúnistunum, það er hreint formsatriði þetta með endurskoðunina, það er uppsögn, fullákveðin nú þegar, gersamlega án tillits til þess, hvernig ástandið er í dag, og án tillits til þess, hvernig ástandið kann að verða að þeim 18 mánuðum liðnum, sem til eru greindir í samningnum.

Ég hygg því, að það sé ljóst, að í þessum málum er fullkomin samstaða með þjóðvarnarmönnum og kommúnistum, afstaðan er ein og hin sama. Get ég óskað þjóðvarnarmönnum til hamingju með þá samstarfsmenn, sem þeir hafa valið sér í þjóðvörnunum. — Að því er aðra hv. þm. snertir, vil ég að sjálfsögðu ekki spá neinu um þeirra afstöðu til málsins. En ég á bágt með að trúa því að óreyndu, að nokkur sé sá á Alþ., utan þeirra tveggja flokka, sem ég nú hef nefnt, sem ekki viðurkennir fulla nauðsyn á því að endurskoða samninginn og framkvæmd hans eftir þá reynslu, sem fengin er af honum nú um tveggja ára bil.

Sé það svo, að einhver atriði í samningnum séu þess eðlis, að ekki sé hægt samkvæmt þeim að breyta framkvæmdinni að því er varðar t. d. dvöl setuliðsmanna hér í bænum og utan varnarliðssvæðanna eða að þeir geti leigt sér húsnæði hér í Reykjavík, þá eru það atriði, sem tvímælalaust ber að breyta í samningnum og leggja á þau hina mestu áherzlu. Sé hér aftur á móti um hreint framkvæmdaratriði að ræða, ætti að vera auðvelt fyrir ríkisstj. að hafa það í hendi sinni að breyta þeirri framkvæmd.

Ég skal geta þess, að þó að vikið sé að einstökum atriðum í tillögunni, sem sérstaklega þurfi að endurskoða, þá eru ýmis atriði önnur en þau, sem upp eru talin, sem einnig ber að taka til athugunar í þessu sambandi, og má því ekki líta á þá upptalningu, sem í till. er, sem tæmandi.

Mér skildist á hæstv. utanrrh., að hann viðurkenndi það, að fyllsta þörf væri á endurskoðun og ýmsum breytingum á framkvæmd samningsins eftir þá reynslu, sem fengin er af honum nú um tveggja ára skeið. Ég leyfi mér því,

þangað til annað kynni að koma í ljós, að vænta þess, að hæstv. ráðh. geti fallizt á það, að þessi till. verði samþ., og snúi sér síðan að því að koma fram þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru og aðkallandi til þess að bæta aðstöðu okkar Íslendinga í sambandi við samninginn og framkvæmd hans, meðan ekki er talið fært að segja honum upp.

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. (HG) sagði hér nokkur orð og vék þar m. a. að Sósfl. og hans afstöðu og því, sem fram hefði komið af hálfu tveggja þm. hans um þessa þáltill., sem hér liggur fyrir.

Mér sýndist nú raunverulega eða heyrðist ræða hv. 4. þm. Reykv. fyrst og fremst vera haldin til þess að reyna að draga fjöður yfir, að Alþfl. væri nú að reisa sig upp á móti hernáminu og jafnvel Atlantshafsbandalaginu. Hann vildi gera sem minnst úr því, að flokkurinn væri farinn að sjá, að hér yrði nú að breyta um stefnu frá því, sem var 1949 og 1951, og sjá það réttilega, og að hv. 4. þm. Reykv. vildi svona með öllum sínum diplómatisku hæfileikum láta sem minnst á því bera, að þarna væri nú raunverulega nokkur breyting á ferðinni, en þessi till. væri nú ósköp sakleysisleg. Hann hefði nú raunverulega átt að segja eitthvað dálítið meira um það til þess að reyna að fá sína gömlu samherja í Framsókn og Sjálfstfl. til þess að komast á þá sömu skoðun, að það væri nú alveg óhætt fyrir þá að samþykkja þessa till. Hins vegar kaus hann heldur að hafa hina aðferðina, að víkja dálítið að þeim, sem hafa verið andstæðastir Atlantshafssamningnum og hernáminu, og þess vegna verð ég nú ofur lítið að ræða við hann um þau mál. Ég verð að segja, að ef þessar fögru vonir, sem hann virtist nú hafa um, að Framsfl. og Sjálfstfl. sem gamlir samherjar hans gætu nú gengið inn á þessa till., — ef hann hefði nú haft einhverjar ríkari vonir um það, þá hefði það gjarnan mátt koma betur fram, — það væri ákaflega gott, ef þær styddust við eitthvað, en ég er hræddur um, eins og ég mun nú koma að síðar, að því miður sé svo ekki. En það voru nokkur atriði í ræðu hv. þm., sem ég vildi sumpart ræða við hann og sumpart fá dálítið betri upplýsingar um.

Hann sagði, að 1951 hefði Alþfl. gengið inn á það að kalla hernámið yfir landið, að hleypa hér amerískum her inn í landið án þess að kalla saman Alþ., brjóta þar með stjskr. og skapa það hættuástand, sem nú ríkir í landinu, — það hefði verið gert vegna yfirvofandi hernaðarhættu. Má ég spyrja, — það er oft búið að spyrja að því hér á Alþ., en það hafa aldrei nokkurn tíma fengizt neinar upplýsingar um það frá hálfu þeirra, sem herinn kölluðu inn, — hver var þessi yfirvofandi hernaðarhætta? Hver var þessi yfirvofandi hernaðarhætta 7. maí 1951, sem gerði það að verkum, að það var nauðsynlegt að fá amerískt herlið inn í landið? Það hefur enginn maður hér á Alþ. enn þá dirfzt að halda því fram, að það hafi verið stríðið í Kóreu, sem hafi verið sú hernaðarhætta, m. ö. o., vegna þess að það hafi verið barizt í Kóreu, þá hafi verið alveg óhjákvæmilegt að kalla ameríska her til Íslands. Og ég vil taka það fram, að svo framarlega sem það er einhver þm. hér inni, sem hefur þá skoðun, að vegna þess að barizt hafi verið í Kóreu í maí 1951, þá hafi verið nauðsynlegt að kalla ameríska her til Íslands, þá hlýtur sá hinn sami maður að hafa þá skoðun, að það verði — ja, svo lengi sem við getum yfirleitt séð fram í tímann nú — óhjákvæmilegt að hafa ameríska her á Íslandi. Ég þyki yfirleitt bjartsýnn maður, en ég er ekki svo bjartsýnn, að ég geri mér vonir um það, að það verði ekki, það sem eftir er af þessi öld, einhvers staðar í veröldinni barizt með vopnum. Það hefur verið svo alla 20. öldina, sem af er, og var svo alla 19. öldina, og mannkynið mætti þá breytast á mjög skjótum tíma mikið til góðs, ef hvergi nokkurs staðar yrði barizt í veröldinni allan þann tíma, og Kórea er þó a. m. k. eitt af þeim löndum, sem eru einna lengst frá okkur landfræðilega séð, þannig að ef stríð í Kóreu ætti að vera ástæða til þess að kalla ameríska her inn í Ísland, þá er viðbúið, að það yrði lengi full ástæða til þess að kalla ameríska her hingað. En enginn þeirra manna, sem eru ábyrgir fyrir því að hafa kallað ameríska herinn til Íslands, hefur treyst sér til þess nokkurn tíma hér á Alþ. að svara þessu atriði.

Ég spurði að öðru hér: Var það ef til vill vegna þess, að það voru rússnesk síldarskip í nánd við Ísland, sem ameríski herinn var kallaður í maí 1951? Ég hef ekki heldur fengið svar við því. Ef það er álitið, ef síldarskip eru hér einhvers staðar nærri Íslandi, að þá sé alltaf hernaðarhætta hérna á Íslandi, þá fer nú að verða líklega anzi lengi óhjákvæmilegt að kalla ameríska her til Íslands. — Hví í ósköpunum getur sú hæstv. ríkisstj., sem er ábyrg fyrir því ástandi, sem hér ríkir nú, ekki svarað þjóðinni um það, hvaða hernaðarhætta þetta hafi verið?

Hv. 4. þm. Reykv. kom svo inn á það, að það væri enn þá óvissa, það væri enn þá ekki hægt að aflétta þessu hernámi, vegna þess að enn þá væri hernaðarhætta. Má ég spyrja, hver hún er? Hér á fundi í neðri deild í gær flutti einn hv. þm. Alþfl. fyrirspurn til ríkisstj. og lýsti afstöðu Alþfl. — sem ég var mjög feginn að heyra — í sjálfstæðisbaráttu Túnisbúa. Ég býst við, að við gerum okkur flestir ljóst, sem sjálfir höfum á sínum tíma háð okkar sjálfstæðisbaráttu í margar aldir og háð hana lengi m. a. vegna þess, að við vorum afvopnaðir og gátum aldrei barizt með vopnum og höfðum ekki mátt til þess gagnvart Dönum, — ég býst við, að við gerum okkur ljóst, að ef þjóðum eins og íbúum í Túnis, Marokkó og fleiri slíkum nýlendum er neitað um sitt sjálfstæði, þá koma þessar þjóðir til með að taka það með vopnum, og það hefur hvað eftir annað legið við undanfarið, að það yrði uppreisn í Túnis og í Marokkó til þess að hrinda af sér oki frönsku nýlendukúgaranna, á sama hátt og það varð uppreisn í því ríki, sem nú er Bandaríkin, fyrir rúmum 175 árum til þess að hrinda af sér oki Englendinga og á sama hátt og það er uppreisn í Indókína í dag

til þess að velta af sér oki Frakka og þannig barizt víðar í veröldinni til þess að létta af sér oki nýlendukúgaranna í Evrópu, — spurning, hvenær barizt verði í British Guiana til þess að útvega þeirri þjóð frelsi, barizt nú sem stendur í Kenya til þess að reyna að tryggja frelsi þeim mönnum, sem verið er að ræna þar sínu landi. Meðan kúgaðar nýlenduþjóðir eru til í heiminum, þá munu þær reyna að hrinda af sér oki nýlendukúgaranna í Atlantshafsbandalaginu, og á meðan Ísland er bundið í Atlantshafsbandalaginu, þá er hægt að túlka hverja slíka uppreisn nýlenduþjóðanna sem árás á Atlantshafsbandalagið, enda tala Frakkar djarft um það nú, að þeir þurfi að fara að fá hjálp til þess að halda niðri íbúunum í Vietnam. Og kannske fara þeir að heimta hjálp Íslendinga sem eins aðilans í Atlantshafsbandalaginu til þess að halda niðri frelsisbaráttu íbúanna í Túnis og Marokkó. Meðan sú óvissa ríkir í veröldinni, að þessar þjóðir heimti frelsi, á þá amerískur her að vera á Íslandi? Er það meiningin? Ég er hræddur um, að þeir menn, sem tala hér allfreklega um óvissuna í alþjóðamálum, ættu að gera sér það fullkomlega ljóst, hvað þeir eru að segja. Það er ekki til neins með öðru orðinu að segja: Ég er með því, að Túnisbúar rísi upp og reki Frakka af höndum sér, — og með hinu orðinu: Ég vil hér ameríska her á Íslandi, svo lengi sem nokkur hætta er á því, að nokkur kúgaður maður í Túnis eða annars staðar fari að reisa sig upp á móti nýlenduríkjunum í Evrópu. — Þetta væri gott að fá upplýst, og fyrst hv. 4. þm. Reykv. er nú svo kurteis við þingheim að vera sá eini, sem ræðir þetta mál úr hópi þessara gömlu, sem samþ. Atlantshafsbandalagið 1949, því að hvorugur flm. þessarar till. er úr hópi þeirra, þá væri ákaflega æskilegt að fá nánari upplýsingar um þessa hluti frá honum. Hvað finnst honum, að hersetan á Íslandi þurfi að vera lengi, hver álítur hann að hafi verið hernaðarhættan, sem olli því, að hernema varð Ísland 1951, og hvað álítur hann að þurfi til, að slíkri hernaðarhættu sé lokið?

Þá minntist hv. 4. þm. Reykv. á skaðsamlega starfsemi okkar sósíalista. Hún átti að vera í því fólgin, að við hefðum verið að ófrægja setuliðið, og ég býst við, að það, sem honum hafi alveg sérstaklega runnið til rifja í sambandi við þessa starfsemi, hafi verið það, að flokksbróðir hans í Danmörku, Hans Hedtoft, lýsti því yfir fyrir síðustu kosningar, að hernámsástandið hér á Íslandi væri svo slæmt, reynsla Íslendinga af hernámi Bandaríkjamanna væri svo raunaleg, að það ylli því, að danski Sósíaldemókrataflokkurinn tæki afstöðu á móti því að veita Bandaríkjamönnum herstöðvar í Danmörku. Ég býst við, að þessi stefnubreyting hjá Hans Hedtoft og danska Sósíaldemókrataflokknum sé afleiðing af því, hvernig hernámið á Íslandi hefur verið ófrægt, svo að ég noti orð hv. 4. þm. Reykv. Það, að við höfum sagt sannleikann um hernámið hérna, það, að við höfum vægðarlaust afhjúpað öll hneykslin í sambandi við það, það, að við höfum ekki legið á liði okkar að láta menn vita af því erlendis, m. a. okkar frændþjóðir á Norðurlöndum, hvað þær ættu í vændum, svo framarlega sem amerískt herlið settist að hjá þeim, hefur orðið til þess, að meira að segja danski Sósíaldemókrataflokkurinn hefur lært af því víti, sem hér hefur orðið á Íslandi til varnaðar fyrir Norðurlandaþjóðirnar. Ég efast ekki um, að hv. 4. þm. Reykv. hafi reynt að segja sósíaldemókrötunum í Danmörku sannleikann um ástandið hérna. Ég býst við, að hann hafi reynt að frægja ameríska hermennina hérna á Íslandi, hann hafi reynt að sjá um, að þeir fengju að njóta sannmælis. Ég veit ekki betur en að sjálfur fyrrverandi formaður flokksins hafi nýlega verið á Norðurlöndum að tala við sína flokksbræður þar, og ég efast ekki um, að sá ákveðni áhangandi Atlantshafsbandalagsins og einn frumkvöðullinn að því, að við Íslendingar gengum í það, hafi reynt á allan hátt að telja sínum dönsku flokksbræðrum trú um, að þetta væri fyrirmyndarástand, sem skapaðist á Íslandi við það að fá þessa blessuðu amerísku vini okkar hingað upp. En mér sýnist honum bara hafa gengið það bölvanlega. Ég sé ekki betur en að Hans Hedtoft og danski Sósíaldemókrataflokkurinn trúi betur þeirri skaðlegu starfsemi kommúnista, eins og hv. 4. þm. Reykv. orðar það, trúi betur því, hvernig við höfum verið að ófrægja varnarliðið, eins og hann orðar það, heldur er öllum sannleikanum, sem Stefán Jóhann segir niðri í Danmörku. Með öðrum orðum, staðreyndirnar um framkomu Ameríkana á Íslandi blasa svo við, að meira að segja danskir sósíaldemókratar geta ekki lokað augunum fyrir því, og þá held ég nú, að hægri armurinn í Alþfl. ætti að fara að hætta að loka augunum fyrir því líka.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að við hefðum verið að brigzla Bandaríkjunum um kúgun og ofbeldi. Við skulum athuga, hvort það eru staðreyndir eða hvort það eru brigzl, sem við höfum verið að segja. Ég býst við, að hann hafi kannske að sumu leyti átt við það, sem ég hef minnzt á hér í umr. um þetta mál og minnzt á stundum áður. Ég vil þá leyfa mér að spyrja í fyrsta lagi: Var það kúgun og ofbeldi hjá Bandaríkjunum og Bretum í júnílok 1941, þegar hernámssamningurinn svokallaði var gerður? Hv. 4. þm. Reykv. veit eins vel og ég, að sá samningur var settur þannig á, að það voru gefnir 24 klst. úrslitakostir fyrir ríkisstj. Íslands 24. júní, á þeim tíma átti hún að samþ. þennan samning, annars yrði gripið til annarra ráðstafana. Var það ekki kúgun og ofbeldi? Alþ. var síðan kallað saman 9. júlí og samningurinn sem gerð staðreynd lagður fyrir Alþ. Sama dag steig ameríski herinn hér á land, og með ameríska herinn hér í Reykjavík var Alþ. látið samþ. hernámssamninginn. Var það kúgun og ofbeldi að setja vopnað lið annarrar þjóðar á land og leggja, eftir að hafa sett ríkisstj. þessa lands 24 klst. úrslitakosti, fyrir Alþ. að samþ. þetta? Þm. þáverandi stjórnar hafa borið vott um það í þingtíðindunum, hvernig sá samningur var gerður. Þáverandi þm. Ak., Sigurður Hlíðar, lýsti því yfir í grg. fyrir atkv. sínu þá, að hann væri á móti þessum samningi og hann

hefði komið hingað inn og verið á móti þessum samningi og ákveðið að greiða atkv. á móti honum, en hann sæi, að þessi ríki, sem þarna ættu í hlut, hefðu líf okkar í sínum höndum og þau gætu drepið okkur, ef þau vildu, og af því að hnífurinn væri á hálsinum á honum, þá ákvæði hann þess vegna að hætta við það, sem hann hefði ætlað sér: að greiða atkv. á móti samningnum — og mundi annaðhvort sitja hjá eða jafnvel greiða atkv. með honum. Það var ekkert verið að draga úr því, hvað verið væri að gerast þarna. Það var hrein kúgun og ofbeldi, sem haft var í frammi. Og þessi kúgun og ofbeldi voru svo ber, að Churchill treystist ekki til þess að segja brezka þinginu satt um aðfarirnar við Íslendinga. Ég hef hér áður vitnað í hans ræðu 9. júlí í brezka þinginu, og hv. þm. vita það allir saman, ekki sízt þeir, sem þá voru hér, hvernig málin voru lögð fyrir okkur Íslendinga af Bretum. Bretar skrifuðu þá ríkisstjórninni í gegnum sinn konsúl hér, að þeir mundu flytja allt sitt herlið hér af landi burt og þeir álitu, að landið ætti ekki að vera varnarlaust og þess vegna ætti Ísland að biðja um hervernd Bandaríkjanna. Og um það voru settir úrslitakostir. Þetta var það, sem sagt var við Íslendinga. Þetta var aðferðin, sem höfð var til þess að kúska íslenzku ríkisstj. til þess að láta undan. Hvað sagði Churchill við Breta í brezka þinginu? Hann sagði, að Bretar gætu ekkert haft á móti þessu, að Ameríkanarnir höfðu tekið Ísland. Þeir gætu ekkert við því sagt, því að íslenzka ríkisstj. hefði beðið Ameríkanana um það að koma inn. Hins vegar mundu Bretar halda sínum her áfram á Íslandi. Þetta sagði Churchill hálfum mánuði eftir að hann hafði látið skrifa íslenzku ríkisstj. og tilkynnt, að hann flytti allan herinn burt og þess vegna yrðu Íslendingar að biðja um vernd; sem sé, með hreinum lygum gagnvart Íslendingum og gagnvart Bretum var þessi kúgun og ofbeldi dulið. Við skulum þess vegna ekkert vera að nota hér stór orð, hv. 4. þm. Reykv., um þessi atriði. Þessar staðreyndir liggja fyrir, og ég skal, ef einhver væri að bera á móti þessu, koma með ræðu Churchills hérna.

Þá kemur næst 1945. Var þar búið við ofbeldi af hálfu Bandaríkjanna? Bandaríkin voru búin með þessum samningi, sem þau höfðu kúskað í gegn 1941, að skuldbinda sig til þess að fara burt héðan af Íslandi strax í stríðslok. Og allir íslenzkir alþm. og íslenzka ríkisstj. þá og öll utanrmn. voru sammála um skilninginn á þeim varnarsamningi. En Bandaríkjamenn tilkynntu bara, að þeir legðu annan skilning í samninginn, þeir gætu haft herinn hérna eins lengi og þeir vildu. Og meðan herinn er hér enn þá eftir stríðslokin, í maí og ágúst 1945, hvað gerist þá? Þá segja Bandaríkin við okkur, að þau vilji fá hér þrjár herstöðvar til 99 ára, þau vilji fá hér afhenta þrjá hluta af íslenzku landsvæði, svæði í kringum Keflavíkurflugvöll, svæði í kringum Skerjafjörð og svæði við Hvalfjörð, til algerra yfirráða til að útbúa þar hernaðarmannvirki. Það átti að verða ameríkst land í næstu 99 ár, sem Íslendingar hefðu ekkert með að gera. Þessi krafa Bandaríkjanna um þessar herstöðvar til 99 ára hér á Íslandi, gerð meðan Ameríkanarnir hafa hér her enn þá í landinu og meðan þess vegna er raunverulega ekki hægt að ætlast til þess, að Íslendingar geti að öllu leyti talað af fullri djörfung við Bandaríkjamenn, — þessi krafa er kúgun og ofbeldi gagnvart smáþjóð, og það var ósvífni af Bandaríkjunum að bera þessa kröfu fram. Bandaríkin munu hafa borið þessa kröfu fram vegna þess, að þau ætluðust til þess, að það yrði gengið að henni. Þau höfðu sinn her hér í landinu, þau höfðu hér byssustingina í kringum okkur, og þau sögðu: Við viljum fá þrjú landsvæði í 99 ár.

Ég veit, að hv. fulltrúar hernámsflokkanna hér á Alþ. fást sjaldan til þess að tala um þessa kröfu Bandaríkjanna, því að hún sviptir grímunni af þeim. Bandaríkin voru þá ekki komin það langt í hræsninni, að þau væru búin að yfirtaka öll slagorð Hitlers um baráttuna gegn kommúnismanum, alveg búin að gera bandalag við Spán, Japan og stóriðjuhöldana í Þýzkalandi, bandalag við alla þá aðila, sem stjórnuðu Þýzkalandi og fasistaríkjunum yfirleitt í heimsstyrjöldinni síðustu. Bandaríkin voru þá ekki búin að útvega sér neitt yfirvarp, ekki neitt svokallað lýðræðisyfirvarp, ekki neitt frjálsra þjóða yfirvarp yfir sína beinu kúgunarstarfsemi. Þá áttu Íslendingar að fá að kenna á því, að bandarískur her væri hérna, og Bandaríkin héldu, að þau hefðu náð nógu miklum tökum á okkur til þess að fá þessari kröfu framgengt, og þess vegna gerðu þau hana. Sósfl. tilkynnti þá, að hann færi úr ríkisstj., ef gengið yrði að þessari kröfu. Og það voru kosningar framundan 1946, og það þótti ekki hentugt að ganga að þeirri kröfu þá.

Það, sem síðan hefur verið að gerast á Íslandi, er, að Bandaríkin hafa verið að reyna að ná slíkum tökum á flokkunum og þjóðinni, að þau gætu fengið þessu framgengt. Þau hafa ekki fengið því öllu framgengt enn. En þau stefna enn að þessu marki, sem þau ætluðu sér að ná í einum áfanga þá, en misheppnaðist vegna þess, að við sósíalistar stóðum á móti þessari kúgun og ofbeldi, sem Bandaríkin þá ætluðu að beita okkur.

Í þriðja lagi, hv. 4. þm. Reykv., hvernig var það 1946, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður? Hvað sögðu Bandaríkin þá við okkur Íslendinga? Þau sögðu: Við skulum fella niður hernámssamninginn frá 1941 gegn því, að við fáum Keflavíkurflugvöllinn til umráða. Ef þið hins vegar gangið ekki inn á að láta okkur fá Keflavíkurflugvöllinn til umráða, þá munum við ekki fara með herinn burt af Íslandi. — Þetta var sú beina hótun Bandaríkjanna þá. M. ö. o.: Látið okkur fá Keflavíkurflugvöllinn, gerið Keflavíkursamninginn, þá förum við burt með herinn — þýddi nú raunverulega: þá setjum við hann í önnur föt. — En látum það vera. Þetta var það, sem lá fyrir þeim flokkum, sem þá samþykktu Keflavíkursamninginn, og var þeirra eina vörn fyrir því að samþykkja hann. Þeirra röksemdir í öllum umræðunum voru þessar: Með því að gera

Keflavíkursamninginn fáum við Bandaríkjaherinn burt af Íslandi. — Hvað er þetta af hálfu Bandaríkjanna, að segja við þjóð, þegar þau hafa her sinn í landi hennar: Hér ætla ég að sitja með minn her áfram. Hér ætla ég sem sé að beita þig þeirri kúgun og ofbeldi að sitja með minn her áfram, nema því aðeins að þú gangir að þeim skilyrðum, sem ég set, Keflavíkursamningnum. — Þetta var kúgun og ofbeldi af hálfu Bandaríkjanna, ekkert annað.

1951, þegar hernámssamningurinn var gerður, — það var ekki hér í þingsölunum, það var hérna niðri í flokksherbergjunum, — mér er ekki kunnugt um, hvernig þeir þm., sem gerðu þann samning, voru látnir gera hann. Það gerðist með því móti, að það hefur enginn þeirra manna sagt frá því. Ég veit því ekki, hvort það hefur verið beitt kúgun eða ofbeldi. Ég veit ekki, hvers konar myndir hafa verið málaðar upp fyrir mönnum þá, hvers konar blekkingum hefur verið beitt. En hitt er mér alveg ljóst, að saga Bandaríkjanna og þeirra afskipta af Íslandi er ein óslitin saga af kúgun og ofbeldi, þar sem lygarnar og lygaáróðurinn síðan bættust ofan á.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um illmæli af okkar hálfu. Það hefur ekki verið sagt enn nema brot af því, sem þarf að segja um framferði Bandaríkjanna hér á Íslandi, og getur vel verið, að við förum að bæta meiru við það. Það er ef til vill kominn tími til þess, að Alþ. fari að athuga þær skoðananjósnir, sem ameríska sendiráðið uppi á Laufásvegi rekur hér í Reykjavík. Það er ef til vill tími til kominn, að það sé farið að athuga, hve margir Íslendingar eru í þjónustu Bandaríkjanna til þess að njósna um skoðanir manna hér. Það er ef til vill tími til kominn, að það sé farið að athuga það, samkv. hvaða heimild starfsmenn ameríska sendiráðsins leyfa sér að spyrja Íslendinga, sem koma þangað til þess að fá vegabréf, að því, hvernig þeir hafi kosið í síðustu kosningum. Það er ef til vill tími kominn til þess, að það sé farið að setja einhverjar hömlur við, hvernig ameríska sendiráðið slettir sér fram í íslenzk innanríkismál. Og það er ekki nóg með, að ameríska sendiráðið hér hafi þessi ólöglegu afskipti af íslenzkum innanríkismálum, án þess að ríkisstj. segi nokkurn skapaðan hlut við því, heldur er það meira að segja látið viðgangast á Keflavíkurflugvelli, að það séu beinar yfirheyrslur yfir íslenzkum verkamönnum, sem vinna þar, um hvaða stjórnmálaskoðanir þeir hafi. Ég lagði hér fyrir á Alþ. í fyrra beinar sannanir um lögbrot, sem ættu að gilda samningsuppsögn, ef hér væri ríkisstj., sem stæði á verði fyrir hagsmuni Íslands, þar sem íslenzkum verkamönnum og verkakonum er sagt upp með tilvitnun í ákveðin amerísk lög, sem einmitt snerta það, að viðkomandi menn hafi ákveðnar pólitískar skoðanir eða þeirra tengdafólk, sem er algert brot á ákvæðum varnarsamningsins sjálfs, sem fyrirskipa meira að segja Ameríkumönnum að hafa ekki skipti af stjórnmálum á Íslandi. Ég býst við, að hv. 4. þm. Reykv. vilji telja þetta illmæli. En þessar sannanir liggja hér fyrir, og ég hef lagt þær hér fyrir á Alþingi. Þessar skoðananjósnir, þessi skoðanakúgun, sem ameríska sendiráðið, ameríska herliðið, amerísku atvinnurekendurnir hérna eru látnir framkvæma, eru brot á öllum íslenzkum lögum og brot líka á sjálfum hernámssamningnum.

Það er ekki til neins að kvarta yfir illmæli og ófrægingu, á meðan allt það, sem við höfum sagt og lagt hér fram um afskipti Ameríkana af málum okkar Íslendinga, er þannig, að það eru í fyrsta lagi staðreyndir og í öðru lagi það leiðar staðreyndir, að öllum Íslendingum, sem kynnast þeim, sviður undan þeim og þeim frændum okkar á Norðurlöndum, sem hingað koma, ógnar, hvernig komið sé. Menn þurfa ekki annað en tala við Dani eða Svía, sem hafa farið hérna um Keflavíkurflugvöllinn og séð, hvernig ástandið er.

Þá kom hv. 4. þm. Reykv. að því, að tilgangurinn með þessari þáltill. Alþfl. væri nú alls ekki sá að segja upp samningnum, þetta væri bara endurskoðun, og hann efaðist ekki um, að þessu yrði vel tekið af hálfu Bandaríkjanna. Og hv. 4. þm. Reykv. vildi leggja mjög mikla áherzlu á þetta; það væri nú eitthvað annað en að þeir, gamlir Atlantshafsbandalagsbrautryðjendur eins og hann, væru nú að hugsa sér að fara að segja upp hernámssamningnum. Má ég nú spyrja hv. 4. þm. Reykv.: Á hvern hátt hugsar hann sér að fá í gegn þessar breytingar á samningnum, sem felast í till. Alþfl.? Það er aðeins ein aðferð, sem er til, til þess að fá þessa breytingu í gegn, svo framarlega sem Bandaríkin beygja sig ekki í hvert skipti, sem litla fingrinum er veifað hér á Alþ., og það er að segja samningnum upp. Mig langar til að fá upplýsingar hjá hv. 4. þm. Reykv. um, hvaða ástæðu hann hefur til þess að ætla, að þessari endurskoðun yrði vel tekið af Bandaríkjunum. Ég hef grun um, að hæstv. núverandi ríkisstj. hafi ef til vill í því almenna undanhaldi, sem nú á sér stað hér á Íslandi viðvíkjandi þessum málum, gjarnan hugsað sér að fá fram einhverja endurskoðun á núverandi hernámssamningi. Ég hef jafnvel grun um, að hún hafi verið að leita hófanna hjá Bandaríkjunum, hvernig þau tækju í slíkt. En ég er ákaflega hræddur um, að Bandaríkin hafi tekið allt slíkt mjög óstinnt upp, þau hafi ekkert kært sig um að eiga það neitt á hættu, að farið væri að hrófla við þessum samningi. Ég er hræddur um, að reynsla ríkisstj. hafi einmitt orðið sú, að Bandaríkin vilji halda fast í höndina, sem þeim var rétt 1951, og þau muni alls ekki hafa hugsað sér að ganga inn á mikla endurskoðun á þessum samningi, t. d. að hægt væri að reka þá burt héðan með þriggja mánaða fyrirvara með einhliða samþykkt Alþ. og annað slíkt.

Svo framarlega sem Bandaríkin ekki tafarlaust beygja sig fyrir hverri ósk, sem hér kemur fram, þá er aðeins einn hlutur til. Það er að segja samningnum upp og láta síðan Bandaríkin vita það, að af hálfu þeirra, sem yfirleitt vilja aftur við þau semja, komi ekki til neinna mála, að það sé yfirleitt talað við þau upp á

aðra skilmála en þá, sem Alþ. hefur lagt fyrir. Ef hins vegar Alþ. í samningum við Bandaríkin á að fara að taka slíka afstöðu, þá er eitt, sem er nauðsynlegt að þeir menn, sem eiga að semja fyrir Íslands hönd, geri sér ljóst, og það er, að þægðin er einvörðungu Bandaríkjanna og engra annarra, að ef menn eru að semja um þessa hluti, þá eru menn að gera það fyrir Bandaríkin og enga aðra. Það eru eingöngu þau, sem hafa óskað eftir herstöðvum á Íslandi. Og Íslendingum geta þessar herstöðvar aldrei flutt neitt annað en hættu á tortímingu. Eigi að knýja fram þess vegna þá endurskoðun, sem Alþfl. hérna talaði um, þá er það því aðeins hugsanlegt, að þannig væri haldið á af hálfu þeirrar ríkisstj., sem um það semdi, að hún léti í það skína við Bandaríkin, að Íslandi dytti ekki í hug að gera neinn samning við Bandaríkin, nema þau gengju að öllum þessum skilmálum, sem þarna væru settir. Ef það yrði látið í veðri vaka, eins og hér er alltaf verið að reyna að blekkja menn með, að þetta væri að einhverju leyti í þágu Íslendinga, að Íslendingar þyrftu að draga úr sínu öryggisleysi með því að heimta her inn í landið, með því að heimta her til þess að ráðast á sig, — ef þannig er haldið á málunum af hálfu Íslendinga, þá verður aldrei gert annað en að beygja sig fyrir öllu því, sem Bandaríkin vilja. Þá er ekki hægt að tala við þau. Ég held þess vegna, að hv. 4. þm. Reykv. ætti ekkert að vera að draga neina dul á það, að ef Alþfl. hugsar sér nokkurn skapaðan hlut með þessari till., þá verður hann að vera reiðubúinn að vera með því að segja samningnum upp til þess þá m. a. að knýja fram endurskoðun í þeim anda, sem hann vill á koma.

Þá talaði hv. 4. þm. Reykv. um, að þetta, að við vildum ekki hafa herstöðvar á Íslandi, væri af því, að við vildum slíta öll tengsl við vestrænu lýðræðisþjóðirnar. Þessu hefur oft verið haldið fram, að þessi hlutleysisstefna, sem við höfum verið að halda fram, þýddi það að slíta öll tengsl við vestrænu lýðræðisþjóðirnar. Má ég nú minna hv. 4. þm. Reykv. á það, að í yfirlýsingu, sem utanrmn. Alþingis gaf 1946 í sambandi við inntökubeiðni Íslands í Sameinuðu þjóðirnar, var í sambandi við einmitt skilninginn á 43. gr. sáttmálans, spurninguna viðvíkjandi herstöðvum hér á Íslandi, alveg sérstaklega tekið fram og yfir lýst af hálfu utanrmn. eftirfarandi:

„Íslendingar eru eindregið andvígir herstöðvum í landi sínu og munu beita sér gegn því, að þær verði veittar.“

Þetta var afstaða utanrmn., og hún var undirskrifuð af eftirfarandi mönnum þá: Bjarni Benediktsson, formaður, Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. og frsm., Hermann Jónasson, Bjarni Ásgeirsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Garðar Þorsteinsson, Einar Olgeirsson. Og þessar tillögur með tilvitnun til þessarar fundargerðar voru samþ. einróma á Alþingi og þetta alveg sérstaklega undirstrikað. Og við áttum báðir, hv. 4. þm. Reykv. og ég, okkar þátt í því, að lýðveldið var hér endurreist 17. júní 1944, héldum báðir ræður í tilefni af því hér við stjórnarráðið og lýstum því yfir, eins og allir aðrir gerðu, að við endurreistum okkar lýðræði vopnlaust og varnarlaust og ætluðum að halda því þannig í okkar trú á það, að smátt og smátt mundi fara batnandi í veröldinni, og þetta var í miðri heimsstyrjöldinni. Við Íslendingar höfum gengið út frá því, og það í tveim heimsstyrjöldum og eftir þær, að halda okkar landi varnarlausu og vopnlausu, vegna þess að við vitum það ósköp vel, þegar við hugsum um þetta mál, að það er öruggast fyrir líf sjálfs fólksins í landinu. Þetta var stefna okkar sósíalista þá eins og allra annarra flokka, þegar lýðveldið var endurreist, og hún hefur haldið áfram að vera það. Ýmsir aðrir flokkar hafa hætt við þá stefnu. Af hverju? Af því að landið hefur verið hernumið af amerísku valdi og amerískt auðvald hefur læst sínum klóm um okkar íslenzka þjóðlíf, þannig að það er varla orðið hægt að hreyfa sig, ekki einu sinni að byggja hús á Íslandi án þess að spyrja Ameríkana um leyfi. Það er þess vegna ekki að ásaka okkur sósíalista fyrir að hafa haldið fast við þá stefnu, sem var stefna Íslands, þangað til Ameríkanar lögðu landið undir sig með kúgun og ofbeldi og halda því með blekkingum og áróðri. Það eru aðrir flokkar, sem hafa vikið frá þeirri stefnu í samræmi við hagsmuni Ameríkana, í samræmi við hagsmuni ameríska auðvaldsins.

Mér liggur við að spyrja þessa menn, sem tala svona mikið út af hlutleysisstefnunni og öllu því: Hvar er sú vernd, sem Íslendingar hafa gegn Bandaríkjunum og þeirra herliði, gegn morðunum, sem Bandaríkjamenn eru byrjaðir að fremja hér á Íslandi, gegn því, sem þeir koma til með að leiða yfir landið, ef þeir verða látnir halda svona áfram? Hvar er sú vernd? Það er ábyrgðarhluti að kalla vopnaðan her inn í eitt land. Það getur oft orðið erfiðara að losna við hann aftur. Ég fæ ekki séð, að það sé hægt með rökum að bera Sósfl. á brýn stefnubreytingu í þessum efnum. Hann hefur haldið við þá stefnu, sem var stefna þjóðarinnar. Það eru aðrir, sem hafa breytt um. Í því að reka ameríska herinn burt af Íslandi felst engan veginn að slíta öll tengsl við vestrænu lýðræðisþjóðirnar. Geta vestrænar lýðræðisþjóðir ekki haft tengsl við Ísland nema nota Ísland sem herstöð, nema stofna lífi íslenzku þjóðarinnar í hættu? Eru það einu tengslin, sem eru til? Við lýstum því yfir, þegar við slitum stjórnmálasambandinu við Danmörku hér á Alþ., að við vildum hafa menningarleg samskipti við Norðurlönd og við vildum tengjast þeim sem nánustum böndum, þó að við slitum þau bönd, sem gerðu okkur stjórnmálalega háða þeim. Ekkert Norðurlandanna hefur enn sem komið er, nema Ísland, látið Ameríkönum herstöðvar í té. Er þar með verið að gefa til kynna, að það sé stefna kommúnistanna, sem ráði í Danmörku og Noregi til dæmis? Er þar með verið að gefa til kynna, að Danmörk og Noregur séu að slíta öll tengsl við vestrænu lýðræðisþjóðirnar, ef það á að fara að heita að slíta öll tengsl við vestrænar lýðræðisþjóðir að hafa ekki amerískan her á

Íslandi? Ég held, að það sé farið að ganga nokkuð langt í því að nota þessi orð um lýðræðistengslin, ef þau eiga að þýða það, að ekki sé hægt að hafa samband við t. d. Norðurlönd öðruvísi en að það séu amerískir vopnaðir menn á Íslandi. Þær till., sem hér liggja fyrir, eru um það að fá ameríska herinn burt af Íslandi, þær till., sem hv. 4. þm. Reykv. vitnar í, þær eru ekki um meira.

Að síðustu vil ég taka það alveg greinilega fram, einmitt vegna þess, að hv. 4. þm. Reykv. var að láta í ljós undrun sína yfir því, að það hefði komið fram ánægja frá hálfu ýmissa þm., bæði Sósfl. og annarra yfir þessari till. Alþfl., að það er full ástæða til þeirrar ánægju. Þessi till. Alþfl. er spor í áttina. Hún er spor í áttina á undanhaldinu frá hernámssamningnum 1951. Hún er spor á flóttanum frá því að ofurselja landið í hendur Bandaríkjaherliðsins. Hún er rétt spor í áttina. Og mín trú er, að meira að segja þessu litla spori í áttina sé ekki hægt að framfylgja öðruvísi en með því að segja upp samningnum við Bandaríkin, vegna þess að ég hef þá trú a. m. k. á núverandi valdhöfum Bandaríkjanna, að þeir séu það miklir asnar í utanríkisviðskiptum við þjóðir, að þeir kunni ekki að semja í tíma. Ég efast ekki um, að ýmsir þeir, sem stjórnuðu Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum, hefðu athugað þessi mál ofur lítið betur, þeir hefðu verið þeir diplómatar að fara að láta undan, þegar önnur eins óánægja skapast eins og hérna á Íslandi. Ef aðrir menn hefðu stjórnað Bandaríkjunum, gæti ég vel trúað, að Bandaríkin hefðu nú þegar boðið okkur upp á endurskoðun á samningnum. En það er vitað mál, að utanríkisþjónusta Bandaríkjanna er alveg með afbrigðum léleg. Við vitum ósköp vel, að það, sem er að gerast nú í Vestur-Evrópu, það er, að Bandaríkin eru með sinni þjösnalegu utanríkispólitík að ofbjóða þjóðum eins og Englendingum og öðrum slíkum. Þau keyra svo skarpt í afturhaldsáttina, að þau eru næstum því að slíta vestrænu lýðræðisríkin í Evrópu, — svo að ég noti nú orðatiltæki hv. 4. þm. Reykv., — þau eru að slíta þau aftan úr sér. Og það má mikið vera, ef þeir, sem ráða nú utanríkispólitík Bandaríkjanna, hjálpa okkur ekki hér á Íslandi með sama þjösnaskapnum til þess að slíta Ísland undan áhrifum þeirra líka.

Þegar að því kæmi, að þessi till. yrði samþykkt, að farið væri að ræða við Bandaríkin, þá yrði annaðhvort að hrökkva eða stökkva. Ef þau umyrðalaust féllust ekki á breytingu samkv. þessu, þá lægi ekkert annað fyrir en að segja samningnum upp og sjá þá, hvað þau gerðu. Þess vegna þýðir þessi till. raunverulega það, að Alþ. ákveður að segja samningnum upp, nema gengið sé að alveg ákveðnum skilyrðum. Það er alveg rétt fram tekið hjá hv. 4. þm. Reykv., að það er munurinn t. d. á því frv., sem ég flyt ásamt fleiri samflokksmönnum mínum í Nd., að ég legg til, að samningnum sé sagt upp, hann sé ekki endurskoðaður og ekki endurnýjaður. Með þessu er lagt til, að samningurinn sé endurskoðaður, og sú endurskoðun eru að mínu áliti engin líkindi til að verði framkvæmd öðruvísi en með því að segja honum fyrst upp. Þess vegna álít ég, að þessi till. sé spor í rétta átt. Ég hef nefnilega þá trú, að þegar svo langt væri komið, að samningnum yrði sagt upp við Bandaríkin, jafnvel þótt meira að segja önnur eins stjórn og núverandi ríkisstj. ætti að fara að semja við Bandaríkin, mundi þjóðin taka þannig í málið, að það yrði ekkert þægilegt fyrir hana að ná neinum samningi aftur.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Það eru nokkur atriði í ræðum hv. þingmanna við fyrri hl. þessarar umr., sem ég vildi gera að umtalsefni, og þá fyrst ræða hv. 2. þm. Reykv. við það tækifæri. Að ýmsu leyti eiga svör mín einnig við þá ræðu, sem hann var að ljúka við að flytja núna.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að Íslendingar ættu að reka algerlega sjálfstæða utanríkispólitík. Um þetta er ég honum sammála, en legg ef til vill ekki alveg sama skilning í það, hvað sé sjálfstæð utanríkispólitík. Ég hafði sagt í framsöguræðu minni, að allar þjóðir og þá einnig við Íslendingar yrðu í utanríkispólitík að taka tillit til ástandsins í þeim heimshluta, sem landið væri hluti af, og ég lagði áherzlu á, að það væri ekki frávik frá sjálfstæðri utanríkispólitík, þótt slíkt væri gert. Ég sagði, að möguleiki þess að framfylgja algerri hlutleysisstefnu hlyti að vera háður því, hvort um væri að ræða í nágrenni við okkur einhver hlutlaus ríki, sem til greina kæmi að gera bandalag við til þess að gæta hagsmuna Íslendinga, þeirra hagsmuna, sem á að vera höfuðhlutverk utanríkispólitíkurinnar að vernda. Skilyrði okkar til þess að framfylgja beinni hlutleysisstefnu, sem er stefna flokks hv. 2. þm. Reykv., hljóta að vera háð því, að til séu ríki eða ríkjabandalög í Evrópu, sem við gætum leitað bandalags við til stuðnings þessari stefnu, ef hún ætti að veita okkur þá vernd, sem við erum sammála um að utanríkispólitík á að veita þjóð, sem vill vera sjálfstæð.

Nú er ástandið í heimshluta okkar þannig, að engin þjóð, sem til greina kæmi fyrir okkur að gera bandalag við, er hlutlaus. Það er ekkert hlutlaust ríkjabandalag til nú á þessari stundu. Þannig var málum ekki háttað á fyrstu árunum eftir styrjöldina. Þá var einmitt um það rætt í Vestur-Evrópu og á Norðurlöndum, hvort smáríki og jafnvel ýmis stærri ríki skyldu ekki taka upp aftur þá hlutleysisstefnu, sem þau höfðu fylgt fyrir styrjöldina. Ef sú stefna hefði orðið ofan á, þá væru raunhæfir möguleikar okkar í utanríkispólitík okkar aðrir en þeir eru núna. Ef orðið hefði úr stofnun varnarbandalags Norðurlanda, sem miklu fylgi átti að fagna á Norðurlöndum, þá hefði það verið möguleiki fyrir okkur að leita eftir því að verða aðilar að því hlutleysisbandalagi. Hitt er annað mál, hvort það hefði dugað okkur að vera varnarlausir eða vopnlausir aðilar að slíku bandalagi, því að það átti sem kunnugt er ekki að vera vopnlaust, heldur vel vopnað. Ef sú stefna yrði ofan á í Vestur-Þýzkalandi, að það og einhver

ríki þar í grenndinni mynduðu hlutlaust svæði í miðri Evrópu, svo sem er stefna þýzka Jafnaðarmannaflokksins, þá breytir það og þeim skilyrðum, sem fyrir hendi eru fyrir okkur Íslendinga í utanríkispólitík okkar. En meðan ekkert slíkt á sér stað, þá verðum við auðvitað að miða raunhæfar aðgerðir okkar við ástandið eins og það er, en ekki eins og það gæti verið eða við vildum að það væri.

Hv. 2. þm. Reykv. skildi auðsjáanlega kjarnann í þessari röksemdafærslu, því að hann sagði, að við ættum ekki að láta aðstæðurnar í kringum okkur á okkur fá, við ættum að taka að okkur forustuhlutverk í utanríkispólitík Vesturlanda eða Vestur-Evrópu, að því er mér skildist. Þetta minnti mig dálítið á kenningar kunns brezks spekings, að nafni Rutherford, um hið mikla hlutverk, sem Íslandi væri ætlað í framvindu heimsmálanna. Hv. þm. sagði, að Ísland ætti að gegna miklu og glæsilegu hlutverki og mundi hafa skilyrði til þess að hafa gagnger áhrif á málefni heimsins. Ég hef ekki mikla trú á því, að það sé rétt, og þykist þó vera sízt minni föðurlandsvinur en margir aðrir og hafa sízt minna álit á þýðingu Íslands fyrir umheiminn, sérstaklega fyrir heimsmenninguna. En ég hef ekki trú á, að Ísland sé í þeirri aðstöðu að geta haft gagnger áhrif á framvindu heimsmála. Ég hygg, að sú trú hv. 2. þm. Reykv. sé oftrú. Við getum ekki með stefnu okkar hér haft áhrif á það, hvaða stefnu jafnvel Norðurlöndin, hvað þá önnur stærri ríki í Vestur-Evrópu fylgja. Við hljótum þvert á móti að verða að taka tillit, að vísu meira og minna sjálfstætt og meira og minna djarfmannlegt, til þeirrar stefnu, sem þar er ofan á hverju sinni. Ég legg sérstaka áherzlu á, að þetta er ekki að afsala sér sjálfstæði utanríkispólitíkurinnar; langt frá því. Eða hvað segir hv. 2. þm. Reykv. um aðrar þjóðir, sem eru staddar á sama svæði og við, en í öðrum hluta þess? Teldi hann það koma til greina fyrir Finna t. d. að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu? Hvers vegna hafa Finnar gert varnarsamning við Sovétríkin? Hvers vegna hafa Finnar gert samning við Sovétríkin, sem heimilar Sovétríkjunum herstöðvar, miklar herstöðvar í landi þeirra, sem heimilar rússneskt land innan finnsku landamæranna? Telur hann, að með því að taka það tillit til hagsmuna Sovétríkjanna, sem Finnar hafa talið sér rétt og skylt, séu Finnar búnir að afsala sér algerlega sjálfstæði utanríkispólitíkur sinnar? Veit hv. þm., hvað rússneskur her er í mörgum löndum í Mið- og Austur-Evrópu? Og hver er afstaða kommúnistaflokkanna í þessum löndum til þessa rússneska hers, sem þar dvelur? Hver er afstaða Sósfl. hér til rússneska hersins í þessum löndum? Vildi Sósfl. hér standa að fundi friðelskandi borgara hér í Reykjavík til þess að samþykkja áskorun til sovétstjórnarinnar um að draga her sinn burt úr öllum þessum löndum? Ég veit það ekki. Ég dreg það mjög í efa. Ég hygg, að sannleikurinn sé sá, að hv. þm. telji nauðsynlegt, að rússneski herinn sé kyrr í þessum löndum. En Ísland vill hann hins vegar hafa ekki aðeins hlutlaust, heldur einnig vopnlaust. Þetta er, eins og ég hef þegar getið, að vissu leyti alveg rökrétt frá hans sjónarmiði séð. Hann telur hagsmunum heimsins, þ. á m. hagsmunum Íslands, bezt borgið með því, að aðstaða Sovétríkjanna og bandamanna þeirra til þess að ráða gangi heimsmálanna sé sem allra bezt. Það er ómótmælanlegt, að ef t. d. Ísland og ýmis önnur lönd, sem svipaða aðstöðu hafa og það, eru hlutlaus og algerlega vopnlaus, þá styrkir það aðstöðu Sovétríkjanna í tafli heimsstjórnmálanna. Ég lái hv. þm. þess vegna ekkert, að hann hefur þessa skoðun. Hún er í samræmi við grundvallaratriði lífsskoðunar hans, og hví skyldi maður ekki vera sjálfum sér samkvæmur? Fyrst hv. þm. trúir á það, og ég dreg það aldrei í efa, að hann trúi á það, að heiminum sé þannig bezt borgið, að Sovétríkin séu sem voldugust og sterkust og hafi sem mest áhrif, þá er eðlilegt, að hann óski eftir þeirri íslenzkri utanríkispólitík, sem er Sovétríkjunum mest í vil og styrkir aðstöðu þeirra mest, en það er einmitt sú afstaða, að Ísland fylgi stefnu hins einangraða hlutleysis og hins algera vopnleysis.

Hv. þm. er það lífsreyndur maður, að hann skilur, — það kom fram af fyrri ræðu hans um þetta mál, — hvaða afleiðingu það hefði fyrir Íslendinga nú, ef lýst væri yfir ævarandi hlutleysi miðað við núverandi kringumstæður. Það þýddi yfirlýsingu um fjandskap við Bandaríkin og Bretland og hin önnur vestræn lýðræðisríki, sem hafa sömu hagsmuni af því, að Íslendingar lýsi yfir samstöðu með þeim, sams konar hagsmuni af því eins og það er andstætt hagsmunum Sovétríkjanna. En það er einmitt þetta, sem hv. þm. vill. Hann vill, að Íslendingar lýsi yfir fjandskap við Bandaríkin og Bretland og hin önnur vestræn lýðræðisríki, og hann dregur enga dul á það. Hann tók það skýrt fram í ræðu sinni, að hann vildi, ef styrjöld brytist út, neita Bandaríkjamönnum og Bretum um að fá hér sams konar aðstöðu og þau höfðu í síðasta stríði. Hann var alveg hreinskilinn um þetta efni. Hann sagði: Ég vil, að Íslendingar segi nei. Jafnvel þó að það sé öllum ljóst, að það þýddi beinan fjandskap af þeirra hálfu, kallaði á beinan fjandskap af þeirra hálfu, þó að það kallaði hernám yfir Íslendinga. Hann sagði, að það væri betra að vera hlutlaus og lifa við sult og seyru en að vera skotmark. En skotmark hverra? Hverjir eru það, sem hv. þm. gerir ráð fyrir að kynnu að skjóta á Ísland, ef til styrjaldar drægi? Kjarni þeirrar utanríkisstefnu, sem ég tel að Íslendingar eigi að fylgja, á auðvitað að vera sá, að í styrjöld viljum við hvorki lifa við sult né seyru né heldur vera skotmark. Það er þetta, sem íslenzk utanríkisstefna á að tryggja, og það er markmið þeirrar stefnu og þeirra ráðstafana, sem liggja til grundvallar þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er verið að ræða.

Þá ætla ég að vikja fáeinum orðum að ræðu hv. 8. þm. Reykv., sem hann flutti hér við fyrri hluta þessarar umr. Það er fyrsta ræðan, sem hv. þm. flytur hér um utanríkismál, og það

fyrsta, sem mælt er af hálfu flokks hans um þau mál hér á hinu háa Alþingi. Ég hygg, að hv. þingmenn hafi orðið dálítið undrandi yfir ýmsum grundvallaratriðum í hans ræðu. Ég hafði beint þeirri fyrirspurn til málsvara Þjóðvfl., hvaða stefnu Þjóðvfl. vildi að Íslendingar hefðu, ef styrjöld brytist út milli austurs og vesturs, þ. e. a. s., hvaða afstöðu þeir mundu taka til þeirrar spurningar, sem þá hlýtur að koma upp, hvort leyfa eigi Bandaríkjamönnum og Bretum að fá hér sams konar aðstöðu með samningum eins og þeir höfðu hér í síðustu styrjöld. Stofnfundur Þjóðvfl. samþykkti ályktun, sem birt hefur verið í blaði flokksins, þar sem það er tekið skýrt fram, að stefna flokksins sé ævarandi hlutleysi og vopnleysi. Ég bjóst því við, að hv. þm. mundi segja: Við höldum fast við yfirlýsingu okkar um ævarandi hlutleysi og vopnleysi. — Ályktun af því væri auðvitað sú sama og hv. 2. þm. Reykv. dregur, að sagt yrði nei, ef styrjöld brytist út og tilmæli kæmu um sams konar aðstöðu hér til handa Bretum og Bandaríkjamönnum og í síðasta stríði. En hvað gerðist? Hv. þm. sagði ekki þetta nei. Hann svaraði ekki í samræmi við stefnuyfirlýsingu flokksins. Hann sagði, að svar Íslendinga ætti að fara eftir aðstæðum á hverjum tíma, eftir þeim aðstæðum, sem væru í heiminum, skildist mér, þegar stríðið brytist út. Þetta er ekki að halda fast við stefnu ævarandi hlutleysis og vopnleysis. Og mér finnst satt að segja vera heldur snemmt fyrir þingmann Þjóðvfl. að hverfa frá markaðri stefnu flokksins. Það hefðu ýmsir búizt við því, að um dálítið meiri stefnufestu væri að ræða en hér virðist hafa komið fram. Og út yfir tekur þó, þegar það er athugað, að í þessari yfirlýsingu felst það, að þessi forustumaður flokksins, sem talaði, virðist alls ekki hafa gert það alveg upp við sig, hvaða afstöðu Íslendingar eigi að hafa á því andartaki, sem stríð kynni að brjótast út. Hvað þýðir það að segja, að það eigi að fara eftir aðstæðum á þeim tíma, sem stríðið brýzt út? Getur hv. þm. hugsað sér einhverjar aðstæður, þar sem hann mundi segja já, og einhverjar aðrar, þar sem hann mundi segja nei? Þegar þannig er spurt, þegar ég spyr, þá á ég auðvitað við, hvað hann mundi segja miðað við núverandi aðstæður, hvað mundi hann segja, ef stríðið brytist út nú í dag eða á morgun eða hinn daginn. Þá getur hv. þm. ekki sagt: Ég hef ekki gert það upp við mig. — Þannig er ekki hægt að tala á hinu háa Alþingi. Þeir menn, sem tekið hafa að sér það trúnaðarstarf, sem í því felst að vera alþm., og sérstaklega þeir, sem tekið hafa kosningu fyrst og fremst til þess að berjast fyrir ákveðinni stefnu í utanríkismálum, verða að hafa gert upp við sig algerlega ljóst og skýrt það, sem telja má grundvallarspurningu í íslenzkum utanríkismálum. En það er grundvallaratriði íslenskra utanríkismála, hvaða afstöðu Íslendingar eigi að hafa á því andartaki, sem stríð brýzt út. Þeir menn, sem ekki hafa gert það endanlega upp við sig, eiga enn þá mikið óhugsað um vandamál íslenzkra utanríkismála. Ég skal engar getsakir gera þeim ágæta forustumanni Þjóðvfl., sem hér talaði, um skoðanir hans í þessum efnum. Ég vek aðeins athygli á því, að það kom ekki fram, hvaða skoðanir hann hefur á málinu. Ég vildi eindregið óska þess, að skoðanir hans væru ekki þær, sem fólust í stefnuyfirlýsingu flokks hans, að flokkurinn teldi, miðað við núverandi kringumstæður, rétt að halda fast við ævarandi hlutleysi og vopnleysi og þar af leiðandi segja nei við tilmælum af hálfu Bandaríkjamanna og Breta, ef styrjöld brytist út, um sams konar aðstöðu hér og þessi ríki höfðu í síðustu styrjöld. Ég dreg þá ályktun af ræðu hans, að það sé fyllsta von til þess, að hann standi ekki við þessa ályktun. A. m. k. meðan það hefur ekki verið skýrt sagt, hvort þeir mundu segja já eða nei undir þessum kringumstæðum, þá tel ég von til þess, að skoðanir hans séu mjög svipaðar þeim skoðunum, sem liggja til grundvallar þeirri tillögu, sem hér er til umr., og teldi ég það vissulega mikið fagnaðarefni, ef svo væri. Ég mundi fagna því mjög.

Hv. þm. ræddi nokkuð um þau almennu rök, sem hann taldi mega færa fyrir því, að Íslendingar lýstu nú yfir hlutleysi, jafnvel þó að hann, eins og ég sagði áðan, virtist ekki vera reiðubúinn til þess að segja, að við ættum að halda fast við það, jafnvel ef stríð skylli á. Höfuðrök hans voru fólgin í því, að þá væru mestar líkur á, að við lentum ekki í stríði, og minnstar líkur fyrir árásum á landið. En hvað er að segja um þessar röksemdir? Við vorum hlutlausir 1939, og hvaða gerðist? Við sluppum ekki við það að vera óbeinn þátttakandi í þeim mikla hildarleik, sem þar var háður. Landið var hernumið, og við hurfum þá þegar frá hlutleysisyfirlýsingunni á þann hátt að taka upp virka samvinnu við þann aðila, sem hafði hernumið landið. Við mótmæltum hernáminu í orði, en við sættum okkur við það á borði, gerðum ekkert til þess að hindra það, að þessi hernámsaðstaða yrði hagnýtt. Og þessi stefna af hálfu ríkisstj. sætti ekki verulegri gagnrýni. Síðan var herverndarsamningurinn gerður 1941, án þess að honum væri verulega andmælt á þeim grundvelli, að hann væri ósamrýmanlegur hlutleysisyfirlýsingunni frá 1918. Sannleikurinn er auðvitað sá, að hvorki hlutleysisyfirlýsing né nokkrar aðrar ráðstafanir, sem væri á valdi okkar einna að gera, geta tryggt okkur gegn því, að við lendum í stríði, geta ekki heldur veitt okkur fullt öryggi gegn því, að landið verði fyrir árásum.

Það, sem Íslendingar þurfa að kappkosta til þess að forða sér frá siðferðislegri ábyrgð í því sambandi, ef efnt yrði til árása á Ísland, er að tryggja það, að héðan verði aldrei gerðar árásir á meginland Evrópu. Það er meginatriði málsins. Við samþykktum aldrei í síðasta stríði neina þess konar aðstöðu til handa Bandaríkjamönnum og Bretum, að héðan mætti gera árásir á meginland Evrópu. Við höfum enn þá ekki stigið neitt spor, sem í gæti falizt samþykki Íslendinga við því, að héðan yrðu gerðar árásir á meginland Evrópu, og slíkt spor eigum við ekki að stíga. Afstaða Íslendinga til Keflavíkurflugvallar á að vera svip-

uð og afstaða brezku stjórnarinnar til flugvalla Bandaríkjamanna á Bretlandi, þar sem því er lýst yfir sem vilja brezku stjórnarinnar, að þeir flugvellir verði ekki notaðir til árásar á meginland álfunnar. Þetta er aðalatriðið, sem þýðingu hefur í því sambandi að forða okkur frá árásum og að firra okkur siðferðislegri ábyrgð á þeim ógnum, sem af slíku kynnu að hljótast. Það er auðséð, að þó að þessar þjóðir, nágrannaþjóðir okkar sitt hvorum megin við Atlantshaf, hafi hér aðstöðu til þess að verja siglingaleiðir um norðanvert Atlantshaf, þá felst í þeirri aðstöðu engin ógnun við nokkurt ríki á meginlandi álfunnar, sem veiti því siðferðislegan rétt til þess að gera árásir á slíkar stöðvar hér á Íslandi.

Þar eð fundartímanum er að ljúka, skal ég ekki ræða þetta mál frekar að sinni. Ég vil einungis geta þess að síðustu, að ég tel það mjög gleðilegt og vil leggja á það áherzlu, að við þessar umræður skuli engin rödd hafa heyrzt af hálfu þm. til þess að mæla með þeim hugmyndum eða kenningum, sem allmikið var rætt um á s. l. vori, að hér væri ástæða til aukinna hernaðarframkvæmda, t. d. byggingar nýs hernaðarflugvallar. Það hefur engin rödd heyrzt hér, sem mælir fram með slíkum skoðunum. Það er einnig gleðilegt, að því skuli ekki hafa verið andmælt sérstaklega við þessar umræður, að nauðsynlegt sé að girða hernaðarsvæðið á Keflavíkurflugvelli af og jafnframt koma í veg fyrir óþarfaferðir varnarliðsmanna út fyrir samningssvæðin, og hitt, að Íslendingar annist einir þær framkvæmdir, sem enn er ólokið, en efnt hefur verið til. Ég tel enn fremur gleðilegt, að því sjónarmiði, sem fram kemur í þessari till. og er eitt aðalatriði hennar, að þegar í stað skuli hefja að mennta Íslendinga til að taka að sér tæknistörf og gæzlustörf í sambandi við þau mannvirki, sem hér eru, skuli ekki hafa verið andmælt í neinu grundvallaratriði. Ég lít á þessar staðreyndir sem almenna játningu þess, að núverandi ástand í þessum málum sé orðið algerlega óviðunandi, algerlega óþolandi, og að gagngerðra breytinga sé þörf. Það er enn fremur eitt kjarnaatriði þessarar till., að uppsagnarfrestur samningsins, fresturinn til þess að láta herinn hverfa burt úr landinu, sé styttur úr þeim 18 mánuðum, sem nú gilda, niður í 3 mánuði. Það er rétt, að eins og ástandið er nú, þ. e. a. s., meðan engir sérmenntaðir Íslendingar eru til að taka að sér þau tæknistörf, sem leysa þarf af hendi í sambandi við rekstur flugvallarins og nauðsynlega almenna öryggisgæzlu þar, þá er á þessu andartaki ekki kleift að taka ákvörðun um að láta herinn fara burt úr landinu, enda samkvæmt samningnum ekki hægt að gera það fyrr en eftir 18 mánuði. En ef þessi till. yrði samþykkt og þegar búið væri að mennta starfsmenn til að taka að sér þessi tæknistörf og öryggisstörf og þegar Alþ. hefur fengið heimild til þess að láta herinn fara eftir 3 mánuði, þá ætti að sjálfsögðu að taka þegar í stað upp umræðu um það, hvort ekki væri rétt að stíga það spor. Ég vil láta þess getið, að það yrði auðvitað matsatriði á þeim tíma, það yrði auðvitað háð mati manna á ástandi heimsmálanna, hvort rétt væri að stíga það spor. Um það kann mönnum auðvitað, þegar þar að kæmi, að sýnast sitt hvað, eftir því, hvaða skoðun menn hafa á ástandi heimsmálanna almennt. En það vil ég segja og láta koma skýrt fram, að ég tel rétt og mun telja rétt að sýna fulla dirfsku í mati á ástandi heimsmálanna, þegar það mál kæmi til umr., ef þessi till. næði fram að ganga. Þeir hagsmunir, sem hér er um að ræða, eru svo brýnir, sú hætta, sem því fylgir að þurfa að hafa hér erlent lið á þann hátt og með þeim afleiðingum, sem við höfum nú orðið að reyna, er svo mikil, að ég tel sjálfsagt að sýna fyllstu dirfsku í mati heimsástandsins, þegar sú ákvörðun kæmi til umræðu á hinu háa Alþ.

Umr. frestað.

Á 13., 15., 17. og 19. fundi í Sþ., 4., 11., 18. og 25. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 2. des., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 20, 164).

*Bergur Sigurbjörnsson:* Herra forseti. Mér þykir rétt að hefja mál mitt á því að vekja athygli á því, að hér er til umr. mikils háttar utanríkismál. Það er í þriðja skipti, sem þetta mál er á dagskrá. Þau tvö skipti, sem það hefur verið hér til meðferðar í sameinuðu þingi áður, hafa hæstv. ráðherrar ekki verið viðstaddir umræðu. Þeir eru ekki heldur viðstaddir núna, þegar umræða hefst um þetta mál í þriðja sinn. Hv. þm. stjórnarflokkanna hafa ekki tekið til máls um þetta mál hér, hæstv. ráðherrar ekki heldur, að undanteknum hæstv. utanrrh., sem flutti hér örfá orð, þegar þetta mál var fyrst til umr. Mér þykir rétt að taka einnig fram, að um þessi utanríkismál hefur verið hér borin fram önnur till. á þskj. 21. Umræður um hana fengust fyrst og fremst og hv. stjórnarflokkar fengust til að taka þátt í þeim umræðum vegna þess, að Þjóðvarnarflokkur Íslands lagði fram kröfu um það, ítrekaða, að fá útvarpsumræður um málið. Slík meðferð á mikilsvarðandi utanríkismáli mundi hvergi þekkjast, hvergi í veröldinni í nokkru lýðræðislandi, nema hér. Nú í dag hafa hv. stjórnarflokkar neitað um þinglega meðferð á þáltill. á þskj. 21. Þetta mundi heldur hvergi þekkjast í nokkru lýðræðislandi í veröldinni nema hér. Á þessu vildi ég vekja athygli.

Mér þykir eðlilegt og skiljanlegt og raunar ekki nema mannlegt, að hv. stjórnarflokkar vilji forðast umræður um þessi mál, slíkur sem málstaður þeirra er. Það er ekki nema mannlegt að forðast sem mest að ræða mál, þegar menn hafa slæman og jafnvel óafsakanlegan málstað, en það er aldrei stórmannlegt. Þá þykir mér einnig rétt að taka fram, að ég hafði haft í hyggju að sleppa hv. flutningsmönnum þeirrar till., sem hér er til umræðu á þskj. 20, við gagnrýni, þegar þetta mál væri til umræðu. Stafar það af því, að það eru ýmsir hlutir í þessari till., sem vel er um, þótt sorglega séu þeir fáir. En nú hefur hv. 1. landsk. þm. kom-

ið þar máli sínu, að ekki verður lengur við því þagað, og verður þá að ráðast, hvort honum fellur betur eða verr það, sem ég hef um þetta mál að segja.

Þegar till. sú, sem hér er til umræðu, um endurskoðun varnarsamningsins, og prentuð er á þskj. 20, var til umræðu síðast, talaði hv. 1. landsk. (GÞG) hér síðastur manna. Í ræðu sinni talaði hann í miklum umvöndunartón og eins og sá, sem valdið hafði, til hv. 8. þm. Reykv. fyrir það, eins og hann komst að orði, að hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) hefði ekki tekið ákveðna afstöðu til þess, hvað Íslendingum bæri að gera, ef og þegar styrjöld brytist út milli austurs og vesturs og vesturveldin óskuðu eftir að fá hernaðarbækistöðvar hér á landi. Í útvarpsumræðunum um þáltill. á þskj. 21 endurtók hv. 1. landsk. þessa spurningu sína með þvílíkum hávaða, að ætla mætti, að hún væri lausn við flestöllum vanda mannlegs lífs. Þá hefur hann einnig látið Alþýðublaðið birta spurninguna ásamt mörgum tegundum af útúrsnúningi á ræðum hv. 8. þm. Reykv. Hefur Morgunblaðið einnig tekið í spottann með hv. 1. landsk. í þessu efni.

Í ræðum sínum komst hv. 1. landsk. svo að orði, að hv. 8. þm. Reykv. væri kominn á öndverðan meið við yfirlýsta hlutleysisstefnu Þjóðvfl., að hann hefði ekki tekið ákveðna afstöðu til þess, hvað Íslendingum bæri að gera í herstöðvamálum, þegar styrjöld brytist út, og slíkt gæti enginn stjórnmálaleiðtogi leyft sér á hinu háa Alþingi, eins og hann komst að orði. Að vísu voru öll þessi digurbarkalegu svigurmæli byggð á útúrsnúningi hjá hv. 1. landsk. En þó að því sé sleppt, hygg ég, að enginn hv. þm. hafi haft minni ástæðu eða minni rétt til að tala í umvöndunartón í þessu efni en hv. 1. landsk. þm. (GÞG). Engum hv. þm. mætti fremur líkja við pendúl í klukku, sem sveiflazt hefði frá einni skoðun til annarrar gagnstæðrar merkingar allar götur síðan þessi herstöðvamál komu fyrst á dagskrá. Mætti lesa upp heil ókjör af yfirlýsingum og till. frá hv. 1. landsk. því til sönnunar, sem ég mun þó hlífa hv. þingmönnum við að þessu sinni. Hins vegar get ég nefnt það, sem þjóðfrægt er orðið, að síðan þessi hv. þm. fór að leggja línuna fyrir Alþfl. í utanríkismálum, eins og það er kallað, þ. e. a. s. eftir byltinguna miklu, sem varð í flokknum á s. l. ári, hefur það verið með þeim endemum, að annan daginn hefur Alþýðublaðið birt greinar með einhverju atriði í utanríkismálum, en hinn daginn á móti sama atriði.

Hér liggur fyrir þáltill. til umræðu um endurskoðun á varnarsamningnum frá 1951, og hv. 4. þm. Reykv. (HG) sá ástæðu til að endurtaka það oft í sinni ræðu um þetta mál, að Alþfl. meinti aðeins endurskoðun, en ekki uppsögn á samningnum, þar eð Alþfl. teldi uppsögn samningsins ekki tímabæra. En þegar Alþýðublaðið skýrði frá því, að þessi till. væri fram komin á Alþingi, sagði það í forustugrein, að þetta væri till. til uppsagnar samningnum. Vanur hringlandahætti Alþfl. í þessum efnum fannst mér þetta ekki óeðlilegt og í sjálfu sér að hér væri ekki um neina eðlisbreytingu á stefnu flokksins að ræða, heldur væri aðeins um að ræða aukna sveiflutíðni í grautnum, þannig að Alþfl. væri nú ekki með einhverju annan daginn og á móti því hinn, heldur með, þegar hann segðist vera á móti, og öfugt. Væri það mjög skiljanleg þróun á hinni víðfrægu „stefnu" Alþfl. í utanríkismálum, eins og hún hefur runnið undan rifjum hv. 1. landsk. að undanförnu.

Spurningu hv. 1. landsk. um það, hvaða stefnu Þjóðvarnarflokkur Íslands vildi að Íslendingar hefðu, ef styrjöld brytist út milli austurs og vesturs, tel ég, eins og málum háttar, næstum ástæðulaust að svara. Stafar það af því, að það er alltaf tilgangslítið að tala við menn, sem hafa komið sjálfum sér í þá klípu, að þeir hvorki vilja né geta notað eða skilið sjálfsögð og augljós rök, en af kurteisissökum mun ég svara þessari spurningu, sem hv. 1. landsk. virtist liggja svo þungt á hjarta, spurningunni, sem hann sjálfur virðist standa andspænis í máttvana rökþroti. Að þessu sinni mun ég þó reyna að svara spurningunni í sem styztu máli, vegna þess að gera má ráð fyrir, að hvorki geti hv. 1. landsk. né blað hans, Alþýðublaðið, haft svarið rétt eftir né vilji skilja það, svo að ástæða verður til að endurtaka það nokkrum sinnum og þá með skýringum.

Af eðli málsins leiðir, að svarið verður að greina í tvennt til að gera það sem ljósast.

1) Ef styrjöld skyldi brjótast út innan þess tíma, að þeir menn, er málum ráða í dag, verði að taka ákvörðun um það, hvað gera skuli.

2) Ef styrjöld skyldi ekki brjótast út fyrr en ný kynslóð hefur tekið við völdum hér á landi, en þeir, sem nú fara með völd, gætu af eðlilegum ástæðum engu um það ráðið þá, hvað gera skyldi.

Í fyrra dæminu er því fyrst til að svara, að meðan við erum í Atlantshafsbandalaginu, verðum við Íslendingar ekki að því spurðir, hvað við viljum eða viljum ekki í þessu efni. Að því er tekur til þess tíma, sem Ísland er aðili að Atlantshafsbandalaginu, er því spurning hv. 1. landsk. þm. út í hött.

Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. 1. landsk. telji spurningu sinni fullsvarað með þessu, þótt svo sé í raun og veru. Þess vegna skal ég gera það fyrir hann persónulega að hugsa mér það ástand, að Ísland væri ekki í Atlantshafsbandalaginu og við hefðum því óbundnar hendur, ef styrjöld brytist út innan fárra ára. Í þessu tilfelli mundu þjóðvarnarmenn svara spurningu hv. 1. landsk. á þá leið, að þeir mundu gera nákvæmlega það sama og Íslendingar gerðu í síðustu styrjöld og allir lýðræðisflokkarnir voru þá sammála um. Þeir mundu neita öllum jafnt um hernaðarbækistöðvar í landinu, áður en styrjöld brytist út, þeir mundu mótmæla hernámi vesturveldanna, um annað hernám yrði ekki að ræða, eins og hv. 1. landsk. hefur réttilega tekið fram, en þjóðvarnarmenn mundu þola það hernám eins og skerf Íslands af þeirri bölvun, sem styrjaldir leiða yfir allt mannkyn, en krefjast þess jafnframt, að allur her yrði á brott af Íslandi jafnskjótt og þeirri

styrjöld lyki, þ. e. a. s., þjóðvarnarmenn mundu gera nákvæmlega það sama og allir lýðræðisflokkarnir voru sammála um að gera í síðustu styrjöld.

Að því er síðara dæmið varðar, þ. e. a. s., ef styrjöld brýzt ekki út fyrr en ný kynslóð hefur af eðlilegum ástæðum tekið við völdum í landinu, er það að segja, að þá vefengir Þjóðvarnarflokkur Íslands ekki aðeins með gildum rökum getu hv. núverandi þm., þ. á m. hv. 1. landsk., til að taka nú skynsamlegar ákvarðanir um, hvað gera skuli þá, heldur neita þjóðvarnarmenn því eindregið og afdráttarlaust, að hv. núverandi þm. hafi nokkurn rétt, siðferðislegan eða lagalegan, til að taka ákvörðun í málinu. Þjóðvarnarflokkur Íslands neitar því eindregið og afdráttarlaust, að hv. þingmenn hafi rétt til að fjötra hendur komandi kynslóða íslenzkrar þjóðar í styrjaldarbrjálæðinu eða binda þeim bagga í dag, sem engum er fært að fullyrða að þær vilji taka á herðar sínar að bera í framtíðinni. Og allra fyrst neitar þó Þjóðvarnarflokkur Íslands þeim hv. þm., sem gerzt hafa berir að furðulegustu flónsku í þessum efnum, nema verri hvatir ráði, um rétt til að taka slíkar ákvarðanir, ef til vill aldir fram í tímann, sbr. það viðhald hernaðarbækistöðva hér á landi, sem ákveðið er í varnarsamningnum frá 1951. Ég leyfi mér einnig að efast um það, að hv. 1. landsk. þm. þori að halda því fram opinberlega, að hann hafi rétt eða getu til að taka bindandi ákvarðanir í hernaðarmálum fyrir komandi kynslóðir langt fram í tímann. Og nú leyfi ég mér að spyrja hann að því, hvort hann telji sig hafa rétt, getu eða skilyrði til þess. Vona ég, að það standi ekki á honum að svara.

Ég hirði ekki um að svara spurningu hv. 1. landsk. ýtarlegar að sinni, enda sjálfsagt tilgangslítið að ræða það við hann vegna samábyrgðar hans á hervarnarsamningnum frá 1951.

Í þeim tveim ræðum, sem hv. 1. landsk. hefur flutt hér um þáltill. á þskj. 20, voru að sjálfsögðu mýmörg atriði, sem ástæða væri til að brjóta til mergjar, þó að ég muni ekki gera það að þessu sinni, enda mun gefast tækifæri til þess síðar, þar sem hervarnarflokkarnir hamra ævinlega á sömu falsrökunum sínum vonlausa málstað til afsökunar. Ég get þó ekki látið hjá líða að taka sárfá atriði til meðferðar.

Hv. 1. landsk. og hv. 4. þm. Reykv. (HG) lögðu á það þunga áherzlu, að Ísland yrði að vera í hernaðarbandalögum og kasta fyrir borð hlutleysisstefnunni og að hernaðarsamningurinn frá 1951 hefði verið óhjákvæmileg og nauðsynleg ráðstöfun vegna yfirvofandi styrjaldarhættu Það má færa ótalmörg óyggjandi rök að því, að vorið 1951 var engin styrjöld yfirvofandi, sem ógnað gæti okkur á einn eða annan hátt, nema þá í heilabúum nokkurra lítilla karla hér úti á Íslandi. Að þessu sinni skal ég þó ekki nefna önnur rök til en þau, að tíminn, sem síðan er liðinn, og reynslan, sem löngum er talin ólygnust, hafa sannað, svo að ekki verður um villzt, að styrjöld var ekki yfirvofandi 1951. Þá menn, sem héldu hinu gagnstæða fram, hafa reynslan og tíminn afhjúpað sem flón, sem ekki gátu dregið rökréttar afleiðingar af augljósum staðreyndum, en sjálfir hafa þeir þó opinberað flónsku sína átakanlegast með því að halda því enn þá fram, að styrjöld hafi verið yfirvofandi 1951, svo og með því að halda því fram, að þær ákvarðanir séu réttar, sem augsýnilega voru byggðar á röngum forsendum. Af slíkum flónum þarf þá heldur ekki að vænta þess manndóms, að þau játi yfirsjónir sínar eða bæti það, sem brotið var. Til þess þarf heila menn og heiðarlega. Um það atriði, að íslenzkri þjóð sé nauðsyn að vera í hernaðarbandalögum og hafa hervarnir í landi sínu einnig á friðartímum, vil ég aðeins segja þetta: Ef menn hafa þessa skoðun, sem við þjóðvarnarmenn höfum ekki, hvers vegna sögðu þeir þá ekki 1945, að bækistöðvar þær, sem Bandaríkin vildu fá leigðar til 99 ára, væru nauðsynlegar til að tryggja varnir Íslands í næstu styrjöld? Hvers vegna neituðu þeir Bandaríkjunum um þessar bækistöðvar? Hvers vegna kölluðu þeir þetta bækistöðvar Bandaríkjanna á Íslandi, en ekki nauðsynlegar varnarstöðvar Íslands í næstu styrjöld? Það hefði þó verið ólíkt meira „system i galskabet" og samhengi í stefnu, ef þeir hefðu játað kröfum Bandaríkjanna árið 1945. Og hvers vegna greiddi hv. 1. landsk. þm. atkvæði gegn þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu 1949, fyrst hann telur nú, að Íslandi sé nauðsynlegt að vera í hernaðarbandalögum? Ég vonast til, að háttvirtur 1. landsk. sjái sér fært að svara þessum spurningum. Og enn vildi ég spyrja hann: Ef það er rétt, að hann og þeir, sem samþykktu varnarsamninginn 1951, hafi talið styrjöld svo yfirvofandi, að nauðsyn bæri til að kalla hingað herlið til varnar, hvers vegna kölluðu þeir þá ekki hingað slíkt herlið, að einhverjar varnir gætu talizt? Töldu þessir menn, að þrjár þúsundir bingóspilandi amerísks ruslaralýðs gætu skapað Íslandi einhverjar varnir í yfirvofandi styrjöld?

Það gátu legið tvær ástæður til grundvallar hernámssamningnum 1951. Önnur sú, að styrjöld væri yfirvofandi, eins og sagt var, og Íslandi stafaði sérstök hætta af henni, eins og hv. 1. landsk. og hans tjáningarbræður halda fram, en þá hefðu þessir menn, ef þeir vildu vera sjálfum sér samkvæmir, átt að kalla hingað svo mikinn her, að hugsanlegt væri, að hann gæti veitt einhverja vernd, t. d. 100—200 þúsund manna lið. Hin ástæðan var ástæða Bandaríkjanna til að koma hér upp hernaðarbækistöðvum eins og á Spáni, Grikklandi og víðar samkvæmt kröfunum frá 1945, þó að styrjöld væri ekki yfirvofandi. Í því tilfelli þurfti aðeins lítið herlið og íslenzkt vinnuafl. Hvers vegna var röksemdafærslum, sem svöruðu til fyrra tilfellisins, beitt, en framkvæmdum hagað á þann hátt, að svaraði til þess síðara? Vona ég, að hv. 1. landsk. svari þeirri spurningu.

Til viðbótar vil ég svo aðeins nefna örfá atriði enn, sem helzt tilheyra hinni broslegu hlið

þessara mála, ef leyfilegt er að líta þannig á málið.

Hv. 1. landsk. spurði í framsöguræðu að því og að því er virtist með nokkrum þjósti, hvort Þjóðvfl. hefði gert sér ljóst, hvað gæti gerzt, ef Ísland lýsti yfir ævarandi hlutleysi og aðrar þjóðir virtu það. Var helzt á hv. þm. að skilja, að hann væri til með að lýsa yfir hlutleysi landsins, aðeins ef það væri öruggt, að aðrar þjóðir lítilsvirtu okkur nægilega til að hafa þá yfirlýsingu að engu. Um það „billega" verzlunarsjónarmið, sem þessi hv. þm. taldi að íslenzkri þjóð bæri að leggja til grundvallar stefnu sinni í utanríkismálum, vil ég aðeins segja það, að svo hörmulega lágt hefur hæstv. fyrrv. utanrrh., Bjarni Benediktsson, aldrei lotið opinberlega í vörnum fyrir þeirri þjóðhættulegu utanríkisstefnu, sem hann hefur þó verið oddviti fyrir, að halda því fram, að íslenzkri þjóð bæri að beygja sig fyrir þeim þjóðum, sem sýndu af sér þann níðingsháttt að ætla að kúga hana í hernaðarbandalög með því að hóta henni verzlunarstríði.

Þá voru tvö atriði í ræðu hv. 1. landsk., sem hefðu getað valdið því, að ég hefði komizt á þá skoðun, að hann væri kommúnisti, ef ég hefði ekki þekkt hann persónulega. Fyrra atriðið var það, að hann tvítók þá fullyrðingu, að ef Sovétríkin mættu ráða, mundu þau helzt kjósa, að Ísland væri hlutlaust. Ég verð að játa, að ég hef ekki meiri trú á Sovétríkjunum en það, að ég tel, að ef þau mættu ráða og hefðu aðstöðu til, mundu þau helzt kjósa að hafa hér bækistöðvar og herlið á sama hátt og Bandaríkin hafa nú. Síðara atriðið var það, að hv. 1. landsk. lýsti yfir því, að hann teldi styrjaldarhættuna minni nú en 1951. Árið 1951 áttu Bandaríkin kjarnorkusprengjuna og höfðu leyst leyndardóma vetnissprengjunnar, en Sovétríkin áttu þá hvorugt og áttu því undir þau ægivopn að sækja, ef þau ætluðu að hefja styrjöld, nema þá því aðeins að hv. 1. landsk. vilji gera svo vel að halda því fram, að það hafi verið Bandaríkin, sem ætluðu að hefja styrjöld árið 1951, þá styrjöld, sem hann óttaðist svo mjög, að hingað þurfti að kalla herlið til þess að bjarga landinu. Nú eiga Sovétríkin hins vegar hvort tveggja, kjarnorkusprengjuna og vetnissprengjuna, og hafa því mun betri aðstöðu til að hefja styrjöld nú en 1951, ef aðrar ástæður leyfðu. Þar að auki er það lögmál, að því lengri tími sem líður frá síðustu styrjöld, þeim mun nær dregur þeirri næstu, ef hún verður ekki umflúin, sem og það, að því meir sem vígbúnaðarkapphlaupið verður, þeim mun nær þokast styrjöldin. Styrjöldin, sem hv. 1. landsk. óttaðist 1951, getur því ómögulega verið fjær nú en þá. Þetta er aðeins sýnishorn af því, hve grátt flónskan getur leikið menn, þegar hún er eina hækjan til að styðjast við.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni, þegar þetta mál var hér síðast á dagskrá, að Þjóðvarnarflokkur Íslands vildi hafa landið óvarið og hafnir opnar og óvarðar, svo að hver gæti tekið þær, sem vildi. En með leyfi að spyrja: Hvaða hafnir eru svo vel varðar hér á landi nú, að þær væri ekki auðvelt að taka, ef einhver kærði sig um? Hvaða varnir eru hér nú, sem hindrað gætu það, að íslenzkri þjóð yrði útrýmt að mestu eða öllu t. d. á morgun, ef einhver vildi? Hvers vegna gerði þessi varnar- og hernaðarspámaður ekki kröfu til þess 1951, að hér yrði þá þegar komið upp t. d. loftvarnarbyrgjum og þess háttar, ef styrjöld var yfirvofandi, eins og hann sjálfur sagði þá? Það er ekki mikil virðing, sem þessir íslenzku stríðskappar bera fyrir sjálfum sér, þegar þeir telja sér samboðið að seilast til röksemda á borð við þær, sem ég hef hér nefnt.

Þá kem ég að öðru meginatriðinu í ræðum hv. 1. landsk., en það eru þau ummæli hans, að hlutleysisstefna Þjóðvarnarflokks Íslands sé nánast til tekið fjarstæða eða kommúnismi. Undir þessi ummæli tóku þeir hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Str. (HermJ) og aðrir samþykkjendur varnarsamningsins frá 1951. Í tilefni af þessum ummælum vil ég segja það við hv. 1. landsk. sérstaklega, að allt fram til ársins 1950 a. m. k. var hann þjóðvarnarmaður og meðlimur í Þjóðvarnarfélagi Íslendinga. Stefna þess félags í utanríkismálum og með tilliti til hlutleysis Íslands var nákvæmlega sú sama stefna og Þjóðvfl. Íslands hefur nú. Þá gerði hv. 1. landsk. enga athugasemd við þessa stefnu og hafði enga sérstöðu um hlutleysisstefnuna innan Þjóðvarnarfélagsins. Þvert á móti skrifaði hann greinar í blað félagsins, Þjóðvörn, þar sem hann komst m. a. svo að orði, að engum þm. hafi til hugar komið að halda því fram, að Ísland hefði varpað fyrir borð hlutleysisstefnunni, ekki einu sinni á stríðsárunum, þegar það bað um hervernd Bandaríkjanna. Þó að hans eigin glópskuverk neyði hann nú til að halda hinu gagnstæða fram í vonlausri sjálfsvörn og sjálfsafsökun, hefur það ekkert gildi sem rök í málinu í almennum umr. um það. Og þegar samþykkjendur varnarsamningsins frá 1951 ræða hlutleysi Íslands með hliðsjón af öðrum þjóðum og samanburði við það, sem aðrar þjóðir gera í því efni, þá er þar um að ræða bæði hugsanavillu og rökvillu í ræðum þessara manna. Íslenzk þjóð er eina sjálfstæða þjóð veraldar, sem aldrei hefur haft skipulagðan her eða hervarnir í landi sínu. Allar aðrar sjálfstæðar þjóðir hafa haft skipulagða heri og hervarnir frá örófi vetra. Hér getur því þegar af þessum ástæðum ekki verið um neinn samanburð að ræða. Þó að t. d. Danir telji sér skylt af gamalli venju að eyða fé og vinnuafli í jafnbroslega vonlaust fyrirtæki og danska herinn, samanber reynsluna í síðustu styrjöld, er það engin röksemd fyrir því, að Íslendingum beri að apa eftir Dönum í þessu efni. Meginmáli skiptir þó það í þessu sambandi, að það var og er tvennt og aðeins tvennt, sem gaf íslenzkri þjóð óvefengjanlegan rétt til að krefjast sjálfstæðis og til að krefjast þess, að aðrar þjóðir virtu það sjálfstæði eins og sitt eigið. Þetta var forn menning þjóðarinnar ásamt sérstöku þjóðerni og tungu og yfirlýsing beztu manna landsins í nafni og með samþykki þjóðarinnar allrar um ævarandi hlutleysi og vopnleysi í styrjöld. Glati

þjóðin þessu öðru hvoru eða hvoru tveggja, mun engin þjóð í veröldinni virða sjálfstæði íslenzkrar þjóðar né telja hana verðskulda það, svo sem þegar hefur orðið vart við í samskiptum við bandaríska liðið, sem hér dvelst. Og ég vil lýsa því yfir í eitt skipti fyrir öll, að ummæli hv. varnarsamningsþingmanna um hlutleysi Íslands, manna, sem neyddir eru af sínum eigin verkum til að vera á móti hlutleysisstefnunni, metum við þjóðvarnarmenn jafnmiklu minna en rök þeirra, sem um allar aldir hafa haldið hinu gagnstæða fram, sem við metum þessa hv. varnarsamningsþingmenn sjálfa miklum mun minna en t. d. Einar Þveræing, Jón Sigurðsson og þá menn, sem lýstu yfir ævarandi hlutleysi og vopnleysi Íslands árið 1918. Öll saga íslenzkrar þjóðar er lifandi réttlæting þessarar yfirlýsingar og mun þó verða enn gerr, er tímar líða fram.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Þessi ræða, sem hv. 8. landsk. þm. var að enda við að flytja, er fortakslaust vitlausasta ræða, sem ég hef heyrt flutta um utanríkismál Íslendinga, ekki aðeins hér á Alþ., því að hér hefur hingað til ekki verið talað um utanríkismál af svo frámunalegri léttúð og vanhugsun sem þm. gerði, heldur á ég einnig við allar aðrar ræður, sem ég hef heyrt um málið frá fyrstu tíð, að farið var að ræða þau vandamál, sem nú eru á döfinni með íslenzku þjóðinni.

Hv. 8. þm. Reykv. var ekki viðstaddur. Mér skilst, að hann hafi gengið frá um leið og flokksbróðir hans hóf ræðu sína. Líklega hefur hann ekki treyst sér til þess að hlýða á hann. *(GilsG:* Ég var á áríðandi fundi.) En hann var heppinn, hv. þm., að þurfa ekki að hlusta á flokksbróður sinn, reglulega heppinn, því að hann hefði ekki haldið aðra eins ræðu og þessa. Furðulegast af öllu var, að ræðan var flutt af blöðum. Ég hefði getað fyrirgefið þm., ef hann hefði talað svona upp úr sér og óundirbúinn, en að flytja slíka ræðu vandlega undirbúna og lesa hana upp af blöðum, — það er ótrúlegt, að slíkt skuli geta hent þm. Auk þess var orðbragðið svo gróft og ruddalegt, að mann rekur í rogastanz.

Hv. þm. vann sér það til frægðar hér um daginn að flytja ræðu í söluskattsmálinu og nefna þar orðið „þjófur" einum átta eða tíu sinnum, og orðið „að stela" nefndi hann álíka oft. Ég hef aldrei áður heyrt ræðu hér á hv. Alþ., sem hefur verið með eins dónalegu orðbragði og sú ræða. Og nú heldur hv. þm. uppteknum hætti. Ég reyndi að skrifa það upp hjá mér, hversu oft þm. nefndi „flón" og „fífl", „flónsku" og „glópsku". Ég gafst upp við það. Hann talaði um „ruslaralýð", „níðingshátt", „kúgun" og allt hvað eina. Látum vera, að menn mæli slíkt í hita umræðna, en að skrifa slíkt heima hjá sér og koma með það í hv. Sþ. og lesa það upp af blöðum án þess að roðna, — það er met hér á hv. Alþ. Þetta hefur líklega verið ræðan, sem hv. þm. fékk ekki að flytja í útvarpið um daginn, og það var sannarlega heppni fyrir flokkinn, að þessi ræða skyldi ekki vera flutt í útvarpið. Flokkurinn hafði tvo ræðutíma í útvarpinu. Allir gengu út frá því, að þingmenn hans mundu skipta tímanum til helminga á milli sín og tala báðir, en hv. 8. þm. Reykv. talaði einn og flutti mál sitt vel og skörulega, eins og hans er von og vísa. Líklega hafa þeir haft einhverja hugmynd um það, flokksmennirnir, hvað þessi hv. þm. mundi segja, hv. 8. landsk. þm., og þess vegna ekki hleypt honum að hljóðnemanum, og það voru engin undur. Eitt gott ráð vildi ég gefa hv. Þjóðvfl., það er að hleypa honum aldrei að hljóðnemanum, meðan hætta er á því, að hann tali svo harkalega af sér eins og hann gerði núna.

Hann talaði um okkur í Alþfl. eins og pendúl í klukku, talaði um hringlandahátt okkar og sveiflutíðni okkar í utanríkismálum. Fyrr má nú vera. Hvaða maður er það, sem hér talar úr ræðustóli? Það er maður, sem 1949—50 var framsóknarmaður og hafði verið framsóknarmaður til þess tíma, annað árið ánægður framsóknarmaður, hitt árið óánægður framsóknarmaður. 1950 var hann enn framsóknarmaður, en 1951 var hann frambjóðandi kommúnista, og 1953 var hann frambjóðandi þjóðvarnarmanna. 1955 gæti hann átt til að reyna að verða ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Það væri svo sem ekki nema mátulegt á þann flokk að þiggja hann sem ráðherra. En að slíkur maður, með slíkan feril, skuli leyfa sér að vaða upp á aðra menn með brigzlum um hringlandahátt, það er alveg dæmalaust. Öll tuttugu skiptin, sem hann nefndi flónsku í ræðu sinni, eiga við hann sjálfan. Það er bezta lýsingin.

Ég skal ekki gera honum sjálfum og ferli hans rækilegri skil að þessu sinni. En haldi hann uppteknum hætti í ræðumennsku, þá skal ég sannarlega taka mig til og gera það einhvern tíma, og þá skal mönnum verða það ljósara, hversu lítil efni hann hefur á því að tala jafndigurbarkalega og dónalega og hann gerði hér áðan. En í þetta skipti skal ég hlífa honum við því, þar eð fundartímanum er nú bráðlega að ljúka, og víkja í staðinn að nokkrum efnisatriðum í ræðu hans.

Ég skal þá leiðrétta það, áður en ég ræði efnisatriðin, að ein af þeim fáu staðreyndum, sem hann nefndi í ræðu sinni, var, að ég hafi verið meðlimur í Þjóðvarnarfélaginu. Þessi staðreynd var röng. Ég var aldrei skráður meðlimur í Þjóðvarnarfélaginu. Hitt er annað mál, að á þeim árum, er það félag var stofnað, hafði ég mikla samúð með þeim málstað, sem það barðist fyrir, og skrifaði eina grein í blaðið Þjóðvörn. Hún var nánast fræðileg útlistun á því frá mínu sjónarmiði séð, hvað fælist í hlutleysishugtakinu. Ég stend við allt, sem í þeirri grein stendur, og tel það enn vera allt fullkomlega rétt. Hann vísaði í þá grein eða einhverja aðra, sem ég hefði skrifað, þar sem ég hefði sagt, að engum hafi dottið í hug, að Íslendingar hafi ekki verið hlutlausir allt stríðið. Þessi ívitnun hans er algerlega röng og byggist á því, að annaðhvort skilur hann ekki greinina eða ekki mælt mál. Það, sem ég sagði um þetta efni og hef haldið fram bæði fyrr og síðar, er, að engum hafi dottið í hug, að her-

verndarsamningurinn 1941 hafi verið skerðing á hlutleysi Íslands. Þá var herverndarsamningur gerður við hlutlausa þjóð, við hlutlaust ríki. Og því var ekki haldið fram þá, að það væri ósamrýmanlegt hlutleysi Íslands að gera herverndarsamning við hlutlaust ríki. Ég er forviða á því, ef hv. þm. er svo skyni skroppinn, að hann átti sig ekki á þessu. Ég hef aldrei haldið því fram, að Ísland hafi verið hlutlaust, eftir að Bandaríkin fóru í stríðið. Það segir sig sjálft, að ef Íslendingar hefðu viljað halda hlutleysi sínu, þá hefðu þeir átt að segja herverndarsamningnum upp, þegar Bandaríkin gerðust stríðsaðili. Það var ekki gert, og kom engin till. fram um það. Í því fólst viðurkenning á því, að Íslendingar hurfu auðvitað frá hlutleysisstefnu sinni við það að hreyfa engum andmælum gegn herverndarsamningnum, þegar Bandaríkin gerðust stríðsaðili. Mér þykir hálfóviðkunnanlegt að þurfa að vera að setja ofan í við þingmann vegna jafnaugljósra atriða. Ég mundi ekki telja það eftir mér, ef einhver maður úti í bæ væri svo skyni skroppinn í þessum málum, að það þyrfti að benda honum á slíka hluti eins og þessa. En mér þykir hálfhart að þurfa að taka þm. svona á hné sér og leiðrétta hjá honum einföldustu grundvallaratriði í þeim málum, sem hann er að gera að umræðuefni.

Aðalatriðið í ræðu þm. var að svara loksins spurningu minni um það, hvað Þjóðvfl. hygðist gera, ef stríð skylli á, hvort hann ætlaði þá að neita vesturveldunum, Bretum og Bandaríkjamönnum og bandalagsríkjum þeirra, um sams konar aðstöðu hér og þeir höfðu í síðasta stríði eða hvort hann ætlaði að fallast á að veita slíka aðstöðu. Svarið var að vísu bæði loðið og illa samið, en ég held þó, að ég hafi komizt að réttri meiningu í því. Hún var, að Þjóðvfl. vildi neita öllum jafnt um herstöðvar hér á Íslandi, þótt stríð væri að skella á eða væri skollið á. Hér er þá komin skýlaus yfirlýsing um það, að Þjóðvfl. mundi í stríðsbyrjun svara tilmælum frá Bretum og Bandaríkjunum um sams konar aðstöðu hér og í síðasta stríði neitandi, alveg eins og hv. Sósfl. hefur lýst yfir að hann mundi gera. Ef flokkurinn raunverulega meinar þetta, — en ég vildi nú raunar helzt fá orð hv. 8. þm. Reykv. fyrir því, áður en ég tek þetta alvarlega sem skoðun flokksins, því að ég tek margfalt meira mark á honum heldur en hv. 8. landsk. þm., — ef þetta er skoðun flokksins, þá sé ég ekki betur en að flokkurinn sé endanlega og óafturkallanlega búinn að skipa sér á bekk með kommúnistum í íslenzkum utanríkismálum. Þá greinir bókstaflega ekkert, hvorki smátt né stórt, Þjóðvfl. og stefnu hans í utanríkismálum frá stefnu kommúnista. Eina vonin fyrir Þjóðvfl. til þess að greina sig frá kommúnistum var þó þetta, að segja, að þeir væru reiðubúnir til þess í stríði að veita vesturveldunum hér sams konar aðstöðu og þau fengu í síðasta stríði. Það hefði verið afstaða út af fyrir sig og í greinilegri andstöðu við stefnu kommúnista. En þann manndóm hafa þeir ekki haft í sér, heldur skipað sér endanlega, ef þetta er stefna flokksins, í bát með kommúnistum. Og þá sé ég satt að segja ekki, hvaða erindi þessir menn eiga í sérstakan flokk. Ef þeir telja stefnuna í utanríkismálum vera alfa og omega í íslenzkum stjórnmálum, þá eiga þeir heima í kommúnistaflokknum og hvergi annars staðar, því að þetta er nákvæmlega stefna kommúnista.

Það er ekki nóg að segja, að það, sem greini þá frá kommúnistum, sé afstaðan til Rússlands, að kommúnistum líki vel stjórnarfarið í Rússlandi, en þessum mönnum líki það illa, því að það er að gera Rússland einu sinni enn að aðalatriði í íslenzkum stjórnmálum, það er að gera afstöðu til erlendra stórvelda að uppistöðu í flokkaskiptingu á Íslandi. Þeir hafa einmitt sagt, þessir menn, að það vilji þeir ekki, þeir vilji ekki láta afstöðuna til Rússlands eða Bandaríkjanna ráða flokkaskiptingu í íslenzkum stjórnmálum. En hafi þeir sömu stefnu og kommúnistar í aðalmáli þjóðarinnar, en gera afstöðuna til stjórnarfarsins í Rússlandi einu ástæðuna fyrir því að fylla sérstakan flokk, þá er það að láta Rússa ráða flokkaskiptingunni á Íslandi, og þá gera þeir þveröfugt við það, sem þeir segjast ætla að gera.

Hv. þm. hafði það eftir mér, að Ísland yrði að vera í hernaðarbandalögum. Ég sé satt að segja ekki, hvernig hv. þm. fer að sitja hérna á þingbekkjum og hlusta á einar tvær eða þrjár ræður, sem ég hef flutt, og hafa þetta eftir mér. Ég vil biðja hann um að lesa yfir handrit að ræðum mínum hér frammi á skrifstofu þingsins og finna þeim orðum sínum stað, að ég hafi haldið því fram, að Ísland yrði að vera í hernaðarbandalögum. Allur málflutningur hans er þessu marki brenndur. Þessi orð hef ég aldrei sagt, og þetta er ekki skoðun mín. Ég greiddi á sínum tíma atkv. gegn því, að Ísland gengi í Atlantshafsbandalagið. Það var vegna þess, — og þá skal ég um leið svara fyrirspurn hans um það efni, — það var vegna þess, að ég taldi á þeim árum, árunum 1947—49, þann möguleika vera fyrir hendi í evrópskri pólitík, að mynduð væru hlutleysisbandalög, að ýmis ríki í Evrópu tækju upp hlutleysisstefnu, sem reyndi að vega salt á milli stórveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Ef það hefði orðið ofan á, þá hefði það verið raunhæfur möguleiki fyrir Íslendinga að gerast aðilar að slíkum bandalögum. Þessi sjónarmið voru á árunum 1947—49 rædd mjög mikið um allan heim og sérstaklega þó í Vestur-Evrópu. Í Bretlandi átti sú skoðun allmiklu fylgi að fagna, að Bretland tengdist ekki traustum böndum við Bandaríkin, heldur myndaði þriðju blökkina í Evrópu, sem reyndi að vega salt á milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Þessi skoðun átti miklu fylgi að fagna í Frakklandi, og hún átti einnig nokkru fylgi að fagna í Þýzkalandi, að svo miklu leyti sem þar var tekið að ræða slík mál, og hún átti líka miklu fylgi að fagna á Norðurlöndum. Hugmyndin um varnarbandalag Norðurlanda var einmitt byggð á þeim möguleika, að í Vestur-Evrópu gæti orðið þriðja blökkin, sem yrði óháð og reyndi að vega salt á milli stórveldanna. Jafnaðarmannaflokkarnir bæði í Noregi og Dan-

mörku voru fylgjandi varnarbandalagi Norðurlanda einmitt út frá þessu sjónarmiði. Sú andstaða af hálfu annarra en kommúnista hér á landi, m. a. mín, gegn því, að Íslendingar gerðust aðilar að Atlantshafsbandalaginu, var byggð á nákvæmlega sama grundvelli. Hún var fylgisyfirlýsing við þá hugmynd, að komið yrði upp í heiminum þriðju blökkinni, sem gæti vegið salt á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. En þessi hugmynd náði ekki fram að ganga, eins og allir vita. Hugmyndin um þriðju blökkina beið algeran ósigur í Bretlandi, í Frakklandi, í Þýzkalandi, á Norðurlöndum. Þessi ríki mynduðu með sér Atlantshafsbandalagið undir forustu Breta og Frakka hér í Evrópu, og þau tvö Norðurlandaríki, sem næst okkur standa, Noregur og Danmörk, sáu þá, m. a. jafnaðarmennirnir í þessum löndum, að þýðingarlaust væri fyrir þessi ríki ein að mynda varnarbandalag, sem skyldi vera hlutlaust. Þess vegna tóku Noregur og Danmörk þann kostinn að fylgjast að inn í Atlantshafsbandalagið. En um leið og þetta gerðist, þá var möguleiki Íslands eins til þess að fylgja hlutleysisstefnu algerlega um garð genginn. Það eru nátttröll, mörg ár á eftir tímanum, sem láta sér detta það í hug, að skilyrði Íslendinga hafi verið þau sömu 1951 og séu þau sömu núna og þau voru 1947, 1948 og 1949, meðan hugmyndin um þriðju blökkina og hlutleysisbandalögin var ofarlega á baugi í Evrópu. Danir og Norðmenn, eða Jafnaðarmannaflokkarnir dönsku og norsku, sem eru stærstu flokkarnir í löndum sínum, breyttu afstöðu sinni til varnarbandalags Norðurlanda, eftir að þeir sáu, að hugmyndin um þriðju blökkina var úr sögunni. Danski Jafnaðarmannaflokkurinn breytti afstöðu sinni til Atlantshafsbandalagsins, þegar hann sá, að um norræna varnarbandalagið gat ekki verið að ræða, eftir að Norðmenn ákváðu að fara í Atlantshafsbandalagið. Eins og þetta gerbreytti skilyrðunum í utanríkispólitík Dana, þá auðvitað gerbreyttust skilyrði okkar við það, að ekkert hlutleysisbandalag var myndað í Vestur-Evrópu. Ég satt að segja furða mig á því, að menn, sem gert hafa það svo að segja að pólitískri atvinnu sinni að hugsa um utanríkismál, skuli ekki skilja þetta. Þeir væru þá betur alveg atvinnulausir á þessu sviði, ef þeir geta ekki á nokkrum árum komizt til botns í jafnaugljósum staðreyndum og þessum.

Hv. þm. spurði, hvers vegna ég hefði ekki verið með herstöðvum 1945, fyrst ég hefði greitt atkv. með varnarsáttmálanum 1951. Ég er satt að segja alveg forviða á því, að svona spurningar skuli vera bornar fram á Alþingi. Gagnfræðaskólapiltur gæti spurt svona á málfundi í bekkjarfélagi sínu, en þm. getur ekki leyft sér að tala svona við aðra þm., opinbera svo gersamlega algert þekkingarleysi á grundvallaratriðum þeirra mála, sem hér er um að ræða. Ungum gagnfræðaskólapilti fyrirgefur maður ýmislegt, en þingmann verður að taka svolítið öðrum tökum. Ég ætla nú samt sem áður að gera honum þann heiður að svara þessu.

Ástæðan til þess, að allir Íslendingar, bæði ég og aðrir, voru sammála um að neita tilmælum um herstöðvar hér 1945, var sú, að ef sagt hefði verið já við þeim tilmælum, þá hefði það jáyrði verið í algerri mótsögn við þá stefnu, sem var ráðandi um alla Evrópu og í öllum heiminum á þeim árum. Það var stefna, a. m. k. meðal vesturveldanna, að heri ætti að draga til baka, og allir herir voru á heimleið. Herstöðvar voru yfirgefnar. Ef við hefðum sagt já við herstöðvum 1945, þá hefði það jáyrði verið í mótsögn við yfirlýsta stefnu bandamanna okkar eða hinna vestrænu þjóða í stríðinu. Það var þetta, sem gaf okkur sem betur fer siðferðislegan styrk til þess að segja neiið og gerði þetta nei svo sterkt, að það var ómótstæðilegt.

1951 voru aðstæður hins vegar orðnar gerbreyttar á þeim sex árum, sem liðin voru. Í fyrsta lagi var aðstaðan orðin sú, að við vorum orðnir meðlimir í Atlantshafsbandalaginu, sem lagði okkur auðvitað vissar siðferðislegar skuldbindingar á herðar. Í öðru lagi var þá hafinn af hálfu Atlantshafsbandalagsríkjanna einn mesti vígbúnaður, sem um getur í sögu þjóðanna. Gat það verið hugsanlegt, að við, verandi í Atlantshafsbandalaginu, einir þjóða í bandalaginu hefðum getað leitt algerlega hjá okkur allar þær ráðstafanir, sem allar hinar þjóðirnar voru að gera? Við vorum auðvitað minntir á þær siðferðislegu skuldbindingar, sem á okkur hvíldu og við hefðum tekizt á hendur með inngöngu í Atlantshafsbandalagið, og á þeim tíma var talin veruleg stríðshætta. Það er hægt að koma núna og segja: Hún var engin. — En þannig var ekki hægt að tala þá. Við gátum ekki staðið framan í bandalagsþjóðum okkar og sagt: Þið skrökvið því, að stríðshætta sé nokkur, — því að þær sögðu ekki aðeins, að hún væri, heldur hegðuðu sér eins og hún væri. Við hefðum getað sagt við menn, sem staðhæfðu, að það væri stríðshætta á ferðum: Þið meinið ekki það, sem þið segið, þið trúið því ekki, — ef þeir hefðu sjálfir ekkert gert, sem benti til þess, að þeir tryðu því. En að standa framan í fulltrúum þjóða og rengja, að þeir trúi á stríðshættu, samtímis því sem það er sjáanlegt, að þeir leggja á sig óheyrilegar byrðar vegna þeirrar hættu, sem þeir segja vera á ferðum, það er ekki hægt. Þessar þjóðir höfðu allar saman, meira að segja smáþjóðirnar í grenndinni, lengt herskyldutímann upp í átján mánuði, — annars staðar var hann tvö ár. Þessar þjóðir lögðu á sig byrðar, þyngri byrðar en þær höfðu nokkurn tíma áður lagt á herðar sér vegna vígbúnaðar. Hvernig var þá við því að búast, að við einir gætum sagt: Það er engin stríðshætta. Við trúum ekki því, sem þið segið. Þið meinið ekkert af því, sem þið segið? — Það getur vel verið, að þingmenn Þjóðvfl. hefðu treyst sér til þess að standa þannig, svo að ég noti orð hv. 8. landsk. þm., eins og flón gagnvart þeim vandamálum, sem uppi voru í heiminum á þessum árum. En hvorki ég né nokkrir aðrir þm., sem vildu líta á málin ábyrgum augum, treystum okkur til slíks. Hitt er svo allt annað mál, að það ástand,

sem skapaðist með herverndarsamningnum, var bráðabirgðaástand og átti aldrei að verða annað en bráðabirgðaástand í mínum augum. Það tók ég fram þegar, hef margítrekað það í ræðu og greinum síðar og þá m. a. við þessar umr. núna.

Það kom enn fremur fram í ræðu hv. 8. landsk. þm., að hann botnar í raun og veru ekkert í þeim meginrökum, sem lágu til þess, að herverndarsamningurinn 1951 var gerður, því að hann spyr og beindi því sérstaklega til mín, hvers vegna ég hefði ekki lagt til, að herinn væri þá hafður 100 þús. manns, vegna þess að það hefði þó veitt aukið öryggi. Ég er búinn að segja það, ég veit ekki hvað oft, og skrifa það oft, að herverndarsamningurinn 1951 var alls ekki hugsaður til þess að veita Íslandi fullkomna og tryggjandi vörn gegn árásum. Þetta hef ég tekið fram einum tvisvar sinnum í þessum umræðum sjálfum. Og þess vegna er það alveg dæmalaust, að hv. þm. skuli ekki enn hafa skilið þetta. Ég veit ekki, hvað oft ég þarf að segja honum það, til þess að hann skilji það. Höfuðrökin fyrir herverndarsamningnum voru, samkv. þeim skilningi, sem ég hef í hann lagt, þau, að með því var sköpuð aðstaða hér á sérstaklega viðsjárverðum tímum til þess að koma þeim mannvirkjum, sem hér er um að ræða, í það horf, sem talið var að þau þyrftu að vera í á því andartaki, sem stríð skylli á. Hlutverk liðsins hér hefur fyrst og fremst verið að gæta öryggis þessara mannvirkja og — að svo miklu leyti sem styrjöld hefði verið talin alveg yfirvofandi — að undirbúa komu þess liðs, sem meira væri og ætti að vera staðsett hér í stríði með samþykki þeirra aðila, sem þeirri stefnu vilja fylgja, að vesturveldin eigi að hafa hér aðstöðu í stríði. En staðsetning liðsins hlýtur auðvitað að vera algerlega bundin við viðsjárverða hættutíma, og liðið á ekki að vera hér samkv. margyfirlýstri skoðun minni degi lengur en um slíka viðsjárverða hættutíma er að ræða. Ég er þegar búinn að taka það fram, að það er persónuleg skoðun mín, að ástand í heimsmálum hafi batnað svo mikið á undanförnum tímum, að tími sé kominn til þess að gera hér breytingar á og hefja undirbúning að því, að íslenzkir aðilar taki að sér þá gæzlu á mannvirkjunum og þann rekstur þeirra og viðhald, sem óhjákvæmilegt er, og við það miðast sú afstaða, sem ég hef lýst í þessu máli við þessar umr. áður. Þess vegna er þessi spurning hv. þm. beinlínis byggð á skilningsskorti á þeirri röksemdafærslu, sem hefur verið viðhöfð af minni hálfu bæði í ræðu og riti varðandi herverndarsamninginn og þá nauðsyn, sem ég tel nú á því að endurskoða hann og taka upp nýja skipan á þessum málum, sem hæfi betur ástandi venjulegra tíma.

Ég skal svo ljúka máli mínu með því að benda á, að þótt hv. þm. hafi lesið upp undir það hálftíma ræðu af blöðum til þess að svara fyrirspurnum, sem ég hef borið fram, þá láðist honum að svara einni. Ég hef oftar en einu sinni spurzt fyrir um það, hvar væru samherjar hv. þm. í utanríkismálum í Evrópu eða í öðrum nágrannalöndum, hvort hann gæti bent á nokkra kunna stjórnmálamenn í Vestur-Evrópu, sem hefðu sömu skoðanir á utanríkismálum og þessir hv. þm. hafa. Þessari spurningu hefur ekki verið svarað enn. Mér hefur ekkert slíkt nafn verið nefnt. Ég þykist fylgjast sæmilega vel með umræðum um stjórnmál og utanríkismál í Vestur-Evrópu af lestri tveggja eða þriggja blaða, sem ég hygg að skýri mjög samvizkusamlega frá þeim skoðunum, sem efst eru á baugi í hverju landi hverju sinni, mesta athygli vekja. Ég get sagt það, að ég hef ekki rekizt þar á þau ummæli eftir nokkrum einasta þekktum stjórnmálamanni, sem geti bent til þess, að hann aðhyllist sömu skoðanir í utanríkismálum og þessir hv. þm. Þjóðvfl. Ég þekki enga stjórnmálamenn í Vestur-Evrópu, sem mæli með því, að land þeirra skuli við núverandi kringumstæður taka upp stefnu algers hlutleysis og algers vopnleysis. Mér þætti gaman heyra nafn einhvers slíks manns og þá að heyra jafnframt ummæli, sem staðfesta, að hann hafi þessa skoðun. Ég er viss um, að á engu þjóðþingi situr nú maður, sem mundi halda ræðu, sem hefði þetta að innihaldi. Ekki aðeins enginn flokkur, heldur enginn mikils metinn þm. eða stjórnmálamaður hefur sömu skoðanir og þessir tveir hv. þm. Þjóðvfl., ef taka má ræðu hv. 8. landsk. þm. sem mælikvarða á skoðanir Þjóðvfl. Þeir eru því í þessum málum algert viðundur. Þeir eru viðundur á Evrópumælikvarða.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 17. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

*Gils Guðmundsson:* Herra forseti. Það er nú orðið býsna langt um liðið síðan þáltill. þessi á þskj. 20 var hér síðast til meðferðar. Þess vegna er viðbúið, að það sé tekið að fyrnast yfir þær umræður, sem þá fóru fram. Ég hafði þá kvatt mér hljóðs, einkum til þess að svara nokkrum atriðum, sem fram höfðu komið í ræðum tveggja hv. þm. Alþfl., en báðir þeir þingmenn höfðu gert afstöðu Þjóðvfl. til herstöðvamálsins að umtalsefni. Voru það þeir hv. 4. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. Ég vil nú, þótt seint sé, svara þeim lítillega, áður en ég vík nokkuð að þeim efnum, sem síðar hafa gerzt varðandi herstöðvamálið, þar sem eru samningaumleitanir þær, sem okkur er tjáð að nú fari fram hér í Reykjavík um breytingar á hernámssamningnum eða einhverjum ákvæðum hans.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði í ræðu þeirri, er hann flutti um þessa þáltill., að ég hefði látið í ljós eindreginn fögnuð yfir till., sem hér er til umræðu. Þetta er að vísu ekki alveg rétt. Fögnuður minn var takmarkaður, enda er fljótséð við samanburð, að á þessari till. og þáltill. þeirri, sem við þjóðvarnarmenn flytjum á þskj. 21, er grundvallarmunur. Við teljum þjóðarnauðsyn að losna hið fyrsta við erlendan her úr landi. Alþýðuflokksmenn fara hins vegar fram á endurskoðun samningsins, en ekki uppsögn, enda lýsti hv. 4. þm. Reykv. því yfir mjög skorinort í ræðu sinni, að flokkur hans

telji uppsögn ekki tímabæra. Hitt var alveg hárrétt hjá hv. þm., að ég lét í ljós fögnuð minn yfir því, sem ég taldi jákvætt í till. þeirra Alþýðuflokksmanna, en það var einkum þrennt: Í fyrsta lagi tillaga þeirra um lokun herstöðvanna. Er gleðilegt til þess að vita, að þeirri stefnu virðist mjög hafa aukizt fylgi nú upp á síðkastið. Mér þótti ánægjulegt að heyra, að hv. 4. þm. Reykv. lýsti því yfir, að Alþfl. allur fylgdi þessu atriði í þáltill. þeirri, sem hér um ræðir. Það var — ef mig misminnir ekki — nokkur nýjung, en vissulega ánægjuleg. Annað atriði þessarar þáltill., sem að sjálfsögðu er til verulegra bóta frá mínu sjónarmiði og okkar þjóðvarnarmanna, er um styttingu á uppsagnarfresti samningsins úr 18 mánuðum, svo sem nú gildir raunverulega, og niður í 3 mánuði. Í þriðja lagi tel ég mjög gott, að fram skuli koma í till. og þó einkum í grg. hennar, að framkvæmd varnarsamningsins hafi verið með þeim hætti og á þann veg á málum haldið af hálfu íslenzkra yfirvalda, að gagngerðra endurbóta sé þörf. Lagði hv. 1. flm. mikla áherzlu á þetta atriði í framsöguræðu sinni, og tók hv. 4. þm. Reykv. að ýmsu leyti undir þá gagnrýni. Annars notaði hv. 4. þm. Reykv. drjúgan hluta af máli sínu til þess að breiða eins konar blæju yfir ýmislegt af því, sem flokksbróðir hans, hv. 1. landsk., sagði ákveðnast og einarðlegast í framsöguræðu sinni. Þingmaðurinn tók það a. m. k. tvívegis fram, svo að enginn þyrfti að vera í neinum vafa, að Alþfl. teldi ekki tímabært, eins og nú væri ástatt í alþjóðamálum, að segja upp varnarsamningnum frá 1951. Með öðrum orðum: Alþfl. virðist ekki vera þeirrar skoðunar, að rétt sé að stefna að því að losna við herinn að hálfu öðru ári liðnu. Hv. 4. þm. Reykv. minntist heldur ekkert á það, eins og flokksbróðir hans gerði, að þeir Alþýðuflokksmenn ætluðu að sýna fullkomna dirfsku í mati sínu á því, hvenær ástandið í alþjóðamálum væri með þeim hætti, að réttmætt væri að segja samningnum upp. Ég er vissulega dálítið hræddur um, að þeirrar stundar sé nokkuð langt að bíða, er allir hv. þm. Alþfl. sýna af sér þá dirfsku að krefjast brottfarar Bandaríkjahers úr landi. Kannske reynist ég ekki sannspár um þetta, og væri þá vel.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að hv. 1. landsk. (GÞG) og þeim ræðum, sem hann hefur flutt í þessu máli. Hann sneri sér mjög að okkur þjóðvarnarmönnum — og mér sérstaklega — í ræðu þeirri, sem hann hélt hér síðast um þetta mál. Leitaðist hv. 1. landsk. við að sýna fram á það, að ég hefði í ræðu, þegar þáltill. þessi var fyrst til umr., hvikað frá hlutleysisstefnu Þjóðvfl., og hefur flokksblað hans, Alþýðublaðið, haldið hinu sama fram og jafnvel gert mér upp orð í því sambandi. Hér er um algeran misskilning að ræða hjá hv. þm. Fastar vil ég ekki kveða að orði. Eins og ég gerði nokkra grein fyrir í útvarpsumræðum þeim, sem fram fóru í vetur um þáltill. okkar þjóðvarnarmanna um uppsögn herstöðvasamningsins, er stefna Þjóðvfl. í utanríkismálum í meginatriðum hin sama og hv. 1. landsk. barðist ötullega fyrir allt fram til vorsins 1951, þegar hann illu heilli lét þröngva sér út af þeirri braut, sem hann hafði áður gengið. Sú stefnubreyting virðist hafa haft þær afleiðingar fyrir hv. 1. landsk., að síðan er hann, að því er bezt verður séð, áttavilltur í afstöðu til hersetu og hernaðarbandalaga. Honum líður eitthvað svipað og manni, sem tapað hefur réttri leið í dimmviðri á heiðum uppi, stundum vill hann halda í þessa átt, stundum í hina.

Hv. þm. leggur mikla áherzlu á það í ræðum sínum og greinum um utanríkismál, að aðrar smáþjóðir Evrópu treysti ekki á hlutleysi og vopnleysi, heldur leitist við að koma upp hjá sér hervörnum, þess vegna hljótum við Íslendingar, þar eð við eigum ekki, að hans dómi, að stofna íslenzkan her, að njóta hervernd Bandaríkjanna. Þetta túlkaði hv. þm. allrækilega í greinaflokki, sem hann ritaði um utanríkismál í Alþýðublaðið s. l. sumar. Ég las þann greinaflokk frá upphafi til enda og fannst stundum næsta átakanlegt við þann lestur, hvernig greinarhöfundur var að leita, jafnvel á ólíklegustu stöðum, að rökstuðningi fyrir þeirri stefnu eða réttara sagt áttavillu, sem einkennt hefur afstöðu hans síðan 1951. Og þá var þetta atriði, sem ég nú nefndi, ein helzta röksemdin. Svo heyrði ég í útvarpsumræðum í vetur, að helztu verjendur hersetunnar eru farnir að hampa mjög þessari röksemd, þ. á m. hæstv. dómsmrh., hæstv. fjmrh. og — ef ég man rétt — einnig hv. þm. Str., formaður Framsfl.

En hversu haldgóð er nú þessi röksemd? Þegar hún er athuguð nánar, held ég að komi í ljós, að hún er næsta haldlítil. Ástæðan er sú, að Ísland hefur algera sérstöðu, hvort sem litið er á landfræðileg eða söguleg rök:

1) Ísland er ekki hluti af meginlandi Evrópu eins og þau smáríki, sem hv. 1. landsk. og skoðanabræður hans eru sífellt að nefna. Það hefur aldrei eins og þau orðið fyrir árásum af neinu meginlandsveldi Evrópu.

2) Ekkert ríki Evrópu hefur eins og Ísland lýst yfir ævarandi hlutleysi og vopnleysi. Önnur Evrópulönd hafa haft vígbúnað frá aldaöðli, svo að segja. Í þessu efni er því mjög ólíku saman að jafna, þar sem þessi ríki eru annars vegar og Ísland hins vegar. Í þessu sambandi vil ég spyrja hv. 1. landsk.: Telur hann líklegt, að norskir jafnaðarmenn mundu þola það að hafa t. d. 200 þús. manna ameríska herlið rétt fyrir utan Oslóborg, ef Norðmenn hefðu engan her sjálfir og hefðu ekki haft her öldum saman? Nei, þeir mundu áreiðanlega ekki þola það. Þó að Norðmenn hervæðist, af því að þeir eru meginlandsþjóð, hafa þeir harðneitað Bandaríkjunum um herstöðvar í Noregi, jafnvel um dvöl nokkur hundruð flugmanna þar í landi.

3) Ísland tilheyrir landfræðilega ekki síður vestur- en austurhelmingi jarðar. Það hefur aldrei, eins og ég áðan sagði, orðið fyrir árás neins ríkis á meginlandi Evrópu. Hins vegar hefur það á síðustu tímum mátt sæta stöðugri ásælni úr vesturátt. Það er sú hætta, sem við verðum að horfast í augu við nú í dag, og

þess vegna tel ég fávíslegt að láta grillur um hugsanlega hættu úr öðrum áttum villa okkur svo sýn, að við gefum upp allt viðnám fyrir þeim háska, sem þegar ógnar okkur við eigin bæjardyr.

Hv. 1. landsk. hefur haldið því fram í ræðum, að hlutleysisstefna okkar þjóðvarnarmanna tákni óvild eða jafnvel fjandskap í garð vestrænna lýðræðisþjóða. Þetta er ekki rétt. Hlutleysisstefnan táknar aðeins það, að við viljum reyna að forða landi okkar frá þeim voða að verða yfirlýstur styrjaldaraðili. Þetta hefur hv. þm. skilið áður, þó að hann virðist tæplega skilja það nú. Honum fórust svo orð í febrúarmánuði 1949, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutleysi táknar heldur ekki nú í dag, að menn geti ekki eða vilji ekki gera upp á milli málstaða höfuðdeiluaðilanna í vestri og austri, heldur að menn vilji ekki taka þátt í styrjöld milli þeirra. Sem stefna í utanríkismálum er hlutleysi þjóðréttarhugtak, en ekki siðgæðiseða stjórnmálaafstaða.“

Undir þessi orð get ég tekið og vil gera þau að mínum. Í þessu sambandi vil ég lýsa því yfir, til að taka af öll tvímæli, ef einhver þættist vera í vafa þar um, að við þjóðvarnarmenn erum algerir og einlægir lýðræðissinnar, tökum ákveðna afstöðu gegn einræði, í hvaða mynd sem það birtist.

Hv. 1. landsk. talaði mikið um vestrænar lýðræðisþjóðir og skyldur okkar gagnvart þeim og málstað þeirra. Hann var að panta svör við því, hvort við þjóðvarnarmenn teldum ekki, að við Íslendingar ættum að hafa samstöðu með vestrænum lýðræðisþjóðum. Áður en ég svara þessu beinlínis, vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að vissulega væri fræðilegra af háskólaprófessor, sem er vanur að skilgreina hugtök, að athuga, að það virðist nú orðið úrelt að tala um lýðræðisríki annars vegar og einræðisríki hins vegar. Nákvæmara væri að spyrja, hvort við ættum að hafa samstöðu með vestrænum lýðræðisríkjum og þeim einræðisríkjum, sem þeim þóknast á hverjum tíma að hafa bandalag við. Er Spánn lýðræðisríki? Hafa ekki Bandaríkin tekið upp hernaðar- og efnahagssamvinnu við Spán? Og hvað gæti á næstu missirum gerzt í Vestur-Þýzkalandi, sem nú virðist stefna óðfluga að hervæðingu með aðstoð Bandaríkjanna undir forustu Adenauers kanslara? Sér ekki hv. þm., hver þróunin getur orðið þar á næstu missirum? Er ekki unnið kappsamlega að því að gera Vestur-Þýzkaland að herveldi á nýjan leik, jafnvel undir svipuðum kjörorðum og tíðkuðust á blómadögum Hitlers?

Fyrir ekki mjög löngu birtist í Alþýðublaðinu fróðleg grein um ástand og horfur í Vestur-Þýzkalandi. Þar var bent á þá ömurlegu staðreynd, sem frjálslynd blöð víðs vegar um heim hafa rætt mjög síðustu mánuði, að Vestur-Þýzkaland virðist stefna óðfluga í átt til einræðis, jafnvel nazisma. Og hvað getur skeð í Bandaríkjunum sjálfum, kannske á næstu missirum eða allra næstu árum? Hv. 1. landsk. veit engu síður en ég, að í því mikla landi heyja stöðugan hildarleik lýðræðissinnuð öfl annars vegar og misjafnlega illa grimubúnar einræðisstefnur hins vegar. Er hv. 1. landsk. fær um að ábyrgjast það, að menn á borð við McCarthy hrifsi ekki í sínar hendur stjórnartaumana hjá þessari voldugu þjóð? Það væri ömurleg tilhugsun fyrir Íslendinga að vera í nánu bandalagi við ríkjahóp, þar sem McCarthy gæfi tóninn, en nánustu bandamenn hans væru Spánn Francos og einhverjir nýnazistar í hervæddu Þýzkalandi. Það gæti farið svo, ef þróunin yrði þessi, að fleiri en Austur-Evrópuþjóðir teldu sér ógnað af slíkum endurfæddum möndulveldum. Ætli það mundi ekki fara um Frakkland og jafnvel England, ef svo væri komið?

Það þýðir ekki að segja, að þetta sé fjarstæða. Mörg ískyggileg teikn benda til þess, að slík geti þróunin orðið og það jafnvel á skömmum tíma. En færi eitthvað á þessa leið, hverjum þætti þá girnilegt hlutskipti Íslendinga, ef þeir hefðu bundið sig fasta á hernaðarklafa Bandaríkjanna og einræðisríkja þeirra, sem þeim fylgdu að málum, þegar svo væri komið? Ég veit, að hv. 1. landsk. þætti það ekki fýsilegt.

Ég vil þá víkja lítillega að öðru atriði, þróuninni í Englandi. Það getur að sjálfsögðu engum dulizt, að þegar hefur orðið breyting á utanríkispólitík Breta frá því, sem verið hefur undanfarin ár. Þeir eru byrjaðir að móta utanríkisstefnu, sem ekki er eins háð stefnu Bandaríkjanna og áður. Fyrr en varir getur runnið upp sú stund, að þar verði gagngerð stefnuhvörf. Margt bendir til þess. Og það vonum við 1. landsk. vafalítið báðir, að við næstu þingkosningar þar í landi vinni Verkamannaflokkurinn sigur og taki þar við stjórnartaumum að nýju.

Nú er vitað, að utanríkismálastefnu Bevans, hins mikilhæfa forustumanns vinstri armsins, vex stöðugt fylgi innan flokksins, og það mun því verða hún, sem setur verulegan svip á stjórnarstefnuna. En hver er stefna Bevans í alþjóðamálum? Hún kom allgreinilega fram á flokksþingi Verkamannaflokksins s. l. haust. Þar báru vinstri menn flokksins fram till. að stjórnmálaályktun og komust m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Flokkurinn harmar það, að verulegum hluta af iðnaði landsins hefur verið breytt úr iðnaði í þágu friðvænlegrar uppbyggingar í hergagnaiðnað. Litur flokkurinn svo á, að sú þróun sé óheillavænleg, hafi gert Breta um of háða Bandaríkjunum og aukið óeðlilega hlutdeild þeirra í hinu kalda stríði. Ber því nauðsyn til, að dregið sé hið bráðasta úr vígbúnaði Breta, þar eð hann ógnar nú öllu hagkerfi landsins.“

Þessi ályktun átti miklu fylgi að fagna á flokksþinginu, þó að orðalagi hinnar endanlegu ályktunar væri að vísu breytt nokkuð í óákveðnari átt til að ná fullu samkomulagi. Allt um það ríkti sá andi á flokksþinginu, að því er aðalmálgagn Verkamannaflokksins, Daily Herald, skýrir frá, að — eins og þar stendur — flokkurinn sé reiðubúinn til að snúa baki við þeirri pólitík, sem hefur verið þröngv-

að upp á England og Vestur-Evrópu með hinu kalda stríði.

Margt fleira gæti ég tilfært, sem bendir ótvírætt í þá átt, að England muni á næstu missirum taka upp sjálfstæðari og óháðari stefnu gagnvart pólitík Bandaríkjanna en það hefur gert fram að þessu. Vill hv. 1. landsk. raunverulega binda okkur enn um óákveðna framtíð herbúnaðarklafa Bandaríkjanna, hver sem þróunin verður í heimsmálunum? Ég hef ástæðu til að draga þá ályktun af orðum hans ýmsum, að hann vilji það ekki. En hví þá ekki að stíga skrefið hiklaust, eins og við þjóðvarnarmenn leggjum til, æskja endurskoðunar hervarnarsamningsins og síðan uppsagnar, þegar er lög leyfa?

Bollaleggingar hv. 1. landsk. um það, að ég hafi í ræðu minni um utanríkismál, þeirri er ég flutti, er till. þessi var hér fyrst til umr., hvikað frá yfirlýstri hlutleysisstefnu flokks míns, eru á fullkomnum misskilningi byggðar. Ég held því hins vegar fram, nú eins og þá, og tel það ekki á neinn hátt í ósamræmi við hlutleysisstefnuna, að eftir að út í blóðuga styrjöld er komið getur reynzt nauðsynlegt vegna aðsteðjandi hættu að gera ráðstafanir, sem ekki hefði komið til mála að gera undir neinum öðrum kringumstæðum. Til er það, sem kallað er neyðarvörn eða neyðarréttur. Slíkan rétt hafa þjóðir ekki síður en einstaklingar, þegar lífi þeirra og tilveru er ógnað. Ég lít svo á, að þó að til þess kynni að koma, eftir að styrjöld væri skollin á, að við Íslendingar yrðum að nota slíkan neyðarrétt til sérstakra ráðstafana, þyrfti það ekki að tákna það, að við féllum frá hlutleysisstefnu, ef okkur hefði auðnazt að taka hana upp aftur. Við töldum okkur til neydda, Íslendingar, eða forráðamenn okkar, að þiggja hervernd Bandaríkjanna 1941, og var þó ekki litið svo á almennt, að við hefðum með því skrefi varpað hlutleysisstefnunni á bug. Við gerðum það raunverulega ekki fyrr en árið 1949 með inngöngunni í Norður-Atlantshafsbandalagið. Minna má líka á það, að ekki hafa Svíar horfið frá hlutleysisstefnu, og töldu þeir sig þó til neydda í síðustu styrjöld að veita öðrum styrjaldaraðilanum sérstök og næsta mikilvæg réttindi.

Ég vil þá víkja stuttlega að þeim atburðum, sem síðastir hafa gerzt í sambandi við dvöl Bandaríkjahers á Íslandi. Hér eru nú hafnar viðræður um breytingar á hernámssamningnum, viðræður milli fjölmennrar bandarískrar sendinefndar og íslenzkrar nefndar, sem ríkisstj. hefur tilnefnt. Ég tek eindregið undir þá gagnrýni, sem fram hefur komið á þann málatilbúnað, sem íslenzk stjórnarvöld hafa haft uppi í sambandi við undirbúning þessara viðræðna. Til samningagerðarinnar er stofnað með þeirri vítaverðu leynd, sem einkennt hefur meðferð íslenzkra stjórnarvalda á utanríkismálum undanfarin ár. Ekki hefur verið fyrir því haft að kynna utanrmn. og þaðan af síður Alþ., að hverju er stefnt með þessari samningagerð. Það er að vísu upplýst, að einn fundur hafi verið haldinn í hinum þrengra hring innan utanrmn., og þó ekki fyrr en einn nm. hafði krafizt fundar bréflega. Að öðru leyti hefur Alþ. og utanrmn. verið algerlega sniðgengin, eins og þeim aðilum komi þessi mál ekki við.

Fyrir Alþ. liggja nú tvær þáltill. og eitt frv., sem fjalla um herstöðvamálið. Afgreiðsla þeirra mála hefur dregizt svo á langinn, að ekki hefur fengizt úr því skorið, hver er vilji meiri hluta Alþ. að því er varðar hernámssamninginn, t. d. hve langt Alþ. vill ganga um breytingar á honum. Hefði ríkisstj. haft fullan vilja á því að kippa í lag, þótt ekki væri nema verstu agnúunum á hernámssamningnum, var henni að sjálfsögðu að því mikill styrkur við samningagerðina að geta vitnað til vilja Alþ. í þeim efnum. Hefur hv. 2. þm. Reykv. sýnt fram á þetta í ræðu hér á Alþ., og get ég alveg tekið undir röksemdir hans um það atriði.

Þó að við þjóðvarnarmenn séum þeirrar skoðunar, að eina lausnin á vandamálum hersetunnar sé sú, að hernámssamningnum sé sagt upp og herinn hverfi úr landi, þá erum við fúsir til að styðja hverja þá viðleitni, sem að því miðar að draga úr því óláni, sem af hersetunni stafar, meðan enn er ekki þingfylgi fyrir því að stíga hið stærra skrefið. Við teljum, eins og ég hef áður lýst yfir, að þáltill. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 20, sé til bóta í nokkrum mikilvægum atriðum, og munum því veita henni stuðning. Jafnframt vil ég enn einu sinni leggja áherzlu á það, að stefna okkar þjóðvarnarmanna í utanríkismálum er sú, að Íslendingar geti losnað úr allri hernaðarsamvinnu og þar með sloppið við þá geigvænlegu hættu, sem því er samfara að hafa á friðartímum skipað sér í ákveðna hernaðarfylkingu. Þetta er kjarni þeirrar hlutleysisstefnu, sem okkur ber að mínum dómi að fylgja.

*Forseti (KK):* Aðalframsögumaður, hv. 1. landsk., hefur að vísu talað þrisvar í málinu, eftir því sem gögn virðast bera með sér, sem hér liggja fyrir frá fyrri hluta umr., en hann hefur óskað eftir því að fá að taka til máls, og af því að þetta er ein umr., þá þykir mér sanngjarnt að leyfa honum að gera stutta athugasemd.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Þar sem þetta mál er búið að vera mjög lengi á dagskrá hér í hv. Sþ. og miklar umr. hafa þegar farið fram um það, hefði ég talið æskilegt, að þessari umr. hefði getað lokið á sem stytztum tíma, enda hef ég þegar talað í þau þrjú skipti, sem frsm. er leyft að taka til máls samkv. þingsköpum. Hins vegar hefur hv. 8. þm. Reykv. nú flutt ýtarlega og efnismikla ræðu,, sem í sjálfu sér hefði verið ástæða til að taka til allrækilegrar meðferðar. Það er þó ekki hægt að þessu sinni, eins og hæstv. forseti hefur þegar tekið fram, og mun ég því verða að láta mér nægja örstuttar athugasemdir við ræðu hans. Vænti ég, að að því búnu verði málinu loksins vísað til nefndar.

Ég vildi í þessum athugasemdum mínum fyrst og fremst taka fram eftirfarandi: Hvað er það í raun og veru, sem okkur Alþýðuflokks-

mönnum samkv. þeirri till., sem þegar liggur fyrir af okkar hálfu varðandi herverndarsamninginn, ber á milli við hv. Þjóðvfl.? Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í innanlandsmálum hefur ekki borið mikið á ágreiningi milli okkar, eins og þau mál hafa verið túlkuð af hálfu Þjóðvarnarflokksmanna, þó að þeir hafi að vísu ekki rætt þau mikið. En hvað er það, sem fyrst og fremst ber á milli í utanríkismálunum? Af því vildi ég leyfa mér að draga upp örlitla mynd.

Ég ætla fyrst að nefna það, sem mér virðist við vera sammála um, ef dæma ber eftir þeim þskj., sem liggja fyrir frá báðum flokkunum. Það er í fyrsta lagi, að Íslendingar taki að sér þær framkvæmdir, sem óunnar eru enn á grundvelli herverndarsamningsins frá 1951, og að erlendir verktakar og erlendir starfsmenn hverfi þegar í stað úr landi. Í öðru lagi, að rétt sé og sjálfsagt að afmarka hernaðarsvæðin á samningssvæðunum og greina þau skýrt frá þeim hluta Keflavíkurflugvallar, sem notaður er til annarra þarfa en hernaðarþarfa. Í þriðja lagi að binda dvalarrétt hermannanna, meðan þeir eru hér, við samningssvæðin. Og í fjórða lagi að undirbúa það, að Íslendingar taki að sér rekstur, viðhald og gæzlu þeirra mannvirkja, sem hér þurfa að vera. Ekkert hefur komið fram af hálfu hv. þjóðvarnarmanna, sem gefi til kynna, að þeir séu þessum atriðum ósammála, en um þau öll er fjallað í þáltill. okkar Alþýðuflokksmanna. En þetta er í raun og veru kjarni allra þeirra dægurmála, sem herverndarsamninginn snerta. Þetta er kjarni málanna, sem nú eru efst á baugi, og þar virðist mér um engan ágreining vera að ræða á milli þeirra og okkar.

Ágreiningurinn kemur hins vegar fram í eftirfarandi atriðum: Þjóðvarnarmenn vilja segja herverndarsamningnum upp nú þegar án þess að gera jafnframt nokkrar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur og gæzlu þeirra mannvirkja, sem hér hefur verið komið upp og kostað hafa hundruð milljóna króna og þau ríki, sem við erum samningsbundin í bandalagi við, telja bráðnauðsynlegt, jafnvel lífsnauðsynlegt, að hér séu og ekki gæzlulaus. Við viljum hins vegar láta undirbúa það hæfilega, að þessi mannvirki og þá fyrst og fremst radarstöðvarnar þurfi ekki að vera gæzlulausar, þótt bandarískt herinn fari, við viljum, að Íslendingar sjálfir verði sem fyrst færir um að taka gæzlu þeirra í sínar hendur. Í öðru lagi: Þjóðvarnarmenn vilja lýsa yfir algeru, eilífu hlutleysi Íslands í styrjaldarátökum milli þjóða. Við teljum slíkt ekki ráðlegt, eins og málum er nú skipað í heiminum, vegna þess að í Vestur-Evrópu eða Ameríku er ekkert ríki, sem hefur lýst yfir ævarandi hlutleysi og til greina kæmi fyrir Ísland að mynda nokkurt hlutleysisbandalag við. Þess vegna þýddi hlutleysisyfirlýsing nú algera einangrun Íslendinga í heimsmálum, í utanríkispólitík, hún þýddi það, að ef styrjöld brytist út, yrðum við að sætta okkur við hlutskipti hernuminnar þjóðar, því að mjög fáir munu svo óraunsæir á alþjóðamál, að þeir geri sér ekki grein fyrir því, að þegar í upphafi styrjaldar mundu lýðræðisríkin austan og vestan við Ísland, þ. e. a. s. fyrst og fremst Bretland og Bandaríkin, æskja hér eftir sams konar aðstöðu og þau höfðu í síðustu styrjöld. Hlutleysisyfirlýsing nú mundi auðvitað þýða, að Íslendingar ættu að neita um slíka aðstöðu. Allir þeir, sem líta raunsæjum augum á utanríkismál og hafa í huga reynslu liðinna áratuga á þessu sviði, vita líka, að sú hlutleysisyfirlýsing yrði ekki virt. Sú aðstaða, sem Ísland getur veitt, mundi verða notuð til varnar siglingaleiðum og loftleiðum um norðanvert Atlantshaf, og þess vegna mundi hlutleysisyfirlýsing nú þýða það, að við værum að kalla yfir okkur hernám af hálfu þessara þjóða í styrjöld, sem ef til vill kynni að skella á. Ein ástæðan enn, og í raun og veru sú þýðingarmesta, fyrir því, að óráðlegt væri að lýsa yfir algeru hlutleysi nú eftir reynslu síðustu styrjaldar, er sú, að við værum sjálfir alls ófærir um að vernda hlutleysi okkar í styrjöld, sem brjótast kynni út. Vegna þess að við lýsum jafnframt yfir algeru vopnleysi og eigum fyrst og fremst að halda fast við það samkvæmt minni skoðun, gætum við ekki átt neinn þátt í því að halda opnum siglingaleiðum um norðanvert Atlantshaf, en það, að þeim siglingaleiðum sé haldið opnum, er okkur sjálfum lífsnauðsyn. Í þeim efnum yrðum við í styrjöld, sem brjótast kynni út, að eiga allt undir öðrum og þá fyrst og fremst undir lýðræðisríkjunum báðum megin við Ísland. En það er grundvallarsjálfsmótsögn í utanríkispólitík lands að lýsa yfir algeru hlutleysi og neita allri samvinnu við nálæg ríki, en ætla sér samt sem áður að eiga allt undir þeim um það að vernda brýna lífshagsmuni sína. Ég tel óráðlegt, að Íslendingar, eins og nú háttar, lýsi yfir algeru hlutleysi samhliða algeru vopnleysi sínu, vegna þess að þeir eiga engan kost á að ganga í nokkurt bandalag, sem mundi geta tryggt þeim, að þeir gætu verndað þetta hlutleysi sitt og gætt jafnframt þeirra brýnu lífshagsmuna sinna, sem eru í því fólgnir, að siglingaleiðum umhverfis landið sé haldið opnum.

Niðurstaðan er því sú, að mér virðist, að um helztu dagsins mál á sviði utanríkismála sé ekki verulegur ágreiningur milli okkar og Þjóðvfl., heldur sé ágreiningurinn fyrst og fremst um það mál, hvort tiltækilegt sé nú þegar að segja samningnum upp án nokkurra annarra ráðstafana jafnhliða og hvort hverfa eigi aftur að algeru hlutleysi. Satt að segja skil ég ekki, að sú afstaða hv. Þjóðvfl. geti staðizt rækilega umhugsun og raunhæfa gagnrýni, að það sé stætt á því fyrir Íslendinga að segja herverndarsamningnum upp án þess að gera nokkrar, bókstaflega nokkrar ráðstafanir, er komi í staðinn. Það er meira ábyrgðarleysi en vit væri í fyrir Íslendinga að gera að stefnu sinni. Vil ég þó engan veginn draga úr þeim ummælum mínum, sem ég hef áður viðhaft og lagt alveg sérstaka áherzlu á, að Íslendingar eigi að láta þann her, sem nú dvelur hér í landinu samkv. samningi, hverfa á brott hið allra fyrsta og þegar í stað og Íslendingar hafa

lokið þeim undirbúningi, sem þeir sjálfir telja nauðsynlegan til þess að unnt sé að gera þá ráðstöfun, og auðvitað jafnframt líka með því fororði, að Íslendingar sjálfir telji með því öryggi sínu ekki stefnt í hættu. Og hlutleysi er nú svo óraunhæf leið í utanríkismálum, að menn hljóta að átta sig á, að til annarra ráða verði að grípa.

Þessa stuttu grg. um það, hvað ég telji flokkum okkar bera á milli, tel ég í raun og veru vera alveg fullnægjandi svar við efnishlið þess máls, sem hv. 8. þm. Reykv. gerði hér að umræðuefni.

Að síðustu vildi ég svo svara með örfáum orðum því, sem hv. þm. beindi til mín alveg sérstaklega. Hann sagði, að ég mundi hafa breytt um stefnu í afstöðu minni til utanríkismála í grundvallaratriðum árið 1951. Þetta er misskilningur. Grundvallarskoðanir mínar á höfuðviðfangsefnum utanríkismála í heiminum og að því er Ísland varðar eru enn alveg þær sömu og þær hafa verið allt frá því að ég myndaði mér um þær fastmótaðar skoðanir. Það, sem breytzt hefur, er ástandið í heiminum og aðstaða Íslands. Hún er gerbreytt frá því, sem var á árunum 1946—49. Hún er orðin allt önnur nú en hún var þá. Það vita allir. Á árunum 1946—48 sérstaklega var mjög um það rætt í Vestur-Evrópu að koma upp bandalagi Vestur-Evrópuríkjanna, sem skyldi verða eins konar þriðja valdið í heiminum og vega salt milli stórveldanna tveggja, sem einkum áttust og talið var að mundu eigast við, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, og vera hlutlaust í átökum þeirra á milli, að vísu ekki vopnlaust, en hlutlaust í átökum þeirra á milli. Ég hafði mjög mikla samúð með þessum skoðunum, dró enga dul á það, lét þess getið hvað eftir annað í ræðu og riti, og á grundvelli þessara skoðana minna mótaðist afstaða mín til Keflavíkursamningsins og Atlantshafssamningsins. Fram á árið 1949, eða þegar menn tóku endanlega afstöðu til þess máls, var enn engan veginn útséð um það, að sú stefna yrði ofan á, að heimurinn skiptist fyrst og fremst í þrjár fylkingar, en ekki tvær. Ég er enn þeirrar skoðunar, að það væri æskilegt, að þróun málanna gæti orðið á þann veg. En mér kemur ekki til hugar, að það væri rétt eða skynsamlegt fyrir Íslendinga að miða utanríkisstefnu sína við það, að ástand í heimsmálum væri allt annað en það er í raun og veru nú í dag. Ef ástand heimsmála breyttist skyndilega gersamlega, sem ég vil engan veginn fortaka að það kunni að gera á næstu árum, ef t. d. Þýzkaland fengi fullt sjálfstæði og lýsti yfir hlutleysi, að vísu ekki vopnlausu hlutleysi, sem engum í Þýzkalandi kemur til hugar, og önnur ríki í Vestur-Evrópu og Norður-Evrópu tækju sömu afstöðu, þá yrði það raunhæfur möguleiki í utanríkispólitík Íslendinga að tengjast þessum ríkjum, og þá gæti Ísland jafnframt lýst yfir hlutleysi og haldið fast við vopnleysi sitt, vegna þess að það væri þá í bandalagi við ríki, sem væru reiðubúin til þess að verja hlutleysi alls ríkjabandalagsins. En meðan slík aðstaða er ekki fyrir hendi, er hlutleysi auðvitað ekki raunhæfur möguleiki í íslenzkri utanríkispólitík, vegna þess að við viljum jafnframt halda fast við algert vopnleysi. Ef við værum reiðubúnir til þess að taka upp vopnaburð og verja hlutleysi okkar, svo sem Svíar og Svisslendingar hafa gert, þá væri þó veik von til þess. Þá mætti segja, að ekki væri fullkomlega út í bláinn fyrir Íslendinga að ræða þann möguleika að taka upp hlutleysisstefnu. En þá er brotið gegn því, sem ég tel að eigi að vera fyrsta boðorðið í íslenzkri utanríkispólitík, að taka ekki upp vopnaburð. Og meðan við viljum það ekki, er hlutleysi óframkvæmanlegt, þegar ekki er völ á tengslum við nokkurt hlutleysisbandalag, sem væri reiðubúið til þess að verja hið sameiginlega hlutleysi.

Hv. 8. þm. Reykv. spurði, hvort ég teldi, að Verkamannaflokksmenn í Noregi mundu vilja veita 200 þús. manna amerísku herliði vist rétt við Oslóborg. Ég er fullviss, að þeir mundu ekki vilja það, enda hafa þeir þegar hafnað slíkum kröfum. En þeir hafa gert annað í staðinn, ég vil ekki segja jafnþungbært eða þungbærara, því að slíkar byrðar á ekki að meta eða vega til jafns hvora við aðra. Það, sem þeir hafa gert, er að leggja á sig óheyrilegar fjárhagsbyrðar til þess að vera reiðubúnir til þess að verja land sitt eða taka þátt í hinum sameiginlegu vörnum Norður-Atlantshafssvæðisins, og þeir eru jafnframt reiðubúnir til þess að leggja 16 mánaða herskyldu á alla unga menn í landi sínu til að taka þátt í þessum sameiginlegu vörnum. Ég gæti þá eins spurt hv. 8. þm. Reykv.: Væri hann reiðubúinn til þess að mæla með því, að Íslendingar lögleiddu hjá sér sams konar byrðar og Norðmenn hafa lagt á sig, m. a. vegna þess, að þeir hafa viljað neita þeim tilmælum, sem þeim hafa borizt um vist erlends hers í landinu? Væri hann reiðubúinn til þess að mælast til þess við Íslendinga, að þeir lögleiddu hjá sér 16 mánaða herskyldu eins og norski Verkamannaflokkurinn, sem hann virðist vilja taka sér til fyrirmyndar, hefur viljað gera í sínu landi?

Hv. 8. þm. Reykv. vitnaði í stefnu Bevans í Bretlandi, sagði að vísu ekki beint, að hann aðhylltist sams konar stefnu og þeir þjóðvarnarmenn hér, en orð hans hefði ef til vill mátt skilja þannig. Það vildi ég leiðrétta. Það er mesti misskilningur. Bevan var og er ákveðinn stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins og auðvitað brezks vígbúnaðar, jafnvel þó að hann hafi talið, að of miklar byrðar hafi verið lagðar á brezkt atvinnulíf og brezkan almenning vegna vígbúnaðarins. Bevan hefur aldrei haldið því fram, að Bretland, eitt út af fyrir sig, ætti að taka upp hlutleysisstefnu, hvað þá heldur, að það ætti að aðhyllast stefnu algers vopnleysis. En hitt er annað mál, að Bevan var eins og margir fleiri á þeirri skoðun á árunum 1946—48 og er það enn, að æskilegra væri, að ýmis ríki í Vestur-Evrópu mynduðu bandalag, mynduðu þriðja aflið, sem vegið gæti salt á milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Það er hans skoðun, en ekki sú, að æskilegt eða rétt væri fyrir, ekki einu sinni Bretland, hvað þá

nokkurt annað einstakt ríki í Vestur-Evrópu, að taka upp stefnu einangraðs hlutleysis, að ég nú ekki tali um, ef það væri samhliða algeru vopnleysi.

Ég þakka svo hæstv. forseta fyrir þolinmæði hans við mig og óska nú að síðustu eftir því, að málinu verði að þessari umræðu lokinni vísað til hv. utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. utanrmn., á þskj. 838 og 844, var útbýtt 13. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 2. Uppsögn varnarsamnings.

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt:

*Till. til þál. um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna* [21. mál] (A. 21).

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 8. og 9. fundi í Sþ., 15. og 19. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. enn tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

*Forseti (JörB):* Samkvæmt 54. gr. þingskapa fær hver þingflokkur til umráða 45 mín., er skiptast í tvær umferðir. Samkomulag hefur ekki náðst milli þingflokka um lengd hvorrar umferðar. Fjórir flokkanna hafa orðið ásáttir um, að umferðirnar verði hafðar sem jafnastar að tímalengd, þó svo, að látið verði átölulaust, að ræðumaður flokks í fyrri umferð fari 2—3 mín. fram úr hálfum ræðutíma flokksins samkvæmt þingsköpum, en í síðari umferð megi enginn flokkur nota meira en hálfan ræðutíma sinn. Verður þessi háttur hafður á þessari útvarpsumræðu.

Röð flokkanna við báðar umferðir verður þessi:

Fyrst er Þjóðvfl. Íslands, annar Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., þriðji Alþfl., fjórði Framsfl. og fimmti og síðasti Sjálfstfl.

Hv. flm., 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, tekur til máls og talar af hálfu Þjóðvfl. Íslands.

*Flm. (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrsta málið, sem við þm. Þjóðvfl. Íslands lögðum fyrir Alþ., var till. sú til þál., sem hér er til umr. í kvöld. Sú till. fjallar um uppsögn varnarsamnings þess, sem gerður var milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og undirritaður 5. maí 1951. Jafnframt er í till. okkar lagt til, að gerðar séu þegar í stað ráðstafanir til að koma eftir föngum í veg fyrir spillingu þá og böl, sem leiðir af dvöl hins erlenda hers, meðan hann enn er í landi.

Engum mun koma það á óvart, þótt við þjóðvarnarmenn flyttum þetta mál fyrst allra hér á Alþ. Því hefur mjög verið á loft haldið af andstæðingum okkar, að barátta gegn herstöðvum á Íslandi sé eina mál Þjóðvfl. Þetta er að vísu alrangt, eins og öllum þeim, sem vita vilja, má vera fullkunnugt. Þjóðvfl. Íslands hefur markað sér stefnu í öllum höfuðmálum þjóðarinnar, framsækna, róttæka og þjóðlega stefnu, sem byggist á þeirri grundvallarskoðun, að Íslendingar geti og verði að standa efnahagslega og menningarlega á eigin fótum. Sú stefnuyfirlýsing hefur verið birt í blaði flokksins, rædd þar og skýrð, en auk þess komið út sérprentuð. Þetta vil ég láta koma hér fram vegna margendurtekinna staðhæfinga andstæðinga okkar um hið gagnstæða. Hins er svo ekki að dyljast, að eins og nú er högum háttað, telur Þjóðvfl. Íslands enga nauðsyn brýnni en þá að fá bægt frá dyrum þjóðarinnar þeim voða, sem stafar af dvöl erlends hers í landinu og sívaxandi hervirkjagerð.

Við þjóðvarnarmenn fórum þess á leit þegar í þingbyrjun, að útvarpað yrði umr. um þáltill. okkar, þá er hér liggur fyrir. Nú hefði ef til vill mátt ætla, að stjórnarflokkunum hefði þótt þetta kærkomið tækifæri til að verja gerðir sínar í hernámsmálunum í áheyrn alþjóðar. Reyndin varð þó sú, að krafa okkar þjóðvarnarmanna um útvarpsumræður varð stjórnarflokkunum ekki meira fagnaðarefni en svo, að þeir vildu báðir humma þær fram af sér eða jafnvel losna við þær með öllu. Alþfl. og Sósfl. svöruðu málaleitun okkar játandi. Frá stjórnarflokkunum heyrðist hins vegar hvorki stuna né hósti vikum saman, þar til nú nýlega, eftir mikla eftirgangsmuni, er loks tókst að knýja fram svör. Flokkurinn, sem er svo smekklegur að kenna sig við sjálfstæðishugsjónina, svaraði hreinlega neitandi. Hann kærði sig ekkert um útvarpsumræður um þessi mál. Kannske er honum það ekki láandi, því líkt sem saga hans er orðin í sjálfstæðis- og þjóðernismálum. Framsfl. var með undanbrögð og vífilengjur, kinokaði sér við að neita hreinlega, en taldi opinberar umr. um þessi mál þó ekki tímabærar.

Að þessum svörum fengnum endurtókum við þjóðvarnarmenn kröfu okkar um útvarpsumr., og samkvæmt ótvíræðum fyrirmælum þingskapa urðu þær þá að fara fram, hvort sem stjórnarliðum líkaði betur eða verr.

Ég mun ekki eyða löngum tíma til að ræða forsögu herstöðvamálsins, enda er hún öllum landslýð kunn. Þó get ég ekki hjá því komizt að bregða upp nokkurri mynd af því, hvernig íslenzk skammsýni og undanlátsemi hefur orðið þess valdandi, að Bandaríki Norður-Ameríku hafa í nokkrum áföngum náð að verulegu leyti því takmarki, sem þau höfðu sett sér varðandi

Ísland þegar í lok síðustu heimsstyrjaldar. Því er haldið fram sem höfuðröksemd af hálfu þeirra manna, sem gerðu herstöðvasamninginn og reyna að verja hann, að hann réttlætist af því, að ella mundi svo fara, að tiltekin einræðisþjóð úr austri legði Ísland undir sig og gerði það að bækistöð sinni. Allir vita, að hér er átt við Rússa, og sé ég ekki ástæðu til að hafa um það tæpitungumál. Þessi saga um yfirvofandi árás á Ísland af hálfu Rússa hefur verið sögð svo oft og af svo áhrifamiklum mönnum, að margir eru þeir Íslendingar, sem hafa fengizt til að trúa henni. Hins vegar bendir margt til þess, að áhrifamenn Bandaríkjanna hafa hvorki fyrr né síðar lagt mikinn trúnað á þá sögu, heldur séu þeir með herlið hér og hervirkjagerð í allt öðrum tilgangi en þeim að verja Ísland og íslenzku þjóðina fyrir hugsanlegri innrás. Skal ég nú rökstyðja þetta.

Árið 1944, lýðveldisárið, sællar minningar, þegar sýnt þótti, hvernig síðustu heimsstyrjöld mundi lykta, tóku þær raddir að gerast næsta háværar í Bandaríkjunum, sem heimtuðu örugga og varanlega aðstöðu á Íslandi, hvað sem styrjaldarlokum liði. Í ágústmánuði það ár, þegar íslenzka lýðveldið var tæpra tveggja **mánaða,** mælti Tom Conally, þáverandi formaður utanríkismálanefndar Bandaríkjaþings, eftirfarandi orð: „Á Atlantshafi þurfa Bandaríkin að ná samningum um leigu til langs tíma á öllum bækistöðvum og eyjum þar, en ef auðið reynist, ættu Bandaríkin að kosta kapps um að eignast þessar eyjar.“ Á öðrum stað í sömu ræðu sagði hann: „Það er okkur lífsnauðsyn að hafa bækistöðvar á Íslandi.“

Þetta ár og hið næsta bárust okkur þrásinnis þær raddir vestan um haf, að gera þyrfti eitt af þrennu, semja við okkur um leigu á hernaðarbækistöðvum um langa framtíð, bjóða okkur það kostaboð að verða 49. ríkið í Bandaríkjunum eða kaupa okkur hreinlega fyrir dollara, eins og Alaska hafði verið keypt á sínum tíma.

Eins og allir Íslendingar muna, fóru Bandaríkin fram á það við íslenzk stjórnarvöld síðla árs 1945 að fá leigðar herstöðvar á Íslandi til 99 ára, en samkvæmt fastri venju um orðalag milliríkjasamninga táknar það hið sama og um aldur og ævi. Þá voru Rússland og Bandaríkin, stórveldin tvö, sem nú heyja hið kalda stríð um áhrif og yfirráð í heiminum, enn í nánu bandalagi. Þessi miklu ríki höfðu þá um skeið snúið bökum saman, barizt gegn sameiginlegum óvini, nazismanum, og unnið dýrkeyptan, en dýrmætan sigur. Nýlokið var ægilegasta hildarleik, sem sögur fara af, og blóðið naumast storknað í valköstum vígvallanna. Heita mátti á þessum tíma fullkomin eining meðal sigurvegaranna, sem vörpuðu nú öndinni léttara eftir eldraun margra styrjaldarára. Þjóðir heims þráðu frið, þráðu það eitt að binda sár sín og reisa það úr rústum að nýju, sem jafnað hafði verið við jörðu í styrjöldinni. Þá voru engar viðsjár milli þjóða, enginn ótti við nýja styrjöld, ekkert kalt stríð. Ógnir mestu styrjaldar veraldarsögunnar voru hverju mannsbarni í fersku minni, og allir væntu þess, að langt friðartímabil færi í hönd. Var Bandaríkjunum á þessum tíma ógnað af nokkurri þjóð, svo að þau þyrftu þess vegna á hernaðarbækistöðvum í annarri heimsálfu að halda? Stóð Íslandi þá ógn af Rússum, svo að Bandaríkin þyrftu þess vegna að bregða við til að vernda okkur fyrir þeim? Er nokkur Íslendingur svo skyni skroppinn, að hann svari þessum spurningum öðruvísi en neitandi?

Málaleitun Bandaríkjamanna til íslenzkra stjórnarvalda um ævarandi herstöðvar á Íslandi, borin fram á þessum tíma, er opinber og augljós sönnun þess, hvað Bandaríkin ætluðust og ætlast fyrir, að því er Ísland varðar. Ætlun þeirra var og er sú að innlima Ísland í hervirkjakerfi sitt, alveg án tillits til þess, hvort friðvænlega eða ófriðvænlega horfir í heiminum. Þetta eru staðreyndir, sem íslenzka þjóðin verður að gera sér fulla grein fyrir og skoða allt, sem fram hefur farið síðan í skiptum Bandaríkjamanna og Íslendinga, í ljósi þeirra.

Þegar ráðamenn í Bandaríkjunum fengu ekki árið 1945 framgengt kröfunni um ævarandi herstöðvar, gáfust þeir ekki upp. Þeir skiptu einungis um aðferð. Í stað þess að ganga hiklaust til verks, þá sáu þeir, að hér yrði að fara krókaleiðir. Nauðsyn bæri til að komast aftan að íslenzku þjóðinni, án þess að hún skynjaði hættuna, fyrr en það væri um seinan. Nú sóttist Bandaríkjamönnum leiðin greiðar en áður. Á undraskömmum tíma tókst að svínbeygja marga þá forustumenn íslenzku þjóðarinnar, sem fyrr höfðu í háværum ræðum og löngum blaðagreinum lýst yfir því, að ekkert réttindaafsal Íslendinga kæmi til greina, herseta í landinu táknaði afnám sjálfstæðis þjóðarinnar og mundi, er til lengdar léti, ógna lífi hennar og tilveru. Sumir þessara manna voru vafalaust orðnir svo ánetjaðir amerískum dollar og amerískum áróðri, að þeir vildu óðfúsir ganga að öllum kröfum, sem þaðan komu, að svo miklu leyti sem þeir þorðu af ótta við íslenzku þjóðina. Eina skýringin á afstöðu annarra manna, sem ég efast ekki um að vilja vel, þótt þá hafi hent það slys að láta fleka sig til fylgis við vondan málstað, — eina skýringin á afstöðu slíkra manna er sú, að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvar fiskur lá undir steini, ekki skynjað það, að Bandaríkin höfðu aðeins tekið upp nýja aðferð til að ná hér varanlegum ítökum og yfirráðum.

En hér bar einnig fleira til. Á styrjaldarárunum hafði íslenzka þjóðin fengið handa á milli meira fé en nokkru sinni áður. Mörgum þjóðfélagsþegnum — og forustumönnum þjóðarinnar ekki sízt — reyndist næsta ósýnt um fjárreiðurnar. Þeir höguðu sér eins og ráðdeildarlaus unglingur, sem skyndilega fær mikið fé milli handa. Gáleysisleg meðferð fjármuna einkenndi allt stjórnarfar. Þar var fæst í hófi, svo sem hentaði lítilli þjóð, en nóg um bruðl og fordild. Fjármunum þjóðarinnar var ausið á báða bóga, stundum til nytja, en einnig af fullkominni léttúð í óstjórn og sukk. Um stríðsgróðann svo kallaða og meðferð hans

mátti segja eitthvað svipað og í vísunni stendur: „Sumt var gaman, sumt var þarft, sumt vér ei um tölum.“

Loks var svo komið, að ráðamenn íslenzkir sáu síðustu milljónir þessara miklu fjármuna renna gegnum greipar sér. Þeir horfðu nú fram á vaxandi fjárhagserfiðleika ríkis og þjóðar. Nú voru góð ráð dýr. Stjórnendur þjóðarinnar gátu ekki hugsað sér að breyta um stefnu. Þeir gátu ekki hugsað sér að segja landsmönnum satt og rétt um hag þeirra og ganga síðan á undan með góðu eftirdæmi um lækningu verðbólgu og skynsamlega meðferð fjármuna. Þeim var það óbærileg tilhugsun að breyta um stjórnarhætti að einu eða neinu leyti. Þeir treystu sér ekki til að láta af því óhófi og munaði, sem þeir höfðu vanizt á að veita sjálfum sér, gæðingum sínum og fjölmennu málaliði. Þar mátti úr engu draga. Skrifstofubákn hins opinbera varð að halda áfram að þenjast út og soga til sín æ meira fjármagn og vinnuafl frá framleiðslunni. Fjölmennar sendinefndir skyldu sendar út um allar jarðir, búnar ríkulegum farareyri úr sjóði borgaranna. Ekki þótti annað koma til mála en að eyða milljónum í tildur við utanríkisþjónustu, rétt eins og værum við vellauðug milljónaþjóð. Lúxusbílar ríkisstj. og gæðinga hennar urðu að renna sem áður um götur höfuðstaðarins á kostnað skattþegnanna. Í engu mátti breyta um lífsvenjur. Öllu skyldi hagað með sama hætti og værum við enn auðug þjóð, sem flest gæti veitt sér.

En hvernig mátti þetta verða?

Forráðamenn þjóðarinnar eygðu nú nýja leið til að halda þessum hrunadansi áfram. Þeir komust að raun um, að Bandaríkin mundu láta okkur njóta þess fjárhagslega, ef óskum þeirra og tilmælum um bækistöðvar á Íslandi yrði fullnægt. Smámannleg var sú afstaða að vísu að láta von um efnaleg fríðindi ráða viðhorfi til mála, sem vörðuðu sjálfstæði þjóðarinnar og rétt hennar til að búa ein að landi sínu. En valdhafana skorti bæði hug og dug til að taka á vandamálum efnahagslífsins af manndómi og festu. Þá skorti þrek til að segja þjóðinni, að nú yrði hún að fórna í bili og taka á sig óþægindi um stund, meðan verið væri að kveða niður draug verðbólgunnar og koma íslenzku efnahagslífi á réttan kjöl. Í stað þess völdu þeir sér þann kostinn að taka sér betlistafinn í hönd og hefja við Bandaríkin verzlun, þar sem sum helgustu réttindi þjóðarinnar voru gerð föl og af hendi látin fyrir dollara. Hófst þá hið ógeðslega samband milli réttindaafsals og erlendrar íhlutunar annars vegar og fjárgróðavonar hins vegar, sem síðan hefur leitt yfir íslenzka þjóð vansæmd og margvíslega ógæfu. Allir landsmenn þekkja vörðurnar við þennan veg smánarinnar: Keflavíkursamning 1946, inngöngu í Atlantshafsbandalag 1949, herstöðvasamning 1951. Forustumenn hernámsflokkanna skortir að vísu hreinskilni til þess að játa hið beina samband milli amerískra herstöðva á Íslandi og fjárgjafa þeirra, sem Bandaríkin hafa lagt í bljúgar betlihendur íslenzkra stjórnarvalda. En hér hefur átt sér stað kaupskapur, sem mig skortir orð til að lýsa svo sem vert væri.

Málsvarar herstöðvanna segja, að hið ameríska herlið sé hér okkur Íslendingum til verndar. Hver er sannleikurinn í þessu? Hann er sá, að ef til styrjaldar kynni að draga, þá væri hag okkar verst komið, ef hér væru fyrir herstöðvar og hernaðarmannvirki, og því verri yrði okkar hlutur sem slík mannvirki væru meiri og dreifðari. Þá væri fyrir fram litið á okkur sem styrjaldaraðila, og við mundum vissulega fá að súpa af því seyðið. Hægt er að ráða af líkum, hvernig ófriður milli hinna mestu hervelda nútímans mundi háður, ef styrjaldarbrjálæði hæfist á ný. Ófriðarþjóðirnar mundu að sjálfsögðu leggja kapp á að vinna herstöðvum óvinanna eins mikið tjón og framast væri kostur. Það væri að vísu hugsanlegt, að það tækist að verja landið, en þjóðinni mundi enginn her neina vörn geta veitt. Hversu öflugt herlið og hversu stórfelldur vígbúnaður sem hér væri, mundi ekkert fá varnað því, að kjarnorkusprengjum og öðrum stórvirkum drápstækjum yrði varpað á hið verndaða land. Þessi hervernd, eða réttara sagt hervæðing, mundi því, ef til ófriðar drægi, ekki aðeins verða íslenzkri þjóð fányt, heldur verri en engin. Þegar er verndarþjóðin svo kallaða lenti í styröld, mundi samband okkar við hana gera land okkar að ófriðarsvæði og þjóð okkar raunverulega að ófriðarþjóð. Það mundi leiða yfir hana svo stórkostlegt böl og tortímingu, að manni hrýs hugur við þá tilhugsun. Hið eina, sem íslenzkri þjóð gæti orðið vernd í, ef ný styrjöld brytist út, er vissulega það að vera sem fjærst herstöðvum og hernaðarátökum.

En ef svo skyldi nú fara, sem maður hefur leyfi til að vona, að þjóðir heims beri gæfu til að sleppa við ragnarök nýrrar heimsstyrjaldar, hvert mundi þá verða hlutskipti Íslands, ef hér yrði til frambúðar leyfð herseta stórrar og voldugrar þjóðar? Sakir fámennis höfum við Íslendingar algera sérstöðu meðal þjóða. Við verðum að muna það, að 10 þúsund manna herlið á Íslandi jafngildir 250 þúsundum í Noregi, 300 þúsundum í Danmörku og 10 milljónum í Bandaríkjunum sjálfum. Ætli þessum ríkjum þætti ekki vá fyrir dyrum, ef svo fjölmennt setulið annarrar þjóðar hefðist þar við árum og áratugum saman? Langæ herseta með svo fámennri þjóð sem Íslendingum teflir tilveru hennar í vísan voða. Við mundum kalla yfir okkur þau örlög, sem eru jafnvel verri en dauðinn sjálfur. Íslenzka þjóðin mundi smám saman farast í sínu eigin landi, glata máli sínu, menningu og þjóðerniserfðum, öllu því, sem Íslendingum var og ætti að vera dýrmætast.

Við Íslendingar höfum nú búið við erlendan her í landi okkar í hálft þriðja ár. Sá her hefur hreiðrað um sig með þeim hætti, að ekki er um það að villast, að Bandaríkjamenn hyggja hér til langdvalar. Það hefur komið í ljós, eins og vita mátti, að hersetan veldur íslenzku þjóðinni margvíslegri ógæfu, sem hlýtur að verða því meiri, því lengur sem þetta ástand

helzt. Svo mun jafnan fara, þar sem erlent setulið hefur bækistöðvar að staðaldri. Ótalin eru þau ungmenni, stúlkur og piltar, sem beðið hafa siðferðislegt skipbrot vegna samskipta við herinn. Það vakti alþjóðarathygli í fyrra, er yfirvöld skýrðu svo frá, að 100 íslenzkar stúlkur, sem verið hefðu tíðir gestir á Keflavíkurflugvelli, fengju þar nú ekki lengur aðgang sakir drykkjuskapar, lauslætis og annarra vandræða, sem af þeim hlytust. Þess er skammt að minnast, að eitt af dagblöðum höfuðstaðarins, Alþýðublaðið, skýrði frá himinhrópandi dæmi, einu af mörgum, um uppeldisáhrif þau, sem íslenzk ungmenni verða fyrir á flugvellinum. Piltur um tvítugt, sem hafði farið þangað í atvinnu, hætti öllum störfum og lagðist í drykkjuskap, hafði þó nóg áfengi og jafnvel fé handa á milli. Komust vandamenn hans að því, að hann varð sér úti um áfengi með þeim hætti að útvega hermönnunum stúlkur. Vitað er, að Íslendingar, sem á vellinum hafa unnið, hafa fengið fjölda slíkra tilboða frá hermönnum.

Flokkarnir þrír, sem kölluðu yfir okkur ameríska herinn vorið 1951, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur, hafa allt fram að alþingiskosningunum í vor verið næsta samtaka um að halda uppi vörnum fyrir samninginn og framkvæmd hans, svo aumlega sem þó hefur verið á verðinum staðið af hálfu íslenzkra yfirvalda. Öll gagnrýni, jafnvel á hreinum framkvæmdaatriðum, var talin fjandskapur við íslenzka hagsmuni og þjónkun við Rússa. En nú hefur að nokkru skipazt veður í lofti. Allir þessir þrír flokkar eru á augljósu undanhaldi.

Alþfl., eða nokkur hluti hans, varð fyrstur til að leggja á flóttann. Kom það fram þegar í kosningabaráttunni í vor, þótt afstaða flokksins væri að vísu með því marki brennd, sem einkennt hefur þann flokk nú um skeið, að þora aldrei að taka hiklausa afstöðu. Er mönnum fráleitt úr minni liðið, að fyrir kosningar var aðalmálgagn Alþfl. einn daginn að burðast við að verða andvígt aukinni hervirkjagerð, jafnvel hersetu, annan daginn virtist það vera með hvoru tveggja og þriðja daginn bæði með og móti. Nú hafa tveir af forustumönnum Alþfl. mannað sig svo upp, að þeir hafa hér á Alþ. borið fram þáltill. um endurskoðun herverndarsamningsins. Fara þeir þar meðal annars fram á mikla styttingu á uppsagnarfresti samningsins, taka undir kröfu okkar þjóðvarnarmanna um lokun herstöðvanna og gagnrýna ýmislegt, sem hneykslanlegast er um framkvæmd samningsins.

Forustumenn Framsfl. hófu sitt undanhald allmiklu síðar. Þegar till. kom fram um það á flokksþingi Framsfl. s. l. vor að víta núverandi dómsmrh., þáverandi utanrrh., fyrir slælega frammistöðu í sambandi við framkvæmd samningsins, reis upp fyrrv. forsrh., núverandi hæstv. landbrh., Steingrímur Steinþórsson, og lýsti yfir því, að hann mundi tafarlaust segja af sér, ef slík till. yrði samþykkt. Bætti hann því við, og það var auðvitað hárrétt, að ríkisstj. öll bæri sameiginlega ábyrgð á framkvæmd samningsins, framsóknarráðherrarnir ekki síður en hinir. Margir minnast þess og, að formaður Framsfl. tók að sér það ógæfusamlega hlutverk í útvarpsumræðunum fyrir síðustu kosningar að gerast höfuðmálsvari hersetunnar. En fyrir nokkrum dögum birti Framsfl. hins vegar till. um athugun herverndarsamningsins, tillögur, sem samþykktar höfðu verið af miðstjórn flokksins og lagðar fyrir ríkisstj. sem umræðugrundvöllur. Till. eru að vísu óljósar um margt og í ýmsum atriðum í algerri mótsögn við fyrri kenningar Framsfl. Sá flokkur hefur fram að þessu lagt áherzlu á, að svo kölluðum varnarframkvæmdum hér verði hraðað sem mest, en nú á hraði hernaðarframkvæmdanna að fara eftir því, hve mikil verður vinnuaflsþörf íslenzkra atvinnuvega. Skyldi ekki einhverjum detta í hug, að þessi till. sé ærin sönnun þess, að trúin á kenninguna um hættuna miklu, sem stafar af Rússum, sé minni en þessir menn hafa viljað vera láta? Kannske framsóknarforingjarnir séu nú fullvissir um það, að Rússar muni fresta öllum hernaðaraðgerðum, ef atvinna yrði næg á Íslandi næstu árin? Till. þessar bera það með sér, að þær eru samdar af skelkuðum mönnum, enda er mér ekki grunlaust um, að Framsfl. sé nú orðinn enn hræddari við þjóðvarnarmenn en Rússa. En að þessu slepptu, þá eru till. Framsfl. augljós sönnun þess, að sá flokkur er einnig á greinilegu undanhaldi. Framsfl. tekur nú undir þá till., sem fyrst kom fram í blaðinu Frjálsri þjóð, þegar er það blað hóf göngu sína, till., sem Þjóðvfl. hefur jafnan barizt fyrir: lokun herstöðvanna.

Svo er jafnvel komið, að ungir sjálfstæðismenn eru teknir að gera samþykktir um nauðsyn þess að endurskoða herstöðvasamninginn og fá einhverja agnúa hans lagfærða. Meira að segja sagði Morgunblaðið hérna um daginn, að Hamiltonfélagið ameríska á Keflavíkurflugvelli hagaði sér ekki eins og skyldi gagnvart íslenzku starfsfólki. Þóttu það ærin tíðindi úr þeirri átt, þótt alkunnugt sé að vísu, að þetta illræmda félag hefur bæði fyrr og síðar þverbrotið flestöll íslenzk lög, sem snert gátu starfsemi þess á einhvern hátt.

Undanhaldið er svo greinilegt sem verða má. Flótti er að bresta hjá hernámsflokkunum á öllum vígstöðvum. Hvað hefur gerzt, sem veldur þessum flótta? Er það hugarfarsbreyting hjá forustumönnum fyrrgreindra flokka? Enginn þarf að ætla að svo sé. Er það barátta Sósfl. gegn hernáminu? Engum dettur í hug, að hún hafi borið meiri árangur eftir en fyrir kosningar. Þeirra barátta er óvirk vegna þess, að hún er tengd hinum alþjóðlega kommúnisma. Það, sem skeð hefur, er það, að þjóðin gerir sér í sívaxandi mæli ljósa grein fyrir því, hver voði stafar af hersetunni. Þeim fjölgar stöðugt, sem sjá það, að á vandanum er aðeins ein lausn: uppsögn herstöðvasamningsins og brottför alls bandarísks herliðs af íslenzkri grund. — Þá hefur það einnig gerzt síðan í vor, að þjóðin hefur eignazt flokk, sem berst fyrir þessari stefnu, án nokkurra annarlegra sjónarmiða. Undanhald flokkanna þriggja staf-

ar ekki hvað minnst af því, að þeir óttast sívaxandi fylgi Þjóðvfl. Íslands, sem tekizt hefur á mjög skömmum tíma að ná meiri fótfestu og fá meiri hljómgrunn hjá þjóðinni en flesta óraði fyrir. Andstæðingarnir vita vel, að þeir eru að stórtapa fylgi til Þjóðvfl. Þeir gera sér einnig ljóst, að fjöldi manna víðs vegar um land hefur mikla samúð með baráttu flokksins fyrir íslenzkum málstað, þótt þeir hafi enn ekki skipað sér í raðir hans. Þess vegna reyna forustumenn hinna flokkanna nú að stöðva flóttann með því að bera fram sýndartillögur sínar. En þjóðin mun tæplega treysta loforðum þeirra öllu lengur. Til þess þekkir hún fortíð þeirra allt of vel. Þeir hafa lofað áður og brugðizt loforðum sínum. Hvers virði eru loforð slíkra manna, gefin fyrir hræðslu sakir við þverrandi fylgi? Þau eru einskis virði.

Stefna Þjóðvfl. Íslands í herstöðvamálinu er hiklaus. Hún er mörkuð í þáltill. þeirri, sem hér er til umr. Stefnan er þessi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1) að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, svo og að leggja fyrir Alþ. frv. til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans;

2) að krefjast þess, að Bandaríkin fækki nú þegar stórlega herliði sínu hér á landi;

3) að neita Bandaríkjaher um leyfi til byggingar allra frekari herstöðva eða hernaðarmannvirkja á Íslandi;

4) að loka bækistöðvum Bandaríkjahers algerlega, þar til herliðið er flutt af landi brott, og einangra herinn innan þeirra stöðva;

5) að koma nú þegar í veg fyrir, að hermenn eða starfsmenn á vegum Bandaríkjahers hafi á leigu húsnæði í íbúðum Íslendinga;

6) að sjá svo um, að ekki verði fleiri Íslendingar ráðnir til starfa hjá herliðinu en nú eru þar, svo og að íslenzkum atvinnuvegum verði gert kleift að taka í sína þjónustu innan eins árs alla þá Íslendinga, sem nú vinna í þágu herliðsins. Meðan Íslendingar starfa innan bækistöðva hersins, sé herinn einangraður frá hinu íslenzka starfsliði og girt fyrir öll ónauðsynleg samskipti þeirra í milli;

7) að stöðva nú þegar rekstur hinnar bandarísku útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli;

8) að sjá að öðru leyti um, að ekki verði á neinn hátt gengið á rétt Íslands í sambandi við framkvæmd varnarsamningsins, meðan hann er í gildi."

Góðir Íslendingar. Er þetta ekki stefna, sem allir þjóðhollir menn geta sameinazt um? Þessi stefna — og hún ein — getur forðað þjóðinni frá því hlutskipti að farast í landi sínu á friðartímum. Þessi stefna — og hún ein — forðar þjóðinni frá þeim örlögum að verða fyrir fram ákveðinn þátttakandi í hugsanlegri styrjöld. Þessi stefna — og hún ein — er íslenzk stefna.

*Finnbogi R. Valdimarsson:* Herra forseti. Fyrir síðasta Alþingi lágu fjórar till., er snertu hersetu Bandaríkjanna hér á landi og þann samning, sem um hana var gerður vorið 1951. Um framkvæmd hernámsins fluttu þm. Sósfl. tvær till., aðra um lokun þeirrar útvarpsstöðvar, sem ameríski herinn rekur hér þvert ofan í skýlaus ákvæði íslenzkra laga. Hin till. var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar, að meðan erlendur her dvelst í landinu skuli hermönnum óheimil öll ferðalög og vist í frítímum sínum utan yfirlýstra „samningssvæða", og felur ríkisstjórninni að sjá um, að þessari ályktun sé framfylgt."

Í þriðja lagi fluttu þm. Sósfl. í Nd. frv. til l. um uppsögn varnarsamningsins frá 1951 og afnám laga um lagagildi hans. Hvernig snerist Alþ. í fyrra við þessum till.? Frv. um uppsögn varnarsamningsins var fellt frá nefnd við 1. umr. Þáltill. var vísað til allshn. Sþ., en fengust aldrei afgreiddar frá n.

Á sama þingi flutti þáverandi þm., Rannveig Þorsteinsdóttir, þáltill. „um takmarkanir varðandi samskipti varnarliðsmanna og Íslendinga". Þetta var fyrirsögnin. En öll var till. orðuð af kvenlegri nærgætni. Sýnilega ríkti í huga flm. að styggja ekki með henni nokkra lifandi sál, utanlands eða innan. Þeirri till. var einnig vísað til allshn. Sþ. Þar áttu sæti þrír flokksbræður Rannveigar. Þeim var í lófa lagið að fá till. samþ. í n., og var þá varla vafi á, að hún hefði náð samþykki á Alþ. En flokksbræður Rannveigar reyndust alls engan áhuga hafa á till. hennar og voru ófáanlegir til að afgreiða hana. Slíkur var áhugi Framsfl. í fyrra á umbótum á framkvæmd varnarsamningsins. Og enginn varð var við meiri áhuga á slíku hjá þm. Alþfl. Frá þeim kom ekki einu sinni ein einasta sýndartillaga.

En í vor fóru fram kosningar, og þá gerðust eins og svo oft áður skrýtnir hlutir. Þegar þm., sem höfðu samþykkt hernámssamninginn vorið 1951, fóru að kanna hug kjósenda, ráku þeir sig á það, að þessi samningur var alls ekki eins vinsæll hjá kjósendum og þeir höfðu haldið. Þjóðin hafði fengið tveggja ára reynslu af hernámi á friðartímum. Í hverri sveit, hverju þorpi og hverjum kaupstað ráku þm. Framsfl. og Alþfl. sig á kjósendur, sem lýstu fullri óbeit sinni á hersetunni og öllu, sem henni fylgdi. Margir menn úr fjarlægum byggðarlögum höfðu farið í atvinnuleit á Keflavíkurflugvöll og vissu meira um það, sem þar hafði verið að gerast síðustu tvö árin, en þm., sem kölluðu herinn þangað. Þeir vissu, að þar hafði risið upp um það bil 10 þúsund manna amerísk-íslenzk borg, þar sem öllu ægði saman: 3—4 þúsundum íslenzkra verkamanna, mörgum þúsundum ameríska hermanna og á annað þúsund ruslaralýðs úr stórborgum Bandaríkjanna, sem veita óspart uppeldisáhrifum til íslenzkra unglinga af báðum kynjum, sem þangað sækja unnvörpum í atvinnu- og ævintýraleit.

Margur sjálfstæðis-, framsóknar- og alþýðuflokksmaður hefur komið á Keflavíkurflugvöll sanntrúaður á blekkingar flokka sinna um nauðsyn svonefndra hervarna á Íslandi, en farið þaðan fullkominn andstæðingur amerískrar hersetu, ef ekki alls, sem ameríkst er. Mörgum hugsandi mönnum í þessum flokkum hefur

orðið það á tvö síðustu árin að rifja upp fyrir sér yfirlýsingar forustumanna sinna um, að aldrei skyldi koma til þess, að hér yrðu amerískar herstöðvar á friðartímum, enda mundi aldrei verða farið fram á slíkt. Því hafði sjálfur utanríkisráðherra Bandaríkjanna lofað í embættisnafni.

Hernámið 1951 var varið með því, að þá væru ekki friðartímar, heldur væri heimsstyrjöld að skella á á hverri stundu. Þeir, sem höfðu fylgzt með framkvæmdum varnarliðsins, vissu hins vegar, að þær voru allar miðaðar við það, að fjölmennur amerískur her gæti látið fara vel um sig á Keflavíkurflugvelli næstu áratugi. Þar höfðu fyrst og fremst verið byggð vönduð íbúðarhús, sem ætlað er að standi áratugi eða aldir. En fyrir varnarlausu smáþjóðina, sem ægilegasta árás úr austri átti að vofa yfir vorið 1951, hefur ekki verið byggt svo mikið sem eitt einasta loftvarnabyrgi, hvorki í námunda við Keflavíkurflugvöll né í höfuðborginni.

Hins vegar hefur Keflavíkurflugvöllur sjálfur verið stækkaður gífurlega. Hann var í síðustu styrjöld meira en nógu stór til þess, að flugvélar þaðan gætu vakað yfir siglingaleiðum og loftleiðum umhverfis landið og varið það fyrir hugsanlegum flugárásum. En nú hefur hann verið gerður svo úr garði, að stærstu risaflugvirki Bandaríkjanna geta farið þaðan til árásarflugs á meginland Evrópu með atómsprengjur. Það er hlutverkið, sem herstöð Bandaríkjanna á Íslandi er ætlað í styrjöld.

Um útlitið fyrir stríð og frið í heiminum var það að segja s. l. vor, að þá var sýnilegt, að vopnahlé var að komast á í Kóreu, og rétt fyrir kosningarnar komu fréttir um, að jafnaðarmenn á Norðurlöndum, sem líka bjuggust til kosninga, hefðu gefið Bandaríkjamönnum endanlegt afsvar um herstöðvar í Danmörku og Noregi. Friðarhorfur væru sívaxandi, sögðu þeir, ekkert útlit fyrir heimsstyrjöld, enda reynslan af amerískri hersetu á Íslandi hin óglæsilegasta. En um hættuna, sem þessi lönd, Danmörk og Noregur, ættu að vera í, ef heimsstyrjöld skylli á, er það að segja, að Noregur á landamæri að Sovétríkjunum, en danskt land er aðeins um 30 km frá rússneskum herstöðvum. Samt neita þessar þjóðir að taka við amerískum herstöðvum og telja það hvorki ábyrgðarleysi né fjandskap við lýðræðisríkin.

Hér voru sýnilega góð ráð dýr s. l. vor. Miðstjórnir Alþfl. og Framsfl. fundu þó ráð. Það voru samþykktar í skyndi ályktanir, þar sem öll framkvæmd hernámsins í höndum utanrrh., Bjarna Benediktssonar, og varnarmálanefndar, sem bæði Framsfl. og Alþfl. áttu fulltrúa í, var fordæmd hörðustu orðum, talin óviðunandi og óþolandi með öllu. Flokksþing Framsfl. samþykkti auk þess að lýsa fullkomnu vantrausti á Bjarna Benediktssyni sem ráðherra. Frambjóðendur Framsfl. og Alþfl. úti um land kepptust um að sverja af sér og sínum flokkum hlutdeild þeirra í hernáminu og ábyrgð á því.

Í ýmsum kjördæmum, þar sem sérstaklega reið á að halda fylgi, var teflt fram frambjóðendum, sem lýstu sig eindregna andstæðinga hernámssamningsins sjálfs og kröfðust þess, að herinn færi úr landinu tafarlaust, vera hans hér ætti engan rétt á sér og hefði aldrei átt. Við þurfum ekki að nefna mörg dæmi um slíka frambjóðendur Framsfl. og Alþfl., en ég veit, að þúsundir hlustenda úti um land minnast slíkra frambjóðenda þessara flokka. En eitt dæmi vil ég nú nefna.

Það er alkunnugt, að kjördæmakosnir þingmenn Alþfl., sem sæti áttu hér á síðasta þingi, féllu nema einn, hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson. Einmitt þessi hv. þm. var fyrir nokkrum dögum hér á Alþingi að fordæma þá menn, sem leyfðu sér að tala um hernám Bandaríkjanna á Íslandi, það gerðu engir nema þeir, sem vildu ala á úlfúð og hatri í garð vinaþjóðar, sem hefði af góðvild tekið að sér varnir landsins; slíkt tal um hernám væri einkenni kommúnista, sagði þessi hv. þm.

Ég hef nú hér við höndina blað, dags. 19. júní 1953, rétt fyrir kosningarnar. Það flytur feitletraða grein á áberandi stað undir stórri fyrirsögn, og fyrirsögnin er svo hljóðandi: „Eina lausnin á vanda hernámsins er, að herinn hverfi brott úr landinu.“ En upphaf greinarinnar er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Eina lausnin á vandamáli hernámsins er sú, að allur erlendur her hverfi úr landinu og hver þumlungur þess verði aftur óskorað yfirráðasvæði Íslendinga. Önnur lausn á því máli er ekki til. Ástand og horfur í heimsmálum réttlæta ekki lengur hersetu á Íslandi. Hún er nú ónauðsynleg sem ráðstöfun vestrænum þjóðum til öryggis. Íslendingum sjálfum var hernámið frá upphafi vafasöm vernd. Þetta veit þjóðin með sjálfri sér. Hún finnur til þess, að sjálfstæði hennar er skert, virðingu hennar misboðið og atvinnuvegum hennar spillt, og sú tilfinning verður skýrari því lengur sem líður. Um stundarsakir er hægt að blinda sjónir almennings í pólitísku moldviðri. Það hefur verið gert í þessu máli, en augu fólksins eru að opnast og munu gera það betur. Þjóðin sjálf hlýtur að taka þetta mál í sínar hendur, og úr því mun engum flokksleiðtogum, engri ríkisstj. tjóa að malda í móinn.“

Hvaða blað er nú þetta, og hvaða maður er það, sem sáir þannig „úlfúð og hatri“ í garð vinaþjóðar, með því að tala um hernám Íslands af hálfu Bandaríkjanna? Hver er það, sem segir, að augu almennings hafi verið blinduð í pólitísku moldviðri í þessu máli? Hvaða flokksleiðtoga er maðurinn að skensa? Orðbragðið er einkenni á kommúnistum, segir hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson. Hver er kommúnistinn? Blaðið heitir Alþýðublaðið, og maðurinn heitir Alfreð Gíslason læknir. Forustumenn Alþfl. fengu þennan mann til þess að vera 3. mann á lista flokksins í Rvík við síðustu kosningar, þann mann, sem þetta skrifaði, sem ég las. Og það er á allra vitorði, að Alþýðublaðið taldi kosningabaráttu Alþfl. í Rvík háða til þess að koma þessum manni á þing. Og það bar tilætlaðan árangur, ekki þann að koma Alfreð Gíslasyni á þing. En Alfreð Gíslason og skoðanir hans á hernáminu reyndust svo vinsælar meðal kjósenda í Rvík,

að þær nægðu til þess að fleyta hv. 4. þm. Reykv., Haraldi Guðmundssyni, á þing. En hefði þessum manni með kommúnistaorðbragðið og skoðanirnar á hernámi ekki verið teflt fram, þá hefði Haraldur Guðmundsson að öllum líkindum fallið eins og aðrir þm. Alþfl., og þá ætti alls enginn Alþýðuflokksmaður sæti hér á hv. Alþingi.

En hvað segja nú þeir hv. sex þm. Alþfl., sem flutu inn á þing á vinsældum skoðana Alfreðs Gíslasonar, um skoðanir þessa velgerðarmanns síns? Eru þeir honum sammála um, að eina lausnin á vanda hernámsins sé, að herinn hverfi brott úr landinu? Ég kem að því síðar.

Nú liggja fyrir Alþingi þrjár till. um hersetu Bandaríkjanna hér á landi.

Í fyrsta lagi bera þingmenn Sósfl. í Nd. fram frv. um uppsögn varnarsamningsins og afnám laga um lagagildi hans. Þingmenn Sósfl. bera fram frv. um þetta, en ekki till. til þál., í fyrsta lagi af þeirri ástæðu, að sá er munur á þingsályktun og lögum, að ríkisstj. er skylt að fara eftir lögum, en það er ekki eins víst um þingsályktun, sem er aðeins viljayfirlýsing Alþingis. Sú er önnur ástæða til þess, að þm. Sósfl. bera fram frv. um uppsögn hernámssamningsins, að þegar hann var gerður, var sérstaklega um hnútana búið. Honum var veitt lagagildi á Íslandi. Ef hann á að falla niður, verður að afnema þau lög. Af þessum ástæðum hljóta þeir, sem ekki vilja, að endurskoðun samningsins leiði til nýrra samninga um hernám Íslands, að bera fram frv. um, að samningurinn verði felldur úr gildi með lögum.

Í öðru lagi flytja tveir hv. þm. Alþfl., þeir Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson, þáltill. um endurskoðun samningsins. Þeir vilja fela ríkisstj. að fá lagfæringu á samningnum með nýjum samningum við Bandaríkin, þar sem gert yrði ráð fyrir skaplegri framkvæmd hernámsins, svo sem að hernámssvæðin verði afgirt, Íslendingar annist byggingu húsa og annarra mannvirkja í herstöðvunum, og enn fremur leggja þeir til, að Íslendingar verði sérmenntaðir til að gæta húsa og annarra mannvirkja hersins og þegar þeir séu fullnuma í því, þá geti Alþingi ákveðið með þriggja mánaða fyrirvara, að herlið Bandaríkjanna skuli hverfa frá Íslandi.

Þegar ég nú lét í ljós ánægju mína yfir því í umr. hér á hv. Alþingi, að samkvæmt þessu virtist Alþfl. vera orðinn á móti hernámssamningnum sjálfum og vilja, að hann félli niður, þá reis upp hv. form. þingflokks Alþfl., Haraldur Guðmundsson, og lýsti yfir, að þessi till. þýddi alls ekki, að Alþfl. vildi uppsögn samningsins. Hann sagði, að flokkurinn teldi alls ekki tímabært að stefna að því, að herinn hverfi burt úr landinu eftir 1½ ár, það teldi Alþfl. alls ekki koma til mála með tilliti til núverandi ástands í heimsmálunum. Á því geta Alþýðuflokksmenn séð, að ef flokkur þeirra má ráða, verða þeir að bíða enn lengi eftir því, sem Alfreð Gíslason taldi réttilega einu lausnina á vanda hernámsins, nefnilega að herinn hverfi burt úr landinu.

Í þriðja lagi liggur hér fyrir sú till. til þál. frá hv. þingmönnum Þjóðvfl., sem hér er nú til umræðu. Hún heitir „Till. til þál. um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna," en hún er eins og till. Alþfl. um endurskoðun samningsins og lagfæringu á framkvæmd hernámsins, að hernámsliðinu verði fækkað, að ekki verði fleiri Íslendingar ráðnir til starfa hjá herliðinu en nú er, að ekki verði neinar frekari herstöðvar eða hernaðarmannvirki en nú hafa verið leyfð o. s. frv. En um uppsögn hernámssamningsins sjálfs er þar ekkert utan það, að ríkissstj. Ólafs Thors, Bjarna Benediktssonar og Eysteins Jónssonar er þar falið að leggja fyrir Alþingi frv. til laga um uppsögn samningsins eftir 6 mánuði, þegar Alþingi verður áreiðanlega farið heim. Það er dálítið eftirtektarvert og leiðinlegt, að einmitt þessi flokkur skuli í fyrstu till. sinni á Alþingi í þessu máli ganga sýnu skemmra en Alþfl. Hv. þm. Þjóðvfl. hlýtur þó að vera kunnugt, að hernámssamningnum frá 1951 var veitt lagagildi hér á landi, og þau lög verður að afnema með nýjum lögum, eigi hann að falla úr gildi. Þeim hlýtur að vera kunnugt um muninn á ályktun Alþingis og lögum frá Alþingi. Það á hver maður að vita, áður en hann kemur inn á þing.

Þessi linka í málatilbúnaði Þjóðvfl. er því undarlegri, þar sem það er kunnugt, að fyrsta atriðið í stefnuskrá flokksins er þannig orðað: „Herverndarsamningnum við Bandaríki Norður-Ameríku frá 1951 verði þegar í stað sagt upp." Hvers vegna láta fyrstu þm. þessa flokks það ekki verða sitt fyrsta verk á Alþingi að flytja slíka till. um uppsögn samningsins, auðvitað í frumvarpsformi, í stað þess að leggja til í þáltill. að fela Ólafi Thors og Bjarna Benediktssyni og ráðh. Framsfl. að flytja slíkt frv. eftir sex mánuði, þ. e. a. s. ekki fyrr en í vor? Er skýringin sú, að þessum hv. þm. hafi verið svo mjög í mun að verða ekki kallaðir kommúnistar, að þeir hafi fyrir þá sök forðazt að flytja frv. um uppsögn og afnám lagagildis hernámssamningsins eins og Sósfl. gerir? Af þeirri ástæðu einni urðu þeir til þess í þingbyrjun að koma í veg fyrir, að nokkur þm. Sósfl. og þeir sjálfir fengju sæti í þingnefndum í deildum. Eru þessir hv. þm. ekki búnir að læra það enn, að allir, sem í einlægni vilja uppsögn hernámssamningsins og ameríska herinn burt af Íslandi, verða kallaðir kommúnistar? Mér finnst það hvorki stórmannlegt né viturlegt af Þjóðvfl. að taka þetta sljóa vopn Bjarna Benediktssonar að láni og beita því gegn samherjum sínum í þessum málum. Þessir menn og fleiri verða að muna, að það kostar oft nokkuð að standa við sannfæringu sína. Þeir, sem hvorki vilja selja hana né láta af henni fyrir hótanir og illyrði andstæðinga, mega minnast þess, að þeir eru margir, frjálslyndir menn og jafnaðarmenn í Evrópu og raunar í öllum heiminum í dag, sem verða að þola það að vera kallaðir kommúnistar eða handbendi Rússa, ef þeir hafa vit og þor til að berjast gegn stríðsbrjálæði Bandaríkjanna og kröfum þeirra til vestrænna þjóða um að beygja sig í

duftið fyrir Bandaríkjunum í nafni lýðræðisins.

En auk þeirra þriggja till. þriggja flokka, sem þegar eru komnar fram og ég hef getið, hafa verið birtar í Tímanum nýlega till. Framsfl. um þessi mál. Þær eru í stuttu máli á þessa leið:

1) Ný deild verði stofnuð í stjórnarráðinu, væntanlega með mörgum góðum embættum, og heyri undir hana öll varnarmál eða hermál.

2) Íslenzka ríkið annist mannvirkjagerð í herstöðvunum.

3) Hamiltonfélagið og hinir amerísku verkamenn víki af landi burt.

4) Reglur verði settar, sem takmarki dvöl herliðsins við þá staði, sem það hefur til afnota.

Þessar till. eru allar til bóta, svo langt sem þær ná, en Tíminn upplýsir, um leið og hann birti till., að „til þess að koma þeim fram þurfi samninga við Bandaríkjamenn og hafi ríkisstj. nú til athugunar uppkast að orðsendingu, sem utanrrh. hefur samið og hugsað er sem grundvöllur væntanlegra nýrra samninga.“ Það er furðulegt að lesa það í blaði utanrrh., að um þessi atriði þurfi að semja við Bandaríkin. Þarf að semja um það við Bandaríkin eða sækja um leyfi þeirra til þess að stofna nýja deild í stjórnarráðinu? Þarf að fá leyfi Bandaríkjanna til þess að láta erlent gróðafélag, einkafyrirtæki, víkja af Íslandi, félag, sem hefur brotið íslenzk lög og kaup- og kjarasamninga og hefur fengið á sig um þúsund kærur fyrir ýmis afbrot? Þarf að semja um það, að íslenzka ríkið setji reglur um ferðir hermanna utan hernámssvæðanna?

Ég vil benda hæstv. utanrrh. á, að hv. 1. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, hefur upplýst það hér í opinberum umræðum á Alþingi, að þjóðréttarfræðingur ríkisstj. hafi skýrt svo fyrir sér 3. gr. varnarsamningsins vorið 1951, að íslenzka ríkið ætti að hafa ótvíræðan rétt samkv. þessari grein til þess að setja slíkar reglur. Og stendur ekki auk þess í 5. gr. varnarsamningsins, að ekkert ákvæði hans skuli skýra þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málum? Eru það ekki íslenzk málefni, hvort eða hvaða erlend gróðafélög fá leyfi til atvinnurekstar hér á landi eða hvort eða hvað margir erlendir verkamenn fá landvistarleyfi hér á landi?

Nýlega benti Tíminn á, hve ofur einfalt það væri að fást við þessi mál, ef tekið væri á þeim af nokkrum manndómi, t. d. hefði utanrrh. nýlega neitað að framlengja dvalarleyfi fyrir einn háttsettan yfirmann hjá Hamilton, sem mjög hefði verið kærður og valdið stórum vandræðum. Er ekki jafneinfalt að neita að framlengja dvalarleyfi fyrir Hamiltonfélagið sjálft og allt þess lið, ef ríkisstj. álítur, að það sé eina rétta lausnin, eins og Tíminn hefur oft réttilega sagt?

En ef ákvæði eru í varnarsamningnum, sem banna íslenzka ríkinu að setja þær reglur, sem því sýnist rétt að láta gilda á Íslandi utan hernámssvæðanna, og taka ákvarðanir um, hvaða útlendingum, öðrum en hermönnum, það vilji leyfa landvist á Íslandi, við hvern er þá að sakast um það, að sjálfstæði Íslands hefur verið svo mjög skert með þessum samningum? Töldu ekki 43 þm. hernámsflokkanna samninginn svo fullkominn, að ekki þyrfti að leggja hann fyrir Alþingi eða ræða hann, áður en hann var gerður?

Þegar litið er yfir þessar till. allar, er augljóst, að yfirgnæfandi meiri hluti Alþingis, fjórir flokkar með 31 þm. alls, fordæma nú alla framkvæmd hernámssamningsins í höndum fyrrv. utanrrh. og varnarmálanefndar og að Framsfl. og Alþfl. telja nú hernámssamninginn sjálfan óviðunandi í þeirri mynd, sem þeir samþykktu hann 1951, en vilja nýja samninga um hernámið við Bandaríkin.

Það er þungur áfellisdómur, sem talsmenn Framsfl. og Alþfl. kveða nú upp yfir fyrrv. utanrrh., Bjarna Benediktssyni, og „varnarmálanefnd“ hans. Í tvö ár var öll gagnrýni á framkvæmd hernámsins talin kommúnistaróg burður. Það kom ekki til mála í fyrra að samþykkja einu sinni sýndartillögu Rannveigar Þorsteinsdóttur. Það hefði verið talinn fjandskapur við Bandaríkin. En hún er ljót núna lýsing Tímans á viðskilnaði ráðherrans og varnarmálanefndar: Undirlægjuháttur og manndómsleysi hafa einkennt alla frammistöðu þeirra.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, segir í þingræðu, að Alþfl. harmi mjög mistök íslenzkra stjórnarvalda, þ. e. ráðherrans og varnarmálanefndar hans, þau íslenzk stjórnarvöld hefðu átt að gæta þess, að hlutur Íslendinga yrði ekki fyrir borð borinn, þau hefðu átt að gera foringjum herliðsins það ljóst, til hvers það væri komið hingað til lands. M. ö. o., jafnvel þessi hv. þm. verður að játa, að hlutur Íslendinga hafi verið fyrir borð borinn og herforingjarnir amerísku hafi ekki hugmynd um það, til hvers þeir séu hér á Íslandi. Hv. 1. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, kemst svo að orði, að „frámunalegt aðgæzluleysi og sleifarlag“ hafi einkennt framkvæmd samningsins af hálfu ríkisstj. og þá vitanlega líka varnarmálanefndar, sem var sett til að sjá um framkvæmd hans. Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, bætir við, að þetta hafi raunar lengi verið skoðun Alþfl. og hann hafi séð þetta allt saman fyrir. En gaman þykir mér að heyra það, að hv. 10. landsk., Guðmundur Í. Guðmundsson, skuli lengi hafa verið á þessari skoðun, að frámunalegt aðgæzluleysi og sleifarlag hafi ríkt í öllum störfum varnarmálanefndar.

Það er ekki gott að sjá, hvernig fyrrv. utanrrh., Bjarna Benediktssyni, hefði tekizt að komast hjá að verða hrakinn úr embætti utanrrh. með vantrausti mikils meiri hluta Alþingis, ef hann og varnarmálanefnd hans hefðu ekki tekið þann kost að fara frá með lítilli sæmd, áður en þing kom saman í haust.

En er það nú víst, að íslenzk stjórnarvöld, Bjarni Benediktsson og varnarmálanefnd, eigi nú ein sökina. Mér þykir eftirtektarvert, að það er aðeins einn maður úr hópi Alþýðuflokks- og framsóknarmanna, — sem keppast nú um að fordæma sína menn, sem hafa starfað með að þessum málum, — sem hefur haft

kjark og heiðarleik til þess að segja sannleikann um þetta. Það er ritstjóri blaðs Alþfl. á Akureyri, Bragi Sigurjónsson, Ameríkusigldur maður. Hann segir svo í blaði sínu nýlega, með leyfi hæstv. forseta:

„Oss virðist á hinn bóginn (honum og hans blaði) sem yfirstjórn varnarliðsins hafi verið ágeng við þjóðina, hafi reynt að elta fram vilja sinn og væntanlega þá ríkisstj. sinnar um síauknar hernaðarframkvæmdir hér á landi, að því er oss hefur virzt, sér til hagræðis fremur en öryggis lands vors."

Sami maður bendir á það til sönnunar staðhæfingu sinni um ágengni Bandaríkjanna, að s. l. vor, þegar friðarhorfur fóru þó batnandi í heiminum, eins og hann segir, þá — einmitt þá — hafi Bandaríkjastjórn óskað eftir aukinni hernaðaraðstöðu hér á landi. En eru nú ekki fleiri menn í Alþfl. og Framsfl. svo skarpskyggnir, að þeir séu farnir að sjá, að síauknar kröfur Bandaríkjanna um hernaðaraðstöðu og hernaðarframkvæmdir á Íslandi, allt frá 1945 til þessa dags, eru gerðar Bandaríkjunum til hagræðis, en ekki vegna öryggis Íslendinga, og að öll framkoma Bandaríkjanna við Íslendinga einkennist af sívaxandi ágengni og yfirgangi? Eða er það tilviljun, hvernig hefur farið um framkvæmd allra samninga Bandaríkjanna við Ísland um hernaðarmál? Er aðeins undirlægjuhætti íslenzkra stjórnarvalda að kenna um þá óhrekjanlegu staðreynd, að enginn þessara samninga hefur verið haldinn eins og orð og efni stóðu til?

Um hið síðasta, hernámssamninginn 1951, hafa vitni þegar verið leidd. Tveir af þeim þremur flokkum, sem gerðu hann, Framsfl. og Alþfl., eru nú sammála um, að framkvæmd hans öll hafi verið „óviðunandi og óþolandi", svo að notuð séu þeirra eigin orð, og samningurinn sjálfur sé nú óviðunandi lengur.

Fyrsti samningurinn um hernaðarmál milli Íslands og Bandaríkjanna var herverndarsamningurinn frá 1941. Í 1. gr. hans skuldbatt Bandaríkjastjórn sig til þess að „hverfa á brott frá Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó, undireins að ófriðnum loknum." En á Alþingi 1946, einu og hálfu ári eftir að ófriðnum var að fullu lokið, lýsti Ólafur Thors, þá forsrh., yfir orðrétt, „að þrátt fyrir 1. gr. herverndarsamningsins frá 1941, þá telji Bandaríkjastjórn sér samt ekki skylt að hverfa að svo stöddu burt með her sinn frá Íslandi, þar eð ófriðnum sé enn eigi lokið í þeim skilningi, sem samningurinn fjalli um."

Hér er sögulegur vitnisburður forsrh. Íslands fyrir því, að fyrsti samningur Bandaríkjanna og Íslands um hernaðaraðstöðu á Íslandi var rofinn af Bandaríkjastjórn og að hún neitaði að fara með her sinn frá Íslandi, nema hún fengi Keflavíkursamninginn. Keflavíkursamningurinn var gerður — og hvernig var hann haldinn? Um það þykir mér handhægast að leiða fimm vitni, sem öll eiga sæti hér á hv. Alþingi. Þau eru hv. þingmenn Hermann Jónasson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Skúli Guðmundsson og Páll Zóphóníasson. Þeir fluttu á Alþingi 1949 till. um, að Íslendingar losuðu sig við Keflavíkursamninginn, og sögðu í grg. fyrir henni orðrétt:

„Óhætt mun að fullyrða, að reynslan af samningnum þau tvö og hálft ár, sem hann hefur verið í gildi, hafi fyllilega staðfest þau varnaðarorð, sem mælt voru, er hann var gerður. Veldur þar og nokkru um, að ekki hefur af hálfu íslenzkra stjórnarvalda verið á málum haldið af þeirri röggsemi, sem nauðsynleg hefði verið."

Þessum fimmmenningum var það ljóst, að sökin var að hálfu eða meir hjá hinum amerísku stjórnarvöldum, að nokkru ágengni þeirra að kenna, að nokkru undirlægjuhætti íslenzkra stjórnarvalda. Þegar Ísland var flekað í Atlantshafsbandalagið, þá vildu einmitt þessir fimmmenningar og fleiri, að skýr fyrirvari yrði gerður um það, að því fylgdu engar herstöðvar á friðartímum. Utanrrh., Bjarni Benediktsson, gaf þá, áður en samningurinn var samþykktur, svo hljóðandi yfirlýsingu á Alþingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir þær ótvíræðu yfirlýsingar, sem utanrrh. Bandaríkjanna hefur gefið og hans aðstoðarmenn, allir í embættisnafni og í nafni allra bandalagsþjóðanna, þá er það svo ótvírætt sem frekast er unnt, að þess verður aldrei óskað af Íslendingum, að þeir stofni eigin her, að þeir vígbúist, að þeir hafi erlendan her hér á friðartímum eða að þeir hafi erlendar herstöðvar á friðartímum."

Efndirnar á þessum yfirlýsingum, sem voru í sjálfu sér samningur, voru hernámið 1951, en um efndir hernámssamningsins hef ég áður rætt.

Hér á landi er nú, að því er mér virðist, meiri nauðsyn á því en nokkurn tíma áður, að allir andstæðingar hernáms standi saman í einni fylkingu án flokkságreinings um þá kröfu, að amerískur her víki burt úr landinu, og gegn öllum blekkingum, sem nú verður beitt til þess að koma í veg fyrir það.

Íslenzkir stúdentar hafa vísað stjórnmálamönnunum leiðina í þessari sjálfstæðisbaráttu. Þeir hafa gert það fyrr. Stúdentar af öllum flokkum nema þeim, sem kennir sig við sjálfstæði þjóðarinnar, standa nú saman um þá kröfu, að herinn hverfi burt úr landinu.

Hér á Alþingi eru nú uppi till. um þessi mál frá fjórum flokkum. Mín afstaða til þeirra, að því leyti sem þær kunna að koma til mín í utanrmn. og annars staðar við afgreiðslu þeirra hér á hv. Alþingi, mun fyrst og fremst miðast við það, með hverjum hætti því marki verður fyrst náð og örugglegast, að herinn víki af Íslandi og Ísland verði aftur frjálst land.

*Gylfi Þ. Gíslason:* Herra forseti. Góðir áheyrendur. Svo skammt er síðan utanríkismál urðu aftur að gildum þætti í íslenzkum þjóðmálum, að þess er varla að vænta, að þjóðin hafi enn gert sér fulla grein fyrir öllum hliðum þeirra vandamála, sem við blasa á þessu sviði. Ýmsir virðast þó gera ráð fyrir því, að skilningur þjóðarinnar á þeim vanda, sem henni er á höndum, sé miklu minni en hann áreiðanlega er í raun og veru. Í blöðum og á mannfundum

er oft haft í frammi svo grunnfærnislegt tal um þessi efni, að það vekur furðu. Ofstækistilfinningum er beitt fyrir áróðursvagn, en skynsemin ekki höfð með í förinni. Þessari aðferð er ýmist beitt til þess að æra menn af ótta við rússneska árás eða að telja mönnum trú um, að hagsmunum þjóðarinnar sé bezt borgið í algerri utanríkispólitískri einangrun. En hér eru firrur á ferð. Er sannarlega kominn tími til þess, að umr. um utanríkismál verði skynsamlegar rökræður í ríkari mæli en átt hefur sér stað.

Kjarni íslenzkrar utanríkisstefnu á auðvitað að vera að varðveita sjálfstæði þjóðarinnar, að tryggja henni viðunandi öryggi og veita henni skilyrði til nauðsynlegra viðskipta- og menningartengsla við aðrar þjóðir. Um þetta getur varla verið ágreiningur. Um hitt getur okkur hins vegar greint á, hvernig þessu marki verði náð. Skoðanir manna á því hljóta fyrst og fremst að grundvallast á mati á utanríkispólitískri og hernaðarlegri aðstöðu Íslands og heimsástandinu í heild.

Mér virðist gæta þrenns konar meginviðhorfa til þessara mála. Í fyrsta lagi er sú skoðun, að mikil hætta sé á því, að Sovétríkin gerðu tilraun til þess að hertaka Ísland þegar í upphafi stríðs, sem brjótast kynni út milli austurs og vesturs. Það er bjargföst sannfæring mín, að Ísland sé sem betur fer ekki í slíkri hættu, eins og styrkleikahlutföll eru nú á norðanverðu Atlantshafi, sem betur fer. Þetta er ekki ný skoðun og ekki upp fundin af mér. Í skýrslu, sem 3 íslenzkir ráðherrar gáfu um för til Washington vorið 1949 og viðræður við bandaríska ráðamenn, var sagt, að Atlantshafsþjóðirnar mundu, ef til ófriðar kæmi, óska svipaðrar aðstöðu hér á landi og þær höfðu í síðasta stríði. Á það var ekki minnzt, að hætta væri á því, að Ísland yrði vígvöllur þegar í upphafi stríðs, svo að miða þyrfti landvarnir hér við að afstýra slíku. Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið síðan í utanríkis- og varnarmálum, hafa og alls ekki verið við það miðaðar að afstýra slíkri hættu. 1951 var á það fallizt, að hér væru til bráðabirgða staðsettar hersveitir, sem í mættu vera allt að 3900 manns. Hvaða heilvita manni dettur í hug, að 3900 manna her gæti varið þetta stóra land, ef á það yrði ráðizt? Þegar við þetta bætist, að hvorki ríkisstjórn Íslands né Bandaríkjanna hefur séð ástæðu til þess, að liðið væri ávallt jafnfjölmennt og það má þó vera, verður augljóst, að hlutverk þess hefur ekki verið að koma í veg fyrir rússneska hertöku. Ef hér væri um bráða árásarhættu að ræða, væri og algerlega óverjandi að hafa engar ráðstafanir gert til verndar almennum borgurum, svo sem með byggingu loftvarnarbyrgja, undirbúningi að skipulögðum brottflutningi frá Reykjavík o. s. frv.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir grundvallar Sjálfstfl. málflutning sinn í utanríkismálum fyrst og fremst á því, að um þessa árásarhættu sé að ræða, og tillögur þær, sem skýrt hefur verið frá, um byggingu nýs hernaðarflugvallar, hafa verið rökstuddar á þennan hátt. Alþfl. lýsti sig þegar á s. l. vori algerlega andvígan því, að heimiluð yrði bygging nýs hernaðarflugvallar eða leyfðar auknar hernaðarframkvæmdir.

En þótt við eigum ekki að miða stefnu okkar við það, að við séum í hættu, sem við erum ekki í, megum við samt ekki draga af þessu þá ályktun, að við þurfum og eigum ekkert samstarf að hafa við aðrar þjóðir í utanríkis- og öryggismálum, en það er kjarni hlutleysisstefnunnar, sem Sósfl. og Þjóðvfl. aðhyllast. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að alls enginn munur er á stefnu Sósfl. og Þjóðvfl., eins og hún birtist í tillögum þessara flokka hér á Alþingi og í stefnuyfirlýsingum þeirra, sem þó er að vísu ekki haldið mjög á loft. Báðir þessir flokkar telja, að Íslendingar eigi, jafnvel við núverandi aðstæður, að lýsa yfir ævarandi hlutleysi.

Rök kommúnista fyrir þessari afstöðu eru einföld og auðskilin. Sovétríkjunum og bandamönnum þeirra væri augljós hagur að því, að Ísland væri algerlega hlutlaust. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að sannur kommúnisti telur hagsmuni Sovétríkjanna og síns eigin lands ávallt fara saman. Þess vegna er eðlilegt, að kommúnistar telji það, sem er Sovétríkjunum hagkvæmast, einnig vera hagkvæmast fyrir Íslendinga.

Það hefur hins vegar farið lítið fyrir því fram að þessu, að þjóðvarnarmenn flyttu sérstök rök fyrir þessari kenningu, og það örlaði ekki á neinum slíkum rökum í ræðu hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundssonar, áðan. Málflutningur þjóðvarnarmanna hefur fyrst og fremst beinzt að því að gagnrýna framkvæmd herverndarsamningsins og ástandið á Keflavíkurflugvelli. Ég er þeim sammála um flest, sem þeir hafa sagt um það efni. Framkvæmd fyrrv. ríkisstj. á herverndarsamningnum var með þeim hætti, að hún verður ekki kölluð annað en hneyksli, og ástandið á Keflavíkurvelli er fyrir löngu orðið algerlega óviðunandi. En það er ekki nóg að hafa neikvæða stefnu. Það er ekki nóg að gagnrýna. Þegar kemur að hinu jákvæða í stefnu Þjóðvfl., reynist allt byggt á sandi.

Forvígismenn flokksins hafa einkum reynt að rökstyðja kenninguna um algert hlutleysi og vopnleysi, miðað við núverandi kringumstæður, með þessu tvennu: að sú stefna muni auka líkur á því, að Ísland haldist utan við næstu styrjöld, og hún muni líklegri til þess að forða Íslandi frá árásum.

Ég ætla að víkja að síðara atriðinu fyrst. Hið eina, sem Íslendingar geta gert til þess að draga úr líkum á því, að árásir verði gerðar á land þeirra, er að leyfa ekki, að héðan verði gerðar árásir á aðra. Það hefur ekki verið leyft, og það á aldrei að leyfa. Hlutleysisyfirlýsing bætir aðstöðu Íslendinga ekkert í því sambandi.

Þá kemur að spurningunni um það, hvort hlutleysisyfirlýsing nú mundi auka líkur á því, að Ísland héldist utan við næstu styrjöld. Eru leiðtogar Þjóðvfl. í raun og veru svo grunnhyggnir, að þeir geri sér þess ekki

grein, að engin von er til þess, að Ísland geti staðið algerlega utan við styrjöld, sem háð yrði milli Bandaríkjanna og Bretlands annars vegar og ríkis á meginlandi Evrópu hins vegar? Því hefur þegar verið lýst yfir, m. a. af stjórn Bandaríkjanna við 3 íslenzka ráðherra vorið 1949, að í styrjöld mundu hin vestrænu lýðræðisríki óska hér sams konar aðstöðu og í síðasta stríði. Er ekki öllum Íslendingum ljóst, að vesturveldin telja þessa aðstöðu svo mikilvæga, að þau mundu taka hana, ef þeim yrði neitað um hana, svo sem þau gerðu í upphafi síðasta stríðs?

Spurningin, sem við Íslendingar verðum að svara, er þessi: Eigum við að láta þessa aðstöðu í té af fúsum vilja og með samningi, eða eigum við að neita um hana og skipa okkur þannig á bekk með óvinum hinna vestrænu lýðræðisríkja og kjósa okkur hlutskipti hernuminnar þjóðar í stríði? Undir svarinu við þessari spurningu er það svo komið, hvað rétt er talið að gera, þegar styrjöld er talin yfirvofandi.

Þeir, sem gera sér ljóst, að Ísland og hin vestrænu lýðræðisríki hafa sömu hagsmuni af því, að siglingum um hafið umhverfis Ísland sé haldið opnum, vilja auðvitað svara málaleitun um slíkt játandi. Þeir, sem fylgja vilja stefnu hins algera hlutleysis, þ. e. a. s. Sósfl. og Þjóðvfl., hljóta hins vegar að svara henni neitandi, en með því kalla þeir yfir þjóðina erlent hernám í stríði og auk þess fjandskap þeirra þjóða, sem ráða hafinu umhverfis landið og við erum algerlega háðir hvað snertir aðdrætti til landsins.

Þetta væru afleiðingar hlutleysisstefnunnar, miðað við núverandi kringumstæður. Þrátt fyrir þetta halda Sósfl.-menn fast við það, að neita ætti vesturveldunum um sömu aðstöðu hér og í síðasta stríði, en afstaða Þjóðvfl. virðist eitthvað vera á reiki, rétt eins og leiðtogar hans hafi ekki áttað sig á því, hvað felst raunverulega í hlutleysisyfirlýsingu nú. Þegar till. okkar Alþýðuflokksmanna um endurskoðun varnarsamningsins kom til umr. í upphafi þings, beindi ég þeirri fyrirspurn til þingmanna Þjóðvfl., hver væri afstaða flokks þeirra til þessa grundvallaratriðis. Mér til mikillar undrunar svaraði hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, þessari fyrirspurn minni þannig orðrétt:

„Hann spurði einnig, hv. þm., hvað við þjóðvarnarmenn vildum að gert væri, ef styrjöld bæri að höndum. Vitanlega verður hverju sinni að taka afstöðu til mála eins og þau liggja fyrir, og ég vil svara þessu í sem allra stytztu máli með þeim orðum, sem hann sjálfur sagði: Það verður vitanlega að láta hagsmuni Íslands hverju sinni ráða því, hvernig við tökum afstöðu gagnvart hverjum þeim vanda, sem að höndum ber.“

Þetta var fyrsta ræðan, sem hin nýkjörni þm., Gils Guðmundsson, flutti um utanríkismál. Hann reyndist ekki reiðubúinn til þess að svara því með já eða nei, hvort flokkur hans vildi verða við tilmælum hinna vestrænu lýðræðisríkja um sams konar aðstöðu hér og í síðasta stríði, ef styrjöld brytist út á ný. Þetta mundu margir kalla að koma upp og gata og það meira að segja á grundvallarspurningu. Með tilliti til þessa var býsna spaugilegt að heyra hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, gagnrýna Alþfl. hér áðan fyrir að hafa ekki tekið hiklausa afstöðu. Hv. þm. sagði, að hagsmunir Íslands ættu að ráða því, hvort svarað yrði með já eða nei. Hann virðist þá gera ráð fyrir því, að hagsmunir Íslands geti verið þeir, að svara eigi með já. En þá væri horfið frá yfirlýstri stefnu Þjóðvfl. um ævarandi hlutleysi, og það er ekki beint meðmæli með stefnu flokks, að fyrsti þm. hans skuli ekki hafa treyst sér til þess að halda skilyrðislaust fast við hana í fyrstu ræðunni, sem hann flytur á Alþ. Og hv. þm. virðist einnig gera ráð fyrir því, að hagsmunir Íslands geti verið þeir, að svara eigi með nei, svo sem kommúnistar vilja. Ég vil nú spyrja þann þm. Þjóðvfl., sem talar hér á eftir, hver sé afstaða þeirra til þessa grundvallaratriðis, eins og aðstæður eru nú, og biðja hann um að svara afdráttarlaust með já eða nei.

Ég hef oft furðað mig á því, hversu algengt er, að menn hugsi óljóst og óskýrt, þegar utanríkismál eru á dagskrá, ef til vill af því, að tilfinningar móta afstöðu manna um of. Það er augljóst, að ríki getur ákveðið að vera hlutlaust í hernaðarátökum stórvelda, ef það er ekki vopnlaust og þannig reiðubúið til að verja hlutleysi sitt eins og Svíþjóð og Sviss. Það er einnig augljóst, að ríki getur verið vopnlaust, ef það er ekki hlutlaust, þ. e. a. s., ef það er algerlega í skjóli annars ríkis. En ekkert ríki getur verið bæði hlutlaust og vopnlaust, nema land þess sé ekki talið hafa neina hernaðarþýðingu. Yfirlýsing Íslendinga 1918 um hlutleysi og vopnleysi grundvallaðist auðvitað á því, að þeir treystu því, að land þeirra væri ekki talið hafa hernaðarþýðingu, svo sem verið hafði á liðnum öldum. En nú veit hvert mannsbarn, að svo er ekki lengur. Íslendingar gætu þó enn fylgt hlutleysisstefnu, ef til væri eitthvert hlutlaust ríki, eða helzt hlutlaust ríkjabandalag, sem hefði sömu hagsmuna að gæta og við Íslendingar og við gætum þá leitað tengsla við. En í öllum heiminum er nú ekki til eitt einasta hlutlaust ríki eða ríkjabandalag, sem til greina kæmi fyrir okkur Íslendinga að leita bandalags við. Ef við eigum að halda fast við algert vopnleysi, eins og ég tel að við eigum undir öllum kringumstæðum að gera, þá er algert hlutleysi, miðað við núverandi kringumstæður, óraunsæ óskhyggja, sem snertir hvergi við raunverulegum vandamálum þjóðarinnar. Sjá menn ekki auðveldlega hið fáránlega í þeirri afstöðu að sitja í landi, sem vitað er að er hernaðarlega mikilvægt, og að lýsa yfir algeru hlutleysi, en láta síðan fylgja yfirlýsingunni aðra yfirlýsingu um það, að ekkert skuli gert af neinum til þess að verja hlutleysið?

Þegar stofnun Atlantshafsbandalagsins var á döfinni 1948—49, þá horfði málið allt öðruvísi við. Þá var einmitt um það rætt í Vestur-Evrópu að mynda hlutlaus ríkjabandalög. Sænskir og danskir jafnaðarmenn voru því t. d. eindregið fylgjandi, að myndað yrði norrænt

varnarbandalag, sem yrði hlutlaust í hernaðarátökum stórveldanna, og þar með andvígir því, að Svíþjóð og Danmörk gerðust aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Af sams konar ástæðum var ég og margir hér á landi andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Ef af stofnun norræns hlutleysisbandalags hefði orðið, hefði hlutleysisstefna orðið raunhæfur möguleiki í íslenzkum utanríkismálum. En alveg eins og danskir jafnaðarmenn urðu fylgjandi aðild að Atlantshafsbandalaginu, þegar Norðmenn höfnuðu till. um norrænt varnarbandalag, hafa skilyrði Íslendinga sem vopnlausrar þjóðar til þess að fylgja hlutleysisstefnu orðið að engu við það, að ekkert hlutleysisbandalag er nú til í Evrópu. Þess vegna urðu Íslendingar að gera einhvern herverndarsamning við eitthvert Atlantshafsríki, eins og gert var 1951. Annað hefði verið að neita staðreyndum.

Sú stefna, sem Sósfl. og Þjóðvfl. berjast fyrir hér, á sér nær ekkert fylgi í Vestur-Evrópu utan kommúnistaflokkanna. Ég hefði gaman af því, ef sá þm. Þjóðvfl., sem á eftir að tala hérna í kvöld, gæti nefnt mér einhverja kunna stjórnmálamenn í Vestur-Evrópu, sem mæla með því í löndum sínum, að lönd þeirra lýsi yfir algeru hlutleysi og vopnleysi, eins og nú er ástatt í heiminum, og fleiri en ég hefðu gaman af að heyra nöfn þeirra. Ég ætla þó að vara hann við að nefna fyrrverandi norskan verkamannaflokksþingmann, Jakob Friis, sem er í ritstjórn blaðs, sem Frjáls þjóð hefur vitnað oftar í en nokkurt annað blað, þótt það sé lítið þekkt, og heitir Orientering. Ég sé það nefnilega í bók eftir hann, að hann hefur á sínum tíma greitt atkvæði með aðild Noregs að Atlantshafsbandalaginu, með samningnum um vopnasendingar Bandaríkjanna til Noregs og með fjárveitingu til landvarna í Noregi. Hann var fylgjandi hlutlausu varnarbandalagi Norðurlanda og er það enn. En þar eð af því varð ekki, hefur honum ekki dottið í hug að hegða sér eins og af því hafi orðið. En það er þess konar háttalag, sem forustumenn Þjóðvfl. mæla með við Íslendinga.

En fyrst við eigum ekki að miða stefnu okkar við það, að rússneskt hernám sé yfirvofandi í upphafi styrjaldar, né heldur lýsa yfir algeru hlutleysi, hver á þá að vera utanríkisstefna okkar? Utanríkisstefna þjóðarinnar á að grundvallast á þeirri staðreynd, að það eru sameiginlegir hagsmunir okkar og ríkjanna sitt hvorum megin við Atlantshaf, og þá fyrst og fremst Bandaríkjanna, Bretlands og Noregs, að siglingaleiðunum umhverfis landið og loftleiðunum um það svæði sé haldið opnum í ófriði. Héðan er auðveldara að verja þessar leiðir en frá nokkrum öðrum stað. Í styrjöld eigum við þess vegna að leyfa, að það sé gert, og við eigum að leyfa þann undirbúning að því, sem óhjákvæmilegur er talinn, svo sem að hér séu byggðar radarstöðvar og að Keflavíkurvelli sé komið í það horf, sem nauðsynlegt er talið. En við eigum aldrei að leyfa hér meiri hernaðarframkvæmdir en þær, sem óhjákvæmilegar eru, til þess að landið geti í stríði gegnt þessu hlutverki við varnir siglinga- og loftleiðanna. Þessi stefna getur haft það í för með sér, að við verðum á sérstaklega viðsjárverðum tímum að leyfa fámennu erlendu liði vist í landinu í stuttan tíma, þar eð við eigum að halda fast við það að hervæðast ekki sjálfir. En við eigum að gæta þess vel að láta slíkt lið ekki vera hér degi lengur en algerlega óhjákvæmilegt verður talið.

Það er nú kominn tími til að undirbúa brottflutning þess liðs, sem heimiluð var vist hér 1951. Sósialistar og þjóðvarnarmenn virðast hugsa sér, að liðið sé látið fara, án þess að nokkrar ráðstafanir séu gerðar í framhaldi af því. Þeir hafa engar till. gert um það, að Íslendingar eigi að búa sig undir að taka við rekstri Keflavíkurflugvallar, hvað þá radarstöðvanna. Það er engu líkara en þeir hugsi sér, að láta eigi mörg hundruð milljóna mannvirki á Keflavíkurflugvelli grotna niður gæzlulaus, og þeir virðast vera á móti því, að radarstöðvarnar séu byggðar.

Alþfl. gerir sér ljóst, að um leið og herinn er látinn fara, þá verða Íslendingar að geta tekið að sér rekstur þeirra mannvirkja, sem búið er að koma upp eða verið er að koma upp. Þess vegna hefur hann ekki lagt til, að herverndarsamningnum sé sagt upp nú þegar, þar eð af uppsögn hans mundi hljótast tafarlaus stöðvun þeirra framkvæmda, sem verið er að vinna að, og erfiðleikar í sambandi við sérmenntun þeirra Íslendinga, sem taka ættu við störfum í þessu sambandi, auk þess sem herinn færi hvort eð er ekki fyrr en eftir 18 mánuði. Af þessum sökum hefur Alþfl. flutt till. um endurskoðun herverndarsamningsins, þótt hv. 6. landsk., Finnbogi R. Valdimarsson, hafi talið sér sæma hér áðan að rangtúlka till. og ummæli hv. 4. þm. Reykv., Haralds Guðmundssonar, hér á þingi nýlega.

Það, sem Alþfl. hefur lagt til í till. þeirri, sem við hv. 3. landsk., Hannibal Valdimarsson, fluttum í upphafi þings fyrir hönd hans og var fyrsta till., sem fyrir þingið var lögð um þessi mál, er þetta:

1) Íslenzkir aðilar annist allar þær framkvæmdir, sem ákveðnar voru samkvæmt herverndarsamningnum 1951 og enn er ólokið, þ. e. a. s. hinn erlendi verktaki, sem hér hefur starfað, verði látinn fara og sömuleiðis allir erlendir verkamenn.

2) Sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem eingöngu eða fyrst og fremst þarf að nota í hernaðarþágu, sé girtur og öll almenn umferð um hann bönnuð.

3) Hafinn verði þegar í stað undirbúningur þess, að Íslendingar taki í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu þeirra mannvirkja, sem byggð hafa verið og byggð verða samkvæmt herverndarsamningnum, en leita skal samninga við Bandaríkin eða Atlantshafsbandalagið um greiðslu kostnaðar, sem af því hlýzt. Ekki skal þó þjálfa Íslendinga til neinna hernaðarstarfa.

4) Þegar Íslendingar hafa menntað starfsmenn til þess að taka að sér þessi störf, skal Alþ. geta ákveðið með þriggja mánaða fyrirvara, að herlið Bandaríkjanna skuli hverfa frá Íslandi, en meðan það er enn í landinu, skal

það eingöngu dveljast á þeim stöðum, sem það hefur fengið til umráða.

Í þessari till. felst hiklaus og skýr stefna, raunhæf og þjóðholl stefna. Að óbreyttum aðstæðum tel ég, að láta eigi herinn hverfa úr landinu, þegar er Íslendingar hafa búið sig undir að taka við rekstri, viðhaldi og gæzlu þeirra mannvirkja, sem hér er um að ræða. Það er undir Íslendingum sjálfum komið, hvenær það verður.

Ég vildi mega óska þess, að Alþingi Íslendinga beri gæfu til þess að ráða vel fram úr þessu mesta vandamáli, sem nú steðjar að Íslendingum. Til þess standa ýmsar vonir. Framsfl. hefur lagt fram till., sem ganga að ýmsu leyti í svipaða átt og till. Alþfl., þótt allt of lítið sé að vísu í þeim sagt um aðalatriði málsins, sem er undirbúningurinn að því, að Íslendingar taki sjálfir að sér rekstur og viðhald mannvirkjanna. Jafnvel ungir sjálfstæðismenn hafa samþykkt till., sem benda til þess, að þeir sjái nú orðið ýmislegt, sem aflaga fer.

Mikill vandi hvílir nú á herðum íslenzkra ráðamanna. Þeir eiga að móta utanríkisstefnu þjóðarinnar af dirfsku og hreinskilni. Á því má ekki leika nokkur vafi, að við teljum okkur til hinna vestrænu lýðræðisþjóða, að við ætlum að taka tillit til hagsmuna þeirra í stríði og friði, en viljum jafnframt, að þær taki tillit til hagsmuna okkar. Við viljum vera vinir vina okkar, en við viljum ekki vera peð í neins konar stórveldatafli. Við viljum ekki vera leppríki eins eða neins og á einskis framfæri nema þess lands og þess sjávar, sem fætt hefur og klætt hraust og gáfað fólk í þessu landi í þúsund ár. Engir hagsmunir þessarar þjóðar eru brýnni en þeir, að hún fái að vera ein í landi sínu á venjulegum tímum. Það, sem hún gerir á sérstökum hættutímum, má aldrei verða að varanlegu ástandi.

Erlendir menn eiga vafalaust erfitt með að skilja ríkar þjóðernistilfinningar Íslendinga og þann varhug, sem þeir að jafnaði gjalda við erlendum áhrifum. En þeir eiga líka erfitt með að skilja, að 150 þús. manns skuli reyna að halda uppi sjálfstæðu menningarríki og takast það. Slíkt tekst heldur ekki án ríkrar þjóðernistilfinningar. Við verðum auðvitað að gæta þess, að þessar tilfinningar verði ekki að ofstæki eða óvild til annarra þjóða, en án þeirra værum við ekki það, sem við erum.

Stærri þjóðum finnst vafalaust torvelt að taka mikið tillit til jafnfás fólks og byggir þetta land, en þær verða að gera sér ljóst, að þetta fáa fólk er heil þjóð, sem hefur byggt land sitt helmingi lengur en hvítir menn hafa búið í Ameríku, þjóð, sem á sér glæsta söguöld, en minnist einnig aldalangra þjáninga undir erlendu oki og hefur nú á síðustu öld sótt fram til sjálfstæðis og stórbættra lífskjara. Þetta sjálfstæði vill hún vernda, því að hún sér í því tákn alls þess, sem henni er heilagast. Hún á engin vopn til þess að vernda það og ætlar sér ekki að smíða þau. Hún ætlar sér eingöngu að vernda það með ást sinni á landinu og tryggð sinni við það. Þess vegna er hún viðkvæm fyrir hverjum skugga, sem á það fellur.

Aðrar þjóðir, sem Íslendingar hafa náin skipti við, þurfa ekki að óttast, að þessar tilfinningar leiði þá á villigötur. Hörð lífsbarátta hefur verið þessari þjóð strangur skóli. Náttúran, landið og sagan hafa mótað hana þannig, að hún bregzt ekki sjálfri sér. Og sá bregzt heldur ekki öðrum, sem aldrei bregzt sjálfum sér.

*Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):* Herra forseti. Við umr. um þáltill. Alþfl. um endurskoðun varnarsamningsins frá 5. maí 1951 hef ég gert hv. Alþ. grein fyrir afstöðu minni til hans og skal nú gera það nánar hér.

Er Ísland gekk í Norður-Atlantshafsbandalagið, skuldbatt það sig til að vera þátttakandi í varnarbandalagi vestrænna lýðræðisþjóða. Ísland yfirgaf þar með hina yfirlýstu hlutleysisstefnu frá 1918, sem reynzt hafði óframkvæmanleg, því að í síðustu styrjöld gat Ísland alls ekki verið hlutlaust þrátt fyrir viðleitni íslenzkra stjórnarvalda og yfirgaf hlutleysisstefnuna með samningum við Bandaríkin 1941. Lega landsins, lífsafkoma þjóðarinnar og stjórnskipulag hefur valdið því, að vér höfum fylgt að málum þeim, er ráðið hafa yfir siglingaleiðum umhverfis Ísland. Reynsla tveggja heimsstyrjalda sýnir og sannar, að hlutleysisyfirlýsing smáþjóðar er einskis virði. Þessi reynsla hefur valdið því, að Ísland yfirgaf hlutleysisstefnuna, ekki til þess að gerast þátttakandi í bandalagi, sem hefði landvinninga á stefnuskrá sinni, heldur sem þátttakandi í varnarbandalagi. Merkustu stjórnmálamenn hins vestræna heims hafa trú á því, að árvekni, samheldni og viðbúnaður vestrænna lýðræðislanda séu líklegust til þess að varðveita friðinn. Meiri hluti íslenzku þjóðarinnar aðhyllist þessa skoðun. Það er því eingöngu af því, að vér teljum þjóðinni affarasælla að vera í varnarbandalagi heldur en að standa algerlega einangruð, að vér höfum gert varnarsamning.

Þegar hervarnarsamningurinn var gerður 1951, voru allir íslenzku alþingismennirnir, nema kommúnistar, sammála um, að ástandið væri þannig, að ekki væri fært að hafa landið varnarlaust. Allt var þá svo uggvænlegt, að engin þjóð vissi, hvar og hvenær kynni að kvikna í púðurtunnunni. Enginn þingmaður stjórnarflokkanna og enginn þingmaður Alþfl. vill heldur nú skera upp úr um það, að landið skuli vera varnarlaust, og því ekki segja upp hervarnarsamningnum. Það hafa farið fram kosningar í landinu síðan samningurinn var gerður, og þjóðarviljinn stendur á bak við þingmennina. Þjóðin hefur því samþykkt ákvörðun Alþ. í þessu máli frá 1951.

Þáltill. sú, sem flutt er hér af hv. þm. Þjóðvfl., inniheldur í raun og veru eitt atriði, sem máli skiptir, en það er, að samningurinn verði endurskoðaður í þeim tilgangi að segja honum upp. Hin atriði þáltill. eru aðeins aukaatriði, því að tillögur þær, sem þar eru gerðar, verða óþarfar, ef varnarsamningurinn félli úr gildi.

Fyrir Alþ. liggur enn fremur frv. til laga um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og

Bandaríkjanna og afnám laga um lagagildi hans. Frv. þetta er lagt fram af sósialistum.

Bæði þáltill. þjóðvarnarmanna og frv. sósialista krefjast því hins sama, sem sé afnáms varnarsamningsins, og mundi því Ísland væntanlega eiga að hverfa aftur til hins svo kallaða hlutleysis.

Eins og áður er sagt, taldi yfirgnæfandi meiri hluti alþm. 1951 óráðlegt að hafa landið varnarlaust, sökum þess að útlitið í alþjóðamálum væri svo ótryggilegt. Andstæðingar varnarsamningsins reyna að telja sér trú um, að engin sérstök ófriðarhætta sé í heiminum; ef við teljum þörf á hervörnum nú, þá þurfi að hafa þær um aldur og ævi. Það þarf annaðhvort mikla trú eða þá að vera sérstaklega blindur á alþjóðamál til þess að sjá ekki þá staðreynd, að ekki er enn þá friður í heiminum. Verulegur hluti af meginlandi Evrópu er enn hersetið land og sigurvegararnir úr síðustu heimsstyrjöld hafa enn ekki samið frið við hinar sigruðu þjóðir. Landamæri sumra landa hafa verið dregin þannig, að ósennilegt er, að allir aðilar sætti sig við þau til frambúðar. En mannkynssagan sýnir, hversu oft landamæradeilur hafa verið orsök ófriðar. Það virðist því miður ekki hægt að tala um friðvænlegt útlit, þótt vonandi sé, að þjóðirnar beri gæfu til að semja um þau mál á friðsamlegan og sanngjarnan hátt.

Af þessum ástæðum tel ég óráðlegt, að varnarsamningnum verði sagt upp að svo stöddu, enda mun það mála sannast, að ekki er unnt að nefna nokkurn þekktan stjórnmálamann í veröldinni, hvar í lýðræðisflokki sem stendur, er telur útlitið hafa breytzt svo til batnaðar, að ráðlegt sé að slaka á vörnum. Hvers vegna skyldi þá vera ráðlegt að gera það á Íslandi? Eða halda þjóðvarnarmenn, að þeir einir séu öllum öðrum færari til að dæma um friðarhorfur í heiminum?

Þegar Ísland gerði hervarnarsamning við Bandaríkin, mun öllum Íslendingum hafa verið það ljóst, að ýmis vandkvæði mundu fylgja því. Vegna fámennis íslenzku þjóðarinnar gat íslenzku þjóðerni og menningu Íslendinga stafað hætta af dvöl erlends fjölmennis í landinu í sambandi við herverndina. Enn fremur gat hætta verið á því, að eigi héldist jafnvægi í íslenzku atvinnulífi, ef stórframkvæmdir yrðu gerðar á vegum varnarliðsins. Og enn fremur gat það komið fyrir, að ýmis öfl í þjóðfélaginu auk kommúnistanna notuðu sér þá andúð, sem með öllum þjóðum er til staðar eða auðvelt að vekja gegn þeirri illu nauðsyn, að erlendur her dvelji í landinu.

Þegar hervarnarsamningurinn var gerður, var bæði Íslendingum og Bandaríkjamönnum það ljóst, að ýmsir erfiðleikar kynnu að skapast í sambúðinni milli þjóðanna í sambandi við framkvæmd samningsins. Varnarsamningurinn sjálfur ber þess glöggan vott, að báðir aðilar hafa haft þessi sjónarmið í huga.

Hervarnarsamningurinn hefur nú verið í gildi í 2½ ár. Reynslan hefur sýnt, að framkvæmd samningsins hefur ekki verið þannig, að við Íslendingar getum unað við hana. Þrátt fyrir það er ekki hægt að efast um, að meiri hluti íslenzku þjóðarinnar vilji, að Ísland verði þátttakandi í mikilvægum öryggisráðstöfunum. Það er í raun og veru ekki óeðlilegt, að ýmsir gallar hafi komið í ljós, þar sem alla reynslu skorti um flest atriði í framkvæmd samningsins. En nú hafa báðir aðilar þegar 2½ árs reynslu, og á þeirri reynslu verðum við að byggja í framtíðinni til þess að reyna að útiloka ýmis mistök, sem orðið hafa.

Ekki alls fyrir löngu hafa verið birtar till. þær, sem miðstjórn Framsfl. hefur samþykkt um framkvæmd varnarsamningsins. Er þar mörkuð sú meginstefna, er fylgt verður af minni hendi, eftir því sem unnt er, við framkvæmd varnarsamningsins í framtíðinni. Tillögurnar eru þessar:

1) Að stjórn varnarmála verði endurskipulögð og þau falin sérstakri stjórnardeild.

2) Að framkvæmdum varnarliðsins sé þannig hagað, að ekki þurfi að flytja inn erlent verkafólk vegna þeirra, enda sé jafnframt höfð hliðsjón af vinnuaflsþörf íslenzkra atvinnuvega á hverjum tíma. Jafnframt sé lögð áherzla á að haga framkvæmdunum þannig, að þær geti komið þjóðinni að gagni til annars en landvarna. Brottflutningur erlends verkafólks, sem nú starfar að framkvæmdum fyrir varnarliðið, verði hafinn sem fyrst.

3) Að íslenzka ríkið annist gerð og viðhald mannvirkja fyrir varnarliðið, svo sem nú á sér stað um vegagerð vegna fyrirhugaðra radarstöðva.

4) Að varnarsvæðin verði skipulögð þannig, að dvalarsvæði varnarliðsins og útlendra manna í þjónustu þess verði svo glöggt aðgreind frá dvalarsvæðum íslenzkra starfsmanna, að auðveldara verði um eftirlit á mörkum þessara svæða.

5) Að settar verði reglur um leyfisferðir varnarliðsmanna utan samningssvæðanna, enda gildi þær reglur einnig um erlenda verkamenn, sem dveljast á vegum varnarliðsins. Reglur þessar miði að því að hindra óþörf samskipti landsmanna og varnarliðsins og takmarki dvöl þess við þá staði, sem það hefur til afnota.

6) Að athugaðir verði möguleikar á, að Íslendingar annist fyrir varnarliðið starfrækslu fyrirhugaðra radarstöðva — svo og önnur tiltekin störf í sambandi við varnirnar — enda verði hafinn undirbúningur að sérmenntun íslenzkra manna í því skyni, eftir því sem með þarf.

Til nánari skýringar hinna einstöku liða vil ég taka eftirfarandi fram:

Í stjórnarsamningnum var gert ráð fyrir því, að sérstök deild í utanrrn. verði stofnuð til þess að sjá um framkvæmd varnarsamningsins eingöngu. Deild þessa er nú verið að stofna, og mun hún eingöngu fást við þau mál, sem af varnarsamningnum leiðir og áður hafa verið framkvæmd í ýmsum ráðuneytum. Enn fremur hefur verið stofnað til skrifstofu á Keflavíkurflugvelli, sem raunar er aðeins vísir að fullkominni skrifstofu, sem þar á að starfa og taka að sér að greiða úr hinum ýmsu vandamálum, sem rísa kunna á flugvellinum. Erfiðleikar

hafa verið miklir við að koma slíkri skrifstofu á fót vegna húsnæðisskorts.

Strax eftir stjórnarskiptin fannst fyrrverandi varnarmálanefnd það nauðsynlegt að segja af sér störfum, þrátt fyrir það að ég óskaði eindregið eftir því, að hún starfaði áfram. Þetta hefur valdið miklum erfiðleikum og seinkað til muna endurskipulagningu varnarmálanna.

Það er sjálfsagt flestum auðskilið mál, að það tekur ekki lítinn tíma fyrir nýja menn að setja sig inn í svo vandasöm og flókin mál sem varnarmálin eru orðin.

Um annan liðinn í tillögunum vil ég taka eftirfarandi fram:

Framkvæmdir á vegum varnarliðsins hafa ekki verið skipulagðar á þann hátt, sem æskilegt er frá íslenzku sjónarmiði. Er hér átt við það, hve mikið er unnið á hverjum tíma. Fyrstu 20 mánuðina, sem varnarliðið dvaldi hér, var mjög lítið um framkvæmdir af þess hálfu. En snemma á árinu 1953 færðust þessar framkvæmdir snögglega í aukana og hafa síðan verið svo miklar, að eftirspurn eftir íslenzku vinnuafli hefur orðið óeðlilega mikil og þar að auki verið flutt inn margt verkamanna frá Bandaríkjunum. Árið 1952 höfðu Íslendingar hins vegar getað lagt til muna meira vinnuafl til þessara framkvæmda en með þurfti. Ég tel því, að það hafi verið til tjóns, bæði að þessu leyti og fyrir sjálfa framkvæmd öryggismálsins, að ekki var fyrr hafizt handa en raun varð á. Það verður að vekja athygli Bandaríkjanna á því, að framkvæmdir þær, sem varnarliðið hefur með höndum, eru svo stórfelldar, miðað við atvinnulíf Íslendinga, að mikill hraði í þeim framkvæmdum hlýtur að valda skaðlegri truflun íslenzks atvinnulífs, óeðlilegum fólksflutningum og jafnvel kollvarpa viðleitni ríkisstjórnarinnar til að halda jafnvægi í efnahagsmálunum. Velferð íslenzkra atvinnuvega krefst þess, að framkvæmdum varnarliðsins sé dreift og jafnað á það langan tíma, að ekki hljótist tjón af, jafnframt því sem þess er vænzt, að framkvæmdum verði, eftir því sem við verður komið, hagað svo, að þær geti orðið að gagni, þótt þeirra þurfi ekki við landinu til varnar í framtíðinni.

Um þriðja liðinn vil ég gefa þessar skýringar: Stjórn og umsjón framkvæmdanna er nátengd því efni, sem rætt var hér á undan. Það er ekki hægt að sætta sig við það fyrirkomulag, sem verið hefur, að bandarískur verktaki annist framkvæmdirnar eða semji um þær við íslenzkan verktaka. Því er lagt til, að íslenzka ríkið taki að sér að sjá um framkvæmdirnar fyrir varnarliðið, að sjálfsögðu eftir þess fyrirsögn og samkvæmt samningum svipuðum þeim, sem gerðir voru við íslenzku vegamálastjórnina um vegalagningu til fyrirhugaðra radarstöðva á Norðaustur- og Suðausturlandi. Það færi svo eftir atvikum, hvort ríkisstj. léti ríkisstofnanir, svo sem hafnarmálastjórn, vegamálastjóra, húsameistara ríkisins, raforkumálastjóra, flugvallastjóra, o. s. frv., annast framkvæmdirnar eða byði þær út. Þetta fyrirkomulag hefur þann kost, að auðvelt er að skipuleggja vinnuaflið eftir þörfum, og auk þess væru þá þeir sambúðarerfiðleikar úr sögunni, sem skapazt hafa innanlands í sambandi við núverandi verktaka.

Til þess að sýna, að þessi tillaga sé ekki ástæðulaus, skulu nefnd nokkur dæmi. Hið erlenda byggingarfélag á samkvæmt samningi að greiða kaup í samræmi við viðurkennda íslenzka kauptaxta til þess að raska ekki fjárhagslegu jafnvægi atvinnuveganna og ríkisins. En á þessu hefur þótt verða misbrestur. Til þess að fá íslenzka sérfræðinga hefur félagið gengið á undan í því að greiða kaup, sem er meira en tvöföld þau laun, sem sams konar menn fá hjá ríkinu, enda ýmsir farnir úr nauðsynlegum störfum hjá ríkinu til Keflavíkur. Það hefur reynzt ógerningur fyrir hið erlenda félag að setja sig svo inn í íslenzka kauptaxta, þrátt fyrir ítrekaðar aðgerðir af hálfu Íslands, að ekki sé sífelldur ágreiningur og árekstrar út af of lágu eða vangoldnu kaupi, sem eitrar alla sambúð. Stundum hefur fólki í sumum starfsgreinum verið greitt um lengri tíma mun hærra kaup en gert er samkvæmt íslenzkum kauptaxta. Þetta hefur valdið miklum óþægindum og þó ekki minnst, þegar allt í einu er breytt um og greitt lægra kaupið og eftirvinna aftekin.

Það ætti ekki að þurfa að nefna fleira, til þess að augljóst verði, að hér þarf að gera alveg gagngerða breytingu, enda hef ég nú fengið þrjá menn til þess að rannsaka öll slík ágreiningsmál, leiða þau til lykta, eftir því sem hægt er, og gert ráðstafanir, að sams konar ágreiningsmál endurtaki sig ekki.

Um fjórða lið er þetta að segja:

Á Keflavíkursvæðinu skortir staðarlega aðgreiningu milli dvalar- og athafnastaða Bandaríkjamanna og Íslendinga. Þetta hefur m. a. þær afleiðingar, að tollgæzla, löggæzla og annað eftirlit af hálfu Íslendinga er ekki framkvæmanlegt á þann hátt, að við verði unað. Þess vegna þarf að skipuleggja dvalar- og athafnasvæði þessi, aðgreina þau og haga byggingum og annarri starfsemi í samræmi við þá skipulagningu.

Um fimmta lið vil ég segja eftirfarandi:

Af hálfu Íslands eru mjög mikil vandkvæði á því að leyfa Bandaríkjamönnum af Keflavíkursvæðinu dvöl utan svæðisins. Ég hef fullan skilning á aðstöðu þeirra einstaklinga, er hér gegna þjónustu í varnarliðinu eða vinna að framkvæmdum á vegum þess og líta á sig sem boðna gesti í landi vinveittrar þjóðar. En af þjóðernislegum ástæðum verður að gera hér á miklu meiri takmarkanir en verið hafa. Það er því skoðun mín, byggð á reynslu, að Ísland verði að ákveða þessar takmarkanir, þótt að sjálfsögðu mundi haft um það samráð við stjórn varnarliðsins. Mundi þá heppilegast, að leyfisferðir yrðu háðar sérstökum leyfum hverju sinni og væru fyrir fram skipulagðar. Það kann að vera erfitt fyrir svo fjölmenna þjóð eins og Bandaríkjaþjóðina að skilja það, að hið tiltölulega fámenna varnarlið, er hér dvelur, geti valdið stórfelldri röskun í lífi nokkurrar þjóðar. En ég efast ekki um, að valdamenn í Bandaríkjunum geri sér þetta

ljóst, þegar leidd eru töluleg rök að því, að við höfum algera sérstöðu meðal þjóðanna vegna fólksfæðar, og ég efast ekki um, að þeir munu fallast á að taka tillit til þessa með því að haga dvöl varnarliðsins hér á landi með nokkuð öðrum hætti en almennt tíðkast annars staðar.

Reynslan sýnir, að dvöl bandarískra verkamanna hér á landi er mjög óheppileg fyrir sambúðina milli Íslendinga og varnarliðsins. Íslendingarnir og bandarísku verkamennirnir eiga erfitt með að skilja hvorir aðra vegna málsins og vegna gerólíks hugsunarháttar. Bandarísku verkamennirnir hafa miklu hærra kaup vegna þess, að þeir vinna í fjarlægu landi. Allt þetta og ýmislegt fleira veldur margs konar misskilningi og árekstrum.

Um sjötta og síðasta liðinn er þetta að segja:

Nú er fyrirhugað að byggja þrjár radarstöðvar á Norðvestur-, Norðaustur- og Suðausturlandi, og var þegar samið um byggingu þeirra, er varnarsamningurinn var gerður, enda voru þær þá taldar eitt frumskilyrði þess, að vörn landsins væri framkvæmanleg. Þessar stöðvar eru í mjög strjálbýlum og fámennum byggðarlögum. Það er því skoðun mín, að starfslið þeirra verði að vera skipað Íslendingum, a. m. k. að mestu leyti, enda takist að ráða eða þjálfa nógu marga Íslendinga til slíkra starfa. Fleiri störf gætu komið til greina, sem varnarliðið hefur nú með höndum og ekki tilheyrir þó beinni hermennsku, en ekki er þó hægt að ræða þau atriði nánar nú.

Tilheyrendur mínir kunna ef til vill að segja, að ég finni ekki lítið að framkvæmdum varnarsamningsins. Ég tel enga ástæðu til annars en að vera berorður um þessi efni, enda er það, er ég hef sagt, í samræmi við ályktanir þings Framsfl. s. l. vetur og nánari skýringar á þeim. Var og ekki dregin dul á þessa afstöðu flokksins við síðustu kosningar. En þá munu einhverjir segja, og hefur komið fram hér í umr., að ekki sé nóg að telja fram ágallana, það þurfi að framkvæma breytingarnar og gera endurbæturnar. Við þessa menn vil ég segja, að ég hef nýlega tekið við þessu starfi, og að sjálfsögðu tekur það sinn tíma að setja sig inn í jafnflókið mál og þetta er. Ég ætlast til þeirrar sanngirni af mönnum, að þeir geti fallizt á það, sem fram til þessa hefur verið talinn hygginna manna háttur, að rannsaka ástæðurnar áður en ráðizt er í framkvæmdir. Athugunum er nú í höfuðatriðum að ljúka og breytingar að hefjast. Væri því ef til vill réttara að láta dómana bíða, unz það sést, hvernig til tekst. Ég vil og benda á, að það tekur að sjálfsögðu sinn tíma að breyta venjum, sem hafa skapazt um dvöl hinna erlendu manna, en ég vona, að sá gagnkvæmi skilningur skapist, að þetta megi takast.

Ég hef hér að framan tekið fram þau rök, sem valda því, að ég get ekki fallizt á, að varnarsamningnum verði sagt upp að óbreyttu ástandi í alþjóðamálum. Ég hef einnig bent á þau helztu atriði, sem ég tel að geti orðið til þess að bæta framkvæmd varnarsamningsins og þar með draga úr og jafnvel bægja frá þeirri menningarlegu og efnahagslegu hættu, sem ýmsir telja að af honum stafi.

Eins og fyrr segir, verður að líta svo á, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hafi samþykkt samninginn í kosningunum á s. l. vori. Samt sem áður er uppi talsverð andstaða hjá ýmsum Íslendingum gegn dvöl erlends varnarliðs hér. Þannig var fyrir síðustu kosningar stofnaður sérstakur stjórnmálaflokkur, sem hefur það aðalmál á stefnuskrá sinni að vinna að uppsögn samningsins. Það, sem m. a. hefur eflt þessa andstöðu og var mjög haft á orði í síðustu kosningum, er það, að hin Norðurlöndin, sem þó eru í Atlantshafsbandalaginu, eins og Noregur og Danmörk, hafa ekki viljað fá erlent herlið í lönd sín, heldur kosið að leggja á sig þungar byrðar fjárhagslega til að halda uppi landvörnum og fórna auk þess beztu árum æskumanna sinna til herþjónustu. En hér er mjög ólíku saman að jafna. Þó að þetta séu smáþjóðir, þá eru þær þó 30—40 sinnum fjölmennari en Íslendingar, ráða yfir margföldu fjármagni, og þær geta sjálfar haldið uppi töluverðum hervörnum í löndum sínum og gera það. En flestir telja, að mannfæð Íslands og fjárhagur leyfi ekki að halda uppi vörnum af eigin rammleik. Þess vegna var sú leið valin, sem farin hefur verið. Þetta hefur verið gert af nauðsyn, enda ekki vitað, að nokkurt ríki veraldar hafi treyst sér til að vera með öllu varnarlaust.

Ég vil mega vona, að það megi takast að fá þær umbætur á varnarsamningnum, sem ég hef drepið á, og með því batni mjög sambúð Íslendinga og Bandaríkjamanna hér á landi. En einkum vil ég mega vona og óska þess af heilum hug, að þjóðum heimsins megi takast að tryggja svo frið og alþjóðlegt öryggi, að ófriður verði útilokaður og engra hervarna því þörf hér né annars staðar. En á meðan þessu langþráða takmarki er ekki náð, tel ég, að Íslendingar eigi aðeins um tvo kosti að velja, ef þeir ekki vilja svíkja sjálfa sig og bandalagsþjóðir sínar: að þiggja þá vernd, sem Bandaríkin hafa látið þeim í té með hervarnarsamningnum, eða þá að koma upp nokkrum vörnum sjálfir. Síðari kosturinn er þjóðinni e. t. v. ofviða, og a. m. k. mun hann hafa lítið fylgi í landinu. En þá er ekki um annað að ræða en að sætta sig enn um stund við hinn fyrri.

*Jónas Rafnar:* Herra forseti. Góðir áheyrendur. Til skamms tíma var það skoðun flestra hér á landi, að við Íslendingar gætum haldið okkur algerlega utan við styrjaldarátök annarra þjóða. Á þessari skoðun byggðist hlutleysisstefnan, sem mörkuð var með sambandslögunum árið 1918.

Hlutleysisstefnan átti sér eðlileg rök bæði í legu landsins og fámenni þjóðarinnar, auk þess sem Íslendingar höfðu ekki svo öldum skipti vanizt vopnaburði.

Hinar stórfelldu framfarir á sviði samgöngumálanna, sem með ári hverju minnka fjarlægðina, ef svo má að orði komast, hafa fyrir

okkur Íslendinga og raunar alla aðra leitt af sér gerbreyttar aðstæður frá því, sem áður var. Ekkert þjóðríki jarðarinnar getur nú lengur haldið sér einangruðu frá heiminum í skjóli fjarlægða og sízt af öllu í ófriði, ef ófyrirleitinn árásaraðili hagnýtir sér fullkomnustu tækni til þess að ná settu marki. Stríðandi herveldi getur á örskömmum tíma beint nokkrum morðtækjum sínum að fjarlægustu þjóðum og leitt yfir þær tortímingu, ef engar varnir eru fyrir hendi.

Þetta breytta viðhorf hefur ekki hvað sízt valdið röskun á högum okkar Íslendinga, röskun, sem við urðum fyrst verulega varir við í síðari heimsstyrjöldinni.

Fátt skiptir meiru í ófriði en greiðar samgöngur, að styrjaldaraðilar geti á sem allra skemmstum tíma flutt til lið og vistir og eins og nú er háttað úr einu landinu í annað, frá einni heimsálfunni til annarrar. Af þessu leiðir, að vegna legu sinnar úti í miðju hafi sem miðja vegar á milli tveggja meginlanda er Ísland nú tvímælalaust eitt af þýðingarmestu löndum Evrópu í ófriði.

Í heimsstyrjöldunum tveimur, sem hrjáð hafa mannkynið á þessari öld, fóru fram gífurlegir flutningar á mönnum og varningi frá Vesturheimi til Englands og norðurstranda Rússaveldis. Í bæði skiptin var allt gert, sem í mannlegum mætti stóð, til þess að hindra þessa flutninga. Að það tókst ekki, réð tvímælalaust úrslitunum í báðum styrjöldunum. Segja má, að verulegur hluti af þessum flutningum hafi farið um hlaðvarpann hjá okkur Íslendingum. Í fyrri styrjöldinni var samgöngutæknin ekki komin lengra áleiðis en það, að ógerlegt var fyrir styrjaldaraðila að ná fótfestu á Íslandi nema með herskipum. Þar sem brezki flotinn var þá allsráðandi á Atlantshafinu, gerðu Þjóðverjar ekki tilraun til árásar á Ísland, en bækistöðvar hér hefðu reynzt þeim ómetanlegar í baráttu við skipalestir vesturveldanna.

Í síðari heimsstyrjöldinni var viðhorfið í þessum efnum gerbreytt. Þá var framkvæmanlegt að hertaka Ísland úr lofti. Vörn brezka flotans var ekki lengur einhlít til þess að tryggja öryggi landsins. Eins og kunnugt er, vildu Bretar þá ekki hætta á, að Þjóðverjar yrðu fyrri til, og hernámu því landið. Meðan styrjöldin geisaði, höfðu Bretar og Bandaríkjamenn hér herstöðvar, sem auðvelduðu mjög baráttuna við kafbáta möndulveldanna. Á því er ekki minnsti vafi, að þýzkar bækistöðvar á Íslandi hefðu mjög torveldað flutninga yfir hafið frá Ameríku og því dregið styrjöldina á langinn.

Eins og kunnugt er, hefur samgöngutækninni enn fleygt fram nú síðustu árin, og þróuninni á því sviði virðast engin takmörk sett. Öllum ætti því að vera ljóst, sem raunhæft líta á hið nýja viðhorf, að einangrun Íslands frá umheiminum er nú lokið fyrir fullt og allt. Forsendan fyrir því, að við Íslendingar getum í skjóli einangrunar haldið okkur utan við styrjaldarátök stórþjóðanna, er því einnig brostin fyrir fullt og allt.

En hið nýja viðhorf hefur í engu breytt því meginatriði, að við Íslendingar erum enn sem fyrr hin sama friðelskandi þjóð, sem þráir það eitt að geta lifað í sátt og samlyndi við allar aðrar þjóðir. Að við teljum okkur ekki lengur skjól í hlutleysisyfirlýsingum, leiðir ekki af hugarfarsbreytingu, heldur af því, að kringumstæðurnar sjálfar og fengin reynsla hefur opnað augu okkar fyrir þeirri staðreynd, að ef til styrjaldar dregur á nýjan leik milli stórveldanna, verða óskir og vonir Íslendinga um að mega standa fyrir utan hildarleikinn að engu hafðar. Engum viti bornum manni á að geta blandazt hugur um, að komi til átaka, þar sem barizt verður um líf eða dauða milljónanna, muni styrjaldaraðilar láta sér í léttu rúmi liggja frómar óskir 150 þús. sálna hér uppi á Íslandi um að fá að vera í friði. Það er og jafnaugljóst, að vegna þýðingar landsins í hernaði muni árásaraðili gera tilraun til þess að ná hér fótfestu, en af því leiðir, að algert varnarleysi Íslands hlýtur beinlínis að bjóða hættunni heim.

Þegar Íslendingar gerðust aðilar að Norður-Atlantshafsbandalaginu, varnarsamtökum hinna vestrænu lýðræðisríkja, hafði yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna gert sér grein fyrir þeim aðstæðum og hinu nýja viðhorfi, sem ég hef nú lýst. Ákvörðun þjóðarinnar leiddi af því, að úr því að þess var ekki lengur nokkur kostur að lifa í friði, ef til styrjaldar drægi milli stórveldanna, að úr því að hlutleysið átti sér ekki lengur stoð í veruleikanum, eins og reynslan hafði sýnt, þá ættum við Íslendingar nú ekki annars úrkosti en að velja okkur stöðu í hinum tvískipta heimi, ef við vildum á raunhæfan hátt leitast við að tryggja öryggi landsins. Og þegar svo var komið, var Íslendingum valið auðvelt, valið milli einræðis og ofbeldis annars vegar og jafnréttis og frelsis einstaklinga og þjóða hins vegar. Valið var á milli þess, sem allir sannir og óspilltir Íslendingar afneita í hjarta sínu, og þeirra hugsjóna, sem á sínum tíma stuðluðu að byggð Íslands og síðan hafa ríkt í vitund og geði þjóðarinnar, hugsjóna, sem frjálsir menn kjósa fremur að deyja fyrir en lifa án, eins og komizt hefur verið að orði.

Um það leyti, sem vér Íslendingar gengum í Norður-Atlantshafsbandalagið, vonuðu menn, að til þess þyrfti ekki að koma, að hér yrði erlendur her á friðartímum. En skömmu síðar sáust nýjar, uggvænlegar blikur á lofti, og að því kom, að ófriðarbálið brauzt út. Eldurinn gaus að vísu upp fjarri ströndum landsins, en Íslendingar höfðu sem aðrir fengið þá reynslu, að ófriðarbál getur brotizt út með margþúsundföldum hraða eldsins í sinunni.

Þegar svo óvænlega horfði um friðinn í heiminum og enginn vissi, hvaða hörmungar morgundagurinn kynni að færa, tóku Íslendingar mjög að ugga um sinn hag. Menn gerðu sér ljósa þá hættu, sem vofði yfir óvörðu landi, er vegna legu sinnar hlaut að verða hugsanlegum árásaraðila eftirsóknarverð bráð. Fulltrúar þjóðarinnar í ríkisstj. og Alþingi tóku þegar í stað að bera saman ráð sín um það, hvernig snúast ætti við hættunni og tryggja frekar ör-

yggi landsins. Niðurstaða umræðnanna, er fram fóru á milli lýðræðisflokkanna um þetta mikla vandamál, varð sú, eins og kunnugt er, að gerður var um það samningur við Bandaríki Norður-Ameríku, að þau tækju að sér varnir landsins fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins.

Enginn þarf að ætla, að einn einasti þeirra þjóðarfulltrúa, sem ákvörðun tóku um varnarsamninginn við Bandaríkin, hafi gengið þess dulinn, að margvísleg vandkvæði hlaut að leiða af dvöl erlends varnarliðs í landinu. En þá var sem fyrr, að Íslendingar urðu að velja eða hafna. Vegna versnandi ástands í alþjóðamálum treystust fulltrúar þjóðarinnar ekki lengur til að taka á sig ábyrgðina á að hafa landið með öllu varnarlaust, ef til styrjaldar drægi í Norðurálfu. Þeir völdu þann kostinn fremur að mæta erfiðleikunum, sem óhjákvæmilega mundu hljótast af sambúðinni við varnarliðið, en að bjóða hættunni heim með því að hafa hér engar varnir. Í þessu máli áttu allir lýðræðisflokkarnir samleið, og allir fulltrúar þeirra á Alþingi fylgdust að sem einn maður.

Á það má benda, að raunverulega ber ekki að sakast við íslenzk stjórnarvöld vegna þeirra óþæginda, sem leiðir af dvöl erlends varnarliðs í landinu, heldur miklu fremur við þann aðilann, sem ábyrgð ber á ófriðarhættunni í heiminum. Ég á þar við einræðisríkið í austrinu, sem með ofríki hefur brotið á bak aftur frelsisþrá og sjálfstæði hverrar smáþjóðarinnar af annarri. Þetta sama stórveldi hefur með yfirgangi sínum knúið lýðræðisríkin til þess að bindast varnarsamtökum, og það er eingöngu vegna máttar þessara samtaka, að sigurganga kúgunarinnar hefur nú verið stöðvuð.

Vandkvæðin á dvöl varnarliðsins í landinu hafa ekki komið neinum á óvart. Þau eru mikil og margvísleg, eins og fyrir fram var vitað, þótt þau séu hvergi nærri eins mikil og fimmta herdeild Íslendinga og þjónar hennar vilja vera láta. Að sjálfsögðu hafa stjórnarvöldin allt frá öndverðu leitazt við að draga úr erfiðleikunum, sem stafað hafa af vist varnarliðsins, um leið og þeir hafa komið í ljós, og miklu fengið áorkað í þeim efnum, og auðvitað verður þeirri viðleitni haldið áfram. Allir góðviljaðir Íslendingar vona, að með því að hagnýta sér þá reynslu, sem fengizt hefur í samskiptunum við varnarliðið, megi enn takast að draga úr þeim vandkvæðum, sem vist þess hefur í för með sér, og þeirri röskun í þjóðlífinu, sem rekja má til þess. Ber mönnum að sjálfsögðu að stuðla að því, að allar slíkar tilraunir stjórnarvaldanna beri sem mestan og skjótastan árangur.

Þetta, sem ég hef sagt, hlýtur að vera sjónarmið Íslendingsins í málinu. Hitt má svo engum koma á óvart, þótt fimmta herdeildin og þeir, sem etja kappi við hana um kjörfylgi „hinna nytsömu sakleysingja", haldi áfram sinni fyrri baráttu. Það er jafneðlilegt, að þeir, sem telja Sovétríkin sitt eiginlega föðurland og miða allar sínar gerðir og tilburði við hagsmuni hins alþjóðlega kommúnisma, leitist við að gera varnarsamtök hinna frjálsu þjóða sem tortryggilegust, sem hitt, að þeir, sem ekki vilja búa við algert andvaraleysi, geri sitt til þess, að allt fari sem bezt úr hendi í varnarmálunum.

Milli þessara tveggja sjónarmiða hefur verið, er og verður barátta um stöðu og varnir Íslands, meðan lítt breyttar aðstæður ríkja í heimsmálunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega einstaka liði þeirrar till. til þál., sem hér er til umr. Ég vil bæta þessu við: Till. er hvorki merkari né ómerkilegri en önnur þau plögg, sem andstæðingar varnarsamtaka hinna frjálsu þjóða hafa lagt fram hér á hæstv. Alþingi og miða að því einu að þyrla upp sem allra mestu moldviðri um varnarmálin. Engan undrar framferði og ábyrgðarleysi kommúnistaleiðtoganna í þessum efnum. Þeir hafa annarlegra hagsmuna að gæta og óttast meir aðra húsbændur en íslenzku þjóðina. En marga furðar óneitanlega, að til skuli vera menn og jafnvel hér á Alþingi Íslendinga, sem viðurkenna ekki hina austrænu fjötra, en stefna þó vitandi vits að því að setja framtíð og frelsi þjóðarinnar í voða af þjónkun við sömu hagsmuni og kommúnistar bera fyrir brjósti.

Ein meginuppistaðan í áróðri kommúnista og fylgifiska þeirra hefur verið sú að gera þá menn sem tortryggilegasta í augum þjóðarinnar, sem mest afskipti hafa haft af varnarmálunum. Með látlausu níði og tilhæfulausum ósannindum er ætlunin að gera þessa menn óalandi og óferjandi í vitund þjóðarinnar. En mestur hluti landsmanna, sem raunhæft hugsar um þessi mál, veit betur og tekur ekkert mark á orðum þeirra. Almenningsálitið hefur þegar hér á landi sem annars staðar fordæmt allar aðferðir og tilgang kommúnista, og sá dómur mun ekki mildast. Og að því kemur fyrr en varir, að hinir grímuklæddu fylgismenn kommúnismans, hverju nafni sem þeir nefna sig, geta ekki lengur dulizt fyrir kjósendunum í landinu og verður skipað þar á bekk, sem þeir eiga heima.

Einn af þeim mönnum, sem vegna starfa síns fyrir íslenzku þjóðina hafa hvað mest orðið fyrir níði kommúnista, er Bjarni Benediktsson dómsmrh. Það var einmitt gæfa okkar Íslendinga á örlagaríkum tímum, að við áttum jafnmikilhæfum manni og Bjarna Benediktssyni á að skipa í sæti utanríkisráðherra. Og það er einmitt það, sem kommúnistum gremst mest.

Góðir Íslendingar. Til þessa hefur frelsisþráin og samúðin með varnarbaráttu lýðræðisaflanna í heiminum ráðið gerðum okkar. Er við gengum í Norður-Atlantshafsbandalagið, skipuðum við okkur í fylkingar hinna frjálsu og lýðræðisunnandi þjóða. Með því mikilsverða skrefi vildum við tryggja bæði okkur sjálfa og nágrannaþjóðir okkar fyrir hugsanlegri árás. Á viðsjárverðum tímum tók þjóðin á sig vandkvæði sambúðar við erlend varnarlið í því skyni að freista þess að tryggja enn frekar öryggi og sjálfstæði landsmanna. Ákvörðunin um herverndina var ekki tekin vegna breytts hugarfars eða breyttra skoðana Íslendinga á hernaði, heldur vegna ástands í heimsmálunum, sem íslenzka þjóðin sjálf hafði ekki átt minnsta þátt í að skapa. Með herverndarsamningnum

staðfestu og viðurkenndu íslenzk stjórnarvöld þá sannfæringu yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar, að algert varnarleysi landsins á róstutímum byði hættunni heim.

Flutningsmenn þeirrar till., sem hér er til umr. og fjallar um að vísa varnarliðinu úr landi, hafa hvorki í grg. fyrir till. né í málflutningi sínum komið með nein þau rök, sem leiði til þess, að nú sé ástæða til þess að breyta stefnunni, sem á sínum tíma var mörkuð í varnarmálunum af öllum fulltrúum lýðræðisflokkanna á Alþingi. Fyrir þessari till. mun því liggja að falla og flm. hennar hljóta þann sóma af málatilbúnaðinum, sem efni standa til.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. þm. Gils Guðmundsson lét svo sem hindra hefði átt þessar útvarpsumræður. Jafnframt varð hann að játa, að flokkur hans átti skýlausan rétt til þess að fá þær, hvenær sem hann bæri kröfur fram um þær. Þess vegna var sjálfsagt að reyna, hvort hann hefði kjark til að neyta þessa réttar síns, og er vel, að hann hefur nú gert það.

Yfirsýn þingmannsins og skilningur á alþjóðamálum lýsti sér í yfirliti því, sem hann gaf um alheimsmálin í upphafi ræðu sinnar. Hann gleymdi þar örlögum baltnesku þjóðanna, Pólverja og annarra þeirra þjóða, sem Rússar lögðu undir sig á styrjaldarárunum og sýndu þar með útþenslubrá sína, sem síðan hefur æ ofan í æ orðið berari. Kommúnistaeðlið leyndi sér ekki hjá þm. Það var ekki að ástæðulausu, að ræðumaður kommúnista hér áðan kallaði þjóðvarnarmenn „samherja" sína.

Vera kann þó, að skýringin á hinni furðulegu blindu Gils Guðmundssonar á hinar þýðingarmestu staðreyndir í alþjóðamálum sé meðfram sú, að hann hafi asklokið fyrir sinn himin. Hann sá sem sagt þá skýringu helzta á vörnum Íslands, að Íslendingar hefðu látið kaupa sig fyrir dollara. Þannig talar maðurinn, sem styðst við flokk, sem haldið er uppi fyrir dollara Sigurðar Jónassonar. Hann býsnaðist líka yfir lúxusbílunum. Væri ekki ráð, að hann skoðaði fyrst bílana, sem standa fyrir utan flokksskrifstofu hans í löngum röðum, áður en hann kastar steinum á aðra?

Kommúnistalærdómurinn kom þó skjótlega upp aftur. Gils Guðmundsson ítrekaði hér gamla hótun Einars Olgeirssonar um, að atómsprengju yrði varpað á Ísland, ef við færum ekki að vilja kommúnista í utanríkismálum. Þjóðvarnarmenn og lærimeistarar þeirra, kommúnistar, eru áreiðanlega betur kunnugir fyrirætlunum forráðamanna hins alþjóðlega kommúnisma en aðrir Íslendingar. Því fer þess vegna fjarri, að ég treysti mér til að neita því, að ráðgert sé í kommúnistahóp, að varpað skuli atómsprengju á Ísland. Hitt veit ég með vissu, að líkurnar fyrir árás á landið verða þeim mun minni, sem betur er séð fyrir vörnum í landinu. Ef Ísland væri óvarið og til nýrrar stórstyrjaldar kæmi, mundi verða kapphlaup um það, hver af styrjaldaraðilum næði hér fyrst fótfestu. Þá mundi barizt um landið og voðinn vera vís. Með sæmilegum vörnum verða líkurnar til slíkra átaka miklu minni en ella. Það er mesti misskilningur, að til þess að koma í veg fyrir slíka skyndiárás þurfi að vera óvígur her eða tugir þúsunda hermanna í landinu. Að óvörum verður ekki nema tiltölulega fámennu liði komið í landið. Ef það ætti engum vörnum að mæta, gæti það greitt götuna fyrir miklu meiri liðstyrk, er fylgdi skjótlega á eftir. Jafnvel fámennt lið getur hins vegar hrundið slíkri árás í bili, og dvöl þess tryggir skjóta hjálp. Sá liðsstyrkur, sem nú er í landinu, þótt ekki sé mannfleiri en raun ber vitni um, veitir þess vegna mjög mikið öryggi gegn árásum. Fullkomið öryggi í þessum efnum fæst hins vegar aldrei, ef svo illa fer, að til styrjaldar komi. Öllu máli skiptir þess vegna, að komið verði í veg fyrir nýja stórstyrjöld. Að því hlýtur viðleitni okkar sem annarra frelsis- og friðarunnandi þjóða fyrst og fremst að stefna. Nýtt ófriðarbál verður uggvænlegt fyrir allar þjóðir heims, ekki síður fyrir okkur Íslendinga en aðra. Því veldur lega landsins og hernaðarþýðing þess í nútímastyrjöld. Við skulum í fullri hreinskilni gera okkur grein fyrir þeim hættum, sem að okkur steðja, ef til slíkrar styrjaldar kemur. Þær eru áreiðanlega miklar. En nokkuð er þá til þess vinnandi að koma í veg fyrir, að ný heimsstyrjöld brjótist út. Í því skyni gerðumst við aðilar Atlantshafsbandalagsins og samþykktum síðar að hafa um sinn erlent varnarlið í landi okkar. Auðvitað höfum við með þessu lagt kvaðir og nokkur óþægindi á þjóð okkar. Því neitar enginn. En er það að ástæðulausu?

Það er sagnfræðileg staðreynd, óhagganleg, að kommúnistar hrifsa til sín yfirráð hvarvetna þar, sem ekki er nógu sterklega tekið á móti. Ef þeir létu þetta undan fallast, mundu þeir bregðast þeim boðskap, er þeir vita helgastan, þeim, að engri þjóð geti liðið vel, nema hún lúti kommúnistiskri stjórn. Frægt er orðið, þegar Halldór Kiljan Laxness lýsti því við árás Rússa á Pólverja haustið 1939 orðrétt, „að ekki væri hægt að sjá nokkurt hneyksli í því, að 15 milljónir manna eru þegjandi og hljóðalaust innlimaðir undir bolsévismann." Þetta voru orð skáldsins. Ætli honum og félögum hans þætti meira hneyksli, þótt 150 þúsundir Íslendinga færu sömu leiðina?

Við vitum um hinn mikla áhuga Lenins fyrir örlögum Íslands. Hann lýsti því strax 1920, hverja hernaðarþýðingu Ísland hefði og að það mundi ekki geta haldið hlutleysi í nýrri styrjöld. Atvik síðustu heimsstyrjaldar sýna, hversu ríka áherzlu Bretland og Bandaríkin lögðu á að hindra, að óvinaríki þeirra fengju vald á Íslandi. Þau þurftu ekki á Íslandi að halda til þess að gera héðan árásir á Þýzkaland, en þeim var lífsnauðsyn að hindra, að Þjóðverjar fengju hér fótfestu til árása bæði í austur og vestur, auk þess sem bækistöðvar á Íslandi gerðu samgöngur á sjó og í lofti yfir Atlantshaf mun öruggari en ella. Á sama veg mundu vesturveldin nú ekki þurfa að gera árásir frá Íslandi á óvinaríki sitt, ef til nýrrar stórstyrjaldar kæmi. Flest lönd Atlantshafsbandalagsins liggja miklu nær höfuðstöðvum hins alþjóðlega kommúnisma

en Ísland. Atlantshafsbandalagið, sem beint og óbeint tekur til mikils hluta Evrópu, nema þeirra landa, sem eru á valdi kommúnista, þarf ekki, ef styrjöld brýzt út, að sækja til Íslands í því skyni að gera héðan árásir á Austur-Evrópu, þar sem stöðvar þess á meginlandinu og í Englandi eru miklu nær. En nú sem fyrr mundi lýðræðisþjóðunum það óbætanlegt tjón, ef óvinir þeirra næðu Íslandi á sitt vald, og einmitt þess vegna er yfirvofandi hætta á, að tilraun til slíks yrði gerð, og þeim mun meiri sem varnir væru hér veikari.

Auðvitað væri miklu þægilegra rétt í bili að loka augunum fyrir þessum staðreyndum og kaupa sér með athafnaleysi frið fyrir rógi kommúnista og nokkurra skammsýnna manna út af vörnunum. Til þess þyrfti enga dirfsku, heldur það hugarfar að forða sér frá óþægindunum með því að svíkja þjóðina, sjálfstæði hennar og jafnvel tilveru. Og sízt bætir það úr skák um afneitun staðreyndanna, þótt það sé gert undir því yfirskini, að ef slík hætta væri fyrir hendi, gætum við ekki kinnroðalaust falið öðrum að verja landið, heldur yrðum að gera það sjálfir. Því miður erum við svo fáir, að ekki munar verulega um okkur til varnar landinu, ef verulega reynir á, og þess vegna höfum við ekki annað úrræði en að leita bandalags við önnur ríki, sem hafa að þessu leyti sömu hagsmuni og við.

Sú fullyrðing, að vegna þess að andstæðingar lýðræðisþjóðanna geti ekki haldið Íslandi í stríði, muni þeir ekki reyna að taka það, fær ekki staðizt, því að jafnvel þó að hernám Íslands af hálfu ofbeldisárásaraðila stæði aðeins stutta stund, mundi það geta gert ómetanlegt tjón. Héðan væri hægt að gera skyndiárásir bæði á löndin til austurs og vesturs og trufla alla umferð um norðanvert Atlantshaf. Ýmsir halda, að ný stórstyrjöld mundi verða mjög skammvinn, vegna þess að á stuttum tíma væri hægt að koma til vegar slíkum eyðileggingum, að úrslitum réði. Ef sú kenning er rétt, er greinilegt, að einmitt í slíkri styrjöld gæti Ísland haft meginþýðingu. Sú staðreynd, að hægt væri að hertaka Ísland fyrirhafnarlaust, af því að það væri með öllu óvarið, kynni því að vera lokaástæðan, sem réði því, að ofbeldisárás væri hafin.

Með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og vörnum á Íslandi höfum við lagt lóð okkar á vogarskálina friðnum til framdráttar. Og hver er sá, sem ekki kýs fremur núverandi ástand en nýja heimsstyrjöld?

Að sjálfsögðu vona allir góðviljaðir menn, að núverandi ástand breytist svo í friðarátt, að ekki sé þörf á erlendu varnarliði á Íslandi. En því fer fjarri, að enn sé svo. Löngun lýðræðisþjóðanna til friðar er að vísu svo rík, að menn grípa hvert tækifæri, sem horfir þangað, fegins hendi og reyna í lengstu lög að vona, að nú horfi svo, að eigi séu sömu líkur til yfirvofandi hörmunga nýrrar heimsstyrjaldar sem áður. Í von sinni um betri tíma halda sumir, að Fróðafriður sé á næstu grösum, aðeins ef ofbeldismaðurinn staldrar við um sinn eða ef í millirikjaviðskiptum er ekki eingöngu viðhaft orðbragð götustráksins. Þessi tilfinning gerir jafnt vart við sig á Íslandi sem í öðrum lýðræðislöndum. Alls staðar heyrast raddir um, að nú hljóti að mega slaka á klónni, draga úr vörnunum, af því að versta hættan sé liðin hjá. En þeir, sem svo tala, gleyma því, að ef hættan er minni, sem enginn veit þó með vissu, er það fyrst og fremst vegna þess, að þau lönd, sem áður voru óvarin, eru nú varin, svo að árásarmaðurinn hefur ekki jafngreiða yfirferð sem áður. Það er einmitt aukið valdajafnvægi í heiminum, sem á hefur komizt við varnir lýðræðisþjóðanna, sem gerir að verkum, að nú virðist friðvænlegra en stundum fyrr. Sú stefna að efla samtök lýðræðisþjóðanna hefur þess vegna nú þegar sannazt að vera rétt, enda sést, að ófriðaröflin, forsprakkar hins alþjóðlega kommúnisma, hafa beinlínis gert um það samþykkt að láta nú vinalegar en áður, ekki vegna þess að þeir hafi breytt um skoðun, heldur til þess að reyna með þessu að sundra lýðræðisþjóðunum. — Enginn sá, sem yfirsýn hefur, lætur hins vegar ginnast til að hverfa af þeirri braut, sem til friðarins leiðir. Raunveruleg breyting á hugarfari forsprakka hins alþjóðlega kommúnisma, ef fram kemur í verki, eða nógu öflug samtök lýðræðisþjóðanna tryggja bezt friðinn. Þessi skilningur lýsti sér t. d. í samþykkt, sem flokksþing verkamannaflokksins brezka gerði í lok september s. l. og hljóðar svo:

„Á meðan árásarhættan er, verður Bretland ásamt bandamönnum sínum að taka á sig byrðarnar af varnarráðstöfunum."

Þetta sýnir álit forsprakka brezku verkamannasamtakanna og flokksins, sem þó eru í stjórnarandstöðu, — álit þeirra á heimsútlitinu nú.

Yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga er sömu skoðunar, eins og glögglega kom fram við síðustu kosningar, um þetta og brezki verkamannaflokkurinn. Við viljum leggja fram okkar skerf til þess, að friður megi haldast, jafnvel þó að af þeim ráðstöfunum leiði nokkra röskun á okkar högum um sinn, vegna þess að sú hætta er smávægileg við þá hættu, sem yfir okkur vofir, ef nýtt heimsstríð skellur á.

*Forseti (JörB):* Þá er fyrri ræðuumferð lokið, og hefst nú síðari umferð. Ræðutími flokkanna í þessari síðari umferð verður sem hér segir: Þjóðvfl. hefur 19 mín. til umráða, Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl. 19 mín., Alþfl. 21 mín., Framsfl. 22½ mín., Sjálfstfl. 21 mín.

Hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, tekur til máls og talar af hálfu Þjóðvarnarflokks Íslands.

*Flm. (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. þm. Ak., sem talaði fyrir hönd Sjálfstfl. hérna áðan, var dálitið fyndinn í ræðu sinni á einum stað, en það var ósjálfrátt. Hann sagði, að það hefði verið gæfa íslenzku þjóðarinnar að hafa haft svo mikilhæfan og gifturíkan mann sem leiðtoga í utanríkismálum eins og síðasta ræðumann, hæstv.

dómsmrh. Það kemur sjaldan svona góð fyndni í Speglinum.

Ræðu hæstv. dómsmrh. ætla ég ekki að gera að löngu umtalsefni. Frammistaða hans sem utanrrh. hefur verið slík, að á hann er litið af miklum hluta þjóðarinnar sem sekastan hinna seku. Mun seint verða hnekkt þeim dómi. Ræða hans hér áðan var í samræmi við það álit.

Ráðherrann talaði um bíla fyrir utan skrifstofu Þjóðvfl. Nú er sannleikurinn sá, að Þjóðvfl. er svo fátækur flokkur, að hann á enn enga skrifstofu. En ef til vill hefur ráðherrann átt við hinn spánnýja lúxusbíl hæstv. núverandi utanrrh., því að hann stendur nefnilega stundum fyrir utan afgreiðslu blaðsins Frjálsrar þjóðar.

Ég kemst ekki hjá því að víkja nokkrum orðum að hæstv. utanrrh., sem talaði hér áðan af hálfu Framsfl. Hann ræddi, eins og vænta mátti, till. flokks síns um breytingar á framkvæmd herverndarsamningsins. Ég vil ekki að svo komnu máli varpa þungum steini að hæstv. núverandi utanrrh. Það er svo skammt síðan hann tók við embætti sínu, að hann hefur í litlu getað sýnt, hvers af honum má vænta, en hafi hann tekið þetta embætti að sér í þeirri von að geta þokað þar einhverju til betri vegar innan ramma herverndarsamningsins, þá ætla ég, að hann hafi nú þegar séð, að þar muni þungt fyrir fæti. Fyrirrennari hans og aðrir ráðamenn hafa áreiðanlega búið svo um hnútana með framferði sínu undanfarin ár, að Bandaríkjamenn þykjast vita af skiptum sínum við íslenzk stjórnarvöld, hverjir eru hér húsbændur og hverjir þjónar. Dæmi skal ég nefna til að sanna þetta. Það sýnir, þótt í litlu sé, hvernig íslenzka ríkisstj. hefur með framkomu sinni undanfarin ár sannfært amerísku herstjórnina á Keflavíkurflugvelli um það, að Íslendingum, og þó sérstaklega íslenzkum stjórnarvöldum, er hver óvirðing bjóðandi.

Mér er kunnugt um það, að hæstv. núverandi utanrrh. hefur haft hug á því undanfarnar vikur að fá inni á Keflavíkurflugvelli fyrir starfslið sitt, þ. á m. hina nýju bráðabirgðanefnd, sem skipuð hefur verið til að rannsaka hinar fjölmörgu kvartanir Íslendinga um sviknar kaupgreiðslur, svo og fyrir starfsmenn tilvonandi varnarmáladeildar utanrrn. Eitt af fyrstu verkum hæstv. utanrrh. í þessu sambandi var að láta leita eftir húsnæði á vellinum fyrir þessa starfsmenn ríkisins. En þar hefur reynzt þröskuldur á vegi ráðherrans, því að á Keflavíkurflugvelli hafa honum reynzt allar dyr lokaðar. Svo á þó að heita, að íslenzka ríkið eigi þarna ekki óverulegan húsakost. Þegar bandarískt herinn hvarf héðan að lokinni síðustu heimsstyrjöld, eignaðist íslenzka ríkið 14 stórar húsasamstæður á vellinum, svo kallaðar húsablokkir, flugvallarhótelið, ásamt stórri útbyggingu, klúbbhús og leikfimishús. Þegar bandarískur her tók sér að nýju bólfestu á flugvellinum vorið 1951, lagði hann þessar byggingar undir sig, að undanskildum 3 blokkum, sem starfsmenn hins opinbera á flugvellinum hafa til íbúðar. Fyrir hæstv. ráðh. vakti að fá til afnota eina af þessum ellefu blokkum, sem íslenzka ríkið telst eiga, en Bandaríkjaher hefur til sinna afnota. Þeim tilmælum var harðlega synjað, og það kom fyrir ekki, þó að ráðherrann sneri sér persónulega til yfirhershöfðingjans á vellinum. Hann harðneitaði að taka tillit til ráðherrans. Þetta litla dæmi sýnir furðuvel, hver það er, sem hefur húsbóndavaldið á Íslandi, þegar hagsmunir Bandaríkjahers eru annars vegar.

Hv. 6. landsk. þm., Finnbogi R. Valdimarsson, bar hér á borð svo fáheyrðar og ósvífnar blekkingar um þáltill. okkar þjóðvarnarmanna, að ég trúi ekki öðru en hverjum hlustanda, sem hlýddi á það, er ég las till. okkar upp, hafi gersamlega blöskrað. Sjaldan hef ég heyrt meiri óskammfeilni borna fram af manni, sem væntanlega vill þó láta taka sig alvarlega, en er ekki aðeins að leika grínhlutverk. Þessi hv. þm. fullyrti, að þáltill. okkar gengi mun skemmra en till. Alþfl. Þetta sagði þessi þm., þrátt fyrir það að fyrsti og aðalliður þáltill. okkar kveði bókstaflega svo á, að ríkisstj. skuli bera fram frv. til laga um uppsögn samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, er í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans. Svo segir þessi hv. þm., að till. okkar gangi skemmra en till. Alþfl. Sannleikurinn er sá, að raunverulega gengur till. þjóðvarnarmanna í vissum atriðum lengra en frv. sósíalista, þar eð í okkar till. er auk uppsagnar samningsins svo fljótt sem lög leyfa kveðið á um ýmsar nauðsynlegar ráðstafanir, sem gera verður, meðan herinn dvelst enn í landi. En svo lét þessi hv. þm. sér sæma að segja vísvitandi ósatt upp í opið geðið á allri þjóðinni. Ég verð að segja það, að mér var raun að því að heyra og sjá þennan hv. þm. leggjast svona lágt.

Þá kem ég að málsvara Alþfl., hv. 1. landsk., Gylfa Þ. Gíslasyni. Hann varði drjúgum hluta af ræðu sinni til þess að gagnrýna stefnu okkar þjóðvarnarmanna, jafnframt því sem hann reyndi að sjálfsögðu að gylla þær till., sem hann og hv. 3. landsk. hafa borið fram um endurskoðun herstöðvasamningsins.

Fyrst ætla ég að segja hv. 1. landsk. það um afstöðu Þjóðvfl. til till. þeirra Alþýðuflokksmanna, að við teljum þær að sjálfsögðu ófullnægjandi. Í þeim eru þó ákveðin atriði, sem tvímælalaust mundu verða til bóta, ef samþykkt yrðu og framkvæmd, stytting á uppsagnarfresti herstöðvasamningsins úr 18 mán. í 3 mán., lokun herstöðvanna o. fl. Það mun ekki standa á Þjóðvfl. að fylgja öllu því, sem eitthvað gæti bætt ríkjandi ástand, hversu lítið sem það er. Öllum umbótatillögum mun flokkurinn fylgja, þó að hann missi ekki sjónar af því markmiði að losna með öllu við herinn úr landi. Við þjóðvarnarmenn skulum því fúslega styðja Alþfl. við hvert hænufet, sem hann þorir að stíga í rétta átt. Ég gæti trúað, að hv. 1. landsk. muni fljótlega reka sig á það, ef hann ætlar í alvöru að beita sér fyrir einhverjum verulegum umbótum á herstöðvasamningnum, að honum veitist örðugra að fá til liðs við sig áhrifamenn í sínum eigin flokki heldur en okkur þjóðvarnarmenn.

Hv. 1. landsk. talaði um menn, sem hugsa óljóst og óskýrt um utanríkismál. Það hljómaði dálítið broslega, þegar það kom af vörum þessa hv. þm., eins flöktandi og óljós sem stefna hans er, svo sem kom fram í ræðunni, sem hann hélt hér í kvöld. Hv. 1. landsk. telur stefnu okkar þjóðvarnarmanna í herstöðvamálinu vanhugsaða og varhugaverða. Hann lýsti því yfir og lagði á það mikla áherzlu, að kenning okkar um hlutleysi Íslands í hernaðarátökum stórvelda sé haldlaus. Honum er gjarnt að leggja ýmsar spurningar fyrir okkur þjóðvarnarmenn og gerði það hér í kvöld, spurningar um afstöðu okkar til utanríkismála. Því er líkast sem stefna Þjóðvfl. komi einmitt þessum hv. þm. mjög ókunnuglega fyrir sjónir, og má það þó furðulegt heita. Sú var tíðin, að hv. 1. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, vissi vel, hvað fólst í hlutleysisstefnunni. Hann hefur skilgreint hana sjálfur glöggt og réttilega, áður en hann hafði endaskipti á sjálfum sér og lét hafa sig til að samþykkja herstöðvasamninginn vorið 1951. Þá vissi hann margt um þessi mál, sem nú virðist týnt og tröllum gefið. Það ætti að vera auðvelt að útskýra einmitt fyrir þessum hv. þm. stefnu þjóðvarnarmanna í utanríkismálum. Það er í meginatriðum stefna hv. 1. landsk., Gylfa Þ. Gíslasonar, sjálfs, allt fram að þeim degi fyrir hálfu þriðja ári, þegar hann tók sína eftirminnilegu og átakanlegu kollsteypu. Mér þykir það leiðinlegt, að hv. þm. skuli ekki þekkja þá stefnu, þegar aðrir hafa tekið upp fallið merki hans sjálfs og bera það fram. En það er hægur vandi að bæta úr þessu minnisleysi hv. þm. Ég ætla að láta þjóðvarnarmanninn Gylfa Þ. Gíslason ársins 1949 svara hv. 1. landsk., hinum gleymna Gylfa Þ. Gíslasyni ársins 1953.

Hinn 9. febr. 1949, þegar deilan um aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi stóð yfir, skrifaði hv. 1. landsk. í blaðið Þjóðvörn grein um hlutleysi. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það takmark, sem Íslendingar vildu ná með hlutleysisyfirlýsingunni gömlu, var, að þeir yrðu aldrei styrjaldaraðili, þ. e. a. s. tækju sjálfir aldrei beinan þátt í hernaði. Síðan hafa Íslendingar að gefnu tilefni gert það að öðrum hyrningarsteini utanríkisstefnu sinnar að vilja ekki hafa her í landinu á friðartímum, og það er auðvitað í samræmi við fyrra markmiðið. Þetta tvennt, að Íslendingar verði aldrei styrjaldaraðili og að hér verði aldrei herstöðvar á friðartímum, á að mínum dómi að halda áfram að vera kjarni íslenzkrar utanríkisstefnu, og má í því sambandi láta það liggja algerlega milli hluta, hvort þessi stefna og þær ráðstafanir, sem gera yrði til þess að tryggja framgang hennar, er nefnd hlutleysi eða ekki."

Hér er í fáum orðum skýrður meginkjarni þeirrar hlutleysisstefnu, sem hv. 1. landsk. hélt fram allt til ársins 1951, þeirrar stefnu, sem við þjóðvarnarmenn höldum fram enn í dag og munum berjast fyrir. Höfuðatriðið er þetta: Við eigum ekki að láta draga okkur í dilka hervelda né ljá land okkar einu eða neinu ríki til hernaðarundirbúnings, því að slíkir samningar, slík aðstaða, kallar yfir okkur þá hættu að gerast styrjaldaraðili, ef þann voða bæri að höndum. Með aðild að hernaðarsamtökum erum við raunverulega að panta það að gerast skotmark og þátttakendur í hugsanlegri styrjöld.

Hv. 1. landsk. hefur nú illu heilli skipað sér í raðir þeirra manna, sem segja, að þessi stefna, hlutleysi í hernaðarátökum stórvelda, sé óraunhæf, úrelt og einskis virði. Ég neita því, að svo sé. Hver maður, sem fæst til að hugsa málið, hlýtur að sjá, að Íslandi mundi verða stóraukin hætta búin af því að vera í nánu bandalagi og samvinnu við styrjaldaraðila og þar með í augum alheimsins raunverulegur þátttakandi í styrjöld, — miklu meiri hætta búin af því heldur en hinu, að hafa lýst því yfir á alþjóðavettvangi, að við værum hlutlaus og vopnlaus þjóð. Tökum dæmi: Segjum, að löngu fyrir síðustu heimsstyrjöld hefðum við tekið upp náið hernaðarsamstarf við Breta og Bandaríkin og veitt þeim á friðartímum aðstöðu til hervirkjagerðar og vígbúnaðar hér á landi. Mundu nokkrar líkur til þess, að við hefðum þá sloppið eins vel og við þó gerðum út úr hinum ægilega hildarleik síðustu styrjaldar? Vel veit ég það, að við urðum fyrir áföllum, einkum sjómannastéttin, sem í eldinum stóð. En árásir Þjóðverja á íslenzka sjómenn voru með réttu kallaðar morðárásir og fordæmdar af hinum siðaða heimi. Hvers vegna? Vegna þess, að við vorum vopnlaus þjóð. Vegna þess, að við vorum raunverulega hlutlaus þjóð, höfðum mótmælt hernámi Breta, að vísu gert herverndarsamning við Bandaríkin, en allur heimur vissi, að það var í reynd nauðungarsamningur. Hefðum við hins vegar frá því fyrir styrjöldina tekið þátt í hernaðarsamvinnu með Bretum og Bandaríkjamönnum, þá er áreiðanlegt, að Þjóðverjar hefðu engan mun gert á okkur og fjandmönnum sínum, en það gerðu þeir þó þrátt fyrir allt. Hætt er við og raunar fullvíst, að þá hefðu enn þá stórkostlegri skörð verið höggvin í íslenzka sjómannastétt en varð, og var þó vissulega ekki á það bætandi. Í þessu sambandi vil ég spyrja þá hv. alþm., sem hafa tengt okkur á friðartímum hernaðarsamsteypu og tryggt þar með, að litið yrði á okkur sem styrjaldaraðila, ef til stríðs kemur: Eru þeir reiðubúnir til að taka á sig siðferðislega ábyrgð á því, sem slík hernaðarsamstaða mundi geta leitt yfir íslenzka sjómenn? Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð. Ég efast um, að þeir séu menn til þess að taka á sig þá ábyrgð.

Eins og ég rakti nokkuð í fyrri ræðu minni, eru nú hernámsflokkarnir komnir á undanhald í herstöðvamálinu. Tveir þessara flokka, Alþfl. og Framsfl., hafa þegar borið fram eða flutt till., sem að vísu eru hvorki fugl né fiskur, en fela þó í sér augljósa viðurkenningu þeirrar staðreyndar, að ekki sé unandi við herstöðvasamninginn óbreyttan og að framkvæmd hans hafi farið í handaskolum. Meira að segja Sjálfstfl. er farinn að leyfa örlitilli gagnrýni að sjá dagsins ljós í blöðum sínum. Allt eru þetta aug-

ljós merki þess, að nú eru hernámsmenn hræddir. Þeir finna, að jörðin brennur undir fótum þeim.

Sósfl. er að reyna að þakka sér það, sem áunnizt hefur í þessum efnum undanfarna mánuði. Hann langar til þess að vonum að fá menn til að trúa því, að það sé hann, sem skelfi nú stjórnarflokkana og knýi þá til undanhalds, en þeir verða næsta fáir, sem festa á það trúnað. Í þessu efni tala staðreyndirnar skýru máli. Meðan Sósfl. var hinn eini pólitíski flokkur, sem barðist gegn hersetu á Íslandi, höfðu flokkarnir þrír, sem kölluðu yfir okkur hernámið, vissulega ekki mjög mikið að óttast. Sósfl., sem kommúnistar stjórna, var æskilegasti andstæðingur, sem þeir gátu kosið sér, og meðan hann var eini pólitíski andstæðingurinn í þessu stórmáli, þá gátu Bandaríkjaagentarnir sofið nokkurn veginn rólegir. Þeir vissu, að flokkur, sem kommúnistar stýrðu, var þess aldrei umkominn að sameina undir sínu merki allan þann fjölda Íslendinga, sem hvorki vill knékrjúpa amerísku auðvaldi né rússneskum kommúnisma. Afstaða flokksforustu sósíalista og flokksblaða er slík, að þessir menn hafa slegið úr hendi sér þau vopn, sem ein bíta gegn hernámsflokkunum og þjónkun þeirra við ameríska yfirgangsstefnu. Með því að svívirða látlaust allt, sem Bandaríkin varðar, jafnt gott sem illt, en dýrka álíka skefjalaust hvað eina, sem hefur á sér rússneskan blæ, hafa forustumenn sósíalista gert sjálfa sig og flokk sinn ófæran til þess að sameina íslenzka hernámsandstæðinga. Þegar þeir hrópa: Bandaríkin — hafa hernámsflokkarnir svarið á reiðum höndum og æpa: Rússland. Þannig hefur þetta gengið að undanförnu með þeim árangri, að Sósfl. hefur þrátt fyrir hernámsandstöðu sína verið að tapa fylgi.

Sannleikurinn er sá, að það er óttinn við Þjóðvfl. Íslands og þá öldu, sem hann hefur þegar vakið með þjóðinni, sem knúið hefur hernámsflokkana á undanhald. Sá ótti er ekki ástæðulaus. Í kosningunum í vor, sem Þjóðvfl. háði fárra vikna gamall, vann hann sinn fyrsta sigur. Hann náði þegar öruggri fótfestu, jafnvel í kjördæmum, þar sem hann hafði engan frambjóðanda og enga skipulagða starfsemi. Þar hlaut hann fylgi, sem vakti þjóðarathygli. Síðan um kosningar hefur með hverri viku komið betur í ljós, að æ fleiri Íslendingar setja traust sitt á Þjóðvfl. Flokksfélög rísa upp hvert af öðru, og hvarvetna ganga nýir menn undir það merki, sem flokkurinn hefur reist. Unga kynslóðin er þarna í fylkingarbrjósti, eins og vera ber. Kosningarnar til stúdentaráðs sýndu eftirminnilega, hvert stefnir, enda vöktu úrslit þeirra skelfingu allra gömlu flokkanna. Þó veldur það mestum geig í hugum forustumanna hinna gömlu flokka, að hvarvetna um land er nú sívaxandi fjöldi manna, sem skilur, að eina von okkar sem sérstæðrar og frjálsrar þjóðar er að losna við herinn úr landi. Margir þessara manna eru enn utan raða Þjóðvfl. Sumir hafa jafnvel ekki enn þá sagt sig úr lögum við hernámsflokkana sjálfa, en þeim fjölgar stöðugt, sem opna augun til fulls og sjá það, að Þjóðvfl. hefur þegar knúið hernámsliðið á undanhald, og stórfelld aukning þess flokks er eina ráðið til að fylgja sigrinum eftir og reka flóttann. Vegna þessa ótta er það, að Tíminn og Morgunblaðið gera nú daglega hróp að þjóðvarnarmönnum og kalla þá kommúnista. Það eru tilburðir í þá átt að innleiða hér sömu aðferðir og McCarthy og sálufélagar hans í Bandaríkjunum beita gagnvart hverjum frjálslyndum manni.

Óttinn við Þjóðvfl. hefur nú jafnvel gengið svo langt, að hafnar eru pólitískar ofsóknir gegn þjóðvarnarmönnum. Þess er skemmst að minnast, að framsóknarbroddarnir hafa látið þjóna sína norður í Eyjafirði reka frá störfum Bjarna Arason héraðsráðunaut búnaðarfélaganna í Eyjafirði, ágætan og vinsælan starfsmann, sem hefur það eitt til saka unnið að segja sig úr Framsfl. og ganga í Þjóðvfl. Þessar aðfarir Framsóknar hafa hlotið fyrirlitningu allra heiðarlegra manna. Blað Sjálfstfl., Íslendingur á Akureyri, gagnrýnir það harðlega. Alþbl. hitti naglann á höfuðið á dögunum, þegar það skýrði frá þessari pólitísku ofsókn. Blaðið lét svo um mælt, að íslenzk tunga ætti eitt orð, sem lýsti til fullnustu hátterni framsóknarbroddanna, það væri orðið: skepnuskapur. En það vil ég segja þessum herrum, að hvað marga þjóðvarnarmenn sem þeir reka frá störfum eða reyna að ofsækja á annan hátt, þá munu engin bellibrögð duga til að stöðva þá öldu, sem nú er risin. Þjóðvfl. Íslands mun halda áfram að vaxa og verða æ betur fær um að gegna því hlutverki að sameina þjóðholla og framsækna Íslendinga til baráttu fyrir stjórnarfarslegu og efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Við þjóðvarnarmenn munum í engu skelfast þau hróp, sem að okkur eru gerð úr báðum áttum, hvorki hróp hernámsflokkanna, sem kalla okkur kommúnista og rússneska agenta, né hróp kommúnista, sem kalla okkur leiguþý hernámsliðsins. Við munum sanna það með stefnu okkar og starfi, að hvort tveggja eru jafnstaðlausir stafir.

Íslendingar. Andstæðingar hersetu á Íslandi, hvar í flokki sem þið hafið staðið, til ykkar beini ég síðustu orðum mínum í kvöld. Verið minnugir þess, að þið hafið þegar unnið afrek. Þið hafið þegar með andstöðu ykkar við hersetu gert hernámspostulana hrædda. En treystið ekki allt of vel orðum þeirra manna, sem áður kölluðu hingað ameríska dáta, þó að þeir hefðu svarið, að hér skyldi aldrei leyfð herseta á friðartímum. Aðeins fyrir hræðslu sakir við fylgistap eru þeir nú komnir á undanhald. Fylgið fast eftir sigrinum, og rekið flóttann. Sýnið hernámsflokkunum í tvo heimana. Linnið ekki baráttunni, fyrr en Ísland hefur slitið af sér alla hernámsfjötra. Greiðasta leiðin til þess er að efla Þjóðvfl. Íslands og sameina undir merki hans sem flesta þjóðholla Íslendinga. Ég veit, að hér á eftir mér munu tala ýmsir sérfræðingar í blekkingum, og þeir munu kosta öllu til að hagnýta þá kunnáttu. En trúið þeim varlega. Munið, að eina stefnan, sem forðað getur íslenzkri þjóð frá tortímingu, er þessi: að losna við alla hersetu, að gerast aldrei styrj-

aldaraðili, að stofna aldrei íslenzkan her. — Góða nótt.

*Einar Olgeirsson:* Góðir hlustendur. Þið hafið heyrt málflutning hernámsflokkanna. Hvernig lízt ykkur nú á varnir þeirra fyrir hernáminu. Enginn þeirra þorði að verja hernámssamninginn lengur og framkvæmd hans. Mér heyrðist meira að segja á ræðum íhaldsins, að Sjálfstfl. væri orðinn hræddur við þjóðina, og þeir hafa vissulega ástæðu til þess að vera hræddir, hernámsflokkarnir, en það eftirtektarverða í ræðum þeirra er, að það skuli vera þeir, sem tala svona. Þetta eru hernámsflokkarnir, sem fyrir 500 millj. dollara ofurseldu efnahagslíf Íslands undir hið kalda hernám ameríska auðvaldsins, ofurseldu alþýðuna þar með undir gengislækkunina og alla lífskjararýrnun síðustu 6 ára. Þetta eru flokkarnir, sem ofurseldu Ísland undir hið heita hernám ameríska auðvaldsins 5. maí 1951, undir þá smán og þá kúgun, sem brennur nú í blóði hvers ærlegs Íslendings. Þessir flokkar voru þó að reyna undanbrögð í ræðum sínum hér áðan. Þeir hafa ekki manndáð í sér til þess að viðurkenna glapræðið, sem þeir gerðu, þegar þeir kölluðu ameríska herinn inn í landið, en þykjast nú engir vilja bera ábyrgð á afleiðingum verka sinna, þegar þau blasa við. Þessir hernámsflokkar þora ekki að leggja hernámssamninginn og hafa aldrei þorað að leggja hann undir þjóðaratkvæði. Þjóðin hefur aldrei samþykkt hann. Þeir þorðu það sízt í kosningunum í sumar. Þeir fóru undan í flæmingi, frambjóðendur þeirra. Þeir lögðu á flótta fyrir þeim rökum, sem við sósialistar alltaf höfum beitt í þessu máli. Þessir flokkar gáfust upp, af því að þjóðin var búin að sjá, að Sósfl. hafði sagt henni satt um hernámið, og ef þeir áttu ekki að eiga á hættu að missa fylgi, þá dugði ekki annað en að snúast gegn hernáminu, í orði kveðnu að minnsta kosti.

Þessir hernámsflokkar hafa hér á landi verið hin íslenzka deild ameríska árásarhersins. Þeir hafa lagt landið undir ameríska herinn. Á þeirra ábyrgð eru allar afleiðingar hernámsins í friði og stríði, líka þau svik, sem ameríska auðvaldið hefur í frammi við þjóðina. Þjóðin þekkti svik og ofbeldi þess auðvalds frá árunum 1945 og 1946. Það var því engum heilvita manni ofverk að sjá, hvað verða mundi, ef ameríski herinn væri kallaður inn í landið á ný.

Við sósialistar höfum barizt einir við þetta lið, því að Þjóðvfl. hefur aldrei barizt, aðeins reynt að slá sér pólitískan gjaldeyri úr réttlátri reiði fólksins. Sósfl. hefur barizt með vonir allra vinnandi og hugsandi Íslendinga að afl gjafa. Við munum nú reka þann flótta, sem hernámsflokkarnir eru komnir á. Það er mikill sigur fyrir þjóðina, að þessi flótti skuli vera brostinn í íslenzka hernámsliðið. Við munum auðvitað fylgja þeim undanhaldstillögum, sem hernámsliðið hér kann að bera fram af ótta við fólkið, en við skulum ekki láta þær till. blekkja okkur. Við skulum gera okkur alveg ljóst, hvað hernámsliðið nú er að reyna að gera. Þegar þjóðin er risin upp og heimtar herinn burt, þá eru hernámsflokkarnir að reyna að þvælast fyrir því, að þessi afdráttarlausa krafa nái fram að ganga. Þeir eru með undanhaldinu að reyna að bjarga aðalatriðinu, herstöðvum Ameríkana á Íslandi. Þetta er mergurinn málsins. Þeir eru jafnvel til í að fórna Hamilton. Það gæti meira að segja komið sér vel fyrir æðstu stjórnendur Framsóknar og íhaldsins að hirða sjálfir gróðann, sem Hamilton hefur af íslenzku alþýðunni. Braskarar Framsóknar og íhalds slægju með því tvær flugur í einu höggi. — Út af þessum lögbrotum Hamiltons vildi ég annars segja það við yfirvöldin á Suðurnesjum og forustumenn Alþýðusambandsins: Farið þið heim til ykkar og lesið þið Bátsendapundarann eftir Grím Thomsen. „Reizlan er bogin og lóðið er lakt" þar á Suðurnesjum enn, og látið þið Skúla fógeta kenna ykkur, hvernig á að meðhöndla þjófa og þorpara eins og Hamilton-hörmangarana. Það er til skammar að þola yfirgang þessa auðfélags lengur. Svona yfirgangsseggi á bara að segja við: Ef þið hafið ekki skilað öllu, sem þið hafið stolið af verkamönnum og verkakonum Íslands, skilað því miðað við fyllstu íslenzka taxta, þá verður allsherjarbann á ykkur, innan viku. — Allt þref við auðfélög eins og Hamilton er til skammar. Við slíka menn er bezt að breyta eins og Skúli fógeti við einokunarkaupmenn á Bátsenda.

„Hann skrifaði lítið og skrafaði fátt,
en skörungur var hann í gerð,
og yfir rummungum reiddi hann hátt
réttar og laganna sverð."

Ef við Íslendingar látum þessa Ameríkana á Suðurnesjum kenna á samtakamætti verkalýðsins, skörungsskap þjóðarinnar, þá skulum við sjá, hvort það fer ekki fyrr en varir eins með ameríska auðfélagið og með danska höndlarann forðum. Það þarf að greiða Hamilton höggið, eins og Skúli gerði, vel útilátið og fljótt,

„svo búðsetuliðið varð bráðlega spakt,
og búðina ruddi hann skjótt."

Íslendingar. Til hvers höfum við sloppið úr aldaáþján danska einokunarauðvaldsins, ef við eigum að þola deginum lengur rán og réttarskerðingu, dramb og dólgshátt ameríska auðfélaga, sem vilja breyta öllu Íslandi í ein Suðurnes? Og er ekki líka skömm að því að þola lengur dólgshátt ameríska hermanna? Þeir hafa þegar drepið einn íslenzkan mann. Þeir hafa hótað að skjóta starfsmenn íslenzka ríkisins, og þeir miðuðu síðast í gær byssustingjum sínum að hafnfirzkum sjómönnum í Hvalfirði. Á að líða þeim þetta lengur? Er ekki tími til kominn að reka þennan lýð úr landi, áður en hann er búinn að myrða eins marga og hann gerði, þegar hann var hérna síðast?

Grýla gamla — Rússagrýlan — gekk hér um garð áðan með Gils og Gylfa í halanum og tók á sprett, þegar Jónas og Bjarni komust að. Það hefði nú verið undarlegt, ef sá draugur hefði ekki gengið aftur í þetta sinn. Rússagrýlan er ameríska auðvaldinu ein geysihagleg geit. Úr spenum hennar rennur lygamjöður sá, sem fyllir hernámsblöðin hvern dag. Rússa-

grýlan á að mjólka ameríska auðvaldinu gull og gróða, þjóðir og lönd, dýrmætustu herstöðvar heims, og þegar undirþjóðir amerísku auðkónganna gerast fulldrukknar af miði hennar, þá á að etja fíflunum á foraðið, fórna þeim, sem auðdrottnarnir hafa brjálað í árásarstríði ameríska auðvaldsins, eins og Hitler fórnaði blómanum af æsku Evrópu fyrir 10 árum.

Íslendingar. Eigum við að láta vesæla mammonsþræla Ameríku forheimska okkur svona? Þjóð okkar hefur verið og er ein gáfaðasta þjóð heims, þjóð Eddnanna og Íslendingasagnanna, þjóð Stephans G. og Halldórs Kiljans Laxness. Höfum við ekki nógu lengi verið fótaþurrka Ameríkana, þótt þeir séu nú reknir burt?

Gils Guðmundsson, hv. 8. þm. Reykv., reyndi með dæmalausri frekju og blekkingum hér áðan að afsaka þáltill. þeirra þjóðvarnarmanna. Þeirra till. hljóðar aðeins um viljayfirlýsingu Alþingis um að æskja þess, að ríkisstj. flytji frv., en hún rúmar enga lagafyrirskipun um uppsögn samningsins eins og till. okkar sósíalista.

Gylfi Þ. Gíslason, hv. 1. landsk., neitaði því áðan, að Finnbogi Rútur hefði haft rétt eftir Haraldi Guðmundssyni ummælin um stefnu Alþfl. Þetta er rangt hjá Gylfa. Ummælin voru orðrétt úr ræðu Haralds.

Gylfi Þ. Gíslason, hv. 1. landsk., og Jónas Rafnar, þm. Ak., töluðu hér um lýðræði í sambandi við Bandaríkin. Það þarf óskammfeilni til. Hverjar eru staðreyndirnar? Í Bandaríkjunum er nýr fasismi að komast til valda. Dómsmorð og brjálæðiskenndar skoðanaofsóknir einkenna stjórnarfarið allt. Og hvernig er ástandið hér? Hér starfar útibú fyrir ameríska fasismann. Hér í ameríska sendiráðinu á Laufásvegi og á Keflavíkurflugvelli eru reknar skoðananjósnir um íslenzka menn. Hér dirfast erindrekar Ameríkana að spyrja íslenzka borgara, hvernig þeir hafi kosið í kosningum. Hér eru menn reknir úr vinnu — með tilvitnunum í amerísk lög — fyrir, að vandamenn þeirra fylgi íslenzkum málstað, en ekki amerískri yfirráðastefnu. Og hver kostar þessar amerísku njósnir og þessa nýfasistísku áróðursstarfsemi? Það gerir íslenzka ríkið. Á undanförnum árum hafa verið greiddar yfir 20 millj. kr. úr einum sjóði íslenzka ríkisins til ameríska sendiráðsins í Reykjavík. Fyrir þetta fé kaupa Ameríkanar íbúðir í Reykjavík og hrekja íslenzkar barnafjölskyldur á kaldan klakann. Fyrir þetta fé er rekin mútu- og njósnastarfsemi Ameríkana á Íslandi. Fyrir þetta fé er prentaður amerískur lygaáróður og gefinn í skóla landsins. En ef byggja þarf skólahús fyrir Íslendinga, þá eru engar 20 millj. til, eða ef bæta þarf við íbúðir handa íslenzkum fjölskyldum, þá eru engir peningar til. Ef það þarf að hækka ellilaun gamla fólksins, eins og við sósíalistar leggjum til, þá neita agentar Ameríkana um fé, en handa Ameríkönunum er nóg fé til.

Hv. 1. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, talaði eins og glópur hér áðan um afstöðu ameríska hersins á Íslandi. Hann deildi á þá einu stefnu, sem vit er í fyrir Íslendinga að hafa: algert hlutleysi og vopnleysi — þá stefnu, sem á að vera stolt vor Íslendinga að berjast fyrir í heimi, gráum fyrir járnum. Gylfi virðist ekki gera sér ljóst, til hvers ameríska herveldið er hér nú. Hann heldur, að ameríska auðvaldið sé hér til að vernda okkur lýðræðisins vegna. Hvað er það, sem ameríska auðvaldið vill með Ísland? Það vill Ísland sem herstöð til árása á Evrópu. Ameríska auðvaldið er að stækka flugvöllinn í Keflavík til þess að gera hann fullkomlega hæfan fyrir árásarsprengjuflugvélar, og þetta er gert með vitund og vilja íslenzku ríkisstj., og árásirnar eru sem stendur miðaðar við loftárásir á bezta viðskiptaland Íslands, Sovétríkin, en ef ameríska hervaldið fær að festa sig hér, líka beint gegn nágrannaþjóðum okkar, Bretum og Norðurlandaþjóðunum, því að það veit enginn, hvenær Bandaríkjaauðvaldið, sem núna þróast óðfluga til fasismans, álítur nauðsynlegt að ráðast á þau ríki að hætti fyrirrennara síns, Hitlers.

Með árásarundirbúningi Ameríkana hér á Íslandi er allri hættunni boðið heim. Ameríska auðvaldið vill fá Ísland sem drápssker, því að stríð er fyrst og fremst gróðafyrirtæki í augum amerísku auðhringanna. Þeir græddu 50 milljarða dollara, 800000 millj. ísl. króna, á síðasta stríði. Þeir óttast kreppu meira en stríð. Amerísku auðhringarnir létu lepp sinn, Syngman Rhee, hefja Kóreustyrjöldina 1951, þegar kreppan var að færast yfir þá, og núna óttast þeir kreppu á ný og leita alls staðar um heim að átyllum til að hefja stríð. Múgmorðin eru blómlegasta atvinnugrein, ábatasamasti gróðavegur amerísku auðmannanna, og þess vegna vilja þeir fá Ísland til þess að geta undirbúið næsta blóðuga gróðafyrirtæki sitt. Hvað kostaði Ísland þessa kaupmenn dauðans? Ameríska auðvaldið fleygði 500 millj. kr. í ríkisstjórnir hernámsflokkanna. Það græðir þessar 500 millj. kr. á launalækkunum þeim, sem það hefur knúið fram hjá íslenzka verkalýðnum með gengislækkuninni og öðrum þeim árásum á lífskjörin, sem það hefur látið gera hér á síðustu árum.

Ameríska auðvaldið hefur fengið Ísland sem drápssker til árása á Evrópu. En hvað fær íslenzka þjóðin? New Statesman and Nation, eitt bezta og frægasta tímarit Bretlands, sagði fyrir nokkrum árum, er það ræddi hættu Breta í nýju heimsstríði:

„Við getum, ásamt Grikklandi, Tyrklandi og Íslandi, verið herstöð í fremstu víglínu fyrir Ameríku.“ Og svo vitnaði það í blað ameríska atómsérfræðinga og sagði: „Það er hægt að eyðileggja þau ríki, sem verða herstöðvar í fremstu herlínu fyrir okkur, með þeim sprengjufleygum og flugvélum, sem nú þegar eru til taks. Ameríka getur því aðeins haldið þessum herstöðvum með því að stofna þessum vinsamlegu þjóðum í þá hættu, að þeim verði gersamlega útrýmt og þá væntanlega gegn þeirra vilja.“

Svo mörg voru þau orð. Gera amerísku valdhafarnir sér nokkrar áhyggjur út af því að útrýma Íslendingum, þegar þeir þykjast vera að vernda okkur? Nei, þvert á móti. Þeir gera sér leik að því. Við höfum reynsluna af því úr

síðasta stríði. Við höfðum varnarsamning við Ameríkana þá. Einn æðsti maður Bandaríkjanna, Edgar Hoover, yfirmaður amerísku öryggislögreglunnar, hefur sagt frá því í American Magazine í maí 1946, að hann hafi látið þýzka njósnara, sem hann hafði náð í, halda áfram að senda nazistahernum skeyti til þess að telja þeim trú um, að innrásin í Evrópu ætti að gerast frá Íslandi til Noregs, m. ö. o. að reyna að beina skotum Þjóðverja að Íslandi sem skotspæni, leiða tortímingu yfir land vort og þjóð. Þetta var verndin. Og þetta er tilgangur verndaranna enn. Við Íslendingar eigum að vera fórnarlömbin fyrir amerísku auðvaldið í blóðugasta gróðafyrirtæki þess, nýju heimsstríði. Svona er það hlutskipti, sem þetta mammonsríki Ameríku, svo að notuð séu orð Matthíasar Jochumssonar, ætlar íslenzku þjóðinni.

Lokaröksemd þessara hernámsflokka hér í umræðunum hefur svo verið sú, að af því að Ísland sé í Atlantshafi, þá eigum við sjálfir að biðja um að fá að vera peð fyrir amerísku auðvaldið, fá að vera drepnir, þegar það fer í nýtt stríð. Þessi rökvilla er rökþrot manna, sem standa sjálfa sig að glapræði og leita að rökum fyrir glæp sínum eftir á.

Íslendingar. Er ekki tími til kominn, að öll þjóðin rísi upp og heimti einum munni: Burt með amerísku herinn af Íslandi. — Það er það sem þjóðin vill, en hún þarf að segja það svo afdráttarlaust, að ekki verði um villzt. Til þess að knýja fram brottflutning hersins og öll þau hagsmunamál alþýðu, sem í rauninni eru órjúfanlega tengd því, að yfirdrottnun Ameríkana yfir Íslandi ljúki, þarf einingu þjóðarinnar, samstarf allra þeirra afla, sem vilja vinna að þessu marki.

Það er aðeins einn prófsteinn til á það, hvort menn og flokkar meina það í alvöru, að þeir vilji herinn burt. Það er, hvort menn vilja í reynd vinna saman að því, berjast saman, láta engar mismunandi skoðanir, engar grýlur, engar gamlar væringar skipta því liði, sem verður að standa sem heild, ef það á að bjarga Íslandi.

Sósfl. hefur boðið Alþfl. samstarf. Sá flokkur hikar og tvístígur, mænir vonaraugum til Framsóknar, sem alltaf hefur undirokað Alþfl. og leikið hann grátt, þegar hún hefur getað. Það er fólkið í Alþfl., sem þarf að rísa upp og taka af skarið, skapa einingu alþýðunnar á Íslandi og gera íslenzka alþýðu að sterkasta aflinu í íslenzkum stjórnmálum, eins og hún er, þegar hún stendur saman.

Sósfl. hefur boðið Þjóðvfl. samstarf í hernámsmálinu. Og það virðist, að það ætti þó að vera auðsótt. Þeir Þjóðvfl.-menn þykjast vilja frelsa þjóð vora frá smán og tortímingu, segjast vilja berjast fyrir því, að amerískt innrásarherinn sé tafarlaust rekinn burt. Þeir vita, að þetta verður ekki gert nema með samstarfi allra þeirra krafta, sem að þessu vilja vinna. Þeir vita, að það er einn einasti flokkur, sem allan tímann hefur barizt gegn hernáminu og allri yfirdrottnun amerískra auðvaldsins yfir Íslandi, sá flokkur, sem hindraði það 1945, að Ameríkanar fengju herstöðvar til 99 ára á Íslandi, Sósfl., og hann hefur barizt, meðan margir þeir þögðu, sem nú tala hæst. En þeir þjóðvarnarmenn segjast ekki vilja vinna með þessum flokki, ekki einu sinni kjósa með honum í nefndir á Alþ., nema Alþfl., einn hernámsflokkurinn, geri það líka. M. ö. o.: Hernámsliðið þarf að leggja blessun sína yfir það, að andstæðingar hernámsins vinni saman, þegar líf þjóðarinnar liggur við. Hvað er svona framkoma gagnvart þjóð vorri á örlagatímum? Þessi framkoma er pólitískt hugleysi. Forustumenn Þjóðvfl. vita, að Rússagrýlan er höfuðlygi amerískra auðvaldsins. En þeim flökrar samt ekki við að reyna að hagnýta sér hana til árása á Sósfl. Þeir þora ekki að segja sannleikann um þessi mál, af því að þeim finnst hægara að standa í byrnum frá Bandaríkjaauðvaldinu, haga seglum sínum eftir áróðursstormi þess, því að þeir eru ekki að hugsa um að segja sannleikann, heldur segja það, sem þeir halda að sé haganlegt til pólitísks framdráttar, þó að það sé ósatt. Hver er afleiðingin af þessu pólitíska hugleysi Þjóðvfl.? Hún er sú — nú þegar — að gefa hernámsflokkunum alla menn í öllum nefndum í deildum Alþ., þó að andstæðingar hernámsins hafi haft fullt þingfylgi til þess að eiga menn í öllum þeim nefndum. Eftir slíkum pólitískum asnaskap og siðferðislegu hugleysi mundi Þjóðvfl., ef Sósfl. og hann væru tveir saman í meiri hluta á Alþ., neita að mynda ríkisstjórn með Sósfl. um að reka ameríska herinn burt úr landinu, nema einhver hernámsflokkanna leyfði eða væri með í stjórninni. Að segjast vera með því að frelsa þjóðina úr klóm amerískra hervaldsins, en neita samstarfinu um að framkvæma það verk, það er að svíkja þjóðina með kossi.

En þjóðin mun skapa sína einingu, hvaða menn sem reyna að hindra það og hvaða ráðum sem þeir beita. Verkalýður Íslands hefur áður sýnt þjóðinni, hvernig verður að berjast gegn amerísku yfirdrottnuninni. Verkalýðssamtök Reykjavíkur gerðu fyrsta pólitíska allsherjarverkfallið á Íslandi 1946 til þess að mótmæla Keflavíkursamningnum. Verkalýður Reykjavíkur mótmælti þúsundum saman inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið 30. marz 1949. Engar kylfur né táragas, hneykslisdómar né ofsóknir megna að brjóta kjark íslenzkra verkamanna. Í verkföllunum 1951 og vetrarverkfallinu mikla 1952 sýndi verkalýðurinn, hver máttur hans er til baráttu gegn kúguninni, og hann á eftir að sýna það betur, ef ekki verður látið undan kröfum hans, faglegum og pólitískum.

Stúdentar Íslands, beztu menntamenn þjóðarinnar, hafa sýnt það, þegar mest reynir á, að þeir eru arfi Íslands trúir. Stúdentaráð háskólans skóp samfylkingu gegn nazismanum 1935, þegar Halldór Kiljan Laxness þá flutti sína sögulegu ræðu af svölum þessa húss 1. desember. Stúdentaráð háskólans fylkti sér einhuga gegn herstöðvakröfum Ameríkana 1945. Og stúdentar háskólans, sem fylgja Sósfl., Þjóðvfl., Alþfl. og Framsfl., hafa nú, 1953, samfylkt til að heimta herinn burt af Íslandi. Þessi menntaæska er þjóð vorri allri til fyrirmyndar í verki. Þökk sé henni. Sigggrónar hendur

verkamanna þrýsta þessa dagana hönd hinna ungu stúdenta í anda.

Og um sveitir landsins fer uppreisnaraldan. Bændastétt Íslands, sem hafði forustu í frelsisbaráttunni gegn Dönum, rennur nú blóðið til skyldunnar. Framsóknarkempurnar skjálfa, gera ýmist að beita ofsóknum, eins og í Eyjafirði, eða brosa til vinstri, þora samt í hvoruga löppina að stíga. En bændur Íslands munu ekki bíða eftir þeim. Það sýnir fordæmi bændanna á Vatnsleysuströnd.

Eining Íslendinga gegn hernum er að skapast. Sú eining þjóðarinnar verður að skapast um eitt: afdráttarlausa kröfu um burtför hersins af Íslandi. Og sú eining verður að mótast af einu: afdráttarlausri samstöðu allra þeirra, sem vilja herinn burt, hvaða skoðanir og flokka sem þeir annars aðhyllast. Það er sæmd þjóðarinnar, menning og líf, sem er í voða. Þegar slíku á að bjarga, er aðeins spurt um eitt: Ertu með málstað Íslands eða á móti honum? — Ættjarðarljóðin eða ástarjátningarnar til fósturjarðarinnar duga ekki einar í þeirri baráttu. Hér þurfum við Íslendingar á allri þeirri hörku, öllu því hugrekki að halda, sem Ísland hefur alið upp í börnum sínum frá upphafi vega, því að nú er annaðhvort að duga sem menn eða drepast eins og amerísk þý.

Verkamenn, sjómenn, bændur, menntamenn, Íslendingar. Rísið upp, hver í sínu félagi, sínum flokki. Skapið órofa einingu þjóðarinnar í sjálfstæðisbaráttu hennar gegn amerísku yfirdrottnuninni. Knýið foringja ykkar til tafarlausrar stefnubreytingar, til brottrekstrar hersins og samstöðu um það. Og ef þeir ekki vilja láta undan kröfum ykkar, þá yfirgefið þið þá. Burt með kúgunina. Burt með smánina. Burt með Hamilton. Burt með herinn. Tafarlausa uppsögn hernámssamningsins. Það er krafa þjóðarinnar, og þá kröfu á Alþingi að framkvæma. — Góða nótt.

*Guðmundur Í. Guðmundsson:* Herra forseti. Fyrir Alþ. liggja nú þrjár till. um varnarmálin. Kom fyrst fram í Sþ. þáltill. flutt af tveim þm. Alþfl. Till. er flutt samkvæmt ályktun miðstjórnar flokksins og miðar að því, að varnarsamningurinn verði endurskoðaður, án þess að honum sé sagt upp og án þess að beitt sé ákvæði 7. gr. hans um endurskoðun á því, hvort varnanna sé lengur þörf. Í till. er kveðið á um, við hvað stefna ríkisstj. í sambandi við endurskoðunina skuli meðal annars miðast. En upptalningin í till. er alls ekki tæmandi, enda telur Alþfl., að reynslan hafi sýnt, að breyta þurfi fleiri ákvæðum varnarsamninganna en nefnd eru í till. sjálfri. Fyrsti flm. till., Gylfi Þ. Gíslason, hefur þegar gert grein fyrir henni og skal ég því ekki ræða hana frekar.

Þá er komið fram í hv. Nd. frv. til l. um uppsögn varnarsamningsins, flutt af þm. Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., og loks þáltill. þjóðvarnarmanna, sú er hér er til umræðu. Það er sameiginlegt við till. þeirra samherjanna, þjóðvarnarmanna og kommúnista, að báðir leggja á það megináherzlu, að varnarliðinu verði vísað úr landi og það skuli að fullu og öllu farið héðan eftir að 18 mánaða fresturinn samkv. 7. gr. varnarsamningsins er liðinn, hvernig sem ástandið í heiminum kann þá að reynast. Skiptir í augum þessara flokka engu máli, þó að friðurinn í heiminum sé þá í svo alvarlegri hættu, að allir viðurkenni, að búast megi við, að til ófriðar kunni að draga á hverri stundu, og að ljóst sé, að brottför varnarliðsins frá Íslandi kynni jafnvel að hafa þá þýðingu að hleypa heimsstyrjöld af stað, á svipaðan hátt og samningur Hitlers og Stalins gerði 1939.

Þjóðvarnarmenn og kommúnistar byggja tillögur sínar og málflutning á því, að Íslendingum henti það bezt að hverfa aftur að hefðbundinni hlutleysisstefnu og að varnir hér séu til þess eins fallnar að gera Ísland að skotmarki óvinanna. Fyrr á árum átti hlutleysiskenningin rétt á sér. En ekki vegna þess, að hlutleysisstefnan veitti okkur öryggi, heldur eingöngu af þeim einfalda sannleika, að Ísland var fjarri öllum vígvöllum og lega þess hafði ekki þýðingu í átökum stórveldanna. Með aukinni tækni varð Ísland mjög þýðingarmikið í styrjöld stórveldanna vegna legu sinnar, og vígvellirnir færðust út á Atlantshafið að ströndum landsins. Og hvernig fór? Í fyrsta skipti, sem reyndi á mátt hlutleysisyfirlýsingarinnar, eftir að Ísland varð hernaðarlega þýðingarmikið, var landið hernumið af Bretum, sem flýttu sér hingað árið 1940 til þess að verða á undan Þjóðverjum. Hlutleysisyfirlýsingin reyndist nákvæmlega einskis virði, þegar hernaðarleg yfirráð yfir landinu skiptu máli fyrir stórveldin. Þessi kenning hefur því sannað Íslendingum fánýti sitt, og þurfum við ekki lengra að leita um það. Þjóðvarnarmenn eru einnig að byrja að viðurkenna fánýti þessarar kenningar. Í stefnuskrá sinni og málflutningi héldu þeir því fram í upphafi, að Ísland ætti að halda hlutleysi sínu, þó að til styrjaldar kæmi. Nú hefur Gils Guðmundsson verið spurður að því hvað eftir annað í umræðum hér á Alþ., hvað Þjóðvfl. mundi gera, ef til styrjaldar kæmi og vesturveldin óskuðu eftir aðstöðu hér eins og í fyrra stríði. Þrátt fyrir ákvæði í stefnuskrá flokksins hafa þeir þjóðvarnarmenn ekki lagt í að svara þessari fyrirspurn hér á Alþingi. Það sýnir það, að þeir eru sjálfir farnir að missa trúna á sína eigin stefnu og sinn eigin málflutning.

Í umræðunum um varnarmálin hefur framkvæmd varnarsamningsins mjög borið á góma, eins og heyrzt hefur í útvarpinu hér í kvöld og öllum er kunnugt, sem blöðin lesa. Kommúnistar og þjóðvarnarmenn hafa mjög haft sig í frammi í slíkum umræðum. Allur hefur þeirra málflutningur verið á einn veg. Allt telja þeir illa gert í sambandi við þessi mál, og málstað Íslendinga telja þeir ætíð svikinn, ef þess er kostur. Þarf engum að koma slíkur málflutningur á óvart af þeirra hálfu. Báðir einbeita þeir öllum kröftum sínum að því, að varnir landsins verði felldar niður, og að því marki vinna þeir meðal annars með því að ala á óvild í garð varnarliðsins og skapa tortryggni um framkvæmd varnanna. Hvorugan þessara flokka skortir ófyrirleitni til að grípa til þeirra vopna, sem þeir halda að bezt biti, og hirða

lítt um, hve rétt sé með staðreyndir farið. Í þeirra huga helgar tilgangurinn meðalið, og það er þeim nóg. Þetta veit almenningur, og út frá því sjónarmiði er hlýtt á þeirra málfærslu.

Það hefur hins vegar valdið undrun kunnugra, hvernig Framsfl. og blað hans, Tíminn, hefur rætt um framkvæmd varnarmálanna, þ. e. a. s. fram undir stjórnarskiptin í s. l. september. Var svo að sjá á Tímanum s. l. vor og sumar sem varnarmálin væru í hinum mesta ólestri og að alla Íslendinga, sem nálægt þeim kæmu, skorti vilja, getu og tíma til að gera þar nokkuð að gagni. Frá því, hverjir það væru, sem stjórnuðu framkvæmd varnanna af Íslands hálfu, og bæru ábyrgð á ástandinu, skýrði Tíminn hins vegar aldrei, og það var heldur ekki við því að búast. Það er öllum kunnugt, sem með varnarmálunum hafa fylgzt, að yfirstjórn varnarmálanna í tíð fyrrverandi stjórnar var í höndum hæstv. ríkisstj. allrar. Öll atriði, sem verulegu máli hafa skipt um framkvæmd varnanna eða álitamál gætu talizt, hafa verið borin undir ríkisstj. alla og afgreidd á ráðherrafundum. Enginn hefur heyrt þess getið, að ágreiningur hafi nokkru sinni verið í ríkisstj. um, hvernig ráða skyldi fram úr einstökum atriðum. Við þessa sameiginlegu yfirstjórn ríkisstj. allrar yfir varnarmálunum bætist svo það, að sérhvert ráðuneyti stjórnaði daglegri framkvæmd þeirra mála, sem eðli sínu samkvæmt heyrðu undir ráðuneytið. Þannig fór dómsmrn. Bjarna Benediktssonar með stjórn dómsmálanna, fjmrn. Eysteins Jónssonar með stjórn tollmála og annaðist öll landakaup vegna varnarliðsins, félmrn. Steingríms Steinþórssonar annaðist allar mannaráðningar til varnarliðsins, úrskurðaði, hversu marga menn mætti ráða í vinnu, samdi launaskrá og sá um húsnæði fyrir Íslendinga í þjónustu varnarliðsins og annaðist innheimtu opinberra gjalda, og þannig mætti lengi telja. Allt þetta er þeim Tímamönnum vel kunnugt, þótt ekki væri nema af því, að á síðasta flokksþingi Framsóknar lýstu ráðh. flokksins yfir því, er fram var borin till. um vantraust á þáverandi hæstv. utanrrh., Bjarna Benediktsson, vegna framkvæmda varnanna, að ef vantraustið yrði samþykkt, þá tæki það einnig til ráðh. Framsfl., vegna þess að ríkisstj. hefði öll haft samráð um þessi mál og bæri á þeim sameiginlega ábyrgð. Það er því staðreynd, sem ekki verður hnekkt, að ábyrgðin á framkvæmd varnanna í tíð fyrrv. stjórnar hvílir á ríkisstj. allri.

Þegar fulltrúar á flokksþingi Framsóknar urðu að hætta við að samþykkja vantraustið á Bjarna Benediktsson vegna samábyrgðar framsóknarráðherranna í þessum málum, tók Tíminn upp á því snjallræði að „adressera" vantraustið á utanrrh. til varnarmálanefndar í þeirri von, að það sneri ekki að ríkisstj. allri. Í sambandi við þá sendingu vil ég aðeins taka það fram, að nefndin fór í öllu eftir þeim línum, sem ríkisstj. í heild og einstakir ráðh. lögðu fyrir hana, og gerði ekkert annað en framkvæma vilja stjórnarinnar og einstakra ráðherra, sem málin heyra undir. Ég varð þess aldrei var, að neinn ráðherra hefði neitt við störf nefndarinnar að athuga.

En hvað er það svo, sem einkum er gagnrýnt í sambandi við framkvæmd varnanna? Og hvað er gagnrýni á gerðum samningum og hvað gagnrýni á framkvæmd? Vegna starfa minna í varnarmálanefnd og þeirra kynna, sem ég fékk af málunum þar, þykir mér rétt að ræða þessi atriði nokkuð.

Það, sem ég hygg, að mest hafi verið rætt um í þessu sambandi, eru ferðir varnarliðsmanna utan varnarsvæðanna. Hefur verið að því fundið, að varnarmálanefnd skyldi ekki einangra varnarliðsmenn á varnarsvæðunum. Hafa þetta verið kölluð mistök á framkvæmd. Slík ásökun er ekki rétt. Ég get upplýst, að um leið og varnarsamningurinn var gerður, löngu áður en varnarmálanefnd varð til, var jafnframt samið sérstaklega um það við stjórn Bandaríkjanna, hvaða reglur skyldu í stórum dráttum gilda um ferðir og dvöl varnarliðsmanna utan samningssvæðanna. Við framkvæmd á þessum reglum tók varnarmálanefnd, er hún var skipuð. Ein grein í þessum reglum segir, að varnarliðsmenn skuli búa á samningssvæðunum. En síðan segir orðrétt: „Ákvæði þetta skal eigi skýrt svo, að fólki þessu sé óheimilt, er það er á ferðalagi eða í leyfi, að dveljast um stuttan tíma á gistihúsum eða öðrum slíkum stofnunum á Íslandi, sem opnar eru almenningi, eftir því sem húsrými er fyrir hendi." Eftir þessum samningsákvæðum varð varnarmálanefnd að fara, og þau verða ekki misskilin. Samningsgreinin skyldar varnarliðsmenn að vísu til að búa á varnarsvæðunum, en heimilar þeim að fara um landið í leyfum sínum og beinlínis tryggir þeim rétt til að búa á gistihúsum, ef húsrúm leyfir.

Ég spyr nú: Hvernig átti varnarmálanefnd að fara að því að loka varnarliðsmenn inni á Keflavíkurflugvelli með slíkt samningsákvæði í höndunum? Að mínu viti var það ekki hægt. Gagnrýnin á dvöl varnarliðsins utan samningssvæðanna er því gagnrýni á gerða samninga, sem varnarmálanefnd tók við og bar að fara eftir, en ekki gagnrýni á framkvæmd nefndarinnar.

Annað atriði, sem mjög hefur verið rætt í sambandi við framkvæmd varnarmálanna, eru verkalýðsmálin og starfsemi hinna erlendu byggingarfélaga. Er hér um að ræða eitt hið erfiðasta og vandasamasta mál, sem upp hefur komið í sambúðinni við hið erlenda lið, og skal sízt úr því dregið, enda þótt frásagnir blaða um það mál hafi ekki gefið af því rétta hugmynd.

Það er upphaf þess máls, að með bréfi, dags. 11. ágúst 1952, kvartaði varnarliðið á Keflavíkurflugvelli undan því, að það vantaði allar upplýsingar um, hver launakjör starfsmanna þess og byggingarfélagsins á flugvellinum ættu að vera. Með því að verkalýðsmálin á flugvellinum heyrðu undir félmrn., tók það að sér með aðstoð framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendafélags Íslands að semja fullkomna launaskrá yfir kaup og kjör í öllum starfsgreinum á Keflavíkurflugvelli. Félmrn. skilaði launaskránni ekki fyrr en

10. nóv. 1952. Gekk skráin beint til varnarliðsins, en þegar fara átti að framkvæma hana, kom í ljós, að hún var hvorki fugl né fiskur og flestar upplýsingar vantaði um annað en kaupið sjálft, og voru upplýsingar um það þó í fyllsta máta ófullnægjandi og villandi. Félmrn. var þá beðið að semja skrána á ný, þannig að í henni væru fullnægjandi upplýsingar um vinnukjör, og tók rn. það að sér ásamt aðstoðarmönnum þeim, sem áður voru nefndir. Þessi launaskrá kom ekki fyrr en 14. febr. 1953, og hafði þá verið beðið eftir því að fá upplýsingar, hver launakjörin ættu að vera á flugvellinum, frá 11. ágúst 1952 til 14. febr. 1953.

Það liggur í augum uppi, að á meðan beðið var eftir launaskránni frá félmrn. fóru launamálin á flugvellinum í meiri og minni vitleysu. Og þó að varnarmálanefnd gengi í að fá leiðréttar strax allar þær misfellur, sem hún vissi um, á meðan launaskráin var í samningu, þá hlaut slíkt að verða ófullnægjandi. Þegar svo launaskráin kom um miðjan febrúar, var farið að vinna að leiðréttingu. Gekk það seint og illa, og var snemma séð, að Hamiltonfélagið svonefnda réð illa við leiðréttingarnar. Það olli og erfiðleikum, að launaskrá félmrn. var í sumum tilfellum röng og ófullnægjandi enn þá. Fékk varnarmálanefnd og dómsmrn. Hamiltonfélaginu Íslendinga til að vinna að þessum málum, og voru mörg hundruð misfellna leiðréttar. Þó skorti svo á, er komið var fram á sumar 1953, að málið væri komið í viðunandi horf, að í samráði við þáverandi hæstv. utanrrh. tilkynnti varnarmálanefnd varnarliðinu með bréfi, dags. 2. júlí 1953, að mistökin í launagreiðslum Hamiltonfélagsins yrðu ekki þoluð lengur og að taka yrði alla starfsemi Hamiltonfélagsins hér upp til athugunar og endurskoðunar. Vegna óvissunnar um stjórnarmyndun þótti hins vegar ekki fært að taka þá þegar upp samningsviðræður um starfsemi Hamiltonfélagsins á Íslandi, og þótti rétt, að væntanleg ríkisstj. tæki ákvörðun í því máli. En tilkynning varnarmálanefndar frá 2. júlí 1953 til varnarliðsins um algera endurskoðun á veru Hamiltonfélagsins hér liggur fyrir.

Um það hefur verið rætt, og fram er komin í Sþ. till. frá Alþfl. og yfirlýsing frá Framsfl., að Íslendingar taki að sér störf þau, sem Hamiltonfélagið hefur annazt fyrir varnarliðið. Þykir mér rétt að víkja nokkuð að þessu.

Samkvæmt varnarsamningnum eins og hann upphaflega var, gat varnarliðið falið hvort heldur það óskaði innlendum eða erlendum byggingarfyrirtækjum að annast fyrir sig nauðsynlegar framkvæmdir á Íslandi. Er til framkvæmdanna kom, var ljóst, að ef íslenzkir verktakar ættu dreifðir að keppa við erlend fyrirtæki um framkvæmdirnar, þá yrði hlutur þeirra smár. Þess vegna beitti ríkisstj. sér fyrir því, að þeir íslenzkir verktakar, sem taka vildu að sér framkvæmdir fyrir varnarliðið, stofnuðu með sér samtök til að skapa sér betri aðstöðu, og því voru Sameinaðir verktakar stofnaðir. Var það gert áður en varnarmálanefnd var skipuð. Skömmu eftir að varnarmálanefnd tók til starfa í marz 1952, fékk hún nákvæmar upplýsingar um byggingarfyrirætlanir varnarliðsins. Af þessum áætlunum var ljóst, að hætta var á því, að verulegur hluti framkvæmdanna mundi falla í hendur erlendra verktaka samkvæmt varnarsamningnum, ef ekkert yrði að gert. Varnarmálanefnd taldi þá þróun málanna stórhættulega af mörgum ástæðum og tók því upp samninga við Bandaríkjastjórn um að tryggja aðstöðu Íslendinga í þessu sambandi. Leiddu þær samningaumleitanir til þess, að áður en aðalframkvæmdir hófust 1952, var undirritaður í Richmond í Bandaríkjunum samningur um, að Sameinuðum verktökum skyldi falið að annast allar framkvæmdir fyrir varnarliðið á Íslandi, sem þeir gætu tekið að sér, enda væri ekki um að ræða sérstaka fagvinnu, sem þeir gætu ekki aflað sér fagmanna til að leysa af hendi. Var hér um að ræða þýðingarmikla viðbót við varnarsamninginn og grundvöllurinn lagður að því, að Íslendingar önnuðust einir allar mannvirkjagerðir varnarliðsins.

Í framkvæmd hefur þessu verið hagað þannig, að áður en leitað var tilboða í einstakar framkvæmdir, athugaði varnarmálanefnd í samráði við Sameinaða verktaka, hvort þeir gætu unnið verkið. Öll þau verk, sem þeir hafa getað tekið að sér, hafa verið falin þeim. Hins vegar hafa verið nokkur störf, sem þeir hafa ekki ráðið við, aðallega vegna vélaskorts, og hafa þau verið falin Hamiltonfélaginu.

Ég hef í höndum yfirlit yfir allar þær framkvæmdir, sem varnarliðið á enn eftir að gera hér. Sé ég ekki betur en að Íslendingar séu senn færir um að annast allar þær framkvæmdir, sem eftir eru. Virðist mér, að sá tími nálgist nú óðum, að verkefni Hamiltonfélagsins þrjóti. Till. Alþfl. um, að Íslendingar annist fyrir varnarliðið allar framkvæmdir á Íslandi, er því beint framhald af þeirri stefnu, sem varnarmálanefnd tók upp í upphafi starfs síns og samdi um við Bandaríkjastjórn í maí 1952. Till. er tímabær nú vegna þess, að Íslendingar ráða senn við þessi störf öll til fulls, þótt þeir hafi fram að þessu ekki ráðið við vissan hluta þeirra. Till. Framsfl. um byggingarframkvæmdir vegna varnarliðsins, sem birtist í Tímanum 10. þ. m., er hins vegar nokkurs annars eðlis en till. Alþfl. Framsfl. slær því föstu, að íslenzka ríkið skuli annast framkvæmdirnar fyrir varnarliðið. Til slíkrar ráðstöfunar þarf sérstaka samninga við Bandaríkin, og er ekki hald í Richmond-samningnum til slíks á sama hátt og er um till. Alþfl. Framsfl. hefur haldið því fram, að framkvæmdir varnarliðsins megi fela vegamálastjóra, vitamálastjóra, húsameistara ríkisins eða flugvallastjóra. Slíkar fullyrðingar sýna næsta litla þekkingu á þessum málum. Framkvæmdir varnarliðsins eru slíkar, að enginn þessara aðila gæti bætt þeim á sig, svo að lag yrði á. Er augljóst mál, að ríkið yrði að stofna sennilega eitt meiri háttar skrifstofubákn, ef það ætti að taka við þessum framkvæmdum til fulls og láta ekki Sameinaða verktaka halda áfram með þær.

Annars finnst mér kenna dálítils ósamræmis hjá Framsfl. í orðum og athöfnum í sambandi við framkvæmdirnar. Flokkurinn lætur vilja

láta Íslendinga annast þær, en á sama tíma greiðir hann fyrir því, að hollenzku byggingarfélagi er falið að flytja inn tilbúin steinsteypuhús í radarverin og fagmenn til að reisa þau. Það er og vitað, að vissir framsóknarmenn sóttu fast á s. l. ári, að flutt yrðu inn hollenzk íbúðarhús fyrir varnarliðið, einn kílómetri á lengd eða svo og upp á þrjár hæðir, auk flugskýla. Úr þessu varð þó ekki vegna Richmondsamningsins, og íslenzkir iðnaðarmenn byggðu húsin. Fyrsta verk hæstv. utanrrh. var hins vegar að leyfa, að flutt yrðu inn hollenzk steinsteypuhús vegna radarstöðvanna, enda þótt sannað væri með tilboðum, að íslenzk steinsteypuhús væru helmingi ódýrari, og varnarmálanefnd legðist gegn því, að það yrði leyft, að fengnum þeim upplýsingum, sem þá lágu fyrir. Má vera, að áhugi Framsfl. fyrir því að taka framkvæmdir varnarliðsins í sínar hendur byggist á því, að hann vilji láta Sambandið selja meira af slíku rándýru grjóti og vatni frá Hollandi. Hollendingum veitir sjálfsagt ekki af því, þar eð þessi framleiðsla hefur ekki reynzt samkeppnisfær þar í landi, enda þótt til hennar sé stofnað af Marshallfé. En heldur finnst mér þetta aum byrjun af hálfu hæstv. utanrrh. á að taka í sínar hendur byggingarframkvæmdirnar á Keflavíkurflugvelli.

*Hermann Jónasson:* Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hv. 10. landsk. reyndi nú að verja hér gerðir sínar, og það er ekki óeðlilegt, en hann blandaði þar inn í illkvittnislegum getsökum í garð hæstv. utanrrh. Hvernig á að fara að því að byggja upp á Keflavíkurflugvelli, ef á að reka erlenda vinnuaflið í burt og ef ekki á að standa hætta af því, eins og allir segja núna, að tekið sé of mikið vinnuafl frá atvinnuvegunum? Hvernig er hægt að gera það nema með því að flytja inn gerða hluti?

Út af uppsögn héraðsráðunautsins í Eyjafirði vil ég taka það fram, að það eru algerlega vísvitandi ósannindi hjá þjóðvarnarmanninum, að forráðamenn Framsfl. hafi haft nokkur afskipti af þessari uppsögn. Það er algerlega mál bændasamtakanna, eins og allir vita, að ráða þessa menn og segja þeim upp, en ekki á nokkurn hátt á valdi forráðamanna Framsfl.

Hæstv. utanrrh. hefur gert grein fyrir útfærslu þeirra samþykkta í varnarmálunum, sem flokksþing Framsfl. gerði s. l. vetur. Nú er framkvæmdin að hefjast á þessum samþykktum flokksins. Þjóðvarnarmenn sitja hér þjóðmálastefnulausir, hvað sem þeir annars segja um það, og þeim er farið að líða eitthvað illa. Og það sýnir eymd þeirra, að þeir eru að reyna að rekja til áhrifa frá sér stefnu um framkvæmd varnarmálanna, sem mótuð var, áður en flokkur þeirra sá dagsins ljós. Þetta er heldur vesældarleg málfærsla.

Hið ævarandi hlutleysi, sem mikið hefur verið talað um í þessum umræðum og vér Íslendingar lýstum yfir 1918, var byggt á þeirri skoðun, sem var ríkjandi meðal smáþjóða, að nægilegt væri að lýsa yfir hlutleysi og halda það. Hinar stóru styrjaldarþjóðir höfðu í heimsstyrjöldinni, sem lauk 1918, virt hlutleysið a. m. k. nokkuð víða. Brot Þjóðverja á hlutleysi Belgíu var fordæmt og bannlýst og talið til einsdæma, sem ekki mætti koma fyrir aftur. Þessi forsaga skapaði þá fyrrnefndu trú meðal smáþjóðanna, að bezt væri fyrir öryggi þeirra og frelsi að vera hlutlausar, leiða hjá sér athygli stórveldanna með vanmætti sínum og umkomuleysi. Varnarsamtök máttu smáríkin ekki heyra nefnd. Þau þóttu líkleg til þess að styggja ofbeldisöflin, auka árásarhættuna eins og þjóðvarnarmenn og kommúnistar hafa talað um núna í dag, en vináttu- og ekki-árásarsamninga gerðu smáríkin hvert af öðru við hin ágengari einræðisríki. „Heiðraðu skálkinn, svo að hann skaði þig ekki," var reglan, sem átti að lifa eftir.

Af þessu er auðsætt, að sú stefna í utanríkismálum, er þjóðvarnarmenn og kommúnistar halda nú að þjóðinni, er hin sama og smáríkin í Norðurálfu höfðu fyrir og framan af síðustu heimsstyrjöld. Það er stefna varnarleysis, stefnan að ganga ekki í varnarbandalög og vera hlutlaus. Við skulum því gera okkur grein fyrir, hvernig þessi stefna hefur reynzt.

Í skemmstu máli reyndist hún smáríkjunum þannig, að þau voru hvert af öðru, sum varanlega, önnur um langan tíma tröðkuð undir járnhæl kommúnista eða nazista, hneppt í þrældómsfjötra og þannig meðfarin, að skáld þeirra og forustumenn töldu sig hafa lært það, að dauðinn gæti verið betri en þrældómshlekkir og frelsið meira virði en lífið. Aðeins tvö sluppu, Svíþjóð og Sviss, bæði grá fyrir járnum og höfðu auk þess það litla hernaðarlega þýðingu, að einræðisríkin töldu það ekki borga sig að ráðast á þau. Þessi tvö ríki hyggjast nú verja hlutleysi sitt með því að hafa mjög sterkar varnir, en enginn veit, hve lengi þeim tekst það. Hin ríkin öll hafa yfirgefið varnarleysis- og hlutleysisstefnuna, telja hana vanhugsuðustu ólánsstefnu, sem þau hafi nokkurn tíma fylgt í utanríkismálum, enda eru flestir þeirrar skoðunar, að hefðu ríkin staðið saman um varnir fyrir seinustu heimsstyrjöld, þá hefði aldrei til hennar komið, því að Hitler hefði ekki hætt á styrjöld við þær aðstæður. Þeir stjórnmálamenn, sem prédikuðu varnarleysi og hlutleysi áður, þakka fyrir að fá að vera gleymdir. Og núna, þegar þjóðirnar koma á félagsvörnum gegn ofbeldi, en hafna fyrri varnarleysis- og hlutleysisstefnu sem vanhugsuðum mistökum, prédika þjóðvarnarmenn og kommúnistar, að við eigum að taka upp þessa ólánsstefnu sem utanríkispólitík Íslands einir þjóða.

Við skulum einnig athuga hlutleysisstefnuna í framkvæmd á Íslandi.

Eins og kunnugt er, fóru Þjóðverjar fram á það seinni hluta vetrar 1939 að fá að byggja hér flugvelli og flughafnir til að annast póst- og farþegaflug milli Þýzkalands og Íslands, eins og þeir sögðu. Þessu var neitað. Fáum dylst, að tilgangur nazista var sá að hafa flugvellina tilbúna til þess að geta tekið Ísland í skyndi úr lofti, myndað hér vegg flugvéla og kafbáta þvert yfir hafið, lokað leiðinni fyrir Bandaríkjunum inn í Evrópu og siglingaleiðum Bretlands, er þá hlaut að svelta inni. Þeir eru ekki

fáir, sem álíta, að ef þetta hefði tekizt, hefði styrjöldin farið á annan veg en hún fór.

Eftir að styrjöldin hófst, fór brezka ríkisstj. þess á leit oftar en einu sinni að mega setja hér her á land til þess að varna því, að Þjóðverjar hernæmu landið. Þessu var neitað af Íslendingum. Talið var, að Ísland væri óbeint varið af brezka flotanum. Staðhæfingar mínar og nokkurra annarra í þessa átt hafa oft verið misnotaðar og rangfærðar. Sagt hefur verið, að fyrst við höfum ekki talið þörf á her til verndar landinu í fyrri styrjöld, séum við í mótsögn við sjálfa okkur, þegar við teljum hana nauðsynlega nú.

Þessu er því að svara, að brezki flotinn er nú sá þriðji í röðinni að styrkleika, en sá rússneski nr. 2 vegna hins gífurlega kafbátaflota. Samkvæmt nýjustu útgáfu af enskri handbók um flotamál, sem talin er langáreiðanlegasta heimild um þessi mál, hafa Rússar nú 370 kafbáta og eiga 1000 í smíðum, en Englendingar hafa 53 og Bandaríkjamenn 200, en það, sem þó skiptir mestu máli, er það, að hér eru nú flugvellir, sem ekki voru til fyrir síðustu heimsstyrjöld, og ef þeir eru óvarðir, hefur árásarþjóð, sem á sterkan flugflota, þar aðstöðu til að geta tekið Ísland í byrjun styrjaldar, sem Þjóðverjar ætluðu að búa sér til, en var komið í veg fyrir. Þetta sýnir, að aðstæðurnar nú eru ósambærilegar við það, sem var fyrir seinustu heimsstyrjöld.

En ótti Breta við það, að Þjóðverjar mundu hernema Ísland, var ótvíræður, því að ella hefðu þeir ekki komið hingað 9. maí 1940, þegar þeir voru svo veikir hernaðarlega heima fyrir, að þeir gátu naumast varið England.

Rúmlega ári síðar, 24. júní 1941, kom brezki sendiherrann hér á landi á fund íslenzku ríkisstj. og skýrði henni frá því sem hernaðarleyndarmáli, sem opinberar skýrslur hafa síðan staðfest að var rétt, að Bretland væri þá aðþrengdara og nær því komið að gefast upp en nokkurn tíma áður í styrjöld. Þjóðverjar sökktu um þessar mundir brezkum skipum í sívaxandi mæli, og Bretar áttu í vök að verjast með aðflutning á vistum og vopnum til Bretlands. Það má skjóta því hér inn í, að þá höfðu nazistar tæpa 40 kafbáta í Atlantshafi af miklu ófullkomnari gerð en nú tíðkast. Eina björgunin væri sú, sagði sendiherrann, að Bandaríkin gætu tekið að sér verndun siglingaleiðarinnar austur fyrir Ísland, sem Roosevelt Bandaríkjaforseti taldi sig ekki geta, nema Íslendingar bæðu um hervernd, því að andstaðan í Bandaríkjunum væri svo sterk gegn þátttöku í styrjöld.

Hvað átti íslenzka ríkisstj. að gera? Bretar seldu okkur og fluttu til okkar kolin til þess að hita húsin á Íslandi og reka skipaflotann. Þeir leigðu okkur mikið af skipum til matvælaflutninga o. s. frv. Hvað yrði um okkur, ef nazistar sigruðu? Þeir Íslendingar hefðu orðið margir, sem ekki hefðu þurft að telja dagana, ef nazistar hefðu náð Íslandi, og þeir hefðu áreiðanlega verið hamingjusamastir. Það er óþarft að lýsa því ástandi, sem hér hefði skapazt, en hernaðarlega var auk þess aðeins um tvennt að ræða, annaðhvort að við yrðum teknir af nazistum og notaðir sem framvirki og fremsta víglína nazista að austan gegn Bandaríkjunum eða Bandaríkin yrðu fyrri til að hernema okkur og við yrðum framvígi þeirra gegn nazistískri Evrópu. Ekkert sýnir okkur betur en þessar staðreyndir, að við erum í sama bátnum og nábúar okkar í styrjöld gegn óvini mannkynsins, einræðinu og ófrelsinu.

Kommúnistar voru ekki í neinum vandræðum með svar, og þjóðvarnarmenn hefðu ekki verið það heldur. Það var á þá leið, að við værum hlutlaus þjóð, okkur skipti engu, hvor sigraði, við tækjum auðvitað enga afstöðu með Bretum frekar en nazistum og mundum bíða þess, sem verða vildi.

En íslenzka ríkisstj. tók ekki þá afstöðu að láta sig engu skipta, að nazistar sigruðu, en Bretland félli. Við tókum höndum saman við nábúa okkar vestan og austan Atlantshafsins og leyfðum hervernd og yfirgáfum hlutleysisstefnuna. Hér innanlands var haldið uppi illvígri andstöðu gegn þessari stefnu af kommúnistum og mönnum, sem nú eru áberandi í Þjóðvarnarflokknum, og meðal þeirra formanni hans. Erlendis tóku öll merkustu blöð frjálsra þjóða, þ. á m. blöð hinnar hlutlausu Svíþjóðar, í þann streng, að stefna Íslands væri mjög hyggileg. Og smátt og smátt komust flestallir að þeirri niðurstöðu hér innanlands, að við hefðum gert hárrétt. Jafnvel þeir, sem höfðu verið mest á móti, hældust um yfir því í lok styrjaldarinnar, hve vel við hefðum staðið okkur með vesturveldunum gegn nazistunum, enda var þá siglingaleiðin, vernduð um Ísland, búin að bjarga Rússum í styrjöldinni. Nú koma þessar vofur frá 1941 aftur fram á sjónarsviðið og segja við þjóðina, að stefnuna frá 1941, stefnu sameiginlegra varna og samtaka, stefnu, sem allar frjálsar þjóðir hafa nú tekið upp til að reyna að afstýra styrjöld, þá stefnu eigi íslenzka þjóðin ein að yfirgefa, en í hennar stað eigi þjóðin aftur að taka upp varnarlaust hlutleysi, sem reyndist fánýtt nema til þess eins að eiga drýgstan þátt í því að koma síðustu heimsstyrjöld af stað, því að eitt og eitt smáríki, sem var varnarlaust og taka mátti án tilkostnaðar, var ginnandi bráð fyrir árásarríki. Þannig var það, og þannig mun það verða. Þannig rís reynsla veraldarsögunnar gegn kenningunni um varnarlaust hlutleysi.

Þessi hörmulega reynsla af stefnu samtakaleysis, varnarleysis og hlutleysis í fyrri styrjöld hefði átt að kenna vesturveldunum. Þau hefðu ekki átt að afvopnast eins fljótt og þau gerðu. En hinar vestrænu þjóðir hafa þá afsökun fyrir andvaraleysinu, að þær þráðu frið og bróðurleg samskipti milli þjóða heitar en nokkru sinni fyrr eftir hörmungar síðustu heimsstyrjaldar. Vesturveldin trúðu kommúnistum. Víða um lönd voru þeir í ríkisstjórn. Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar. Trúna á friðarvilja sýndu vesturveldin í verki með því að eyðileggja vopnin í stórum stíl og senda hermennina heim. Kommúnistar fóru þveröfugt að, og áður en vesturveldin áttuðu sig, hafði stefnu einræðis og ofbeldis tekizt að vinna ný níðings-

verk í skjóli andvaraleysis og varnarleysis. Í stríðinu og eftir það hafði Rússland lagt undir sig hluta af Finnlandi, allt Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Austur-Þýzkaland, Rúmeníu, Búlgaríu, Albaníu, Tékkóslóvakíu og Júgóslavíu um skeið.

Fyrst þegar Berlín er lokað af kommúnistum og ráðizt var á Kóreu, átta vesturveldin sig og stofna til varnarsamtaka til þess að verja friðinn. Enn er friður í Evrópu, en það er ekki alveg víst, að við nytum þess friðar í dag, ef engin varnarsamtök hefðu verið stofnuð. Hjá kommúnistum heitir þetta að vísu árásarbandalag og vesturveldin árásarþjóðir. En sá, sem í raun og veru stofnaði Atlantshafsbandalagið, var Stalin með árásarstefnu sinni. Án árásarstefnu kommúnista væri erlendur her hvorki hér á landi né annars staðar í Vestur-Evrópu. Það eru því sannarlega Rússar, en ekki Bandaríkjamenn, sem eiga sök á erlendum her á Íslandi.

En nú kynnu einhverjir tilheyrendur mínir að spyrja, hvers vegna ég og sumir aðrir lýðræðissinnaðir þm. hafi þá ekki greitt atkv. með því, að Ísland gengi í Atlantshafsbandalagið. Ég gerði ýtarlega grein fyrir því hér á Alþ., að það var vegna ákvæða 3. gr. sáttmálans, sem ég óttaðist að gæti skilizt þannig, að Ísland væri skuldbundið til að taka her inn í landið án þess að samþykkja það sjálft. En það var enginn ágreiningur um meginstefnuna frá 1941: að standa með nábúum okkar og taka her inn í landið eftir eigin ákvörðun í ófriði og vegna ófriðarhættu til sameiginlegra varna gegn fjanda mannkynsins: einræði, ófrelsi og kúgun.

Hér er rétt að geta þess, að Norðmenn og Danir, sem sjálfir leggja mikið í varnir, hafa haldið því fram með árangri, að ákvæði 3. gr. sáttmálans beri að skilja svo, að þeir ráði því sjálfir, hvenær þeir taka erlendan her inn í landið, og erlendi herinn, sem hér er nú staddur, er tekinn inn í landið með sérstökum samningi frá 1951, sem segja má upp með árs fyrirvara eftir endurskoðun í sex mánuði, og ég hygg, að það sé styztu uppsagnarfrestur, sem er í nokkrum varnarsamningi.

Hér hefur í stuttu máli verið rakin reynsla Norðurlanda og ríkja í Vestur-Evrópu af varnarleysi og hlutleysi, er endaði í ófrelsi, ofbeldi og kúgun. Hér hefur verið rakin okkar eigin reynsla og sýnt fram á, hvernig við urðum að gera upp á milli ríkja 1939 og 1941 og hverfa frá hlutleysisstefnunni, sem reyndist okkar gæfa. Bent hefur verið á örlög hlutlausu ríkjanna í Austur-Evrópu, sem öll eru horfin úr tölu frjálsra ríkja. Er stefna í utanríkismálum okkar er mörkuð, verður ekki hjá því komizt að hafa þessar staðreyndir að leiðarvísi. Breytingin síðan 1939 og 1941 er að vísu sú, að þá voru nazistar hernaðarlega sterkastir á meginlandi Evrópu, en nú eru það kommúnistar, og það svo, að þeir geta leikið sér að Evrópu, ef hún stæði ein, eins og köttur að mús. Hvaða þjóð getur afstýrt þessu? Aðeins ein þjóð: Bandaríkjamenn. Hver mundi þá vera fyrsta hugsunin og viðbrögð Rússa, ef þeir réðust á Vestur-Evrópu? Ætli hún yrði ekki hin sama og hjá nazistum, að ná yfirráðum á Íslandi og loka þar með leiðinni að vestan? Og hinn gífurlegi kafbátafloti og óvarðir flugvellir á Íslandi mundu gera kommúnistum þetta kleift, þótt það væri síður framkvæmanlegt fyrir nazista. Ef Evrópa fellur, verður Ísland samstundis í eldlínunni milli kommúnistiskrar Evrópu og Bandaríkjanna. Ef svo færi, mundi mörgum þykja dauðinn betri en líf í þessu landi. En sjúkleg ákefð kommúnista og leynikommúnista að hafa landið óvarið er auðskilin.

Íslenzk utanríkispólitík hefur verið sú og verður að vera sú að reyna af veikum mætti að forða Íslandi frá þessum örlögum. Við Íslendingar höfum þess vegna mjög mikla hagsmuni af því, að Evrópuherinn verði sem fyrst að veruleika með þátttöku lýðræðissinnaðs Þýzkalands. Það eitt getur skapað hernaðarlegt jafnvægi á meginlandi Evrópu og komið í veg fyrir styrjöld. Rússar mundu naumast voga árás á slíkt bandalag. Hernaðarlega sterk Vestur-Evrópa er auk þess varnar- og skjólgarður austan við Ísland, sem fjarlægir héðan margar hættur.

Nú sem stendur eru allir stjórnmálamenn lýðræðisríkjanna á einu máli um það, að friðarhorfur hafi enn ekki batnað svo, að draga megi úr vörnum gegn ofbeldinu. Meðan svo er ástatt, er fávíslegt að halda því fram, að Ísland, sem er einna þýðingarmest hernaðarlega í átökunum milli lýðræðis og einræðis, frelsis og kúgunar, geti eitt verið hlutlaust og varnarlaust meðal þjóðanna. Varnarlaust hlutleysi er ekki lengur raunhæft hugtak í huga þeirra manna, sem hafa dómgreind og aðstöðu til að gera sér grein fyrir köldum staðreyndum veruleikans í hörðum heimi.

Meðan horfurnar ekki breytast verulega, verða að vera hér varnir. Meðan við viljum ekki, eins og frændur okkar á Norðurlöndum, annast þær sjálfir, verða aðrir að gera það. En við verðum að halda á þeim rétti sem alveg ófrávíkjanlegu atriði, að við ráðum sjálfir, hvenær við tökum erlendan her inn í landið og hvenær hann fer. Til þess að gera þessa stefnu framkvæmanlega og til þess að við viljum fylgja henni, verða bandamenn okkar að skilja algera sérstöðu okkar vegna fólksfæðar og haga dvöl hersins hér þannig, að menningu og sæmd þjóðarinnar sé ekki misboðið og ekki valdi stórlegum truflunum í atvinnulífi þjóðarinnar. Hins vegar er okkur skylt að skilja erfiða aðstöðu bandamanna okkar, skilja það, að það erum við sjálfir, sem ekkert getum lagt fram til þess að verja fósturjörðina. Það er okkur sjálfum til mestrar minnkunar að æsa upp móðursýkilegt tal út af því, að við skulum ekki einir allra þjóða sleppa við öll óþægindi, sem allar þjóðir verða nú að taka á sitt bak. Við höfum enga möguleika til að sleppa við þessi óþægindi. Og við höfum heldur engan siðferðislegan rétt til að gera kröfu til þess, meðan frændur okkar og nábúar búa sig undir að fórna blóði sínu til þess að verja friðinn og frelsið gegn ofbeldi og kúgun, sem vofir yfir

þeim og okkur sameiginlega, ef ekki er snúizt gegn því af þeim manndómi, sem hefur skilið það eftir dýrkeypta reynslu, að lífið er skuggatilvera án frelsis.

En við verðum að gá vel til veðurs. Ef Evrópuherinn verður að veruleika, jafnvægi skapast í Evrópu og friðarhorfur batna, eigum við sjálfir að taka í okkar hendur varðgæzlu Keflavíkursvæðisins og annarra svæða, er erlendur her nú gætir. Það er mín persónulega skoðun, að undirbúning að þessu eigi að hefja nú þegar og sérmennta og æfa menn til þess að takast á hendur nauðsynleg störf í þessu skyni. En sú lausn málsins, er ég nefndi, virtist í fyrstu koma mönnum á óvart og valda misskilningi, er að henni var vikið. Sumir héldu jafnvel, að með þessu væri verið að taka upp herskyldu á Íslandi, enda reynt að telja mönnum trú um, að svo væri, þótt það væri vitanlega fjarri öllu lagi. En nú virðist mönnum vera að skiljast, að þetta er leiðin til að losna við hið erlenda herlið, sem sérhver Íslendingur vill auðvitað að fari úr landinu eins fljótt og horfurnar leyfa, því að auðvitað er það almennur vilji þjóðarinnar að hafa hér ekki erlent varnarlið, nema brýn nauðsyn krefji. En hitt skulum við jafnframt muna og gera okkur fyllilega ljóst, að betra er að hafa hér varnarlið vinveittrar þjóðar með samkomulagi, með öllum þeim óþægindum, er því fylgja, en eiga yfir höfði sér innrás einræðisríkis með þeirri sáru reynslu, sem saga síðustu áratuga hefur staðfest á svo átakanlegan hátt, að enginn má gleyma. — Góða nótt.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Góðir hlustendur. Hér hefur nokkuð verið höfð í frammi gagnrýni á framkvæmd varnarsamningsins og m. a. vikið að því, að Framsfl., samstarfsflokkur sjálfstæðismanna í ríkisstj., hafi tekið undir þá gagnrýni. Af því tilefni þykir mér rétt að lesa hér upp ummæli, sem ég viðhafði á fundi í Varðarfélaginu 11. sept. s. l., sama dag og núverandi ríkisstj. tók við völdum. Þá sagði ég m. a.:

„Tíminn hóf strax eftir kosningarnar skrif og réðst á mig og varnarmálanefndina mjög harkalega. Mér varð strax ljóst, í hvaða tilgangi þetta mundi vera gert. Ef svo færi, að Framsfl. fengi utanríkismálin í stjórnarsamningum, — og það var við því að búast og alltaf ráðgert, að þeir mundu fá þau, ef við mynduðum ríkisstj., — þá var um að gera að hafa rakkað þetta niður allt sem allra mest, gert allt sem ljótast, til þess svo að þegar framsóknarmennirnir kæmu og tækju við, þá gætu þeir á skammri stundu þótzt breyta öllu og látið nú líta út eins og bætt væri nú úr allri þeirri vanrækslu, sem *ég og mínir aðstoðarmenn og meðstarfsmenn* bæru ábyrgð á. Þetta var hyggilegur undirbúningur og kemur sjálfsagt að gagni nú, þegar þeir hafa fengið málin."

Mér virðist, að þessi ummæli mín hafi rætzt, en vil að öðru leyti óska eftirmanni mínum, núverandi hæstv. utanrrh., allra heilla í hans vandasama starfi og heita honum fullum og afdráttarlausum stuðningi.

Annars verður að hafa í huga, þegar rætt er um samningsgerðina og framkvæmd varnarsamningsins, að þar koma einkum tvö sjónarmið til greina: annars vegar, að varnirnar verði eins öruggar og atvik leyfa, hins vegar, að þær trufli ekki þjóðlíf okkar meira en brýnasta þörf er á.

Um samningsgerðina er það að segja, að af hálfu ríkisstj. Íslands sá ég sem utanrrh. um hana og ber að því leyti ábyrgð á henni öðrum fremur. Samstarfsmenn mínir við samningsgerðina voru þó ýmsir, þ. á m. sérstaklega tilnefndir fulltrúar frá hinum lýðræðisflokkunum tveimur, Framsfl. og Alþfl. Öll atriði samninganna, smá og stór, voru jafnóðum borin undir ríkisstj. og áður en samningum var lokið undir þingflokka lýðræðisflokkanna þriggja, þ. á m. ekki aðeins sjálfur aðalsamningurinn og samningarnir um réttarstöðu og annað slíkt, heldur einnig samkomulag um þau einstök framkvæmdaratriði, sem menn komu sér saman um strax í upphafi, svo að ekki yrði ágreiningur síðar um framkvæmdina.

Meðal þeirra framkvæmdaratriða, sem þannig voru lögð undir flokkana og engar athugasemdir komu fram um, var það ákvæði um ferðir varnarliðsmanna utan svæða þeirra, sem Guðmundur Í. Guðmundsson gat áðan og las upp. Þetta ákvæði sýnir svo glöggt, að ekki verður um villzt, að rétt er það, sem ég hef haldið fram áður hér á Alþingi, að frá upphafi var um það samið, að varnarliðsmenn skyldu frjálsir ferða sinna á Íslandi með ýmsum takmörkunum, á sama veg og aðrir erlendir menn, sem löglega eru inn í landið komnir. Menn geta talið, að þetta sé heppilegt eða óheppilegt, en svona var um þetta samið, og því verður ekki breytt einhliða af íslenzkum stjórnarvöldum nema með hæfilegri uppsögn, heldur þarf um það nýja samninga, og lýsir það sannast sagt lítilli karlmennsku, að einmitt sumir þeirra manna, eins og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, sem frá upphafi voru þessu ákvæði fullkunnugir, skuli eftir á ráðast á mig og samstarfsmenn mína fyrir að framfylgja því, einkum þegar að því er gáð, að um þetta hafa síðar fengizt settar miklu strangari reglur en samkv. samkomulaginu voru ráðgerðar. Verður ekki komizt hjá að benda á, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefur sagt rangt frá um þessar staðreyndir hér á Alþingi, þó að hann endurtæki það ekki í kvöld, og ranglega hermt upp á tilgreindan trúnaðarmann ríkisstjórnarinnar, að hann hafi gefið aðrar upplýsingar, þar sem þvert á móti er sannanlegt, að Gylfi Þ. Gíslason fékk fullkomna vitneskju fyrir samningsgerðina um öll þessi atriði.

Við hér á Alþingi, sem sitjum mánuðum saman yfir því að breyta og bæta lög, sem við höfum oft nýlega sett um efni, er við gerþekkjum, ættum hins vegar ekki að láta sem það væri nokkur nýjung eða undur, þótt reynslan sýni, að einhverju þurfi að breyta um samningsákvæði um svo nýstárleg efni fyrir okkur sem varnir landsins. Ákvæði samningsins um endurskoðun hans og uppsögn sýna, að fyrir þessu var ætíð gert ráð, enda er eftirtektarvert, að vestan hafs

hefur samningurinn einmitt sætt harðri gagnrýni, af því að hann sé okkur of hagstæður að þessu leyti. Samningur sá, sem Bandaríkin hafa nýlega gert við Grikkland um stöðvar þar í landi, er að þessu leyti mjög ólíkur, því að hann á að standa allan gildistíma Atlantshafssamningsins, eða til 1969, en eins og Hermann Jónasson gat um áðan, eru uppsagnarákvæðin mjög rúm fyrir okkur Íslendinga og sýna, svo að ekki verður um villzt, að því fer fjarri, að hægt sé að neyða okkur til þess að hafa þessar varnir lengur en við sjálfir viljum og teljum okkur hagkvæmt.

Um framkvæmd samningsins vil ég geta þess, að henni var svo háttað, að ég sem utanrrh. hafði yfirstjórn hennar, en ég tilnefndi síðan einn trúnaðarmann og lýðræðisflokkarnir tveir, Framsókn og Alþfl., sinn hvorn, og skyldu þessir þrír menn fara með daglega framkvæmd og yfirleitt hafa milligöngu við hina erlendu aðila, jafnvel þó að mörg og jafnvel flest þau atriði, er upp kæmu, heyrðu undir önnur ráðuneyti en utanrrn. Öll þau mál, er nokkra þýðingu voru talin hafa, voru hins vegar borin undir ríkisstj. alla og eftir atvikum fulltrúa frá lýðræðisflokkunum þremur. Segja má, að þessi aðferð hafi verið þung í vöfum, en hún átti að leiða til þess, að öll sjónarmið kæmust að og framkvæmdinni væri ekki hagað neinum einum flokki eða aðila til framdráttar, heldur allri þjóðinni. Auðvitað er í þessu sem öðru hægara að vera vitur eftir á en sjá allt fyrir, en mjög efast ég um, að þrír hæfari, skeleggari og betur menntaðir menn verði fengnir til meðferðar þessara mála en þeir Hans G. Andersen, Guðmundur Í. Guðmundsson og Agnar Kofoed Hansen, jafnvel þótt mikið skrifstofubákn verði sett upp með ærnum kostnaði. Hvað sem stjórnmálaágreiningi að öðru leyti líður, hefur það ásannazt, að varnarmálafulltrúarnir unnu Íslandi gott starf í varnarmálanefndinni.

Vandamálin, sem upp koma við dvöl erlends varnarliðs í landinu, eru auðvitað mörg, og einmitt þess vegna er eftirtektarvert, að ekki hefur tekizt að nefna eitt einasta raunverulegt dæmi þess, að ég og samstarfsmenn mínir höfum haldið linlega á íslenzkum málstað eða að við höfum ekki lagt okkur alla fram til að bæta úr þeim misfellum, sem fram hafa komið.

Með þessu er ekki sagt, að ekki standi margt til bóta í þessum efnum. Hér eins og ella verður að læra af reynslunni og haga svo til sem á hverjum tíma er hentast. Að þessu hefur stöðugt verið unnið, og væri allt of langt að rekja það allt hér. — Þess skal þó getið, að meðal þeirra veigamiklu atriða, sem nú er öðruvísi háttað en í fyrstu var ráðgert, er það, að í upphafi var íslenzkum verktökum ekki tryggður forgangsréttur fram yfir erlenda verktaka til starfa hér á vegum varnarliðsins, heldur gert ráð fyrir almennum útboðum. Um það voru hins vegar ætíð skýlaus fyrirmæli, að innlendir verkamenn skyldu sitja fyrir um vinnu og íslenzk stjórnarvöld hefðu í hendi sér að hindra hingaðkomu erlendra verkamanna, ef þau teldu hérvist þeirra óþarfa. — Til að tryggja betri aðstöðu íslenzkra verktaka, beitti ég mér skjótlega í samráði við ríkisstj. fyrir því, að þeir mynduðu samtök sín á milli, er öllum skyldu vera opin. Þessi samtök, Sameinaðir verktakar, hafa orðið til þess, að Íslendingar hafa getað tekið að sér miklu meira af verkum en þeim ella hefði verið unnt.

Vorið 1952 var í samræmi við þetta gert viðbótarsamkomulag, sem varnarmálanefndin beitti sér fyrir, þar sem berum orðum er ákveðið, að íslenzkum verktökum skuli falin verk eftir því, sem fremst sé framkvæmanlegt. Síðan hafa íslenzkir verktakar ætíð tekið við fleiri og fleiri verkum. Að vísu hafa nokkur ágreiningsatriði komið upp, en á þessu varð gerbreyting til bóta strax með viðbótarsamkomulaginu 1952, enda hafa Sameinaðir verktakar leyst störf sín af hendi með sæmd.

Sum hinna nauðsynlegu mannvirkja voru hins vegar þess eðlis og kröfðust slíks vélakosts, að íslenzkir verktakar töldu sér ekki fært að annast þau, eins og þá stóð, og var þá ekki öðru til að dreifa en að erlendur verktaki færi með framkvæmdina, og er það út af fyrir sig engin nýjung, sbr. t. d. Sogsvirkjunina.

Í sambúðinni við Hamiltonfélagið hafa hins vegar risið upp svo miklir örðugleikar, að illviðunandi er, enda lét ég veita félaginu aðvörun um, að það mætti búast við, að brottfarar þess yrði krafizt, ef ekki væri úr bætt. Sannleikans vegna er þó skylt að geta þess, að dómar manna um þennan verktaka eru nokkuð misjafnir. Þannig segir Jón Kristgeirsson í Tímanum hinn 23. okt. s. l. á þessa leið:

„Talsvert hefur einnig borið á hreyfingu innan vallarins, þannig að starfsmenn hafa óskað eftir að fara frá einum atvinnurekanda til annars. Er það einkum fólgið í því að reyna að komast til Hamiltonfélagsins" o. s. frv.

Aðalatriðið er það, að engan erlendan verktaka og engan erlendan verkamann á að þola hér deginum lengur en nauðsynlegt er, til þess að varnirnar komist nægilega fljótt í nógu öruggt horf. Þetta verða þeir, er með framkvæmdina fara af hálfu Íslendinga, að meta hverju sinni. Þar skiptir það nú meginmáli, að á s. l. sumri var tekin ákvörðun um að draga úr hraða nýrra varnarframkvæmda yfirleitt hjá Atlantshafsríkjunum. Eðlilegt er, að hraði framkvæmdanna hér verði endurskoðaður í ljósi þessa samkomulags og framkvæmdunum þá dreift á lengri tíma. Ef það er fært, leiðir af sjálfu sér, að hinir erlendu verkamenn hverfi úr landi. En menn verða að gæta þess, að mikið liggur við, bæði vegna varnanna og skaplegra sambúðarhátta, að sem fyrst myndist viðhlítandi aðstæður á Keflavíkurflugvelli.

Ég játa, að ég hef minni trú en sumir aðrir á haldgæði þess úrræðis að loka hina erlendu varnarliðsmenn inni í gaddavírsgirðingum og meina þeim allan samgang við landsfólkið. Það er a. m. k. óframkvæmanlegt, meðan svo margir Íslendingar vinna að þessum framkvæmdum sem enn er. Aðalúrræðið hefur að minni hyggju ætíð verið það að koma sem fyrst upp viðunandi vistarverum úti á Keflavíkurflugvelli, þannig að hinir erlendu menn gætu unað þar. Þetta hlaut að taka sinn tíma, en eftir því

sem stundir líða verður þetta allt auðveldara. En það verða menn að skilja, að þeim mun fleiri Íslendingar sem vinna að þessum málum, því meiri verða samskiptin. Sum þessara verka eru hreinlega hernaðareðlis, og tjáir ekki því að neita. Það er t. d. ómögulegt að taka að sér gæzlu radarstöðvanna eða olíugeymanna í Hvalfirði nema hafa til þess vopnað lið. Gæzlan er einmitt í því skyni að vera viðbúinn vopnaðri árás eða skemmdarverkum hvenær sem er. Hún er þess vegna gersamlega þýðingarlaus, ef ekki er viðbúnaður til að standast slíkt. Með þessu er ég ekki að mæla í móti því, að Íslendingar taki þetta að sér. Þvert á móti. Menn verða aðeins að gera sér það ljóst, hvað í óskum þeirra sjálfra felst.

Eins er það, að þótt varúðar beri að gæta um þessi samskipti sem önnur, þá er fjarstæða, að íslenzkri menningu stafi slík hætta af þeim sem sumir öfgamenn vilja vera láta. Árlega fara þúsundir Íslendinga til útlanda og dvelja þar sumir árum saman og halda þó þjóðerni sínu og tungu. Íslendingar munu á sama hátt standa af sér þá raun, sem þetta er. Hitt er óbætanlegt, ef áróður kommúnista yrði til þess, að Íslendingar létu undan fallast að tryggja landi sínu varnir einmitt á þeim árum, þegar úrslitum getur ráðið um heimsfriðinn, hvort nokkur hlekkur slitnar í varnarkeðju frelsis og mannréttinda.

Þjóðvarnarmenn segja öðru hverju, að við, sem teljum nauðsyn á vörnum á Íslandi, höldum því fram, að Bandaríkin séu hér okkar vegna og geri það sem einhvers konar góðverk við okkur að annast varnirnar. Aldrei hef ég haldið slíku fram né heyrt neinn annan gera það. Auðvitað eru Bandaríkin hér vegna sjálfra sín, til þess að halda uppi vörnum í þessum heimshluta og tryggja heimsfriðinn. Alveg á sama hátt leyfum við Bandaríkjamönnum að vera hér vegna okkar sjálfra, en ekki vegna þeirra. Það er vegna þess, að íslenzkir hagsmunir krefjast þess, að vörnum sé haldið uppi á Íslandi, sem við höfum fallizt á, að Bandaríkjamenn séu hér. Það er nauðsyn beggja, sem hér er að verki, og er það ekkert sérstakt, heldur það sama sem ætíð kemur fram, þegar samningar eru gerðir; þeir byggjast á sameiginlegum hagsmunum. Meðan þessir samningar standa, er það báðum aðilum jafnnauðsynlegt, að sambúðin geti farið skaplega fram og sem allra árekstraminnst. Þess vegna verður að treysta því, að nauðsynlegar breytingar fáist á samningunum, jafnframt því sem við verðum auðvitað að taka sanngjarnt tillit til gagnaðila okkar.

Þegar kommúnistar og þjóðvarnarmenn tala í almannaáheyrn eins og hér í kvöld, eru þeir öðru hverju með hnjóðsyrði hvor í annan. En menn hafa heyrt, að á bak við hnjóðsyrðin er ekki maðkurinn í mysunni þeirra í milli um málefnin. Þar standa þeir allir sem einn, einkanlega í þeim málum, sem íslenzka þjóðin kann að eiga ekki aðeins sjálfstæði sitt, heldur bókstaflega tilveru sína undir, sem sé utanríkis- og varnarmálunum. Í þeim málum leggjast þessir herrar allir á eina sveif, heimta algert varnarleysi landsins. Þar blygðast þjóðvarnarmenn sín ekki fyrir að hjálpa kommúnistum, þótt þeir í blaði sínu segi, að stefna kommúnista sé „glæpsamlegt glæfraspil“ manna, „sem breyti samkvæmt þeirri kenningu, að tilgangurinn helgi tækið, og eru því alvanir að snúa snældunni eins og bezt þyki henta hverju sinni“ og hafa að einkunnarorðum „drepum, drepum í austri“.

Þannig lýsa þjóðvarnarmenn kommúnistum, sem kalla svo þjóðvarnarmenn samherja sína, þegar þeir eru að reyna að afla sér atkvæða, — mönnunum, sem forsprakkar Þjóðvarnar hafa ýmist verið í flokki með, fylgt eða haft opinbert bandalag við til skamms tíma. Þjóðvarnarmenn bæta því meira að segja við um þessa andans feður sína, að þeir hafi „ekkert brúk fyrir Íslending nema til þess að blekkja hann með einum hlut í dag, öðrum gagnstæðum á morgun“, enda sé „þeim málstaður Íslands einskis virði, nema ef unnt er að nota hann í þjónustu og til eflingar sínum eigin flokki“. Það er ekki furða þó þeir kalli hvor annan samherja!

Þegar athugað er, að þjóðvarnarmenn lýsa nú yfir því, að þeim hafi svo geipilega missýnzt við jafnaugljósa staðreynd sem eðli kommúnismans og forustumanna hans, þá mundi þeim óneitanlega sæma betur meira lítillæti í dómum um menn og málefni. Öll saga og atferli þjóðvarnarforsprakkanna fyrr og síðar ber óhrekjanlegt vitni um dómgreindarleysi, trúgirni og hæfileikaskort um mat á þeim staðreyndum, sem mestu varða fyrir frelsi og öryggi íslenzku þjóðarinnar, svo að ekki sé vikið að svo lítilvægu atriði, að þjóðvarnarmaðurinn skuli ruglast á bílum helztu stuðningsmanna sinna og hins nýja utanrrh. Það er skopleg glámskyggni. Hitt er hörmulegt, þegar hann telur örlög íslenzkra sjómanna í síðustu styrjöld „sönnun fyrir vernd hlutleysisins“, örlög sjómannanna, sem fleiri misstu þá lífið hlutfallslega en margar ófriðarþjóðir misstu af sínum ungu mönnum.

Í sjálfu sér getur engan undrað, þótt ýmsir séu andvígir dvöl erlends varnarliðs í landinu og telji varnirnar yfirleitt óþarfar. Þeir menn, sem svo hugsa enn, eru sömu skoðunar sem við Íslendingar yfirleitt, aðrir en kommúnistar, vorum til skamms tíma. Kommúnistar kröfðust þess þar á móti strax 1939, að varnir landsins væru tryggðar. Þeir gerðu það vegna þess, að það hentaði þá hagsmunum Rússa. Sama skoðun kom enn fram hjá Brynjólfi Bjarnasyni á Alþingi 1941, þegar hann sagði, að á Íslandi mætti skjóta án miskunnar, aðeins ef það kæmi Rússum að gagni í vörn þeirra gegn Þjóðverjum. Nú vilja kommúnistar varnarleysi Íslands, af því að það hentar Rússum eins og sakir standa. Það er þjónustan við Rússa, sem ræður gerðum kommúnista í þessu sem ella.

Sama er um þá svo kallaða þjóðvarnarmenn, sem eru beinir útsendarar kommúnista, flugumenn til að ginna heiðarlega ættjarðarvini af réttri braut. Vitanlega vakir gott eitt fyrir flestum af fylgismönnum Þjóðvarnar og raunar kommúnista einnig. Þessir menn hafa aðeins ekki áttað sig á þeim breytingum, sem ger-

breyttar aðstæður hafa haft í för með sér. Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur skilið eðli og afleiðingar þessara breytinga, en enn hefur verið hægt að villa um fyrir þeim, sem ekki hafa gefið sér tóm til að kynna sér þessi mál. Það er að langmestu leyti uppeldis- og fræðsluatriði að fá menn til að skilja, að á slíkum hættutímum sem nú getur Ísland ekki fremur en önnur þjóðlönd verið varnarlaust. Í þeirri fræðslu hefur nú þegar mikið áunnizt, og er eðlilegt, að í þessu sem öðru eigi menn misjafnlega auðvelt með að átta sig á nýjum staðreyndum.

Auðvitað vildum við allir geta látið deilur stórveldanna afskiptalausar. Gallinn er sá, að reynslan hefur þegar sýnt, að þau láta okkur ekki afskiptalaus. Úr því skar síðasta heimsstyrjöld svo skýrt, að ekki verður um villzt. Því fer þess vegna fjarri, að ágreiningurinn milli austurs og vesturs komi okkur ekki við. Það væri óðs manns æði að búast við, að land okkar drægist ekki inn í hernaðarátök, ef úr þeim verður milli þessara aðila. Ef landið væri óvarið, *eru allar líkur til, að kapphlaup yrði* um, hver gæti fyrstur hreppt það. Við það kapphlaup mundi hættan á blóðugum bardögum um landið og tortímingu landsfólksins stóraukast.

Þótt fley okkar sé smátt, er okkur Íslendingum eigi síður annt um það en hinum, er stærri farkost eiga. Við erum að vísu meðal hinna smæstu af smáþjóðunum, en við viljum og verðum, ekki síður en stórþjóðirnar, að sjá okkur sjálfum og landi okkar borgið. Aðferðirnar *eru misjafnar, en verkefnið er hið sama* að eðli. Sá, sem ekki vill vera sjálfstæður og leggja nokkuð af mörkum til þess, — ýmist einn eða í samvinnu við aðra, — hann getur ekki til lengdar haldið sjálfstæði sínu.

Kommúnistar vilja stýra íslenzku þjóðarskútunni til austurs, og þjóðvarnarmenn segjast vilja láta hana reka sem stjórnlaust rekald. Þeir gefast upp við að reyna að sjá okkur farborða og kasta fyrir borð hugsjón sjálfstæðis og manndóms. Við hinir viljum halda í horfinu og búa okkur undir óveðrið, sem í aðsigi er. Ef það gengur hjá, sem við vissulega vonum, hefur varúðin að vísu valdið óþægindum um sinn, en óþægindum, sem eru smáræði hjá þeirri hættu, sem verið er að forðast með skynsamlegum aðgerðum.

Hvort sem okkur þykir betur eða verr, eru örlög okkar nátengd þjóðunum, sem umhverfis okkur búa. Þegar af þeirri ástæðu getum við ekki skorizt úr samfélagi vestrænna þjóða. En við eigum fleira sameiginlegt með þessum þjóðum *en nálægðina*. Baráttan, sem nú er háð í heiminum, er annars eðlis en venjuleg stórveldaátök. Sameiginleg trú á frelsi og mannréttindi tengir okkur við okkar voldugu nágranna. Ef ofbeldið eyðir þessum hugsjónum, er það ekki síður hættulegt fyrir okkur en hinar stærri þjóðir. Það væri þess vegna alger fásinna að láta svo sem barátta milli frelsis og kúgunar, lýðræðis og áþjánar kæmi okkur ekki við.

Enn er hugsanlegt, að þeirri baráttu linni, án þess að til nýrrar stórstyrjaldar komi. Meðan hugarfarsbreyting verður ekki hjá kommúnistum, er helzta vonin til þess sú, að lýðræðisríkin verði svo öflug, að ofbeldisríkin sjái, að árás sé vonlaus. Ef höggvið er skarð í varnarmúrinn, aukast hins vegar líkurnar fyrir því, að skyndiárás takist.

Enginn veit, hvað úrslitum ræður að lokum milli friðar og ófriðar. Hitt er augljóst, að afstaða Íslands getur haft þar áhrif og ef til vill ekki smávægileg. Við, sem viljum, að Ísland sé varið, meðan svo horfir sem nú, viljum það af því, að við *erum sannfærðir um*, að með því veitum við verulegan stuðning til þess, að friður megi haldast í heiminum. — Góða nótt.

*Forseti (JörB):* Þá er útvarpsumr. um þáltill. þessa lokið. Mér hefur borizt ósk frá hv. flm. þessarar till. um, að frekari umr. yrði frestað og málinu vísað til n., og verður það gert, en atkvgr. um það fer fram síðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 25. *nóv.*, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 2. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. um að vísa þáltill. til utanrmn. felld með 30:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

*já:* LJós, BergS, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, GÞG, HV, HG.

*nei:* IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, PÞ, PO, SÁ, SÓÓ, SkG, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EystJ, GíslJ, GTh, HÁ, BFB, IngF, JörB.

13 þm. (KGuðj, ÓTh, PZ, SB, SG, StgrSt, BrB, EirÞ, EmJ, FRV, GíslG, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

*Eggert Þorsteinsson:* Herra forseti. Alþfl. hefur lagt fram þáltill. í þessu sama máli og lýst þar sínum skoðunum. Ég tel hins vegar rétt, að þetta mál fái þinglega afgreiðslu, og segi já við að vísa málinu til nefndar.

Að lokinni þessari atkvgr. mælti

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Það er nokkuð óvenjulegt, en hefur þó nokkrum sinnum komið fyrir, að stjórnarflokkarnir hafa neitað að vísa máli hér til nefndar. Nú er náttúrlega sannleikurinn sá, að ekki er víst, að þetta sé alltaf gert af illum hug, að neita að vísa málum til nefndar, svo framarlega sem ætla má, að málið haldi áfram við umræðu. Hins vegar er greinilegt, af hvaða hug það er gert, ef mál eru þar með stöðvuð. Það *hefur áður fram* farið fyrri hluti umr. um þetta mál, og ég vildi nú leyfa mér að æskja þess við hæstv. forseta, að þar sem almennt hefur ekki verið gengið út frá því af þm., að síðari hluti fyrri umr. um þetta mál færi fram í dag, því að ég býst við, að flestir aðrir þm. en handjárnaðir þm. stjórnar-

flokkanna hafi gengið út frá því, að þetta frv. mundi fá eðlilega meðferð í nefnd, þá vildi ég leyfa mér að æskja þess við hæstv. forseta, að umr. um þetta mál sé nú frestað og haldið áfram síðar. Ég álít, að þetta sé það þýðingarmikið mál, að fyrst meiri hl. hér á þingi hefur ekki viljað láta athuga það í n., þá þurfi það að fá frekari umr. á þingi, þegar menn eru við því búnir að ræða það. Ég vildi þess vegna leyfa mér að æskja þess við hæstv. forseta, að síðari hluti þessarar fyrri umr. færi ekki fram nú, heldur yrði frestað. Ég veit meðal annars, að fulltrúi Sósfl. í utanrmn., sem hefur vafalaust gengið út frá því að fá þetta mál til meðferðar, mun vafalaust vilja fá tækifæri til þess að láta í ljós sitt álit á þessu máli frekar en þegar hefur verið gert við umr. málsins. Ég vonast þess vegna til þess, að hæstv. forseti geti orðið við þessari ósk.

*Forseti (JörB):* Mér er ekki kunnugt um vilja hv. flutningsmanna þessarar þáltill., og vel má vera, að þeir óski eftir að fá afgreiðslu um málið endanlega. (*GilsG:* Ég tek undir ósk hv. 2. þm. Reykv. um, að málinu verði frestað.) Hv. fyrri flm. segir nú, að hann kjósi helzt, að umr. sé frestað og málið ekki tekið frekara fyrir í dag, og ég vil verða við þeim tilmælum að taka málið út af dagskrá í þetta sinn.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 3. Dráttarbraut á Ísafirði.

Á deildafundum 6. okt. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrautar á Ísafirði* [31. mál] (A. 31).

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var till. tekin til fyrri umr.

*Flm. (Kjartan J. Jóhannsson):* Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta nauðsynjamál umfram það, sem í grg. segir. — Það hefur um langan tíma háð mjög útgerðinni á Ísafirði og þeim iðnaði, sem hún þarf sérstaklega að styðjast við, eins og vélsmiðjur og skipasmíðastöðvar, að ekki er til þar nægilega stór dráttarbraut til þess að geta tekið skipin á land, sem nú eru þar gerð út. Gamla dráttarbrautin, sem þar er nú, var byggð 1921 fyrir allt að 30 tonna skip og var á sínum tíma ágæt, en er nú löngu orðin allt of lítil og allsendis ófullnægjandi, enda er svo grunnt framan við hana, að sæta verður stórstreymi til að koma stærstu bátunum, sem hún getur tekið, upp í vagninn. Dráttarbrautin var, að ég hygg, upphaflega byggð án opinberrar aðstoðar, og eigendur hennar hafa síðan tvívegis stækkað hana algerlega af eigin rammleik, og sýnir það bezt skilninginn og nauðsynina, sem verið hefur á því að hafa dráttarbrautina nógu stóra. Fyrst var hún stækkuð upp í það að taka 60—70 tonna skip, þegar bátarnir stækkuðu frá því, sem tíðkaðist þar, þegar hún var byggð fyrst, en síðan hefur hún verið stækkuð svo, að nú getur hún tekið 100 tonna báta. Sá annmarki er þó á því, að 100 tonna bátar komast því aðeins upp í brautina, að svo stórstreymt sé, að unnt sé að fleyta þeim inn á vagninn. Þar, sem þessi braut stendur, er ekki heppilegt til frekari stækkunar, en umsóknir um leyfi eða aðra fyrirgreiðslu til þess að byggja nýja og stærri braut hafa enn ekki borið neinn árangur. Ég þarf ekki að lýsa því fyrir þeim, sem útgerðarmálum eru kunnugir, hvað þetta er bagalegt fyrir útgerð skipa og báta vestanlands. Það hefur þráfaldlega komið fyrir, að þurft hefur að draga skip frá Ísafirði alla leið til Reykjavíkur til þess að gera þar við skemmdir, sem auðgert hefði verið að lagfæra vestra, ef til hefði verið nægilega stór dráttarbraut. Stundum hefur á hinn bóginn verið bjargazt við það að fá kafara til að framkvæma aðgerð til bráðabirgða eða fullnaðaraðgerð, ef það hefur verið hægt með þeim hætti, en annars þá aðgerð til bráðabirgða, svo að skipin gætu komizt sjálfkrafa í dráttarbraut. Stundum hefur líka orðið að notast við það að leggja skipunum á land eða í fjöru, en það er ákaflega erfitt vestra vegna þess, hvað munur flóðs og fjöru er lítill, og þegar bjargazt hefur verið við þetta, þá hefur stundum þurft að bíða langan tíma eftir því, að nægilega stórstreymt væri til þess, að nokkur von væri um, að hægt væri að framkvæma þær aðgerðir, sem þurft hefur að gera á skipunum. Við höfum eðlilega fundið þetta bezt, Ísfirðingar, um heimaskipin. En þó gegnir auðvitað sama máli um þann mikla fjölda bæði innlendra og erlendra skipa, sem veiðar stundar úti fyrir Vestfjörðum mikinn hluta ársins. Fyrir öll þessi skip er það aðkallandi nauðsyn að fá úr þessu bætt. Fyrir þau öll hlýzt alltaf annað slagið stórfelldur aukakostnaður og tafir af þessum annmarka. Það er auðskilið hvað miklu seinlegra er og dýrara að vinna verkið, sem vinna þarf við skipið, á kafi í sjó, og maðurinn, sem verkið vinnur, þarf að vera auk þess í þungum kafarabúningi og vinna við lélega birtu og einn, hjálparlítill eða hjálparlaus, niðri í sjónum a. m. k. Og auk þess hlýzt af þessu stórfelldur aukakostnaður, sem af töfinni leiðir. En ef hin leiðin er valin, að taka skipin í fjöru, þá hlýzt af því stórfelldur aukakostnaður við að undirbúa fjöruna og auk þess létta skipin sem kostur er, sérstaklega þann enda þeirra, sem sérstaklega þarf að fá á þurrt, ef ekki þarf að fá allt skipið á þurrt, og auk þess, eins og ég gat um áðan, jafnaðarlega að bíða þess, að nægjanlega stórstreymt verði, til þess að nokkur von sé um, að hægt sé að ljúka verkinu um fjöru. Jafnvel þótt skipin séu nú ekki verr farin en það, að áhættulaust sé að sigla þeim til Reykjavíkur, þá tefur siglingin ein þau alltaf a. m. k. tvo daga frá veiðum, og þar á ofan hafa svo oftlega hlotizt stórtafir af því, að eftir að skipin voru nú komin til Reykjavíkur eða þangað, sem dráttarbraut var nægi-

lega stór, sem gat tekið þau upp, þá hafa þau þurft að bíða, stundum ekki svo að dögum skiptir, heldur jafnvel eina eða fleiri vikur, vegna þess að þá hefur ekki verið rúm í dráttarbrautunum, þegar þau hafa þangað komið.

Þá vil ég að lokum fara nokkrum orðum um það, hvernig hagar til um aðstöðu til skipaviðgerða á Ísafirði. Þar er nú til ný og mjög myndarleg vélsmiðja í ágætum húsakynnum og með mikinn og nýjan vélakost og hefur að því leyti sérlega góða aðstöðu til þess að framkvæma hvers konar vélavinnu. Auk þess eru þar þrjár aðrar vélsmiðjur minni. Hvað skipasmíði áhrærir erum við líka vel settir. Skipasmíðastöðvar eru tvær á Ísafirði og hafa báðar á sér ágætisorð fyrir góða og vandaða vinnu, bæði um viðgerðir og nýsmíði. Við skipasmíðar koma raunar til miklu fleiri iðngreinar en þessar tvær, sem ég nú hef nefnt. Við skipasmíðar og viðgerðir þarf rafvirkja, útvarpsvirkja, rörlagningarmenn, málara, svo að eitthvað sé upp talið. Í þessum iðngreinum höfum við líka ágætum iðnaðarmönnum á að skipa vestra, og ef aðstæður hefðu verið betri, þá hefðum við raunar enn fleiri en við höfum núna, vegna þess að sumir þessara ágætu iðnaðarmanna, sem við höfum haft, hafa vegna aðstöðumunarins neyðzt til að flytja sig þangað, sem aðstaðan hefur verið betri. Það hefur enn fremur stuðlað að því að minnka atvinnu þessara iðnaðarmanna á Ísafirði, að útgerðarmenn hafa oftlega neyðzt til þess að senda skip sín þangað, sem þau gætu farið í dráttarbraut, ekki vegna þess, að ekki væru nægir iðnaðarmenn og næg skilyrði að öðru leyti til þess að gera við þau á Ísafirði, og jafnvel það, sem ekki þurfti nú að fara með skipin í dráttarbraut til, hafa þeir þurft að láta gera líka þar, sem dráttarbrautin var, til þess að geta notað þann biðtíma, sem þeir vissu að mundi verða á því, að skipin kæmust í dráttarbraut. En ef þeir hefðu látið gera það vestra, þá hefði biðtíminn ekki notazt þannig, vegna þess að dráttarbrautirnar hafa vitanlega ekki tekið gildan biðtímann, fyrr en skipin væru komin á staðinn og gætu farið í brautina.

Í grg. er drepið á það, að aðrir landshlutar hafi fengið fyrirgreiðslu í þessu efni, sem hliðstæð sé við það, sem hér er farið fram á. Skal þá fyrst telja, að í Reykjavík mun aðstoð þeirri, sem veitt hefur verið, hafa verið komið fyrir á svipaðan hátt og hér er lagt til og byggðar þær dráttarbrautir, sem nú eru hér til, með þeim hætti. Hér í Reykjavík er aðstaðan bezt, þó að enn þurfi að bæta hana, og helzt svo, að við getum tekið öll okkar skip á þurrt til viðgerðar, þegar þess þarf með. Á Norðurlandi var fyrir fáum árum byggð allstór dráttarbraut á Akureyri, og í Neskaupstað var fyrir fáum árum byggð dráttarbraut með aðstoð ríkisvaldsins. Þessar dráttarbrautir bættu þá úr brýnustu þörfinni, sem þar var. Það kann að vera, að enn sé úrbóta þörf annars staðar. Skipin hafa undanfarin ár farið sístækkandi, og þá er eðlilegt, að smiðirnir, sem við þau eiga að gera, og iðnaðarmennirnir vilji fá stækkaðar dráttarbrautirnar. En það þykir jafnan skylt, ef ekki er hægt að liðsinna öllum í einu, að láta þá þann ganga fyrir, sem lengst hefur beðið og þar sem brýnust er þörfin, en það tel ég að sé á Vestfjörðum. Og þörfin er ekki aðeins fyrir þá, sem þar búa, heldur felst í þessu mikið öryggi fyrir öll þau skip, sem veiðar stunda þar úti fyrir.

Það kann einhver að segja, að ekki þurfi sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar til dráttarbrauta, þær megi byggja eftir hafnarlögum með styrk og ríkisábyrgð eins og þar er ákveðið, og það er að vísu rétt, það sem það nær. En ástæður hafnarsjóðs á Ísafirði eru ekki þannig, að í svip sé líklegt, að hann sé aflögufær, og er frekar von um, að iðnaðarmenn og útgerðarmenn þeir, sem mestan áhuga hafa á dráttarbrautinni, geti hrundið málinu í framkvæmd eins fljótt og þarf.

Um skilyrði til byggingar dráttarbrautar á Ísafirði hefur farið fram allýtarleg athugun. Höfnin þar er einhver hin bezta á landinu, líhöfn í öllum áttum, þegar inn er komið. Og slippstæðið er ákjósanlegt og hentugt inni í sjálfri höfninni og nærri skipasmíðastöð og stærstu vélsmiðjunni. Landrými getur einnig orðið þar nægjanlegt, þegar fram í sækir. — Mun ég að sjálfsögðu skýra þetta mál allt nánar og rækilegar fyrir n., sem fær það til meðferðar, og leggja fram bráðabirgðaáætlun og lýsingu á staðháttum.

*Jónas Rafnar:* Herra forseti. Ég hef leyft mér að koma með þá brtt. við þessa till. til þál., að aftan við tillgr. bætist: „og allt að 5 millj. kr. lán til stækkunar dráttarbrautar Akureyrarkaupstaðar."

Það hefur lengi verið í ráði hjá bæjarstjórn Akureyrar að stækka dráttarbraut bæjarins. Eins og nú er háttað, þá hefur dráttarbrautin yfir tveimur sleðum að ráða, og getur stærri sleðinn tekið upp allt að 500 tonna skip, en hefur þó ekki hliðarfærslur. Minni sleðinn er með hliðarfærslum og getur því tekið upp fleiri skip í einu. Bæjarstjórnin hefur viljað stefna að því, að stækkun brautarinnar yrði við það miðuð, að tekin yrðu upp allt að 1200 tonna skip, þ. e. a. s. skip af sömu stærð og nýsköpunartogararnir eru.

Bæjarstjórninni hefur þegar borizt bráðabirgðakostnaðaráætlun frá vitamálaskrifstofunni, þar sem gert mun vera ráð fyrir því, að stofnkostnaðurinn verði allt að 6 millj. kr., miðað við þá stærð á dráttarbrautinni, sem ég hef þegar getið um. Þessi áætlun mun styðjast við tilboð, sem borizt hefur frá Skotlandi, en það er núna unnið að því áfram að afla fleiri tilboða sem víðast að, svo að ég held, að á þessu stigi sé ekki hægt að segja neitt ákveðið um það, hver kostnaðurinn endanlega yrði, ef ráðizt yrði í að stækka brautina.

Það getur ekki orkað tvímælis, að það er mjög mikið hagsmunamál fyrir útgerðina á Akureyri, að í bænum komi sem fullkomnust dráttarbraut, og þetta er að sjálfsögðu líka mikið hagsmunamál fyrir allt Norðurlandið. Eins og stendur, þá eru núna á Akureyri 5 stórir togarar, og það er ákaflega kostnaðarsamt fyrir útgerðina að þurfa að senda öll þessi góðu

skip til viðgerðar alla leið hingað suður til Reykjavíkur. Einnig er þannig háttað í bænum, að þar eru mörg og góð járnsmíðaverkstæði, einnig góðar trésmiðjur, og við höfum mörgum ágætum faglærðum mönnum á að skipa, svo að ljóst er, að skilyrðin fyrir þetta fyrirtæki munu í alla staði vera hin ákjósanlegustu.

Ríkið hefur nokkrum sinnum ábyrgzt eða gengið í ábyrgð fyrir dráttarbrautir, og er þess skemmst að minnast, að á síðasta ári var samþykkt ábyrgð, allt að 6 millj. kr., fyrir Skipanaust h/f hér í Reykjavík. Það er því mjög eðlilegt, að orðið verði við óskum Ísfirðinga og Akureyringa um, að þeir fái sams konar aðstoð, og að það verði reynt að greiða fyrir því með stuðningi ríkisins, að þessi miklu nytjafyrirtæki komist sem fyrst upp í bæjarfélögunum báðum. Ég held einnig, að það sé alls kostar ljóst, að ekki sé nein hætta fyrir ríkissjóð að ganga í ábyrgð fyrir Akureyrarbæ, jafnvel þó að upphæðin sé allt að 5 millj. kr. Ég er sannfærður um, að dráttarbraut á Akureyri mundi reynast ágætt fyrirtæki, sem komi fullkomlega til með að standa undir eigin rekstri. Og einnig tel ég það sjálfsagt, að Akureyrarbær setji allar þær tryggingar, sem fullnægjandi geta talizt.

Ég vil svo eindregið mælast til þess, að þessi till. verði samþ., þó með þeirri breyt., að ríkisstj. sé heimilt einnig að ábyrgjast allt að 5 millj. kr. til stækkunar dráttarbrautarinnar á Akureyri.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 4. Bátasmíð innanlands.

Á deildafundum 7. okt. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um smíði fiskibáta innanlands* [37. mál] (A. 39).

Á 7., 9., 10., 12. og 13. fundi í Sþ., 14., 19., 22. og 28. okt., 4. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 39 till. til þál. um smíði fiskibáta innanlands. Till. er í tveim liðum. Fjallar fyrri liðurinn um litla, opna vélbáta, svonefnda trillubáta, en síðari liðurinn um stærri fiskibáta.

Það er alkunna, að áður en togarar og önnur stórvirk veiðiskip, íslenzk, en þó einkum erlend, spilltu aflabrögðum á grunnmiðum hér við land, voru litlir vélbátar farsælar fleytur og komu oft með góðan feng að landi. Eftir að hófst sú ördeyða á mörgum fiskislóðum, sem áður voru aflasælar, sem ógnaði svo mjög sumum útgerðarstöðvum og byggðarlögum, að við landauðn hefur legið, þvarr mjög öll smábátaútgerð og lagðist sums staðar niður með öllu. Nú er viðhorfið að því leyti breytt vegna hinnar stækkuðu fiskveiðilandhelgi, að aftur eru menn farnir að gera sér rökstuddar vonir um, að fiskgengd á grunnmið fari nú smám saman vaxandi. Margir eru ekki í neinum efa um það, að friðunarinnar er þegar tekið að gæta á sumum veiðisvæðum, og verður þó vonandi betur síðar. Í sambandi við þessi breyttu viðhorf hefur aukizt stórlega áhugi manna víðs vegar um land á útgerð lítilla, opinna vélbáta. Þess eru allmörg dæmi, að gamlir bátar, sem lengi hafa legið aðgerðarlausir og oft umhirðulitlir, hafa verið dregnir á flot, sumir dubbaðir eitthvað upp, aðrir næsta lítið. Er það raunar fullkomið alvörumál og áhyggjuefni að því leyti, að sjósókn á gömlum og lélegum fleytum er mjög áhættusöm, enda veit ég dæmi þess, að slíkir bátar hafa nú nýlega reynzt með öllu ófærir til sjósóknar, þegar til átti að taka, og naumlega tekizt að forða slysum, hafi það þá alltaf tekizt. Ég býst jafnvel við, að vaxandi útgerð smábáta mundi gera nauðsynlegt, að settar yrðu fastari reglur en nú virðast gilda um skoðun og eftirlit með þess konar fleytum, en séu þær reglur til, þá verði þeim a. m. k. betur framfylgt en nú virðist gert. Ég sá raunar í dagblöðum fyrir skömmu auglýsingu frá skipaskoðunarstjóra, þar sem eigendur trillubáta eru kvaddir með báta sína til skoðunar, og er það vel, hefði raunar mátt vera fyrr. En eitthvert allra öruggasta ráðið til þess að draga úr slysahættu af þessum sökum, jafnhliða ströngu eftirliti, sem sjálfsagt er, er það, að þeim mörgu mönnum, sem nú hafa hug á að sækja sjó á smábátum, sé gert kleift að eignast nýja og góða báta. Reynslan hefur sýnt, að útgerð smábáta gefur ágæta raun, þegar afli bregzt ekki á grunnmiðum. Stofn- og rekstrarkostnaður slíkra báta er að jafnaði lítill, en útgerð þeirra oft næsta arðvænleg. Bátar, sem róa á grunnmið og koma daglega með feng sinn að landi, afla hinnar beztu og verðmætustu sjávarvöru, veita verkafólki góða atvinnu og hafa oft verið einhver helzta lyftistöng margra sjávarþorpa. Hefur hv. þm. S-Þ. lýst því allgreinilega hér á Alþ. um daginn, hvert gagn sjávarþorpum getur verið að slíkri smábátaútgerð, og tek ég undir röksemdir hans.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, mun mega gera ráð fyrir, að opinn vélbátur af hentugri stærð kosti fullbúinn um 60 þús. kr. Mundu því 200 slíkir bátar kosta um 12 millj. kr. Þegar tekið er tillit til þess, að 200 báta floti mundi veita atvinnu á sjó og í landi um 800 manns, getur þetta engan veginn talizt há upphæð. Það fer að sjálfsögðu eftir aflabrögðum, hve miklum verðmætum 200 opnir vélbátar gætu skilað árlega í þjóðarbúið, en líkur benda til, að það verði á hverju ári til muna hærri upphæð en öllum stofnkostnaði nemur.

Þeir menn, sjómenn og aðrir, sem hug hafa

á smábátaútgerð, eru fæstir svo efnum búnir, að þeir geti án aðstoðar keypt eða látið smíða nýja báta, einkum þegar þess er gætt, að lán út á slíka báta eru nú lítt eða jafnvel alls ekki fáanleg.

Skal ég þá fara örfáum orðum um síðari lið till., en þar er fram á það farið, að gerðar verði af opinberri hálfu ráðstafanir til smíði tuttugu allstórra fiskibáta. Er hér raunar um algert lágmark að ræða, ef Íslendingar ætla að halda við fiskibátaflota sínum, en að sjálfsögðu þyrfti hann heldur að aukast í stað þess að rýrna, eins og hann hefur gert nú hin síðustu ár. Innflutningur erlendra báta er að sjálfsögðu algert neyðarúrræði, og ber margt til þess. Útlendir fiskibátar, þótt nýir séu, hafa yfirleitt reynzt verr en íslenzkir bátar. Íslendingar gera meiri kröfur um styrkleika báta, frágang allan og gæði en flestar þjóðir aðrar. Íslenzku vetrarverðin eru grimm, og hér er sjór sóttur af miklu kappi, ekki sízt á vetrarvertíð. Hinir erlendu bátar eru ekki miðaðir við aðstæður hér. Þeir eiga ekki yfirleitt við íslenzkan veðraham. Íslenzkar báta- og skipasmíðastöðvar hafa margsýnt, að þær geta smíðað ágæta báta, sem reynast vel í vetrarveðrum hér við land. Það er einnig veigamikið atriði í þessu sambandi, að sjávarútveginum er það brýn nauðsyn, að hér á landi séu sem flestar og beztar bátasmíðastöðvar, svo að þær geti annað hinu mikla viðhaldi og viðgerðum, sem flotinn þarfnast á hverjum tíma, en reynslan hefur sýnt, að því aðeins getur þetta mikilvæga verkefni orðið vel af hendi leyst, að skipaviðgerðarstöðvar hafi einnig með höndum nýsmíðar báta og skipa til að vinna að á þeim tímum árs, þegar skipaviðgerðir eru litlar. Með því móti einu, að þetta tvennt haldist í hendur, viðgerðir og nýsmíðar, er skipasmíðastöðvum kleift að gegna sínu mikilvæga hlutverki svo sem nauðsyn ber til.

Fiskibátar, smíðaðir hér á landi, hafa, eins og ég áðan sagði, yfirleitt líkað vel. Þeir hafa þann mikla kost vegna vandaðs frágangs og styrkleika, að viðhald þeirra er minna og ódýrara en hinna erlendu báta, sem oft hafa þurft að fá gagngerða viðgerð, jafnvel þegar á öðru og þriðja ári. Reynslan hefur því orðið sú, að þrátt fyrir nokkru hærri smíðakostnað íslenzku bátanna hafa þeir raunverulega orðið kaupendum ódýrari en erlendir bátar. Innflutningur gamalla báta frá útlöndum er fullkomið óyndisúrræði, og ætti að minnsta kosti að gera ráðstafanir til þess, að ekki verði framhald þar á. Þær ráðstafanir eru að sjálfsögðu í því fólgnar að auðvelda smíði fiskibáta innanlands, og í því skyni er þessi þáltill. fram borin.

Ég hef ekki gert sérstakar till. um það, hvaða aðferð yrði viðhöfð til að leysa fjárhagshlið þessa máls, hvort heldur það yrði gert með eflingu fiskveiðasjóðs, sérstöku fjárframlagi í þessu skyni til stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands ellegar með enn öðrum hætti. Ætla ég hæstv. ríkisstj., ef til kemur, að velja þar um leiðir. Sú viðbára, að fé sé ekki til, ekki fáanlegt, er fánýt. Vissulega er hægt að afla þess og vissulega verður að afla aukins fjár til stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Þeir fjármunir koma væntanlega fljótlega aftur í auknu atvinnulífi, aukinni framleiðslu.

Ég legg svo til, að þessari till. verði að lokinni fyrri umr. vísað til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28:1 atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 5. Afturköllun málshöfðunar.

Á deildafundum 9. okt. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um afturköllun málshöfðunar gegn byggjendum íbúðarhúsa* [45. mál] (A. 47).

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til einnar umr.

*Flm. (Karl Guðjónsson):* Herra forseti. Forsaga þeirrar till., sem hér liggur fyrir, er í stuttu máli á þessa leið:

Lögin um fjárhagsráð frá 1947 banna alla fjárfestingu nema að fengnu leyfi ráðsins. Bann þetta hefur bitnað harðast á húsnæðislausu fólki, því að ráðið hefur ekki hafnað jafnmörgum umsóknum um neitt eins og byggingar íbúðarhúsa. Íbúðaþörfin hefur hins vegar ekki hætt að ásækja fólk, þó að fjárhagsráð hafi neitað um leyfi til bygginganna, heldur þvert á móti knúið því fastar á, sem ráðið leyfði minna. Í stærstu kaupstöðum landsins hefur húsnæðiseklan nú náð því stigi að valda alvarlegu böli, sundra fjölskyldum, spilla stórlega heilsu fjölda fólks og færa lífsaðbúð fjölmargra fjölskyldna langt niður fyrir það mark, sem telja má að sé lágmark í menningarsamfélagi. Þetta á í ríkustum mæli við um Reykjavík, en húsnæðisskortur er einnig víðast annars staðar, þar sem fólksfjölgun er að minnsta kosti, og hefur þó verið komizt næst því að vinna bug á þessum skorti í Vestmannaeyjum. Ástæðan til þess, að betur hefur til tekizt þar í baráttunni við húsnæðisskortinn en annars staðar, er í rauninni sú, að þar hefur almennt verið lagður nokkuð annar skilningur í lögin um fjárhagsráð en hæstv. ríkisstj. og hinu virðulega fjárhagsráði þykir bezt sæma. Og þess vegna eru þær málshöfðanir, sem hér um ræðir, til komnar, en það er einmitt lagt til hér í þessari þáltill., sem nú er til umr., að þær verði afturkallaðar.

Í Eyjum hefur það orðið eitt þegjandi allsherjar samkomulag allra stétta og einstaklinga,

ef til vill með örfáum undantekningum og þá helzt af vangá, að láta innflutningsskömmtun byggingarefnisins eina ráða, hve mikið væri byggt. Í þessu fara hagsmunir allra saman. Hinn húsnæðislausi þarf ekki að bíða með framkvæmd sína til þess dags í blámóðu framtíðarinnar, þegar því virðulega ráði þóknast að úthluta honum einhverju leyfi. Hann byrjar að grafa og steypa grunn, því að einhver leyfishafi hefur fengið leyfi fyrir tíu eða tuttugu sementspokum umfram það, sem hann þarf að nota, og það leyfi hefur hann lagt inn hjá kaupmanni sínum eða kaupfélagi eða afhent það beint til þess, sem ekkert leyfi hafði. Kaupfélagið eða kaupmaðurinn hefur engan áhuga á því að liggja óþarflega lengi með sínar vörubirgðir, og viðskiptin ganga greiðlega. Ef mjög lítið hefur verið um leyfi, þá kann það að hafa komið fyrir, að efnivörur hafi verið látnar af hendi út úr verzlunum án þess, að leyfi væri afhent um leið, heldur látnar upp á von um væntanlegt leyfi, og þannig mætti lengi telja. Það eru mörg ráðin, þegar almenningur leggst á eitt og allur rígur milli einstaklinga og stétta er þurrkaður út, heldur öllu einbeitt að því að leysa þau vandræði, sem fyrir liggja.

En fjárhagsráð hefur ekki verið ánægt með Vestmannaeyinga fremur en landsmenn yfirleitt með fjárhagsráð. Það skipti fljótlega um umboðsmann í Eyjum, ef vera kynni að hann væri ráðinu ótrúr, og það hefur öðru hverju að undanförnu sent sérlega sendimenn til þess að telja, hve mikið af glæpsamlegu húsnæði væri í smíðum. Menn hafa verið teknir til yfirheyrslu, og sumir hafa fengið nótu. Fyrstu dagana í júlímánuði s. l., þ. e. rétt að nýafstöðnum alþingiskosningunum, dró fógetinn í Vestmannaeyjum upp úr skrifborðsskúffu sinni 22 ákærur gegn mönnum í Vestmannaeyjum, sem voru að byggja hús. Kallaði hann viðkomandi menn fyrir sig, skýrði þeim frá því, að málshöfðun væri hafin gegn þeim, en bauð réttarsættir. Mennirnir brugðust misjafnlega við þessu, flestir neituðu réttarsættinni og töldu sig í engu seka, en nokkrir féllust á réttarsætt, og skyldu þeir greiða 1200 kr. Litlu síðar ræddu hinir ákærðu mál sín sameiginlega. Kom þá í ljós, að þeir, sem gert höfðu réttarsættir, litu svo á, að með henni öðluðust þeir rétt og leyfi stjórnarvaldanna til áframhaldandi byggingarframkvæmda, en það gerir slík réttarsætt auðvitað ekki Hún leyfir ekki áframhald bygginganna. Var nú ljóst, að réttarsættirnar voru yfirleitt á misskilningi byggðar. Kusu menn þessir sér nú stjórnarnefnd, og bað sú n. um frest í málinu og fékk hann. Frestur sá, sem henni var veittur, er nú liðinn fyrir nokkru, en mál þessi hafa ekki verið tekin fyrir á ný; ef til vill er valdsstjórnin búin að missa áhugann fyrir því að fá menn þessa sakfellda, og væri það vel, ef svo væri. En það er meginatriðið í þessu máli, að hinir ákærðu húsbyggjendur fái að vita það með vissu, að málið sé niður fallið.

Í grg. till. um afturköllun þessara málshöfðana er sýnt fram á það, að sá maður, sem sakfelldur kann að verða og látinn sæta viðurlögum samkvæmt fjárhagsráðslögunum, er furðu hart leikinn, svo hart, að það samrýmist ekki á neinn hátt hinni almennu réttarfarsvitund þjóðarinnar. Í grg. er þessi málatilbúnaður líka nefndur réttarofsóknir, og með því að það er stórt orð, vil ég leyfa mér að taka eitt dæmi, segja í aðaldráttum sögu eins hinna ákærðu. Og við hv. alþm. skulum minnast þess, að það eitt er réttarofsókn, þegar reynt er að fá saklausa menn dæmda seka eða láta menn sæta óhóflega þungum viðurlögum fyrir litlar sakir.

Einn af hinum ákærðu, þeim, sem hér um ræðir, er ungur maður um þritugt í fastri atvinnu. Þessi ungi maður hugði svo til búskapar, eins og flestir mundu gert hafa í hans sporum. Heitbatzt hann stúlku fyrir nokkrum árum og dró gullhring á fingur sér því til staðfestingar, en hjónavígslan gat ekki farið fram og búskapur ekki hafizt, fyrr en íbúð væri fengin. Sótti umræddur maður nú um leyfi til fjárhagsráðs til byggingar og fékk neitun. Þá höfðu nú flestir Vestmannaeyingar aðrir en hann hafið byggingu í von um leyfi næsta ár, en þessi maður var ekki kominn inn í gang byggingarmálanna í Eyjum, enda var hann og er samherji ríkisstj. og þar með samherji fjárhagsráðs og taldi í sinni löghlýðnu einfeldni, að hag landsmanna væri bezt komið í forsjá þeirra vísu manna á hærri stöðum. Hann beið því til næsta árs og sendi þá aðra umsókn, en fékk þá aftur neitandi svar. Ef til vill hefur hann þá fengið einhvern grun um það, að sanngirnin á hærri stöðum næði ekki alveg jafnt til allra, og nú gaf honum líka að líta mörg hús, langt komin til íbúðar, í eigu þeirra manna, sem jafnt honum höfðu sent umsóknir og samtímis honum fengið synjun. En ef sá grunur hefur ásótt hann, að hér væri ekki allt með felldu, þá valdi hann þó ekki neina braut afbrota eða yfirtroðslu til þess að fá hag sinn réttan. Nú gerðist hann forvígismaður í sínum stjórnmálaflokki, Framsfl., og hefur sjálfsagt ætlað að tala þar máli byggðarinnar og gangast fyrir því, að hneykslin yrðu upprætt. Og enn sótti hann um leyfi til að fá að byggja sér hús, svo að hann gæti stofnað heimili. Þeir, sem sóttu í upphafi um leið og hann, voru nú flestir fluttir inn í sín hús og búnir að tjalda fyrir glugga sína, svo að sendimenn fjárhagsráðs þekktu ekki þeirra hús lengur frá öðrum húsum, og voru þeir þannig sloppnir við eltingarleik ráðsins. Það er munnmælasögn í Eyjum, að sá, sem komi upp gluggatjöldum í húsi sínu, sé sloppinn úr greipum fjárhagsráðs, þótt leyfið til byggingarinnar fáist aldrei. En hinn umræddi ungi forustumaður Framsfl. í Eyjum fékk enn sama svar og áður: Nei — og aftur nei — og enn þá nei; húsnæðislaus skyldi hann vera. Yfirvöldin á Íslandi virtust alveg ákveðin í því, að þessi ungi og löghlýðni maður skyldi alls ekki öðlast mögueika til þess að búa með konu sinni, svo sem þó löngum hefur tíðkazt í okkar landi, og situr hann enn í festum.

Öllum hlutum eru nokkur takmörk sett og einnig þolinmæði hinna löghlýðnustu. Þrátt fyrir öll bönn fór umræddur maður nú með þrjú neitandi svör við umsóknum sínum upp á

vasann að byggja. Húsið sitt hafði hann um það bil 90 m² að grunnfleti og eina hæð, en rétt um það bil, sem hann hafði lokið við að steypa grunn hússins, þá ganga í gildi lagafyrirmæli um það, að mönnum skuli leyfilegt að byggja smáíbúðir, sem í grunnflöt hafi lítið eitt lægri fermetratölu að hámarki heldur en hann var hér búinn að marka. Nú stóð þessi kunningi okkar frammi fyrir nýjum vanda. Átti hann að gefa upp þau verðmæti, sem hann hafði lagt í 90 m² grunninn, og byggja sér annan fáum fermetrum minni til þess að fara eftir ákvæðum laganna? Við þetta vandamál hikaði hann um stund, en ákvað að lokum að láta slag standa, þótt hann væri þarna með 10—12 m² í óleyfi. Gekk nú allt greiðlega. Hús hans varð fokhelt á s. l. vori. — En „það, sem að helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann," sagði skáldið. — Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum kallaði nú mann þennan fyrir sig í júlímánuði í sumar og skýrði honum frá því, að mál væri höfðað gegn honum. Hinn löghlýðni maður gerði auðvitað undireins réttarsætt við fógetann um 1200 kr. Hélt hann nú byggingu sinni áfram í þeirri góðu trú, að réttarsættin gilti sem leyfi.

Þetta var í stuttu máli saga piltsins, sem í lengstu lög treysti ríkisstjórn sinni og ráði, en er nú af ráði sínu og ríkisstj. dreginn fyrir lög og dóm sem meintur afbrotamaður. Það liggur í augum uppi, að verði málunum haldið áfram, og mál þessa manns gangi fyrir dómstól, svo sem venja er til um mál, þá verður áframhald hans á byggingunni, eftir að hann gerði réttarsættina, skoðað sem ítrekað brot. Þess mætti þá ef til vill vænta, að viðkomandi maður fengi þyngsta dóm samkv. fjárhagsráðslögunum, 200 þús. kr. sekt og eignina upptæka, en hún mun nema öðrum 200 þús. Slíkur maður, sem fengi 400 þús. kr. dóm, á sér auðvitað engrar efnahagslegrar viðreisnar von framar í lífinu. Hv. þm. geta nú gjarnan reynt að meta það með sjálfum sér, hvort maður, sem á sér slíka forsögu, er vel að því kominn að vera þannig fyrst hindraður í því á sínum beztu árum lífsins að stofna til bús og síðan dreginn fyrir lög og dóm og ef til vill gerður fyrir lífstíð ósjálfbjarga maður efnahagslega séð. — Ja, það er ekki alveg að ófyrirsynju, að Framsfl. telur yfirstjórn dómsmálanna vafasama í höndum núverandi hæstv. dómsmrh. — Auðvitað eru ekki mál allra hinna umræddu 22 manna eins vaxin. Hér hefur aðeins verið rakið eitt dæmi, en ég ætla, að það nægi til að sýna fram á, að þessar málshöfðanir á að afturkalla, því að þær eru ofsóknir, tilraunir til að fá saklausa menn dæmda seka, ef til vill ekki saklausa, ef miðað er við bókstaf fjárhagsráðslaganna, en ábyggilega saklausa samkv. óspilltri réttarvitund þjóðarinnar. Þess vegna vænti ég þess, að Alþingi samþykki áskorunina til ríkisstj. um að afturkalla þessar málshöfðanir.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 6. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á 5. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:

*Till. til þál. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra* [48. mál] (A. 51).

Á 7., 9., 10., 12. og 13. fundi í Sþ., 14., 19., 22. og 28. okt., 4. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Áfengismálin hafa lengi verið hörmulegt vandamál á Íslandi. Drykkjuskapur er annað tveggja, sóðaskapur eða sjúkdómur, en það þarf að taka áfengisvandamálið, sem af drykkjuskapnum leiðir, ólíkum tökum eftir því, um hvort er að ræða.

Sem sóðaskapur birtist drykkjuskapur í samkvæmum, á samkomum og á almannafæri. Sterkt almenningsálit þarf að vakna til að fordæma drykkjuskap í samkvæmum og á almannafæri. Það þarf að gera strangar kröfur til embættismanna og opinberra trúnaðarmanna um reglusemi. Það má ekki þola, að þeir, sem hafa mannaforráð, stundi þann sóðaskap, sem er flestum öðrum sóðaskap ógeðfelldari, að vera drukkinn innan um annað fólk. Á almannafæri á ekki að þola drukkið fólk og ekki í neins konar samkvæmum. Slíkt fólk á að fjarlægja tafarlaust og flytja það heim til sín og sekta það fyrir að spilla friði og vera samborgurum sínum til ama og leiðinda. Hugmyndir manna um þetta efni eru þó næsta undarlegar. Stærsta veitingahús bæjarins auglýsti fyrir ekki löngu, að það óskaði ekki eftir þeldökku fólki innan veggja sinna, og kvaðst mundu fjarlægja það, ef það kæmi þangað. Þetta hótel hefur ekki verið aðgangsfrekt við að fjarlægja drukkið fólk úr salarkynnum sínum. Það hefur mátt vera innan veggja þess á nóttu og degi. Það þykir ekki hæfa, að verkamaður komi í vinnufötum sínum á svonefndan fínan veitingastað, jafnvel þótt hrein séu, en drukkinn dóni má sitja þar daginn út og daginn inn, ef hann er í réttum fötum, og er þó miklu meiri sóðaskapur að honum en fötum verkamannsins. Stundum eru samkvæmisföt gerð að skilyrði fyrir inngöngu á opinberar samkomur og í samkvæmi, en það er sjaldan gert að skilyrði, að menn séu ekki drukknir. Maður, sem sinnir ekki sjálfsögðum hreinlætisreglum, er talinn hættulegur eða hvimleiður umhverfi sínu, og það eru gerðar ráðstafanir til þess, að hann sé því ekki til ama. Eins á þjóðfélagið að líta á drukkna

menn, sem drekka af sóðaskap. Þá á að fjarlægja og sekta þá þungum sektum.

Allt öðru máli gegnir með hina, sem drekka af því, að þeir eru drykkjusjúkir, og slíkir menn eru margir, því miður. Það er erfitt að greina á milli orsaka ofdrykkjunnar, en það verður að gera. Þá menn, sem drekka af drykkjusýki, þýðir ekki að sekta, og þeim á ekki og má ekki refsa. Þeim verður að hjálpa eins og öðrum sjúklingum, og sannleikurinn er sá, að við enga sjúklinga er nú eins vangert og einmitt þessa. Gagnvart þeim er þjóðfélagið í jafnmikilli skuld og hinir, sem drekka af sóðaskap, eru í gagnvart þjóðfélaginu. Þjóðfélagið drýgir þann glæp gagnvart áfengissjúklingum að fara með þá eins og sóðana, að refsa þeim. En sóðarnir sleppa hins vegar betur en þeir eiga skilið vegna samúðarinnar með sjúklingunum.

Áfengissýkin er mikið vandamál, meira en menn almennt gera sér grein fyrir. Annar af læknum áfengisvarnastöðvar Reykjavíkurbæjar, Alfreð Gíslason, hefur sagt mér, að hátt á fjórða hundrað manns hafi leitað til stöðvarinnar af sjálfsdáðum síðan í janúar 1952, þar af um 40 manns, sem skortir tilfinnanlega vist á hæli fyrir langt leidda drykkjusjúklinga; og læknar vita um miklu fleiri tilfelli.

Árið 1939 voru sett hér á Alþingi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Þar er ráð fyrir því gert, að nokkur hluti af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins skuli árlega renna í svonefndan gæzluvistarsjóð, og skuli honum varið til þess að koma upp eða styrkja byggingu hæla fyrir drykkjusjúklinga. Er í lögunum gert ráð fyrir þrenns konar stofnunum, sem vera skuli drykkjusjúklingum til aðstoðar í baráttu þeirra við sjúkdóm sinn. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að koma upp sjúkrahúsdeild fyrir þá, sem eru til ama á almannafæri, þar sem þeir skuli fá læknismeðferð og læknisathugun, og er gert ráð fyrir því, að sveitarfélög komi slíkum stofnunum upp, en fái til þess styrk úr ríkissjóði og gæzluvistarsjóði, sams konar og sjúkrahús. Í öðru lagi var ráð fyrir því gert, að komið skyldi upp lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn, og skyldi ríkið annast stofnun þess hælis. Í þriðja lagi var svo gert ráð fyrir því, að komið skyldi upp gæzluvistarhæli fyrir mjög langt leidda drykkjusjúklinga, og skyldu sveitarfélög annast þá framkvæmd, en fá til þess styrk úr ríkissjóði, ⅔ af stofnkostnaði, svo sem gildir um sjúkrahús. Úr framkvæmdum á grundvelli l. hefur ekki orðið annað en það, að ríkið, heilbrigðisstjórnin, hefur komið upp lækningahæli einu á Úlfarsá, svo sem heilbrigðisstjórninni var skylt lögum samkvæmt. Hins vegar hefur ekkert orðið úr þeim framkvæmdum, sem lögin gerðu ráð fyrir að hvíla ættu á herðum sveitarfélaganna, og ber sérstaklega að harma það, að Reykjavíkurbær, sem er langstærsta sveitarfélag á landinu, skuli ekki hafa treyst sér til þess að beita sér fyrir neinum framkvæmdum á þessu sviði, þótt honum væri heitið framlagi úr ríkissjóði og gæzluvistarsjóði, ⅔ af stofnkostnaði, en það var einmitt í samvinnu við Reykjavíkurbæ, sem gildandi lög frá 1949 voru sett, og hafði Reykjavíkurbær þá góð orð um, að hann mundi þegar að settum slíkum lögum og að fengnu loforði um styrk úr ríkissjóði eða úr opinberum sjóði hefjast handa um byggingu gæzluvistarhælis fyrir hina langt leiddu drykkjusjúklinga. En úr því hefur ekki orðið.

Rétt er að geta þess, að nokkrar deilur hafa orðið á milli sérfróðra manna um það, hvort skipun sú, sem gert var ráð fyrir í lögunum á gæzluvistarhælunum og sjúkrahúsdeildunum, væri æskileg eða ekki, en í l. er gert ráð fyrir því, að gæzluvistarhælið og sjúkrahúsdeildin séu í nánu sambandi við geðveikrahælið á Kleppi og undir sömu stjórn og það lýtur. Ýmsir sérfróðir menn hafa talið það mjög óheppilegt að tengja drykkjumannahæli við geðveikrahæli og hafa að því leyti gagnrýnt lögin og jafnvel, sumir hverjir, ekki óskað eftir því, að þau kæmu til framkvæmda, heldur að þeim yrði breytt, áður en efnt yrði til byggingar á drykkjumannahæli.

Sumir sérfróðir menn telja, auk þess sem þeir telja óheppilegt að tengja drykkjumannahæli geðveikrahælum, ekki ráðlegt, að drykkjusjúklingar dvelji yfirleitt langtímum saman á hælum, heldur sé hitt heppilegra, að hefta sem minnst frjálsræði þeirra og reyna að hafa áhrif á sjúkdóm þeirra undir sem eðlilegustum kringumstæðum. Ég er að sjálfsögðu ekki dómbær um sérfræðileg atriði eins og þessi og fjölyrði því ekki frekar um þau.

Varðandi þá framkvæmd, sem þegar hefur verið gerð á grundvelli laganna, byggingu hælisins á Úlfarsá, er það að segja, að mér hefur verið tjáð, að þar sé aðeins rúm fyrir 6—8 vistmenn og af einhverjum ástæðum sé það hæli ekki fullskipað, en þess er að geta, að í raun og veru var minnst þörf á byggingu þess hælis, sem þar er um að ræða, þ. e. a. s. lækningahælis, þar sem menn dvelji skamman tíma í senn, af þeim þremur ráðstöfunum, sem lögin gerðu ráð fyrir. Það er enn meiri þörf á því að koma upp sjúkrahúsdeild fyrir menn, sem teknir eru á almannafæri, og allra mest þörf þó á að koma upp drykkjumannahæli, gæzluvistarhæli fyrir langt leidda drykkjusjúklinga. Af hvorugu þessu hefur orðið, en báðar þessar framkvæmdir áttu að vera í höndum sveitarfélaganna og eiga að vera samkv. gildandi lögum.

Það viðgengst enn, að þeir drykkjusjúklingar, sem eru almenningi til ama á götum Reykjavíkur, séu fjarlægðir á þann hátt, að þeim er stungið í kjallara lögreglustöðvarinnar í Rvík. Það er svívirða, að drukknir menn skuli fangelsaðir, þótt þeir séu á almannafæri, og lokaðir inni í ógeðslegri dýflissu, en enn þá meiri svívirða er þó það, að kjallari lögreglustöðvarinnar í Reykjavík skuli í raun og veru vera eina drykkjumannahælið, sem íslenzka ríkið á og er ætlað algerum drykkjusjúklingum, en þangað sækja þessi aumustu olnbogabörn þjóðfélagsins, þegar þeim verður of kalt á Arnarhóli eða í Hafnarstræti, í bátum eða í skúrum. Það vill við bregða, að um

helgar flykkist þetta fólk á lögreglustöðina og beiðist þess að fá næturgistingu í kjallaranum, þótt þar sé um að ræða ógeðslega vistarveru að öllu leyti. Þeir, sem séð hafa ofan í kjallarann á lögreglustöðinni, hljóta að skilja, hversu óendanlega sár hlýtur að vera eymd þeirra manna og kvenna, sem leita þangað til skjóls eða hvíldar.

Það er einn svartasti bletturinn á íslenzku þjóðfélagi, hvernig það hefur vanrækt að hlynna að drykkjusjúklingum. Við höfum látið þá gjalda andstyggðarinnar, sem allir sómasamlegir menn hafa á drykkjusóðunum. Þennan blett verður að þvo af þjóðfélaginu, ef það á að eiga skilið að nefnast menningarþjóðfélag. Við stærum okkur og með réttu af fullkominni tryggingarlöggjöf, af góðri heilbrigðisþjónustu, af því að vera í hópi þeirra þjóða, sem einna lægstan hafa barnadauða. Við stærum okkur með réttu af því að hafa unnið stórsigra á berklaveikinni, en vesölustu sjúklingana, áfengissjúklingana, horfum við á daglega, við höfnina hér í Rvík, á Arnarhóli og annars staðar, sárþjáða, bláfátæka og hamingjusnauða. Og hvað gerum við fyrir þá? Við handtökum þá öðru hvoru og lokum þá inni í kjallaranum í lögreglustöðinni, þegar þeir vilja ekki fara þangað, en þegar þeir vilja fá að liggja þar, þá er þeim oft og einatt, ef ekki venjulega, neitað um það. Þá er gatan, sulturinn og kuldinn hæfilegur handa þeim.

Í efnahagslegu tilliti höfum við undanfarið haft úr meiru að spila en nokkurn tíma áður. Getum við varið það lengur fyrir samvizku okkar að rétta þessu fólki ekki hjálparhönd? Hversu lengi ætlum við að velta okkur í peningum, jafnvel í alls kyns óhófi, áður en við gerum skyldu okkar við þá, sem ég held að séu nú aumastir allra í íslenzku þjóðfélagi, örsnauða og sárþjáða drykkjusjúklinga?

Ég heiti á hv. alþm. að láta þetta þing ekki líða án þess, að tryggt sé, að hafizt verði handa um ráðstafanir til hjálpar þessu fólki og til þess að koma í veg fyrir, að því fjölgi. Það verður að koma upp sjúkradeild fyrir þá, sem teknir eru drukknir á almannafæri og taldir eru þurfa læknisathugunar við, og það verður að koma upp hæli fyrir drykkjusjúklinga, þar sem þeim verði búin sú meðferð, sem þeir þarfnast, ef von á að vera til þess, að þeir læknist af sjúkdómi sínum. Þótt engin von væri til þess, að þeir læknuðust af honum, þá er það skylda þjóðfélagsins að sjá þeim fyrir góðri vist, til þess að þjáningar þeirra af sjúkdómi þeirra verði sem minnstar.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að till. verði að lokinni umr. vísað til hv. fjvn.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Ég vil taka undir flest af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði í sambandi við þá, sem hann kallar aumasta allra, að það sé tími til þess kominn, að eitthvað sé fyrir þessa menn gert.

Hér á þskj. 133, 90. mál, er frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Tveir hv. þm. flytja þetta frv. Fyrri flm. er hv. þm. borgarstjórinn í Rvík. — Það er gert ráð fyrir því með þessu frv., að það fé, sem hefur safnazt í gæzluvistarsjóð, verði notað til þess að reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn. Í gæzluvistarsjóði munu nú vera um 3 millj. kr., og árlega safnast í þennan sjóð 700—800 þús. kr. Það virðist því vera tímabært að taka þetta fé og nota það í því skyni, sem því upphaflega var ætlað.

Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, þá er, eins og lögin eru nú, gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög reisi og reki gæzluvistarhæli, en fái til þess styrk, ⅔, úr ríkissjóði. Ég held, að það sé mjög óheppilegt, að sveitarfélögin séu að byggja og reka slík hæli. Ég held, að það hljóti að vera heppilegra og praktískara, að byggt verði eitt landshæli fyrir drykkjusjúka menn og þeim safnað þar saman. Rekstrurinn hlýtur að verða miklu ódýrari á þann hátt en ef farið væri að byggja mörg hæli víðs vegar um landið, þar sem aðeins væru fáir sjúklingar eða vistmenn. Og þetta frv., sem ég nú nefndi, fer fram á það, að l. sé breytt í þessa átt og að sá þátturinn, sem er mest aðkallandi, gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, verði reist og rekið fyrir fé gæzluvistarsjóðs og að þetta hæli yrði þá nokkurs konar landshæli, sem tæki við drykkjusjúkum mönnum, ekki aðeins hér úr Rvík, heldur víðs vegar annars staðar að af landinu, ef þeir skyldu vera fyrir hendi. En þetta er að vísu ekki nema einn þátturinn, en sá veigamesti og sá, sem kallar mest að, þ. e. að meðhöndla drykkjusjúka menn, þessa ógæfumenn, á mannúðlegan hátt og leitast við að hafa bætandi áhrif á þá, þannig að þeir geti aftur orðið nýtir borgarar í þjóðfélaginu.

Ég held, að það sé stórt spor í rétta átt að samþ. frv. á þskj. 133, sem hér var til umr., og að það út af fyrir sig gæti bætt mikið úr því ástandi, sem nú ríkir. — Nú mun einhver segja, að fé gæzluvistarsjóðs muni hrökkva skammt til þess bæði að reisa og reka hælið, en reynslan sker úr því, hversu þetta hrekkur langt, og víst má telja það, að gæzluvistarsjóður hefur að óbreyttum lögum fastar tekjur árlega á meðan áfengissalan er jafnmikil og hún nú er, 700—800 þús. kr., og það er töluverður peningur, auk þess sem þessi stofnun gæti ef til vill með ýmsu öðru móti haft fjársöfnun, því að þessi stofnun hlyti að fá samúð allra góðra Íslendinga og njóta stuðnings og styrks, ef með þyrfti í frekari og ríkari mæli en það, sem gæzluvistarsjóði áskotnast af áfengisgróðanum.

Ég vildi aðeins láta þessi orð falla og vekja athygli á frv., að það er spor í rétta átt og stefnir að mestu að því marki, sem hæstv. flm. till. á þskj. 51 vill ná.

*Gísli Jónsson:* Herra forseti. Ég gleðst yfir því, að þessu máli hefur verið hreyft hér á Alþ., en ég get ekki látið hjá líða að minna nokkuð á sögu þess, eins og hún hefur verið undanfarin ár hér á hv. Alþ.

Ég minnist þess, að ég bar hér fram breyt. á frv. því, sem endanlega var samþ. sem l. nr.

55 1949. Breytingar mínar voru allvíðtækar, og var þar í fyrsta skipti mörkuð sú stefna í löggjöfinni að greina í sundur drykkjumannahæli og geðveikrahæli. Var það meginkjarninn í till. Var ætlazt til þess í till., að meðferð drykkjumanna skyldi vera eins og annarra sjúklinga í landinu, þ. e., að einmitt verði farið inn á þá braut, sem hv. flm. þessarar till. lagði áherzlu á að gert yrði nú, að meðhöndla þessa menn eins og sjúklinga og taka þá af almannafæri, hvar sem þeir gerðu óskunda, flytja þá á sérstakt sjúkrahús, halda þeim þar a. m. k. í 24 klukkutíma, láta þá fá þar aðhlynningu, böð og rannsókn, áður en þeim væri sleppt út. Ef það kæmi í ljós, að hér væri ekki um sjúkdóm að ræða, heldur aðeins um gáleysi hjá viðkomandi manni fyrir að hafa ekki gætt hins venjulega siðferðis í landinu og valdið þar með óreglu eða truflun, þá átti slíkur maður að greiða ekki einungis fyrir vistina á hælinu þann tíma, sem rannsóknin stóð, heldur og fyrir alla fyrirhöfn, og síðan átti honum að vera sleppt sem frjálsum borgara. Þetta var í höfuðatriðum mín till. þá. En hver setti sig á móti þessari till. og það með svo miklum þunga, að hún náði ekki fram að ganga? Það var hinn ágæti landlæknir þjóðarinnar. Hann setti sig algerlega upp á móti þessari aðgerð og taldi það vera fjarri öllum sanni, að þannig ætti að fara með þessa menn, og ég hygg, að enginn einn maður eigi jafnmikla sök á því, að ekki var farið inn á þá braut, sem hv. flm. till. vill nú fara inn á, eins og hann. Ég benti einmitt á það, bæði landlækni og einnig yfirlækninum á Kleppi, dr. Helga Tómassyni, hversu það væri ómannúðlegt og ósamboðið hinni íslenzku þjóð og menningu hennar að fara þannig með þessa sjúklinga, því að hér væri ekki um annað en sjúklinga að ræða. Báðir þessir ágætu vísindamenn töldu sig vita meira um þessi mál og hafa meiri rétt til þess að úrskurða í þessu máli en almennur leikmaður, og því varð árangurinn sá, sem ég þegar hef lýst.

Í mínum till. var þá einnig það atriði, að komið skyldi upp hæli því, sem hv. flm. þessarar till. lagði mesta áherzluna á að þyrfti að koma upp, en landlæknir setti sig einnig á móti, að slíku hæli yrði komið upp fyrir fé ríkissjóðs. Ég vildi, að því yrði komið upp fyrir það fé, sem fæst fyrir ágóðann af vínsölunni. Hann taldi sjálfsagt, — ég veit ekki, hvort sú skoðun hans er óbreytt enn, — að héruðin ættu að taka ákveðinn þátt í byggingu þessara hæla. Og það er m. a. fyrir það, að ekkert af þessum hælum er komið upp, að hann hefur ávallt ráðlagt hæstv. ríkisstj. og heilbrigðisstjórninni í landinu að falla ekki frá þeirri kröfu, að héruðin skyldu greiða jafnstóran hluta til þessa hælis og venjulegra sjúkrahúsa.

Ég vil leyfa mér að benda einnig á, að árið 1951 ber heilbr.- og félmn. Ed. fram frv. á þskj. 352, sem er mjög stutt. Vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa hér tvær greinar þess. Annars er frv. aðeins í 3 greinum. Þar stendur í 1. gr.:

„Ráðherra skal skipa sérstakan lækni, sem hefur sérþekkingu á drykkjusýki og meðferð drykkjusjúkra manna, til þess að hafa með höndum yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna, þeim til umönnunar og lækningar. Hann skal rækja starf sitt sem aðalstarf og tekur laun samkv. 3. flokki launalaganna. Hann skal einnig vera áfengisráðunautur ríkisstj. án sérstakra launa.“

Og í 2. gr. segir:

„Ríkisstj. lætur setja á stofn nú þegar vistheimili fyrir drykkjusjúka menn. Staður fyrir vistheimilið skal valinn með sérstöku tilliti til þess, að hann sé vel til þess fallinn, að þar sé rekin fjölbreytt framleiðsla, svo að hverjum vistmanni gefist kostur á að starfa þar, eftir því sem heilsa hans og hæfileikar leyfa. Kostnaður við stofnunina greiðist af því fé, sem fyrir hendi er eða síðar verður greitt samkv. 15. gr. l. nr. 55/1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.“ Þ. e. af ágóðanum frá áfengissölunni.

Þetta frv. var samþ. í Ed. gersamlega mótatkvæðalaust á mjög skömmum tíma og sent til hv. Nd. og til hv. heilbr.- og félmn. þeirrar d., hvar ég hygg að þá hafi átt sæti hv. fyrri flm., og alveg örugglega átti þar sæti hv. 2. flm. þessarar till. Og báðir þessir menn, eftir því sem ég veit bezt, spilltu þessu máli þá, stóðu á móti því, að þessi ákvæði, sem hér er rætt um í frv., næðu fram að ganga. Það er þá fyrst og fremst þeirra sök, að málið er ekki komið lengra í dag en það er komið og að allur sá ömurleiki, sem hv. flm. lýsti hér að ætti sér stað í kjallaranum, heldur þar enn áfram. Nokkuð af þessum ömurleik er þá sök þeirra manna, sem þá settu fótinn fyrir þetta mál.

Nú hefur hv. þm. óskað eftir því, að l. kæmu til framkvæmda samkv. þessari till., sem hér er til umræðu. En hann hefur alveg gleymt því, að ástæðan fyrir því, að þessi l. hafa ekki komið til framkvæmda, er sá ágreiningur, sem er um lögin, eins og þau eru nú, því að ef lögin hefðu fengið þá umbót, sem nauðsynleg var og er nauðsynleg, þá væri þetta mál löngu komið til framkvæmda Það er þess vegna einnig, að borið hefur verið fram á Alþ. bæði nú og á s. l. ári frv., sem fór í nákvæmlega sömu átt og frv. hér á þskj. 133. Það var einnig fellt af þessum sömu ágætu hv. þm., sem nú hafa fengið brennandi áhuga fyrir að koma málinu í framkvæmd.

Ég gleðst yfir þeirri breytingu, sem hefur orðið á hugarfari hv. flm., ef hann meinar nokkuð með þessari till., en þá vil ég einnig vænta þess, að hann hefði slík áhrif á landlækni, að hann gæti fengið hann, þegar málið er sent honum til umsagnar, til þess að fallast á að leggja með þeirri breytingu, sem ein getur komið því til leiðar, að þessi mál komist inn á þá braut, sem menningu Íslands er samboðin, en á móti henni hefur hann staðið hingað til.

Við í heilbr.- og félmn. Ed. áttum mjög langt samtal við báða þessa ágætu menn, dr. Helga og landlækni, sumpart um drykkjumannahælið og sumpart um stækkun á sjúkrahúsinu á Kleppi. Við gátum ekki skilið annað, eftir þær

löngu og ýtarlegu umræður, en að annar áliti, að nokkur hluti hinna geðveiku manna í landinu væri bezt kominn með því að geyma hann í torfkofum, og m. a. þess vegna buðumst við til þess að standa fyrir því, að nægilegt fé fengist til þess að byggja slíka torfkofa í kringum Klepp, ef yfirlæknirinn vildi taka ábyrgð á slíkri lausn málsins, þar sem við gátum ekki skilið hann öðruvísi en að sumir af þeim sjúklingum, sem hann hefði sent frá Kleppi, væru bezt geymdir í slíkum húsakynnum, en þegar til kom, vildi hann þó ekki taka á sig ábyrgðina, — og hinn, þ. e. landlæknir, væri þeirrar skoðunar, að þessir vesalingar, sem orðið hafa svo hart úti í lífsbaráttunni að lenda í kjallaranum, væru í raun og veru hvergi betur geymdir á næturna en í kjallaranum og á Arnarhóli á sumrin. Við gátum ekki skilið ummæli þeirra öðruvísi, og hafi þeir hugsað annað, þá hafa þeir látið svo óljóst hugsanir sínar í ljós við okkur, að við höfum ekki getað fundið neitt annað út úr þeim.

Ég hef mjög harmað það, að þessum málum hefur ekki verið komið í það horf, sem heilbr.- og félmn. vildi árið 1951, eins og ég hef getið hér um, og ef ég ætti að greiða atkvæði um það, hvort lögin eigi að koma til framkvæmda óbreytt, eins og gert er ráð fyrir í till., þá mundi ég greiða atkvæði á móti því, sumpart vegna þess, að þá er málið ekki leyst á þann hátt, sem þarf að leysa það, og ef það væri farið að framkvæma það á þeim grundvelli, sem núverandi lög ætlast til, þá mundi það tefja fyrir hinni réttu lausn.

Ég get ekki viðurkennt, að sveitarfélag eigi að bera nokkurn kostnað af drykkjumannahæli í landinu; það er ríkið, sem hefur allan ágóðann af áfengissölunni. Því ber skylda til þess að sjá að fullu fyrir hinni hliðinni. Það er engan veginn vammlaust, að ríkissjóður eða ríkisvaldið hefur ekki gert það, en það er þá ekki heldur til sóma, að æðsti postuli heilbrigðismálanna á Íslandi skuli hafa skipað sér í þann bás að vera á móti réttlátri og nauðsynlegri lausn þessara mála. — Þetta vildi ég láta koma fram hér við þessa umræðu um tillöguna.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Hv. þm. Barð. sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að hann vildi ekki viðurkenna, að sveitarfélög eigi að bera nokkurn kostnað af stofnun og rekstri drykkjumannahæla. Það skiptir í þessu efni ekki nokkru máli, hvað hv. þm. vill viðurkenna eða viðurkenna ekki. Orð hans eru ekki lög á Íslandi, heldur samþykkt Alþ., og Alþ. hefur ákveðið í gildandi l., að sú skylda hvíli á sveitarfélögum að koma upp drykkjumannahælum fyrir hina eiginlegu drykkjusjúklinga og jafnframt sjúkrahúsdeild við sjúkrahús til þess að veita þeim drukknu mönnum móttöku, sem teknir eru úr umferð á almannafæri. Það skiptir engu máli fyrir það, hvað séu lög í landinu, hvað hv. þm. Barð. segir hér í ræðustóli. Það er texti gildandi laga, sem sker úr um það, hvað sveitarfélög eiga að gera og hvað þau eiga ekki að gera, og texti gildandi laga er þannig, að þessar framkvæmdir eiga að vera í höndum sveitarfélaga, og þau eiga að hljóta til þess styrk úr ríkissjóði, eins og hæstv. heilbrmrh. gat um í sinni ræðu, ⅔ af stofnkostnaði.

Hv. þm. vildi kenna mér og hv. 2. þm. Rang. og enn fremur landlækni og yfirlækninum á Kleppi það, að þessi lög hafi ekki komið til framkvæmda, sem vissulega ber mjög að harma. Þetta eru algerlega tilhæfulausar ásakanir. Það hefur verið ágreiningur um, hvort rétt hafi verið að setja lögin í því formi, sem þau voru sett, það er rétt, en það er gersamlega út í bláinn að kenna þeim mönnum, sem hafa viljað láta framkvæma lögin eins og þau eru, um það, að þau hafi ekki verið framkvæmd. Ég skil ekki slíkan hugsunarhátt. Yfirlæknirinn á Kleppi, landlæknirinn og fyrrv. heilbrmrh. töldu þessi lög vera eðlileg og æskileg eins og þau eru og hafa ekki viljað breyta þeim. Hvernig er þá hægt að kenna þeim um það, að sveitarfélögin hafi ekki farið eftir lögunum? Það mætti kannske segja, að það, að sveitarfélögin og sérstaklega Reykjavíkurbær skuli ekki hafa framkvæmt lögin, væri afsakanlegt, ef lögin hefðu verið sett gegn vilja hans, en það er alls ekki svo. Lögin voru þvert á móti sett sumpart eftir ósk forráðamanna Reykjavíkurbæjar og í fullu samráði við borgarstjórann í Reykjavík og bæjarstjórnarmeirihlutann. Það er mér kunnugt um, því að ég átti sæti í þeirri n., sem þetta lagafrv. flutti á þingi 1949, þegar það varð að lögum. Þá mættu borgarstjórinn í Reykjavík og fulltrúar frá bæjarráði á fundum n. og lýstu allir yfir eindregnum stuðningi sínum við frv. eins og það var. Lögin voru samþ. samhljóða, að því er ég held, a. m. k. hér í hv. Nd. Síðan hafa forráðamenn Reykjavíkurbæjar skipt um skoðun á málinu, og nú vilja þeir, að sú stefna verði upp tekin, að ríkið eitt byggi drykkjumannahælið. Á það vildi fyrrv. heilbrmrh. ekki fallast, ekki landlæknirinn og ekki yfirlæknirinn á Kleppi. Nú er ég að vísu þeirrar skoðunar, að ég teldi mjög óheppilegt, að endalaus ágreiningur um þetta atriði, hvort lögin skuli vera eins og þau nú eru og þingið samþykkti samhljóða eða hvort þeim skuli breyta, skuli verða til þess að koma jafnharkalega niður og raun ber vitni á þessum aumu sjúklingum, sem hér er um að ræða, og ég tel vel koma til mála að athuga það frv., sem nú er nýflutt í hv. Nd., af fyllstu vinsemd, til þess að binda enda á þetta hvimleiða deilumál, því að deila um þetta, hvor aðilinn skuli hafa framkvæmdina með höndum, ríki eða sveitarfélög, má ekki verða til þess að tefja hana, svo bráðnauðsynleg sem hún er, ár eftir ár. Það er mér fullljóst. En hitt kann ég ekki við, að hv. þm. Barð. skuli vera að ásaka þá embættismenn, sem hér er um að ræða, fyrir afskipti þeirra af málinu, þegar þau eru þau ein að vilja halda fast við fjögurra ára gömul lög, sem voru samþykkt einróma, að því er ég bezt veit, í hinu háa Alþ. Þá er skörin farin að færast upp í bekkinn, ef embættismenn, sem vilja framfylgja nýsettum lögum, eiga að hljóta ákúrur fyrir það að vilja halda lögunum í

heiðri og fyrir það að vilja ekki á næsta eða næstnæsta ári, eftir að þau eru sett, fallast á, að þeim sé breytt. Hitt er svo annað mál, að ef í ljós kemur, að lögin fást ekki framkvæmd eins og þau nú eru, — og mér finnst margt benda til þess, — þá kemur það óneitanlega til alvarlegrar athugunar að breyta l., og um það mun þetta þing væntanlega fjalla.

Hv. þm. hafði það eftir yfirlækninum á Kleppi, að hann hefði talið geðsjúklinga bezt geymda í moldarkofum. Ég hygg, að ekki þurfi mörg orð til að benda á það, að hér hljóti ummæli yfirlæknisins að vera meira en lítið úr lagi færð, og er í raun og veru nóg að benda á þetta sem sönnun þess, að varlega ber að taka önnur ummæli hv. þm., sem hann hefur eftir öðrum embættismönnum, þegar hann hefur þannig eftir sjálfum yfirlækninum á Kleppi. Varðandi hitt, að landlæknirinn hafi talið drykkjusjúklinga bezt geymda í kjallaranum í Reykjavík, lögreglustöðinni í Reykjavík og á Arnarhóli, er það sama að segja.

Gildandi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra voru sett að forgöngu landlæknisins og samin af honum í samráði við ráðherra hans og að nokkru leyti í samráði við bæjaryfirvöldin í Reykjavík. Í þeim lögum er einmitt gert ráð fyrir því, að tekinn sé upp sá háttur að hætta að færa ölvaða menn í kjallarann í Reykjavík, heldur skuli komið upp sjúkrahúsdeild, þangað sem þessir sjúklingar skuli færðir, þannig að þeir fái læknismeðferð. Á þessu geta allir menn séð, hversu dæmalaus þau ummæli hv. þm. eru, sem hann hefur eftir landlæknum í þessu sambandi. Hitt er ekki sök heilbrigðisstjórnarinnar, að þessi sjúkrahúsdeild hefur ekki enn komizt upp, því að það átti að vera verk bæjaryfirvaldanna eða sveitarfélaganna að koma henni upp.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið í tilefni af þeim ræðum, sem fluttar hafa verið. Ég fagna mjög þeim ummælum hæstv. heilbrmrh., sem hann lét í ljós og báru vott um það, að hann hefur ríkan skilning á því, um hvílíkt nauðsynjamál hér er að ræða. Ég fagna einnig þeim ummælum, sem fram komu í ræðu hv. þm. Barð. (GíslJ) og báru vott um það, að hann hefur nú enn sem fyrr ríkan skilning á því, að hér er um hið brýnasta vandamál að ræða. Ég tek það því ekki svo hátíðlega, þó að hv. þm. reyni að gera þetta mál, eins og svo mörg önnur, að einhverju leyti að flokkspólitísku deilumáli. Ég legg minna upp úr því en hinu, sem kom ótvírætt fram í ræðu hans, að hann hefur skilning á því, að hér er um vandamál að ræða, sem krefst brýnnar úrlausnar, og ég vildi eindregið vænta þess, að það takist um það góð samvinna nú á þessu þingi að hrinda málinu í framkvæmd, þannig að sá smánarblettur verði þveginn af íslenzku þjóðfélagi, að kjallarinn í lögreglustöðinni í Reykjavík sé í raun og veru eina drykkjumannahælið, sem íslenzka ríkið á.

*Gísli Jónsson:* Herra forseti. Ég vil fyrst fullvissa hv. 1. landsk. um það, að þetta mál er fyrir mér ekkert pólitískt deilumál. Það er mér hins vegar áhugamál. Ég hef aldrei blandað því inn í flokkapólitík. Ég átti þess einu sinni kost að kynnast ástandinu í kjallara þeim, sem rætt er um, og það var vegna þeirra áhrifa, sem ég hafði af þeirri heimsókn, að ég hef árum saman barizt fyrir því að fá landlækni og dr. Helga á Kleppi til þess að breyta um skoðun í þessu vandamáli. Allan tímann, sem ég átti sæti í fjvn., leið aldrei svo nokkurt ár, að það væri ekki rætt um þetta mál alveg sérstaklega við landlækni, og það var aldrei að finna neinn bilbug á honum í þessu máli. Hann var aldrei á þeirri skoðun, sem nú kemur fram hjá hv. fyrri flm. till., að nauðsyn beri til að bæta hér um. Þegar vitað er, að fyrir liggur nú mjög mikil fjárfúlga, sem er ónotuð vegna þess, að deila er um þessi mál, en hefði verið notuð til að leysa málið, ef samkomulag hefði fengizt við þessa aðila, þá verður ekki um það deilt, að þetta atriði kemur mikið málinu við.

Það má lengi deila um það út af fyrir sig fyrir þá, sem vilja halda uppi deilum um það atriði, hvort bæjarfélögin eigi að taka þátt í þessum kostnaði. Það er vitað, að bæjarfélögin eiga enga sök á því, hvernig komið er fyrir þessum mönnum. Þá sök á ríkið eingöngu og enginn annar, að svo miklu leyti sem hægt er að segja, að ríkið eigi sök á því fyrir að halda þessari vöru að almenningi. Og það er alveg óskiljanlegt, að þeir menn, sem segja hér á Alþ., að þeir vilji í raun og veru bæta þetta ástand, skuli á sama tíma spyrna fótum við og vilja ekki undir neinum kringumstæðum líta á þá hlið málsins að fá samkomulag um að nota það fé, sem komið er frá áfengissölunni og bíður þess, að byggt verði, heldur standa þar á móti til þess að tefja framkvæmdir málsins. Og hv. þm. er einn af þeim, sem hafa staðið á móti þessu. Hann hefur, eins og ég tók fram áðan, verið með að drepa allar till., sem hafa komið fram hér í Alþ. til umbóta á þessari löggjöf. Hvort það hafa verið fyrirskipanir frá hans ágæta tengdaföður, það skal ég ekki segja um. Hvort það hefur verið hans lífsskoðun, skal ég ekki heldur segja um, en þá er hún allt önnur en hann vildi vera láta hér í dag.

Ég vil svo benda hv. flm. á það, að ef rakin er saga þessa máls frá fyrstu byrjun, þá eru það sannarlega ekki tillögur landlæknis né dr. Helga Tómassonar, sem hafa verið til góðs í þessum málum. Við vissum, hvernig fór um Kumbaravog, við vissum, hvernig fór um hælið í Kaldaðarnesi, við vitum, hvernig komið er með hælið á Úlfarsá, og allt hefur þetta verið fyrir það eitt, að þessir menn hafa aldrei séð, hvað var það rétta í þessum málum. Og það er af hreinni stifni frá þeirra hálfu, að þeir hafa ekki viljað fallast á till. annarra manna, sem hafa meiri áhuga fyrir þessu máli en þeir sjálfir. Allt þetta kemur sannarlega við málinu.

Ég hygg, að okkur fjvn.-mönnum, sem áttum nokkra stund í kjallaranum til athugunar á þessu ástandi, hafi verið það fyllilega ljóst, hvaða smán það var, sem hvíldi hér á bænum

og landinu. En okkur var þá einnig fyllilega ljóst, hver átti að bæta úr því, og það var þess vegna, að fjvn. féllst einróma á það, að ákveðinn hluti af ágóða frá vínsölunni skyldi ganga til að bæta úr þessu, þó að það væru aðrir menn, sem réðu meira um það, á hvern hátt framkvæmdin varð, og kæmu því svo fyrir, að úrbót hefur ekki komið enn.

Það, sem er nauðsynlegt í dag að gera í þessu máli, er að samþ. þær till., sem liggja fyrir hér um breyt. á löggjöfinni frá 1949, og aðrar þær breytingar, sem kunna að koma fram og eru málinu til bóta. Það er fyrsta nauðsynlegasta sporið, og þegar það hefur verið gert, þá er engin hætta á því, að ekki verði hafizt handa um að byrja að byggja yfir þessa vesalinga, sem ég er alveg sammála hv. flm. um að er fyrsta og nauðsynlegasta sporið. Svo segir hv. þm., að það sé rangt að kenna þessum mönnum um það, að lögin hafi ekki verið framkvæmd. Ég veit ekki, hvort nokkrir aðrir menn eiga stærri þátt í því, að lögin hafa ekki verið framkvæmd, heldur en einmitt þessir menn. Ég lái ekkert fyrrverandi hæstv. heilbmrh., þó að hann gengi þar þá götu, sem þeir sögðu að væri sú hin eina rétta. Og þá sérstaklega ef hann hefur nú sjálfur haldið, að einnig það væri það heppilegasta í málinu, þá sannarlega álasa ég honum ekki fyrir það, þó að hann færi ekki að taka á sig óþægindi af því að fara aðrar leiðir, þar sem slíkt vald stóð á bak við eins og sjálfur landlæknir, með allt aðra skoðun á málinu. En ég sannarlega lái þeim embættismanni, sem fyrst og fremst ber skylda til þess að kynna sér kjarna þessa máls, og ég veit, að hann er síður en svo illa gefinn, að hann geti ekki séð, ef hann vill, að hann er hér á rangri braut, því að öll reynslan, frá því að fyrst voru höfð afskipti af þessum málum, hefur sýnt það, að hver og ein einasta till., sem hann og dr. Helgi hafa lagt til í þessu máli, hefur farið alveg í öfuga átt, þótt þeir hafi ekki viljað viðurkenna það, og fyrir það er komið sem komið er.

Þá segir hv. flm., að forráðamenn bæjarins hafi á sínum tíma verið sammála þessari löggjöf. Ég skal nú ekkert deila um það í dag, — til þess þarf ég að fletta upp þingskjölum, — hvort hv. þm. Reykjavíkurbæjar hafi verið það á sínum tíma. Um það skal ég ekki deila. Hitt veit ég, að þingið var ekki sammála um það. Það komu fram róttækar brtt. við löggjöfina, sem voru til bóta, og þær voru felldar, eins og ég hef þegar lýst. Og þó að forráðamenn Reykjavíkurbæjar hefðu á þeim tíma verið sammála því af brýnni nauðsyn að taka á sig ákveðinn þátt, þá gerbreyttist það, þegar búið var að ákveða með löggjöf, að svo og svo stór fúlga af gróðanum skyldi fara til þess að standa undir rekstri þessara mála og til þess að koma fram endurbótum á þeim. Þá er svo sannarlega ekki að furða, þó að þeir þá beittu sér fyrir því, að það yrði einnig látinn hluti af því fé til þess að standa undir þessum umbótum, sem hv. þm. hefur viðurkennt að þyrfti fyrst og fremst að gera og ganga á undan öllu öðru. Ég hefði talið þessa menn vera að brjóta gegn skyldum sínum, ef þeir hefðu ekki einmitt krafizt þess og spyrnt við fótum, þangað til þeir menn, sem bera eiga þungann af þessum málum og eiga að bera ábyrgðina á því, hafa vitkazt svo mjög, að þeir sjái sér fært að fara inn á réttar brautir.

Svo segir hv. þm., að þessi deila megi ekki tefja fyrir málinu. Ég vil gefa honum góð ráð. Það er langbezt fyrir hann að taka upp baráttuna í heilbr.- og félmn. með þeim breyt., sem hann hefur staðið á móti öll undanfarin ár. Og ég er alveg viss um, að ef honum tekst að snúa málinu í það horf hér á þessu þingi, þá þarf hann ekki að berjast fyrir því, að l. komist til framkvæmda. En ef hann vill ekki gera það, þá er það af því, að hann metur meira einhver önnur sjónarmið en hafa komið fram hjá honum hér í þessari ræðu. Fé er til í dag, það eru til milljónir í dag til þess að byrja, og það eru engin vandræði að koma strax upp á næsta ári þessu vistheimili fyrir drykkjumennina, sem öllum er til mánar að láta ganga hér eins og þeir ganga í dag. Ef þm. vill taka upp baráttuna fyrir því í heilbr.- og félmn., þá hygg ég, að hægt sé að leysa þetta mál þegar á næsta sumri, svo að það er sannarlega ekki óviðkomandi þessu máli.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki rétt að áfellast embættismenn, þótt þeir vildu halda sér við lög. Ég er nú ekki þeirrar skoðunar, að það megi ekki gagnrýna hér gerðir embættismanna í þinginu. Ég veit ekki, hvar ætti að gagnrýna þær, ef það er ekki einmitt hér. Þeir eru þjónar hins íslenzka ríkis. Alþingi samþykkir handa þeim lög, setur þeim jafnvel reglur, og hvers vegna má ekki gagnrýna þeirra gerðir? Það er eins og þeir séu einhverjir páfar, sem enginn maður má segja neitt um, mennirnir, sem eiga að vera starfsmenn og þjónar fyrir íslenzku þjóðina. Ég veit ekki, hvað er hægt að gera sanngjarnari kröfu til embættismanns en það, að hann athugi sína afstöðu til málanna, ekki einungis af því, að hann kunni að hafa gert rangt, heldur líka í hvert skipti, sem viðhorfið í landinu breytist. Jafnvel þótt það hefði verið rétt að setja lögin eins og þau voru 1949, þá er enginn kominn til þess að segja, að það hafi ekki verið jafnrétt að breyta þeim 1950. Hvað ætli það sé mörgum lögum breytt hér á Alþingi frá ári til árs, vegna þess að lífið krefst þess, að lögunum sé breytt, þau séu samræmd við þarfir þjóðarinnar og við hvert það verkefni, sem fyrir liggur á hverjum tíma. Þess vegna er það einstrengingsháttur, sem aðeins býr með mönnum, sem orðnir eru eins og steingervingar og geta ekki hugsað sér neitt til breytinga, hvorki til einnar né annarra hliða. Nei, ef nokkur maður á sök á því, að ekki hefur verið greitt úr þessu ástandi, þá er það fyrst og fremst sá maður, sem er yfirmaður heilbrigðismálanna hér á landi, landlæknir.

Ég skal svo ekki tefja frekar þessar umræður, en aðeins endurtaka það, að ég mundi ekki sjá mér fært að greiða atkvæði með till. óbreyttri, vegna þess að ég tel, að það væri rang-

látt að leggja þessa kvöð á þá aðila, sem þessi lög ákveða í dag að skuli bera ákveðinn hluta af því.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Ég skal ekki halda áfram að pexa við hv. þm. um þau atriði, sem okkur greinir á um. Ég hygg, að hv. þdm. sé ljóst, hvað hér er um að ræða, svo að ekki sé þörf á að skýra það öllu frekar. Ég vil þó aðeins láta það koma fram, að það er misskilningur, að breyt. á gildandi löggjöf hafi strandað á mér eða meðflm. mínum að þessari till., hv. 2. þm. Rang. Mér vitanlega hafa engar brtt. við þessi lög komið til atkvæða í hv. Nd., þar sem við eigum báðir sæti. Það er rétt, að til okkar var vísað á síðasta þingi sams konar frv. og því, sem hér er nýbúið að útbýta, um breyt. á l. um það, að ríkið eitt skuli greiða kostnaðinn af byggingu drykkjumannahæla, en það mál kom aldrei til endanlegrar afgreiðslu í n., það voru aldrei greidd um það atkvæði þar. Þess vegna hef ég aldrei greitt atkvæði með því né móti. Það mun hafa verið samkv. ósk hæstv. fyrrv. og núverandi fjmrh. eða í samráði við hann, sem það mál var ekki borið upp til endanlegrar afgreiðslu í n., og ég hygg, að það hafi verið gert í samráði við aðalflutningsmanninn, borgarstjórann í Rvík. Það mun hafa verið samkomulag sjálfra stjórnarflokkanna, sem hv. þm. styður, að láta málið ekki koma til afgreiðslu á því þingi. Ég tek því ekki neinum ásökunum um það, að ég hafi staðið gegn því, að málið hlyti afgreiðslu. Stjórnarflokkarnir sjálfir sömdu um það, að það skyldi ekki afgr. á síðasta þingi.

Aðrar till. hafa mér vitanlega ekki komið fram til breyt. á þessum l. í Nd., þar sem ég á sæti. Hitt er rétt, að hv. þm. Barð., sem er mikill áhugamaður um þessi mál, hefur borið fram till. og frv. í hv. Ed. Þau hafa oft verið felld, og ég hygg ekki síður með atkvæðum hans eigin flokksmanna en annarra. Þess vegna er það, sem hann segir um þetta efni, allt saman hreinn misskilningur, a. m. k. að því er varðar *mína afstöðu til málsins.*

Að því er snertir ábyrgð á því, hvers vegna lögin eru ekki komin til framkvæmda, vildi ég aðeins rifja þetta upp fyrir hv. þingmönnum:

Gildandi lög mæla fyrir um, að reisa skuli þrenns konar stofnanir fyrir drykkjusjúka menn: Í fyrsta lagi sjúkrahúsdeild; hana eiga sveitarfélög að reisa samkv. gildandi lögum. Það hefur ekki verið gert. Í öðru lagi lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn, sem þurfa vist á hæli um skamman tíma; það á ríkið að gera. Það hefur verið gert. Í þriðja lagi gæzluvistarhæli fyrir mjög sjúka drykkjusjúklinga, sem ekki mikil von er um að fái bata eða engin von er um að fái bata; það eiga sveitarfélögin að gera. Og það hefur ekki verið gert. Það, sem ríkinu var lagt á herðar í gildandi lögum, hefur ríkið þegar gert, að vísu ekki í mjög stórum stíl, en þó sinnt brýnustu skyldu sinni. Það, sem sveitarfélög eiga að gera, fyrst og fremst Reykjavíkurbær, sem er langstærsta og ríkasta sveitarfélagið, hefur ekki verið gert.

Mér er ekkert ljúft að vera að tala um sök eða sakleysi manna í þessu sambandi. Ég ætla mér ekki hér að hafa neinar eldhúsumræður yfir bæjarstjórnarmeirihlutanum í Reykjavík, sérstaklega þar sem oddviti hans, borgarstjórinn, er hér ekki viðstaddur, en ég gæti sagt meira um málið, ef hann væri viðstaddur. Til þess væri fyllsta ástæða. Það, sem Reykjavíkurbær hefur átt að gera í málinu, hefur hann vanrækt. Sú ábyrgð, sem hér er um að ræða á áframhaldandi eymd þessara manna, hvílir því á *bæjarstjórnarmeirihlutanum* í Rvík og engum öðrum. Ef nauðsynlegt er að breyta l. til þess að fá einhverjar framkvæmdir í þágu þessara drykkjusjúklinga, þá er það af því, að bæjarstjórnarmeirihlutinn í Rvík hefur svikizt um að gera það, sem löggjafinn lagði honum á herðar að gera.

*Gísli Jónsson:* Út af fullyrðingum hv. 1. landsk. (GÞG) vildi ég aðeins leyfa mér að benda á, að ég las hér upp áðan frv. til laga, sem hafði verið samþ. ágreiningslaust í Ed. til þess að koma þessum málum í það horf, sem hann ræðir um, og að hann og hv. 2. flm. héldu málinu í heilbr.- og félmn. í Nd. allan tímann og afgreiddu það ekki, vegna þess að þeir voru á móti málinu, svo að öll ummæli hv. þm. um þetta mál eru rangfærslur. (*GÞG:* Það var samkomulag stjórnarflokkanna.) Það var ekkert samkomulag.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 7. Bátagjaldeyrir (till. EggÞ og EmJ).

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:

*Till. til þál. um breyt. á bátagjaldeyrislistanum* [68. mál] (A. 86).

Á 11. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 13., 15. og 17. fundi í Sþ., 28. okt., 4., 11. og 18. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

*Flm. (Eggert Þorsteinsson):* Herra forseti. Í sambandi við fyrirspurn mína hér í Sþ. fyrir 3 vikum um lán til Iðnaðarbankans minntist ég á þær skýrslur, sem hagstofan hefur nýlega látið frá sér fara um atvinnuskiptingu landsmanna. Þessar skýrslur sýndu ljóslega, svo að

ekki verður lengur um það deilt, að iðnaðurinn er nú orðinn sá atvinnuvegurinn, sem flesta landsmenn hefur á framfæri, eða fullan þriðjung þjóðarinnar. Þar með er þó ekki lagður dómur á, hver hinna þriggja höfuðatvinnuvega sé nauðsynlegastur þjóðhagslega séð. Það eitt, að á iðnaði byggir nú langstærstur hluti landsmanna afkomu sína, hlýtur að gera það nauðsynlegt í hugum allra hv. alþm., að svo sé að þessum atvinnuvegi búið, að hann megi sem bezt gegna sínu margþætta hlutverki í þjóðhagskerfinu.

Með þessar staðreyndir í huga höfum við hv. 5. landsk. þm. (EmJ) leyft okkur að leggja fram þáltill. þá, sem útbýtt hefur verið á þskj. 86. Eins og till. ber með sér og í grg. hennar segir, er hún fram komin vegna ítrekaðra óska iðnrekenda um nauðsynlega leiðréttingu á bátagjaldeyrislistanum svonefnda. Síðasta till. um þetta efni var samþ. á fundi Félags ísl. iðnrekenda 10. okt. s. l. og er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Almennur fundur Félags ísl. iðnrekenda, haldinn laugardaginn 10. okt. 1953, skorar á ríkisstjórnina að taka nú þegar járn- og trésmíðavélar af bátalistanum, þar sem slíkur tollur á framleiðslutækjum iðnaðarins veldur innlendri iðnaðarframleiðslu óhæfilegum erfiðleikum."

Þessi till. Félags ísl. iðnrekenda er nánast gömul ítrekun um sömu aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins. Iðnmrh. sendi stjórn Félags ísl. iðnrekenda þann 17. nóv. 1951 bréflegar óskir um, hvaða áhrif frílistinn hafi haft á iðnaðarframleiðsluna, og um aðrar ástæður fyrir samdrætti í framleiðslunni. Stjórn Félags ísl. iðnrekenda svaraði þessum óskum ráðherra með bréfi dags. 28. nóv. 1951 og gat þess þá m. a. í till. sínum til úrbóta á því neyðarástandi, sem þá ríkti, að nauðsyn væri á í fyrsta lagi, að við væntanlega endurskoðun bátalistans væru allar tilbúnar fatnaðarvörur, þ. á m. skór, settar á bátalistann og nokkrar fleiri tegundir iðnaðarvara, sem framleiddar eru innanlands. Í öðru lagi, að allar efnivörur til iðnaðar og umbúðir um iðnaðarvörur, sem ekki eru framleiddar í landinu, verði settar á almennan frílista. Til viðbótar þessum óskum eru nú settar fram óskir um, að einnig vélar og áhöld til iðnaðar verði felldar niður af bátagjaldeyrislistanum, en í þess stað settar inn á listann fullunnar iðnaðarvörur, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, án þess þó að heildarupphæð bátagjaldeyrisins aukist frá því, sem nú er. Þær vélar, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi vélar til trésmíða, tollskrárnr. 53, í öðru lagi vélar til blikk- og járnsmíða, tollskrárnr. 49. Jafnframt verður að telja ranglátt og óeðlilegt um nauðsynlegar vörur til iðnaðarframleiðslu, sem eru undir tollskrárnúmerum 8—12 á bátalistanum, en það eru m. a. hvers konar dúkar, aðrir en ull og baðmull, og þá sérstaklega hin nýju gerviefni, sem almennt eru notuð í hvers konar vinnuföt og yfirhafnir, tollskrárnúmer 38, 39, 39a, 41, 45 og 46, þar sem á er hvers konar nauðsynjavarningur til járnsmíði og viðgerðar véla, ásamt t. d. járnsaum til skósmíða o. s. frv., séu háðar bátagjaldeyrisálagi. — Sömu söguna er að segja um eftirfarandi tollskrárnr.: 9, 11, 12, 14, 16, 17, 4 og 7, jafnframt 8 og 15, þar sem undir er hvers konar nauðsynjavarningur til húsagerðar og húsgagnagerðar ásamt efnivörum til iðnaðar, eins og í tollskrárnr. 9, 9a og 8, þ. e. til plastiðnaðar, bókunar, sælgætisframleiðslu og svo framvegis. Flestir þeir, er nú standa í byggingarframkvæmdum, eru til þess knúðir af hinum geigvænlega húsnæðisskorti og þar við bætist svo lánsfjárskorturinn. Það virðist því í hæsta máta óeðlilegt, að verið sé að íþyngja þessu fólki með álagi bátagjaldeyrisins. Yrði farin sú leið, sem till. okkar hv. 5. landsk. ætlast til, að taka framantaldar tegundir nauðsynjavarnings undan álagi bátagjaldeyris, mætti innlenda iðnaðinum til verndar setja í þess stað á listann ýmsar vörur, sem nú eru á hinum almenna frílista, svo sem tollskrárnr. 14, 16, 26 og 28, sem undir heyra hvers konar ullarvörur, ullarfatnaður, sem viðurkennt er, að er framleiddur innanlands með mestu ágætum. — Ýmsar fleiri vörur mætti og setja í staðinn á listann í samráði við samtök iðnrekenda og iðnaðarmanna.

Tilgangur þessarar þáltill. er augljós. Vélar og ýmsar efnivörur til innlendrar iðnaðarframleiðslu eiga ekki að vera háðar hinu gífurlega bátagjaldeyrisálagi; sömuleiðis óhjákvæmilegir hlutir til handverksiðnaðar, svo sem til húsbygginga o. fl. Það er hins vegar augljóst, að hæstv. ríkisstj. telur nauðsynlegt, að heildarupphæð bátagjaldeyrisálagsins raskist ekki til lækkunar, eins og stefna hennar hefur borið með sér, og þá viljum við flm., að settar verði inn á listann sams konar vörur og framleiddar eru í landinu og hlotið hafa fullkomna og almenna viðurkenningu, þó þannig, að heildarupphæð bátagjaldeyrisálagsins aukist ekki frá því, sem nú er. Allar þessar ráðstafanir yrði þó að gera í nánu sambandi og samstarfi við samtök iðnaðarmanna. Með þessum ráðstöfunum yrði verulega bætt úr þeirri rangsleitni, sem innlendur iðnaður hefur verið beittur, fyrst með hinum gegndarlausa innflutningi erlendra iðnaðarvara að honum óviðbúnum í sárum hráefnaskorti og síðan hinum geigvænlegu rekstrarfjárvandræðum.

Ég vil að lokum ítreka fyrri ummæli mín um nauðsyn þess, að hæstv. Alþ. gefi þessum mikilvæga atvinnuvegi meiri og umhyggjusamari gætur en hingað til. Samþykkt þáltill. þessarar er spor í þá átt. Að lokinni fyrrihlutaumr. þessa máls vildi ég óska eftir því, að umr. yrði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 2. des., var fram haldið einni umr. um till.

*Flm. (Eggert Þorsteinsson):* Ég hafði óskað þess við umr. um þetta mál á síðasta fundi í Sþ., að málinu yrði vísað til fjvn. En því hefur verið skotið að mér síðan, að það muni vera réttara, að málið fari heldur til allshn., og er ég því fullkomlega samþykkur.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 29:1 atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 86, 160, n. 548 og 568).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 8. Ríkisútgáfa námsbóka.

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um ríkisútgáfu námsbóka* [96. mál] (A. 159).

Á 17., 19. og 20. fundi í Sþ., 18. og 25. nóv., 2. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Sþ., 5. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Ríkisútgáfa námsbóka hefur nú starfað liðlega hálfan annan áratug. Þegar lögin um hana voru sett, voru þau við það miðuð, að ríkisútgáfan sæi öllum nemendum á skólaskyldualdri fyrir námsbókum. Hefur starfsemi ríkisútgáfunnar gefið hina beztu raun að því leyti, að kostnaður heimila við kaup á skólabókum hefur verið furðulega lítill, auk þess sem bækurnar hafa reynzt mun hentugri en áður var. Kostnaðurinn nam á næstsíðasta ári um 200 þús. kr., og má það teljast furðulega lítill kostnaður, þegar þess er gætt, að öllum börnum fram til 13 ára aldurs er með því móti séð fyrir skólabókum, en námsbókagjaldið aðeins 15 kr. á heimili.

Nú hefur skólaskyldan, svo sem kunnugt er, fyrir nokkrum árum verið lengd um eitt ár, en í gildandi lögum er heimild fyrir því, að ríkisútgáfan annist útgáfu skólabóka fyrir gagnfræðastigið allt. Svo var beinlínis til ætlazt við setningu l. um ríkisútgáfu námsbóka, að öllum skólaskyldum börnum væri séð fyrir skólabókum, og virðist því hafa verið sjálfsagt, um leið og skólaskyldan var lengd, að ríkisútgáfan færði út starfsemi sína sem því svaraði, en það hefur ekki verið gert. Má með engu móti dragast lengur, að sú sjálfsagða ráðstöfun verði gerð, en ég tel það þó ekki vera nægilegt, heldur jafnframt æskilegt að nota heimild gildandi laga og láta fela ríkisútgáfu námsbóka útgáfu allra kennslubóka fyrir gagnfræðastigið allt. Mundi það að sjálfsögðu vera nokkur kostnaðarauki, en miðað við þá reynslu, sem hefur fengizt af ríkisútgáfunni, ætti að mega fullyrða, að öllum þeim, sem eiga börn og unglinga í þessum skólum, mundi af því verða mikill sparnaður og mikið hagræði.

Ég hef tekið saman, hversu mikið þær bækur kosta, sem börn í 1. bekk gagnfræðastigs nú þurfa að afla sér, og mér telst svo til, að þegar unglingarnir ganga inn í 1. bekk gagnfræðastigs, þá þurfi þeir að kaupa bækur fyrir 268.50 kr., og er þetta allmikið fé. En þegar höfð er í huga reynsla ríkisútgáfunnar af útgáfustarfsemi sinni og hversu henni hefur tekizt að sjá þeim börnum, sem hún lætur bækur í té, fyrir þeim fyrir lítið fé, þá ætti að mega teljast augljóst, að þennan kostnað væri hægt að lækka mjög verulega, ef skynsamleg heildarskipulagning væri tekin upp á þessu sviði og ríkisútgáfunni falin forsjá málanna.

Ég tel þó rétt að geta þess, að þeirrar skoðunar hefur allmikið orðið vart meðal kennara og foreldra, að helzt til mikið sé sparað við frágang og útbúnað bóka ríkisútgáfunnar, að t. d. sé hefting bókanna léleg, svo léleg, að vafasamt sé að borgi sig, þar sem um vírheftingu er að ræða, stundum sé ekki lögð nóg áherzla á tilbreytni í gerð bókanna og enn fremur, að fullmikið sé um endurprentanir á gömlum bókum, en ekki kostað fé til þess að endurskoða eldri útgáfur og jafnvel láta semja nýjar, þar sem þörf væri á. Ég segi þetta ekki í ádeiluskyni á þá, sem fyrir ríkisútgáfunni hafa ráðið, heldur til þess að vekja athygli á því, að ekki er allt fengið með því að spara, heldur getur einnig verið að því hagræði að hafa bækurnar betri og vandaðri, jafnvel þó að nokkru meiru væri til kostað, en sparnaðurinn, sem hefur orðið á heildarkostnaði við þessar bækur, miðað við það, sem var, meðan fyrra skipulag var á, er svo mikill, að vel mætti eyða nokkru meiru til, en láta samt hlutaðeigendur njóta mikils hagræðis.

Ef horfið yrði að því ráði að auka starfssvið ríkisútgáfunnar og láta það ná til alls skólaskyldualdursins, þyrfti að sjálfsögðu að hækka námsbókagjaldið eitthvað, og svo auðvitað enn meir, ef sá kostur yrði tekinn að láta starfssviðið ná til gagnfræðastigsins alls. En ég endurtek það og undirstrika, að ég tel sjálfsagt og óhjákvæmilegt að bæta einum bekk við starfssvið ríkisútgáfunnar, þ. e. a. s. láta hana ná til alls skólaskyldualdursins, eins og til var ætlazt. Um hitt mætti e. t. v. deila. — Einhverjir kynnu að halda því fram, að rétt væri að stíga þessi spor í tvennu lagi, þ. e. a. s. að auka starfssviðið fyrst um einn bekk og síðan, eftir nokkur ár, meir. Ég vona, að sú hv. n., sem fær þetta til athugunar, athugi málið einnig frá þessu sjónarmiði, en ég vil undirstrika sérstaklega, að ég tel, að þessu Alþingi megi ekki ljúka án þess, að það láti í ljós þá viljayfirlýsingu við hæstv. ríkisstj., að staðið verði við þá sjálfsögðu skyldu að láta ríkisútgáfu námsbókanna sjá öllum börnum á skólaskyldualdri fyrir nauðsynlegum skólabókum.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 159, n. 549 og 599).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 9. Endurskoðun skólalöggjafar.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:
*Till. til þál. um endurskoðun skólalöggjafarinnar* [113. mál] (A. 220).

Á 32. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

*Flm. (Karl Kristjánsson):* Herra forseti. Þessi þáltill. á þskj. 220, sem við hv. þm. V-Húnv. (SkG) leyfum okkur að bera fram, er um það, að hæstv. ríkisstj. verði falið að skipa þriggja manna n. til þess að gera heildarendurskoðun á skólalöggjöf landsins og framkvæmd á reglum hennar.

Í till. er tekið fram, að við endurskoðun þessa skuli lögð á það áherzla að leita á grundvelli fenginnar reynslu af skipan skólamálanna í landinu fyrirkomulags, er sé hvort tveggja í senn vænlegra til giftusamlegs uppeldis og kostnaðarminna fyrir þjóðfélagið en það fyrirkomulag, sem nú gildir.

Með setningu hinnar miklu almennu og að ýmsu leyti merku skólalöggjafar 1946 var skólum landsins falið uppeldi þjóðarinnar í mjög stórum stíl og auknum. Sagt er, að á skólaárinu 1952—1953 hafi fimmti hluti allra landsmanna setið á skólabekk, eða 28600 samtals. Kostnaður fyrir ríki, sveitarfélög og einstaklinga af framkvæmd löggjafarinnar er afar mikill og fer vaxandi ár frá ári. Nálægt því sjöunda hver króna, sem kemur í ríkiskassann, gengur til skólamála. Hvað sveitarfélög leggja fram, liggur ekki fyrir í heildartölum, og það, sem nemendur og stuðningsmenn þeirra borga, er vitanlega hvergi skráð. En miklar eru þær upphæðir.

Skólamálakostnaðurinn er auðvitað alvarlegt umhugsunarefni fyrir þjóð, sem skortir fé til margra framkvæmda og mikilsverðra. En fyrir mitt leyti vil ég samt taka fram, að ég lít ekki svo á, að hinn mikli kostnaður við skólamálin sé það, sem gerir þau athugaverðust. Gott uppeldi verður tæplega ofborgað. Athugaverðara er, ef skólalöggjöfin þrátt fyrir þungar álögur, sem henni fylgja, nær ekki tilgangi sínum, og athugaverðast, ef hún skyldi að einhverju leyti standa í vegi fyrir því, sem hún átti að koma til leiðar: að hjálpa hinum ungu „til þess að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur", en þannig er að orði komizt um hlutverk skóla í 1. gr. í l. um fræðslu barna, og er það vel og réttilega mælt.

Óhætt mun að fullyrða, að almennt mun álitið, að skólalöggjöfin nái ekki tilgangi sínum, og sumir telja, að einstök atriði hennar vinni beinlínis á móti honum. Hér er svo mikið í húfi, að ekki má draga lengur að endurskoða löggjöfina. Vaninn má ekki ná að „helga" galla hennar. Þá brunna má ekki draga að byrgja, sem komið er í ljós að börn detta í.

Fyrrv. menntmrh., hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), skipaði 28. maí s. l. nefnd „til þess að endurskoða og gera till. um námsefni og námstíma í barna-, gagnfræða- og menntaskólum". Í skipunarbréfinu segir:

„Nefndinni er sérstaklega falið að endurskoða námsefni það, sem nú er lagt til grundvallar kennslu í barna-, gagnfræða- og menntaskólum, og gera tillögur um námsskrár fyrir hvert þessara skólastiga með tilliti til þess, að námsefnið sé við hæfi hvers fræðslustigs og kennslubækur svari þeim kröfum, sem eru gerðar til hverrar námsgreinar."

Ráðherrann á þakkir skilið fyrir áhuga sinn og framtak, sem kom fram í skipun n. Nefndin hefur enn ekki lokið störfum, en á skammt í land með að gera það, að því er mér er sagt. Verksvið hennar er innan ramma l., en ekki endurskoðun á l. sjálfum. Niðurstöður þessarar n. geta flýtt fyrir og létt störf þeirrar n., sem við hv. þm. V-Húnv. leggjum til að skipuð verði, en ekki gert skipun hennar óþarfa, af því að löggjöfina sjálfa þarf að endurskoða, en ekki aðeins framkvæmd hennar. Skal ég nú rökstyðja það.

Við flm. þáltill. nefnum ekki sérstaklega í grg. þeirri, er henni fylgir, nema fjögur atriði sem dæmi um þörf endurskoðunar og breytinga. Fleira er þó um að ræða. Hið fyrsta, sem við nefnum, er, að skólaskylduárin séu of mörg. Ég álít, að hámark skólaskyldu eigi að vera frá 7—14 ára og í samfelldum barnaskóla. Nú er fræðsluskylda, eins og menn vita, í barnaskólum frá 7—13 ára og 2—3 ár í framhaldsskólum, eða 8—9 ár samtals. Tel ég því rétt að fella úr gildi l. um gagnfræðanám III. kaflann, sem er um fræðsluskyldu og skólaskyldu, og breyta í samræmi við þetta I. kafla l. um fræðslu barna, lengja þá barnaskólaskylduna um eitt ár, en fella niður framhaldsskólaskylduna. Heimild mætti e. t. v. hafa fyrir einhverja landshluta, t. d. Reykjavík, til þess að lengja skyldunám hjá sér, ef þeir landshlutar telja það nauðsynlegt. Það mun verða farsælla undir flestum kringumstæðum, að það sé ekki fyrirskipað, heldur á valdi ungmenna og forráðamanna þeirra, hvort eða hvenær þau snúa sér að framhaldsnámi, eftir að barnaskólanámi lýkur. Líklegt er, að flestum unglingum á aldrinum 14—16 ára sé hollara og þroskavænlegra að taka þátt í margbreytilegum störfum atvinnulífsins en að sitja á skólabekkjum. Nægur tími virðist vera eftir 16—17 ára aldur til þess að stunda framhaldsnám, nema þegar frá er talið langskólanám, og vænlegri virðist til árangurs skólaganga, þegar eigin vilji og þroski koma til sögunnar. Frjálst val nemandans í þessum efnum eykur honum ábyrgðartilfinningu bæði fyrir sjálfum sér og skólanum.

Skólaskyldan setur framhaldsskóla í mikinn vanda, það er í ljós komið, — vanda, sem hann virðist ekki rísa undir, og hún hefur leitt til mikils kostnaðar, sem hægt er að draga úr að ósekju. Auðvitað mál er það, að þjóðfélagið á að sjá fyrir því, að til séu skólar handa þeim, er þá vilja sækja eftir barnaskólaaldur, en í oftrú á fræðsluskylduna hafa verið settir á stofn hér og þar unglingaskólar, miðskólar og

gagnfræðaskólar, sem of lítil verkefni hafa og sama sem engin verkefni mundu hafa, ef 13 ára börn barnaskólanna væru ekki til þeirra flutt. Í landinu öllu eru um 50 gagnfræða-, mið- og unglingaskólar. Af þeim eru 14 heimangöngugagnfræðaskólar, og þeir eru í stærri bæjunum, og átta af þeim eru hér í Reykjavík. Gagnfræðaskólar með heimavistum eru 8, allir í sveitum. Mið- og unglingaskólar eru 28 alls. Ætlazt er til þess í l., að miðskólar og gagnfræðaskólar starfi hvergi nema 15 nemendur minnst séu í ársdeild, en samkvæmt skýrslum, sem ég hef séð um nemendafjölda skólanna, fullnægja býsna margir þeirra ekki þessum ákvæðum. Auðséð er, að hér er pottur brotinn. Skipta þarf landinu í skólahverfi framhaldsskóla og stilla svo til, að skólar séu ekki fleiri en verkefni hafa að jafnaði. Skóla í tveim bekkjum með nemendum 14—15 ára ætti undantekningarlaust að sameina barnaskólunum, þannig að ekki sé kostað til tveggja skóla á því stigi á sömu stöðum. Heimild er til þessa í gildandi l. að því er skólakerfið í sveitum snertir, en ætti að lögleiða fyrir bæi líka, af því að reynslan sýnir, að einnig á þetta við í smærri bæjunum.

Annað atriðið, sem við flm. nefnum, er, að skólasetan ár hvert í barnaskólum þéttbýlisins sé of löng. Í 38. gr. l. um barnafræðslu segir, með leyfi hæstv. forseta: „Skólar í kaupstöðum og þorpum með 1000 íbúa eða fleiri skulu starfa sem næst 9 mánuði á ári.“ Í staðinn fyrir 9 mánuði ætti að koma 6 mánuðir. Heimild til lengingar upp í 9 mánuði mætti vera fyrir stærstu kaupstaðina. Fjarstæða er að hafa börn í skóla fram á sumar og taka þau í skóla snemma hausts í þorpum og smábæjum. Með því eru þau slitin úr náttúrlegu sambandi við atvinnulíf og svipt heilsusamlegri útivist, sem þau geta vel notið á þessum stöðum. Ekki er ætlazt til þess, að hvert barn sæki skólann 9 mánuði, það veit ég vel, en ákvæðið hefur samt áhrif í þá átt að teygja úr skólavist allra barnanna og valda námsleiða og þreytu og áhugaleysi með þeim afleiðingum, sem Stefán Klettafjallaskáld kallaði í ádeilu sinni á skóla:

„Voða vatnssýki í minni
og visnun í skynjun.“

Nú eru kennurum við hvern skóla borguð laun eftir því, hve kennslan stendur marga mánuði árlega. Álitið er, að ýmsir kennarar leggist á móti fækkun kennslumánaða vegna kjaraskerðingar, er fylgja mundi, og er það auðvitað ekki nema mannlegt. Ég tel, að vel mundi borga sig að láta launahæð haldast, þótt kennslumánuðum yrði fækkað. Velferð nemendanna er dýrari en krónum taki, því má aldrei gleyma.

Hið þriðja, sem nefnt er í grg., er það, að kerfisbinding kennslu- og námsefna sé of mikil. Í l. um skólakerfi og fræðsluskyldu, sem eru stofn skólalöggjafarinnar, er svo fyrir mælt, að allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, skuli mynda samfellt skólakerfi. Er skólunum þar skipað niður eins og einni stórri verksmiðju í deildir, sem eiga að taka ein við af annarri, stig af stigi, og gera fyrsta flokks menn úr hráefni, sem upphaflega var börn og furðu ólíkur efniviður og margvíslegur. Maðurinn notar mikið stærðfræði og vélar og gefst það vel til að gera sér með því náttúruöflin undirgefin, en á sjálfan sig má hann ekki líta sem reikningsdæmi og ekki heldur sem hráefni, er hægt sé að vinna úr góða vöru með verksmiðjulegum hætti. Mannssálir lúta öðrum lögmálum en dauðir hlutir og þola illa tangatök og steypumót kerfisbindingar. Próf eins og landsprófin á að nema úr lögum. Undirbúningur þeirra þvingar frá upphafi eins og töng eða mót nám allra, sem eiga námsleið með þeim, er ætla þau próf að taka. Hinir almennu skólar eiga að vera óháðir slíku. Inntökupróf ætti að gilda við gagnfræðaskóla og menntaskóla eins og fyrrum var.

Fjórða atriðið í grg. till. er, að hagnýtt nám til undirbúnings þátttöku í atvinnulífi þjóðarinnar sé vanrækt. Ég hef fréttir af því, að ekki nema helmingur af skólum gagnfræðastigsins haldi uppi verknámi. Þetta er háskalegt. Fyrir þá sök njóta margir nemendur þar ekki hæfileika sinna, en eru þó skyldaðir í skólana. Sumir eru gáfaðir til handanna, sagði gamla fólkið, þótt bóknám sé þeim torvelt. Það eru menn, sem þjóðfélagið þarf sjálfs sín vegna að mennta á þeirra sviði, ekki síður en hina á bóklega sviðinu. Í öðru lagi hefur mér skilizt, að verknámsdeildir þeirra skóla ýmissa, er þær hafa, hafi fremur einhæft og smávægilegt föndur að verkefni, vinni t. d. lítið, þótt við sjávarsíðuna sé, að því, sem sjávarútvegi tilheyrir, svo sem að ríða net, hnýta á, snúa tauma o. s. frv. Meðan þannig háttaði í þjóðlífinu, að heimilin gátu annazt bóklega uppfræðslu, sáu þau um verknámið líka í samræmi við það atvinnulíf, sem þjóðin lifði. Nú slitnar æskan í skólunum á námsbraut sinni úr sambandi við atvinnulífið, nema þá helzt iðnað. Vera má, að þetta sé ekki göllum löggjafar að kenna, heldur þá framkvæmd hennar, eða eigum við máske að telja þetta óviðráðanlegt eins og nú hagar til í landinu? Giftusamlegt er það áreiðanlega ekki, og full ástæða er til þess að endurskoða, hvað hægt kynni að vera að gera betur í löggjöf landsins að því er þetta snertir.

Ég hef þá minnzt á það fernt, sem í grg. till. er bent á sem dæmi um þörf endurskoðunar á skólalöggjöfinni, auk kostnaðarins, er af henni leiðir. Á fleira vil ég benda.

Kennarar eru samkvæmt löggjöfinni embættismenn ríkisins. Þeim eru veitt embættin eftir 1—2 ára reynslutíma. Ekki er hægt að segja þeim upp starfi, nema skólinn sé lagður niður eða þeir gerist sekir menn og sannir að sök. Þetta eru föst embætti til 65 til 70 ára aldurs. Kennarastaðan er sennilega ábyrgðarmesta staða þjóðfélagsins. Kennararnir eru þeir embættismenn, sem eru falin vandmeðförnustu pundin til varðveizlu og ávöxtunar, þegar á allt er litið. Þeim er trúað fyrir því að annast vorverkin á hinum andlega akri þjóðarinnar. Sú byggð, sem er heppin með kennara, má venjulega hrósa happi langa tíð, en hin, sem það er ekki, bíður þess ekki bætur, hver veit

hve lengi. Það þarf að vanda betur til kennaranna. Margt úrvalsmanna er í íslenzkri kennarastétt, en þar eru líka til menn, sem ekki ættu að vera þar. Þetta er eðlilegt, það hefur verið of auðvelt að komast í kennarastöður. Reynslutíminn, 1—2 ár, hefur verið of stuttur. Hann ætti ekki að vera skemmri en 5 ár. Aldursskilyrði fyrir inngöngu í Kennaraskóla Íslands er 16 ár. Skólinn er fjögurra ára skóli, svo að sá, sem kemur þangað 16 ára og ekki tefst, útskrifast þaðan 20 ára. Hvaða líkur eru til þess, að 16 ára unglingur hafi gert sér ábyggilega grein fyrir því, að köllun hans sé að vera kennari, gegna þeirri vandasömu stöðu? Og hvaða líkur eru til þess, að 20 ára ungmennið, sem máske hefur verið í skóla öll sín ár síðan það varð 7 ára, hafi öðlazt nauðsynlega lífsreynslu til þess að vera í raun og veru maður til þess að taka að sér voryrkjuna á akrinum, þótt þekkingarprófseinkunnirnar kunni að vera forsvaranlegar? Nei, hér þarf lögum að breyta og betur um að búa, til þess að vænta megi góðrar uppskeru. Aldursskilyrði fyrir inngöngu í kennaraskólann á að færa úr 16 upp í 18 ár. Gera þarf ráðstafanir til þess, að reynt verði með vísindalegri nákvæmni og réttdæmi að velja þá eina til kennaranáms og útskrifa, sam hafa nauðsynlega hæfileika og heppilega skapgerð til þess að rækja hið mikilsverða og vandasama uppeldisstarf í skólunum. Kennara á að launa vel, en gera til þeirra mjög miklar kröfur.

Í sambandi við það, sem ég hef hér sagt um nauðsynina á því, að kennarar séu vel hæfir, vil ég taka fram, að ég tel mikla nauðsyn á því, að til framkvæmda verði látin koma að einhverju eða öllu leyti lög frá 1947, sem eru kafli úr lagabálkinum um menntun kennara og má telja að tilheyri hinu nýja skólakerfi. Þessi lagakafli er um æfinga- og tilraunaskóla. Í 2. gr. l. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Skólinn starfar sem æfingaskóli kennaraskólans. Skal hann hafa uppeldis- og kennslufræðilegar athuganir með höndum, einkum varðandi barnafræðslu og gagnfræðanám. Skal hann og hafa forgöngu um, að slíkar athuganir verði gerðar í öðrum skólum og unnið úr þeim.“ Uppeldismálaþing, sem háð var í Reykjavík 12.—14. júní s. l. sumar, benti í þessa átt og beindi þeirri áskorun til menntmrh., að hann beitti sér fyrir því, að ½% af framlagi ríkisins til fræðslumála yrði framvegis veitt til vísindalegra rannsókna á uppeldi og kennslutækni. Það er kostað til vísindalegra rannsókna á ræktun landsins, fóðrun búpenings og fiskagöngum við strendurnar, en hvers vegna er vanrækt að láta rannsaka vísindalega, hvað hæfir bezt börnum landsins sjálfum, sem eiga að verða drottnarar landsins og sjávarins, — hæfir þeim bezt í uppeldi og kennsluaðferðum? Þetta er dýr vanræksla að mínu áliti.

N., sem lagt er til á þskj. 220 að skipuð verði, hefur áreiðanlega á margt að líta. Á það þykist ég nú hafa fært fullar sönnur. Lagt er til, að nm. verði aðeins þrír. Fjölmennari n. neytir sín alls ekki betur við verkefni sem þessi. Auðvitað starfa þessir menn í samráði við fræðslumálastjóra og fá aðstoð eftir þörfum hjá þeim, sem með stjórn skólamálanna fara. Í till. er svo fyrir mælt, að óskað skuli, að Samband íslenzkra barnakennara og Samband framhaldsskólakennara bendi sameiginlega á einn mann í n. Ég tel rétt, að þriðji aðilinn taki þátt í að benda á þennan mann, en það er Félag menntaskólakennara. Ætti að mega bæta því inn í till. við síðari umræðu. Fleiri en einn fulltrúa tel ég ekki rétt að kennarar eigi úr sínu liði í þessari þriggja manna nefnd.

Svo vil ég að lokum óska þess, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 26:3 atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 10. Efnahagskreppa.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um skipun nefndar til athugunar á ráðstöfunum til varnar utanaðkomandi efnahagskreppu* [116. mál] (A. 229).

Á 32., 33., 35., 45. og 47. fundi í Sþ., 10., 17., 24. febr., 7. og 10. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

*Flm. (Einar Olgeirsson):* Herra forseti. Ég vona, að mér takist að kveikja í hæstv. ríkisstj. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. lifni dálítið við, þegar kemur að þessu frv. Þetta er mál, sem hún kannast máske dálítið betur við en það mál, sem við ætluðum að fara að ræða áðan og hún hindraði þá.

Þessi þáltill. á þskj. 229 fjallar um það, að skipuð sé nefnd til þess að athuga ráðstafanir til varnar utanaðkomandi efnahagskreppu. Ég býst við, að ég þurfi ekki að lýsa því, hvað efnahagskreppa sé, fyrir hv. þm., a. m. k. þeir eldri af þeim muna nokkurn veginn eftir kreppunni 1930 og hvað hún þýddi fyrir Ísland þá og hvað viðkvæmt okkar land er fyrir slíkum efnahagskreppum eins og þá dundi yfir. Það eru öll sólarmerki, sem benda á, að það sé í uppsiglingu samsvarandi kreppa nú í Bandaríkjunum, og ég býst við, að sérstaklega hæstv. ríkisstj. kippist við, þegar minnt er á þau. Þar er slík kreppa að byrja. Sjálfir hagfræðingar Bandaríkjanna, sem flestir eru þó

ekki upp á allt of marga fiska, hafa þegar slegið því föstu, að það sé byrjað það, sem þeir kalla afturkipp, þegar þeir eru hræddir við að nota orðið kreppu, því að þeir óttast kreppu meira en styrjöld og reyna þess vegna venjulega að beita orðum, sem eru ekki alveg eins viðkvæm og tala ekki eins hræðilegu máli til fjöldans, sem enn man eftir kreppunni, sem geisaði yfir Bandaríkin 1930 og árin þar á eftir. Þá flosnuðu yfir 12 millj. bænda upp í Bandaríkjunum, þá urðu yfir 20 millj. verkamanna atvinnulausir í Bandaríkjunum og skelfingarnar frá þeim tíma eru enn þá í minnum manna. Þess vegna óttast menn sjálft orðið kreppu og reyna meira að segja að loka augunum fyrir því þar vestra, þegar hún er að dynja yfir. Þó hafa hagfræðingar Bandaríkjanna, sem reyna að sýna fram á, að kreppa sé ekki í aðsigi, slegið því föstu, að framleiðslan í Bandaríkjunum muni minnka á þessu yfirstandandi ári, og engir af þeim hagfræðingum, sem komu saman þar á hagfræðingaþingi nýlega, álíta, að sú minnkun mundi verða um minna en 5%, en margir sögðu, að hún mundi verða mun meiri en það. Associated Press, fréttahringurinn ameríski, hefur í sínum fréttum látið út ganga, að það megi búast við allmiklu meiri afturkipp í Bandaríkjunum en þeim.

Vestur-Evrópuþjóðirnar líta nú þegar mjög kvíðnar til þess fyrirbrigðis, sem er að hefjast þar í Bandaríkjunum. Þær sjá, að svo framarlega sem framleiðsla Bandaríkjanna minnkar um meira en 5%, jafnvel þó að það yrði nú ekki 15%, eins og margir álíta, þá muni það þýða, að því meira sem markaðurinn hrynur innanlands, því meira herði þeir á útflutningnum, því skarpari verði sóknin frá hálfu amerísku auðvaldsins til þess að reyna að brjótast inn í markaði annarra landa. Því meira sem kreppan harðnar heima fyrir í Bandaríkjunum, því harðvítugri verði samkeppnin á öðrum mörkuðum og því erfiðara verði þess vegna fyrir þá, sem eru keppinautar Bandaríkjanna, að standast þar. Sérstaklega hefur þess orðið vart í Bretlandi og Frakklandi, að menn óttast þar slíka kreppu, ekki aðeins að Bandaríkin og samkeppnin frá þeim komi þarna til með að harðna, heldur líka þeir gömlu keppinautar Englands eins og Þýzkaland og Japan komi til með að verða ákaflega tilfinnanlegir keppinautar, þegar út í vægðarlausa baráttu auðvaldsríkjanna á milli um minnkandi markað sé komið.

Hver forustumaður þjóðar, sem eitthvað hugsar um, hvað í vændum sé í efnahagsmálum, hefur gert að umræðuefni þessa yfirvofandi kreppu.

Forsætisráðherra Danmerkur, Hans Hedtoft, sagði í nýársboðskap sínum í vetur, að hann óttaðist, að kreppan frá 1930 endurtæki sig, og hann benti um leið á það, að Danmörk hefði verið knúin til þess að opna sinn litla markað ekki aðeins fyrir heilbrigðri samkeppni, heldur líka fyrir „dumping", og það er alveg vitanlegt, hvað forsætisráðherra Danmerkur átti við. Hann átti við þá viðskiptaþvingun, sem Bandaríkin beita þau lönd, sem þau hafa náð tökum á.

Butler fjármálaráðherra Bretlands var nú nýlega að ljúka við ræðu, þar sem hann gerði grein fyrir þeim afturkipp, eins og hann orðaði það, sem búast mætti við í Bandaríkjunum og Bretar þyrftu að búa sig undir að mæta.

Svíar og þeirra efnahagsstofnun hefur nú þegar slegið því föstu, hver hætta sé á ferðum viðvíkjandi kreppu, og gert sínar ráðstafanir í þessu sambandi.

M. ö. o.: Það er ekkert spursmál um það, að efnahagskreppa er í uppsiglingu. Þeir, sem vilja loka augunum fyrir slíku, fara að eins og strúturinn, stinga höfðinu í sandinn, eða þá að þeir vilja láta kreppuna dynja yfir okkar land.

Afstaða Íslands gagnvart kreppu í auðvaldsheiminum er sú, að okkar land er svo að segja næmast allra landa fyrir kreppu, vegna þess að við eigum meira undir útflutningi en nokkur önnur þjóð í veröldinni. Hér mundi nú vera byrjuð kreppa, svo framarlega sem ríkisstj. hefði ekki á síðasta ári gert sína stóru viðskiptasamninga við Sovétríkin. Hér mundi nú þegar vera byrjuð mjög tilfinnanleg kreppa, sem hefði komið í ljós í minnkandi freðfiskframleiðslu og minnkandi útgerð, svo framarlega sem þeir samningar hefðu ekki verið gerðir. Það, sem hefur dregið úr því enn þá, að afleiðingar þeirrar kreppu, sem er að skella á í Bandaríkjunum, dyndu yfir okkar land, er þess vegna það, að við höfum leitað í austurveg um okkar viðskipti og tekizt að nokkru leyti að bjarga okkur í svipinn með því.

Nú mundi ég vilja spyrja hæstv. ríkisstj., ef hún þá gæti fengið málið, eins og hún fékk áðan: Hvað er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur í undirbúningi í þessum efnum? Er það rétt, og er það satt, að Bandaríkin hafi nú þegar bannað ríkisstj. að halda áfram viðskiptasamningunum við Sovétríkin? Er það rétt, að það sé nú þegar í undirbúningi af hálfu ríkisstj. að eyðileggja þá viðskiptasamninga? Er það rétt, að sú togarastöðvun, sem ríkisstj. er nú að framkalla á Íslandi með sínu aðgerðaleysi í þessum málum, sé liður í því að gera ómögulegt fyrir Íslendinga að framleiða eins mikinn freðfisk og þeir geta selt? Er þarna ein samanhangandi keðja af skemmdarverkum, sem verið er að vinna gagnvart okkar atvinnulífi? Það er greinilegt, að sú togarastöðvun, sem ríkisstj. nú er að skipuleggja, kemur til með að grafa grunninn undan okkar efnahagslífi. Það er farið að tala um það nú þegar að selja togarana úr landi. Það er farið að tala um það nú þegar að binda í allt sumar svo og svo mikið af þeim. Það er m. ö. o. alveg greinilegt, að það er verið að undirbúa slík skemmdarverk gagnvart íslenzku atvinnulífi, að önnur eins hafa aldrei verið unnin. Á sama tíma eru málgögn, sem ríkisstj. stendur á bak við, að tala um það, að Íslendingar þurfi að fara að koma upp íslenzkum her. Seinast í dag eru þau málgögn, sem skyldust eru Sjálfstfl. og gefin út suður á Keflavíkurflugvelli, að impra á því sem einni aðallausninni í málunum, sem

hér eru fram undan. Á sama tíma sem á að hlaupa frá öllu hér á Alþingi, þannig að togarastöðvun dynji yfir, á að herða á undirbúningnum undir myndun íslenzks hers.

Ég held, að það, sem er að gerast í okkar efnahagslífi nú, sé undirbúningur undir að svipta okkur því efnahagslega sjálfstæði, sem var lagður grundvöllur að á árum nýsköpunarstjórnarinnar, með togarakaupunum, með vélbátakaupunum og með því að efla sjávarútveginn eins mikið og þá var gert. Það er sá grundvöllur, sem Ísland hefur byggt þá tiltölulega góðu lífsafkomu á, sem verið hefur hér síðustu 10 árin, og það er sá grundvöllur, sem sterkastur er undir okkar efnahagslega sjálfstæði, og þennan grundvöll er nú verið að undirbúa að eyðileggja. Ef við eigum að vera sjálfstæð þjóð, þá verðum við að geta verið efnahagslega sjálfstæð. Ef við eigum að vera efnahagslega sjálfstæð þjóð, þá verðum við að lifa af því að reka okkar eigin atvinnuvegi, þá verðum við að lifa af því að reka okkar sjávarútveg og okkar landbúnað og okkar iðnað, en ekki af því að útbúa hernaðarmannvirki fyrir erlendar þjóðir. Ef við eigum að geta haldið uppi eðlilegu íslenzku atvinnulífi, þá þurfum við þess vegna ekki aðeins að halda okkar framleiðslutækjum gangandi og sjá um, að þau afkastamestu þeirra séu notuð til fulls, heldur þurfum við líka um leið að tryggja, að við höldum þeim mörkuðum, sem við erum búnir að vinna, og aukum þá. Nú hefur það verið þannig undanfarið, að það hefur ekki verið hægt að uppfylla einu sinni þær óskir, sem fram hafa komið um að fá fisk frá þessu landi, og á sama tíma er verið að leggja togurunum, á sama tíma er verið að reka fleira og fleira fólk suður á Keflavíkurflugvöll. Þetta er á sama tíma sem við sjáum efnahagskreppu vera í uppsiglingu í Bandaríkjunum og við þess vegna þurfum að verða sem allra óháðastir Bandaríkjunum efnahagslega. Það er vitanlegt, að okkar viðskiptajöfnuður við Bandaríkin var þannig á síðasta ári, að það skakkaði yfir 100 millj. kr., sem við keyptum meira þaðan en það, sem við gátum selt þangað. Og Bandaríkin koma til með að leggja enn þá meiri áherzlu á það á þessu ári heldur en þau gerðu á því síðasta að selja vörur án þess að kaupa í staðinn. Við þurfum þess vegna að reyna að skipuleggja okkar viðskipti þannig, að við sogumst ekki inn í þá efnahagskreppu, sem þar er í uppsiglingu.

Hvað hafa þjóðirnar í Vestur-Evrópu gert til þess að reyna að búa sig undir að mæta þeirri efnahagskreppu, sem þær sjá að er í uppsiglingu í Bandaríkjunum og þær vilja forðast eins og pestina? Þjóðirnar í Vestur-Evrópu hafa verið í óða önn hver á fætur annarri að taka upp viðskiptasambönd við sósíalistisku löndin, hafa verið að auka stórkostlega sölu sína þangað og kaup sín þaðan. Bretland er nú að smíða togara fyrir Sovétríkin, á sama tíma sem menn hér á Íslandi eru að tala um að fara að selja okkar nýsköpunartogara. Það er þess vegna alveg auðséð, að það ráð, sem Vestur-Evrópuþjóðirnar finna, er að reyna að tryggja sér þá markaði, sem þær vita að engin kreppa kemur við. Í sósíalistiskum þjóðfélögum er engin hætta á kreppu, kreppa er þar ekki til. Kreppa er aðeins kapítalistiskt fyrirbrigði. Þær kapítalistisku þjóðir Vestur-Evrópu vita þetta, og þær framkvæma þess vegna þá pólitík, sem þær nú eru byrjaðar á, að afla sér markaða og koma á viðskiptum við sósíalistisku löndin. Það var sú leið, sem Ísland fór 1944—46, þegar viðskiptin við þau lönd voru opnuð af nýsköpunarstjórninni. Það var sú leið, sem lokuð var, eftir að Marshall-pólitíkin byrjaði hér heima. Það var sú leið, sem opnuð var aftur á síðasta ári og nú á auðsjáanlega að fara að reyna að loka á ný til þess að gera okkur eingöngu háða Bandaríkjunum og kreppunni, sem þar er í uppsiglingu.

Ég álít, að hvaða skoðun sem við annars höfum á stjórnmálum og sósíalisma og kapítalisma, þá beri okkur að reyna að finna ráðstafanir til þess að firra Ísland þeirri kreppu, sem yfir vofir frá Bandaríkjunum. Ég álít, að við ættum að reyna að sameina okkar krafta um það að finna aðferðir, sem gætu tryggt Íslandi, að það losnaði við slíka kreppu. Einu möguleikarnir eru að mínu áliti þeir að auka okkar viðskipti við Evrópu, við Vestur-Evrópu og við Austur-Evrópu, við þau lönd, sem ýmist sjálf þekkja ekki neina kreppu, eða þau lönd, sem í vaxandi mæli eru að fara inn á þá braut að efla viðskipti við sósíalistisku löndin.

Þessi till. fjallar þess vegna um, að ríkisstj. skipi nú eftir tillögum Alþingis 7 manna nefnd til þess í fyrsta lagi að rannsaka þá fyrirboða, sem nú þegar verður vart í efnahagslífi Bandaríkjanna og fleiri auðvaldslanda um, að kreppa sé þar að hefjast, og í öðru lagi gera till. til ríkisstj. og Alþingis um, hvaða ráðstafanir skuli gera í efnahagsmálum Íslands. Till. fjallar um, að af þessum 7 mönnum skuli 5 tilnefndir af þingflokkunum, einn af hverjum, en 2 skuli útnefndir af ríkisstj. án tilnefningar. Ríkisstj. mundi þá eiga meiri hl. í þessari nefnd. Hins vegar álít ég, að allar skoðanir flokkanna þurfi að komast þarna að, til þess að hægt sé að benda á sem flest dæmi og sem flestar leiðir, sem hægt sé að fara til þess að forða Íslandi út úr þeirri hættu, sem yfir vofir. Upprunalega þegar ég flutti þessa till., sem var í desember, hafði ég vonazt eftir, að það mundi vera hægt að ná samkomulagi um afgreiðslu þessarar till. þá þegar í desember, þannig að sú nefnd, sem skipuð væri, gæti starfað í janúar og febrúar og skilað 1. marz, og við það var miðað. Það varð nú ekki, og þá hef ég lagt hér fram brtt. um, að í stað „1. marz" komi „1. okt.", þannig að ef þessi nefnd væri skipuð nú, þá ætti hún að skila áliti í haust.

Nú er enginn efi á því, að svona nefnd gæti náttúrlega tekið margt fleira til athugunar en það, sem hérna væri um að ræða. Náttúrlega væri út af fyrir sig hægt að samræma verkefni svona nefndar því verkefni, sem hæstv. ríkisstj. leggur til að önnur 7 manna nefnd sé sett í til þess að athuga viðvíkjandi togaraútgerðinni. Sannleikurinn er, að þessi verkefni fléttast á ýmsan hátt saman, þó að það sé miklu

víðtækara mál, sem ég er hérna með, og ég álít nú fyrir mitt leyti, að bezt væri að halda þessu alveg aðgreindu.

Ef þetta mál hefði komið nokkru fyrr til umr. og sýnt hefði verið, að hæstv. ríkisstj. væri dálítið betur viðtalshæf viðvíkjandi málum nú undir þinglokin en hún reyndist vera í síðasta málinu, sem við vorum að ræða, þá hefði ég fyrir mitt leyti lagt til, að þessu máli yrði vísað til allshn. og síðan haldið áfram umr. um það, þegar málið kæmi úr nefnd, og mundi enn sem komið er ekki setja mig upp á móti því, ef slík till. kæmi fram.

En hitt vil ég undirstrika, að ef við ætlum að reyna að byggja upp sjálfstætt þjóðfélag í okkar landi, þá verður það að byggjast á efnahagslegu sjálfstæði. Ef við ætlum að viðhalda okkar efnahagslega sjálfstæði, þá verður það að byggjast á því, að við getum aukið stórkostlega okkar framleiðslu, og það þýðir um leið okkar útflutning, og það þýðir, eins og nú standa sakir, fyrst og fremst okkar sjávarútveg. Það þýðir hins vegar, að við verðum að finna fleiri markaði nú og við verðum að hagnýta betur en við gerum nú þá markaði, sem þegar eru. En við skulum gera okkur ljóst, að það er harðnandi samkeppni um þessa markaði. Það er harðnandi samkeppni af hálfu þeirra landa, sem þegar eru að verða fyrir kreppunni. Það veitir þess vegna ekki af, að allir þeir kraftar, sem við höfum yfir að ráða í þessum efnum, allur sá góði vilji, sem til væri af hálfu þingflokkanna og ríkisstj., væru hagnýttir til þess að reyna að finna ráð í þessum efnum. Þess vegna hef ég lagt til, að þessi nefnd væri þannig skipuð, að allir þingflokkarnir ættu fulltrúa í henni, en ríkisstj. ætti þar samt meiri hl.

Ég þykist nú vita, að hæstv. ríkisstj. vilji ekki sérstaklega mikið með svona mál gera. Hún hefur komið upp alveg sérstakri stofnun í okkar þjóðfélagi, sem á að veita henni ráðleggingar um þessi efni. Og hún virðist treysta manni, sem Bandaríkin hafa sent hingað heim til þess að stjórna okkar efnahagsmálum, manni, sem var sendur hingað með gengislækkunarlögin, þeim manni, sem ef hann hefði að einhverju leyti fengið með þeim ráðum, sem hann hefur beitt, að ráða hér 1944, hefði aldrei lagt í neitt af þeirri nýsköpun, sem þá var lagt í, m. ö. o. látið fram hjá vitandi fara öll þau tækifæri, sem við hagnýttum í stríðslokin til þess að reisa okkar atvinnulíf úr rústum og til þess að opna fyrir Íslandi næga markaði í Evrópu. Ég er ákaflega hræddur um, að ríkisstj. með þeim sterku tengslum, sem tengja hana við auðvald Bandaríkjanna, fari óheillavænlega mikið eftir ráðleggingum þessa manns og líti á það sem einhver vísindi, sem hann boðar í sambandi við efnahagsmálin. Það er það hættulegasta, sem fyrir okkur getur komið, ef Ísland á að sogast inn í þá kreppu, sem nú er að byrja í Bandaríkjunum, ef Ísland á að slitna úr efnahagssambandinu við Evrópu til þess að sogast niður í þá hringiðu, sem þar er að skapast nú. Þess vegna álít ég, að það væri vel farið, ef nú væri hægt að ná samkomulagi um slíka nefndarskipun eins og ég hér hef lagt til, og ég þykist vita, að svo framarlega sem sú nefnd ynni vel, þá sæi hún sömu leiðirnar og þær þjóðir, sem Ísland annars hefur upp á síðkastið haft mest samstarf við í Vestur-Evrópu, hafa séð: að reyna að auka sín viðskipti fyrst og fremst við sósíalistisku löndin í heiminum og því næst við öll þau önnur lönd, þar sem hægt er að skapa nýja markaði.

Ég vildi því leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. sé þessari till. vísað til síðari umr., en þætti bezt, ef hægt væri að sleppa við að senda þetta mál til allshn., en mundi þó ekki setja mig upp á móti því, ef till. kemur fram um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 29:1 atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 11. Ný iðnfyrirtæki.

Á deildafundum 9. des. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um aðstoð við ný iðnfyrirtæki til atvinnujöfnunar* [120. mál] (A. 278).

Á 31. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 10. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

*Flm. (Jónas Rafnar):* Herra forseti. Það er alkunnugt, að þróun iðnaðarins hefur verið mjög ör hér á landi síðari árin. Segja má, að hvert iðnaðarfyrirtækið hafi risið upp af öðru á ótrúlega skömmum tíma og eldri fyrirtæki hafi stórum fært út kvíarnar. Þessi tiltölulega nýtilkomni atvinnuvegur okkar Íslendinga hefur notfært sér alla möguleika, eftir því sem fjárhagurinn og aðrar aðstæður hafa frekast leyft. Það getur nú ekki lengur farið á milli mála, að iðnaðurinn er nú orðinn engu síður mikilsverður þáttur í atvinnulífi okkar en sjávarútvegur og landbúnaður, og það þarf ekki annað en að blaða í gegnum hagskýrslurnar og önnur rit, sem gefa upplýsingar um búskaparhætti landsmanna, til þess að sannfærast um hina miklu þýðingu iðnaðarins.

Með ári hverju hefur því fólki fjölgað, sem bæði beinlínis og óbeinlínis hefur lífsuppeldi sitt á einhvern hátt frá iðnaðinum, og gera má hiklaust ráð fyrir því, að iðnaðarþróuninni eigi enn eftir að vaxa ásmegin við nývirkjanir Laxárinnar og Sogsins. Rafvæðing landsins

mun halda áfram, og allir vita, hvers konar bylting á öllum sviðum kemur í kjölfar hennar. Segja má, að flestöll meiri háttar iðnaðarfyrirtæki nema ullarverksmiðjur og iðjuver, sem vinna úr sjávarafurðum, séu nú staðsett í Reykjavík. Ég hef t. d. fengið upplýsingar um það, að í Félagi ísl. iðnrekenda eru yfir 120 fyrirtæki í Reykjavík á móti 20 fyrirtækjum utan Reykjavíkur. Iðnrekstur Sambands ísl. samvinnufélaga, sem fer stöðugt vaxandi, er einkum bundinn við Akureyri og Reykjavík og hverfandi annars staðar. Að þessari þróun liggja sjálfsagt margar ástæður og vildi ég aðeins drepa lítils háttar á nokkrar þeirra.

Þá er fyrst að benda á það, að í Reykjavík sjálfri er stærsti markaðurinn fyrir framleiðsluna innanlands. Fyrirtæki í Reykjavík kostar því miklu minna til flutninga en fyrirtæki úti á landi. Í Reykjavík er hægara en víðast hvar annars staðar að ná í þjálfað vinnuafl, og í Rvík eru allar lánastofnanirnar, og þar ættu því að vera mestu möguleikarnir fyrir öflun lánsfjár. Meðan leita þarf til nefnda og ráða um innflutning, hafa fyrirtæki í höfuðstaðnum allt aðra og betri aðstöðu en fyrirtæki úti á landsbyggðinni. Það var ekki lítið fé, sem forstöðumenn fyrirtækja úti á landi vörðu í ferðakostnað, meðan höftin voru hér í algleymingi, og hraðsímtölin við allar nefndirnar í höfuðstaðnum voru einn af hæstu liðunum í rekstrinum, þótt broslegt þyki. Þá má benda á það, að opinber gjöld hafa sennilega verið lægri í Rvík en víðast hvar annars staðar á landinu.

Ég geri nú ráð fyrir því, að flestir líti svo á, að ekki sé hagstætt fyrir þjóðarheildina að einskorða iðnað landsmanna að mestu við Reykjavík og nágrenni, æskilegra sé, að iðnaðarfyrirtækin séu ekki síður staðsett úti á landsbyggðinni, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Það er margt, sem mælir gegn því að sentralisera iðnaðinn, þ. e. a. s. að binda hann við tiltölulega afmörkuð svæði. Í ófriði má búast við meiri eyðileggingu og þar af leiðandi enn meiri skorti, flutningskostnaður landbúnaðarafurða hlýtur að vera meiri og dreifingaraðstaðan öll verri. En það skiptir þó mestu máli í þessu sambandi, að vinnuaflið verður óstöðugra, þar sem iðnaðurinn er ekki fyrir hendi og búast má við atvinnuleysi, a. m. k. yfir vetrarmánuðina, eins og reynslan hefur margoft sýnt okkur. Með dreifingu iðnaðarins verður meira jafnvægi í byggð landsins og jafnari afkoma manna, hvar sem þeir eru búsettir í landinu. Erlendis er sú stefna nú mjög uppi, að það opinbera stuðli beinlínis að því, að ný iðnaðarfyrirtæki risi upp utan stórborganna. Má í því sambandi benda á ýmsar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í Englandi nú síðari árin og miða einmitt í þá áttina.

Á undanförnum árum hefur orðið vart við verulegt atvinnuleysi í mörgum kauptúnum og bæjarfélögum, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Norðanlands og austan verður sjór ekki stundaður að vetrinum nema að litlu leyti. Eina leiðin til að fullnægja athafnaþörf fólksins í þessum landshlutum til frambúðar er, að þar rísi upp iðnaður. Með iðnaðinum kemur aukin atvinna og betri lífskjör fyrir fólkið, sem nú býr við erfiðar aðstæður.

Með till. þessari er ætlazt til þess, að ríkisstj. láta athuga sem fyrst, hvað unnt sé að gera til þess að auka iðnað utan höfuðstaðarins, með það fyrir augum að koma í veg fyrir atvinnuleysi og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Að athugun lokinni verði lagðar fram raunhæfar till. til úrbóta. Ríkisstj. hefur það á stefnuskrá sinni að tryggja landsmönnum sem varanlegasta atvinnu. Tel ég því víst, að till. fái góða afgreiðslu hæstv. ríkisstj., nái hún samþykki Alþingis.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða hér þær leiðir, sem ef til vill eru færastar til þess að ná þeim tilgangi, sem till. miðar að. Ég vil þó taka það fram, að nauðsynlegt verður að skapa iðnaðinum utan Reykjavíkur fyrst um sinn betri aðstöðu en í Reykjavík. Til þess að það valdi sem minnstri röskun, verður að láta fyrirgreiðsluna fyrst og fremst ná til nýrra iðnaðargreina, svo að þeir, sem leggja út í nýja tegund iðnaðar, kjósi af eigin hvötum að velja verksmiðjunni stað utan höfuðstaðarins, þar sem góð skilyrði eru fyrir hendi. Tillögumenn telja, að fyrirgreiðslan gæti m. a. verið í eftirgreindum atriðum: Skatt- og útsvarsfrelsi fyrstu starfsárin, og í því sambandi má benda á fordæmi frá 1938, þegar útgerðarfyrirtækjum botnvörpuskipa voru veitt skattfríðindi vegna fjárhagsörðugleika þeirra. Stofnlán með hagstæðum kjörum til lengri tíma. Þá kemur til greina fyrirgreiðsla um útvegun dreifingartækja, svo sem bifreiða, fyrirgreiðsla og aðstoð við uppsetningu dreifingarmiðstöðvar í Reykjavík fyrir innlend iðnfyrirtæki til þess að skapa þeim jafnari markaðsaðstöðu. Og svo mætti benda á fyrirgreiðslu um gjaldeyrisyfirfærslu til kaupa á efnivörum og vélum til iðnaðarins. Í þessu sambandi mætti að sjálfsögðu benda á ótalmargt fleira, en ég sé ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þetta, þar sem till. sjálf gengur út á athugun, sem að sjálfsögðu mun þá liggja fyrir og þá ástæða til þess að taka afstöðu til málsins.

Ég vil svo óska eftir því, að till. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 12. Hafnargerð í Vestmannaeyjum.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var útbýtt:

*Till. til þál. um framlag ríkissjóðs til hafnargerðar í Vestmannaeyjum* [134. mál] (A. 343).

Á 32. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

*Flm. (Karl Guðjónsson):* Herra forseti. Tillagan, sem ég flyt hér á þskj. 343 og er til umr. að þessu sinni, er fram komin af mjög knýjandi þörf Vestmannaeyjahafnar til þess að hrinda í framkvæmd óhjákvæmilegum umbótum á höfninni. En þarfir Vestmannaeyjahafnar eru ef til vill öllu öðru fremur þarfir hins íslenzka þjóðarbúskapar.

Það væri vissulega þess vert að rekja í einstökum atriðum sögu hafnargerðarinnar í Vestmannaeyjum hér og greina frá þeim árangri, sem náðst hefur, bæði hinum tæknilegu sigrum, sem unnizt hafa, og þeim efnahagslegu framförum, sem siglt hafa í kjölfar þeirra, en á þessu stigi málsins mun ég þó ekki rekja þá sögu. Hins skal þó getið, að Vestmannaeyjar mega kallast hafnlausar af náttúrunnar hendi, og það, sem veldur því, að hægt er nú, þegar bezt lætur, að leggja hverju íslenzku skipi sem vera skal við landfestar í Eyjum, e. t. v. þó að Tröllafossi undanskildum, byggist eingöngu á mannanna verkum.

Síðastliðna þrjá áratugi hefur verið unnið nær sleitulaust að hafnargerðinni, og alltaf hefur miðað í áttina, þótt oft hefðum við Vestmannaeyingar kosið að hraðar gengi. Kostnaður hefur að sjálfsögðu orðið mjög mikill við þessar framkvæmdir, og hefur hann verið greiddur með tekjum hafnarinnar og með framlagi ríkisins. En með því að tekjur hafnarinnar og hið takmarkaða ríkisframlag hefur alltaf hrokkið skemmra en framvinda tímanna krafðist að lagt væri í hafnargerðina, þá hafa um langt skeið verið lögð alveg óeðlilega há vörugjöld á alla flutninga um höfnina, og hafa Vestmannaeyingar þannig skattlagt sjálfa sig aukalega vegna hafnargerðarinnar jafnframt því, sem bæjarfélagið hefur ævinlega lagt höfninni til að nokkru starfslið og fleira af sínum almennu tekjum. Ég hef að vísu ekki fyrir því óyggjandi gögn til að sanna með tölum og útreikningum það, sem þó er vitað, að engir þegnar í okkar þjóðfélagi hafa lagt annað eins af mörkum til hafnargerðar í héraði sínu og Vestmannaeyingar, og jafnframt veit ég, að engin framlög þegnanna hafa fært þjóðfélaginu meiri arð en einmitt þau, sem fóru til þessarar hafnargerðar.

Hvaða þýðingu hefur svo Vestmannaeyjahöfn fyrir hið íslenzka þjóðfélag almennt?

Það er þá fyrst til að telja, að höfnin í Vestmannaeyjum er langsamlega þýðingarmesta höfnin á landinu að því er tekur til vélskipaflotans og framleiðslu hans á freðfiski og saltfiski, skreið, lýsi og fleiri sjávarafurðum. Vélbátaflotinn í Vestmannaeyjum fer stöðugt vaxandi, og framleiðsla hans fer sömuleiðis vaxandi, og verður hlutur hennar í heildarframleiðslu þjóðarinnar stærri í hlutfalli með hverju árinu sem líður.

Þá má geta þess, að allt austan frá Berufirði og vestur fyrir Reykjanes er engin lífvænleg höfn á allri strandlengju landsins, þar sem skip geta leitað skjóls, og eru Vestmannaeyjar þess vegna af öryggisástæðum mjög þýðingarmikil höfn, enda leitar þangað fjöldi skipa, innlendra og erlendra, af miðunum og siglingaleiðunum fyrir Suðurlandi til landvars í stórviðrum og einnig til þess að fá þar hvers konar fyrirgreiðslu, vistir, viðgerðir, til þess að leggja upp sjúka menn o. s. frv.

Ég vil rétt aðeins til áréttingar því, að það eru ekki aðeins við Vestmannaeyingar, sem lítum svo á, að höfnin í Vestmannaeyjum hafi almenna þýðingu, heldur er það almennt álit sjómannastéttarinnar íslenzku, lesa hér upp hluta af ályktun Farmanna- og fiskimannasambandsþingsins, sem háð var á s. l. hausti, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sextánda þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands skorar eindregið á það Alþingi, sem nú situr, að láta allar fjárveitingar til hafnargerða ganga fyrir, þar sem reynslan hefur sýnt góðan árangur, þar sem fjölbyggt er og þessi mannvirkjagerð langt á veg komin. Það er nú þegar ljóst, að nokkur slík hafnarmannvirki liggja undir skemmdum og beinlínis af þeim orsökum heimta fullnaðaraðgerð. Enn fremur eru þessar hafnir stórhættulegar siglingu stórra skipa og koma ekki að fullum notum hvað viðkemur öryggi heimaflotans.

Sextánda þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands telur því stórvarhugavert að leggja það fé, sem fyrir hendi er, til nýrra hafnarmannvirkja, meðan eftirtaldar hafnir eru eigi að fullu nothæfar, svo sem Vestmannaeyjar, Patreksfjörður, Ísafjörður og Akranes."

Þetta var úr samþykktum sextánda þings Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og ég vænti, að hv. alþm. hafi veitt því athygli, að sú höfnin, sem það samband leggur mesta áherzluna á að þurfi að fullgera á næstunni, er einmitt Vestmannaeyjahöfn.

Hvað er það þá, sem þarf að gera í Vestmannaeyjahöfn eins og nú standa sakir?

Það eru einkum þrjú stórverkefni, sem þar liggja fyrir.

Í fyrsta lagi krefst hinn aukni fiskiskipafloti þess, að bryggjurýmið sé aukið til mikilla muna, og það liggur þess vegna alveg fyrir, að það þarf að gera nýjar bryggjur og auka þannig möguleikana til þess, að athafnalífið við höfnina geti gengið sem greiðlegast, og á það ekki einungis við um fiskiskipaflotann, heldur á það einnig við um afgreiðslu vöruflutningaskipa, en í sambandi við þá miklu framleiðslu, sem er í Vestmannaeyjum, eru auðvitað miklar siglingar um höfnina, þar sem er afskipun allra afurðanna og útflutningur á útgerðarvörunum auk allra annarra flutninga til daglegra þarfa íbúanna í þessu byggðarlagi.

Í öðru lagi liggur það nú fyrir, að við innsiglingu hafnarinnar verður að leggja í stórfelldan kostnað. Fyrir fáum árum var hafnarmynnið grafið upp, dýpkað svo verulega, að

nú geta miklu stærri skip en áður komið inn í höfnina. En sá galli er á þessu, að renna sú, sem skipin verða að sigla eftir, er ekki bein, heldur er á henni bugða svo kröpp, að miklum vandkvæðum er bundið að sigla þar stórum skipum, og þegar veðurskilyrði eru ekki sem hagstæðust, er ævinlega mikil hætta á því, að sigling stórra skipa um hafnarmynnið geti farið á annan veg en ætti að ske, og ef illa tækist til, þá er það vel hugsanlegur möguleiki, að skip strandi í hafnarmynninu og loki þar með siglingu um höfnina gersamlega. Þess vegna er ekki hægt að una við það öryggisleysi, sem af þessu skapast, og dýpkun á innsiglingu hafnarinnar verður ekki frestað öllu lengur.

En dýpkunin heimtar meiri framkvæmdir, því að hafnargarðshausarnir eru í nokkurri hættu, ef dýpkunin fer svo nálægt þeim, sem hún verður að gera, þannig að til öryggis hafnargörðunum verður að ramma af hafnargarðshausana með stálþiljum, til þess að það sé öruggt, að þeir laskist ekki við frekari dýpkun á innsiglingunni.

Þriðja stórverkefnið, sem liggur fyrir í Vestmannaeyjahöfn, er að þilja með járnþili fyrir sanduppmoksturinn úr hinni svonefndu Friðarhöfn, sem er innst í höfninni, þar sem fer fram hér um bil öll afgreiðsla vöruflutningaskipa, og það er sömuleiðis kostnaðarsöm framkvæmd.

Nú stendur hins vegar svo á, að Vestmannaeyjahöfn hefur ekki fjárráð til þess að hrinda í framkvæmd þessum nauðsynlegu framkvæmdum nema með stórkostlegum lántökum eða fjárveitingum úr ríkissjóði. Á fjárhagsáætlun hafnarinnar, sem gerð hefur verið og er samþykkt við fyrri umr. í bæjarstjórn Vestmannaeyja og ekki hefur komið fram neinn ágreiningur um, er gert ráð fyrir því, að þessar framkvæmdir allar verði hafnar þegar á árinu 1954, og hefur hafnarnefndin áætlað, að hún þurfi til þess á að halda lántöku, sem nemi nokkuð á fjórðu milljón króna. Það er hins vegar algerlega óvíst, hvort slíkt lán fæst, og í öðru lagi verður það að teljast heldur óeðlilegt, að ríkissjóður hlaði öllum kostnaðinum eða öllum meginþunga kostnaðarins af hafnargerðinni í Vestmannaeyjum á þá tæplega 4 þúsund íbúa, sem búa á þessum stað, þar sem um er að ræða stórkostlega aukningu á þeim verðmætum, sem ríkissjóður á, sem eru Vestmannaeyjar, en ríkissjóður er eigandi Vestmannaeyja. Ríkið býr hins vegar nú við svo rúman fjárhag, að á árinu 1953 varð tekjuafgangur hjá ríkissjóði, sem nemur tugum milljóna. Ég er þess ekki umkominn á þessari stundu að segja, hve mikill hann er, en líklegt er, að hann nemi 60—70 milljónum. Það er þess vegna ekki fram á stórt farið, þó að Alþingi ályktaði að skora á ríkisstj. að verja 3 millj. af þessum tekjuafgangi ársins 1953 til hafnargerðarinnar í Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjahöfn hefur löngum notið lægra framlags úr ríkissjóði en eðlilegt hefði verið, þegar tekið er tillit til allra aðstæðna; í fyrsta lagi til þeirra aðstæðna, að Vestmannaeyjahöfn hefur stórkostlegu hlutverki að gegna í framleiðslukerfi þjóðarinnar, í öðru lagi, að Vestmannaeyingar eru landsetar ríkisins og greiða ríkissjóði árlega stórar fúlgur fjár í leigur af lóðum sínum og lendum, og í þriðja lagi er það alveg augljóst mál, að engar framkvæmdir eru þær til á Íslandi, sem gefa betri arð fyrir hinn íslenzka þjóðarbúskap heldur en það, sem lagt er í sjávarútveginn og aðhlynningu hans — einmitt í Vestmannaeyjum.

Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem fara með stjórnvöl landsins, hafi orðið varir við það, að nú leitar fiskiskipafloti landsmanna hvað örast til Vestmannaeyja og flotaaukningin þar er meiri en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Nú í vetur má gera ráð fyrir því, að um 80 vélbátar verði gerðir út frá Vestmannaeyjum, og þó er vitað, að Vestmannaeyingar eiga marga vélbáta í smíðum, sem því miður verða ekki tilbúnir á þessa vertíð, svo að á vertíð árið 1955 er alveg fullvíst, svo framarlega sem sæmilega gengur á þessari vertíð, sem nú er byrjuð, að fiskiskipafloti Vestmannaeyinga nemur allt fram undir 100 fiskibátum, en til þess að hann geti allur rúmazt í höfninni og til þess að hann geti gengið greiðlega sinna erinda, geti afskipað farmi sínum o. s. frv., þá verða stórkostlegar umbætur að fara fram á höfninni, og því er hér lagt til, að ríkið hlaupi undir bagga til þess að tryggja það, að framkvæmdir geti gengið vel og greiðlega við Vestmannaeyjahöfn.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. gera það að till. minni, að málinu verði vísað til síðari umr. og til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 17. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 13. Notkun fjár í kosningum.

Á deildafundum 12. febr. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um takmörkun á heimild stjórnmálaflokka til þess að nota fé í sambandi við kosningar og kosningaundirbúning* [138. mál] (A. 360).

Á 33. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Um það getur varla verið ágreiningur meðal þeirra,

sem á annað borð aðhyllast grundvallaratriði lýðræðis og frjálsra kosninga, að ekkert vald má hafa nokkur áhrif á úrslit kosninga, t. d. hvorki stjórnvald né hervald. Það er einn hornsteinn lýðræðisstjórnarfars, að kjósendur myndi sér skoðanir sínar á grundvelli frjálsrar hugsunar og frjálsrar íhugunar á málavöxtum, að engin tilraun sé gerð með nokkurs konar valdbeitingu, hvorki til þess að trufla dómgreind þeirra né heldur til þess að koma í veg fyrir, að þeir greiði atkvæði í samræmi við niðurstöðu sína. Í sambandi við þessi augljósu grundvallaratriði er þó ýmislegs að gæta. Getur verið vandi að draga með réttum hætti þær markalínur, sem við skal miða, þ. e. a. s., það getur verið vandi að kveða á um, hvort og hvenær sé um valdbeitingu að ræða.

Í því sambandi þarf að greina á milli tvenns konar vandamála. Í fyrsta lagi: Hvers konar þjóðfélagsvaldi á að meina afskipti af kosningum? Og í öðru lagi: Hvar á að draga markalínuna milli þess, sem þjóðfélagsstofnuninni er heimilt í afskiptum af kosningum, og hins, sem telja má óheimilt? Eða m. ö. o.: Hvað á að telja valdbeitingu? Ég ætla að ræða fyrra atriðið fyrst.

Lýðræðissinnar eru auðvitað sammála um, að ríkisvaldið má ekki beita hinu mikla áhrifavaldi sínu í þágu einnar stefnu eða gegn annarri. Lögregla má ekki láta kosningar til sín taka. Ríkisútvarpið má ekki styðja einn, en beita sér gegn öðrum. Þar, sem um hervald er að ræða, má það ekki minna á mátt sinn né beita honum. Um þetta eru allir lýðræðissinnaðir menn sammála. En til er fleira vald en ríkisvald og hervald. Yfirráð yfir miklu fé er líka mikið vald. Og nú er spurningin: Má slíkt peningavald láta til sín taka í kosningum? Mega þeir, sem hafa mikil fjárráð, taka sig saman um að beita valdi auðs síns til þess að reyna að hafa áhrif á niðurstöður kosninga?

Af hverju teljum við forráðamenn skóla ekki mega hagnýta þá aðstöðu sína til þess að móta stjórnmálaskoðanir nemenda sinna? Af því að þeim hefur verið fengin forstaða skólanna til þess að fræða nemendur sína um staðreyndir og til þess að reyna að stuðla að því, að þeir verði hamingjusamir menn og nýtir borgarar. Það væri misnotkun á valdi, ef þeir notuðu aðstöðu sína til þess að hafa áhrif á það, hvernig landinu er stjórnað. Af hverju teljum við her eða lögreglu ekki mega beita valdi sínu til þess að skipta sér af kosningum? Af því að hernum og lögreglunni hefur verið komið á fót til þess að annast landvarnir og löggæzlu og það væri misnotkun á því valdi, sem slíkum störfum hlýtur að vera samfara, ef því væri beitt til þess að móta kosningaúrslit, því að þau grundvölluðust þá ekki á frjálsri íhugun og mati á hagsmunum og hugsjónum, heldur á hlýðnisafstöðu við vald eða ótta.

En hvað er þá að segja um kosningaafskipti þeirra, sem fara með mikið fjárhagsvald, eiga mikla fjármuni, stjórna stórum fyrirtækjum? Allt fjárhagsvald grundvallast í raun og veru á þjóðfélagsskipuninni. Auðmenn eiga í raun réttri auð sinn undir þjóðfélagsvaldinu, undir þjóðinni sjálfri, því að hún gæti á lýðræðislegan hátt tekið upp þá þjóðfélagsskipun, þar sem ekki væri rúm fyrir auðmenn eða verulegt peningavald í höndum einstaklinga. En fyrst þjóðin fellst á mikið fjárhagsvald í höndum einstaklinga, liggja auðvitað til þess ástæður. Rökin fyrir því eru talin þau, að slíkt tryggi betur hagkvæma stjórn á framleiðslunni, tryggi betur framtakssemi og hugkvæmni á því sviði. Frá þjóðfélagslegu sjónarmiði er hér um að ræða þjóðfélagsstofnun, rétt eins og ríkisvald, lögreglu, hervald, skóla o. s. frv., stofnun, sem menn getur greint á um, hvort sé nauðsynleg eða ónauðsynleg, æskileg eða óæskileg. En um það getur ekki verið ágreiningur, að henni fylgir vald, sem nota má til annars en nauðsyn hennar er rökstudd með, þ. e. a. s. vald, sem má misnota. Hér vaknar þá spurningin: Er það ekki misnotkun á aðstöðu, er þeir, sem fara með fjárhagsvald í þjóðfélaginu, beita því til þess að hafa áhrif á kosningar, til þess að hafa áhrif á það, hvernig landinu er stjórnað?

Við erum sammála um, að tvær skoðanir standa ekki jafnt að vígi, ef önnur nýtur stuðnings ríkisvaldsins, en hin ekki, ef önnur nýtur stuðnings útvarps eða skóla, en hin ekki, ef önnur nýtur stuðnings hers eða lögreglu, en hin ekki. En standa þær jafnt að vígi, ef peningavaldið í þjóðfélaginu styður aðra þeirra gegn hinni? Er ekki einum hornsteininum kippt undan lýðræðisbyggingunni, ef sterkt fjárhagsvald tekur að styðja eina skoðun eða einn flokk, rétt eins og honum væri kippt undan henni, ef ríkisvald, lögregla, útvarp, skólar færu að styðja eina skoðun eða einn flokk? Það er auðvitað ekki tryggt, að atkvæði kjósenda falli fyrst og fremst í samræmi við mat þeirra sjálfra á málavöxtum, ef ríkisvald, lögregla eða útvarp létu kosningar til sín taka. En er það ekki jafnótryggt, að atkvæði falli í samræmi við mat kjósenda á málavöxtum, ef sterkt peningavald fær óátalið að láta kosningar til sín taka?

Ég lít því þannig á, að sams konar rök og liggja til þess, að ríkisvald og lögregluvald fái ekki að hafa bein afskipti af kosningum, liggi einnig til hins, að peningavald megi ekki heldur hafa afskipti af kosningum. Kjósandinn er þá ekki óháður. Hann er í rauninni ekki frjáls, ef eitthvert sterkt vald fær aðstöðu til þess að hafa áhrif á hann. Þær meginstefnur, sem valið er á milli, standa ekki jafnt að vígi, ef eitthvert sterkt vald tekur eina þeirra eða einhverjar upp á arma sína. Það er því í raun og veru lýðræðisleg nauðsyn að hindra það, að nokkurt sterkt þjóðfélagsvald geti beitt sér í kosningum, peningavald ekki síður en annað vald.

Þá kemur að síðara vandamálinu, sem um er að ræða. Þótt við yrðum sammála um, að beiting ýmiss konar valds í kosningum skuli hindruð, þá er eftir að draga þá markalínu, sem tákna skal, hvað telja skuli valdbeitingu eða misbeitingu valds. Við erum sammála um, að ríkisvaldið sjálft eigi ekki að hafa afskipti af kosningum. En hvenær hefur það afskipti af kosningum? Hvaða ráðstafanir þess eiga að

*Flm. (Pétur Ottesen):* Mér er eðlilega ákaflega ljúft að upplýsa það, sem hv. 1. þm. Eyf. og — að ég ætla — formaður allshn. fór fram á. Till. er alveg skýlaust orðuð þannig eins og meiningin er, að Íslendingar krefjist fulls réttar yfir Grænlandi, svo að á því er ekki neinn vafi. Og út frá því vænti ég, að hv. allshn., ef málinu verður nú vísað til hennar, meðhöndli till. Það er alveg skýlaust, að ég ætla, að að því er stefnt.

Ég skal svo í þessu sambandi, — þó að mér þyki ekki ástæða til hér á þessu stigi að fara að ræða það sérstaklega, — benda hv. form. allshn. og nm. og öðrum á þau rök, sem fyrir liggja um þann rétt, sem þessi krafa er byggð á. Það er að vísu alkunnugt, að það hafa komið hér fram nokkuð mismunandi skoðanir um þetta efni og nokkuð gagnstæðar, en því flyt ég till. hér nú, eins og ég hef oft áður gert, að sá réttur stendur skýlaus í mínum huga, að Íslendingar hafi kröfu til þess, að þetta verði gert. Og ég álít, að Grænlendingum sé miklu hagkvæmara, miðað við þá stjórnarhætti, sem Danir hafa haft á Grænlandi nú um aldir, að komast í samband við Íslendinga. Það er áreiðanlegt, að Íslendingar skilja þeirra þarfir og aðstöðu miklu betur en reynslan hefur sýnt um Dani, enda er það svo, eins og hv. 1. þm. Eyf. benti á, að þeir eru að uppruna til miklu skyldari Íslendingum en Dönum og mótaðir af umhverfi, sem er ólíkt flatneskjunni í Danmörku, þó að máske einhver blöndun sé nú orðin á þessum kynstofni við langvarandi veru Dana að undanförnu í Grænlandi.

Ég vil svo í sambandi við það, sem hér hefur komið fram hjá hv. þm., að réttara mundi vera að vísa þessu máli til utanrmn., benda á það, að þegar þetta mál hefur verið lagt hér fyrir áður, þá hefur ýmist verið gert að vísa því til utanrmn. eða allshn. En það hefur komið fram hjá utanrmn. í sambandi við meðferð þessa máls og raunar líka á öðru sviði, að utanrmn. lítur yfirleitt þannig á sitt starf, að hún sé ríkisstj. til aðstoðar á milli þinga, frekar en það að hún meðhöndli mál og afgreiði á Alþingi með svipuðum hætti og aðrar nefndir gera. Og þá reynslu hef ég í þessu máli fullkomlega fengið af starfi utanrmn. Þess vegna er það með það í huga að fá þessa till. nú afgreidda, sem ég geri það nú að minni till., að henni verði vísað til allshn., því að þessum málum er nú þannig komið, eins og ég gerði grein fyrir í minni stuttu ræðu áðan og einnig er nokkuð vikið að í grg., að Alþ. kemst ekki hjá því lengur að taka ákvörðun um það, hvort þessari kröfu verður framfylgt eða ekki. Það liggja fyrir óleyst verkefni í sambandi við hagnýtingu náttúrugæða á Grænlandi, sem ekki verða leyst öðruvísi en að Ísland komi þar að sem nauðsynlegur og óhjákvæmilegur aðili. Hins vegar kemur að sjálfsögðu ekki til mála fyrir Íslendinga, fyrr en þeir eru búnir að gera það upp við sig, hvort þeir ætla að gera alvöru úr því að halda fram þessari kröfu sinni, en þess er að vænta, að þeir reynist þar skeleggir, þegar til kastanna kemur, að fara að semja við Dani um afnot af landi voru í þeirra þágu í sambandi við Grænland. Það er vitanlega ógerningur að sporna við því lengur, að náttúruauðæfi Grænlands verði nýtt og notuð og að Ísland inni af hendi það hlutverk, sem á því kemur til með að hvíla í sambandi við þá framkvæmd, — það er nógu lengi búið að láta Grænland vera undir hespu og lás og svipta þjóðirnar afnotum þeirra hagsmuna, sem þar er um að ræða. Lengur hlítir það ekki, enda er nú Dönum orðið það ljóst, og það örlar loksins á viðleitni til ýmissa framkvæmda í því efni.

Þetta Alþ. verður því að taka um það ákvörðun á annan hvorn veginn: Ætlar það að halda fram þessari kröfu sinni, eða ætlar það ekki að gera það? Mun ég ganga fast eftir því og leggja á það mikla áherzlu, að úr þessu fáist nú skorið á Alþingi því, er nú situr, og ég veit það, ef málið fer til allshn., að form. hennar muni sjá alveg fullkomlega nauðsyn þess, að úr þessu verði skorið, og beita sér fyrir því, að málið komi aftur inn í þingið og að um þetta verði gerð þingleg ályktun. Ég held þess vegna fast við þá till. mína, með skírskotun til þess, sem ég nú hef sagt, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

*Gísli Jónsson:* Herra forseti. Það var nú ekki efnislega um till. Ég hef hlustað með mikilli athygli á hina skörulegu ræðu hv. frsm. og þau föstu rök, sem hann hefur fært fyrir máli sínu, en ég vildi frekar ræða um það, til hvorrar nefndar þetta mál á að fara.

Mér finnst nú vera dálítið einkennilegt, að hæstv. forseti skuli hafa aðeins ákveðið eina umr. um þessa till. Í till. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef danska stj. fellst ekki á þá kröfu, lýsir Alþ. yfir þeim vilja sínum, að leitað verði um málið úrskurðar alþjóðadómstólsins í Haag.“

Þetta ákvæði till., ef því verður ekki breytt, hlýtur að hafa stórkostleg fjárútgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Þess vegna finnst mér, að till. eigi heima í fjvn., nema því aðeins, að hv. flm. hugsi sér, að það sé borin fram ný þáltill. um það, að málið sé lagt fyrir alþjóðadómstólinn í Haag, sem ég sé ekki að sé ástæða til, ef till. verður samþykkt. En tvímælalaust hefur þá till. mjög mikil útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóðinn, svo framarlega sem ekki er gengið að kröfum Íslendinga. Það er alveg sýnilegt. Ég fellst hins vegar fullkomlega á þau rök hjá hv. flm., að það sé rangt að senda till. til hv. utanrmn. Við höfum fengið á því reynslu, byggða á þeim ummælum, sem hv. frsm. hélt fram, — m. a. hef ég persónulega fengið af því einnig reynslu, — að mál, sem vísað var til hv. utanrmn. og átti að afgreiðast þar, varð sama sem að vísa til hæstv. ríkisstj. og hefur aldrei verið afgreitt. Þess vegna er ég mjög samþykkur því, sem hv. flm. segir, að þangað eigi till. ekki að fara. Ég vil hins vegar gera það að till. minni, að málinu verði vísað til hv. fjvn., með tilvísun til þess, sem ég hef hér sagt, og vænti ég þá, að hv. formaður hafi allt vald á því, að málið verði afgreitt, eins og hann á kröfu á, á þessu Alþingi.

*Forseti (JörB):* Ég vil taka það fram út af ummælum hv. þm. Barð. vegna kostnaðar þess, er kynni að leiða af meðferð þessa máls, að ég bjóst ekki við því, að sá hraði yrði á þessu máli, að næsta Alþ. mundi ekki vera komið saman, áður en til þess kæmi að vísa málinu til alþjóðadómstólsins í Haag. Ég bjóst við, að þó að hæstv. ríkisstj. fengi málið nú til meðferðar og hún leitaði samninga við ríkisstjórn Danmerkur, þá mundi ekki meira en svo vera fengin afgreiðsla á því, þegar næsta Alþ. kemur saman, og væri þá hægur hjá að leita heimildar fyrir þeim greiðslum, sem kunna að verða af frekari meðferð málsins, og af þessum ástæðum var það, að ein umr. aðeins var ákveðin.

*Bernharð Stefánsson:* Herra forseti. Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. flm. þessarar till., þm. Borgf., að utanrmn. sé einkum ætluð til þess og næstum eingöngu að vera ráðunautur stjórnarinnar á milli þinga. Við munum báðir ósköp vel eftir því, að mikilsverðum utanríkismálum, sem þingið hefur haft til afgreiðslu, hefur verið vísað til utanrmn., og ég man eftir málum, sem hafa fengið þar skjóta afgreiðslu. Og ef slíkt mál sem þetta, að gera kröfu til heils lands og það stórs lands, er ekki utanríkismál, þá veit ég ekki, hvað utanríkismál er, og ef þessi rök þeirra hv. þm. Borgf. og hv. þm. Barð. eru rétt, að það sé sama og að drepa mál að vísa því til utanrmn., ja, þá vildi ég segja það, að ég veit þá ekki, hvað hún hefur að gera. Það er þá bezt að leggja hana niður. Mér finnst alveg sjálfsagt mál, ef mín till. um að vísa þessu máli til utanrmn. verður annaðhvort felld eða kemur ekki til atkv., vegna þess að búið er að samþ. aðra áður, að þeir, sem að því standa, beri þegar í stað fram frv. til l. um breytingu á þingsköpunum og afnemi utanrmn. Hún hefur ekkert að gera, ef ekki má vísa svona máli til hennar, — ja, það væri þá helzt þetta á milli þinga, en ætli þessi n. sé þá miklu betri á milli þinga heldur en á þinginu? Ég skil ekki í því. Ég hygg, að það séu allt valinkunnir ágætismenn í utanrmn., og ég skil ekki, að það sé einhver hætta á ferðum að vísa mikilsverðu utanríkismáli til þeirrar n., sem um utanríkismál á að fjalla.

Ég held, að það sé líka misminni hjá hv. þm. Borgf., að þessu máli hafi áður verið vísað til allshn. Ætli það hafi ekki verið í d., áður en utanrmn. Sþ. varð til? (Gripið fram í.) Þetta kann að vera, en rangt hefur það þó verið, því að það nær auðvitað ekki nokkurri átt að vísa svona till. til allshn. og þaðan af síður til fjvn., þó að það gætu heyrt undir hana afleiðingarnar af þessari till., því að það mundi nú sennilega verða töluverður kostnaðurinn við að sækja málið fyrir Haagdómstólnum. Auk þess hef ég nú heyrt frá allgóðum heimildum, að það séu nokkrir tugir milljóna, sem ríkissjóður Dana kostar til Grænlands árlega. (Gripið fram í.) Jæja, ég þekki það nú ekki, ég hef ekki verið þar. Hitt veit ég með góðum heimildum, að það kostar ríkissjóð Dana milljónatugi árlega nú orðið að ráða yfir Grænlandi, og þegar að því kæmi, þá heyrði slíkt auðvitað undir fjvn. En núna á þessu stigi sé ég ekki, hvað fjvn. á að gera með þetta mál, og allshn. ekki heldur. Það á hvergi annars staðar að vera en í utanrmn. Vona ég, að hæstv. forseti úrskurði það þannig að bera þá till. fyrst upp.

*Flm. (Pétur Ottesen):* Mér þykir nú mjög miður og leiðinlegt, hvað hv. 1. þm. Eyf. leggur á það mikið kapp að losa sig við beina þátttöku í afgreiðslu þessa máls í n. Ég hefði talið málið svona að óreyndu mjög vel komið í þeirri n., sem hann er formaður í. Hann er kunnur að því að vinna vel að málum hér í þingi, og mundi hann að sjálfsögðu, þegar um slíkt stórmál er að ræða eins og þetta, ekki draga af sér við afgreiðslu þess. Ég gerði grein fyrir því áðan, að reynslan hefði sýnt það, að utanrmn. hefur á undanförnum árum verið óvirk í því að afgreiða mál hér í þinginu, sem til hennar hefur verið vísað. Hún hefur litið þannig á sín störf, að hún væri fyrst og fremst og aðallega til þess til orðin að vinna með ríkisstj. á milli þinga. Ég dreg hér því eðlilegar og réttar ályktanir af þeirri reynslu, sem fengizt hefur á undanförnum árum um starfsemi þessarar n. hér í þinginu, og að því leyti þarf hv. þm. ekki að vera neitt að tala um það að drepa þessa n., því að hún er sjálfdauð fyrir löngu að því er snertir afgreiðslu mála í sölum Alþingis, þó að hún sé hins vegar vel lifandi og á verði með ríkisstj. um meðferð utanríkismála utan þings eða á milli þinga. Ég dreg þess vegna réttar ályktanir af því, hvernig þessari starfsemi hefur verið hagað að undanförnu, og ég get ekki trúað, að nokkur maður geti fellt áfellisdóm yfir mér fyrir að vilja vísa þessu máli til n., sem er lifandi í starfinu, en forðast þá n., sem dauð hönd athafnaleysisins hefur hvílt yfir að undanförnu innan þings. Ég vænti þess vegna og veit, að hv. alþm. skilja vel þessa afstöðu mína, að ég vil koma málinu til þeirrar n., sem er líklegust til skjótrar afgreiðslu málsins, en ekki fara að gera till. um eða stuðla að því, að henni verði steypt hér í þinginu í neinn drekkingarhyl. Það er lifið, en ekki dauðinn, sem ég kýs þessu máli eins og öllum málum, sem ég vil beita mér fyrir.

Um kostnaðarhlið þessa máls, þá held ég, að hæstv. forseti hafi nú gert alveg fullnægjandi grein fyrir því, að það muni á öðrum vettvangi verða séð fyrir þeirri hlið málsins, þegar þar að kemur. Till. er byggð upp á því, eins og hann skýrði alveg réttilega, að áður en málinu yrði vísað til úrskurðar í alþjóðadómstóli, verði leitað samninga við þann aðilann, sem nú hefur í sínum höndum yfirráðin í Grænlandi, og þess vegna mundi gefast nóg tóm fyrir Alþingi til þess á þinglegan hátt að afgreiða þau fjárframlög, sem þyrfti til sóknar í þessu máli.

En af því að hér hefur nokkuð verið að því vikið, að hér mundi ef til vill vera stofnað til nokkuð mikils kostnaðar, — og það má vel vera, — en ég ætla, að hér sé til mikils að vinna. Og ég vil á það benda, að ekki horfðu

Norðmenn í kostnaðinn af því að búa vel í haginn fyrir sjálfa sig og eyða miklu til rannsókna, þegar þeir voru að afla gagna undir þá réttarstöðu, sem þeir töldu sig hafa til þess að ákveða 4 mílna landhelgi við Noreg. Og ég hugsa, að þeir líti svo á, Norðmenn, að þeim kostnaði, sem þeir lögðu í í því sambandi, hafi ekki verið á glæ kastað fyrir Noreg. Það hafa fleiri notið góðs af því, að Norðmenn horfðu ekki í þennan kostnað, því að ef dómur Haagdómstólsins hefði ekki fallið á þá lund, þá er ekki víst, að við Íslendingar stæðum í þeim sporum, sem við stöndum nú í um útfærslu landhelgi okkar. Við höfum að vísu fengið þetta kostnaðarlaust. En Íslendingar eru ekkert of góðir til þess frekar en aðrir að bera kostnað af þeim framfara- og hagsmunamálum, sem þeir vilja beita sér fyrir á hverjum tíma. Og þeir eru menn til þess að gera það, þannig að það er alveg ástæðulaust að vera að mála hér á vegginn kostnaðargrýlu í sambandi við þetta mál. Það mun reynslan á komandi tímum og komandi árum og áratugum sanna, að rétt sé hermt hjá mér.

*Bernharð Stefánsson:* Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að halda ræðu, heldur aðeins benda á, að í 16. gr. þingskapa stendur: „Til utanrmn. skal vísað utanríkismálum.“ Og svo kemur: „Utanrmn. kýs úr sínum hópi með hlutfallskosningu þrjá menn til ráðuneytis ríkisstj. um utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma.“ M. ö. o., þingsköpin fyrirskipa það beinlínis, að utanríkismálum, sem þingið fjallar um, sé vísað til utanrmn. Ég vona, að hæstv. forseti, að svo miklu leyti sem hann fær við gert, fari eftir þingsköpum.

*Forseti (JörB):* Það hefur komið fram uppástunga um að fresta þessari umr. og vísa málinu til n., og mun ég leita atkvæða um það. Hv. flm. þáltill. gerði uppástungu um að vísa málinu til allshn. Þá hefur komið fram till. frá hv. 1. þm. Eyf. um að vísa því til utanrmn. og loks kom uppástunga fram um að vísa málinu til fjvn., frá hv. þm. Barð. (Gripið fram í.) Nú greinir menn mjög á, hvort heimilt muni vera samkv. þingsköpum að vísa þessu máli til allshn., sakir þess að þingsköp mæla svo fyrir, að utanríkismálum skuli vísað til utanrmn., og það er vitaskuld rétt hermt, og ekki mun hægt að bera á móti því, að þetta er utanríkismál, sem hér er um að ræða. Skilst mér nú reyndar eftir eðli málsins, að réttast væri máske að vísa málinu til utanrmn. En þar sem hv. þm. hafa nú heyrt þær röksemdir, sem færðar hafa verið fram með og móti, til hvaða n. málið heyrir, þá vil ég nú helzt ekki grípa til úrskurðar um slíkt efni, heldur úrskurði hv. þm. það sjálfir með sínu atkvæði, til hvaða n. málinu skuli vísað, því að svo hefur það og verið löngum, að allshn. bæði í Sþ. og í deildum hefur haft margvísleg málefni til meðferðar, og ekki ljóst ætíð, undir hvaða málaflokk hin einstöku mál heyra. Þess vegna getur menn auðveldlega greint á um það, hvað réttast er. En ég ætla nú, að það þurfi ekki að koma að sök málefnisins vegna, til hvorrar n. málið fer, hvort það fer í allshn. eða í utanrmn., málið heyri nú undir aðra hvora þessa n., en síður fjvn., eins og ég hef áður gert grein fyrir. Þess vegna verður það borið undir atkv. Verða till. bornar upp í þeirri röð, sem þær hafa komið fram, og kemur þá fyrst uppástunga hv. flm. um, að málinu verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

*já:* EggÞ, EI, GilsG, GíslJ, GJóh, GÞG, HÁ, BFB, IngJ, KJJ, MJ, PO, SÁ, SG, SóÓ, BergS.

*nei:* EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, HV, HG, IngF, KGuðj, KK, PZ, PÞ, SkG, VH, AE, BSt.

JörB greiddi ekki atkv.

20 þm. (EOl, FRV, GÍG, GTh, HermJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, LJóh, LJós, ÓTh, SB, StgrSt, ÁB, BBen, BÓ, BrB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

*Gísli Jónsson:* Herra forseti. Ég álít, að eftir að hæstv. forseti lýsti þingsköpum, þá hafi borið skylda til þess að bera fyrst upp að vísa málinu til utanrmn. Ég hef sjálfur borið fram till. um að vísa málinu til hv. fjvn., tek hana hér með aftur og segi já við því, að till. sé send til allshn.

*Jörundur Brynjólfsson:* Ég hef áður látið í ljós um eðli málsins, að það er í raun og veru utanríkismál, þó að vera kunni, að sitthvað mæli með, að hv. allshn. fengi það til meðferðar, og þar sem ég áður hafði látið í ljós, að hv. þm. gætu ákvarðað með atkvgr., til hvorrar n. málið fer, þá vil ég nú ekki grípa inn í þeirra dóm og greiði þess vegna ekki atkvæði.

Umr. frestað.

Nefndaráliti frá allshn., á þskj. 756, var útbýtt 9. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 15. Bátagjaldeyrir (till. KGuðj).

Á deildafundum 26. febr. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um skil bátagjaldeyriságóða til hlutarsjómanna* [152. mál] (A. 393).

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 10. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

*Flm. (Karl Guðjónsson):* Herra forseti. Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir dálítið óvenjulegri fyrirgreiðslu ríkisins um kaupgjaldsmál, enda er allur aðdragandi

málsins nokkuð sérstæður og þáttur ríkisvaldsins í málinu með öllu einstæður.

Till. kveður svo á, að ríkisstj. taki að sér að koma tilteknum vangoldnum kaupgreiðslum til skila, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, úr því sem komið er. Þetta vangoldna kaup er hluti af þeirri verðhækkun á fiski, sem bátagjaldeyrisfyrirkomulagið skapaði. Sjómenn hafa sem sagt ekki fengið sama verð fyrir sinn aflahlut og skipaeigendur hafa fengið, og til þess að þetta mætti verða, hafa verið farnar hinar furðulegustu krókaleiðir, og að því er bezt verður séð, hefur ríkisstj., þ. e. a. s. fyrrv. ríkisstj., lagt sig mjög í framkróka, til þess að takast mætti að hlunnfara sjómenn.

Árangurinn af þessari stefnu blasir svo við augum: Sjómenn hafa sætt öðru og verra verðlagi fyrir sinn fisk en útgerðarmenn fengu s. l. þrjú ár, 1951, 1952 og 1953, en þar með er ekki sögð nema önnur hlið málsins. Þar er aðeins talið tjón sjómannanna. Bein afleiðing af þessu er svo sú, að sjómennirnir finna starf sitt ekki einasta vanborgað, heldur líka vanmetið og beinlínis óvirt, og það er vissulega rökrétt ályktun. Enginn sækist að öðru jöfnu eftir því að leysa fremur af hendi þau störf, sem litin eru með vanþóknun, og þeim mun síður þegar þar er um að ræða erfiði og áhættur meiri en almennt gerist.

Forsaga málsins er rakin allýtarlega í grg. till., sem fyrir liggur á þskj. 393, en þó ég ekki látið hjá líða að rifja hér upp stærstu atriðin.

Það er þá fyrst mála, að seint á árinu 1949 og í ársbyrjun 1950 framkvæmdi ríkisstj. stórfelldar breytingar á gengi íslenzkrar krónu. Þessar ráðstafanir mæltust mjög illa fyrir hjá almenningi og launþegum yfirleitt, en þær voru réttlættar af ríkisstj. og sérfræðingum hennar með því, að þær væru nauðsynleg ráðstöfun til þess að hleypa lífi í atvinnuvegina og þá fyrst og fremst í sjávarútveginn, sem þá var allaðþrengdur. Menn voru beðnir um að sætta sig við nokkra kjararýrnun, til þess að þjóðinni mætti takast að eignast atvinnuvegi, sem gætu staðið með blóma, og einkum var vitnað í það, að sjávarútvegurinn hlyti að taka mikinn fjörkipp við þessar ráðstafanir.

En ári síðar, eða í ársbyrjun 1951, stendur ríkisstj. frammi fyrir þeim vanda, að útgerðarvörur hafa hækkað svo í verði, að útvegsmenn sjá sér ekki fært að hefja vertíðarveiðar með eðlilegum hætti. Þeir gerðu kröfur um hærra fiskverð og beina kröfum sínum fyrst og fremst til ríkisstj. En þetta var ekki einasta vandamál fyrir ríkisstj. Þetta var einnig feimnismál fyrir hana, því að með þessari staðreynd lá það ljóst fyrir, að hrundar voru til grunna þær röksemdir, sem hún hafði fært fram fyrir þeirri stórkostlegu aðgerð að fella íslenzkt gengi, eins og gert var og áður er fram tekið. Þess vegna reyndi ríkisstj. í allri sinni glímu við þennan vanda að fara með málið eins dult og vera mátti. Hún reyndi að vísu að koma bátaútveginum af stað, en hún gerði það ekki með þeim eðlilegu vinnubrögðum að leita samninga við alla aðila, sem þar áttu hlut að máli, eða með opinberum stjórnarráðstöfunum, sem væru gerðar í samráði við Alþingi og eftir lögum. Hún hélt fundi með sínum velþóknanlegu útgerðarklíkum og samdi þar um, að veiðar skyldu hefjast gegn því, að nýtt brask yrði sett á stofn í gjaldeyrisverzlun þjóðarinnar. Að fyrirmæli ríkisstj. voru síðan auglýstar sérstakar reglur um innflutning á tilteknum vörutegundum, sem greiða ætti af andvirði fiskafurða, og var síðan nánar tiltekið, með hverjum hætti sala á slíkum gjaldeyri ætti að fara fram, en sérstök álagning leyfð á þá gjaldeyrissölu. Reglurnar voru nefndar innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, en almennt hafa þær gengið undir nafninu bátagjaldeyrisreglur.

Hófust nú veiðarnar, og fiskverð var almennt útborgað fyrir árið 1951 með 96 aurum fyrir hvert kg af slægðum þorski með haus, og tilsvarandi verð var á öðrum fisktegundum.

Þegar árið var langt að því liðið, var alveg sýnilegt, að bátagjaldeyriságóðinn nam það háum upphæðum, að hægt var að hafa fiskverðið miklum mun hærra en þetta. Það voru fiskkaupmennirnir og aðallega hraðfrystihúsin, sem höfðu þennan gjaldeyri til meðferðar árið 1951, og gróði þeirra af honum og fiskverzluninni varð svo gífurlegur, að frystihúsin greiddu ótilkvödd út verðuppbót á þessa 96 aura, greiddu sem næst 10% verðuppbót, þannig að fiskverðið varð nálægt kr. 1.05 frá frystihúsunum. Sjómenn gerðu að sjálfsögðu kröfu til þess að fá sinn hluta af þessari aukningu á fiskverðinu, en útvegsmenn neituðu og gerðu það í fullu samræmi við fyrirskipanir Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem aftur naut fulltingis ríkisstj. til þess að halda þesum hlut fyrir sjómönnum. Síðan hefur þetta gengið með svipuðum hætti, 1952 og 1953, nema hvað nokkuð aðrar reglur hafa verið á hafðar í samskiptum útvegsmanna og fiskkaupenda um bátagjaldeyri og fiskverð tvö hin síðast töldu árin, en þá hefur fiskverðið verið ákveðið með þeim hætti, að hraðfrystihúsin hafa borgað út 1 kr. fyrir hvert fiskkíló. Útgerðarmenn hafa hins vegar látið fiskkaupendum eftir 55 hundraðshluta af gjaldeyrissölunni. Sjálfir hafa útvegsmenn borgað sjómönnum kr. 1.05 fyrir kg af fiskinum, en ráðstafað sjálfir 45 hundraðshlutum af gjaldeyrinum.

Það verður ekki fullkomlega séð, hverjar útkomur hafa orðið úr þessum verzlunarmáta, en vitað er þó, að útvegsmenn hafa yfirleitt fengið árin 1952 og 1953 kr. 1.18—1.25 fyrir fiskkílóið, og er þetta nokkuð breytilegt eftir því, hvert fiskurinn var seldur og um hvaða verkunaraðferðir á honum hefur verið að ræða hverju sinni. Engin verðjöfnun mun hafa farið fram á þessu.

Það voru að sjálfsögðu fullkomin afglöp af hendi ríkisstj. að ganga gersamlega fram hjá þeim aðilanum í landinu, sem er eigandi meira en þriðjungsins af öllum þeim afla, sem á land er dreginn af hálfu bátaútvegsins, þ. e. a. s. að ganga með öllu fram hjá sjómönnunum. Afleiðingin af því er svo sú, að útgerðarmenn, sem einir stóðu í sambandi við ríkisstj., töldu sig eina hafa ráðstöfunarrétt á þeim

teljast óheimil afskipti? Við erum sammála um, að það væri misbeiting valds, ef t. d. lögregla hefði í hótunum við menn, ef þeir greiddu ekki atkvæði á vissan hátt, eða ef útvarpið leyfði aðeins einum flokki að flytja mál sitt, eða ef atvinnurekandi skipaði starfsmanni að greiða atkvæði á ákveðinn hátt. Við erum einnig sammála um, að óheimilt skuli vera að bera á menn fé eða friðindi til þess að hafa áhrif á, hvernig þeir greiða atkvæði, enda er slíkt bannað í gildandi kosningalögum. Hvers vegna er bannað að bera fé á menn til þess að hafa áhrif á, hvernig þeir greiði atkvæði? Í fyrsta lagi af því, að þá er gerð tilraun til þess að koma því til leiðar, að þeir greiði atkvæði af öðrum ástæðum en á grundvelli íhugunar og eigin dómgreindar. Í öðru lagi af því, að þá er peningavaldi beitt til þess að hafa áhrif á niðurstöðu kosninga. En sé ástæða til þess að banna notkun fjár til þess að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu eins manns, eins kjósanda, er þá ekki líka ástæða til þess að banna tilraunir til notkunar fjár til þess að hafa áhrif á atkvæði þúsunda manna eða kjósendanna yfirleitt?

Enginn vafi getur leikið á því, að með notkun fjár má hafa áhrif á kjósendur í heild, einkum og sér í lagi eftir að nútíma áróðurstækni kom til skjalanna. Það er í sjálfu sér enginn eðlismunur á því að snúa sér að einstaklingi með fyrirheit um fjárgjafir eða hlunnindi, ef hann greiði atkvæði á vissan hátt, og hinu, að snúa sér til kjósenda í heild og bjóða þeim hlunnindi, sem aðeins verða veitt með fjármunum, ef þau eru ekki nauðsynlegur eða eðlilegur fylgifiskur viðleitni til þess að skýra málavexti og veita upplýsingar, eða að reyna á þann hátt að orka á tilfinningar kjósendanna og skoðanir þeirra. Hér getur verið erfitt að draga skynsamlega markalínu. Það getur verið erfitt að segja til um, hvenær verið er að skýra málavexti og hvenær verið er að reyna að lokka menn til fylgis við stefnu eða flokka, en sá vandi má ekki verða til þess, að markalínan sé alls ekki dregin. Það er líka erfitt að skýrgreina það ljóst, hvenær borið er fé á einstakling í kosningum í því skyni að fá hann til þess að greiða atkvæði á vissan hátt, en það er ekki látið valda því, að það sé látið undir höfuð leggjast að banna slíkt. Af hliðstæðum ástæðum má heldur ekki láta undir höfuð leggjast að banna óeðlilega og ónauðsynlega notkun fjár til þess að hafa áhrif á atkvæði kjósenda. Ef slíkt er látið óátalið, er ekki lengur tryggt, að það grundvallaratriði lýðræðis sé varðveitt, að kjósendur greiði atkvæði á grundvelli frjálsrar íhugunar og óháðs mats síns á staðreyndum. Fjárhagsvald einstaklinga, stofnana eða flokka hefur þá áhrif á niðurstöðu kosninganna.

Niðurstaða mín er því sú í fyrsta lagi, að ástæða sé til þess að reisa rönd við því, að peningavald geti haft áhrif á úrslit kosninga, af sömu ástæðu og ríkisvald, lögregluvald eða annað slíkt vald, sem þjóðfélagi er talið nauðsynlegt, er hindrað í því að beita áhrifum sínum í kosningum, það sé í rauninni ekki um fullkomið lýðræði að ræða, nema kjósendur geti greitt atkvæði sitt óháðir öllu þjóðfélagsvaldi, ríkisvaldi, lögregluvaldi, peningavaldi o. s. frv. Í öðru lagi er niðurstaða mín sú, að setja þurfi reglur um, hvað telja skuli misbeitingu peningavalds í sambandi við kosningar, og eigi þá grundvallarreglan að vera sú, að það skuli teljast misbeiting peningavalds, ef eytt er í kosningar eða kosningaundirbúning meira fé en teljast verður óhjákvæmilegt og eðlilegt til þess að aðstoða kjósendur við að mynda sér heilbrigða og óháða skoðun á málefnum þeim, sem máli skipta í kosningum.

Skoðanir þær, sem ég hef nú rakið, eru ekki nýjar af nálinni né heldur einkaskoðanir mínar. Hér er um að ræða mál, sem mikið hefur verið um hugsað og rætt meðal þroskaðra lýðræðisþjóða. Sökum þeirra erfiðleika, sem á því eru að forma þessar meginreglur í lagabókstaf, hafa þessi sjónarmið víðast að vissu marki orðið að kjarna óskráðra laga, þ. e. a. s. kjarna viðurkennds stjórnmálasiðferðis. Þannig er þessum málum t. d. háttað á Norðurlöndum, en þar er þó ávallt mjög um það rætt, hvert vera skuli innihald siðferðisreglnanna á þessu sviði og jafnvel hvort ekki skuli rétt að setja um þetta beinar lagareglur.

Þess má geta sem dæmis í þessu sambandi, að það vitnaðist einu sinni í Svíþjóð um forsætisráðherra, Ekman að nafni, að hann hafði þegið 50 þús. kr. styrk til kosningabaráttu sinnar frá þekktum iðjuhöldi. Hann varð þegar í stað að segja af sér og hverfa af vettvangi sænskra stjórnmála.

Í Noregi var nýlega komið á fót upplýsingastofnun um efnahagsmál. Libertas nefnist hún. Hún telur það hlutverk sitt að fræða almenning um efnahagsmál og leggur sérstaka áherzlu á að gylla fyrir almenningi kosti einkaframtaks og frjálsra viðskipta, en lýsa ókostum og göllum áætlunarbúskapar. Þessi stofnun gefur út mikinn fjölda áróðursrita um þessi efni og skipuleggur fyrirlestra og fundi, ekki hvað sízt þegar kosningar standa fyrir dyrum. Það er engin dul á það dregin, að norskir iðjuhöldar og fésýslumenn hafa komið þessari stofnun á fót og kosta hana. Um það er mjög rætt í Noregi, hvort það geti samrýmzt grundvallarreglum lýðræðis, að iðjuhöldar og fésýslumenn noti fé til slíkrar starfsemi, þar eð margir hafa talið sig geta fært sönnur á, að hér sé ekki um hlutlausa fræðslu að ræða, heldur áróður með vissum sjónarmiðum í efnahagsmálum, en á móti öðrum. Hefur það borið á góma í Noregi, hvort ekki sé rétt að reisa rönd við slíku með beinni lagasetningu.

Bretar eru kunnir að því að láta sér óskráð lög vel líka og treysta siðgæðisreglum og hagnýta þær sem lagabókstaf. Þau efni, sem hér er um að ræða, hafa þeir þó talið svo mikilvæg, að þeir hafa ekki viljað treysta á siðgæðishugmyndirnar einar saman, heldur sett mjög strangar reglur um þessi efni. Í Bretlandi gilda þau ákvæði, að réttur stjórnmálaflokka til þess að nota fé í kosningum er mjög takmarkaður. Í hverju einstöku kjördæmi mega stjórnmálaflokkarnir ekki nota hærri

fjárhæð alls en sem nemur ákveðinni pencetölu á hvern kjósanda á kjörskrá í allan kostnað sinn, t. d. til fundarhalda, áróðursrita, bifreiða o. s. frv. Eru flokkarnir og skyldir til þess að gera grein fyrir kostnaði sínum í hverju kjördæmi, ef eftir því er leitað.

Höfundar hinnar nýju þýzku stjórnarskrár, en hún er ein nýjasta og fullkomnasta stjórnarskrá, sem sett hefur verið, hafa gert sér ljóst, að þörf er ákvæða á þessu sviði, enda segir svo í henni:

„Stjórnmálaflokkarnir aðstoða þjóðina við að mynda sér stjórnmálaskoðanir. Frjálst er að mynda stjórnmálaflokka. Hið innra skipulag þeirra skal vera lýðræðislegt. Þeir skulu gera opinbera grein fyrir því, hvernig þeir afla sér fjár."

Gert er enn fremur ráð fyrir því, að sett verði lög með nánari ákvæðum um þessi atriði. Þau lög er að vísu ekki búið að setja enn, enda er stjórnarskráin ekki fimm ára gömul, en þau verða auðvitað sett á næstunni.

Það, sem ég hef nú sagt, ber vott um, að nágrannaþjóðirnar hafi augun opin fyrir því vandamáli, sem hér er á ferðinni. Okkur Íslendingum ber ekki síður að gefa þessu máli gaum og þeim mun frekar sem siðgæðishugmyndir okkar á þessu sviði virðast hafa verið og vera mun óþroskaðri en hjá nágrannaþjóðum okkar. Veldur það því, að okkur er enn ríkari nauðsyn en þeim að setja bein lagaákvæði um þessi efni.

Á síðari árum hefur kveðið æ meira að því, að miklu fé sé eytt í kosningar hér á landi. Sérstaklega hefur einn íslenzkur stjórnmálaflokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, ekki hikað við að nota mikið fé í sambandi við kosningar, fyrst og fremst til bifreiðanotkunar, en einnig til útgáfu dýrra áróðursrita, bréfasendinga, skemmtikrafta á samkomum, ókeypis skemmtana og verðlaunaveitinga. Um það er engin opinber vitneskja, hvernig fjár til þessarar dýru starfsemi er aflað, en svo mikil er hún orðin, að hún getur tæplega samrýmzt heilbrigðum lýðræðisháttum. Ef allir flokkar tækju að nota jafnmikið fé í sambandi við kosningar og Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert, t. d. í sambandi við síðustu alþingiskosningar og bæjarstjórnarkosningar, þá yrðu kosningar á Íslandi margra milljóna fyrirtæki. Og kosningarnar yrðu þá fyrst og fremst barátta milli kosningasjóða, en ekki milli ólíkra skoðana, hagsmuna eða hugsjóna. Um það getur varla verið ágreiningur, að til slíks megi ekki koma, ef varðveita á grundvallaratriði lýðræðis. Í kosningum á að berjast með rökum, en ekki með peningum. Og rökin eiga að ráða úrslitunum, en peningarnir ekki.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

---

Á 45. og 47. fundi í Sþ., 7. og 10. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 360, n. 503).

*Frsm. (Bernharð Stefánsson):* Herra forseti. Ég vil fyrst geta þess, að í nál. allshn. Sþ. á þskj. 503 hefur láðst að geta um það, að hv. 2. þm. Skagf. var veikur, þegar nefndin fjallaði um málið, og tók því engan þátt í afgreiðslu þess, þó að hann eigi sæti í nefndinni.

Allshn. hefur athugað þessa till., en hún er um það að skora á ríkisstj. að skipa 5 manna milliþn. eftir tilnefningu þingflokkanna til þess að gera till. um það, hvernig komið verði í veg fyrir misnotkun fjár í kosningum til Alþingis og til bæjar- og sveitarstjórna. Ég skal játa það, að nefndin ræddi ekki mjög mikið um málefni till. eða þann sérstaka tilgang, sem liggur til grundvallar henni. En nefndin fór aftur á móti fljótlega að ræða um það, að ekki væri vanþörf á að athuga viðtækari breytingar á kosningalögunum og enn fremur að það væri nauðsyn að taka kjördæmaskipun landsins til athugunar. Það er kunnugt, að það hafa starfað hér milliþn., sem hafa átt að semja frv. að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland, — ég man nú ekki, hvað þær nefndir eru orðnar margar, en allmargar eru þær, — en lítill árangur hefur af þessu orðið. Ég geri ráð fyrir, að það atriði, sem einna mest hefur strandað á, hafi einmitt verið kjördæmaskipunin, og þess vegna var það, að allshn. fannst rétt, að ef nefnd væri skipuð á annað borð til þess að athuga kosningalögin, annaðhvort í heild sinni eða einhverja þætti þeirra, þá væri henni einnig falið að athuga um kjördæmaskipun landsins, hvernig henni yrði bezt fyrir komið, því að ég hygg, að það verði ekki gott að aðskilja þessi tvö mál algerlega. Ég veit ekki, hvort það geta orðið samdar verulega róttækar breytingar á kosningalögunum út af fyrir sig, ef ekkert er rótað við kjördæmaskipuninni eða stjórnarskránni að því leyti.

Nú er það ekki svo, og það vil ég taka skýrt fram, að mér finnist sjálfum persónulega liggja svo mikið á nýrri stjórnarskrá, því að stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins er ákaflega svipuð stjórnarskrám annarra vestrænna lýðræðisþjóða, svo að mér finnst það ekki svo ákaflega nauðsynlegt, nema þá helzt að því er kjördæmaskipunina snertir. En hvað sem er um mitt álit, þá er það orðin almenn skoðun hjá þjóðinni, að það beri að setja nýja stjórnarskrá, og Alþingi hefur orðið fyrir miklu aðkasti út af því að vera ekki búið að því, og ég hef orðið var við það, að ýmsir menn í landinu og jafnvel menn, sem ekki eru beinlínis heimskir, standa í þeirri meiningu, að íslenzka lýðveldið hafi enga stjórnarskrá. Fleiri ríkisstjórnir hafa og lofað endurskoðun á stjórnarskránni. Af þessum ástæðum þótti okkur í allshn. rétt, að þetta erfiðasta atriði stjórnarskrármálsins yrði jafnframt tekið til athugunar í nefnd, sem skipuð væri til þess að endurskoða kosningalögin.

Við höfum því gert brtt. á þskj. 503, í fyrsta lagi um það að binda starf þessarar nefndar eingöngu við kosningar til Alþingis og athugun á kjördæmaskipuninni, en sleppa því, sem upprunalega stóð í till.: „kosningar til bæjar- og sveitarstjórna". Það er miklu einfaldara mál og mundi mjög fara eftir því, hvernig kosningar til Alþingis yrðu í einstökum atriðum.

Till. allshn. er því sú, eins og sést á þskj. 503, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að skipa eftir tilnefningu þingflokkanna 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og til þess að athuga og gera till. um kjördæmaskipunina, og fyrirsögn breytist svo samkvæmt því.

Samkvæmt orðalagi till. sjálfrar og brtt. n. er það augljóst, að þar sem lagt er til, að ríkisstj. skipi nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, 5 manna nefnd, þá er átt við það, að hver þingflokkur skipi einn mann í þessa nefnd, og þingflokkarnir eru 5, m. ö. o. minnsti flokkurinn, sem hefur ekki nema 2 menn á þingi, skipar einnig mann í slíka nefnd. Það er auðvitað ekki eftir reglum hlutfallskosninga, en það má þó segja, að þetta fyrirkomulag hefði þann kost, að sem flest sjónarmið kæmu fram og mestar líkur kynnu að vera til þess, að það næðist allsherjar samkomulag um skipun þessara mála, og væri auðvitað gott að komast hjá deilum um þau. Þetta er engin ný uppáfinning hjá flm. þessarar till. né heldur allshn., því að að frumkvæði ríkisstj. var á sínum tíma skipuð 8 manna milliþn. í stjórnarskrármálið, þannig að hver af fjórum flokkum þingsins tilnefndi 2 menn í þá nefnd. Vitanlega skiptir engu máli fyrir flokkana eða a. m. k. mjög litlu máli, hvort þeir verða í meiri hluta eða minni hluta í þessari n. Aðalatriðið er það, hverjum hlutanum, ef nefndin klofnar, meiri hl. þjóðarinnar fylgir að málum. Það, sem jafnvel einn nefndarmaður leggur til, getur vel orðið samþ. af Alþingi. Þessi nefnd hefur ekkert vald, hún hefur bara tillögurétt, og á þessu byggðist það, að ég hygg, þó að við ræddum ekki mjög mikið um þetta í nefndinni, að nefndin gerði enga till. um breytingu á þessu. Ég skal að vísu játa, að það er beinlínis ekki hægt að hafa neitt á móti því, að slík nefnd fremur en aðrar nefndir í þinginu sé kosin beint af þinginu, og þá er skylt að hafa hlutfallskosningu, ef hún er kosin af þinginu.

Mun ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Legg ég fyrir hönd n. til, að brtt. á þskj. 503 verði samþ.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 14. Grænlandsmál.

Á deildafundum 18. febr. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um Grænlandsmál* [145. mál] (A. 372).

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til einnar umr.

*Flm. (Pétur Ottesen):* Ég tel þess ekki þörf á þessu stigi málsins að bæta miklu við það, sem í grg. þessarar till. felst. Þar er frá því skýrt, að mál þetta, að Íslendingar ættu rétt til Grænlands, hefur verið á baugi með þjóðinni um meira en hálfrar aldar skeið. Fyrri hluta þessa tímabils var þannig háttað stjórnarfarslega fyrir Íslendingum, að þeim var óhægt um sókn í málinu. Þrjá síðustu áratugina hefur því hins vegar ekki verið til að dreifa, enda þá fastar eftir gengið af áhuga- og hvatamönnum þess, að Íslendingar krefðust hér réttar síns í þessu efni.

Árið 1925 kom mál þetta til kasta Alþingis og aftur 1931. Var þá gerð samþykkt um málið, sem allur þingheimur stóð að, þar sem ríkisstj. var falið að gæta hagsmuna Íslands og réttar þess út af deilu þeirri, sem þá var risin upp milli Noregs og Danmerkur um réttindi til yfirráða í Austur-Grænlandi. Var því þá slegið föstu á Alþingi, að Íslendingar gætu haft góða aðstöðu til þess að halda þar öllum sínum rétti. Fjöldi samþykkta hefur verið gerður viðs vegar um landið, er í fólust áskoranir og brýningar til Alþingis og ríkisstjórnar um að halda fast á þessum rétti vorum og að leitað yrði, ef með þyrfti, úrskurðar um réttarkröfur vorar á alþjóðavettvangi.

Ég hef nú um meira en áratugsskeið gert mitt ýtrasta til þess að slá til hljóðs fyrir því á Alþingi, að þessa réttar yrði leitað og málinu skotið til alþjóðadómstóls, ef það fengist ekki útkljáð með öðrum hætti. En Alþingi hefur ekkert aðhafzt, enda engrar forustu notið í þessu efni hjá ríkisstjórnum þeim, sem verið hafa við völd á þessu tímabili. Til upptektar þessa máls á Alþingi þing eftir þing og áskorana og samþykkta utan þings mun þó mega rekja það, að þáverandi utanrrh. skipaði þriggja manna nefnd á árinu 1948 til þess að rannsaka réttarstöðu Grænlands. En þá hefst nú sorgarsaga þessa máls fyrir alvöru. Engir mundu þó bera á það brigður, að vel hafi verið vandað til vals á mönnum í nefnd þessa. En hitt er jafnaugljóst, að með öllu var óforsvaranlega að nefndinni búið frá því fyrsta til hins síðasta. Starfsskilyrði þau, sem henni voru búin til rannsóknar á svo umfangsmiklu, vandasömu og víðtæku viðfangsefni, voru gersamlega óviðhlítandi. Þessar aðstæður hlutu að verða þess valdandi, að til beggja vona gæti brugðið um niðurstöðuna. En ég skal nú ekki frekar rekja þessa sorgarsögu hér. Það er nokkuð gert í seinni hluta þeirrar grg., sem till. fylgir. Þar er einnig bent á þann reginmun, sem á því er, hvernig Norðmenn fóru að, þegar svipað stóð á hjá þeim, hversu þeir vönduðu til alls undirbúnings réttarstöðu sinnar til ákvörðunar um 4 mílna landhelgi við strendur Noregs. Okkur

stendur og mjög nærri að minnast þessa, ekki sízt fyrir það, hve oss var að því mikill styrkur um aðgerðir vorar í landhelgismálinu. — Ég þarf ekki heldur að bæta miklu við það, sem í grg. segir um hina neikvæðu niðurstöðu nefndarinnar. Þær raska ekki í mínum augum neinu um rétt Íslendinga til Grænlands, sem Jón Þorlaksson orðaði svo: „að Íslendingar telja sig hafa rétt umfram aðrar þjóðir til landsnytja í þessu landi", þ. e. Grænlandi. Ég get ekki séð, að niðurrifstill. n. eða þess nefndarmanns, sem hún aðallega beitir þar fyrir sig, afsanni í einu eða neinu *kenningar dr. Jóns Dúasonar* og annarra íslenzkra og erlendra fræðimanna, sem hafa tekið í sama streng um réttarstöðu Grænlands og mikið gert til þess að rannsaka það mál. Svarrit dr. Jóns Dúasonar sýnir með mjög athyglisverðum hætti, hve höllum fæti þær kenningar standa, sem dæma vilja af Íslendingum í skaut Dana allan rétt til yfirráða í Grænlandi. Og það er bersýnilegt, að margt af því, sem andstætt er rétti Íslands til Grænlands í álitinu eða fært er þar fram til andstöðu í þessu efni, á rót sína að rekja beint og óbeint til þess, hversu starfsskilyrði þau, sem nefndin átti við að búa, voru gersamlega óviðhlítandi.

Ég hef verið að bíða eftir því, að ríkisstj. legði þetta mál fyrir Alþingi. Nú er komið á annað ár síðan kunnugt var um niðurstöður nefndarinnar. Það mun hafa verið á þinginu 1948, þegar ég bar fram fyrirspurn um það, hvað störfum n. liði, að þáverandi dómsmrh. lét orð um það falla, að hann teldi sjálfsagt að bíða með frekari aðgerðir í málinu þangað til niðurstöður nefndarinnar lægju fyrir. Lét ráðherrann orð falla á þá lund, að hvernig sem félli um niðurstöður nefndarinnar, þá mundi stjórnin að sjálfsögðu leggja málið fyrir Alþingi og það svo skera úr um það, hvað gera skyldi. Samkvæmt þessu hefði stjórnin átt að leggja þetta mál fyrir Alþingi strax í þingbyrjun. En þar sem á því hafa engar efndir orðið og langt er liðið á þing, hef ég nú lagt málið fyrir og þá vitanlega á þann hátt, sem ég tel að eigi að afgreiða það.

Það leiðir af sjálfu sér, að Alþingi getur ekki hummað fram af sér lengur að taka um það ákvörðun, hvort það ætlar að gera réttarkröfur til Grænlands eða ekki. Grænland er auðugt af *náttúrugæðum* í sjó og á landi. Þar eru auk annarra náttúrukosta miklar námur í jörð. Er þó harla lítið enn vitað um öll þau náttúrugæði og auðæfi á því sviði, sem þar kunna að *fyrirfinnast. Valda því danskir stjórnarhættir*, sem lagt hafa á það alla áherzlu að einangra landið og útiloka íbúa þess frá öllum mannlegum félagsskap. En nóg er um þessi náttúrugæði vitað til þess, að þeim verður ekki öllu lengur haldið undir hespu og lás. Grænland er næsti nágranni Íslands. Náttúrugæði Grænlands, önnur en fiskveiðar við strendur þess, verða aldrei hagnýtt til neinnar hlítar öðruvísi en að Ísland komi þar til skjalanna, þannig að það verði birgðastöð, sem verðmætin verða flutt til þann skamma tíma, sem íslaust er á þeim stöðum mörgum á Grænlandi, þar sem auðæfin eru fólgin. Þetta verður Alþingi fyrst og fremst að gera sér ljóst.

En meðan óútkljáð er um réttarstöðu Grænlands og engin ákvörðun um það tekin, hvað gera skuli af Íslands hálfu í því efni, má engan veginn til þess koma, að af hálfu þess opinbera verði farið að gera neina samninga við dönsk stjórnarvöld varðandi Grænland. Það verður því nú óhjákvæmilega á þessu þingi að taka um það ákvörðun, hvort Íslendingar ætla að gera réttarkröfur til Grænlands eða hvort þeir vilja með þögninni leggja blessun sína yfir það, að *Danir verði áfram æðstráðandi* til lands og sjós í hinni fornu nýlendu Íslendinga.

Ég vil svo fara fram á það við hæstv. forseta, að hann skipti umræðunni og að málinu verði vísað til allshn.

*Bernharð Stefánsson:* Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs eingöngu út af því, að hv. flm. þessarar till. lagði til, að henni yrði vísað til allshn. Mér finnst þessi till. þannig, sem virðist fjalla um hvorki meira né minna en það, að Ísland krefjist yfirráða yfir þessu stóra landi, Grænlandi, að ef nokkurt mál er utanríkismál, þá finnst mér þetta vera það. Ég vildi því leggja til, að till. yrði vísað til hv. utanrmn., því að þar á hún sannarlega heima. En ef svo færi, að Alþingi vildi ekki fallast á þá till. mína, þá vildi ég gjarnan fá ofur litlar upplýsingar frá hv. flm. till.

Till. virðist fara fram á það, að Ísland geri kröfu á hendur Dönum til eignar á Grænlandi og yfirráða og þar með skilst mér til yfirráða yfir þeirri þjóð, sem þar býr og er ekki Íslendingar, jafnvel þó að þeir kunni að vera blandaðir Forn-Íslendingum, — því trúi ég nú og held, að sú kenning Jóns Dúasonar sé rétt. En þeir tala allt aðra tungu, og er ekki hægt að kalla þá Íslendinga, þó að einhver kynblöndun hafi átt sér stað.

Það, sem ég nú vildi vita, a. m. k. ef till. á að vísa til allshn., er það, hvort það vakir virkilega fyrir flm. að ætlast til þess, að við Íslendingar förum að ráða yfir þessari framandi þjóð, eða hvort það er tilgangurinn að gera kröfu til þess, að við fáum að nota Grænland bæði til útgerðar og annarra hluta, þar sem það er óbyggt, sem vitanlega er mjög víða. Það er langt frá því, að ég viðurkenni rétt Dana til Grænlands, og mér finnst í fljótu bragði, að ég mundi vilja gjarnan samþykkja það, að Alþ. skoraði á Dani að gefa Grænlendingum sjálfstjórn, og svo gætum við samið við þá aftur um ýmis mál og verið þeim hjálplegir. En mér finnst það dálítið einkennilegt, ef það vakir virkilega fyrir tillögumanni, að Ísland eigi að fara að leggja undir sig enn minni þjóð en Íslendingar eru nú, *ekki sízt þegar þess er* gætt, að nýlenduþjóðirnar eru hver um aðra þvera að rísa upp á móti sínum yfirdrottnurum og heimta sjálfstæði. Samt sem áður ætla ég ekki að fara að ræða till., hvorki tjá mig henni meðmæltan né mótfallinn á þessu stigi málsins, þó að ég beri þessa fsp. fram, en ég endurtek það, að mér finnst hún þess eðlis, að hún eigi tvímælalaust að fara til hv. utanrmn.

svo haldi fram sem nú er. Að því er stefnt með þáltill. þeirri, sem hér er til umr. og prentuð er á þskj. 401.

Nú er það að vísu svo, að kennsla fer fram í jarðvinnslu á bændaskólunum, og eitthvað mun hafa verið haldið af námskeiðum í þeim efnum, enda hefði það að sjálfsögðu verið augljós og opinber fásinna að hefja alla þá ræktun með stórvirkum vélum, sem hér hefur verið hafin á síðustu árum, án þess að hefja fyrst eða a. m. k. jafnhliða fræðslu á því sviði. En upplýsingar þær, sem ég hef fengið um þessi mál, t. d. frá Hvanneyri, eru þess eðlis, að ég teldi ástæðu til að fá þær upplýsingar hjá hæstv. landbrh., ef hann væri viðstaddur, hve margar kennslustundir hver nemandi þar mundi eiga kost á að fá að meðaltali í raunhæfri jarðvinnslu og meðferð landbúnaðarvéla. Ég mun ekki ræða það atriði, svo átakanlegar sem þær upplýsingar eru þó, sem ég hef um það fengið, fyrr en upplýsingar um þetta mál lægju fyrir frá hæstv. landbrh., sem ég teldi mjög æskilegt að fá.

En m. a. af þessum sökum, svo og því, að nýræktin víða um land ber þess ljós merki, að mjög skortir á um verkkunnáttu í þessu efni, höfum við hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) borið fram þáltill. þá, sem hér liggur fyrir, um aukna kennslu í jarðvinnslu og meðferð búvéla í búnaðarskólunum. Auk þess leggjum við til, að til viðbótar við hina föstu kennslu í þessum greinum við skólana verði haldið þar námskeið fyrir þá starfsmenn, sem nú og framvegis verða á snærum ræktunarsambandanna. Þó að það sé ekki tekið fram í till., ætlumst við flm. hennar að sjálfsögðu til, að í sambandi við kennslu um meðferð og hirðingu búvéla, bæði ræktunarvéla og heyskaparvéla, verði komið upp viðgerðarverkstæðum við skólana, þar sem kennsla fari fram um a. m. k. þær viðgerðir, sem ekki þarf heil vélaverkstæði til að framkvæma.

Það má öllum ljóst vera, að bændaefni framtíðarinnar þurfa að öðlast þá þekkingu, þá innsýn og tilfinningu fyrir vélum og tækni, sem bændur fortíðarinnar höfðu fyrir hestinum og öðrum þeim hjálpargögnum, er léttu þeim starfið. Allir hljóta að skilja, hve fráleitt það er, að bændur á vélaöld standi uppi ráðalausir, ef smávegis vélbilun verður um háannatímann, og þurfi að leita um langan veg að viðgerð, ekki sízt ef tekið er tillit til þess, hve fáar vinnustundir á ári er unnt að nota hinar dýru og afkastamiklu búvélar hér í okkar landi. Og bændaskólarnir eru einmitt hinn rétti vettvangur til að veita fræðslu í þessum efnum öðrum fremur. Þangað munu bændur framtíðarinnar sækja vísdóm sinn og þekkingu fyrst og fremst, og því verður það undir þeim komið, þ. e. a. s. bændaskólunum, hversu nýtist það fé, sem þjóðin í heild og einstaklingar verja af fátækt sinni nú og framvegis til ræktunar og kaupa á búvélum.

Með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt, væntum við flm. þeirrar till., sem hér er til umr., skilnings og skjótrar fyrirgreiðslu hv. þingmanna, því að brýna þjóðhagslega nauðsyn ber til. Að svo mæltu legg ég til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 401, n. 535).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 18. Sjónvarp.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:

*Till. til þál. um undirbúning sjónvarps* [158. mál] (A. 413).

Á 39. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 17. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill., þar sem lagt er til, að Alþingi álykti að heimila ríkisstj. að verja í samráði við ríkisútvarpið allt að 100 þús. kr. til þess að rannsaka skilyrði til sjónvarps hér á landi og til undirbúnings framkvæmdum, ef rannsóknin leiddi í ljós, að þær séu tímabærar og viðráðanlegar.

Það mun hafa verið árið 1936, að reglulegar sjónvarpssendingar hófust í Bretlandi og nokkru síðar einnig í Frakklandi og Sovétríkjunum. Alllengi áður hafði verið kunnugt um þær tæknilegu meginreglur, sem sending sjónvarpsmynda byggist á, en 33 ár munu vera liðin síðan Bandaríkjamanninum Jenkings tókst fyrst að senda hreyfingarmyndir á öldum ljósvakans.

Nú er sjónvarp á dagskrá í 52 löndum veraldar, að því er greinir í nýútkominni skýrslu frá menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna um sjónvarpsmál. Reglulegar sjónvarpssendingar eiga sér nú stað í 21 landi. Í 7 löndum er útvarpað í tilraunaskyni, en 24 þjóðir eru nú að undirbúa sjónvarpssendingar eða gera athuganir á tæknilegum möguleikum hjá sér á slíku. Í mörgum löndum er sjónvarp orðið mjög útbreitt. Í Bandaríkjunum er það þó útbreiddast. Þar eru talin vera um 22 milljónir sjónvarpstækja, eða tæki fyrir sjöunda hvern íbúa landsins. Í Kanada mun vera eitt tæki á hverja 56 íbúa, í Bretlandi á 24 íbúa, og í Danmörku eru nú talin vera um 1200 sjónvarpstæki í eigu einstaklinga. Það efni, sem aðallega er útvarpað frá sjónvarpsstöðvum, eru fréttir og svo skemmtiefni ýmiss konar, en þegar er farið að nota sjónvarp allmikið til ýmiss konar kennslu. Frakkar t. d. hafa riðið á merkilegan hátt á

vaðið með hagnýtingu sjónvarps til ýmiss konar fræðslu. Er allmikilvæg bændafræðsla þar í landi innt af hendi með aðstoð sjónvarpsstöðva. Í Bandaríkjunum, þar sem sjónvarp er útbreiddast, eins og ég gat um áðan, eru nú taldar vera um 130 stöðvar, en ráðagerðir eru nú uppi þar í landi um byggingu 2 þús. nýrra stöðva, og þar af eru ráðgerðar 250 stöðvar, sem eingöngu verði helgaðar menningar- og skólamálum og ekki háðar auglýsingatekjum að neinu leyti. Í Bretlandi eru starfandi fimm mjög sterkar stöðvar, sem taldar eru ná til um það bil 80% landsins alls. Í Frakklandi og Sovétríkjunum er og talið í umræddri skýrslu að séu um 60 þús. sjónvarpstæki í stöðugri notkun.

Framfarir hafa orðið miklar í sjónvarpstækninni á allra síðustu árum. T. d. hefur nú tekizt að sjónvarpa litmyndum, bæði í Bandaríkjunum og í Mexíkó.

Sjónvarpstæki eru alldýr, jafnvel í þeim löndum, þar sem sjónvarp er þó algengast, svo sem í Bandaríkjunum og í Bretlandi, en í Bandaríkjunum mun verð á sjónvarpstækjum vera um 200—300 dalir og í Bretlandi um 70—100 pund. Í Frakklandi hafa verið gerðar athyglisverðar tilraunir til þess að draga úr kostnaði við hagnýtingu sjónvarps á þann hátt, að komið hefur verið á fót sjónvarpsfélögum, þar sem félagsskapurinn hefur að markmiði að kaupa sjónvarpstæki, kemur því fyrir í skólum eða samkomuhúsum úti um hinar dreifðu byggðir, þar sem þorpsbúar eða héraðsbúar eiga frjálsan aðgang að, bæði ákveðnum sendingartímum, þar sem einkum er útvarpað fréttum og fræðsluefni, og enn fremur kvöldtímum, þar sem útvarpað er einkum og sér í lagi skemmtiefni.

Ekki hefur farið hjá því, að deilur hafi orðið allmiklar um sjónvarpið og gildi þess. Margir hafa talið, að hér væri á ferðinni hið mesta og viðsjárverðasta afsiðunartæki, það hafi orðið og muni verða til þess að spilla hagnýtingu manna á frístundum sínum, koma í veg fyrir bóklestur o. s. frv. og stuðla að því að gera manninn og þá einkum æskumanninn um of vélrænan, menntun hans of formlega og ræna hann lifandi tengslum við viðfangsefni menningarlífsins. En þess verður að minnast, að nákvæmlega hið sama var sagt um útvarp á sínum tíma, um símann, jafnvel um grammófóninn. Það hafa varla orðið nokkrar þær framfarir í tækni og menningu, sem einhverjir hafa ekki á sínum tíma viljað telja að mundu reynast menningarfjandsamlegar. Því er auðvitað ekki að leyna, að á þeirri reynslu, sem þegar hefur hlotizt af sjónvarpi, eru ýmsar skuggahliðar, sérstaklega í því landi, þar sem það hefur náð mestri útbreiðslu, sem sé í Bandaríkjunum, en það má vafalaust að verulegu leyti rekja til þess rekstrarfyrirkomulags, sem þar er á útvarpi og sjónvarpi, þar sem um er að ræða alger einkafyrirtæki, sem kostuð eru eingöngu af auglýsendum, þ. e. a. s. notendurnir greiða ekki afnotagjöld, heldur eru dagskrárnar algerlega kostaðar af þeim, sem nota útvarps- og sjónvarpsstöðvarnar til auglýsinga. En þess verður vel að gæta að blanda ekki saman gildi stofnunarinnar sem slíkrar, gildi tækisins sem slíks, og því, hvernig hægt er að hagnýta það. Það á auðvitað við um sjónvarp eins og útvarp og síma og fjöldamörg önnur slík tæki hinnar nýju tæknimenningar, að hér er einvörðungu um að ræða tæki, sem bæði má nota til góðs og ills, og veldur þar auðvitað miklu, hver á heldur. Þess vegna tel ég fjarstæðu að láta þá gagnrýni, sem víða hefur heyrzt á sjónvarpi og gildi þess og þó einkum dagskrá þess, verða til þess að hrinda mönnum frá því að hefja nægilega snemma undirbúning að því, að hægt sé að hagnýta sér þá vissulega dásamlegu tækni, sem hér er um að ræða. Allar tækniframfarir er sjálfsagt að hagnýta og leggja áherzlu á að hagnýta þær til góðs, en koma í veg fyrir, að þær verði hagnýttar til ills. Mergurinn málsins er sá, að sjónvarpið er staðreynd, sem hefur farið sigurför um heiminn og á vafalaust eftir að halda þeirri sigurför áfram.

Spurningin fyrir okkur Íslendinga er fyrst og fremst sú, hvort og hvenær sé kominn tími til þess að tileinka okkur þá tækninýjung, sem hér er um að ræða. Til skamms tíma hefur verið litið svo á, að sjónvarpssendingar væru svo dýrar, að ekki kæmi til mála fyrir smáríki eða smáþjóð eins og okkur Íslendinga að leggja í þann kostnað, þannig að hagkvæmt eða skynsamlegt gæti talizt. Nú er mér hins vegar tjáð af tæknifróðum mönnum, að á allra síðustu árum eða á síðasta ári hafi verið gerðar svo gagngerðar uppgötvanir í sjónvarpstækni, í sendingartækni, að kostnaður við byggingu sjónvarpsstöðva hafi farið stórlækkandi, svo mjög, að ráðgert sé a. m. k. í Bandaríkjunum og Bretlandi að fjölga þar sjónvarpsstöðum alveg stórkostlega vegna þeirrar lækkunar, sem hefur orðið á byggingarkostnaði stöðvanna og sendingarkostnaðinum sjálfum, svo að höfuðkostnaðurinn við rekstur slíkra stöðva muni nú framvegis verða dagskrárefnið. Þegar svo er komið, virðist vera fullkomlega tímabært fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með þessum nýjungum, gera ráðstafanir til þess að afla þeirrar þekkingar, sem nauðsyn ber að afla í því sambandi, og athuga, hvort þessi kostnaður sé ekki orðinn það lágur, að það sé að verða fært fyrir okkur Íslendinga að hugsa okkur til hreyfings í þessum efnum. Af þeirri ástæðu hef ég leyft mér að flytja þessa till.

Þess hefur þegar verið getið opinberlega, að ríkisútvarpið hafi undanfarið haft nokkurn hug á því að efna til tilraunasjónvarps í sambandi við útvarpssýningu, sem komið hefur til orða að efna til hér á næsta ári. En það er vafasamt, að ríkisútvarpið hafi af eigin rammleik yfir nægilegu fé að ráða til þess að afla þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegt er að afla til þess að geta gengið úr skugga um, hvort fullkomið sjónvarp væri hér mögulegt. Það, sem mér skilst að ríkisútvarpið hafi fyrst og fremst haft í huga, er að koma á fót tilraunasendingu sem eins konar kynningarstarfsemi á því, hvað sjónvarp sé í raun og veru, og þeim vandamálum, sem um er að ræða í því

sambandi. En það leiðir af sjálfu sér, að þau fjárráð, sem stofnunin hefur til slíks, hljóta að vera takmörkuð, og þess vegna fannst mér eðlilegt, að ríkisvaldið gengi hér fram fyrir skjöldu og heimilaði nokkra fjárupphæð — ég vona, að 100 þús. kr. reynist ekki of lágt í því sambandi, — til þess að stuðla að því, að þessi fyrirætlun megi ná fram að ganga eða athugunin fari fram, þannig að það komi skýrt í ljós, hvort eða hvenær tími sé kominn til þess fyrir okkur að hefjast handa í þessum efnum. En það fyrsta, sem væntanlega þyrfti að gera, væri að senda unga menn út af örkinni til þess að kynna sér hinar nýjustu nýjungar á þessu sviði, og til þess a. m. k. ætti sú litla fjárupphæð, sem hér er farið fram á í þessu skyni, að duga.

Að lokinni umr. leyfi ég mér síðan að óska þess, að till. verði vísað til hv. fjvn.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Mér þykir rétt að skýra frá því, að skömmu áður en þessi till. kom fram, átti útvarpsstjóri tal við mig um þá hugmynd, að hér yrði athuguð til að byrja með tilraun til sjónvarpssendinga, og hafði þegar haft samráð við tækniráðunaut útvarpsins um það. Þá kom tvennt til greina: Annars vegar, að þessi tilraun yrði gerð nú þegar á þessu ári, sem var talinn möguleiki, eða því yrði frestað til næsta árs og þetta yrði gert í sambandi við 25 ára hátíð, minningarhátíð útvarpsins. Fljótt á litið sýndist mér fara vel á því, að fyrsta tilraun yrði gerð í sambandi við þessa 25 ára hátíð, og það varð til þess, að við komum okkur saman um að halda á málinu og undirbúa það með það fyrir augum. Það má því segja, að sú till., sem hér er komin fram, sé mjög í samræmi við þær bollaleggingar, sem uppi hafa verið um þetta, og hef ég vitanlega ekkert á móti till. og tel eðlilegt, að hún verði athuguð í nefnd, en taldi rétt, að þetta kæmi hér fram.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

---

Á 45. og 47. fundi í Sþ., 7. og 10. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 413, n. 671).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 19. Þinghúslóðin.

Á 40. fundi í Sþ., 17. marz, var útbýtt:

*Till. til þál. um stækkun þinghúslóðarinnar* [169. mál] (A. 468).

Á 41., 45. og 47. fundi í Sþ., 24. marz, 7. og 10. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

*Flm. (Björn Ólafsson):* Herra forseti. Ég vona, að hv. þm. séu mér sammála um það, að kominn sé tími til, að Alþ. verði séð fyrir nægilegu lóðarrými fyrir þann húsakost, sem það þarf að nota í framtíðinni. Nú er það svo, að ef ætti að reikna með því lóðarrými, sem Alþ. hefur nú, mundi ekki vera hægt að hafa Alþ. á þeim stað, sem það er nú, því að það húsrými, sem Alþingi nauðsynlega þarf að fá í framtíðinni, getur ekki rúmazt á þeirri lóð, er Alþingi hefur nú yfir að ráða. Alþingishúsið var reist um 1880, og hefur því núverandi þinghús dugað Alþingi um 70 ár. Þegar þetta hús var reist, þá var það byggt af miklum stórhug, eins og þá hagaði til og eftir því sem þá voru fjárhagsástæður, en eins og öllum hv. þm. er kunnugt, eru þessi húsakynni fyrir löngu of lítil orðin. Þingið hefur, ef svo mætti segja, sprengt þau utan af sér. Hér er ekki húsrými fyrir þingið, nema þegar það situr í deildum. Hér er ekki húsrými fyrir nefndir til þess að halda fundi, hér er ekki húsrými fyrir ríkisstjórnina til þess að tala við menn eða ráða ráðum sínum, og hér er ekkert húsrými fyrir þingmenn, ef þeir þurfa að tala við menn. Þetta getur ekki gengið svona til frambúðar, það er öllum ljóst, og að því hlýtur að koma, að auka verður þann húsakost, sem Alþingi nú hefur. En til þess að það verði gert og til þess að til frambúðar verði bætt úr þessum vanda, verður að sjá Alþingi fyrir stærri lóð en það hefur nú.

Eins og kunnugt er, hefur ríkissjóður keypt hér tvær lóðir við þinghúsið, önnur er að vestanverðu við þinghúsið, og hin er að sunnanverðu. Báðar þessar lóðir hafa að sjálfsögðu á sínum tíma verið keyptar með það fyrir augum, að þeim mætti bæta við þinghúslóðina. En það hefur aldrei orðið úr því, að þessar lóðir yrðu lagðar við þinghúslóðina. Önnur lóðin, sem hér er að vestanverðu, er nú notuð fyrir alls konar fundahöld og skemmtanir, og við höfum hér nærtækt dæmi um þá nauðsyn, að hreinsað verði til hér í kringum þinghúsið. Við höfum nærtækt dæmi um það, þegar þm. geta varla hlustað hér á mikilsvarðandi umr. vegna hávaðasamrar auglýsingastarfsemi, sem fer fram í húsinu hér við hliðina á okkur. Þetta er að sjálfsögðu gersamlega óviðunandi, og verður að fást einhver úrbót í þessu máli.

Ég hef hugsað mér, að þinghúsið ætti að fá lóð milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis, réttþyrnda lóð, sem að austanverðunni næmi við Templarasund, en að vestanverðunni við lóðamörkin, sem listamannaskálinn stendur á. Með þessu móti mundi þinghúsið fá nægjanlega stóra lóð til þess að fullnægja hverjum þeim húsakosti, sem þingið þyrfti á að halda í framtíðinni. Þinghúsið mundi þar að auki fá stóra og fallega lóð á þeim stað, sem þingið á að sitja til frambúðar. Það á að gera þetta nú. Það á að gera þetta, áður en orðið er of seint að fá þennan lóðarkost, sem ég hef nú nefnt.

Nýlega hafa verið samþykkt l. um þingfararkaup alþm. o. fl. Í 2. gr. þeirra l. er svo ákveðið, að reisa skuli þingmannabústað svo

fljótt sem því verður við komið, og skal undirbúningur, svo sem staðarval, uppdráttur o. fl., hafinn nú þegar og honum lokið á árinu 1954. Ég minnist á þetta vegna þess, að ég tel sjálfsagt, að þingmannabústaður verði byggður á lóð þingsins, og ég tel, að þetta megi vel gera, ef ráð er í tíma tekið. Hér á suðvesturhluta þeirrar lóðar, sem ég hef nú nefnt, er að vísu húsbygging í einkaeign. Mér þykir sjálfsagt, að leitazt verði fyrir um kaup á þessari húseign og jafnframt því, sem framkvæmd yrði 2. gr. þeirra l., sem ég nú nefndi, yrði athugað, hvort ekki væri einmitt heppilegt að byggja þingmannabústað í sambandi við þá eign. En að sjálfsögðu þyrfti að gera uppdrátt að lóðinni allri og þeim byggingum, sem í framtíðinni væri fyrirhugað, að á henni risu upp. En ég hygg, að þó að ekki sé hægt að byggja nú fljótlega þær byggingar, sem hér þurfa að rísa vegna starfa þingsins, þá muni vera mjög skynsamlegt að athuga kaup á þessari lóð og e. t. v. að breyta eigninni til bráðabirgða í þingmannabústað. Þingmannabústaðurinn hlýtur, ef vel á að vera, að standa á þinglóðinni, og ég tel, að honum væri mjög vel valinn staður með því, að hann stæði á sunnanverðri lóðinni á móti tjörninni.

Ég vænti þess, að hv. þm. sjái nauðsynina á því, að þetta mál sé ekki látið lengur dragast en orðið er. Í kringum þinghúsið er ekki fallegt um að litast eins og nú standa sakir. Ég þarf ekki að lýsa fyrir þm., hvernig hér lítur út. Ég tel, að það sé þinginu til fullrar vansæmdar, hvernig umhorfs er í kringum þingstað Íslendinga. Ég tel, að úr því eigi að bæta hið allra fyrsta.

Hv. þm. Borgf. hefur borið hér fram brtt. á þskj. 578. (Gripið fram í.) Till. liggur fyrir núna. Þess vegna tel ég rétt að minnast á hana. Með þessari till. vill hann hindra það, að templarahúsið, sem nú er Templarasund 2, verði flutt af lóðinni. Ég tel hins vegar, að það hús eigi ekki að standa lengur á lóðinni en það þegar hefur gert. Ef ég man rétt, var þessi lóð keypt af ríkissjóði 1942, og þá var heimild gefin til þess, að húsið mætti standa á lóðinni til bráðabirgða. Nú hefur það staðið meira en heilan áratug á lóðinni, með því að leyfið hefur verið framlengt frá ári til árs. Ef ég man rétt, var hús og lóð keypt af góðtemplarareglunni, og hún var látin halda húsinu. Nú geri ég ráð fyrir því, að það sé ýmsum erfiðleikum bundið að fá þessar eignir, sem á lóðunum standa nú, fluttar burt af þeim, nema því aðeins að ríkissjóður taki nokkurn þátt í flutningskostnaði eða jafnvel borgi hann að öllu leyti. Þess vegna hef ég hugsað mér að leggja fram skrifl. brtt. sem viðbót við þá till., sem ég hef lagt fram á þskj. 468, en síðasti málsl. orðist svo, með leyfi forseta: „Heimilar Alþ. jafnframt ríkisstj. að verja fé úr ríkissjóði til þess að hreinsa og rækta lóðir þessar og til brottflutnings þeirra húsa, sem á þeim standa nú.“ Ég álít rétt, að ríkisstj. hafi heimild til þess að greiða þennan kostnað, ef hún telur þess þörf, en að sjálfsögðu verður það að vera á hennar mati, að hve miklu leyti hún telur nauðsynlegt að taka þátt í þessum flutningskostnaði.

Vegna þess, hversu skammt er nú þangað til þingi verður slitið, hafði ég hugsað mér að fara að dæmi hæstv. forsrh. og óska þess, að mál þetta sé borið undir atkvæði, án þess að því sé vísað til n. Ég fer ekki fram á það að vísu, ef einhverjir hv. þm. óska þess, að málinu verði vísað til n., en ég vona, að þeir skilji, hvers vegna þetta er gert. Það er gert vegna þess, að ég tel, að sé málinu vísað til n., þá séu ekki mikil líkindi til, að það komi aftur fyrir þingið.

*Pétur Ottesen:* Ég hafði raunar ekki ætlað að taka til máls við þessa fyrri umr. um till., bæði með tillliti til þess, sem hæstv. forseti hefur nú lýst yfir, að brtt. mín og hin önnur brtt., sem fram hefur verið borin við þessa till., koma ekki til atkv. fyrr en við síðari umræðu, og því eðlilegra, að umr. um hana hefði verið frestað þangað til, og ef svo kæmu hér fram till. um það að vísa þessari till. til n., þá geri ég ráð fyrir, að þær till. hefðu hljóðað á þann veg, að till. yrði vísað til fjvn., af því að hún hefur útgjöld í för með sér, og hefði mér þá gefizt líka tækifæri til þess að láta mitt viðhorf til málsins koma þar fram. En af því að flm. þessarar till. hefur nú gert hana að umræðuefni hér og lagzt á móti henni, að því er mér skilst, þá vil ég aðeins fara nokkrum orðum um þessa brtt.

Það, sem fyrir hv. flm. vakir, er að afla nægs landrýmis fyrir húsakost Alþ. í framtíðinni, og á hann þar sjálfsagt við það, að þinghúsið sjálft verði stækkað og auk þess að reistur verði á þeirri lóð, sem þingið hefur yfir að ráða hér í næsta nágrenni, þingmannabústaður einnig, sem mjög hefur verið um rætt á undanförnum árum, þótt ekkert hafi nú orðið úr, og vissulega er mikil þörf fyrir, að gert verði. Til þessa tekur alveg sérstaklega sá hluti till., sem talar um það að fjarlægja húsið á Kirkjustræti 12 og svo þann stóra myndlistarsal, sem reistur hefur verið við hliðina á því húsi. Þetta mun vera sú útfærsla á lóðinni, sem notuð mundi verða til þess að reisa á byggingar fyrir Alþingi. Allt öðru máli gegnir svo um Templarasund 2, þ. e. hið gamla samkomuhús templara hér í bænum, því að það liggur, eins og kunnugt er, hér annars vegar við alþingishúsgarðinn, og ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. flm. þessarar till. eða aðrir geri ráð fyrir, að það verði farið að leggja niður alþingishúsgarðinn og breyta honum í byggingarlóð. Það, sem kæmi því til framkvæmda í því efni, að húsið Templarasund 2 yrði flutt í burt, væri þá í sambandi við það að stækka alþingishúsgarðinn, en snertir ekkert framtíðarbyggingarmöguleika fyrir Alþingi. Nú er það alveg rétt, að Alþingi á þetta gamla samkomuhús templara og eignaðist það núna fyrir alllöngu og lóðina, sem undir því er, og það má segja, að fyrir náð Alþingis hafi þetta hús fengið að vera á sínum upprunalega stað, en húsið er næstum að heita má jafngamalt bindindisstarfseminni hér á landi. Nú hefur það lengi vakað

hluta fiskverðsins, sem skapaðist af bátagjaldeyriságóðanum.

Í Vestmannaeyjum mótmæltu sjómannafélögin þessu að sjálfsögðu og kröfðust fyllsta réttar sjómanna í samræmi við þau samningsákvæði, sem öll sjómannafélögin í Eyjum hafa, að útgerðarmenn skulu skyldir að greiða sjómönnum að lokum sama verð fyrir fiskinn og þeir hljóta sjálfir. Var fyrst reynt til þrautar að krefja þennan hlut sjómannanna eftir eðlilegum leiðum án þess að leggja það í dóm, en þegar öll sund lokuðust um að ná fram réttlátri lausn málsins eftir þeim leiðum, var ekki annað fyrir hendi en að leggja málið fyrir dómstóla.

Sjómannafélagið Jötunn í Vestmannaeyjum, sem er stéttarfélag háseta, Vélstjórafélag Vestmannaeyja og skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi ákváðu þá að hafa samstöðu um að leita réttar síns og sinna meðlima fyrir dómstóli, sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja, og ráku sameiginlega mál eins sjómanns gegn sinni útgerð fyrir réttinum.

Hinn 3. febr. s. l. féll dómur í því máli, dómur, sem er athyglisverður að því leyti, að hann kveður skýrt á um það, að sjómenn eigi fyllsta rétt til þess fiskverðs, sem útgerðarmenn fá fyrir fisk sinn. Á þessum dómi hljóta sjómenn að byggja þá kröfu, að almennt verði þeim goldinn sá hlutur, sem vangreiddur liggur frá þessum þremur umræddu árum.

Nú skyldi margur ætla, að málið lægi ofur einfaldlega fyrir, það væri ekki annað fyrir sjómennina að gera en að skrifa sínar upphæðir á reikninga og krefjast skila, en þetta er því miður ekki svo einfalt. Málið er allt býsna flókið, eins og ég hef þegar tekið fram, m. a. vegna samninga bátaútvegsmanna við fiskkaupmenn, sem eru nokkuð breytilegir frá ári til árs, og sömuleiðis vegna þess, að langt er um liðið frá því að fyrstu kröfurnar í þessu máli hafa skapazt. Án fyrirgreiðslu hins opinbera og samvinnu þess við sjómannafélögin er hægt að gera rétt sjómannanna lítils eða einskis virði, hvað margir dómstólar sem kveða á um réttindi hlutarsjómannanna.

Ef hver einstakur sjómaður þyrfti að leita til lögfræðings eða ef til vill til dómstóls um sinn hlut, heyja síðan harða innheimtu með fjárnámi og uppboði, jafnvel hjá sínum aðilanum fyrir hverja vertíð, ætti hann þess litla von, að hluturinn yrði öllu meiri en kostnaðurinn við innheimtuna. Það gæti því vel farið svo, að þessi tildæmdi réttur sjómannanna yrði lítill á borði, þótt hann sé óvefengjanlegur hvað snertir tilkall þeirra til þess arna.

Ég tel þess vegna alveg óhjákvæmilegt, að ríkisvaldið skerist hér í leikinn og leiðrétti þessi vanskil, sem að verulegu leyti eru ríkisvaldinu sjálfu að kenna og a. m. k. öllum aðilum fremur að kenna en sjómönnunum. Þess vegna hef ég flutt þá till., sem hér liggur fyrir og að efni til má greina í þrjú atriði: Í fyrsta lagi, að ríkið viðurkenni rétt sjómanna til þess arna og ákveði að skerast í leikinn um, að hlut sjómanna verði komið til skila. Í öðru lagi kveður till. á um það, hver framkvæmd í aðalatriðum er nauðsynleg til þess, að árangur náist. Og í þriðja lagi kveður till. svo á um það, hver eigi að bera kostnaðinn af þessari innheimtu, sem sýnilega hlýtur að verða kostnaðarsöm, úr því sem komið er.

Ég vil þá, með leyfi hæstv. forseta, lesa yfir þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og framkvæma svo fljótt sem verða má leiðréttingu þeirra mistaka, að sjómenn hafa ekki fengið greiddan hlut sinn úr andvirði þeirra innflutningsréttinda, sem fjárhagsráð auglýsti að boði ríkisstjórnarinnar í Lögbirtingablaðinu 8. marz 1951 og í meginatriðum hafa verið í gildi síðan — og almennt nefnast bátagjaldeyrisreglur.

Framkvæmd málsins verði í meginatriðum hagað þannig, að sjómannafélögunum verði falið að safna saman kröfum viðkomandi sjómanna, hverju á sínu félagssvæði, og frá þeim sjómönnum, sem samningar þeirra ná til. Leggi félögin síðan rökstuddar kröfur fyrir ríkisstjórnina, eða þá aðila, sem hún kann að tilnefna. Ríkissjóður greiði út hinn vangoldna hlut ásamt 6% ársvöxtum frá þeim tíma, þegar eðlileg greiðsla hlutarins hefði átt að fara fram. Ríkissjóður endurkrefji svo hlutaðeigandi útgerðarmenn eða útgerðarfélög um þá upphæð, er hann greiðir þeirra vegna.

Kostnaður allur við framkvæmd málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin greiðsla til sjómannafélaganna fyrir þeirra þátt í leiðréttingu þessari, og skal sú greiðsla ákveðin 5% af kröfum þeim, sem þau leggja fram og færa sönnur á, auk áfallins málskostnaðar eftir reikningi."

Það er á allra vitorði, hvernig sjávarútvegurinn er staddur í dag að því er varðar ráðningu dugandi manna í skiprúm. Jafnvel þeim, sem til þessa hafa sýnt hina ábyrgðarlausustu framkomu gagnvart hinu vinnandi fólki í landinu og sjómönnum þó alveg sérstaklega, er nú farið að skiljast, að eitthvað sé að, þegar þeir líta yfir árangur sinna stjórnarstarfa.

Í dagblaðinu Vísi var í gær forustugrein, þar sem drepið er á ástandið í málefnum útvegsins og togaraútgerðin einkum rædd. En þótt skórinn kreppi þar hvar harðast um þessar mundir, gegnir nokkuð svipuðu máli um bátaútveginn. Vísir veltir ástandinu fyrir sér, spyr og svarar, með leyfi forseta:

„Hvaða meinsemd er að gera vart við sig í atvinnumálum vorum? Hvað er að fara úr skorðum í atvinnukerfinu, úr því að við getum ekki lengur fengið nógu marga menn til þess að stunda aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn? Þannig spyrja margir í dag, sem af alvöru reyna að gera sér grein fyrir hinu raunverulega ástandi í atvinnumálum. Togarafloti landsmanna stendur nú svo höllum fæti, að flest skipin munu rekin með tapi, sum með stórtapi. Slíkt getur ekki staðið til lengdar. Ein meginástæðan er sú, að flotinn hefur aldrei verið í eins miklu mannahraki og nú. Hafa því flest skipin neyðzt til þess að taka óvana menn, sem ekkert kunna til sjóvinnu, og hafa afköstin við veiðarnar mikið minnkað af þeim sökum.

Þeir, sem nokkuð þekkja til útgerðar, vita, að slíkt getur riðið baggamuninn, hvort skipin bera sig eða tapa. Varla getur leikið á tveim tungum, að hér er að gera vart við sig þjóðfélagsmeinsemd, sem verður að gefa gaum. Hér er um aðvörun að ræða, sem ekki hefur enn verið alvarlega sinnt. Vér verðum að gera oss glögga grein fyrir, hvaða ástæður liggja hér til grundvallar, og leiðrétta misvægið strax, þar sem það er, og á þann hátt lækna meinið, áður en það grefur svo um sig, að alvarleg hætta stafi af. Ef við viljum frekar stunda aðra atvinnu en þá, sem þjóðinni fyrst og fremst er nauðsyn til sjálfsbjargar, þá verður að leita ástæðnanna til þess. Ástæðan hlýtur jafnan að vera fyrirbrigði, sem er hættulegt efnahagsþróun landsins, þegar til lengdar lætur."

Þetta voru orð dagblaðsins Vísis, og vænti ég, að enginn væni mig um, að ég sniðgangi þá álit andstæðinga minna um það, hvernig málefnum útgerðarinnar er komið í dag.

Til þess að þeim mönnum, sem að þessum hugleiðingum Vísis standa, sjáist síður yfir eitt aðalatriðið í þessu vandamáli, því að þess eru dæmi, að jafnvel hinir gleggstu menn láta sér sjást yfir nærtækar skýringar, þá bendi ég hér með á þau bolabrögð, sem sjómenn voru beittir í sambandi við bátagjaldeyrinn, og það í ráðherratíð eins nánasta aðstandanda þess dagblaðs, sem nú virðist, góðu heilli, sjá þess nokkra þörf, að dugandi sjómannastétt sé til í landinu, enda þótt skilningurinn virðist nokkuð einskorðaður við taps- og gróðareikning togarafélaganna. Skal að óreyndu ekki ætlað, að þeir, sem hugsa í alvöru um þessi mál, telji það heillavænlegt, að ríkisvaldið sitji yfir **umsömdum hlut sjómanna.**

En yfirsjónir í stjórnarstörfum eru mannleg fyrirbrigði, og tjáir ekki um þær að sakast endalaust. Það skiptir hins vegar meginmáli, að þegar staðreyndir hafa sannað, hvað rétt er í hverju máli, þá sé mannlega brugðið við til að leiðrétta það, sem hægt er að laga, og ekki þrjózkast við með þrákelkni eða leitun fánýtra afsakana fyrir afglöpunum.

Ég held því engan veginn fram, að samþykkt og framkvæmd þessarar till. mundi leysa vandamál íslenzka sjávarútvegsins eins og þau eru í dag, því fer fjarri. En spor væri það í áttina að því marki að sannfæra sjómenn um, að störf þeirra væru metin að verðleikum og réttindi þeirra virt af ríkisvaldinu.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leggja til, að till. minni verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 45. og 47. fundi í Sþ., 7. og 10. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 393, n. 574, 605).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 16. Friðunarsvæði fyrir Vestfjörðum.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum* [154. mál] (A. 395).

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 39. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til einnar umr.

*Flm. (Hannibal Valdimarsson):* Herra forseti. Ásamt hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) flyt ég þáltill. á þskj. 395 um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum. Efni till. er það, að við skorum á ríkisstj. að breyta 1. gr. reglug. frá 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland og förum fram á, að þessi 1. gr. reglug. taki þeirri breytingu, sem nú skal greina:

Að friðunarlínan fyrir Vestfjörðum á svæðinu milli Bjargtanga og Kögurs skuli dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar heldur en þeir grunnlínupunktar, sem hún er miðuð við, en það eru grunnlínupunktarnir nr. 43—47 í þessari reglugerð, þó þannig, að aðliggjandi takmarkalínur núverandi friðunarsvæðis að norðan- og sunnanverðu framlengist í beina stefnu, þangað til þær ná hinni nýju línu.

Það er eitt þeirra mála, sem útgerðarmenn og sjómenn á Vestfjörðum eru allir sammála um, að það sé nauðsynlegt að breyta friðunarsvæðinu á þann hátt, sem hér er farið fram á. Síðan reglug. frá 1952 var sett um nýja friðunarlínu umhverfis strendur Íslands, hefur það komið í ljós, að togaraágangur á Vestfjarðamið hefur stórkostlega aukizt. Ástæðan er sú, að við setningu hinnar nýju friðunarlínu lokuðust víðáttumikil flóasvæði, sem voru mjög eftirsótt togaramið áður, einkanlega í Faxaflóa og Breiðafirði, og við þessa útilokun af þeim miðum leituðu erlendir og innlendir togarar og togbátar með meiri þunga en áður á Vestfjarðamiðin. Afleiðingin hefur svo komið í ljós af þessu hvoru tveggja. Menn hafa þótzt merkja, að vegna friðunarinnar hér suðvestanlands hafi aukizt veiðiskapur á grunnmiðum, sprotafiskur sé nú að vaxa upp og aðstaða fyrir bátaútveginn að batna hér, en alveg hefur það gengið þveröfugt þar vestur frá, að við hina auknu ágengni botnvörpuskipanna þar hefur dregið úr aflamagni á vélbátamiðum frá ári til árs, svo að nú getur varla heitið, að löngum og löngum fáist bein úr sjó á Vestfjarða-bátamiðunum. Svo er komið, að útgerðarmennirnir á Vestfjörðum eru nú að fyllast slíku vonleysi, að það er algengt að heyra þá segja: Ja, ef til vill verður þetta seinasta vertíðin, sem við reynum að halda vélbátum úti, ef ekki verður bætt hér um og stækkað friðunarsvæðið fyrir Vestfjörðum. — Með nýju friðunarlínunni gerðist það, að víðast hvar urðu hin hefðbundnu vélbátamið innan við hina nýju línu, og vélbátaútgerðin fékk þar með aukna vernd, en á

Vestfjörðum hagar þessu þannig til, að flest gömlu, heföbundnu bátamiðin koma utan við hina nýju friðunarlínu. Vélbátarnir hafa því engan frið við sinn veiðiskap, ekki einu sinni frið með sín veiðarfæri fyrir togurunum, af því að þeir eru — einkanlega útlendu togararnir — mjög ágengir á þessi lóðamið vélbátanna. Þeir verða því að sækja grynnra en áður, og þar er engan fisk að fá. Togaraskipstjórar hafa sagt mér núna í vetur, að óvenjulega mikil fiskganga hafi komið upp að Vestfjörðum og að í djúpálnum út af Ísafjarðardjúpi hafi verið slík fiskgengd, að þeir muni ekki annað eins, en þar hefur líka verið krökkt af innlendum og erlendum botnvörpuskipum að veiðum, og við þessa margföldu girðingu togveiðiskipanna þarna úti fyrir hefur reynslan orðið sú, að fiskgöngurnar hafa ekki komið upp á bátamiðin og vélbátaflotinn vestfirzki búið við sömu ördeyðuna og undanfarna vetur, nema hvað aflaleysið hefur verið öllu átakanlegra nú en nokkru sinni fyrr.

Allir Vestfirðingar, sem um sjávarútveg hugsa, og það gera þeir flestir af skiljanlegum ástæðum, telja hér horfa til landauðnar. Fundir hafa gert ályktanir um þetta, t. d. gerði seinasti þing- og héraðsmálafundur Vestur-Ísfirðinga samþykkt um þessi mál, og endaði sú ályktun á því, að það sé vitað og viðurkennt, að eftir að hin nýja friðunarlína var sett, hafi ágengni botnvörpuskipa stóraukizt fyrir Vestfjörðum.

Nú er spurningin sú: Hefur íslenzka ríkisstj. aðstöðu til þess að verða við þeirri brýnu ósk, sem hér er borin fram? Sem betur fer er það svo, að íslenzk lög gefa íslenzkri ríkisstj. algerlega frjálsar hendur um það að ákveða með reglug., hvernig friðunarlínan sé ákveðin og dregin. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér, þessu til skýringar og sönnunar, að lesa 1. gr. l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, en þau l. eru nr. 44 frá 5. apríl 1948, og segir svo í 1. gr.:

„Sjútvmrn. skal með reglugerð ákveða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skulu háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákveða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum till. Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar Háskóla Íslands."

Af þessu skýra lagaákvæði er það ljóst, að sjútvmrn. hefur hinar fyllstu heimildir, sem með þarf, til þess að ákveða friðunarlínu eins og nauðsynlegt er til verndunar fiskimiðanna, og reynslan sýnir, að það er nauðsynlegt að veita vestfirzku bátamiðunum aukna vernd. Í grg. segir enn fremur, eins og hv. þm. hafa nú heyrt, að friðunarlínuna megi ekki draga þannig, að friðun á landgrunninu verði nokkurs staðar fyrir aukinni rýrð, en það er alveg ljóst, að friðunin á Vestfjarðamiðunum hefur orðið fyrir rýrð. Það er á móti ákvæðum laganna, að Vestfjarðamiðin eru nú að eyðileggjast, og þess vegna verður þar einmitt samkvæmt anda þessara laga og bókstaf að bæta þar úr.

Nú mundi einhver segja: Er það ekki hættulegt að fara að hrófla við þeirri friðunarlínu, sem sett var 1952? Ef þetta verður gert fyrir Vestfirðingana, viðurkennandi þá brýnu nauðsyn, sem þar er fyrir hendi, verður þá ekki borin fram krafa hér og þar í öðrum landshlutum um það sama og þannig allt komið á ringulreið með þessa friðunarlínu? — Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að óttast þetta, því að það stendur alveg sérstaklega á fyrir Vestfjörðum. Vélbátamiðin þar eru fyrir utan friðunarlínu. Það er óvíða kringum strendur landsins nema úti fyrir Hornafirði. Þar mun meginhluti af vélbátamiðunum líka vera fyrir utan friðunarlínuna, en þar eru engin eftirsótt togaramið fyrir utan, sem geri það að verkum, að bátarnir hafi engan frið á sínum veiðislóðum utan línunnar. Þeir geta þar stundað sínar veiðar, og þess vegna hafa engar óskir komið frá þeim um það, að línan verði þar færð út þeim til verndar. En aftur eru einhver beztu togaramið í heimi úti fyrir Vestfjörðum, og það er það, sem gerir að verkum, að friðunarlínan verður að færast út fyrir bátaveiðisvæðin, svo að þeir hafi þar aðstöðu til að stunda sínar veiðar. Halamiðin eru 50 sjómílur undan landi á Vestfjörðum, en hér er farið fram á, að friðunarlínan verði dregin 16 sjómílur frá andnesjunum.

Það verður því ekki hægt að segja, að með þessari breytingu, sem hér er farið fram á, sé höggvið nærri hagsmunum togaraútgerðarinnar. Þeir hafa sín Halamið óskert og aðganginn að þeim, en er aðeins bægt frá meginhlutanum af vélbátamiðunum. Þó ná vélbátamiðin enn þá lengra út en hér er um að ræða. Það er algengt, að bátarnir af Vestfjörðum rói 20—25, jafnvel upp í 30 mílur undan yztu nesjum. En með 16 sjómílna friðun væri þó meginþorrinn af miðum þeirra kominn inn fyrir línu og nyti þannig þeirrar verndar, sem virðist hér suðvestanlands þegar vera farin að bera árangur. Menn hafa því trú á, að þetta sé leiðin til þess að bjarga vélbátaútgerðinni vestur frá frá eyðingu.

Það hefur verið svo, og það mun verða svo um langan aldur, að Vestfirðingar þurfa að byggja sína lífsafkomu að miklu leyti á vélbátaútgerð, því að á landi verða þeir að lifa á fiskiðnaði fyrst og fremst, og það er og verður vélbátaútvegurinn, sem verður að útvega gott, fyrsta flokks hráefni til vinnslu fyrir fiskiðnaðarstöðvarnar. Hitt skal játað, að Vestfirðingar hafa líka góða aðstöðu til þess að notfæra sér afla af togurum og afli þeirra getur þar fremur en annars staðar verið nothæft hráefni fyrir fiskiðnað, af því að hann getur borizt þar nýrri að landi en annars staðar. En þarna verður þó þetta þrennt að haldast í hendur, vélbátaútgerð og togaraútgerð, og fiskiðnaðurinn á aðallega að byggjast á þeirri síðarnefndu.

Ég er alveg sannfærður um það, að hv. alþm. fallast á, að hér er borið fram nauðsynjamál undirstöðuatvinnuveganna á Vestfjörðum og

að það er verið að fara fram á, að þeir fái réttan hlut sinn í samræmi við fengna reynslu. Það hefur ekki verið hlaupið af stað með þetta mál fyrr en reynslan var búin að tala — tala skýru máli.

Með hinni nýju friðunarlínu frá 1952 færðist friðunarlínan fyrir Vestfjarðasvæðinu aðeins út um eina kvartmílu, með nokkrum óverulegum undantekningum, þar sem gamla línan vék ofur lítið inn í Djúpkjaftinn, en aðallega og nálega eingöngu um eina kvartmílu. En víðs vegar annars staðar á landinu friðaði hin nýja lína mjög víðáttumikil veiðisvæði á grunnmiðum. Hitt er alveg rétt, að með þessu þarf að víkja frá hinni algildu reglu um, að friðunarlínan sé dregin fjórar mílur undan yztu nesjum.

Ég tel ástæðulaust að fjölyrða frekar um þetta mál. Með þáltill. okkar hv. þm. V-Ísf. fylgir uppdráttur, sem gerður var af kortagerðardeild vitamálaskrifstofunnar, og er þar ljóslega sýnt, hvernig hin nýja lína er hugsuð, og þarf engar útlistanir eða útleggingar um það, hvað fyrir okkur flm. vakir. Hitt verða svo hv. þm. að vega og meta, hvort ekki sé rétt með farið að því er snertir þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið hér um erfiðleika vélbátaútgerðarinnar á Vestfjörðum, og að það hefur sífellt snúizt meira og meira á ógæfuhliðina, síðan hin nýja friðunarlína var dregin. Það virðast því liggja fyrir óyggjandi sannanir um það, að hér verði að ráða bót á, annaðhvort með breytingu á friðunarlínunni eða með því að horfast í augu við það, að vélbátaútgerð á Vestfjörðum leggist niður, og þá verður þjóðfélagið að gera ráðstafanir til þess að bæta þarna það stóra ófyllta skarð með því að hjálpa Vestfirðingum til að margfalda sína togaraútgerð. Ef hvorugt þetta verður gert, þá er alveg sýnt, að fólkið getur ekki haldizt við á Vestfjörðum. Þá verður að leggja landshlutann í eyði — og gera það þá heldur á skemmri tíma en lengri, til þess að það kosti ekki allt of miklar hörmungar og þjáningar.

Ég treysti því sem sagt og við flm., að hv. Alþ. samþykki þessa þáltill., og síðan verður að treysta því, að hæstv. ríkisstj. framkvæmi það, sem fram á er farið: að breyta friðunarlínunni á þessu svæði eins og þar er farið fram á, og er það óyggjandi, að hún hefur til þess hinar fyllstu heimildir í löggjöfinni frá 1948 um vísindalega friðun landgrunnsins. — Ég legg svo til, að umr. verði nú frestað, en till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 45. og 47. fundi í Sþ., 7. og 10. apríl, var frv. tekið til frh. einnar umr. (A. 395, 501, n. 505 og 506).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 17. Jarðvinnsla og meðferð búvéla.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um aukna kennslu í jarðvinnslu og meðferð búvéla í búnaðarskólum* [156. mál] (A. 401).

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 10. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

*Flm. (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Síðasta áratug hefur véltækni við jarðrækt fleygt mjög fram hér á landi, svo og við aðrar greinar landbúnaðar. Þessi aukna tækni hefur orðið til þess, að bændur hafa talið sér fært að sýna meiri stórhug í ræktunarframkvæmdum en áður var, þar sem gera mátti ráð fyrir, að það fé, sem varið var til ræktunar, bæri skjótan og góðan ávöxt miðað við þau stórbrotnu tæki, sem fáanleg voru til þessara framkvæmda. Reynslan hefur og orðið sú, að bændur hafa varið mjög miklum fjárhæðum til ræktunar síðasta áratuginn og ríkissjóður styrkt þessa ræktun með verulegum fjárfúlgum, eins og eðlilegt mátti teljast, meðan ræktunarmál landsmanna voru að komast í sæmilegt horf, a. m. k. með hliðsjón af framleiðslu búvara til innanlandsneyzlu.

Aldrei hefur jafnmikið land verið brotið og ræktað í sögu þjóðarinnar og síðasta áratug. Sé litið á þá hlið málsins eingöngu, var hér um stórvirki að ræða, stórbrotið átak í framfaraátt, sem allir gátu glaðzt yfir. Hinu er svo ekki ástæða að leyna, að kunnátta landsmanna um meðferð og hagnýtingu vélanna óx ekki að sama skapi og vélaeignin sjálf. Hefur svo mikið verið rætt og ritað um kunnáttu- og hirðuleysi í sambandi við meðferð véla hér á landi, að óþarft er að fjölyrða um. En þó að þetta atriði sé ljóst öllum almenningi, er ekki víst, að hitt sé öllum ljóst, að jafnmikið eða meira skortir á kunnáttu landsmanna um skynsamlega hagnýtingu vélanna en hirðingu þeirra. Þess eru mörg dæmi, að ræktunarsamböndin hafa orðið að grípa til þess að ráða menn til að fara með jarðvinnsluvélar, sem voru alls ófróðir og óvanir jarðvinnslu, vegna vöntunar á lærðum mönnum. Árangurinn af því hefur orðið að vonum. Eru þess jafnvel dæmi, að nýræktartún hafa ekki verið véltæk heyskaparvélum, þegar fara átti að hirða uppskeruna af hinni dýrmætu og dýru ræktun. Er það auðskilið mál öllum, sem það vilja athuga af skynsemi og sanngirni, hvert tjón það er, ekki aðeins þeim bændum, sem fyrir því verða, heldur og þjóðfélaginu í heild, að varið sé miklu fjármagni, bæði einkafé og opinberum styrkjum, til framkvæmda, sem sakir vankunnáttu eru þannig úr garði gerðar, að þær skila ekki þeim arði eða framlagi í þjóðarbúið, sem til var ætlazt og þær hefðu auðveldlega getað gert. Slíkt er vitanlega engum til góðs, og því ber að gera allt það, sem fært er til að koma í veg fyrir, að

fyrir og verið mikið kappsmál bindindisfélaganna hér að koma upp húsi fyrir starfsemi sína í bænum, en af fjárhagsástæðum hefur orðið dráttur á þessu og getur orðið nokkur dráttur á þessu enn. Þetta má því segja að sé eða hafi lengst af verið eina samkomuhúsið, — eða var, þangað til bindindisfélögin festu kaup á húsi á Fríkirkjuvegi, sem einnig er notað nú í þágu bindindisstarfseminnar, en sá húsakostur, þó að hvort tveggja sé lagt saman, er allt of lítill fyrir þessa starfsemi, eins og nú er komið, miðað við þann mikla mannfjölda, sem nú er hér í Reykjavíkurbæ. Ég verð þess vegna að segja það, að þar sem enginn nauður rekur til þess nú, að það verði farið að reka bindindisfélögin í burtu með þetta hús, — þar er einungis um að ræða lítils háttar stækkun á alþingishúsgarðinum, en snertir ekkert þá nauðsyn að afla landrýmis til byggingar fyrir Alþingi, — þá finnst mér, að það væri ærin meinbægni, þar sem svona stendur á, að vilja nú, þrátt fyrir það þó að Alþingi hafi full ráð á þessu og geti gert það, sem því líkar í þessu efni, fara að reka bindindisfélögin í burtu með þetta hús, og ég veit ekki, hvort hv. flm. hefur athugað það mál, hvar væri fenginn staður hér í bænum til þess að flytja þetta hús á, þar sem segja mætti að það væri hægt að nota það til þessarar starfsemi, sem vitanlega þyrfti að eiga sér aðsetur einhvers staðar um miðbik bæjarins.

Ég vildi þess vegna mjög vænta þess, að hv. Alþ., sem sýnt hefur fulla viðurkenningu á þessari starfsemi á margan hátt með nokkrum fjárframlögum, þó að naumt hafi verið skammtað að því er snertir að bæta aðstöðu til byggingarmöguleika, sýnt þessari starfsemi velvilja og góðvild á margan hátt, fari ekki alveg að nauðsynjalausu að gera slíkar ráðstafanir eins og nú er, því að í tillögunni er að því stefnt, að húsið verði flutt í burtu á þessu ári. Þess vegna hef ég flutt hér mína brtt., sem einungis felur í sér þá breyt., að Templarasund 2 verði undanskilið þeim ákvæðum, sem till. nú hljóðar um, og ég get mjög vel tekið undir með hv. flm., að rétt sé að samþ. og gera þær ráðstafanir, sem þar er lagt til.

Það hefur verið mjög um það rætt, eins og ég gat um í upphafi míns máls, að nauðsyn væri að byggja þingmannabústað hér, en ég hef ekki orðið var við það, að það liggi fyrir eða hafi komið fram till. um neina fjárveitingu til þess, að þetta verði gert, þannig að það þarf vissulega að taka betur á, áður en í slíkt verður ráðizt. Hitt getur svo haft alveg fullan rétt á sér, að tryggja þessa lóð, sem þar um ræðir, sem Kirkjustræti 12 stendur á, hið gamla hús Halldórs sáluga Friðrikssonar menntaskólakennara, þess merka manns, og svo að listamannaskálinn, ég held að það sé kallað svo í daglegu tali, verði einnig fjarlægður af þeirri lóð.

Ég vil ekki gera neina till. um n. hér, en náttúrlega hefði öðruvísi staðið á og jafnvel þó að svo sé nú komið, þá hefði það verið mjög eðlilegt, að slíkri till. hefði verið vísað til nefndar.

*Gunnar Thoroddsen:* Herra forseti. Hv. flm. þessarar þáltill. hefur nú gert grein fyrir tilgangi hennar, og ég vil taka undir það með honum, að brýna nauðsyn ber til þess að skapa Alþingi betri starfsskilyrði með auknum og bættum húsakosti og enn fremur að sjá utanbæjarþingmönnum fyrir þingmannabústað. Hvort tveggja er mikil nauðsyn til þess að auðvelda störf Alþingis. Alþingi og ríkissjóður eiga nú lóðir hér í kringum alþingishúsið og eðlilegt, að með tímanum verði þær notaðar sem bezt í þágu Alþingis. Hins vegar tel ég skylt að benda á, að málið er ekki eins auðvelt og einfalt úrlausnar og gæti virzt af till. hv. þm. og ræðu hans. Ég vil benda hér á örfá atriði, sem ég vænti að hv. fjvn. taki til athugunar, áður en málið er endanlega afgreitt, og geri það að till. minni, að málinu verði þangað vísað.

Það, sem till. fer fram á, er í rauninni fyrst og fremst að fjarlægja þrjár byggingar, sem eru hér í grennd alþingishússins. Í fyrsta lagi er það byggingin á Kirkjustræti 12, og má vera, að það geti orðið að skaðlitlu, vegna þess að innan skamms verði unnt að koma þeirri starfsemi, sem þar er, fyrir í annarri byggingu. Í öðru lagi er það myndlistarskálinn, sem á að fjarlægja. Sá skáli var nú upphaflega reistur til aðeins fárra ára, en hefur bætt úr mjög brýnni þörf og er í rauninni eini rúmgóði salurinn, sem til er hér til myndlistarsýninga. Þessi skáli er byggður aðeins til bráðabirgða, en meðan hann getur staðið og fullnægt þessu ætlunarverki sínu, þá tel ég sjálfsagt að nota hann, þangað til önnur salarkynni eru komin í staðinn. Hitt tel ég ekki koma til mála, að ætla að víkja listamannaskálanum burt skilorðslaust á þessu ári án þess að sjá fyrir öðrum húsakynnum fyrir myndlistarsýningar. Menn gætu sagt sem svo, að það mætti flytja skálann á aðra lóð, en þar til er því að svara í fyrsta lagi, að það mun allerfitt að finna aðra lóð hér á mjög hentugum stað til að flytja þennan skála á, og í öðru lagi tel ég mjög hæpið, að hann sé flutningshæfur, að hann sé þannig byggður. Þriðja byggingin, sem á svo að fjarlægja, er góðtemplarahúsið. Það er auðvitað líka aðeins tímaspursmál, hvenær það hverfur. Góðtemplararegluna hefur í undirbúningi byggingu templarahúss eða templarahallar og hefur verið úthlutað sérstakri lóð hér í bænum undir þá byggingu. Vitanlega tekur það nokkurn tíma að reisa hana. Fyrst og fremst má segja, að það velti á fjárfestingaryfirvöldunum, hvort slíkt verður leyft. Í öðru lagi er fjármagnið. Ég býst við, að eitthvað muni nú vera til í byggingarsjóði í þessu skyni, en hvað sem því líður, þá liggur það ekki fyrir nú, að á þessu ári verði tilbúið nýtt hús eða ný húsakynni fyrir þá starfsemi góðtemplararegluunnar, sem rekin hefur verið um langan aldur í þessu húsi. Ég tel ekki koma til mála að rífa eða skipa burt þessum aðalsamkomustað góðtemplararegluunnar, án þess að um leið sé hægt að benda á einhver önnur húsakynni eða að reglunni hafi gefizt kostur á því að koma upp sínu eigin húsi.

Nú kunna menn að segja: Það má flytja góðtemplarahúsið á aðra lóð. En þá spyr ég:

Hvar er sú lóð? Hefur Alþingi eða ríkisstjórnin einhverja lóð, sem er í eigu þessara aðila og hægt væri að bjóða góðtemplurum í staðinn, og þá á þeim stað, sem kæmi að verulegu leyti að sama gagni og sá staður, sem þeir hafa nú fyrir sína starfsemi?

Um leið og ég undirstrika þá nauðsyn, sem hv. flm. benti á um bætt starfsskilyrði fyrir Alþingi og þingmannabústað, þá vil ég þó benda á, að það má ekki flana svo að þessu, að hér séu rifin eða rekin burt hús, sem þjóna vissu mikilvægu hlutverki fyrir bæjarfélagið og þjóðfélagið, án þess að séð sé fyrir öðru í staðinn.

Ég vil nú taka undir orð hv. þm. Borgf., að ekki sé aðkallandi nauðsyn að losna við þessar byggingar, og átti hann þó sérstaklega við góðtemplarahúsið. Ég hef ekki og held ekki, að þm. hafi orðið fyrir neinum sérstökum óþægindum eða ónæði af þeirri starfsemi, sem fram fer í góðtemplarahúsinu, svo að ástæða sé af þeim ástæðum til að heimta húsið burt með þetta skömmum fyrirvara.

Ég vil enn fremur nefna eitt atriði. Það kom fram í ræðu hv. flm., að til greina gæti komið að byggja, — ég veit ekki, hvort ég hef skilið hann rétt, — að til greina gæti komið að byggja þar fyrir Alþingi eða sem þingmannabústað, sem góðtemplarahúsið stendur og e. t. v. Vonarstræti 8. Ég vil minna á í því sambandi, að á þeim skipulagsuppdráttum af Reykjavík, sem fyrir liggja, er ekki gert ráð fyrir húsbyggingu sunnan alþingishússins. Og í öðru lagi vil ég benda á það, að ef ráðhús Reykjavíkur yrði staðsett við Vonarstræti, þ. e. a. s. sunnan Vonarstrætis, en allar þær n., sem sérstaklega hafa um þetta fjallað, og sérfræðingar hafa sérstaklega bent á þann stað, þá mundi það rekast á að reisa ráðhúsið sunnan Vonarstrætis og þingmannabústað eða annað í þágu Alþingis norðan Vonarstrætis. Það hvort tveggja gæti ekki samrýmzt, þannig að annað hvort yrði vafalaust að víkja.

Ég taldi nú rétt að benda á þessi atriði hér strax við fyrri umr., en tel þau hins vegar það mikilsverð, að óhjákvæmilegt sé, að þn. athugi þau og gangi úr skugga um, hvaða möguleikar væru til þess að framkvæma þann brottflutning á þeim húsum, sem hér um ræðir, án þess að yrði að verulegu tjóni fyrir þessa starfsemi. Hitt tel ég mjög varhugavert og mun fyrir mitt leyti greiða atkvæði á móti því að samþ. till. óbreytta.

*Flm. (Björn Ólafsson):* Herra forseti. Það er sýnilegt, að ef hv. þm. Borgf. og hv. 7. þm. Reykv. mættu ráða, verður seint hreinsað til í kringum alþingishúsið, og heyrist mér á ræðum þeirra, að þeim finnst ekkert liggja á að koma burt þessum skúrum, sem hér eru við lóð þinghússins, til lítillar prýði. Hv. 7. þm. Reykv. minntist á það í lok ræðu sinnar, að e. t. v. ætti að byggja ráðhús hér í nágrenninu og að þar gæti ekki hvort tveggja rúmazt, ráðhúsið og þinghúsið. Ég verð nú að segja, að þó að ég telji sjálfsagt og mikla nauðsyn á því, að byggt verði stórt og fallegt ráðhús hér í Reykjavík, geti það þó ekki komið til mála, að þinghúsið verðið látið víkja af sínum forna stað vegna þess, að hér á að byggja ráðhús. Að sjálfsögðu eru í stórri borg eins og Reykjavík margir staðir, þar sem með góðu móti má reisa ráðhús, þar sem það sómir sér vel, án þess að taka þurfi af þeirri einu lóð, sem Alþingi Íslendinga hefur til umráða, nema menn vilji, að þingið verði flutt af þeim stað, sem það er nú hér, og flutt þá hér eitthvað upp í holt fyrir austan bæ. Á þeim stöðum eru nú helzt lausar lóðir. Ég hygg, að fáir þeirra manna, sem nú sitja á Alþ., gætu hugsað sér, að Alþingi yrði flutt héðan burt eftir nokkur ár, vegna þess að ekkert lóðarrými væri hér til fyrir það. Víst er það, að Alþingi með vaxandi störfum getur ekki haldið áfram að vinna við þau starfsskilyrði, sem það hefur nú og hefur orðið að vinna við í mörg ár. Og ekki er ástæða til að fara í grafgötur um það, að Alþingi verður að fá betri starfsskilyrði og meiri húsakynni en það hefur nú.

Hv. 7. þm. Reykv. taldi, að sjálfsagt væri, að bæði myndlistarskálinn og góðtemplarahúsið fengju að standa um ótakmarkaðan tíma. Ég er mjög á öndverðri skoðun við hann í þessu máli. Það kann vel að vera, að þessar bráðabirgðabyggingar þjóni nytsömum tilgangi að einhverju leyti. En það er rangt að halda þessum skúrbyggingum á lóð Alþingis, þó að það glappaskot hafi einu sinni verið gert að leyfa að byggja listamannaskálann við hliðina á Alþingi, sem aldrei skyldi hafa verið leyft. Ég geri ráð fyrir, að þeir menn, sem á sínum tíma voru því fylgjandi, að slík bygging yrði leyfð, hafi mjög séð eftir því að ljá því atkvæði sitt. Eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, þurfum við ekki að fara langt til þess að sjá, hvað með þessu hefur verið fært að dyrum Alþ., þegar í skálanum er verið að halda hlutaveltur með slíkum glym, að þm. heyra ekki til þeirra manna, sem eru hér að halda ræður í salnum.

Hv. þm. gat enn fremur um það, að sjá þyrfti góðtemplarareglunni fyrir einhverjum stað til þess að flytja sitt hús á. Ég get ekki séð það. Hvorki ríkisstj. né Alþ. ber nokkur skylda til þess að sjá góðtemplarareglunni stað fyrir það hús, sem hér er um að ræða. Lóðin var keypt á sínum tíma með því skilyrði, að húsið yrði flutt burt ríkissjóði og Alþingi að kostnaðarlausu, og ég get þess vegna ekki skilið, að það sé komin nokkur ný kvöð á Alþingi eða ríkissjóð um brottflutning þess og að sjá því fyrir lóð. Kaupin voru gerð með því skilyrði, að húsið yrði flutt í burtu, en því var lofað að standa á lóðinni, eftir að kaupin voru gerð, rétt til bráðabirgða. Síðan eru nú meira en tíu ár.

Ef viðbót sú, sem ég hef lagt fram við mína till., verður þess valdandi, að mönnum þykir, að nauðsynlegt sé að senda till. til n., sökum þess að hér sé um fjárútlát að ræða, þá er ég fús að draga hana til baka og mun þá gera það.

Hv. þm. Borgf. spurði að því, hvort ég áliti, að leggja ætti niður alþingisgarðinn og gera hann að byggingarlóð. Ég minntist aldrei á það í ræðu minni. Það, sem ég sagði, var það,

að ég álít, að nú ætti að hreinsa til í kringum alþingishúsið og m. a. að stækka alþingisgarðinn og gera hér fallega lóð í kringum húsið. En það er ekki hægt nema með því móti að fá flutt burt þau hús, sem nú standa á nefndum lóðum. Ég vil láta hreinsa lóðina og rækta hana, þannig að það sé til sóma fyrir þá stofnun sem hér er til húsa.

Ég get ekki verið hv. þm. Borgf. sammála í því, að það sé engin ástæða til að flytja húsið, vegna þess að sjálft Alþ. þurfi varla að byggja svo mikið yfir sig, að það hús verði því Þrándur í Götu. Nei, ég er þeirrar skoðunar líka, að ekki eru líkindi til þess, að Alþ. þurfi fyrst um sinn að byggja svo stórt í viðbót við það hús, sem það hefur, að þetta hús þurfi þess vegna að hverfa. En þessi kumbaldi á að fara af lóðinni vegna þess, að það á að vera annað umhverfi kringum alþingishúsið heldur en er í dag, því að það er til háðungar.

Ég hefði nú ekki búizt við því, að hv. 7. þm. Reykv. væri á móti því, að góðtemplarahúsið væri flutt, vegna þess að engin lóð væri til undir húsið í bænum. Ég efast ekki um, ef hann leitar vel, að þá mundi hann hafa bæði góðan vilja og fulla getu til þess að sjá þessu húsi fyrir lóð, þar sem það getur staðið til frambúðar og komið að sömu notum og nú. Sama er að segja um listamannaskálann. En þó að þessi hús séu notuð nú í ákveðnum tilgangi, er engin ástæða til að láta þau vera hér við dyrnar á alþingishúsinu til óprýði og skapraunar.

*Jón Pálmason:* Herra forseti. Hv. flm. þessarar till. vék að því í sinni framsöguræðu, sem öllum þm. er raunar kunnugt, að það er nýbúið að ákveða það í lögum, er samþykkt voru á þessu þingi, að hefja undirbúning að byggingu þingmannabústaðar og að ganga svo frá á þessu yfirstandandi ári, að það sé ákveðið, hvar sá bústaður skuli reistur. Ég fyrir mitt leyti get ekki hugsað mér, að það hús verði reist annars staðar en hér alveg í nánasta nágrenni þinghússins.

En ég vil nota þetta tækifæri, sem hér gefst, til þess að skýra hv. alþm. frá tilboði, sem mér barst s. l. vetur varðandi þetta mál og ég þá sem þáverandi forseti afgreiddi, að ég taldi, á eðlilegan hátt. Þetta tilboð var frá háttvirtum aðalforstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, þar sem hann bauðst til þess að hefja samninga við Alþingi um byggingu á þingmannabústað og þingmannahóteli hér vestan við alþingishúsið. Eins og kunnugt er, á Samband ísl. samvinnufélaga lóð hér í nágrenni, í Kirkjustrætinu, sem ekki er bygging á. Ég svaraði þessu tilboði, eins og gefur að skilja, á þann hátt að þakka fyrir svo vinsamlegt tilboð og óska eftir, að þegar tækifæri gæfist, yrðu samningar um það upp teknir. En eins og kunnugt er, þá hafa forsetar Alþingis ekki ráð á því, eða það hefur ekki verið venja, að þeir ákveði um stór fjárútlátamál á milli þinga, og þess vegna sendi ég öllum formönnum þingflokkanna afrit af þessu bréfi og óskaði svars frá þeim. Það svar hafði ekki komið, þegar núverandi þing hófst, og eins og kunnugt er, þá var það mál alveg úr minum höndum eftir það, að nýtt þing tók til starfa. En ég vil segja hv. alþm. frá þessu, til þess að þeir allir viti um, að þetta tilboð hefur borizt. Það er og eitt af því, sem sýnir, að það eru fleiri möguleikar til þess að fá upp þennan þingmannabústað og jafnvel meira en bústað fyrir þingmenn heldur en þeir, að það sé beinlinis lagt út fé, ef það gætu tekizt um það aðgengilegir samningar við það fyrirtæki, sem þarna á hlut að máli. Og þetta er eitt af því, sem kemur að sjálfsögðu til greina, þegar þetta mál verður tekið til afgreiðslu, svo sem væntanlega verður, hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki. Kemur þá fyrir hæstv. ríkisstj. að taka ákvarðanir um það á þessu komandi sumri, og mér sýnist vera á því mikil nauðsyn og sjálfsagt, að það sé rýmt til hér vegna þeirra fyrirhuguðu bygginga, sem þurfa að koma upp í sambandi við starfsemi þingsins.

Að öðru leyti skal ég ekki blanda mér í þær deilur, sem hér hafa orðið um það, hvort ætti að rýma burt góðtemplarahúsinu og listamannaskálanum alveg á næstunni, en þó að þessi till. væri samþykkt, sem hér liggur fyrir, eins og hún er, þá er það náttúrlega til athugunar í samráði við bæjaryfirvöldin hér, hvað fljótt að því yrði undið að rýma þessum byggingum af lóðinni.

*Gísli Jónsson:* Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Borgf. og hv. 7. þm. Reykv. vildi ég aðeins hafa sagt hér nokkur orð í sambandi við þetta mál.

Það var á þinginu 1943, þann 13. febrúar, sem samþykkt voru lög um heimild til ríkisstj. til þess að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess. Ég hygg, að þessi lög hafi verið samþykkt hér af miklum meiri hluta hv. alþm., sem þá áttu sæti hér á Alþ. Og það virðist sjálfsagt gert af því, að þeir hafa litið á þetta mál allt öðrum augum en hv. þm. Borgf. lítur á það nú, þar sem hann sagði, að það væri ekkert aðkallandi mál að fara út í slíkan kostnað sem því væri samfara. Síðan eru liðin 11 ár, og mér er kunnugt um, að svo að segja á hverju þingi hefur þessu verið hreyft á einn eða annan veg ýmist í sambandi við umræður hér á Alþ. eða við hæstv. ríkisstj., að hrinda þessu máli í framkvæmd, þó að það hafi ekki enn verið gert. Og það er m. a. vegna þess, að tekið er upp í lögin um þingfararkaup alþm., lífeyrissjóð o. fl., í 2. gr., að reisa skuli þingmannabústað svo fljótt sem því verður við komið, og skal undirbúningur, svo sem staðarval, uppdráttur o. s. frv., hafinn nú þegar og honum lokið á árinu 1954. Og meiri hl. hv. alþm. stendur að þessari samþykkt. Það er því ekkert um að villast, að það er talin þörf á þessum framkvæmdum. Það stendur einnig hér í sömu grein, 2. gr. l., að kostnaður við byggingu greiðist úr ríkissjóði. Og það er ein ástæða fyrir því og aðeins ein, að ekkert er tekið upp í fjárlög á þessu ári, að forsetar þingsins gátu ekki vitað, hve mikill þessi kostnaður er. Hann fer m. a. mjög eftir því, hvaða staður verður

valinn. Ég hygg, að þessi lagafyrirmæli hér í 2. gr. hafi eins mikinn rétt eins og hver önnur lög, sem fyrirskipa á Íslandi, að það skuli gera ákveðnar framkvæmdir. Það er ekki einu sinni sagt hér, að þetta skuli gert eftir því, sem fé sé veitt til þess á fjárlögum á hverjum tíma, heldur er þetta bein fyrirskipun Alþ., að það skuli reisa þann bústað, sem hér um ræðir. Þess vegna kemur það ákaflega einkennilega fyrir sjónir, þegar menn rísa nú upp og segja, að það sé nú engin þörf á að hefja þessar framkvæmdir.

Mér þykir rétt í sambandi við þetta að upplýsa, að forsetar þingsins töldu sér skylt, eftir að þessi lög höfðu verið samþykkt, að skrifa hæstv. ríkisstj. og óska staðfestingar á því, að hún léti á þessu ári gera þær framkvæmdir, sem 2. gr. l. fyrirskipar, og af því hefur svo hæstv. ríkisstj. látið ganga hér lista til hv. alþm. um það, hverjir mundu óska sér að taka bústað í slíkum bústað, ef hann yrði reistur eða keyptur. Og ég hygg, að mikill meiri hl. hv. utanbæjarþm. hafi verið því fylgjandi eða óskað þess, að þeir fengju tækifæri til þess að búa í slíkum bústað, þegar honum væri komið upp. Ég geri því ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. fari hér að lögum, láti undirbúa þetta mál á þessu ári og hafi þessar till. til, þegar þing kemur saman næst, alveg eins og lögin mæla fyrir um. Og í beinu áframhaldi af því er svo þáltill. hv. flm. til orðin.

Nú vil ég í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að það, að rýmt verði í burtu Kirkjustræti 12, eins og gert er hér ráð fyrir, er engin sönnun fyrir því, að hvorki fáist að byggja þar eða að unnt sé að byggja þar yfirleitt. Ég hygg, að ef ætti að byggja þar, hvort heldur væri þingmannabústað eða byggingu við alþingishúsið, þá mundu viðkomandi skipulagsyfirvöld ekki leyfa það, vegna þess að sannleikurinn er sá, að það er útilokað að byggja á þeirri lóð, ef ekki á að eyðileggja gersamlega svipinn á alþingishúsinu. Þá verður vitanlega að fara með hina nýju byggingu einmitt þangað, sem listamannaskálinn stendur, þ. e. a. s. lengra til baka, til þess að alþingishúsið geti enn þá staðið sjálfstætt, en því ekki kúldað niður á milli annarra húsa, sem mundu taka allan svip af alþingishúsinu.

Um ummæli hv. 7. þm. Reykv., að hann telur, að það komi ekki til mála, að listamannaskálinn verði fluttur, svo lengi sem hann geti staðið, verð ég að segja, að mig undrar slík yfirlýsing. Hús þetta hefði aldrei átt að leyfa að byggja á lóðinni. Það er útrunninn fyrir löngu sá tími, sem því var leyft að standa. Nú er það algerlega á valdi hæstv. forseta þingsins, hve lengi þessi listamannaskáli fær að standa. Og ég teldi það mjög miður fara, ef þeir hæstv. forsetar, sem verða hér á næsta þingi, gera ekki alveg sérstakar ráðstafanir til þess, að húsið verði flutt þegar í burtu. Það er búið að standa hér of lengi. Það hefur ekki verið neinum til sóma. Og eins og hv. flm. sagði hér áðan, hefur hvað eftir annað orðið að senda úr Ed. út í þennan skála til þess að stöðva þau læti, sem þar eru, á meðan þingfundir eru haldnir. Það er því raunverulega hrein og bein ósvinna, að það skuli ekki fyrir löngu vera búið að flytja það hús í burtu.

Mér skilst nú, að það sé nokkurn veginn sama, hvort till. á þskj. 578 er samþykkt eða ekki. Hún ítrekar að vísu ekkert að flytja í burtu templarahúsið. Það liggja fyrir því fullar heimildir, eins og hv. flm. sagði, að sá tími er útrunninn, sem þessu húsi hefur verið leyft að standa á lóðinni, svo að sú till., sem hér um ræðir, fyrirbyggir ekkert, að viðkomandi aðilar geri þá kröfu, að húsið verði flutt í burtu, þó að samþykkt verði. Það verður þá að breyta þeirri till., ef á að fyrirbyggja það út af fyrir sig. Ég sé ekki, að það sé nein ástæða til þess að samþykkja till. af þeim ástæðum.

Hitt er alveg víst, eins og ég tók fram og ég hef sýnt fram á hér, að það eru kröfur meiri hl. alþm. um það að byggja bústað fyrir þm. Það er eðlilegast, að það verði byggt hér á þessari lóð í sambandi við þessa byggingu hér, því að eins og hv. flm. þáltill. tók fram, þá eru hér engin vinnuskilyrði, sem ekki er von. Það eru allt önnur verkefni, sem eru rædd hér og þarf að taka ákvarðanir um, heldur en var fyrir aldamót. Og það er eiginlega alveg furða, hversu hefur verið hægt að nota þetta hús svo lengi án þess að stækka það, og sýnir, hversu miklu meiri stórhugur hefur þá verið hér ríkjandi í þessu landi heldur en nú, þegar kofar eins og templarahúsið og listamannaskálinn mega ómögulega víkja fyrir nauðsyn Alþ. til að byggja svo yfir sig, að þingmenn geti gegnt sæmilega sínum störfum í salarkynnum þess.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þau rök, sem hér hafa verið flutt fram af hv. flm. þessarar till. og öðrum þeim, sem tekið hafa undir hans málflutning, og skal engu eða litlu þar við bæta. Ég vil aðeins minna á, að Alþ. hefur nú þegar tvívegis fyrir utan ákvarðanirnar um byggingu þingmannabústaðar, sem segja má að séu nokkuð annars eðlis, tekið ákvörðun um, að ráðstafanir skuli gerðar nokkuð í þá átt, sem till. fer fram á. Við samþykkt fjárlaga 1953 var að tilhlutan forseta Alþ., að því er mig minnir, samþykkt slík heimild til handa ríkisstj., að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota. Ég man ekki til þess, að nokkurt mótatkvæði kæmi fram gegn þessari samþykkt í fyrra og ekki heldur að því væri mótmælt, þegar þetta var endurnýjað nú í ár alveg orðrétt, varðandi Kirkjustræti 12. Það er að vísu alveg rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að nokkuð misjafnlega stendur á um þessi hús. Um sjálft húsið á Kirkjustræti 12 horfir svo, að það mun losna úr notkun áður en mjög langt um líður, og er þá alveg sjálfsagt, að mínu viti, að nota tækifærið og rífa húsið tafarlaust. Um listamannaskálann og góðtemplarahúsið horfir að vísu öðruvísi við. Þau hús eru í notkun og gegna þörfu hlutverki, en ég get ekki fallizt á, að það hvíli skylda á Alþingi

til þess að sjá þeirri starfrækslu, sem þar er, frekar borgið en orðið er. Það er viðurkennt af öllum, að leyfistími húsanna er nú fyrir löngu útrunninn. Það var að vísu með samþykki, að þessar byggingar fengu að standa þarna, en það samþykki gildir ekki lengur, þó að ekki hafi verið gerð bein krafa um, að þessi hús væru flutt. En forfeður okkar sögðu: Ljúfur verður leiður, ef lengi situr annars fletjum á. Og ég hygg, að það hljóti svo að verða með þessa góðu starfsemi, sem þarna er rekin, að þó að við viðurkennum nauðsyn hennar, þá er ekki eðlilegt, að hún eigi sér stað einmitt á lóðum Alþingis og í næsta nágrenni við Alþingi, og einkanlega þegar það er athugað, að sumt af þessari starfsemi verður beinlínis til stórrar truflunar og leiðinda fyrir þingstörf. Til viðbótar kemur svo, að varðandi fegrun bæjarins og skaplegt útlit kringum sjálft alþingishúsið, sem er nú ein veglegasta opinber bygging hér á landi, þá er það mjög mikilsvert, að þessir kofar séu hreinsaðir í burtu, því að annað en kofar eru þetta ekki.

Ég held því, að það sé mjög tímabært, að ákvörðun verði tekin um það, að þessi hús verði numin burt og aðilum verði settur ákveðinn frestur til þess að nema þessi hús burt. Hitt skal ég ekki fullyrða um, hvort ef til vill þykir of hart að gengið að krefjast þess, að þau verði farin fyrir árslok, vegna þess, eins og ég sagði, að ég viðurkenni það hjá hv. 7. þm. Reykv., að þarna er um þarfa starfrækslu að ræða út af fyrir sig, og ég stóð upp aðallega í því skyni að skjóta því fram, hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um það, að einhver hæfilegur frestur yrði settur fyrir þessa aðila til þess að nema þessar sínar eignir í burtu. Ef málið fer til n., þá er hægt að athuga það í n., ef ekki, þá er hægt að athuga þetta til morguns á milli manna, að menn beri saman ráð sín, hvort það þyki ef til vill of hart að gengið að krefjast þess, að þeir fari fyrir árslok, en þá hvaða hæfilegur tími verður fundinn til þess að láta þessa aðila vita í góðu og allri vinsemd, að innan þess frests skuli þeir hafa útvegað sér aðrar vistarverur. Það er þeim ekki ofætlun. Sannleikurinn er sá, að með þeirri fyrirgreiðslu, sem þessir aðilar fá frá ríkinu og mundu vafalaust fá frá ríkinu með flutning á þessum húsum, þá er þeim ekki ofætlun að gera það, og ekki heldur úr svo háum söðli að detta, vegna þess að bæði þessi hús eru sannast sagt gersamlega óhæfileg til sinna nota í sinni núverandi mynd og þess vegna engum manni greiði gerður með því, að þau séu látin standa. En það er hins vegar, og við þekkjum allir svo vel gang mála, að ef þessir kumbaldar eiga að standa hér þangað til aðilum sjálfum þóknast að flytja þá burt, þá verður það langur tími. Þess vegna er eina ráðið að koma sér niður á einhvern hæfilegan frest og fylgja því eftir, að fyrir þann tíma verði þeir á burtu, og síðan athugað, á hvern hátt hægt sé að greiða fyrir þeim af hálfu bæjaryfirvalda með lóðarútvegun, af hálfu ríkis með fyrirgreiðslu um flutning á þessu, ef það þykir þá borga sig, eða á annan veg.

*Gunnar Thoroddsen:* Herra forseti. Ég vildi fyrst leiðrétta hér dálitinn misskilning, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv., flm. till. Ég hafði minnzt á það, að ef það yrði að ráði að reisa ráðhús Reykjavíkurbæjar sunnanvert við Vonarstræti, í vikinu þar í tjörninni, þá mundu þær fyrirætlanir stangast á hugmyndir um að reisa nýja byggingu, þar sem góðtemplarahúsið eða sú lóð, sem því fylgir, nú er. Það yrði ekki unnt að samrýma það hvort tveggja, annað hvort yrði að víkja. Hann virðist hafa misskilið ummæli mín þannig, að ekki gæti rúmazt hvort tveggja ráðhús á þessum stað og alþingishúsið; það náttúrlega sagði ég ekki og átti ekki við.

Ég vil taka undir það með hæstv. dómsmrh., að það er sanngjarnt að veita hér eðlilegan frest og að sá frestur, sem gert er ráð fyrir í þessari till., er allt of skammur. Ég hef nú ekki orðið þess var, að þinginu væri sérstök nauðsyn búin að losna við þessi hús vegna óþæginda eða ónæðis, og það er í fyrsta skipti sem ég heyri það nú frá hæstv. forseta Ed., þm. Barð., að Ed. hafi stundum orðið að stöðva hávaða í listamannaskálanum, vegna þess að ekki hafi heyrzt til ræðumanna í hv. Ed. Ég hafði nú að vísu haldið, að í Ed. væru það rómsterkir menn og gustmiklir, að þeir létu ekki langsoltna listamenn kveða sig í kútinn, en það má vera, að einhver óþægindi stafi af þessu.

Það, sem ég er aðallega andvígur í þessari till. og öllum undirbúningi þessa máls, eru vinnubrögðin. Ég vil taka það fram, eins og ég gerði í minni fyrri ræðu, að ég tel brýna nauðsyn til þess að stækka þinghúsið eða byggja við það eða byggja hér nýtt hús, hvernig sem það yrði, til þess að bæta vinnuskilyrði Alþingis og alþm., og í öðru lagi tel ég brýna nauðsyn á því að byggja þingmannabústað fyrir utanbæjarþingmenn. Hins vegar verð ég að játa, að mér sýnist standa nokkuð upp á forráðamenn Alþingis og hæstv. ríkisstj. í þessu efni, og mér sýnist satt að segja byrjað hér á öfugum enda, að reka burt þessi hús, sem nú eru, með litlum fyrirvara, án þess að Alþingi sjálft eða ríkisstj. hafi gert einhverjar undirbúningsráðstafanir; því að hvaða undirbúningur hefur farið fram? Er búið að gera teikningar eða áætlanir um nýtt þinghús hér eða viðbyggingu við þetta þinghús? Mér vitanlega er það ekki til. Er búið að gera teikningar eða áætlanir að þingmannabústað? Er búið að gera skipulagsuppdrátt af þessari lóð Alþingis, hvernig á að hagnýta hana, hvar byggingar eiga að standa, hvar eiga að vera opin svæði? Mér vitanlega er enginn undirbúningur í þessa átt. Og mér finnst, að fyrsta skilyrðið til þess að þoka þessum málum áleiðis sé það, að hæstv. ríkisstj. eða forsetar Alþ. láti hefja þennan undirbúning, þannig að það liggi þó ljóst fyrir, hvernig á að hagnýta þessa lóð. Í öðru lagi er mér ekki vitanlegt, að fyrir liggi fjárveitingar til þess að stækka þinghúsið eða reisa þingmannabústað. Það er að vísu gert ráð fyrir því í l., sem nýlega voru afgr. frá Alþ., að undirbúningur sé hafinn að byggingu þingmannabústaðar. Fé er ekki fyrir hendi mér vitanlega. Og

ég sannast sagna skil ekki þann mikla áhuga á því að skipa burt þegar á þessu ári þessum húsum, eins og samkomuhúsi góðtemplara og listamannaskálanum, án þess að fyrir liggi teikningar, uppdrættir og áætlanir að þingmannabústað, stækkun þinghússins eða fé til þessara framkvæmda. Mér finnst vera hér byrjað á öfugum enda og fyrst ætti að framkvæma þessar undirbúningsráðstafanir.

Ég tel, að það sé ekki rétt af Alþingi að reka burt fyrirvaralítið þessi hús, án þess að í einhver önnur hús sé að venda með þá starfsemi, sem þar hefur verið rekin. Eins og ég tók fram og hæstv. dómsmrh. minntist á, þá gegnir nokkuð öðru máli um Kirkjustræti 12 hér fyrir vestan alþingishúsið, vegna þess að sú starfsemi, sem þar er, verður væntanlega flutt í ný húsakynni á næstunni, og hæstv. ráðh. taldi þá sjálfsagt að rífa það hús til grunna þegar í stað. Að vísu er nú hér á leiðinni í gegnum þingið frv. til húsaleigulaga, og samkv. því er trúlegt í húsnæðisvandræðunum eins og þau eru, að húsaleigunefnd mundi banna slíkt og taka þetta húsnæði til íbúðar, eins og heimild er veitt til í húsaleigufrv., og gæti það náttúrlega valdið nokkrum örðugleikum um það að rífa húsið tafarlaust.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta. Ég vildi aðeins við þessa fyrri umr. benda á þessi atriði, sem ég hér hef getið, og ég vil endurtaka: Ég tel, að hæstv. ríkisstj. og forsetar Alþingis ættu fyrst að hefja þann undirbúning, sem er nauðsynlegur, láta skipuleggja lóðina, teikna upp þessi hús, sem á að byggja hér, athuga, hvernig þessu verður öllu saman bezt fyrir komið og lóðin bezt hagnýtt og að sjá fyrir fjárhagshliðinni, og þá hefur Alþingi hvenær sem er það í hendi sér að reka burt þessi hús, sem á lóðunum eru.

Ég tel auðvitað sjálfsagt, að um leið og þessum undirbúningi er eitthvað á leið komið, þá sé þessum aðilum settur viss hæfilegur fyrirvari til þess að flytja burt húsin og koma sér fyrir annars staðar. En eins og hér er gert ráð fyrir í till., að húsin séu rekin burt fyrir næstu áramót, en án þess að sá undirbúningur, sem ég gat um, liggi fyrir um hagnýtingu lóðarinnar, þau vinnubrögð get ég ekki fallizt á.

*Flm. (Björn Ólafsson):* Herra forseti. Ég get ekki fallizt á þau rök hjá hv. 7. þm. Reykv., að það þurfi að fara saman, að þessir skúrar séu fluttir burt og að gerðar séu teikningar og veitt fé til nýrra bygginga hjá Alþingi. Ég sé ekki, að Alþingi þurfi að láta setja sér neina slíka kosti til þess að hreinsa þessa skúra burt af lóðum sínum. Það er mál, sem Alþingi ákveður sjálft, hvað það gerir í því efni, og þarf ekki að spyrja eigendur eða notendur þessara húsa um neitt í því efni.

Ég vil benda á, að listamannaskálinn fékk réttindi til fimm ára, ef ég man rétt, þegar hann var byggður, til þess að standa á lóðinni. Gert var ráð fyrir því, þegar sú heimild var gefin, að skúrinn eða skálinn stæði ekki lengur á lóðinni en þann tíma. Svipað er að segja með góðtemplarahúsið. Eins og ég gat um áður, þá var lóðin keypt með því skilyrði, að húsið væri flutt í burtu, en af góðvild var húsinu lofað að vera á lóðinni til bráðabirgða. Þetta hefur verið framlengt, ef svo má segja, frá ári til árs. Það vakti fyrir mér með þessari till., að flutningurinn yrði bundinn við n. k. áramót. Einnig það, að í eitt skipti fyrir öll væri skorið úr því, að þessi hús yrðu flutt í burtu og ekki væri látið viðgangast frá ári til árs og áratug eftir áratug, að þessir skúrar stæðu á lóðunum í fullkomnu heimildarleysi. Ég get vel tekið undir með hæstv. dómsmrh., að sanngjarnt væri að veita þeim frest, sem ætla mætti að þeim entist til þess að koma þessum húsum í burtu, án þess þó að sá frestur yrði svo langur, að nokkur hætta væri á því, að húsin kæmu til að standa hér annan áratug í viðbót í heimildarleysi.

Ef hv. 7. þm. Reykv. er í vandræðum með að koma þessum húsum fyrir, þá skal ég gjarnan endurtaka það, sem ég skaut að honum hér niðri áðan, að það væri þjóðráð að flytja listamannaskálann á háskólalóðina. Þar er nóg landrými sem stendur. Þar gæti hann sómt sér vel. Svo mætti taka góðtemplarahúsið og setja það í hljómskálagarðinn. Þar er líka ágætt landrými fyrir það og þar væri það í miðjum bænum, svo að ekki þyrftu þeir, sem húsið nota, að kvarta undan því.

Ég vænti, að hv. þm. taki þetta til athugunar, því að það kynni að geta leyst málið.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 26:10 atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en brtt. voru fluttar á þskj. 578 og 849.

---

## 20. Brotajárn.

Á deildafundum 23. marz var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um rannsókn á hagnýtingu brotajárns* [175. mál] (A. 509).

Á 45. og 47. fundi í Sþ., 7. og 10. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 21. Brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Á deildafundum 26. og 27. marz var útbýtt frá Sþ.:

*Till. til þál. um athugun á brunatryggingum húseigna utan Reykjavíkur* [185. mál] (A. 553).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

## 22. Togaraútgerðin (till. LJós o. fl.).

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:
*Till. til þál. um að tryggja rekstur togaraútgerðarinnar* [191. mál] (A. 613).

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 23. Framlög til bæjar- og sveitarfélaga.

Á 49. fundi í Sþ., 13. apríl, var útbýtt:
*Till. til þál. um greiðslu ógoldinna framlaga til bæjar- og sveitarfélaga* [210. mál] (A. 857).

Á sama fundi og 50. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Sþ., s. d., var till. enn tekin til fyrri umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28:1 atkv.

*Flm. (Gunnar Thoroddsen):* Herra forseti. Löggjafinn hefur í meginatriðum ákveðið verkaskiptingu ríkisvaldsins og bæjar- og sveitarfélaga. Með löggjöf er víða ákveðið eða gert ráð fyrir, að sveitarfélögin annist vissar framkvæmdir, en fái svo aðstoð, beinan styrk eða framlög eða lán frá ríkinu, til þessara framkvæmda. Þannig er það til dæmis með skólabyggingar, sem ætlazt er til og beinlínis lögboðið að bæjar- og sveitarfélögin hafi með höndum, enn fremur um sjúkrahús, íþróttamannvirki og hafnargerðir. Þar sem lögin ákveða framlög úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, er það aðallega með tvennum hætti. Stundum er ákveðið beint hlutfall, eins og t. d. í lögum um hafnargerðir, að ríkissjóður greiði ⅔ eða ½ af kostnaði við þessar framkvæmdir, en að það sé greitt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. En í öðrum lögum, t. d. í skólalöggjöfinni, er ákveðið, að ríkissjóður greiði vissan hluta stofnkostnaðar, helming stofnkostnaðar eða ¾ eftir atvikum, en án þess að slíkur fyrirvari sé gerður eins og í hafnarlögum, að greiðslurnar fari eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum.

Í mörgum þessara tilfella og flestum þarf samþykki ríkisvaldsins til þess að hefja framkvæmdirnar. Þær eru meira og minna undir eftirliti ríkisins, og í sumum tilfellum, t. d. varðandi hafnargerðir, eru framkvæmdirnar beinlínis undir umsjá starfsmanna og stofnana ríkisvaldsins.

Það er eðlileg sanngirniskrafa bæjar- og sveitarfélaganna, að eftir því sem þær ráðast með samþykki ríkisins í þessar framkvæmdir, sem eftir löggjöfinni falla í þeirra hlut, þá greiði ríkissjóður jöfnum höndum sinn lögboðna hluta af þessum framkvæmdum. Það er sanngirniskrafa varðandi þau mál, þar sem í lögunum segir, að þetta skuli greiða eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. En það er beint lögvarin krafa, eins og t. d. varðandi skólabyggingar, þar sem ríkissjóður á að greiða visssan hluta eftir því, sem framkvæmdum miðar áfram, án tillits til þess, hvort fé er veitt í fjárlögum eða ekki. Um þær framkvæmdir gegnir svipuðu máli eins og um jarðræktarframkvæmdir bændanna. Bóndinn á lagalega kröfu samkvæmt jarðræktarlögum á jarðræktarstyrknum, hvort sem fjárveiting í fjárlögum hrekkur til þess eða ekki.

Nú hefur svo farið á undanförnum árum, að hlutur ríkisvaldsins hefur í mörgum greinum legið mjög eftir í þessum efnum, þannig að miklar skuldir hafa safnazt saman eða ógoldin framlög af ríkisins hendi til bæjar- og sveitarfélaganna. Á s. l. hausti munu ógoldin lögboðin framlög ríkissjóðs til skólabygginga víðs vegar um land hafa numið 12—13 millj. kr. Um s. l. áramót munu ógoldin framlög af hendi ríkissjóðs til hafnargerða á móti framlögum sveitarfélaganna hafa numið 4.6 millj. kr. Hér er um stórar fúlgur að ræða og eðlilegt, að fyrir efnalítil sveitarfélög sé erfitt ár eftir ár að eiga stórar fúlgur til lögboðinna og lögskyldra framkvæmda hjá ríkissjóði. Samtök sveitarstjórnanna hafa hvað eftir annað hreyft þessum málum og gert kröfu til ríkisvaldsins um, að þeirra hlutur yrði réttur. Samband ísl. sveitarfélaga, fulltrúafundir þess og bæjarstjórafundir, sem komið hafa saman, hafa beint eindregnum kröfum til ríkisstjórnar og Alþingis í þessu efni.

Því miður hafa fjárveitingar í fjárlögum verið helzt til litlar til að halda í horfinu í þessum efnum á undanförnum árum, en á árinu 1952 var þó sýnd nokkur viðleitni í þá átt að grynna á þessum skuldum, þar sem Alþingi samþykkti eftir till. þáverandi ríkisstj. að verja 7 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1951 til þess að grynna á þessum skuldum, greiða 5 millj. kr. til að lækka skólabyggingaskuldirnar og 2 millj. kr. til að lækka hafnargerðaskuldirnar.

Þegar fjárlög voru til meðferðar fyrir yfirstandandi ár, voru uppi kröfur um það hér á Alþ. og í flokkunum, að reynt yrði að grynna eitthvað á þessum sívaxandi skuldum. Af því varð þó ekki, en bent var þá á þá leið, að í sambandi við ráðstöfun á væntanlegum greiðsluafgangi ársins 1953 mætti ráða nokkra bót á þessu. Eftir þeirri grg., sem alþm. heyrðu frá hæstv. fjmrh. nú fyrir nokkrum dögum um afkomu s. l. árs og ráðstöfun á greiðsluafganginum, þá var ekki í þeirri grg. eða tillögum gert ráð fyrir framlögum í þessu skyni.

Við höfum talið, flm. þessarar till., að ekki væri hægt að slíta svo þessu þingi, að ekki kæmu fram ákveðnar kröfur um það, að ríkisvaldið sinni meir þessum málum heldur en ver-

ið hefur og sýni einhvern lit á því að ganga til móts við sveitarfélögin sumpart varðandi siðferðislegar og eðlilegar kröfur þeirra og sumpart varðandi beinar lagalegar fjárkröfur þeirra á hendur ríkinu. Þess vegna er þessi till. flutt.

Ég skal ekki fara um hana fleiri orðum að sinni. Ég tel, að þetta mál liggi svo ljóst fyrir, að í rauninni sé ekki þörf á því að vísa því til nefndar, en legg til, að því verði vísað til síðari umr.

Ég sé, að hér hafa hv. flokksbræður hæstv. fjmrh. borið fram smábrtt., sem nema 30 millj. kr. útgjöldum, sem flokkur hæstv. fjmrh. virðist vilja bæta við þessa till. Þær brtt. koma að sjálfsögðu ekki til meðferðar samkvæmt þingsköpum fyrr en við síðari umr. þessa máls.

Þó að líði nú að þinglausnum, þá vil ég beina því til hæstv. forseta, eftir að samþykkt hefur verið að vísa málinu til síðari umr., að hann taki það nú að loknum þessum fundi til síðari umr. og afgreiðslu, því að hæstv. forseti hefur gengið svo rösklega fram á þessum fundi við að afgreiða þau mál, sem fyrir liggja: vetnissprengjur, stjórnarráðshús, Skálholtsstað og fleira, að mér virðist hann hafa lokið þeim málum, sem hér liggja fyrir, öðrum en þessu, og ætti því að vera í lófa lagið að hafa síðari umr. nú og afgreiða till.

*Hermann Jónasson:* Herra forseti. Það er nú fyrst og fremst vegna orða, sem féllu hér frá hv. 4. þm. Reykv. (HG) um þessa till., sem hér liggur fyrir, að ég ætla að segja nokkur orð. Ég lít nú satt að segja frekast á þessa till. um þær greiðslur úr ríkissjóði, sem þar er farið fram á, sem eins konar óskalista frá hv. flm. Það er vitanlega þannig fyrir mælt í þeim lögum, sem framlögin ákveða, að fé greiðist eftir því, sem veitt er fé til þess á fjárlögum. Þar gildir ekki sama regla eins og um ýmis önnur framlög, sem hv. 1. flm. þessarar till. nefndi.

Það gilda um þetta þær reglur, sem gilda um ýmis framlög til landbúnaðarins, eins og t. d. til mjólkurbúa og þess háttar, þar sem svo er ákveðið, að framlögin greiðist eftir því, sem fé er veitt á fjárlögum, og greiðslurnar hafa löngum verið þar mjög mikið á eftir tímanum. Það er þess vegna alls kostar eðlilegt og raunar sjálfsagt, að þegar kemur fram till. eins og þessi, sem er ósk um leiðréttingu eða ósk um greiðslur í eitt og annað, að vísu ekki annað en það, að það sé greitt hraðar en það hefur verið greitt til þessa, að það sé bent á það í sambandi við tekjuafgang, að það eru ýmsar fleiri greiðslur, sem þarf að hugsa um og ýmsir þm. telja að skipti jafnmiklu máli og þær greiðslur, sem hér liggja fyrir. Það er þess vegna algerlega rangt hjá hv. 4. þm. Reykv., að í því felist nokkur óeðlileg vinnubrögð eða tilraun til hrossakaupa. Það eru aðeins settar fram skoðanir, hvaða greiðslur þm. álíti nauðsynlegastar.

Ég á hér brtt., sem ég vildi gjarnan láta fylgja nokkur orð í tilefni af þessum ummælum, sem féllu sérstaklega hjá hv. 4. þm. Reykv. (Gripið fram í.) Nei, það var í sambandi við þær umr., sem fóru hér fram fyrir nokkru, sem hann tók sér bessaleyfi til þess að tala um þær till., sem hér liggja fyrir, eins og ég býst við að ýmsir, sem voru hér viðstaddir, hafi tekið eftir.

Ég flyt þessa till. vegna þess, að ég álít það mjög þakkarvert, að það hefur verið gert eða verður gert stórt átak í rafmagnsmálunum núna á næstunni. En ég flyt þessa till. fyrst og fremst til þess að minna á það, að næsta málið, sem liggur fyrir Alþ., næsta stórmálið og eins stórt og rafmagnsmálið og kannske stærra og á að koma samhliða og hefði ef til vill átt að koma á undan, er það, að Búnaðarbankinn, lánsstofnun bændanna, verði styrktur til þess að taka upp það mál með fullum krafti, sem búnaðarþingið tók upp núna á þessum vetri, og það er að útvega fjármagn til þess, að þeir bændur, sem eru orðnir á eftir í ræktun og eru með lítil bú í sveit, geti fengið tækifæri til þess að auka ræktun sína og koma búum sínum í það horf, að þau séu lífvænleg fyrir þá, sem búskap stunda. Þetta er atriði, sem hefur ekki aðeins þýðingu fyrir bændurna sjálfa; þetta hefur stórkostlega þýðingu fyrir okkar þjóðfélag í heild. Þessi aðstöðumunur bænda er eitt erfiðasta viðfangsefnið núna í okkar þjóðfélagi, ekki aðeins fyrir bændur, heldur einnig vegna þess, að meðan ekki kemst á þetta jafnvægi á milli búanna, er ekki þess að vænta, að framleiðslan verði seld við því verði, sem við allir óskum eftir að hún geti verið seld, og bændur þó haft viðunandi tekjur. Jafnframt er annað, sem þarf að hugsa fyrir, og það er það, að um leið og við veitum þægindin upp í sveitir landsins eins og rafmagn, þá þarf jafnframt að sjá fyrir því, að búskapnum sé komið í það horf, að hann geti staðið undir þessum þægindum.

Ég flyt þessa till. fyrst og fremst til þess að minna á, að það eru engin framlög úr ríkissjóði, sem standa nær því að vera forgangsframlög, heldur en framlög til þess að gera átak í þessu máli, og það er mesta stórmálið, sem liggur hér fyrir, og það er engu minna og ef til vill stærra en rafmagnsmálið, sem hefur verið á þessu þingi og er sannarlega stórmál.

*Gísli Guðmundsson:* Herra forseti. Sú till. til þál., sem nú hefur verið tekin til umr., frá hv. 7. þm. Reykv. (GTh) og tveim öðrum hv. þm., fjallar um það, að ríkisstj. verði falið að greiða á þessu ári sem mestan hluta af ógoldnum lögboðnum framlögum ríkissjóðs til bæjar- og sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar skóla, sjúkrahúsa, íþróttamannvirkja og hafnarframkvæmda. Það felst jafnframt í till., að ríkisstj. sé heimilað að greiða þessar upphæðir af tekjuafgangi ríkissjóðs 1953 og 1954 svo og að taka lán í þessu skyni, ef með þarf.

Samkvæmt þeirri skýrslu, sem flutt var nýlega hér á Alþ. af hæstv. fjmrh., virtist nú það koma fram, að ríkissjóður mundi ekki hafa mikið handbært fé af tekjum ársins 1953. Og segja má, að það sé nokkuð snemmt að ráðstafa nú í aprílmánuði tekjuafgangi ársins

1954. En hv. þm., sem þessa till. flytja, leggja það til, að ef tekjuafgangurinn eða greiðsluafgangurinn 1953 og væntanlegur greiðsluafgangur 1954 reynist ekki nægur til þess að greiða það, sem þeir leggja til að greitt verði, þá verði tekið lán í þessu skyni. Það má því segja, að nokkur grundvöllur eða a. m. k. hugsanlegur grundvöllur sé fyrir þessari till., hvað sem greiðsluafgangi líður. Það er sem sagt að taka lán, og það er aðferð, sem allmikið hefur verið notuð, þegar einhverju skal til vegar koma.

Nú er það svo, að þegar ég sá þessa till., þá virtist mér nú svo, að ef að því ráði kynni að verða hnigið að leita eftir lánum til þess að inna þær greiðslur af hendi, sem hv. flm. hér sérstaklega nefna, þá væri rétt, að fleira kæmi til greina, ef farið væri að leita eftir lántöku á annað borð. Því er það, að ég hef leyft mér að flytja hér brtt. ásamt hv. 2. þm. S-M. (VH), og er hún á þskj. 869. Fleiri hv. þm. hafa orðið til þess að flytja brtt. við þessa till. Hv. þm. Str. (HermJ) hefur þegar mælt fyrir brtt., sem hann flytur ásamt hv. þm. Dal. (ÁB) á þskj. 867 um framlög til ræktunarsjóðs Íslands og veðdeildar Búnaðarbankans, og ég sé hér, að hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) hefur flutt brtt., þar sem gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóði Íslands verði látið í té starfsfé allt að 15 millj. kr.

Varðandi brtt. okkar hv. 2. þm. S-M. á þskj. 869 vil ég leyfa mér að minna á það, að hv. Alþ. hefur nú fyrir skömmu sett ný brúalög að frumkvæði samgmn. Nd. Ef ég man rétt, þá er í þessum nýju brúalögum gert ráð fyrir, að byggt verði nokkuð á annað hundrað brúa, smærri og stærri. Mig minnir, að þær séu eitthvað milli 130 og 140. Þar er um að ræða bæði nýjar brýr og endurbyggingu eldri brúa. Að vísu eru þarna teknar upp í hin nýju brúalög ýmsar brýr, sem áður hafa verið á brúalögum, en þarna eru þó um leið margar brýr teknar í lög, sem ekki hafa verið í lögum áður. Þessi lagasetning hefur gengið greiðlega gegnum Alþ., og er ekki að lasta það. En það má segja, að sá galli sé á, að jafnframt því sem þessar brýr hafa verið settar í lög, þá hefur Alþ. ekki gert neinar sérstakar ráðstafanir til þess að sjá fyrir auknum fjárframlögum til þessara nauðsynlegu framkvæmda. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að minna á það, að ég flutti á þingi í vetur, fyrir nokkrum mánuðum, frv., þar sem gert var ráð fyrir sérstakri leið til þess að afla fjár til að byggja nokkuð af þessum brúm. Þannig er nú ástatt, að sumar þeirra brúa, sem elztar eru hér á landi, eru orðnar mjög ótraustar, svo ótraustar, að það er margra manna mál, að af þeim stafi töluvert mikil slysahætta fyrir þá, sem um þessar brýr verða að fara. Ég hafði við flutning þess máls, sem ég nefni, sérstaklega í huga eina slíka brú, sem ég þekki vel, en jafnframt er mér það ljóst, að líkt stendur á um fleiri. Og þessar gömlu brýr eru einmitt margar hverjar á stórvötnum landsins, þannig að það kostar ærið fé að byggja þær upp. Nú er það svo, að brúasjóðnum, sem stofnaður var með lögum fyrir nokkrum árum, hefur sérstaklega verið ætlað það hlutverk að byggja hinar stærri brýr, en tekjur hans eru mjög af skornum skammti miðað við það stóra hlutverk, og fer því þess vegna fjarri, að hann geti sinnt því til fullnustu. Ég lagði þess vegna til, að brúasjóðnum yrði aflað sérstakra tekna og að það yrði þá jafnframt ákveðið, að því fé yrði varið til þess að byggja upp þessar gömlu brýr, sem sérstök slysahætta stafar af.

Þetta mál var lengi til meðferðar í hv. samgmn. Nd., en án árangurs, því að sú hv. n., sem að vísu hafði mikinn áhuga fyrir nýjum brúalögum, skilaði aldrei áliti um þetta frv. Þegar sýnt þótti, að málið mundi ekki ná fram að ganga á þessum grundvelli og orðið var áliðið þings, var flutt í hv. Ed. annað frv., af þremur hv. þm. í þeirri hv. deild, um að afla brúasjóði nýrra tekna. En nú er þingið að ljúka störfum og sýnt, að það frv. nær ekki heldur fram að ganga.

Ég hef talið hlýða að rifja nokkuð upp gang þessa máls á því þingi, sem nú er að ljúka, til skýringar því, að ég hef flutt þá brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 869, ásamt hv. 2. þm. S-M. Ég álít, að það sé mjög aðkallandi og að ekki verði lengi hjá því komizt að afla brúasjóðnum nýrra tekna og þó alveg sérstaklega til þess að byggja upp þessar gömlu brýr, sem slysahætta stafar af, því að naumast er hægt að horfa upp á það ástand, að um þessar brýr, kannske eina eða fleiri, geti farið eins og á sínum tíma fór um brúna á Ölfusá, og Alþ. getur ekki lengi látið það mál afskiptalaust, eins og gert hefur verið að þessu sinni.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Má vera, að réttara hefði verið að mæla fyrir brtt. við síðari umr. málsins, en hv. 1. flm. till. ræddi í sinni framsöguræðu nokkuð um þær brtt., sem fram væru komnar, og var þannig tilefni til þess gefið, að fleira væri um þær sagt, enda er það nú svo, sérstaklega ef fara ætti að till. hv. 1. flm. og afgreiða þetta mál nú í nótt, án þess að því verði vísað til n., að þá er vissulega ekki vanþörf á því, að málið sé rætt nokkuð við báðar umr. og nú þegar við fyrri umr. gerð grein fyrir þeim brtt., sem lagðar hafa verið fram.

*Bergur Sigurbjörnsson:* Herra forseti. Það er sýnilegt á nokkrum till., sem hér liggja nú fyrir til umr., að hv. þm. stjórnarflokkanna er kunnugt um það, að fjárhagur ríkissjóðs sé mjög rúmur, og í tilefni af því, að þeir vita þetta, hafa þeir borið fram till. hér um nokkrar fjárveitingar, og fjalla sumar þeirra um fjárveitingar til atvinnuveganna sérstaklega. Ég verð að lýsa ánægju minni yfir því, að hv. þm. stjórnarflokkanna skuli bera fram hér á Alþingi till. um ráðstöfun á þessum fjárfúlgum ríkissjóðs, því að það mætti þá ef til vill verða til þess, að þessu mikla fé yrði ekki ráðstafað án vitundar og samþykkis Alþingis, eins og oft hefur áður skeð og berlega kom í ljós hér við umr. fyrir skömmu um tekjur og afkomu ríkissjóðs á árinu 1953.

Á þskj. 868 flytur hv. þm. V-Ísf. till. um framlag til fiskveiðasjóðs, 15 millj. kr. Þetta er allríflegt framlag til þessa merka sjóðs, og sé ég ekki ástæðu til að gera brtt. við það. En á þskj. 867 flytja þeir hv. þm. Str. og hv. þm. Dal. till. um fjárframlög til Ræktunarsjóðs Íslands og veðdeildar Búnaðarbankans, og er þar öllu meira skorið við nögl framlagið. Það er þó ljóst af umr., sem fram hafa farið hér á þingi í vetur um veðdeild Búnaðarbankans í sambandi við frv., sem var hér til umr. og afgreiðslu um aukið fé til þeirrar veðdeildar, að þar er þörf — mjög mikil þörf — á auknu fjármagni. Og með hliðsjón af þeim rökum og þeim upplýsingum, sem komu fram við þær umr. sérstaklega, svo og með hliðsjón af hinum rúma fjárhag ríkissjóðs, sem kemur hér berlega í ljós af till. hv. þm. stjórnarflokkanna, höfum við hv. 3. landsk. þm. (HV) leyft okkur að flytja hér brtt. við brtt. á þskj. 867, þess efnis, að í staðinn fyrir 5 millj. kr. til ræktunarsjóðs og 5 millj. kr. framlag til veðdeildar Búnaðarbankans komi 7 millj. kr. framlag til Ræktunarsjóðs Íslands og til veðdeildar Búnaðarbankans allt að 7 millj. kr. framlag. Brtt. þessi er skrifleg og að sjálfsögðu of seint fram komin, og vil ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en brtt. við hana bárust á þskj. 857, 867, 868, 869, 878.

---

## 24. Bátagjaldeyrir (till. EOl).

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:

*Till. til þál. um skipun nefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar vegna bátagjaldeyris* [53. mál] (A. 59).

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 10. fundi í Nd., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.

*Flm. (Einar Olgeirsson):* Herra forseti. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta mál, að það, sem um ræðir fyrst og fremst í því, er að reyna að knýja fram nokkra rannsókn á þeim háttum, sem hafa verið hafðir í sambandi við álagningu bátagjaldeyrisins, hversu miklu hann hefur numið og hvaða ráðstafanir væri ef til vill hægt að gera að einhverju leyti til þess að skila aftur því, sem ranglega hefur verið haft af mönnum í sambandi við hann.

Ég vil fyrst taka það fram í sambandi við þetta mál, að ég er ekki að neinu leyti út af þessari þáltill. að leggja fram til umræðu þau ráð, sem beitt hefur verið til þess að greiða tap á smábátaútgerðinni. Og hér er alls ekki til umræðu, hvort heppilegt sé að greiða þau töp yfirleitt, eða neitt annað slíkt, heldur aðeins einn hlutur, og það er: Var heimilt að leggja bátagjaldeyrinn á? Og eins og ég held hér fram, ef það sýnir sig, að það hafi ekki verið heimilt, eins og ég tel sannað, hvaða ráð á þá að hafa til þess að gera aftur gott það, sem misgert hefur verið? Og það, að ég legg til, að skipuð sé samkv. 39. gr. stjskr. nefnd innandeildarþingmanna, er til þess að komast að niðurstöðu um, í fyrsta lagi, hver ber ábyrgð á því, að reglugerðin um bátagjaldeyri er gefin út, reglugerð, sem ég síðar mun sýna fram á að hefur enga lagaheimild; í öðru lagi, hvað er búið með þessu ólöglega móti að taka mikið fé af landsmönnum; og í þriðja lagi krafa um upplýsingu, sem slík n. ætti að fá frá hálfu ríkissstj. um sérstakar aðferðir við innheimtu bátagjaldeyris.

Ég skal þá fyrst snúa mér að því, sem snertir 1. liðinn í því, sem þessi n., sem ég legg til að verði skipuð, ætti að rannsaka. Ég skal strax taka það fram, að það, að ég legg til, að það sé skipuð sérstök n. til þess að rannsaka þetta, stafar af því, að ég veit ósköp vel, að það fæst enginn dómstóll í landinu til þess að rannsaka þetta mál óhlutdrægt. Það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar að ætla dómstólum landsins að taka alla ríkisstj. fyrir sem lögbrjóta, yfirheyra hana þannig og yfirheyra fjárhagsráð og starfsmenn ríkisstj. og ganga út frá því, að hún hafi öllsömun gert sig seka um lögbrot. Slík atriði getur aðeins Alþingi tekið sjálft fyrir, enda er það líka fyrst og fremst skylda þess að standa vörð um þann rétt, sem það hefur samkv. lögum.

Ég hef nú áður mælt fyrir þessu máli hér í þessari hv. d. og skal reyna sem allra skemmst að endurtaka það nú. Ég vil aðeins minna á þetta: Það eru nú meira en tvö ár síðan ég vakti athygli á því, að það væri engin lagaheimild fyrir því að leggja bátagjaldeyrinn á. Ég skoraði þá eitthvað þrisvar sinnum á sama þingi á hæstv. ráðh. að vísa í þau lög, sem reglugerðin um bátagjaldeyri byggðist á. Lengi vel fengust engir ráðh. til þess, þar til loks einn hæstv. ráðh. vitnaði í 11. gr. og 13. gr. í fjárhagsráðslögunum. 11. gr. í fjárhagsráðsl., eins og ég þá þegar sýndi fram á, gefur enga heimild til þessa. Þar er alveg greinilega tekið fram, að það má engar vörur flytja inn til landsins nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, og síðan er í 12. gr. ákveðið, að það megi aðeins úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til innflytjenda. Að úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til útflytjenda er ekki til í l. Það er ekki nokkur heimild til þess í l. Og í 13. gr. er síðan ákveðið, hvaða gjaldeyri megi láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar og að Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafi einir kauparétt á erlendum gjaldeyri. Það geta engir ráðstafað gjaldeyrinum

aðrir en þeir eftir lögunum. — Nú, þetta ætla ég ekki að ítreka, en minna hins vegar á, að þegar hæstv. ríkisstj. var komin í algeran bobba um að reyna að verja þetta, þá gaf hæstv. þáv. viðskmrh. eftirfarandi yfirlýsingu, sem ég vil leyfa mér að minna þm. á. Hún hljóðar svo:

„Fjárhagsráð hefur því óskorað vald um ráðstöfun gjaldeyris, þ. á m. að heimila útflytjendum öllum eða einhverri sérgrein útflytjenda að hafa frjáls umráð gjaldeyris síns að öllu eða einhverju leyti til innflutnings almennt eða bundið við sérstakar vörutegundir samkv. bátalista. Þeim, sem fá þennan ráðstöfunarrétt, er heimilt að notfæra sér hann á hvern þann hátt, er ekki brýtur í bága við fyrirmæli fjárhagsráðs, þ. á m. að selja gjaldeyrinn með hagnaði í einu formi eða öðru, ef slík sala er heimiluð af fjárhagsráði."

Þetta var yfirlýsing hæstv. viðskmrh. í síðustu ríkisstj. Hvað þýðir þessi yfirlýsing? Þessi yfirlýsing þýðir það, að fjárhagsráð ætti eftir henni að hafa algert vald til að leyfa útflytjendum að ráðstafa gjaldeyri eins og þeim þóknast. M. ö. o., fjárhagsráð á að hafa í fyrsta lagi vald til þess að leyfa öllum þeim, sem flytja út framleiðsluvörur smábátaútvegsins, að ráðstafa þeim gjaldeyri eins og þeim þóknast. Fjárhagsráð á enn fremur að hafa vald til þess að leyfa öllum togaraeigendum eða þeim, sem flytja út togarafiskinn, að ráðstafa gjaldeyrinum fyrir þann fisk eins og þeim þóknast, ef fjárhagsráð leyfir þeim. Fjárhagsráð á að hafa rétt til þess að leyfa bændum landsins eða þeim, sem annast útflutninginn fyrir þeirra hönd, hvort það er S. Í. S. eða aðrir, að flytja út smjör, ull eða hvað sem er, taka gjaldeyrinn fyrir það sjálfir og ráðstafa þeim gjaldeyri eins og þeim þóknast, m. a. til þess að fá að leggja á sérstakar vörur alveg sérstakar uppbætur til þess að vinna upp t. d. halla á útfluttu smjöri. Þessi yfirlýsing hæstv. fyrrv. viðskmrh. og þar með ríkisstj. þýðir því, að fjárhagsráð á að hafa algert vald til þess að leyfa öllum útflytjendum að fara með gjaldeyrinn eins og þeim þóknast og leggja á gjaldeyrinn eins mikið fé og þeir vilja, ef fjárhagsráð aðeins leyfir þeim það.

Ég hef áður reynt að vekja athygli hv. d. á því, hvað þessi yfirlýsing þýðir, og ég hef minnt á, að þegar gengislögin voru til umræðu 1950, var í þeim klásúla í 1. eða 2. gr., þar sem átti að heimila Landsbankanum að breyta gengi íslenzku krónunnar, eftir því sem hann áliti nauðsynlegt, sérstaklega með tilliti til breytts kaupgjalds. Þetta var fellt burt í meðferðinni hérna á Alþ., vegna þess að Alþ. vildi ekki láta úr sínum höndum það vald til Landsbanka Íslands að ákveða gengið á gjaldeyrinum. Hins vegar lýsti fyrrv. ríkisstj. eða hæstv. viðskmrh. hennar því yfir, að þetta sama vald sem Alþingi neitaði Landsbankanum um hefði raunverulega fjárhagsráð og mætti nota það eins og það vildi, hvort heldur til þess almennt að láta selja allan gjaldeyrinn með hagnaði, 50%, 100% eða 200% hagnaði, eða láta selja þennan gjaldeyri með mismunandi hagnaði, þegar um mismunandi innflutningsvörutegundir væri að ræða, því að það liggur náttúrlega í augum uppi, að alveg eins og hægt er að hafa sérstakan lista um vörur, sem fluttar eru inn í landið fyrir bátagjaldeyri, sem lögð eru á 25% eða 60%, eins má náttúrlega hafa lista fyrir bátagjaldeyri, sem lagt er á 50% eða 100%. Alveg á sama hátt má, ef þetta væri löglegt, hafa fyrir togaragjaldeyri aðra lista eða jafnvel sömu listana, sem lagt væri á 50%, 100% eða 200%. Alveg á sama hátt má náttúrlega fyrir smjörgjaldeyri hafa sérstakan smjörgjaldeyrislista, þar sem lagt er á vörur, sem fluttar eru inn í landið, 100%, 200%, eftir því sem þyrfti, til þess að tryggja þannig, að það borgaði sig að flytja smjör út úr landinu. M. ö. o.: Með þessum skilningi, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt í fjárhagsráðsl. og ég sé ekki að hún hafi haft einn einasta bókstaf fyrir, en nú er staðreynd að er framkvæmt, þá er verið að gefa einni stofnun í hendur rétt til gengisskráningar og það í sambandi við að framkvæma hana mismunandi um vörutegundir alveg eins og henni þóknast, m. ö. o., til gengisfellingar og í sambandi við það til raunverulegrar tollaálagningar á allar innfluttar vörur, mismunandi hárra tolla á hverja. — Ég skal aðeins geta þess til fróðleiks fyrir þá, sem ekki voru hérna á þingi 1947, þegar fjárhagsráðslögin voru samþ., að auðvitað hefur aldrei nokkrum lifandi manni dottið í hug að leggja neinn líkan skilning þessu í lögin um fjárhagsráð.

Hættan, sem af þessu leiðir, er sú, að öll ráðstöfun á fjármálum landsins sé komin gersamlega undan yfirráðum Alþingis. Nú er búið að framkvæma þetta með bátagjaldeyrislistann í rúm tvö ár. Ég býst við, að það sé byrjað að framkvæma þetta líka með togaralistann, og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., a. m. k. hæstv. ráðherrastóla, að því, hvort það hafi ekki verið byrjað á því í sumar að leyfa sérstökum togurum að selja sinn fisk með því móti, að þeir fengju uppbót á hann samkvæmt eins konar togaragjaldeyrislista. Nú skulum við segja, að það sé leyft t. d. með togara á einu landshorni, svo sé það ekki leyft t. d. með togara á öðru landshorni, og við skulum segja, að það sé leyft með togara á landshorni, þar sem stjórnarflokkarnir hafa hagsmuni, en náttúrlega ekki með togara á einhverju landshorni, þar sem alþýðan er bara að berjast við að halda úti einhverjum togurum og stjórnarvöldin kannske líta ekki sem hýrustu auga til þess, því að þau vilja nú kannske frekast setja slíka útgerð á hausinn. Með þessu móti er þá ekki nokkur eðlilegur eða heiðarlegur grundvöllur fyrir nokkurn atvinnurekstur til í landinu, ef ein ríkisstj. getur sagt: Þeir togarar, sem ég hef velþóknun á, skulu fá bátagjaldeyrislista, enn fremur skal svo og svo mikið af smábátaeigendum fá að setja sínar vörur á bátagjaldeyrislista, þó nokkuð eftir því, hverjar þær eru, — og næst færi ríkisstj. að segja: Þeir bændur, sem flytja út smjör, — ja, það er að segja kannske, ef þeir eru úr þessum landsparti, — þeir skulu fá að leggja svona og svona mikið í staðinn á alla vefn-

aðarvöru og annað slíkt. Ég veit því ekki, hvað menn yfirleitt ætlast fyrir með svona stjórnarháttum. Þetta fer því að verða hreint brjálæði, þegar farið er að stjórna landi á svona hátt. Að minnsta kosti fara ekki að verða nein takmörk fyrir þeirri spillingu, sem hægt er að koma á með þessu.

Við skulum bara aðgæta, að það er ekki langt í land, að það komi kröfur frá þeim stofnunum, sem hafa sérstakan áhuga viðvíkjandi og sérstök tök á ríkisstj., um slíka gjaldeyrislista fyrir sig. Ég veit ekki betur en að jafnvel bændur séu farnir að hugsa til þess, að það hljóti þá að mega flytja út smjör, fá bara smjörgjaldeyrislista í staðinn til þess að leggja á og bæta undirballansinn upp. Það er náttúrlega alveg jafnheimilt að gera þetta af ríkisstj. á morgun og var að setja bátagjaldeyrislistann á daginn eftir að Alþingi var sent heim, 7. marz 1951.

Það er alveg gefið, að ef Landssamband íslenzkra útvegsmanna getur samið við ríkisstj. um, að hún skaffi því peninga með slíku ólöglegu móti, hví getur þá ekki Samband ísl. samvinnufélaga samið við ríkisstj. á morgun um, að hún skaffi því peninga, meðal annars t. d. handa ýmsum bændum, með sama ólöglega mótinu, og allt saman yrði þetta gert með því að leggja svo og svo miklar álögur á svo og svo mikið af innflutningnum til landsins? Og í sambandi við þær álögur, sem lagðar eru á, þá er þar að auki hægt að gera hringlandi vitlausan allan útreikning viðvíkjandi innflutningnum til landsins, enda hefur verið leikið sér að því að eyðileggja t. d. iðnaðinn í landinu með því að taka bara eina ákveðna vöru, setja hana á bátagjaldeyrislista, taka hana svo nokkru seinna kannske út af honum, setja hana svo máske seinna inn á hann og hafa hann þá eitthvað öðruvísi. Það er því algert gerræði, lagalaust gerræði, sem með þessu móti er staðfest.

Ég veit, að almenningur ræður ekki sérstaklega mikið um þennan bátagjaldeyri; hann segir sem svo: Það er anzi hart, að það skuli vera lagt svona mikið á. — En hann finnur fyrst og fremst til þess, að það eru þungar álögur. Almenningur er ekki sérstaklega mikið að hugsa um það, hvort álögurnar séu löglegar eða ólöglegar. Hann veit svo sem, að það er hér í þinginu meiri hluti til þess að leggja þennan bátagjaldeyri á sem tolla, en þá segi ég líka: Sá meiri hluti á að þora að gera það, og það er þá eðlileg aðferð og það er lögleg aðferð. Ég veit þess vegna, að þetta yrði tekið af fólkinu hvort sem er, en það gerir bara allan muninn, hvort það er tekið löglega eða ólöglega. Það er alltaf verið að taka peninga af fólkinu, en það er bara þegar hæstv. fjmrh. tekur sínar 300—400 millj., að þá er það eftir lögum og þess vegna er hann ekki settur í tugthúsið fyrir það. En þegar aðrir taka eitthvað, sem ekki er eftir lögum, þá eru menn dæmdir fyrir það. Þess vegna er það óþarfi af ríkisstj., sem hefur fengið sér heimild til þess að taka 300—400 millj. kr. af fólkinu, að taka 50—100 millj. kr. á ári í viðbót með ófrjálsum hætti, þ. e. stela því beinlínis. Og svo framarlega sem slíkt er látið viðgangast, þá eru engin takmörk fyrir því, hvað vitleysan og spillingin í slíku kemst langt.

Nú vil ég enn fremur taka það fram, að auðvitað er það alveg óhugsandi, svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. og fjárhagsráð hefur rétt til þess að láta togaraeigendur og bátagjaldeyrisframleiðendur fá sérréttindi viðvíkjandi tollum á almenningi og tollum á innflutningi, að ríkið ætti ekki að hafa rétt til þess líka, og ríkið er stór útflytjandi hér á Íslandi. Hefði ríkisstj. þá rétt til þess og fjárhagsráðið rétt til þess að heimila sjálfri ríkisstj. að flytja inn svona og svona mikið af vörum með því að leggja sérstaklega á þær. Hér erum við á hverju þingi með sérstökum lögum að ákveða, hve mikil álagningin skuli vera á tóbak og brennivín og ýmislegt þess háttar. Ég sé ekki betur en að með því að setja á bátagjaldeyrislista, við skulum segja síldarmjölsútflutningslista handa sjálfri ríkisstj. eða ýmislegt slíkt, þá væri hægt að bæta við allt þetta álögum alveg eins og mönnum þóknaðist, þ. e. ríkisstj. gæti tekið fé í ríkissjóðinn með slíkum listum sér til handa án þess að þurfa að spyrja Alþingi að nokkrum sköpuðum hlut. Og til hvers eru þeir þá hér ár eftir ár að fjalla um tollskrár, um fjárlög, um heimildir og annað slíkt, ef ríkisstj. hefur heimild til að taka eins mikil gjöld og hún vill af þeim innflutningi, sem kemur til landsins, án þess að verið sé að spyrja Alþingi að því?

Ég vil bara skjóta því hér fram, að nú lýsir ríkisstj. því yfir, að hún ætli að afnema fjárhagsráð. Hún mun ekki vera alveg búin að koma sér niður á, hvaða stofnun eigi að koma í staðinn fyrir það, en það er ekki ótrúlegt, að sú stofnun ætti að fá sama vald eftir hugsun ríkisstj. og fjárhagsráð hefur haft. Við skulum taka sem dæmi, að Framkvæmdabankinn og Benjamín Eiríksson fengju þetta vald. Það þýddi með öðrum orðum, að þeir hefðu það vald að leggja eins mikla tolla og þeim þóknast á innfluttar vörur til landsins, eða m. ö. o. að skrá mismunandi gengi fyrir íslenzka krónu eftir því, um hvaða vörur er að ræða. Það var þá til lítils, að Alþingi meinaði Benjamín Eiríkssyni, sem útbjó frv. um gengislækkunina 1951, að hafa þar klásúluna um, að Landsbankinn mætti skrá gengið mismunandi hátt, en þó eins á öllum vörum, ef nú ætti t. d. Framkvæmdabankinn og Benjamín Eiríksson þar með að hafa rétt til þess að skrá gengið eins og honum þóknaðist fyrir hinar ýmsu vörur, sem fluttar væru til landsins, og taka eins mikið fé og honum þóknaðist af almenningi án allra laga, bara með þessari undarlegu heimild.

Það hefur verið frumstæðasti réttur allra þinga og var höfuðinntakið í allri baráttunni fyrir þingræði á móti konungsvaldi, að það væri réttur þingsins eins, svo skemmtilegur sem hann er, að leggja álögur á almenning. Það hefur verið grundvallaratriði í allri baráttu þinga við konungsvald og er eðlilega höfuðgrundvöllurinn. Og okkar eigið þing stóð í þeirri baráttu lengi og þóttist vinna mikinn

sigur, þegar við fengum fjárveitingavaldið og valdið til þess að leggja álögurnar á almenning. Hvað er nú orðið um þetta? Nú er verið að ræna þessu valdi af Alþingi, af ríkisstj., sem varla opnar sinn munn án þess að kjafta um þingræði og lýðræði. M. ö. o., það er verið að rífa grundvöllinn undan stjórnarskránni, það er verið að eyðileggja þingræðið í landinu, það er verið að svipta Alþingi þeim grundvallarréttindum, sem það hefur átt og byggir sína tilveru á, enda er það alveg auðséð, að ef þessi réttur er tekinn út úr höndum Alþingis, þá er eins hægt að láta bara tvær stofnanir hérna úti í bæ koma sér saman um allar álögur á allt það, sem flutt er inn til Íslands, og skipta innflutningnum á milli sín líka og allri skráningunni á verðinu á því og íslenzku krónunni í sambandi við það. Það er líka alveg auðséð, að hv. þm. stjórnarflokkanna, sem una þessu ástandi vel og þora ekki að segja eitt einasta orð, þótt þeir bölvi hver í sínu horni, eru farnir að haga sér hér á Alþingi eins og þeir sætu á ráðgefandi þingi hjá Dönum. Það var hér áður fyrr, að menn voru að samþykkja hér á Alþingi bænaskrár til konungs. Nú sé ég liggja frammi fyrir hér hvað eftir annað þáltill., sem ýmsir hv. þm. eru að flytja um að skora á hæstv. ríkisstj. að taka eina vöru út af bátagjaldeyrislista eða lækka aðra eða breyta þarna eitthvað til. Ef um tollana væri að ræða, væru þessir þm. ekki í neinum vandræðum með, hvað þeir ættu að gera; þeir flyttu lagafrv. um breyt. á tollskránni. En af hverju koma þeir fram með þáltill. um að breyta með bátaútvegsgjaldeyrinum? Af því að þeir þora ekki að koma inn á það, að það eru engin lög til fyrir bátagjaldeyrinum, ekki nokkur lög, engin lög, sem heimila hann. Ef það væru einhver lög, sem heimiluðu hann, væri hægt að flytja hér frv. til l. um breyt. á þeim l. Þess vegna koma þeir hér fram rétt eins og þeir sætu á ráðgefandi þingi til þess að biðja ríkisstj., sem þeir gætu skipað fyrir verkum með lögum, um að breyta að einhverju leyti þeim álögum, sem eru á almenningi, álögum, sem þeir leggja á og eru ábyrgir fyrir. Ég vil bara beina athygli hv. þm. að því, að þeir eru þegar farnir að haga sér eins og þetta væri ráðgefandi þing, en ekki löggjafarþing með fullu fjárveitingavaldi.

Ég álít þess vegna, að það hneyksli, sem viðgengizt hefur undanfarin ár með, að það sé með ófrjálsu móti — þ. e. með því, sem mundi kallað, ef það væru einhverjir smákarlar, sem ættu í hlut, með þjófnaði — tekið af almenningi svona og svona mikið fé án nokkurrar lagaheimildar, — ég álít, að það hneyksli geti ekki viðgengizt lengur.

Ég veit, að það er hægt að færa ýmis rök viðvíkjandi bátagjaldeyrinum, sem ég hér kem ekki inn á, — hvað hann sé ópraktískur til innheimtu, hversu útvegsmennirnir fái lítið af honum, hvað heildsalarnir fái mikið, hvað ríkið fái mikið og annað slíkt. Það er allt annað, það kemur ekki þessu máli út af fyrir sig við, sem ég er að ræða. Ég er aðeins að ræða um hitt, hvort þær ríkisstj., sem tekið hafa þessa peninga af almenningi, hafi haft nokkra lagalega heimild til þess. Og af því að ég veit það, að enginn dómstóll í landinu fæst til þess að dæma í svona málum, vegna þess hvað háð dómsvaldið er ríkisstjórnunum, þá er það Alþ., sem á að taka þarna í taumana, enda er það þess réttur, sem verið er að brjóta.

Svo kemur hitt: Til þess að innheimta þessa ólöglegu tolla, bátagjaldeyrinn, þá eru settir ákveðnir menn í það, ákveðnar skrifstofur. Það er þess vegna ekki ríkisstj., sem sér um að innheimta þessa tolla; það er varla, að ríkisstj. hafi hugmynd um, hvað þeir eru miklir. Hæstv. forsrh. hagaði sér ákaflega skynsamlega, þegar hann svaraði fsp. nýlega út af þessum málum. Hann svaraði með tveimur setningum. Jú, hann hélt, að eitthvað af einhverju því, sem tekið hafði verið þannig með ólöglegu móti, væri svo sem kringum 50 millj. Það var náttúrlega ekkert hægt að byggja á tölunni. Og þegar hann var spurður að því, hvað það kostaði ríkið, — jú, það kostaði ríkið ekki neitt. Og hvað það kostaði almenning, það kom engu máli við, það var maður úti í bæ, sem innheimti það. Skrambi væri það skemmtilegt að fara að hafa þessa innrukkun á tollunum. Hví í ósköpunum eigum við að kosta til tollstjóraskrifstofu og svoleiðis nokkuð? Væri ekki voðalegur sparnaður fyrir ríkið að láta Samband íslenzkra samvinnufélaga eða einhver heildsölufyrirtæki sjá um þetta allt saman? Þá þyrfti aldrei að vera að gefa hérna neinar skýrslur um, að það væri nokkur kostnaður í sambandi við þetta. Nei, það, sem þarna er verið að gera, er það, að það er verið að brjóta þau atriði stjskr., sem fyrirskipa, að það megi ekki leiða hér nein sérréttindi í lög. Það er verið að gefa einstökum mönnum í þjóðfélaginu sérréttindi til þess að leggja á almenning, sérréttindi, sem aðallinn hafði í gamla daga í Frakklandi og víðar og danskir aðalsmenn höfðu hér á Íslandi líka stundum. Það er svona samsvarandi ástand eins og þegar það er verið að selja á leigu landsmenn til þess að rukka af þeim peningana og græða stórum á því. Það er alveg sama ástandið, sem núna er verið að skapa. Það sitja bara einstaklingar úti í bæ. Þeir leggja svona og svona mikið á hinar og þessar vörur með ólöglegu móti, taka þessa peninga, og þeir þurfa engum að standa reikningsskil á þessu hér á Alþ. Það er aldrei lagt neitt skilríki fyrir hérna, hvað þetta kostar, hverjir þetta beri eða annað slíkt. Það er ekkert kontrol á þessu. Nú þegar kominn verður smjörgjaldeyrir, þegar kominn verður togaragjaldeyrir, þegar allar þessar stofnanir verða farnar að innrukka þetta, þegar það verða teknar upp svona 300—400 millj. kr. í staðinn fyrir 100 millj. kr. á ári, hvernig halda menn, að það verði til dæmis? Haldið þið, að það verði ekki dálítið eftirsóknarvert að vera í þessu fjárhagsráði eða í þessum Framkvæmdabanka, sem ráðstafar þessu öllu saman og hefur vald til þess að leggja svona á eins og mönnum þóknast? Finnst mönnum það ekki orðið hálfhlægilegt að vera að velja hérna 52 þm. á þing, þegar svo einn maður getur eftir þessum skilningi ríkisstj.

lagt eitt, tvö, þrjú hundruð millj. kr. tolla á almenning, á hvaða vörutegundir sem hann vill, og rúínerað hvaða iðnað sem honum þóknast hérna, drepið hvaða part af íslenzkum útflutningsatvinnuvegum sem honum þóknast, veitt einn gjaldeyri fyrir menn á Vestfjörðum, neitað öðrum á Austfjörðum, veitt fyrir togarana, en neitað kannske bátunum? Það er alveg eins hægt að gera það eins og að hafa það öfugt, veita sumum togurum, neita öðrum, veita fyrir smjör, en neita fyrir ullina. Sjá menn þá ekki, út í hvað er komið með þessum hlutum? Það er algert stjórnleysi, sem þarna er að skapast. Ég veit, að það eru ýmsir menn, sem vitna í það, að við séum að fara á bak við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ýmislegt slíkt í sambandi við þetta og við brjótum allar þær skuldbindingar, sem eru í sambandi við gjaldeyrislögin. Það gerir minnst til. Það er alveg rétt, það er einmitt verið að svíkja allar þær skuldbindingar, sem Ísland hefur alþjóðlega séð. En það væri þó eitthvað annað, þó að það væri nú kannske verið að fara á bak við einhverja útlendinga, ef þjóðin hefði eitthvað upp úr því, heldur en ef það væri þó verið að svindla á þjóðinni og brjóta lög á henni og ræna hana í þokkabót. Nei, ef þetta á að halda áfram og ef Alþ. grípur ekki þarna í taumana, þá er þarna sú ægilegasta spillingaruppspretta, sem til er í okkar þjóðfélagi. Þess vegna legg ég þarna til, að hv. d. skipi nefnd samkv. 39. gr. stjskr. til þess að rannsaka í fyrsta lagi, hverjir bera ábyrgð á þessu, og í öðru lagi, hve mikið fé er búið að taka af landsmönnum í heimildarleysi. Ég veit náttúrlega, ef svona nefnd yrði skipuð, að hún færi, um leið og hún kæmist að þeirri niðurstöðu, að búið væri að taka þarna 1—2 hundruð milljónir af mönnum í heimildarleysi, að bollaleggja um það: Ja, fyrst þetta er þjófnaður, þá á að skila þýfinu aftur. — Ég veit ósköp vel, að þá mundi n. lenda í bobba. Það er erfitt að skila þessu aftur. Þetta er nefnilega eitt af því, sem venjulega þeir menn halda í, sem einu sinni hafa tekið það. Það er engan veginn þægilegt að ætla að skila aftur til manna öllu því, sem lagt hefur verið á í sambandi við bátagjaldeyrinn. Það, sem þarna er þess vegna fyrst og fremst um að ræða, er að sjá um, að þessu verði hætt.

Svo setti ég þarna í þriðja lagi: Hvernig stendur á því, að bátagjaldeyrir hefur verið innheimtur við sölu freðfisks til Bandaríkjanna og fleiri landa, en ekki við sölu freðfisks til Sovétríkjanna? Ég setti þetta nú vegna þess, að ég vildi gjarnan fá upplýsingar um, hvernig þessir hlutir væru. Það er sem sé vitanlegt, að í sambandi við þessa miklu freðfisksölu, sem fór fram til Sovétríkjanna, voru ekki keyptar neinar svokallaðar bátagjaldeyrisvörur til baka frá því landi, heldur fyrst og fremst nauðsynjavörur eins og olía, korn og annað slíkt. Nú hefur það hins vegar verið sú siðferðislega forsenda, sem ríkisstj. hefur venjulega reynt að verja bátagjaldeyrinn með, að það væri tap á sölunni á freðfiskinum og þess vegna þyrfti að bæta bátaútvegsmönnum þetta upp. Nú mundi ég, hefði ríkisstj. verið mætt, hafa spurt hana, hvort það væri tap á sölunni á freðfiskinum til Sovétríkjanna. Ég veit nefnilega — ríkisstj. hefur yfirleitt ekki haft fyrir því að gefa upp mikið verð á þessum hlutum — ósköp vel, að á t. d. fiski, sem seldur hefur verið til Tékkóslóvakíu og fleiri landa þar í Austur-Evrópu, muni útvegsmenn hafa sloppið skaðlaust. Og seinast þegar þm. sáu skýrslur — það munu vera komin ein tvö ár síðan — frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þá var það þannig, að það var gróði á mörgum af þessum sölum þarna austur eftir, að vísu lítill, 5—10%, en 30% tap á sölunum til Bandaríkjanna og Bretlands, sem þá var nokkuð selt til. Nú skyldi maður ætla, að til þeirra landa, sem fiskurinn er seldur á þannig, að það borgar sig eða stendur undir sér, þá þyrfti ekki að leggja neinn bátagjaldeyri á, nema þá það sé farið inn á þá aðferð að borga tapið á fisksölu, við skulum segja til Bretlands eða Bandaríkjanna, með ágóða af fiski, sem seldur sé til ýmissa annarra landa, eins og t. d. Tékkóslóvakíu eða Sovétríkjanna. Þá virðist náttúrlega vera farið að nota nokkuð einkennilegar aðferðir í þessu.

Nú hef ég hugmynd um, að í sambandi við söluna til Sovétríkjanna muni hafa orðið nokkur deila um þessi mál milli ríkisstj. og útflytjendanna, og ég hef heyrt því fleygt, að sú deila hafi verið leyst á þann veg, að útflytjendum freðfisks hafi verið heimilað að leggja á vörur frá ýmsum öðrum löndum, Bretlandi, Bandaríkjunum og fleiri löndum, svona og svona mikið og taka til sín. Þá eru satt að segja þessir hlutir farnir að verða ákaflega einkennilegir. Hingað til hefur þetta verið bundið við alveg sérstök lönd og skipt í sérstök svæði og var þannig með reglugerðinni frá 8. marz 1951, en nú virðist þetta í praksis vera komið út í það, að hægt sé að selja til eins lands, sem er kannske alveg fyrir utan EPU-svæðið, og svo er hægt að leyfa mönnum bara að leggja sérstaka tolla á vörur, sem koma t. d. frá EPU-svæðinu. M. ö. o. er allt í þessum efnum að verða háð einkasamningum, sem gerðir eru á milli einnar stofnunar úti í bæ og fjárhagsráðs, einkasamningum um ákvæði og tollaálagningar á ákveðnar vörur frá ákveðnum löndum, sem auðvitað um leið brjálar allt, sem heitir venjuleg verzlunarviðskipti við lönd. Venjulegir innflytjendur, sem gera sínar verzlunarráðstafanir út frá því, að þeir geta reiknað með t. d. ákveðnum tolli á ákveðinni vöru, kannske ákveðnum bátagjaldeyri, þeir upplifa það kannske daginn eftir, að þessi bátagjaldeyrir er nú bara tvöfaldaður, þegar varan kemur til landsins, eða ef þeir hafa keypt vöruna frá einu landi, þá verða þeir að borga þennan bátagjaldeyri, en ef þeir hafa keypt hana frá öðru landi, þá sleppa þeir. Það er sem sé orðið alveg óþolandi ástand að öllu leyti í viðskiptalífinu með þessum óeðlilegu hlutum, sem hér eru farnir að gerast.

Ég skal ekki gera það hér að umræðuefni, hve gífurlegur gróði er skapaður af þessum bátagjaldeyri til annarra en smáútvegsmanna, því að ég hef sýnt fram á, — og það hefur líka

af öðrum verið sýnt greinilega fram á það hér, — að það er aðeins partur af því, sem almenningur verður að borga, sem fer til bátaútvegsins, aðeins partur, þannig að sú siðferðislega forsenda fyrir þessum ólöglegu ráðstöfunum er þar að auki ákaflega veik. Það, að ég legg hins vegar til, að Alþ. skipi þarna nefnd, stafar af þessu, að ég er alveg viss um það, að dómstólarnir treysta sér ekki til þess að dæma í svona málum. Það fer enginn, — það fer ekki einhver og einhver maður að fara í mál út af svona og ætlast til þess, að dæmt sé um svona mál fyrir undirrétti og hæstarétti seinna meir, enda veit maður ósköp vel, hvernig það mundi vera; það mundi kosta mikið fé fyrir viðkomandi og mundi þýða svona eitt til tvö eða þrjú ár, þangað til í því yrði dæmt. Og ef hafður er viðtekinn praksís í þessum málum hjá sumum dómurum, eins og t. d. hér í Reykjavík, þá mundu ráðherrarnir aldrei verða kallaðir fyrir, þótt svona mál væri höfðað á þá. Hér er ekki til neitt jafnrétti fyrir lögum. Ég held það veitti ekki af, að beitt sé slíkum aðferðum að reyna að hafa áhrif á dómstólana, þegar ríkisstj. á í hlut. Hins vegar er með 39. gr. stjskr. gengið út frá því, að Alþ. eigi sjálft að grípa í taumana, þegar það álíti einhverja hættu á ferðum í svona málum, og að því sama hnígur raunverulega landsdómurinn og öll sú mikla löggjöf um hann, sem bara er það flókin, að hún hefur aldrei verið notuð. En ég efast ekki um, að ef svona rannsóknarnefnd þessarar hv. d. kæmist að þeirri niðurstöðu, í fyrsta lagi, að þetta hefði allt saman verið ólöglegt og að hæstv. ríkisstj. bæri ábyrgð á þessu, þá mundi hún næst gera ráðstafanir til þess að kalla ráðherrana fyrir landsdóm.

Ég vil minna á það, og ég hef raunar kastað fram þeirri spurningu hérna áður, að reglugerðin, sem þessar eitt til tvö hundruð milljónir, sem teknar hafa verið af almenningi, byggjast á, reglugerðin frá 8. marz 1951, hún byrjar öðruvísi en allar aðrar reglugerðir, sem út hafa verið gefnar á Íslandi. Hver einasta reglugerð, sem út hefur verið gefin af íslenzkum stjórnarvöldum, byrjar raunverulega með því, að þar stendur: Með tilvísun í lög nr. þetta og þetta þennan og þennan dag þetta og þetta ár og meira að segja kannske þessa og þessa grein, þá ákveðst hér með samkv. þeim heimildum, að þetta og þetta skuli gert. — En hvernig byrjar reglugerð fjárhagsráðs frá 8. marz 1951? Hún byrjar með þessum orðum: „Samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar.“ Og af hverju byrjar hún svona? Vegna þess að fjárhagsráð fann engin lög, sem þetta styddist við, vegna þess að fjárhagsráð sagði við ríkisstj., að þetta væri ólöglegt, og vegna þess að ríkisstj. heimtaði af fjárhagsráði, að þetta væri gefið út, og þess vegna setti fjárhagsráð byrjunina svona. Þessu hef ég haldið hér fram áður, og það hafa aldrei komið nein mótmæli frá fjárhagsráði um það, enda veit ég, að þetta er rétt. M. ö. o.: Þegar hér er vitnað í fjárhagsráð og annað slíkt, þá er það aðeins eins og leppur fyrir ríkisstj. Fjárhagsráð hefur ekki viljað gera þessa hluti, ríkisstj. hefur kúskað það til þess og ríkisstj. beið með að kúska fjárhagsráð til að gera þetta, þangað til Alþ. hafði verið sent heim 1951. Alþ. var slitið 7. marz, reglugerðin var gefin út 8. marz, og á því Alþ. hafði ríkisstj. verið vöruð við því, að þetta væri ólöglegt athæfi.

Ég þykist nú vita, að þessi þáltill. mín, ef hún fer til nefndar, sem hún komst nú ekki í fyrra, þá muni hún verða svæfð þar. Það er háttur ríkisstj. og Frams.- og Sjálfstfl. að fara á þann hátt að, þegar þeir mæta gagnrýni, sem þeir geta ekki treyst sér til að verja. En hitt vil ég aðeins itreka, að hv. þm. stjórnarflokkanna eru þá samsekir ríkisstj. um þetta rán, sem þarna hefur verið framið, svo framarlega sem þeir hvorki treysta sér til þess að ræða þetta eða verja það eða sýna fram á, að þetta væri löglegt, eða hindra það, að þessi mál fáist rannsökuð.

Það er kannske rétt að fresta þessari umr., þegar þeir hafa tekið til máls, sem kæra sig um það nú, og vísa þá till. til allshn. Ég býst við, að meiri hl. í þinginu mundi helzt vilja hafa þann hátt á, og ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því. Það er náttúrlega venja hjá okkur. En ég vildi alvarlega leyfa mér að skírskota til hv. þdm. um það, að svo framarlega sem þeir vilja standa á verði um frumstæðasta rétt Alþ. og um lögin í landinu, þá ber þeim að taka þetta mál alvarlega. Það er ekki til neins að halda fram gagnvart almenningi, að hann eigi að fara eftir lögum, og vera strangur og harðvítugur við hann og láta síðan æðstu valdsmönnum landsins haldast uppi hvaða lögbrot sem er, hvað stór sem þau kunna að vera.

*Gylfi Þ. Gíslason:* Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða bátagjaldeyrinn almennt, ekki réttmæti hans eða óréttmæti og ekki heldur þá spurningu, hvort hann sé löglega á lagður eða ekki. Ég hef oft áður gert grein fyrir því hér í hv. d., að ég tel bátagjaldeyrinn í raun og veru vera tvöfalda skráningu á krónunni og að því leyti algert brot á þeirri stefnu, sem sjálf hæstv. fyrrverandi ríkisstj. lýsti, er hún lækkaði gengi krónunnar vorið 1950. Þessi tvöfalda gengisskráning er framkvæmd með þeim hætti, að innheimt er sérstakt gjald, lagðar eru sérstakar álögur á vissa tegund innflutningsins til þess að styrkja vissan atvinnuveg, og jafngildir þetta því algerlega tvenns konar skráningu á gengi krónunnar eða tollálagningu í sérstöku formi. Ég er hv. 2. þm. Reykv. sammála um það, að ég tel mjög hæpið, að þessi tvöfalda skráning á krónunni eða þessi tollheimta, hvernig svo sem maður á það vill líta, hafi við lög að styðjast. En þessa spurningu ætla ég ekki að ræða hér að sinni, heldur annað atriði í sambandi við þetta mál.

Ég bar fram í Sþ. fyrir skömmu fyrirspurn til ríkisstj. um það, hversu bátagjaldeyrisálagið hefði numið miklu á s. l. ári, og fékk þau svör hjá hæstv. forsrh., sem ég kann honum þakkir fyrir, að álagið hefði numið 58 millj. kr. Einnig hafði ég um það spurt, hver kostnaður hefði orðið við álagningu þessa gjalds og greiðslu þess til þeirra, sem það áttu að fá,

bátaútvegsmannanna. Það kvaðst hæstv. ráðh. ekki geta upplýst, þar eð ríkissjóður hefði engan kostnað af þessari starfsemi haft. Nú var það augljóst mál, að þetta gjald hefur ekki heldur runnið í ríkissjóð og ekki verið greitt bátaútveginum aftur úr ríkissjóði, svo að vel hefði mátt svara fyrri spurningunni einnig þannig, að ríkisstj. vissi ekkert um, hversu gjaldið næmi miklu, því að það kæmi ekki í ríkissjóð og ekkert væri úr ríkissjóði greitt í sambandi við það. En hæstv. ríkisstj. hafði samt aflað sér upplýsinga um hæð gjaldsins í heild, en ekki viljað afla sér eða ekki fengið upplýsingar um það, hversu kostnaðurinn við þessa starfsemi næmi miklum fjárhæðum. Ég hef því reynt upp á eigin spýtur að kynna mér málið, og niðurstaða mín hefur orðið sú, að ég hef orðið forviða á henni. Mig grunaði að vísu, að hér væri um miklar fjárhæðir að ræða og að hér væri hneykslismál á ferðinni. Þess vegna spurði ég. Þess vegna mun ég ekki heldur hafa fengið svarið. Ríkisstj. mun sjálf hafa gert sér grein fyrir því, að hér væri um hneykslismál að ræða. Ég hef nú komizt að vissum niðurstöðum í þessu sambandi og langar til að gera hv. d. þær kunnar hér.

Árið 1951 námu árituð B-skírteini í Landsbankanum, þ. e. a. s. þau skírteini, sem veita innflutningsrétt samkv. bátagjaldeyrislistanum, 107 millj. kr., þ. e. a. s. af framleiðslu 1951. Af framleiðslu 1952 námu hin árituðu B-skírteini 130 millj. kr., og af framleiðslu þessa árs nema árituð B-skírteini þegar 30 millj. kr., en A-skírteinin, þ. e. a. s. þau skírteini, sem gefin eru út þegar útflytjandinn flytur vöruna út, nema talsvert hærri fjárhæð. Frá byrjun hafa því árituð B-skírteini numið 267.3 millj. kr. Innflutningsréttindin, sem veitt hafa verið, nema því 267 millj. kr. Ef miðað er við þá tölu, sem hæstv. ríkisstj. gaf upp hér í fyrirspurnatíma s. l. miðvikudag, að bátagjaldeyririnn hefði á s. l. ári numið 58 millj. kr., en B-skírteini á því ári námu 130 millj. kr., og gert ráð fyrir sama hlutfalli á öllum B-skírteinum, sem út hafa verið gefin frá byrjun, þá nemur bátagjaldeyrisálagningin vegna útvegsins 119 millj. kr. Þessi álagning er þannig til komin, að lagt er 60% gjald á nafnverð B-skírteinanna vegna innflutnings frá öllum löndum nema clearinglöndunum svokölluðu, en 25% gjald á B-skírteinum, sem veita innflutningsrétt frá clearinglöndunum svokölluðu. En n. sú, sem hefur með þessa innheimtu að gera og greiðslu gjaldsins til bátaútvegsins, lætur innflytjendurna ekki greiða 60%, eins og almennt er talið að bátagjaldeyrisálögin nemi, heldur 61%, og tekur þannig 1% af nafnverði B-skírteinisins í svokallað skírteinisgjald, sem ætlað er fyrir kostnaði við starfsemi nefndarinnar. Hún tekur ekki heldur 25% af clearinglandaskírteinunum, heldur 26%. Hún tekur m. ö. o. 1% skírteinisgjald af nafnverði B-skírteinanna til að standa straum af kostnaði sínum. Nú upplýsti ég áðan, að árituð B-skírteini frá byrjun hafa numið 267.3 millj. kr. Skírteinisgjaldið til að standa straum af kostnaði n. hefur þannig numið 2 millj. 673 þús. kr., eða nærri 2.7 millj. kr. á tæplega tveimur og hálfu ári, sem bátagjaldeyriskerfið er búið að vera. Til greiðslu á kostnaði við þessa starfsemi, að leggja 25—60% gjald á þessi innflutningsréttindi og greiða það bátaútvegsmönnum, er m. ö. o. tekin rúm ein millj. kr. á ári í þennan tíma, sem fyrirkomulagið er búið að standa. Mér sýnist þetta bera vott um, að hér sé um að ræða eitt mesta og aldýrasta skriffinnskubákn, sem starfandi sé í landinu sem stendur. Og þetta skriffinnskubákn hefur verið sett upp af þeirri hæstv. fyrrverandi ríkisstj. og er haldið við af þessari ríkisstj., þessum ríkisstjórnum, sem hafa haft það sem eitt höfuðstefnuskráratriði sitt að draga úr skriffinnsku og lækka ýmsan skrifstofukostnað. Hversu mikið var ekki sagt í kosningunum s. l. vor, sérstaklega af hálfu Sjálfstfl., um nauðsyn þess að draga úr nefndarfargani og skrifstofukostnaði alls konar, og hversu mikil heit voru ekki strengd í þá átt? Hvað kemur nú í ljós við athugun á þessu máli? Að þarna hefur ríkisstj. undir sínum verndarvæng eitt dýrasta báknið, sem um að ræða í þjóðfélaginu núna, miðað við það verkefni, sem því er ætlað. Að hugsa sér, að það skuli vera tekin ein millj. króna á ári fyrir að innheimta þessar á s. l. ári 58 millj. frá innflytjendum og borga þær bátaútvegsmönnum. Hafa menn heyrt annað eins og þetta?

Það var von, að ríkisstj. væri ekki reiðubúin til þess að skýra frá því hér á Alþ., hversu miklu þessi kostnaður hafi numið. En það mega menn vita, að þessi kostnaður er þungbær fyrir almenning, þó að hann sé ekki greiddur úr ríkissjóði. Þetta er tollur, sem almenningur greiðir, því að innflytjendurnir leggja þetta auðvitað á vöruna. Til samanburðar má geta þess, að þetta er sama upphæðin og kosta fjögur ráðuneyti, atvmrn., viðskmrn., fjmrn. og samgmrn. Öll þessi fjögur rn., stærstu ráðuneytin, að utanrrn. frátöldu, kosta sömu upphæð og ein nefnd tekur til að innheimta nokkra milljónatugi frá innflytjendum og skila þeim til bátaútvegsmanna. Þetta er sama upphæð og hagstofan öll kostar. Það er fjórðungi meira en hæstiréttur kostar. Það er jafnmikið og allt sakadómaraembættið kostar. Það er meira en þriðjungur af launum allra héraðslækna á landinu. Það er um það bil þriðjungur af því, sem ríkið greiðir til landsspítalans, og það er helmingur af kostnaði menntaskólans í Reykjavík. Og þannig gæti ég lengi talið. Þarf ég að hafa fleiri orð um það, hvílíkt reginhneyksli hér er á ferðinni?

Við þetta mun svo það bætast, að þessi n., sem þessa úthlutun annast, er, að því er manni skilst, undanþegin allri endurskoðun á því, hvernig með þetta fé er farið. Ríkisstj. virðist telja sér það óviðkomandi, hvernig hún ráðstafar þessu fé og hvað mikið hún tekur í kostnað. A. m. k. veit ríkisstj. ekkert um það, — samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh. á síðasta fundi í Sþ., — hversu miklu þessi kostnaður nemur. Það er eins og hún telji sér alveg óviðkomandi, þó að það kosti eina milljón að flytja nokkra milljónatugi úr vasa almennings yfir til bátaútvegsins á ári.

Það er margt fleira, sem er að athuga við það skrifstofubákn, sem hér hefur verið hróflað upp, t. d. það, að þetta fyrirtæki liggur með milljónir, ef ekki tugi milljóna, a. m. k. með milljónir í innheimtufé frá útflytjendunum, áður en það skilar því til útvegsins, og það má geta nærri, hvílíka vaxtafúlgu þetta fé færir þessari stofnun, svo að hún hefur væntanlega meiri tekjur en bara leyfisgjaldið eitt.

Ýmislegt fleira er og athyglisvert í sambandi við þetta, og skal ég láta eins getið, áður en ég lýk máli mínu. Í reglunum um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna er, svo sem allir, sem eru kunnugir þessum málum, vita, gert ráð fyrir því, að heimilt væri að flytja inn bifreiðar frá Tékkóslóvakíu gegn bátagjaldeyri fyrir allt að eina millj. kr. Af þessum innflutningi hefur ekki orðið. Af honum hefði verið greitt 25% leyfisgjald eða um 250 þús. kr. En nú hef ég nýlega frétt, að af þessum innflutningi muni ekkert verða, en í staðinn munu verða fluttir inn bílar frá Ítalíu fyrir 1½ millj. kr. og það sé í þann veginn verið að ganga frá reglum eða fyrirmælum um þetta. Allir þessir bílar munu einnig verða fluttir inn án gjaldeyris- og innflutningsleyfa, en samkv. bátagjaldeyrislistanum. Ítalía er í greiðslubandalagi Evrópu, og vegna þess munu innflytjendur fá heimild til þess að leggja 60% bátagjaldeyrisgjald eða bátaálag á þennan bílainnflutning. Með öðrum orðum: Álagningin á bílana frá Tékkóslóvakíu, sem ætluð var að yrði um 250 þús. kr., verður á bílana frá Ítalíu um 900 þús. kr. Og þetta stendur til að gera eða er í þann veginn verið að gera án þess að á málið sé minnzt opinberlega og án þess að nokkuð sé athugað, hvort bátaútvegurinn eða þessi stofnun hefur nokkra þörf fyrir þessar tekjur til viðbótar. Það hefði verið hægt að útvega útvegsmönnum nákvæmlega sömu tekjur með því að minnka leyfisgjaldið, en það er náttúrlega orðið sjálfsagt fyrir löngu að lækka það a. m. k. um helming og þó væntanlega enn þá meira.

Þetta er eitt dæmi af ótalmörgum um vinnubrögð hæstv. ríkisstj. á því sviði, sem hér er um að ræða. Væri hægt að nefna um það fleiri dæmi, ef umr. lengdust og frekara tilefni gæfist til. En þetta ætla ég að láta nægja að sinni. Það kemur sem sagt í ljós, að undir verndarvæng hæstv. fyrrverandi og hæstv. núverandi ríkisstj. er starfandi óstjórnlegt skrifstofubákn, sem hefur tiltölulega litilfjörlegt verkefni, en tekur þó til sinna þarfa um eina millj. kr. á ári. Og það virðist vera, að það hafi verið meining hæstv. ríkisstj. að leyna tilvist þessa hroðalega dýra skrifstofubákns. En sem betur fer tekst það ekki. Og þetta skrifstofubákn mun standa sem minnisvarði yfir ódugnað fyrrverandi ríkisstjórnar og þessarar, sem sönnun þess, hversu lítið hún meinar með því skrafi sínu að draga úr nefndarfargani og skrifstofubákni.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 25. Kjarnfóðurframleiðsla.

Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

*Till. til þál. um kjarnfóðurframleiðslu* [150. mál] (A. 388).

Á 52. fundi í Nd., 23. febr., var till. tekin á dagskrá, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 54. fundi í Nd., 26. febr., var till. tekin til einnar umr.

*Flm. (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr. og prentuð er á þskj. 388, er nokkurt nýmæli hér á hinu háa Alþ. Með henni er stefnt að því, að framleitt verði innanlands allt það kjarnfóður, sem bændur landsins telja sig þurfa til að fá sæmilegan arð af búfé sínu, og þar með sparaðar um eða yfir 20 millj. kr. árlega í erlendum gjaldeyri, þeim gjaldeyri, sem íslenzka þjóð hefur jafnan skort tilfinnanlega og mun skorta tilfinnanlega fyrst um sinn. Hugsun sú, sem á bak við till. felst, byggist á þeirri sannfæringu, að unnt sé og tiltölulega auðvelt a. m. k. með nútímatækni að halda lífi í og fá sæmilegan arð af búfé á Íslandi án þess að kaupa handa því fóður frá útlöndum. Sú skoðun er í sjálfu sér ekkert nýmæli. Margir merkir búnaðarfrömuðir hafa verið þeirrar skoðunar langa hríð. Vil ég þar til nefna fyrrverandi sandgræðslustjóra, er ég ræddi þetta mál lítillega við, og Klemenz Kristjánsson á Sámsstöðum. Marga fleiri ræktunar- og búnaðarfrömuði mætti nefna, þó að það verði ekki gert hér. Þó get ég ekki látið hjá líða að geta þess, að árið 1950 flutti ég till. um þetta mál á flokksþingi Framsfl. og fékk Sverri Gíslason, formann Stéttarsambands bænda, sem meðflm. að till. Till. þessi hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Flokksþingið telur nauðsyn, að sandgræðslan í Rangárvallasýslu verði þegar aukin verulega og þar verði byggð verksmiðja til framleiðslu á innlendum fóðurefnum."

Þessi till. var samþykkt mótatkvæðalaust, að því er mig minnir, og birt í Tímanum 23. nóv. 1950. En þó að venjulegt sé í flestum lýðræðislegum flokkum að líta á það sem skyldu að fylgja fram slíkum flokksþingssamþykktum, gegnir nokkuð öðru máli um Framsfl. í því efni. Ráðamenn þess flokks hafa sjaldnast talið það skyldu sína að berjast fyrir till., sem óbreyttir flokksmenn hafa borið fram og samþykkt, né að hlíta ótvíræðum fyrirmælum flokksþinga. Þess vegna hafa hv. þingmenn Framsfl. ekki hreyft þessu máli á Alþingi til

þessa. Þetta mál er þó þannig vaxið í eðli sínu, að það varðar hag þjóðarinnar allrar. Það er engin skynsemi í því fólgin að eyða erlendum gjaldeyri að nauðsynja- og þarflausu, allra síst á tímum þegar verzlunarjöfnuðurinn við útlönd er árlega óhagstæður um tugi og hundruð millj. kr. og æðstu valdamenn þjóðarinnar telja hana eiga það úrræði eitt í þeim efnum að lúta því hlutskipti að biðja erlenda „vini" sína um ölmusu. Og jafnvel þó að svo djúpt hefði ekki verið sokkið, hefur þjóð eins og við Íslendingar, sem horfist í augu við þá staðreynd að þurfa árlega að sjá vaxandi þjóðfélagi fyrir starfi og lífsbjörg, næga möguleika til að ráðstafa erlendum gjaldeyristekjum sínum, aðra en þá að gefa þær búfé. Frá sjónarmiði bænda sem slíkra skiptir það í sjálfu sér engu höfuðmáli, hvort þeir láta útlenzka afla fóðurs handa kvikfénaði sínum eða sína eigin landsmenn, svo framarlega sem erlenda fóðrið er ekki mun lakara og dýrara en það innlenda. En frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar skiptir það mjög miklu máli, hvort hinum takmarkaða erlenda gjaldeyri er varið til lífsnauðsynlegra hluta og skynsamlegra eða ekki.

Við flm. þessa máls höfum valið þá leið að leggja það fyrir í ályktunarformi. Gerum við það vegna þess, að við teljum eðlilegt og sjálfsagt, að það verði rannsakað og athugað í öllum atriðum, áður en framkvæmdir eru hafnar, og meir en við höfum sjálfir tök á að gera eða láta gera. Hins vegar lítum við svo á, að þeir aðilar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í þessu máli, ríkið og samtök bænda, hafi nægilega marga sérfræðinga, svo sem hagfræðinga, búfræðinga, fóðurfræðinga og verkfræðinga, í þjónustu sinni til að geta athugað og undirbúið málið fyrir hæstv. ríkisstj., án þess að ríkissjóður þyrfti að hafa af því sérstakan kostnað. Okkur er ljóst, að fyrirtæki eins og það, sem við höfum í huga við flutning þessa máls, gæti kostað 12—15 millj. kr. uppkomið. Og þó að það sé að vísu lítið fjármagn borið saman við árlegan innflutning á kjarnfóðri, er það þó nægilega mikið til að vanda sem bezt allan undirbúning málsins að öðru leyti. Þá er okkur það einnig ljóst, að það er hvorki sanngjarnt né eðlilegt að ætlast til þess, að bændur leggi einir fram stofnfé þessa fyrirtækis, sem hér um ræðir, þar sem þjóðin hefur öll mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við það, en bændur sérstaklega. Við viljum því leggja sérstaka áherzlu á það atriði þegar á frumstigi málsins, að við teljum heppilegustu og eðlilegustu lausn málsins, að ríkissjóður og félagssamtök bænda stofni í sameiningu fyrirtæki, hlutafélag, til að hrinda málinu í framkvæmd og leggi ríkissjóður fram meiri hl. af stofnkostnaði, og er það í samræmi við það, sem áður er sagt, að hér sé um að ræða hagsmunamál þjóðarheildarinnar og bænda sérstaklega. Sú lausn málsins er og í samræmi við yfirlýsta stefnu Þjóðvarnarflokks Íslands í efnahagsmálum, að þeir aðilar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta við rekstur framleiðslutækjanna í hverju tilfelli, skuli eiga þau og reka í félagi og búa að þeim arði og þeim möguleikum, sem framleiðslutækin skapa. Loks viljum við flm. þáltill. á þskj. 388 leggja á það ríka áherzlu, að þeirri rannsókn, sem þar er farið fram á, verði hraðað svo sem mest má, til þess að þjóðin losni sem fyrst við það ófremdarástand að greiða af litlum efnum erlendum mönnum fé fyrir það að afla fóðurs handa kvikfénaði landsmanna. Að öðru leyti vísast til grg. með till.

Loks vil ég leggja til, að þeirri einu umr., sem ákveðin hefur verið um þetta mál, verði frestað og málinu vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 19 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndaráliti frá landbn., á þskj. 651, var útbýtt 5. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

# Fyrirspurnir.

## 1. Stóreignaskattur.

Á deildafundum 7. okt. var útbýtt frá Sþ.:
*Fsp. til fjmrh. um innheimtu og greiðslu stóreignaskatts* [39. mál] (A. 41).

Á 4. fundi í Sþ., 8. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

---

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Með l. nr. 128/1947 var kveðið á um ýmsar fjárhagsráðstafanir til þess að ráða bót á miklu öngþveiti, sem þá var talið ríkjandi í efnahagsmálum þjóðarinnar, í fjármálum hennar og atvinnumálum. Í þessum l. var verðlagsuppbót á laun launþega takmörkuð við 300 stig, og fólst í því allmikil kjaraskerðing hjá öllum launastéttum í landinu, sem kaup tóku samkvæmt vísitölu. Þar var enn fremur kveðið á um greiðslu fiskuppbóta á útfluttar sjávarafurðir, en tekna til greiðslu þeirra skyldi aflað með söluskatti á nær allar vörur og með eignaraukaskatti á þann eignarauka, sem orðið hefði í landinu frá árinu 1940.

Fyrsti kafli l. var um eignaraukaskattinn, og á það var lögð sérstök áherzla, að eignaraukaskatturinn skyldi vera framlag þeirra ríku í þjóðfélaginu til þeirra ráðstafana, sem verið var að gera og taldar voru óhjákvæmilegar. Lögð var á það sérstök áherzla, að sjálfsagt og eðlilegt væri, að þyngstu byrðarnar lentu á breiðustu bökunum, og greiðsla eignaraukaskattsins átti einmitt að vera framlag þeirra, sem breiðust hefðu bökin í þjóðfélaginu, til að standa undir þeim kostnaði, sem óhjákvæmilegar ráðstafanir voru taldar hafa í för með sér.

Þessi lög voru framkvæmd út í yztu æsar að öllu leyti nema því, að eignaraukaskatturinn var ekki greiddur. Því var frestað ár frá ári að innheimta hann, og þar kom, að ákvæði um hann voru algerlega felld niður. Með öðrum orðum: Framlag hinna ríku til þeirra ráðstafana, sem taldar voru óhjákvæmilegar 1947, var aldrei innheimt.

Lagaákvæðin um eignaraukaskattinn voru sameinuð l. um stóreignaskatt, sem samþ. voru 1950. Nú er árið 1953, og það er bráðum liðið. Mér hefur skilizt, að innheimtu stóreignaskattsins sé ekki lokið enn. Henni mun að vísu vera komið alllangt, en henni er ekki lokið. Það virðist því ganga mjög illa, eða réttara sagt, það virðist svo sem íslenzk stjórnarvöld hafi ekki sérstakan áhuga á því að láta hina ríku — að láta mennina með breiðu bökin greiða sinn hluta af þeim kostnaði, sem óhjákvæmilegar þjóðfélagsráðstafanir eru taldar hafa í för með sér. Það stendur ekki á að innheimta gjöldin af hinum minni máttar — af þeim tekjulægri, en þegar hinir ríku eiga í hlut, þá er málið dregið á langinn, hinum fyrri skatti var sleppt algerlega, og það gengur treglega að innheimta hinn síðari.

Þess vegna hef ég borið þessa fsp. fram. Mig hefur langað til þess að fá að vita, hvað þessi álagning er langt komin, hversu mikið er búið að innheimta og hversu mikið er ógreitt, hversu mikið kann að hafa verið greitt með fasteignum samkvæmt heimildum í l. sjálfum, hvað ríkissjóður kann að hafa fengið fyrir þessar fasteignir og hvort einhverjum hafi fylgt kvaðir, sem komið hafa til frádráttar matsverði, og hvort ríkissjóður hafi haft einhvern kostnað af þeim eignum, sem hann hefur tekið upp í skattinn.

Það hefur komið í ljós við framkvæmd þessara l., að þau eru mjög gölluð. Þar var kveðið svo á, að margfalda skyldi fasteignamat með ákveðnum tölum til að fá fram skattmatið. Þessi ákvæði voru undantekningarlaus, og var þetta mjög óhyggilegt. Jafnframt var kveðið svo á í l., að menn mættu greiða skattinn með þeim eignum, sem skattlagðar voru, og við því mati, sem ákveðið var í l. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt og ekkert við því að segja, en það hefur komið í ljós við framkvæmdina, að lagaákvæðin hafa verið óskynsamlega fortakslaus, sérstaklega með tilliti til þess, að á eignum geta auðvitað hvílt ýmsar kvaðir, og nær náttúrlega ekki nokkurri átt að telja skattmat eigna, sem kvaðir hvíla á, það sama og skattmat eigna, sem engar kvaðir hvíla á. Sérstaklega varhugavert verður þetta, ef það er heimilað að greiða skattinn með hinum skattlögðu eignum. Þetta má skýra með ofur einföldu dæmi. Gerum ráð fyrir því, að maður eigi tvær eignir, aðra algerlega kvaðalausa og hina með kvöð, þannig að raunverulega sé síðari eignin verð-

lítil, kannske alveg verðlaus. Þær eru báðar skattlagðar eftir sömu reglum, sem auðvitað er fráleitt. Maðurinn getur þá samkvæmt reglum l. eins og þær eru borgað skattinn, sem lagður er á vegna verðmiklu eignarinnar, með verðlausu eigninni og þannig í raun og veru grætt á því, að stóreignaskatturinn er á lagður. Slíkar reglur eru auðvitað svo fráleitar, að ekki tekur nokkru tali. Mér hefur skilizt, að slík dæmi hafi komið fyrir og það fleiri en eitt, og vil ég gjarnan fá það upplýst. Jafnframt leikur mér forvitni á að vita, hvort þessari óeðlilegu framkvæmd er haldið áfram, að skattleggja eignir með nákvæmlega sama hætti, hvort sem á þeim hvíla kvaðir eða ekki, og hvort haldið er áfram að taka við eignum til greiðslu skattsins, þótt á þeim hvíli kvaðir. — Þetta vildi ég leyfa mér að vænta, að hæstv. fjmrh. upplýsi í svörum sínum.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Fyrsta spurningin er um það, hvers vegna ekki er lokið endanlegri álagningu stóreignaskatts þess, sem innheimta skal samkv. lögum nr. 22 1950 og síðari breyt. á þeim lögum. Þessu vil ég svara þannig:

Lögum samkvæmt átti álagningu stóreignaskattsins að vera lokið fyrir febrúarlok 1951. Álagningu skattsins eða útreikningi hans eftir lögunum var þó lokið fyrir áramótin, þ. e. a. s. fyrr en tilskilið var í lögum, og tilkynningar sendar til gjaldenda fyrstu dagana í janúar og þær síðustu 8. jan. 1951. Að loknum kærufresti til skattstofu Reykjavíkur og ríkisskattanefndar varð að sjálfsögðu að reikna skattinn upp að nýju vegna breytinga, sem af kærum leiddi, og var því verki lokið í október 1951. En það skal tekið fram, að vegna þess, hvernig þessi skattur er á lagður, þá getur ein breyting hjá einum skattþegni gert það að verkum, að það verður að reikna upp skatt fjöldamargra, t. d. ef um hlutafélag er að ræða. Um áramótin 1951 og 1952 höfðuðu ýmsir gjaldendur skattsins mál á hendur fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og kröfðust ýmist ógildingar á skattinum í heild eða einstökum atriðum álagningarinnar á þeim forsendum, að ekki hefði verið farið að lögum um álagningu hans. Þennan rétt höfðu menn að sjálfsögðu óskorað, að höfða þessi mál sem þriðju tilraun, eftir að kærur þeirra höfðu ekki verið teknar til greina af skattstjóra í fyrstu umferð eða ríkisskattanefnd í annarri umferð. Alls voru höfðuð á þennan hátt 19 mál á hendur ríkissjóði út af stóreignaskattinum. Varð um það samkomulag milli rn. og samtaka þeirra, sem gjaldendur skattsins höfðu myndað með sér, að ekki yrðu höfðuð fleiri mál en nauðsynlegt væri til þess að fá skorið úr öllum ágreiningsatriðum, en hins vegar fengju allir gjaldendur, sem eins var ástatt um, að njóta lækkana samkv. væntanlegum dómum, hvort sem þeir hefðu sjálfir höfðað mál eða ekki. Hæstiréttur hefur nú kveðið upp dóma í flestum þessara mála, og hefur ríkissjóður unnið þau öll í aðalatriðum. Virðast lækkanir skattsins samkv. þessum dómum ekki munu nema neinum verulegum fjárhæðum. Þá samþykkti Alþ. lög í jan. 1952 um lækkun skattsins vegna skuldataps, samkv. 2. kafla laga nr. 120 frá 1950, og eru þessi lög birt í Stjórnartíðindunum sem lög nr. 21 1952. Varð að gera breytingar á skattinum vegna þessara lagasetninga, og er það framkvæmt um leið og sú leiðrétting fer fram, sem gera verður eftir dómunum. Þessir lokaútreikningar eftir niðurstöðunum við þessi síðustu átök um skattinn, ef svo mætti segja, standa nú yfir og mun verða lokið um næstu mánaðamót, svo framarlega sem hæstiréttur hefur þá fellt dóm í einu eða tveimur málum, sem ódæmd eru, en hafa mjög litla þýðingu. Að lokaútreikningi skattsins og innheimtu er ekki löngu lokið, stafar því einvörðungu af framangreindum málaferlum og framangreindum málsskotum, en fyrir því öllu er gert ráð í l. um stóreignaskatt, og er ekki nema sjálfsagður hlutur, að menn geti leitað þannig réttar síns, og hefði því hv. fyrirspyrjandi getað sparað sér öll svigurmæli í garð þeirra, sem framkvæma þessi mál, um það, að framkvæmdin hafi verið dregin á langinn. Þvert á móti hefur þetta allt gengið hraðar en í raun réttri mátti búast við, af því að það hefur sífellt verið rekið á eftir, bæði þeim, sem höfðu sjálfa álagninguna með höndum, og eins þeim, sem úrskurðuðu kærur, og ýtt á sjálfa dómstólana að ljúka öllum þessum málum sem fyrst.

Þá kemur önnur spurningin: Hversu hárri fjárhæð nemur skattur sá, sem þegar hefur verið á lagður?

Við ákvörðun stóreignaskattsins eftir kærur til skattstofu Reykjavíkur og ríkisskattanefndar reyndist skatturinn alls 49 millj. og 252 þús., en sú upphæð hefur lækkað um nokkrar þúsundir vegna leiðréttinga, en um verulegar fjárhæðir er ekki að ræða. T. d. nemur lækkun þessi kr. 12200.00 hér í Reykjavík og svipaðri fjárhæð utan Reykjavíkur. Þá eiga eftir að koma til greina lítils háttar lagfæringar eftir þessum síðustu dómum, sem ég greindi hv. þingmönnum frá áður.

Þá kemur spurningin: Hversu mikið hefur verið innheimt?

Nú hefur ekki verið hafður sá háttur á að bíða með innheimtu skattsins í heild, þangað til öllu þessu væri lokið. Til þess að hraða innheimtunni sem mest, þá hefur verið haldið áfram með hana, þótt óútkljáð hafi verið æði mörg mál, eins og ég gat um áðan. Þrátt fyrir þessi málaferli og áhrif frá þessum þrætum er búið að innheimta núna nærri 42 milljónir af skattinum, og það, sem eftir er, verður innheimt á næstunni með lögtökum eða samningum, eftir því sem til þarf. Þess vegna hefði hv. þm. getað sparað sér að hafa fyrir fram svigurmæli einnig um þetta. Það hefði verið betra fyrir hann að bíða með að dæma, þangað til búið var að svara spurningunni.

Fjórða spurningin er: Hversu mikið hefur verið greitt með fasteignum?

Það eru 644034 kr., sem hefur verið greitt með fasteignum af þessum 49 milljónum.

Og þá er spurt: Hversu mikið fé hefur ríkissjóður fengið fyrir þær fasteignir?

Seldar hafa verið nú þegar tvær fasteignir,

og voru þær seldar ríkissjóði að skaðlausu. Söluverð þeirra var 149 þúsund. Um frekari sölu á þessum eignum hefur ekki enn þá verið samið, en beðið tækifæris að koma þeim út. Eins og menn sjá af þessu, hefur þessi heimild um það að afhenda eignir upp í skattinn verið svo lítið notuð, að lítil áhrif eða engin áhrif hefur á heildarmyndina, þó að hún hafi verið notuð í einstökum atriðum.

Svo kemur sjötta spurningin. — Ég tel gleggst að svara sjöttu og sjöundu spurningunni í einu lagi, og þær eru þannig: Hafa einhverjum þessara eigna fylgt kvaðir, og hafa þær þá komið til frádráttar matsverðinu? — Og sjöunda spurningin: Hefur ríkissjóður haft kostnað af *einhverjum slíkum eignum, og þá hversu* mikinn?

Í lögunum um stóreignaskatt er ákveðið, að öllum skattgreiðendum sé heimilt að afhenda skattlagðar fasteignir upp í skattinn með því verði, sem þær eru skattlagðar. Nú eru ákvæðin um fasteignirnar þannig í l., að skattleggja ber þær með fasteignamati, þreföldu, fjórföldu, fimmföldu og sexföldu, allt eftir því, hvar þær eru á landinu. Það er á almannavitorði, að fasteignir eru yfirleitt miklu verðmætari en nemur matsverði þeirra eftir þessari reglu stóreignaskattslaganna. Hefur því yfirleitt ekki komið til mála af eðlilegum ástæðum eða skiljanlegum ástæðum, að menn notfærðu sér þennan rétt til þess að greiða skattinn með fasteignum verðlögðum á því verðgildismati, sem í l. greinir, nema sérstaklega stæði á, eða m. ö. o. nema þannig stæði á, að fasteignamatið væri óvenjulega hátt á þessum eignum miðað við raunverulegt verðmæti þeirra, annaðhvort af því að eignirnar hefðu gengið úr sér, eftir að fasteignamatið fór fram, eða lægju afskekktar og væri lítið verðgildi þeirra eða þeim fylgdu einhverjar kvaðir, sem gerðu það að verkum, að skattgreiðandi teldi þær ekki þess virði, sem hið lögboðna stóreignaskattsmat gefur til kynna, eða a. m. k. ekki meira virði. Samkv. lögunum er ríkinu alveg skylt að taka á móti öllum fasteignum, sem skattlagðar hafa verið hjá hlutaðeigandi gjaldendum, upp í greiðslu stóreignaskatts þeirra, hvernig sem á stendur. Og þetta ákvæði virðist vera hugsað þannig hjá löggjafanum, að ákveði ríkisvaldið eign hjá skattþegni tilteknu verði til skatts, þá sé sanngjarnt, að hann geti afhent hana upp í skattinn.

Eins og áður segir, hafa menn mjög lítið notað sér þennan rétt til þess að afhenda fasteignir, sem og kemur fram af því, að samtals hafa verið afhentar upp í 49 milljónir fasteignir að fjárhæð 644 þús. Nú má vera, að einhverjir af þeim, sem enn eiga eftir að gera skil, ætli sér þetta, þó að mér sé það ekki kunnugt, en það getur ekki verið í stórum stíl. Algengasta ástæðan til þess, að menn hafa notfært sér réttinn til þess að afhenda fasteignir, sýnist sú, að fasteignunum hafa ekki fylgt lóðarréttindi til frambúðar eða fasteignir hafa verið svo afskekktar, að eigendur hafa talið sér þær verðminni af þeim ástæðum. — Eins og áður segir, hefur ríkissjóður þegar losað sig við að skaðlausu eignir að verðmæti 149 þús., en ýmsum eignum er óráðstafað enn þá.

Í einu dæmi notfærði Reykjavíkurbær sem lóðareigandi sér rétt sinn til þess að krefjast niðurrifs á fasteign, sem hafði verið afhent upp í skattinn, og varð ríkissjóður fyrir 22609 kr. kostnaði við að fjarlægja þessa eign eftir kröfu bæjarins. Og það er sá eini kostnaður — þetta er sem sagt svar við fsp. 7, ég hef fléttað þetta saman — sem ríkissjóður hefur haft af þessum eignum. Á hinn bóginn hafði ríkið haft um 17 þús. kr. leigutekjur af þessari eign, á meðan hún var í eigu ríkisins. Eign þessi var að fasteignamati 21 þús. kr. rúml. og var af skattgreiðanda afhent upp í skattinn með tilvísun til *framangreindra ákvæða um rétt hans.* Augljóst var, að þessari eign fylgdi hættuleg kvöð, en á hinn bóginn jafnaugljóst, að skylda ríkissjóðs til þess að taka eignina upp í skattinn var alveg ótvíræð, og var á engan hátt mögulegt að komast undan því. Var því ekki um annað að ræða en að taka við eigninni. Mér væri í raun og veru ekki skylt að segja meira um þetta en komið er, þetta er fullkomið svar við fyrirspurninni, en til þess að menn skilji betur samhengið í þessu máli, þá þykir mér rétt að geta um það í þessu sambandi, að þessi eign, sem reyndist svona lítils virði, af því að eftir rúmt ár vildi lóðareigandi ganga eftir því, að hún væri fjarlægð, og afhent var upp í skattinn og reyndist þannig í raun og veru einskis virði þegar til kom, af því að lóðareigandinn notaði sér þennan rétt, var hluti af miklu stærri eign, sem var í eigu þessa skattgreiðanda, og sams konar kvöð af hendi lóðareiganda hvíldi á allri þessari eign. Var öll þessi eign hjá skattgreiðanda metin að fasteignamati 144 þús. kr., og þegar búið var að margfalda það með sex, þá var hún metin til stóreignaskatts á 864 þús. Þessi eigandi kærði þessa skattlagningu og taldi hana ósanngjarna og vísaði til þeirra kvaða, *sem voru í lóðarsamningnum,* og taldi, að hún ætti að vera miklu lægra metin, þar sem umræddar kvaðir hvíldu á henni. En þeir, sem úrskurðuðu stóreignaskattskærurnar og áttu að gera það lögum samkvæmt, bæði skattstjóri og ríkisskattanefnd, töldu ekki heimild til annars í l. um stóreignaskatt en að skattleggja þessa eign fullu verði eftir þeim, þrátt fyrir kvöðina, og synjuðu kærunni frá þessum skattgreiðanda. Þá afhenti þessi skattgreiðandi hluta af eigninni upp í skattinn, eins og ég hef áður rakið. — Þetta þykir mér rétt að láta koma fram, til þess að það komi fram rétt mynd af málinu. Ýmis sorpblöð og óvandaðir menn hafa undanfarið verið að narta í mig út af þessu máli, fyrir að gera það, sem skylt var að gera lögum samkvæmt. En það verður allt þeim til skammar, þegar málið hefur nú verið upplýst.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Hæstv. núverandi fjmrh. er, svo sem kunnugt er, einhver duglegasti skatt- og tollheimtumaður, sem setið hefur í embætti hans. Þess vegna kemur mér það mjög á óvart, að hann skuli telja það til afreka, að hann skuli

hafa innheimt 42 millj. af 49 millj. kr. skatti á þremur árum, sem hann hefur til þess haft. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar, að það sé ámælisvert, að enn skuli vera óinnheimtar 7 millj. kr. af þeim stóreignaskatti, sem á átti að leggja samkv. l. frá 1950 og vera búið að leggja á 1951. Það er ekki sýnd þvílík linkind, þegar verið er að innheimta skatta hjá þeim, sem eru minni máttar í þjóðfélaginu og litlar eignir eiga og litlar tekjur hafa. Þeir verða að borgast á sama ári og þeir eru á lagðir, og eftir því er gengið af dugnaði af hálfu hæstv. fjmrh. og starfsmanna hans. En nú virðist hann vera ánægður með það, að stóreignamennirnir í landinu skuli enn eiga eftir ógreiddar 7 millj. af því, sem þeim hefur verið gert að greiða.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að stóreignaskatturinn, sem á er lagður, nemur ekki 50 millj. kr. Þegar það er haft í huga, að þetta er jafnframt eignaraukaskatturinn frá árinu 1947, að þetta er m. ö. o. hlutdeild hinna ríku, hlutdeild stórgróðamannanna í þeim byrðum, sem lagðar hafa verið á íslenzka þjóð til viðreisnar atvinnulífinu síðan 1947, þá sést, hvílík forsmán hér er á ferðinni. Þetta er það, sem stóreignamenn eiga að skila aftur af þeim gróða, sem þeim hefur fallið í skaut síðan 1940. Hvað halda menn, að sá gróði sé mikill? Ég þori ekkert um það að segja, hvað íslenzkir stórgróðamenn kunna að hafa grætt síðan 1940, á þeim 13 árum, sem síðan eru liðin, en þá upphæð á ekki að telja í tugum milljóna, hana verður að telja í hundruðum milljóna. Það, sem hæstv. fjmrh. skýrði nú frá, að þeim sé ætlað að skila af þessum 13 ára stórgróða, eru tæpar 50 milljónir. Og með þetta er hinn bráðduglegi skattheimtumaður að því er virðist harðánægður, þrátt fyrir það að enn eru 7 millj. af því ógreiddar. Hver veit, hvenær þær kunna að vera greiddar?

Ég sagði, að ég þyrði ekkert um það að áætla, hversu miklu þessi stórgróði á 13 árum kynni að hafa numið, en ég vil aðeins minna á það, að samkv. skýrslu skattstofunnar voru á s. l. ári eignir 20 ríkustu einstaklinganna í Reykjavík 190 millj. kr. og 20 ríkustu félaganna 366 millj. kr. Tuttugu ríkustu einstaklingar og tuttugu ríkustu félögin í Reykjavík einni áttu m. ö. o. í fyrra 556 millj. kr. Og nú stendur hér hæstv. fjmrh., stoltur og ánægður, og skýrir frá því, að það, sem allir stóreignamenn í landinu eigi að skila aftur af stórgróða sínum síðan 1940, séu tæpar 50 milljónir, 1/10 af því, sem 20 ríkustu einstaklingarnir og félögin eiga samkv. athugun sjálfrar skattstofunnar, hans eigin starfsmanna. Menn hafa oft verið stoltir yfir litlu hér í þessum stól, en sjaldan af svo ósköp litlu eins og hér er af að státa.

Hæstv. ráðh. gerði sérstaklega ræki lega að umtalsefni svörin við síðustu tveim spurningaliðunum varðandi afhendingar á fasteignum upp í stóreignaskattinn og kvaðirnar, sem á þeim hvíldu. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég tel ekkert við að athuga regluna um greiðslu stóreignaskatts með skattlagðri eign. Sú regla er sjálfsögð. Það er hitt, sem ég fann að og finn að enn, að einmitt vegna þessarar reglu er matsreglan, sem gildir í l., mjög hættuleg, og einmitt vegna hennar bar ráðh. skylda til í öllum vafasömum tilfellum að skjóta til dómstóla skattmatinu á eignum, sem kvaðir hvíldu á. Það skilst mér raunar, að hæstv. ráðh. hafi gert, eftir að reynslan var búin að sýna honum, hversu þessar tvær reglur í samhengi gátu verkað hlægilega. Þær gátu m. ö. o. haft þau áhrif, að hægt væri að velta kostnaði við að fullnægja kvöð á eign af skattgreiðanda yfir á ríkissjóð, en það nær auðvitað ekki nokkurri átt. Ég skal ekki vefengja, að skýra megi lögin á þann hátt, að við þetta sé ekkert að athuga frá lagabókstafssjónarmiði séð. En samt hefur hæstv. ráðh. séð, að áhrif þessara ákvæða eru svo andkannaleg, að hann hefur, að því er mér skilst, skotið slíku máli til dómstóla og fengið þar þann úrskurð, að hann geti neitað að taka við eignum, sem kvaðir hvíla á. Það átti hann auðvitað að gera í upphafi. Þá hefði hann losnað við þann kostnað, sem ríkissjóður hefur nú orðið að bera, samkv. upplýsingum hans, 20 þús. krónur.

*Bergur Sigurbjörnsson:* Herra forseti. Ég þarf ekki að skýra það mál, sem hér liggur fyrir til umr. Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni hér við 1. umr. fjárlaga, að það væri rétt, að það hefði verið tekið skúrræksni, eins og hann orðaði það svo smekklega, til greiðslu á stóreignaskatti. Í ræðu sinni hér áðan um fyrirspurnir hv. 1. landsk. (GÞG) lagði hæstv. fjmrh. á það ríka áherzlu, að ríkissjóði hefði borið skylda til að taka við eignum til greiðslu á þessum skatti.

Það er rétt, að í 12. gr. l. nr. 22 frá 1950 stendur svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum."

Nú vil ég hins vegar leyfa mér að mótmæla þeim skilningi ráðh. á lögum þessum, að þar sem hér er verið að setja lög um, að ákveðnir aðilar skuli greiða skatt, sérstakan skatt, þá sé í sömu lögum og sömu lagagrein og um skattinn fjallar einnig gert ráð fyrir því, að þeir, sem þessi skattur er lagður á, geti líka losnað við að greiða hann, eins og hefur komið fram í einu tilfelli, eða að þeir geti meira en losnað við að greiða hann, þeir geti varpað á ríkissjóð kostnaði í sambandi við þær eignir, sem þeir afhenda til greiðslu skattsins. Það er m. ö. o. alveg sýnilegt, að löggjafinn ætlast til þess, að þær eignir, sem afhenda má upp í skattinn, séu í einhverju skynsamlegu verðhlutfalli eða verðgildi við þá greiðslu, sem skattgreiðandi átti að inna af hendi. — Þá vil ég líka benda á það, samkvæmt því sem hefur verið upplýst í þessu máli, bæði í umr. og blaðaskrifum um þau, að umrætt skúrræksni, sem fjmrh. svo orðaði, var afhent ríkissjóði til greiðslu á stóreignaskatti, eftir því sem mér hefur verið tjáð af ríkisbókhaldinu, að upphæð 126992 kr. Nú stendur í l., að það megi afhenda fasteign, og þá að mínum skilningi verðmæta fasteign, til greiðslu á þessum skatti á sexföldu fasteignamati, ef í Reykjavík er. Fasteignamatið á um-

ræddu skúrræksni ráðh. er samkv. upplýsingum frá fjmrh. 17900 kr., og sex sinnum það eru 107400 kr. Af því er þá sýnilegt, að lögin, þó að um verðmæta eign hefði verið að ræða, hafa samt verið brotin í þessu tilfelli, þar sem skúrræksnið var tekið til greiðslu á meira en sexföldu verðmæti. Það er þess vegna í sambandi við þetta sérstaka mál allt á sömu bók lært fyrir hæstv. fjmrh., enda þótt hann vildi hér í sinni ræðu áðan telja, að skömmin og svívirðan væri þeirra, sem hefðu vakið máls á þessu hneykslismáli, en ekki hans.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Ég hélt nú satt að segja, að síðasti hv. ræðumaður mundi sjá sóma sinn í því að kúra sig niður í plögg sín, í stað þess að koma hér í ræðustólinn út af þessu máli, enda átti hann hingað lítið erindi. Það, sem hann gerði hér var að lesa upp úr lögunum um stóreignaskatt alveg skýlaust ákvæði um það, að ríkissjóði væri skylt að taka upp í stóreignaskatt eignir með því mati, sem sett væri á þær til skattsins, og taka það síðan fram, að hann — hann(!) liti svoleiðis á, að þetta ákvæði væri markleysa, að skýlaust lagaákvæði væri markleysa. Enginn af þeim lögfræðingum, sem fjmrn. hefur borið þetta undir, hefur verið í nokkrum minnsta vafa um, hvað skylt væri að gera, hver væri meiningin með þessu lagaákvæði, ef hún væri ekki sú, sem skráð er glöggum orðum í lagabálkinum. En náttúrlega þarf hv. þm. að sýna fram á þetta, að lagaákvæðið sé markleysa, ef hann ætti að geta skotið fótum undir þann róg út af þessu, sem hann hefur staðið fyrir bæði utan þings og innan. Svo bætir hv. þm. gráu ofan á svart með því að fara að tala um það, að ofan á allt annað muni skúrinn hafa verið tekinn fyrir meira en sexfalt fasteignamat. Þó var ég að enda við að upplýsa það áðan, samkv. því sem fulltrúarnir í fjmrn. hafa gefið mér upp, að fasteignamatið á skúrnum var 21 þús. rúmlega, og ef það er margfaldað með sex, þá skilst mér, að út komi sú tala, sem skúrinn var á metinn til skatts og upp í skattinn.

Hv. 1. landsk. þm. sagði, að það væri stóramælisvert, að af 49 millj. væri ekki búið að innheimta nema 42 á þremur árum, sagði hv. þm. En hv. þm. sleppti bara alveg að athuga, að meginhlutinn af þessum tíma hefur farið í kærufresti, sem menn eiga rétt á eftir lögum, og í það að úrskurða þær kærur manna og í málaferli, sem allt hefur blandazt inn í innheimtu skattsins. Fram hjá þessu er ómögulegt að líta, og ég er algerlega kinnroðalaus vegna útkomunnar á þessu. Nú verður gengið í að innheimta það, sem eftir er, þegar málaferlunum er lokið. Hins vegar ber náttúrlega að játa, að það getur farið eftir dugnaði innheimtumanna á hverjum stað, — það er ekki einn innheimtumaður, sem hefur þetta með höndum, — hvernig gengur um innheimturnar.

Hv. þm. sagði, að það væri undarlegt, að nokkur eyrir væri eftir óinnheimtur af þessum skatti, og væri því ekki til að dreifa með aðra skatta, sem þeir fátæku ættu að borga, því að þeir væru allir innheimtir á réttum gjalddögum. Vitanlega veit hv. þm. miklu betur; hann veit það, að það eru ætíð verulegar eftirstöðvar af sköttum, sem dregst fram yfir gjalddaga að innheimta og þarf að innheimta með lögtökum. Það er ekki hægt að koma fram með neina rökstudda gagnrýni á hraðann í þessu máli, að mínum dómi, hvorki álagningu né innheimtu.

Hv. þm. sagði, að matsreglan væri mjög vafasöm í lögunum. Kannske hefur hún verið vafasöm, en mönnum var ætlaður þessi réttur, að afhenda eignir með því verði, sem þær voru metnar, og löggjafinn gerði sér vafalaust grein fyrir því fyrir fram, hvernig þetta var vaxið. Fjmrn. var auðvitað skylt og skattstjóra og ríkisskattanefnd að fara eftir l., en ekki einhverju öðru, hlutu að fara alveg eftir lögunum í þessu tilliti. — Hv. þm. sagðist hafa skilið það svo, að fjmrn. hafi skipt um framkvæmd, þegar það sá missmíði á þessu, og farið þá að neita því að taka eignir upp í skattinn nema eftir dómi, en þetta er byggt á einhverjum misskilningi. Þetta er ekki þannig, heldur stendur þannig á, að skattgreiðandi fór í mál út af mati á fasteign, hvort það væri skylt að binda sig undir öllum kringumstæðum við sexfalt í Reykjavík, þótt kvaðir væru á. (Gripið fram í.) Já, ég kem bráðum að því. — Hv. þm. segir, að ríkissjóður hefði átt að fara í mál til þess að fá lækkað matið á vissum eignum, ríkissjóður hefði átt að fara í mál til þess að fá lækkaðan skattinn hjá hinum og öðrum og komast þannig hjá því að fá ónýtar eignir upp í hann. Til þess hefði þurft mikla framsýni, og mér er alveg ljóst, hvað þá hefði verið sagt. Þá hefðu þeir, sem nú eru að deila á út af þessari framkvæmd, bara sagt, — t. d. ef fjmrn. hefði átt frumkvæði að því að lækka matið á Hagaeigninni fyrir hlutafélagið, sem framleiðir Coca-cola, — þá hefðu þeir sagt, að fjmrh. væri að ívilna gróðafélögum með því að fá lækkaðan á þeim skattinn. Það hefði orðið rógburður út af því, að Eysteinn væri að ganga fram fyrir skjöldu til þess að lækka skattinn á auðfélögunum í landinu.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú verið að verja hendur sínar í þessu máli á þann veg, að hann hefði verið bundinn af lögum og hann hefði ekki getað komizt lengra vegna lagaákvæða en hann hefði gert. Staðreyndin er samt sú, að skattheimtan frá stóreignamönnunum á þessum 50 milljónum, sem eru smápeningur þeirra, hefur gengið seint og illa, vegna þá, skulum við segja, fjötra laganna, sem hæstv. fjmrh var í, en niðurstaðan er þessi: Þetta hefur gengið seint og illa. Þessi skattpeningur hefur viljað skila sér seint, einkanlega frá ráðh. ríkisstj., og það er siðferðislegi bletturinn við þetta. (*Gripið fram í:* Hvaða ráðherrar eru það?) Ja, ætli það sé ekki sá, sem hefur skyrpentuna á nefinu, eins og Natan Ketilsson sagði einu sinni, og þá greip sá seki upp í nefið á sér. (*BÓ:* Vill þm. standa við þetta?) Ja, maður álítur það svo sem augljóst hér í sal hv. sameinaðs Alþingis, hver þarna er úr hópi ráðh., sem hér er um að

ræða. Það er sá, sem hefur skyrpentuna á nefinu, það er sá, sem er búinn tvisvar sinnum að vekja athygli á sjálfum sér hér. — En í sambandi við þetta mál vil ég svo segja það: Hæstv. ráðh. hefur upplýst, að það hafi verið mjög fáir, sem hafi gripið til þess að borga með verðlausum eignum, en nokkrir — og hverjir helzt? Ráðherrar úr ríkisstjórninni.

Annað dæmi mun vera til í þessa átt, um svona viðleitni. Það var reynt að borga samkv. l. með verðlitlum eignum á afskekktum stað, þar sem eignirnar voru orðnar lítils virði, og þar með átti að borga stóreignaskatt mikils og auðugs hlutafélags. Ráðh. komst ekki undan þessu, hann varð að gera þetta, vegna þess að lögin mæltu svo fyrir. En þá voru ýmsir hluthafar úr þessu félagi, sem jafnframt voru meðráðherrar hans í ríkisstj. og töldu, að félagið hefði þarna sloppið billega, og vildu nú fá að borga sinn persónulega stóreignaskatt líka með sömu ræksnunum, skúrræksnunum þar, á þessum afskekkta stað, og þá sagði nú hæstv. fjmrh. stopp. Og það urðu úr því málaferli. Ég veit ekki, hvort þetta eru ein af þeim málaferlum, sem enn þá eru óútkljáð, en verið gæti, að svo væri. Það, sem blasir hér nú við hv. þingheimi, er það, að hæstv. ráðh. hefur verið í glímu við meðráðherra sína, og það eru hin fáu dæmi, sem hann segir að séu í þá átt, að menn og félög hafi leitazt við að borga með verðlitlu skrani. Það er sem sé úr ríkisstj. sjálfri, og það er það, sem sýnir, að hér eru ekki háar siðferðislegar kröfur gerðar til ráðh. Og lægstar kröfurnar virðast vera gerðar til þeirra af þeim sjálfum, og það er hneyksli málsins.

*Björn Ólafsson:* Hv. 3. landsk. hefur talið sér sæmandi hér úr ræðustól á þingi að gera það mjög greinilegt fyrir þingheimi, að ég hafi ekki borgað stóreignaskatt minn. Ég ætlast til, að hv. þm., ef hann vill ekki verða að minni manni, sanni þetta fyrir þeim þingheimi, í hvers áheyrn hann nú fullyrðir það. Ég lýsi þetta ósannindi frá rótum. En ef hv. þm. á við það mál, sem hæstv. fjmrh. var að skýra áðan, þá er hér allt öðru máli að gegna. En þessi hv. þm. gerir nú eins og hann er vanur, að loka augunum fyrir sannleikanum og hafa það, sem rangara er, ef það hentar honum betur í málafærslu hans. Það er ekki gott að deila við menn, sem aldrei viðurkenna sannleikann, ef hann hentar þeim ekki. Augsýnilega hentar ekki sannleikurinn í þessu máli hv. þm. Þess vegna heldur hann ekki honum á lofti, heldur hamrar blákalt það, sem rangt er í málinu, og það versta við það er, að hann veit, að það er rangt, sem hann segir. Hann kemur hér upp í ræðustól og segir það, sem hann veit að er rangt, hann segir það vísvitndi. Í sjálfu sér á ekki að vera að deila við slíka menn. Það er sama og að elta skuggann sinn.

Ég hef raunverulega engu við að bæta það, sem hæstv. fjmrh. sagði um þetta mál. Hann sagði allt, sem þurfti að segja. Hér var um að ræða skattgreiðanda, sem reyndi að ná rétti sínum gagnvart því opinbera, vegna þess að skatturinn hafði verið ranglega á hann lagður. Hæstiréttur hefur staðfest það, að skatturinn á umrætt fyrirtæki var ranglega álagður, vegna þess að eignin lá undir kvöð. Enginn heilbrigður maður gat talið rétt að meta eignina á það verð, sem hún er metin til skattsins. Það getur vel verið, að hv. skattanefnd, ríkisskattanefnd, hafi talið sér skylt samkv. lögunum að meta slíkar eignir sem væru þær kvaðalausar, og í sambandi við þessa eign kveður hún upp þennan dóm, vegna þess að eignin hafði lóðarréttindi daginn, sem stóreignaskatturinn er miðaður við, eða 31. des. 1950. En kl. 12 um kvöldið var eignin lóðarréttindalaus, svo að hér var um eign að ræða eins og margar aðrar eignir, sem hafa komið til stóreignaskatts og voru virtar til stóreignaskatt, á miklu hærra verði en skynsamlegt eða eðlilegt var. Dómur sá, sem fallinn er í hæstarétti í sams konar máli, er út af eign, sem hafði mjög takmörkuð lóðarréttindi. Dómur hæstaréttar gengur út á það, að um slíkar eignir skuli ekki ákvæði laganna gilda, heldur skuli þær metnar að nýju með tilliti til þeirra kvaða, sem á þeim hvila. Er það þá nokkuð einkennilegt, þótt skattgreiðandi, sem þannig er með farið, sem áður er greint, notfæri sér það ákvæði l. að mega afhenda eitthvað af hinni skattlögðu eign upp í skattinn? Ef eignin er svona mikils virði fyrir skattgreiðandann eins og skattanefndin vill vera láta, þá hlýtur hún að vera það líka fyrir ríkissjóð. Ef svo ríkissjóður heimtar fullan stóreignaskatt af viðkomandi skattgreiðanda af eign hans, sem á er sérstök kvöð, þá er ekki nema eðlileg leið, að eignin fari á fullu verði til ríkissjóðs, sem samkv. l. er skyldur að taka á móti henni.

Vegna þess áróðurs, sem hefur farið fram í vissum blöðum hér í bænum út af þessu máli, með ádeilu bæði á mig og hæstv. fjmrh., hef ég gert grein fyrir þessu máli í einu dagblaðanna í dag, svo að hið rétta mætti koma fram. Ég geri ráð fyrir því, að hver einasti maður, að undanteknum þeim tveimur mönnum hér inni, sem hafa það að atvinnu að rægja menn á slíkan hátt sem þeir hafa gert í þessu máli, muni viðurkenna og skilja, hvernig í málinu liggur. En þessir menn, sem hafa haldið uppi róginum, vilja vitanlega ekki viðurkenna það, að þeir hafa haft á röngu að standa, alveg eins og hv. 3. landsk. gerði nú í sinni ræðu.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Það þykir ef til vill prúðmannlegt orðbragð af hæstv. fyrrverandi menntmrh. að segja frá þessum ræðustóli, að a. m. k. tveir af þm. hafi það að atvinnu að rægja menn persónulega, en af öðrum en þeim, sem hafa verið menntamálaráðherrar, mundi það tæpast vera talið prúðmannlegt orðbragð. En maður veit þá, hvern mann maður hefur haft og með hvaða sérréttindum sem menntmrh.

Nú, hann þykist vera alveg saklaus eins og lamb í þessu umrædda máli hér. Spurningin er: Er það rangt, að það hafi verið Björn Ólafsson, sem var eigandi að þessum skúr, sem hæstv. fjmrh. hefur kallað skúrræksni, og það

sem ég heyrði, að hann sagði áðan, að það hefði komið í ljós, að eignin hefði verið einskis virði, því að hann mun hafa orðið að taka þessa eign upp í skattgreiðslu frá þessum meðráðherra sínum fyrir 126 þús. kr., en viðurkennir, að það hafi kostað 22 þús. að rífa skúrræksnið og koma honum í burtu? Og hæstv. ráðh. þykist vera með góða samvizku fyrir það, þó að hann hafi borgað með þessum umræddu skúr; hann hafi haft lóðarréttindi þegar borgaður var með honum skatturinn, en kl. 12 á miðnætti sama dags hafi hann verið orðinn lóðarréttindalaus. Þetta er vissulega að hafa góða samvizku og berja sér á brjóst og þykjast vera réttlættur fyrir sjálfum sér En það er fáum gefið eins og þessum hæstv. fyrrverandi ráðh.

Ég endurtek það, að það leiðinlegasta af öllu leiðinlegu við þessa viðleitni til þess að borga skatta til ríkisins með öðru en peningum og peningaverðmæti er það, að við þetta mál eru riðnir kannske fleiri en einn af ráðherrum fyrrverandi ríkisstj. og voru þá ráðherrar, þegar þeir reyndu til þess að borga á þann veg, að hæstv. fjmrh. var í nauðvörn og varð að höfða mál í öðru tilfellinu út af þessari viðleitni til þess að borga skatt með ónýtum eignum hlutafélags, sem viðkomandi ætlaði að fá að borga sinn persónulega skatt með. Ég vona, að hæstv. Alþ. reyni að gera breyt. á þessum lögum, svo að hæstv. fjmrh. þurfi ekki að vera í slíkri nauðvörn og fara svo forflótta undan meðráðherrum sínum sem hann hefur orðið að gera í þessu máli vegna lagabókstafsins, sem hann hefur verið bundinn af, úr því að ráðherrar finnast slíkir, sem nota sér slíkan lagabókstaf, og þykjast góðir af.

---

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., utan dagskrár, mælti

*fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Mig langar til þess að fá að koma hér að einni leiðréttingu varðandi svar, sem gefið var síðast þegar fyrirspurnir voru hér ræddar. Það var um innheimtu stóreignaskatts. Það var þá upplýst, að álagður skattur hefði verið rúmar 49 milljónir, en innheimtur skattur 42. Nú hafa starfsmenn þeir, sem þessi mál hafa með höndum, upplýst, að hér hafi orðið skekkja um uppgjöfina, þannig að innheimtar séu 44 rúmlega í staðinn fyrir 42 milljónir. — Þetta vildi ég hér með leyfa mér að upplýsa.

---

## 2. Bifreiðakostnaður ríkisins og opinberra stofnana.

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um bifreiðakostnað ríkisins og opinberra stofnana* [55. mál, 1] (A. 62).

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

---

Á 10., 12., 13., 15., 17., 19. og 20. fundi í Sþ., 22. og 28. okt., 4., 11., 18. og 25. nóv., 2. des., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, en á síðasta fundinum mælti

*fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. 15. okt. var útbýtt hér í Sþ. fsp. frá mér um bifreiðakostnað ríkisins og opinberra stofnana. Þessi fsp., sem samkv. þingsköpum á að svara viku síðar, var þá tekin út af dagskrá. Hún hefur verið á dagskrá á hverjum fundi Sþ. síðan, en ávallt verið tekin út af dagskrá.

Ég vildi gjarnan mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beindi því til hæstv. ríkisstj., að hún hraðaði þessari athugun, sem hér er um að ræða, svo sem mest má verða. Mér þykir að vísu vænt um það, ef hæstv. ríkisstj. hyggst að svara henni sem allra ýtarlegast. Það tel ég ánægjuefni. En ég trúi því varla, að það þurfi að taka jafnmikinn tíma og í þetta hefur farið. Hér er um að ræða hálfan annan mánuð, sem ríkisstj. hefur haft til athugunar, og svo umfangsmikið hefði ég ekki talið bílahald ríkissjóðs, að það þyrfti að taka sex vikur að komast til botns í því, hvað sú útgerð eiginlega kostaði. En ég ítreka þau tilmæli til hæstv. forseta, að hann beini því til hæstv. ríkisstj., að þessari athugun verði hraðað svo sem verða má og helzt að hún komi til svars á næsta fundi í sameinuðu Alþingi.

*Forseti (JörB):* Ég hef jafnan tekið þessa fsp., eins og aðrar, á dagskrá. Það hefur verið sá háttur á hafður í Alþingi að gera það, unz þeim hefur verið svarað, þar til vitneskja var þá fengin um það, að svör mundu ekki fást, og svo hefur verið með þessa fsp., eins og hv. 1. landsk. réttilega vék að.

Nú er það ekki á valdi forseta að gefa nein fyrirmæli um það, hvernig vinnu skuli háttað, en það eitt veit ég, að það hefur verið unnið að að svara fsp., og ég veit, að hv. fyrirspyrjandi hefur ekki á móti því, að það sé gert sem ýtarlegast. Ríkið hefur allmargar bifreiðar í sinni þjónustu, og það mun stafa af því, að ekki hefur heppnazt hingað til að ná upplýsingum viðs vegar að um kostnað þeirra bifreiða, sem ríkið hefur í sinni þjónustu, sem er á mörgum stöðum og margar og við margvísleg störf.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Ég hef engu að bæta við þá grg., sem hæstv. forseti gaf um það, hversu margþætt það

mál er, sem hér er spurt um, þar sem eru bifreiðar víðs vegar um landið við hin ólíkustu störf og hjá hinum ólíkustu ríkisfyrirtækjum, að því er mér skilst. Það er því ærið verk, sjálfsagt, að svara fyrirspurninni. — Hins vegar er það vitað, — ég hélt, að hv. þm. væri það kunnugt, — að hæstv. forsrh., sem á að svara þessari fsp., er bundinn við annað í dag, þar sem er borinn til grafar einn mikilsmetnasti skipstjóri landsins og gamall einkavinur forsrh. um tugi ára, Björn Ólafs, og eru það fullgild forföll til þess að geta ekki samtímis verið hér og við þá athöfn.

*Forseti (JörB):* Ég mundi hafa getið þess arna, hefði mér verið kunnugt um þessar ástæður, því að þær eru vitaskuld meira en fullgildar.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að mér var ekki kunnugt um þessi forföll hæstv. forsrh., og met ég þau að sjálfsögðu algerlega gild á þessum fundi og hef engu við það að bæta, sem hæstv. forseti og hæstv. dómsmrh. sögðu um það mál.

---

Á 32. fundi í Sþ., 10. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Mér þykir vænt um, að þessi till. skuli nú loksins hafa verið tekin á dagskrá og til svars af hálfu hæstv. ríkisstj., en henni var útbýtt 14. okt. s. l., svo að ríkisstj. hefur haft á fjórða mánuð til þess að undirbúa svar sitt. Vona ég því, að það verði í samræmi við þann langa undirbúningstíma, rækilegt og ýtarlegt.

Það mun hafa verið fyrir 25 árum, eða 1928, að ríkissjóður keypti sína fyrstu bifreið til afnota fyrir ríkisstj. og ýmsa opinbera embættismenn. Þá var hér að völdum flokksstjórn Framsfl., en hv. Sjálfstfl. í harðri stjórnarandstöðu. Þessi kaup ríkissjóðs á einni bifreið sættu mikilli og harðri gagnrýni af hálfu þáverandi stjórnarandstöðu, hv. Sjálfstfl., og voru talin bera vott um mikið fjárbruðl og mikla óspilunarsemi. En síðan, á þessum 25 árum, hefur orðið á mikil breyting. Nú á ríkissjóður ekki aðeins einn bíl, heldur munu þeir bílar, sem ríkissjóður á eða hefur afnot af fyrir ráðherra sína og ýmsa opinbera embættismenn, skipta tugum, og heildarkostnaðurinn við þetta nemur vafalaust mjög stórum upphæðum. Það hefur aldrei tekizt að fá það upplýst fram að þessu, hversu miklu þessi kostnaður hefur numið, og það virðist vera svo mikið verk að telja hann allan saman, að hæstv. ríkisstj. hefur þurft til þess marga mánuði. En hér virðist þannig komið, að fyllsta ástæða sé til þess fyrir Alþingi og almenning allan að fá sem nákvæmastar upplýsingar um, hversu hér er haldið á málum, hvort hér sé um ráðdeildarsemi að ræða eða ekki. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þessa fyrirspurn, en hún er um það, í fyrsta lagi, hversu ríkisstj. og ráðuneytin hafa margar bifreiðar í þjónustu sinni og hversu marga bifreiðarstjóra og hvað kostnaðurinn við þær hafi numið á s. l. ári, auðvitað að meðtöldum launum þeirra bifreiðarstjóra, sem fastráðnir eru við akstur. Enn fremur hef ég leyft mér að spyrja um, við hversu margar bifreiðar aðrar ríkissjóður greiðir kostnað að nokkru eða öllu leyti og hversu miklu sá kostnaður hafi numið, en það hefur verið á allra vitorði lengi, að ríkissjóður greiðir kostnað við ýmsar bifreiðar, sem ýmsir opinberir starfsmenn eða embættismenn eiga, en reka á kostnað ríkissjóðs.

Þá hefur það færzt mjög í vöxt á síðari árum, að ýmsar opinberar stofnanir og opinber fyrirtæki eigi bifreiðar til afnota fyrir forstjóra sína eða starfsmenn og greiði kostnað við þær að nokkru eða öllu leyti. Hef ég einnig spurt um, hversu miklu sá kostnaður hafi numið á árinu 1952. Og svo að síðustu, eftir hvaða reglum það fari, hvort rekstur bifreiðar sé að nokkru eða öllu leyti kostaður af ríkissjóði, opinberum stofnunum eða opinberum fyrirtækjum. En mér er ekki kunnugt um það, að birtar hafi verið neinar almennar reglur um það, hvenær ríkissjóður eða hið opinbera sjái ástæðu til þess að taka þátt í bifreiðakostnaði starfsmanna sinna. Þó hef ég nýlega frétt, að einhverjar reglur muni hafa verið settar um þetta af fjmrn.; en mér er ekki kunnugt um, að þær hafi verið birtar. Hins vegar hefur af því frétzt, að greiddir séu svonefndir bifreiðastyrkir í ýmsum stofnunum, meira að segja sumum hverjum, þar sem almenningur mun ekki koma auga á, að nokkur ástæða sé til þess að styrkja starfsmenn til bifreiðanotkunar eða styrkja þá til þess að aka milli húsa hér á kostnað ríkissjóðs.

Þessi fyrirspurn er fram borin af því, að ýmsir þingmenn og almenningur hefur talið, að bifreiðakostnaður ríkisstjórnarinnar hafi á síðari árum færzt svo mjög í vöxt, að farið sé að nálgast algert óhóf. En ef gera á skynsamlegar tillögur um einhvers konar endurskipulagningu á þessum málum í því skyni að halda hér sparlegar á en gert hefur verið, er auðvitað fyrst og fremst nauðsynlegt að fá heildarreikningsskil yfir það, hversu miklu þessi kostnaður nemi. Ég vona, að við fyrirspurnunum fáist glögg og góð svör, sem verða megi þingmönnum og almenningi til leiðbeiningar um það, hvernig málum þessum er komið, þannig að hægt verði síðar að gera skynsamlegar till. um endurskipulagningu á þessum málum á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fram koma. En það hygg ég nokkurn veginn öruggt, að kostnaðurinn sé orðinn svo mikill, að ástæða sé til þess að taka mál þessi öll upp til nýrrar yfirvegunar og endurskipulagningar.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Ríkisstj. hefur látið gera yfirlit um bifreiðakostnað hinna ýmsu ríkisstofnana, og vænti ég, að svar felist í skýrslu þeirri, sem ég mun nú lesa upp hér, við öllum fyrirspurnum hv. 1. landsk. á þskj. 62. Það skal tekið fram, að kaup bifreiðarstjóra er aðeins meðtalið í kostnaði við bifreiðar stjórnarráðsins.

Bifreiðakostnaður ríkisins og opinberra stofnana.

| | Eigin bifreiðar stofnunarinnar | | Bifreiðar starfsmanna | |
|---|---|---|---|---|
| | Tala | kr. | Tala | kr. |
| Pósturinn | 4 | 98789.00 | | |
| Síminn | 31 | 870031.73 | 13 | 146650.00 |
| Áfengisverzlunin | 4 | 143398.08 | | |
| Tóbakseinkasalan | 3 | 58714.42 | 1 | 10700.00 |
| Ríkisútvarpið | 3 | 62660.79 | 3 | 18460.00 |
| Gutenberg | 1 | 14892.14 | | |
| Áburðarsalan og grænmetisverzl. | 2 | 82813.45 | | |
| Landssmiðjan | 7 | 178687.63 | 2 | 43394.58 |
| Innkaupast. ríkisins | | | 1 | 3000.00 |
| Forsetaembættið | 4 | 69552.22 | | |
| Hæstiréttur | 1 | 29773.17 | | |
| Borgardómari | 1 | 13827.58 | | |
| Borgarfógetinn | 1 | 19085.08 | | |
| Sakadómari | 4 | 88273.90 | | |
| Lögreglustj. og ríkislögr., Rvík | 9 | 369829.56 | | |
| Sýslumenn | | | 3 | 21600.00 |
| Ríkislögregla (2 í hálft ár) | 1 | 27145.63 | | |
| Litla-Hraun | 2 | 65990.12 | | |
| Skipaskoðun | | | 1 | 7200.00 |
| Verksmiðjueftirlit | | | 2 | 17600.00 |
| Bifreiðaeftirlit | 6 | 173898.69 | | |
| Skipulag (ca.) | 1 | 30000.00 | 4 | 15000.00 |
| Matvælaeftirlit | 1 | 18034.48 | | |
| Fiskmat | | | 8 | 80707.00 |
| Síldarmat (ca.) | 1 | 8500.00 | | |
| Ullarmat | | | 1 | 4500.00 |
| Eftirlit á vegum | 1 | 64476.91 | | |
| Tollstjóraembættið og tollgæzlan í Reykjavík | 4 | 74747.24 | | |
| Tollgæzla utan Reykjavíkur | | | 2 | 9100.00 |
| Ríkisspítalar | 4 | 110767.87 | | |
| Vegamál | 52 | 2554591.84 | | |
| Stjórnarráðið (varðandi þennan lið er sérstaklega spurt um tölu bifreiðarstjóra. Þeir eru fimm, og eru laun þeirra talin með í nefndum kostnaði) | 7 | 464017.57 | | |
| Raforkumál | 32 | 782243.32 | 1 | 10782.01 |
| Skipaútgerð ríkisins | 8 | 149096.09 | 2 | 16000.00 |
| Ferðaskrifstofa ríkisins | 1 | 23571.00 | | |
| Vitamál | 8 | 170881.36 | 1 | 17000.00 |
| Flugmál | 23 | 325883.20 | 6 | 30000.00 |
| Biskup | | | 1 | 6618.60 |
| Fræðslumálastjóri | 2 | 23289.13 | | |
| Menntask. í Rvík | | | 1 | 7200.00 |
| Stýrimannaskólinn | | | 1 | 1400.00 |
| Námsstjórar | | | 6 | 41870.00 |
| Þjóðminjasafn | | | 1 | 3450.00 |
| Náttúrugripasafn | 1 | 27185.93 | | |
| Atvinnudeild hásk. | 3 | 42332.87 | 6 | 45918.35 |
| Rannsóknarstofa | 1 | 19992.92 | | |
| Húsam. ríkisins | 2 | 30172.84 | | |
| Búnaðarfélagið | 1 | 29011.76 | 4 | 52013.50 |
| Sandgræðslan | 8 | 179970.48 | | |
| Skógræktin | 3 | 58878.86 | 3 | 18907.50 |
| Veiðimálaskrifst. | 1 | 14132.13 | | |
| Sauðfjárveikivarnir | 1 | 41072.42 | 1 | 5700.00 |
| Fiskifélag | 1 | 11950.87 | 2 | 5700.00 |
| Tryggingastofnun ríkisins | 1 | 33085.07 | | |
| Fiskiðjuver | 1 | 47553.15 | 1 | 6000.00 |
| Skólabúið á Reykjum í Ölfusi | 1 | 33382.88 | | |
| Nýbýlastjórn | 1 | 18996.20 | | |
| Sala setuliðseigna | 2 | 20760.10 | 2 | 30000.00 |
| Verðgæzlan | | | 2 | 7500.00 |
| Skólabúið Hvanneyri | 1 | 27000.00 | 1 | 14300.00 |
| Fjárhagsráð | 1 | 30000.00 | 1 | 18000.00 |
| Þjóðleikhús | | | 1 | 7500.00 |
| | 260 | 7832943.68 | 85 | 723871.54 |

*Tekjur af bílum:*

| | | |
|---|---|---|
| Vitamál | | 78374.17 |
| Landssmiðjan | ca. | 250000.00 |
| Borgarfógeti | ca. | 10000.00 |
| Raforkumál | | 675738.75 |
| Vegamál | | 2294333.10 |
| Samtals | | 3308445.95 |

Þá er spurt um, eftir hvaða reglum það fari, hvort rekstur bifreiðar er að nokkru eða öllu leyti kostaður af ríkissjóði, opinberum stofnunum eða opinberum fyrirtækjum. Þar er því til að svara, að því aðeins er rekstur bifreiðar kostaður að öllu leyti af opinberri stofnun, að bifreiðin sé hennar eign. Þegar hagkvæmt þykir að dómi forstöðumanns og ráðuneyta, má semja við starfsmenn um afnot af einkabifreið hans, og gilda um það reglur nr. 13 1953, sem birtar hafa verið í Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindum.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessar ýtarlegu upplýsingar, sem hann veitti við fyrirspurnum mínum. Upplýsingarnar voru mjög fróðlegar og í rauninni svo efnismiklar, að nokkurn tíma þarf til þess að átta sig á þeim til fullnustu og dæma til hlítar um þá ráðsmennsku, sem hér er um að ræða. En fyrirspurnunum er glögglega svarað, og vildi ég mega vænta þess að geta fengið afnot af þeirri skýrslu, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið gera um þetta mál, þar eð nokkrum erfiðleikum er bundið að skrifa allar þessar tölur eftir upplestri.

Það má þó teljast alveg augljóst af þessum glöggu upplýsingum, að bifreiðanotkun á vegum ríkisins og opinberra stofnana er komin út í hið mesta óefni. Það er upplýst, að 260 stofnanir hafi bifreiðar á kostnað hins opinbera og að kostnaðurinn nemi hvorki meira né minna en 7.8 millj. kr., og auk þess njóti 85 aðilar bifreiðastyrks, nokkuð á áttunda hundrað þús. kr.

Það, sem helzt mátti finna að svörum hæstv. ráðh., var það, að hann gaf ekki glöggar upplýsingar um, eftir hvaða reglum hefði verið farið við úthlutun þessara bifreiðastyrkja og

ákvörðun um það, hvort bifreiðakostnaður yrði borgaður að öllu leyti. En ég skil það þannig, að þessar reglur séu í raun og veru ekki til eða þá svo ófullkomnar, að ekki sé hægt að gefa gleggri svör en hæstv. ráðh. gaf um þetta efni, og er það auðvitað mjög miður, að svo skuli vera. En þegar um er að ræða næstum 8 millj. kr. útgjöld hjá ríkissjóði til þessa bifreiðarekstrar, þá má ekki minna vera en þessi útgjöld fari eftir algerlega fastmótuðum og fastskorðuðum reglum. Þær reglur vantar. Það ætti að setja um það lög, hvenær ríkissjóður teldi ástæðu til þess að styrkja bifreiðanotkun starfsmanna sinna og þá hversu mikið í hverju einstöku tilfelli. En mér virðist það alveg augljóst af þeim lista, sem hæstv. ráðh. las, að handahófs hefur gætt í því, hvaða embættismenn eða starfsmenn hafa verið látnir njóta þeirra hlunninda að fá ókeypis bifreiðanotkun á opinberan kostnað. Það væri hægt að nefna hliðstæð embætti, einvörðungu á grundvelli þeirrar skýrslu, sem hæstv. ráðh. las, þar sem annar embættismaðurinn hefur bifreið á kostnað ríkissjóðs, en hinn hefur það ekki. Slík dæmi eru vafalaust mörg og miklu fleiri en hægt er að átta sig á með mjög fljótum yfirlestri yfir það, sem skrifað er upp, svo að einstök dæmi um þetta vil ég ekki nefna að svo komnu máli til þess að eiga ekki á hættu að gera þar nokkrum órétt. En ég staðhæfi, að þessar upplýsingar, sem hæstv. ráðh. birti, gefa ótvírætt til kynna, að handahófs hefur gætt í þessum efnum. Og hin staðreyndin er enn fremur alveg ómótmælanleg, að fjárútlátin í þessu skyni eru komin út í hinar mestu öfgar.

Einn galli var enn á hinni annars ýtarlegu skýrslu hæstv. ráðh., að því er mér virðist, og hann er sá, að ekki er greint hjá ýmsum stofnunum á milli vörubifreiða og fólksbifreiða, svo sem hjá skipaútgerð og áfengisverzlun og flugmálum og nokkrum fleiri, þar sem ég geri ráð fyrir að kostnaður við rekstur vörubifreiða sé innifalinn í þeim tölum, sem þarna var um að ræða, og væri gott að fá upplýst, ef svo er ekki, en það kom ekki greinilega fram.

Ég skal ekki fjölyrða meir um þessar efnismiklu og athyglisverðu upplýsingar að svo komnu máli, heldur ljúka máli mínu með því að segja, að ég tel þessar upplýsingar stórmerkilegar og vera þannig vaxnar, að fyllsta ástæða sé til þess að taka bifreiðamál ríkisins upp í heild til gagngerðrar athugunar og endurskoðunar og þá helzt með sérstakri lagasetningu, þar sem gerð yrði gagngerð tilraun til þess að draga úr þessum óhóflega kostnaði og tryggja það, að því fé, sem veitt er í þessu skyni og nauðsynlegt er að veita, sé vel og skynsamlega og réttlátlega varið, en ekki af neinu handahófi.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta þann misskilning hjá hv. fyrirspyrjanda, er hann taldi, að 260 stofnanir hefðu bifreiðar, en hann hefur þar ruglað saman því, að það eru 260 bifreiðar, sem stofnanirnar alls hafa. Stofnanirnar eru ekki 260, heldur bifreiðarnar, sem þær til samans hafa.

Hv. fyrirspyrjandi taldi nokkurn ljóð á minu ráði, að ég hefði ekki greint á milli fólksbifreiða annars vegar og vörubifreiða hins vegar. En ég hygg ekki, að fyrirspurn hans hafi gefið ástæðu til þess. Eða er það ekki rétt, að það sé aðeins spurt um tölu bifreiða? Fyrirspurnin er þannig: „Hversu margar eru þær bifreiðar, sem opinberar stofnanir eða opinber fyrirtæki greiða kostnað við að nokkru eða öllu leyti, og hversu miklu nam sá kostnaður." Ég tel ekki, að fsp. hafi gefið tilefni til að greina milli fólks- og vörubifreiða.

Að öðru leyti vek ég athygli á því, sem bæði hv. fyrirspyrjandi og auðvitað aðrir, sem þessa skýrslu heyrðu, hafa líka veitt athygli, að hér er um fáar stofnanir að ræða, sem mestu valda um bifreiðafjöldann. Þar á meðal er t. d., svo að ég nefni einhver dæmi, síminn, sem allt í allt hefur 44 af þessum bifreiðum, vegamálin með 52, raforkumálin með 33, flugmálin með 30. Þarna eru með öðrum orðum fjórar stofnanir, sem hafa til samans 158, reiknast mér til, þ. e. a. s., af 260 bifreiðum alls eru fjórar stofnanir með um 160, og þær eru sem sagt síminn og vitamálin, vegamálin og flugmálin, svo að þá heggst nú þarna nokkuð verulegt skarð í, þar sem ⅝ og vel það af allri bifreiðatölunni er hjá þessum fjórum stofnunum, sem sjálfsagt allar eða a. m. k. þær stærstu hafa aftur tekjur af bifreiðunum. Við skulum taka t. d. aðeins vegamálin, sem eru hæst á útgjaldaskránni. Þau virðast hafa um $^{9}/_{10}$ af rekstrarkostnaðinum í tekjum. Kostnaðurinn er þar talinn 2 millj. 554 þús., en tekjurnar eru taldar 2 millj. 294 þús. Þannig er einnig um vitamálin. Þar kemur verulegur hluti aftur inn til tekna, og svo mun það víða vera.

Það er sjálfsagt rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að um þessa styrki hafa ekki gilt nægjanlega skýrar reglur, og má því áreiðanlega finna fyrir því fullkomin rök, að mönnum hafi verið nokkuð misjafnað.

Nú gilda um styrk til bifreiða þessar reglur: „Þegar hagkvæmt þykir að semja við opinberan starfsmann um notkun einkabíls hans í sambandi við starf hans, skal gera þar um skriflegan samning við rn. það, sem viðkomandi stofnun heyrir undir, enda samþykki fjmrn. samningsgerðina. Samningurinn sé gerður til eins árs og gengur þá úr gildi, ef hann ekki er endurnýjaður. Í samningnum skal ákveða heildarupphæð þóknunar fyrir afnot bílsins og jafnframt tiltaka áætlaða aksturslengd, ef unnt er. Ef ástæða er til að ákveða ekki heildarupphæð þóknunar fyrir fram, má í samningnum gera ráð fyrir reikningsskilum eftir á samkv. raunverulegri aksturslengd. Tillögu að samningi skal forstöðumaður leggja fyrir viðkomandi rn. eigi síðar en 1. febr. ár hvert, enda sé samningsgerð lokið, ef úr því verður, eigi síðar en 1. marz. Þó getur fjmrn. veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, ef sérstaklega stendur á."

Með öðrum orðum: Sú skipan er nú ríkjandi, að ef maður óskar eftir að fá slíkan styrk, þá skal forstöðumaður hlutaðeigandi stofnunar semja um það við þann ráðh., sem stofnunin heyrir undir. Fallist ráðh. á, að þessi styrkur

sé sanngjarn, eða geri á því þær breytingar, sem hann telur eðlilegar, þá fer málið að lokum fyrir fjmrn., sem úrskurðar, hver styrkurinn skuli vera, að sínu leyti eins og sá háttur var tekinn upp um áramótin 1949—50, að ekki má ráða neinn mann hjá neinu ráðuneytanna, nema fjmrn. samþykki það og þá einnig launakjör hans. Þetta var þá gert varðandi ráðningu starfsmanna, til þess að ráðuneytin og stofnanir hefðu aðhald, og öll ábyrgðin var lögð á einn mann að lokum, fjmrh., svo að ekki gæti hver vikið sér undan og afsakað sig þá með öllu, sem hægt er að finna til afsökunar, þegar enginn ber ábyrgðina. Nú er það fjmrh., sem að lokum er ábyrgur fyrir starfsmönnum og kjörum þeirra, og ég held, að hann noti það vald með miklum strangleika. Mér hefur a. m. k. fundizt það, þegar ég hef þurft að sækja undir hann lítilfjörlegar hækkanir hjá einhverjum starfsmönnum, sem mér hafa fundizt mjög sanngjarnar, og hefur sem sagt verið fulltorsótt stundum, — svo að hann er ágætur ráðsmaður á búinu hvað þetta áhrærir, svo að ég fari nú ekki að halda yfir honum meiri lofræðu. En sem sagt, ég vænti, að af því, sem ég nú hef sagt, sé ljóst, að fullur hugur er á því, að réttlæti og sanngirni ríki í þessum efnum, eftir því sem því verður frekast við komið. Það getur náttúrlega oft verið matsatriði, hvort það er sambærilegt, sem sambærilegt er talið, en mál þessi falla undir einn dómara, sem er fjmrh.

## 3. Húsnæði leigt varnarliðsmönnum.

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
*Fsp. til utanrrh. um húsnæði leigt varnarliðsmönnum* [55. mál, 2] (A. 62).

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum var frá því skýrt í dagblöðum hér í bæ, að á bæjarstjórnarfundi hefði borgarstjóri lýst yfir því, að bæjaryfirvöldin hefðu tekið til ráðstöfunar húsnæði til að geyma í húsmuni fjölskyldna, sem ekkert húsnæði gátu fengið yfir höfuð sér. Það er að vísu vel, að bæjaryfirvöldin hér skuli sýna þau brjóstgæði að sjá aumur á húsmunum manna, þegar vetur fer í hönd, svo að þeir þurfi ekki að verða eyðileggingu stórviðra vetrarins að bráð. Ber að meta slíkt að verðleikum. En hjá hinu verður ekki komizt, að gera sér einhverja grein fyrir því, hvernig muni ástatt um það fólk, sem koma þarf húsmunum sínum til geymslu hjá því opinbera fyrir veturinn, svo og því, hvort hið opinbera telji sig hafa minni skyldur að rækja við fólkið sjálft en húsmuni þess.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að skortur á íbúðarhúsnæði er eitt af alvarlegustu vandamálum íbúa þessa bæjar í dag. Talandi tákn um það er, að fyrir hv. Alþ. munu nú liggja að minnsta kosti ein þrjú frv., sem ætlað er að bæta úr því neyðarástandi, sem ríkjandi í þeim efnum. Þá er það alkunna, að það eru fyrst og fremst barnafjölskyldur, sem harðast verða úti vegna húsnæðisskortsins. Allir kannast við auglýsingar í blöðum, sem hljóða eitthvað á þessa leið: Íbúð til leigu. Aðeins barnlaust fólk kemur til greina. — Það er því ekki erfitt að gera sér í hugarlund, hverjir það muni vera, sem þurfa að leita á náðir bæjaryfirvaldanna með húsmuni sína undir veturinn. Það eru barnafjölskyldur og þá fyrst og fremst þær barnafjölskyldur, sem ekki hafa efni á því að borga þá okurleigu, sem upp er sett af eigendum íbúða, ef einhverjar eru lausar til leigu.

Það þarf engan sálfræðing til þess að geta gert sér grein fyrir því, hverja andlega og líkamlega misþyrmingu sú æska verður að þola, sem fædd er og dæmd til að búa við þær þjóðfélagsaðstæður, sem birtast í því, sem ég hef hér sagt. Fjölskyldur, sem neyddar eru til að koma húsmunum sínum til geymslu hjá því opinbera undir vetur, eru jafnframt dæmdar til að leysast upp. Og þó að þeim kynni að takast að fá þak yfir höfuðið einhvers staðar sitt í hverri áttinni, þarf ekki að fara í grafgötur um það, hve holl áhrif það húsnæði muni hafa á uppvaxandi kynslóð, þegar það er á þann veg, að hinum fábrotnu húsmunum verður að koma til geymslu annars staðar og sundra heimilinu.

Í annan stað er það kunnara en frá þurfi að segja, að hið erlenda herlið, sem hér dvelur, hefur á leigu fjölmargar íbúðir hér í bæ og hefur beinlínis í krafti peninga sinna keypt íslenzkar barnafjölskyldur út á götuna undir vetur með því að bjóða meira fé í leiguíbúðir í bænum en fátækar íslenzkar barnafjölskyldur réðu við, svo að sleppt sé öðrum og alvarlegri atriðum í því sambandi. Eitt blað hér í bæ, Frjáls þjóð, sem ekki hafði aðra ástæðu til þess að blanda sér í þetta mál en þá sígildu, að láta sér ekkert mannlegt óviðkomandi, benti í fyrrahaust á nokkrar íbúðir hér í bæ, sem leigðar væru herliðinu, og afleiðingar þess urðu þær, að þessar íbúðir voru flestar að minnsta kosti losaðar og leigðar Íslendingum. En hæstv. fyrrv. ríkisstj. taldi hag Íslendinga bezt borgið með því að aðhafast ekkert í málinu.

Nú er í hinum svonefnda varnarsamningi, 3. gr., komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það skal vera háð samþykki Íslands, hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum."

Vegna þess, að hér er ótvírætt, að það er á valdi Íslendinga og þá fyrst og fremst hæstv. ríkisstj. að ákveða það, hvort varnarliðið skuli hagnýta þá aðstöðu, sem því er veitt hér á

landi, á þann veg að kaupa íslenzkar barnafjölskyldur út á götuna undir vetur, og með hliðsjón af því, sem ég hef hér að framan sagt um neyðarástand í húsnæðismálum Reykvíkinga, hef ég borið upp þessa fsp. á þskj. 62, svo og til að grennslast fyrir um það, hvort vesaldómurinn og hin skilyrðislausa og auðmjúka þjónusta hefði vikið úr sæti með hæstv. fyrrverandi utanrrh. og við tekið íslenzkur manndómur og umhyggja um hag og sæmd og velferð Íslendinga með hæstv. núverandi ráðh.

Fsp., sem ég hef upp borið á þskj. 62, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar eða eru í undirbúningi af hálfu utanrrn. til að losa það íbúðarhúsnæði handa húsnæðislausum Reykvíkingum, sem herliðið eða erlendir menn á þess vegum hafa á leigu í Reykjavík? Ef engar ráðstafanir hafa verið gerðar né eru í undirbúningi í þessu efni, hvernig stendur þá á því, að svo er ekki, þegar tekið er tillit til þess ástands, sem nú ríkir í húsnæðismálum bæjarbúa?"

*Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):* Herra forseti. Ég skal reyna að gera fsp. hv. 8. landsk. (BergS) nokkur skil. Fsp. er að vísu tvenns konar, nokkur hluti af henni kemur mér ekki við, því að það er almennt um húsnæðismál í Reykjavík, svo að ég tel mér ekki skylt að svara öðru en því, sem snertir það atriði í fsp. um íbúðir, sem leigðar séu hernum.

Ég skal geta þess fyrst, að eiginlega er það ekki réttur aðili að snúa sér með þessa fsp. til mín.

Í Reykjavík starfar húsaleigunefnd. Samkvæmt l. nr. 30 frá 1952, um hámark húsaleigu o. fl., segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir."

Í niðurlagi sömu greinar er enn fremur sagt: „Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum."

Samkvæmt þessu eiga engir erlendir menn rétt til húsnæðis í Reykjavík, nema í sérstökum undantekningartilfellum. Hitt er og jafnaugljóst, að það er á valdi húsaleigunefndar að skera úr um það atriði og sjá að öðru leyti um, að ákvæðum laganna sé framfylgt í samráði við hið almenna lögregluvald. Það er því ekki á valdi utanrrn. né innan verksviðs þess að sjá um framkvæmd þessara laga.

Utanrrn. hefur þó reynt að afla þeirra upplýsinga, sem fyrir hendi eru í þessu máli, m. a. hjá skrifstofu framfærslumála Reykjavíkurbæjar. Bæjarstjórn Reykjavíkur lét í september s. l. fara fram nákvæma athugun á húsnæði í Reykjavík, þ. á m. hve margar íbúðir væri um að ræða, sem ekki væru löglegir leigusamningar gerðir um, og ég skal taka það fram til skýringar, að ef erlendir hermenn hafa íbúðir á leigu, þá eru það ekki löglegir leigusamningar. Rannsókn þessa framkvæmdu tveir menn, og fóru þeir í hvert hús innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, sem annaðhvort hefur rafmagn eða hitaveitu, þ. e. a. s. praktískt talað í allt íbúðarhúsnæði. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær, að aðeins á sjö stöðum þótti tvísýnt, að leigumálar væru gildir að lögum. Síðan hefur komið í ljós, að á tveim þessara staða er um fullgilda leigumála að ræða, þar sem starfsmenn sendiráðs Bandaríkjanna hafa þar íbúðir á leigu. Það er ekki enn fullupplýst um hina staðina fimm, en mér er kunnugt um, að á þessum fimm stöðum eru fjórar íbúðir og eitt einstaks manns herbergi, sem talið er að leigt sé bandarískum manni. En þessi tilfelli munu hafa verið kærð fyrir húsaleigunefnd og henni falið að rannsaka þessi mál og gera úrbætur á þeim. Ég get ekki nú sem stendur upplýst um, hvernig það hefur farið, því að mér hefur ekki unnizt tími til þess.

Skrifstofustjóri framfærslumála gat þess, að ýmsum hefði komið á óvart, hve hér væri um fá tilfelli að ræða, en útilokað væri, að það væri vegna þess, að rannsókn hefði verið ófullkomin. Hann skýrði frá því, að sér hefðu borizt fjölmargar kærur um, að hermenn eða menn á vegum hersins hefðu íbúðir í óleyfi hér í bænum. Í öllum tilfellum hefði rannsókn verið látin fara fram, og alltaf hefði útkoman verið sú, að um löglegan leigumála hefði verið að ræða. Hann sagðist hafa skrifað Leigjendafélaginu, Fasteignaeigendafélaginu, sakadómara og lögreglustjóra og beðið þessa aðila að benda sér á, ef þeir hefðu orðið varir við eitthvað athugavert í þessum efnum, en ekki fengið nein svör né ábendingar frá þeim í þá átt. Allt bendir því til þess, að sá orðrómur, sem uppi hefur verið hér í bæ um það, að fjöldi Bandaríkjahermanna leigði sér íbúðir í leyfisleysi, hafi ekki við rök að styðjast. Hér er aðeins um örfá tilfelli að ræða, og hefur það nú verið kært og rannsókn hafin, eins og ég gat um áðan.

Hitt er annað mál, að í bænum dvelst að jafnaði nokkur fjöldi Bandaríkjamanna, sem fulla heimild hafa til að leigja íbúðir. Fyrst og fremst eru það starfsmenn sendiráðs Bandaríkjanna og skyldulið þeirra. Ég hef hér látið gefa mér lista yfir þessa starfsmenn og heimilisföng þeirra. Samkvæmt honum eru starfsmenn hjá sendiráðinu alls 26, með 14 konur og 18 börn á framfæri. Samtals hefur þetta fólk 21 íbúð á leigu hér í bænum. Í öðru lagi eru menn, sem hér eru á vegum íslenzkra atvinnufyrirtækja þeim til leiðbeiningar og aðstoðar. Hef ég einnig lista yfir þá menn, sem hér eru á vegum áburðarverksmiðjunnar. Eru það alls 7 karlmenn og tveir af þeim eru fjölskyldumenn. Hafa þeir íbúðir hér í bænum. Einn býr í herbergi í einkahúsi hér, en hinir munu vera á gistihúsi. Enn fremur má benda á það, að nokkrir bandarískir menn, bæði hermenn og menn á vegum hersins, eru kvæntir íslenzkum konum. Í því tilfelli, að þeir hafi hér íbúðir á leigu, er það gildur leigusamningur, vegna þess að íslenzk kona hefur sama rétt og aðrir til að gera leigusamning vegna jafnréttis karla

og kvenna. Ekki leikur vafi á því, að ýmsir gera eðlilega ekki greinarmun á þeim mönnum, sem hér eru taldir, og öðrum, og á það sinn þátt í þeim misskilningi, sem nú ríkir um þessi efni.

Þess skal að lokum getið, að hagstofan gat ekki gefið neinar upplýsingar um þetta mál, nema leita í manntalinu frá 16. okt. 1952, en það hefur ekki raunhæfa þýðingu. Sama er að segja um manntalsskrifstofu Reykjavíkur. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur beðið útlendingaeftirlitið að leita í spjaldskrá embættisins, ef það kynni að verða til þess, að einhverjar upplýsingar fengjust, sem að gagni mættu koma, en bjóst þó ekki við miklum árangri. Hins vegar vil ég geta þess, að nú þessa daga er verið að ljúka manntali í Reykjavík, og ég mun strax þegar því er lokið og skýrslur eru komnar inn láta fara yfir manntalið til þess að reyna að fá fyllri upplýsingar um þetta. Og ég vil taka það fram, að ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að þessar upplýsingar séu sannar og réttar og rannsóknin hafi verið samvizkusamlega framkvæmd. Ég held því, að það sé misskilningur, sem hv. flm. sagði, að það sé kunnara en frá þurfi að segja, að bandarískir hermenn hafi fjölda íbúða hér í bænum. Hér eru margir aðilar, sem geta upplýst þetta, til dæmis Leigjendafélagið, en í stjórn þess eru menn, sem áreiðanlega hafa áhuga á því, að þessi ákvæði húsaleigulaganna séu ekki brotin. Og auk húsaleigunefndarinnar kunna að vera aðrir aðilar, sem vilja fylgjast með þessum málum, eins og pólitísku flokkarnir sumir eins og t. d. Þjóðvfl. hefur gert og látið koma fram í blaði sínu, ef þeir vita um dæmi um ólöglega leigu.

*Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svarið, þá vil ég taka það fram, að ég býst við, að það hafi fleiri en hann orðið undrandi á því, hvað lágar tölur hann gat nefnt í sambandi við leigu hermanna hér í bænum. En auðheyrt var á hæstv. ráðh., að þær upplýsingar, sem hann hafði fengið, höfðu komið honum mjög á óvart, enda tel ég, að í hans svari hafi falizt skýring á því, hvers vegna þessar tölur voru svona lágar, þar sem ég gat ekki betur skilið en að það væru taldir löglegir leigusamningar hér á landi, ef t. d. íslenzk kona ameríska hermanns gerði hér leigusamning. Hefur þá væntanlega í rannsókn þeirri, sem hann gat um að gerð hefði verið, ekki verið farið nákvæmlega út í að athuga það, þó að einhverjir óviðkomandi, e. t. v. einhverjir tengdir slíkum fjölskyldum lauslega, stæðu að samningnum og væru samningsaðilar. Hitt nær ekki nokkurri átt, að það séu ekki nema sjö, og þó ekki nema einar fimm íbúðir hér í bæ, sem leigðar séu amerískum hermönnum. En það verður að teljast mjög alvarlegt atriði, ef bandarísk herinn, sem hefur einn allra aðila í þessu landi möguleika á að byggja ótakmarkað yfir sig og sína, hefur líka til viðbótar því heimild samkv. varnarsamningnum til þess að láta einhverja og einhverja Íslendinga, hvort sem það væru konur hermanna eða aðrir, gera ótakmarkaða samninga fyrir sig um húsnæði hér í Reykjavík og til að kaupa íslenzkar barnafjölskyldur út á götuna.

*Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):* Það var aðeins þetta síðasta atriði hv. 8. landsk. (BergS), sem ég vildi svara. Ég hef sennilega ekki tekið það nógu greinilega fram áðan, að það hefði líka verið athugað, hvort mikil brögð væru að því, að amerískir hermenn hefðu hér húsnæði með því að vera kvæntir íslenzkum konum. Það eru víst ekki mörg tilfelli. Ég veit ekki nákvæmar tölur og hef því ekki viljað fara með þær hér, en tilfellin munu ekki vera mörg. Það leiðir ekki af varnarsamningnum, að slíkir menn hafi leyfi til þess að búa í íbúðum hér, heldur er það samkv. íslenzkum lögum, að kona, sem er gift hér í landinu, er íslenzkur borgari, þótt hún sé gift amerískum manni, hvort það er hermaður eða ekki, svo lengi sem hún flytur ekki úr landinu. Hún hefur vitanlega rétt til þess að taka íbúð á leigu, og það er ekki hægt, nema þá að breyta landslögum, að hindra það, að kona fái að búa með manni sínum. En sem betur fer er það fullyrt, að það séu ekki nema örfá tilfelli, að kvæntir amerískir hermenn búi hér í bænum. Og þeir munu ekki búa hér að jafnaði, heldur munu þeir aðeins koma í heimsókn til eiginkvenna sinna, og það verður ekki hindrað, því að ég geri ekki ráð fyrir, að við viljum fá nein deilumál um það, eins og var hér á árunum í vissu landi, að kvæntir menn fengju ekki að búa með konum sínum.

Ég held, að á þessu stigi málsins geti ég ekki gefið frekari upplýsingar um þetta mál, og held, að þess þurfi ekki, en ég hygg, að það sé rétt, að slegið sé á þann orðróm, að einhver feikileg „invasion" af amerískum hermönnum sé hér í bænum og hafi tekið íbúðir frá Íslendingum. Að mínu áliti er sú fullyrðing skökk, og ég hef enga ástæðu til þess að halda annað en þetta álit sé satt og rétt.

*Gylfi Þ. Gíslason:* Herra forseti. Það er eitt atriði varðandi þessi mál, sem ekki bar á góma í viðræðum þeirra hæstv. utanrrh. og hv. 8. landsk., en þó skiptir verulegu máli í því sambandi, sem hér er um að ræða, en það er spurningin um, hvort það kann að eiga sér stað, að erlendir menn, sem hér hafa húsnæði á leigu lögum samkvæmt, kunni að greiða húsaleigu í erlendum gjaldeyri, í dollurum eða annarri erlendri mynt. Með þessum hætti, ef þetta er rétt, er auðséð, að hinir erlendu leigutakar hafa allt aðra aðstöðu til þess að fá húsnæði í Reykjavík, sem mjög er af skornum skammti, heldur en innlendir menn. Ég hef ekki séð á það minnzt opinberlega, hvorki til né frá, hvort þetta sé rétt eða ekki, en hinu er ekki að leyna, að almannarómur telur, að að því séu allmikil brögð, að erlendir menn, sem hafa hér rétt til þess að taka húsnæði á leigu, greiði þetta húsnæði í erlendri mynt. Ýmsir telja jafnvel, að hæstv. ríkisstj., hæstv. utanrrh., sé og hafi verið kunnugt um þessa

venju, en hún ekki hafzt neitt að. Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh., hvort honum sé kunnugt um þetta, og ef svo er, þá hvort hann telji það eðlilegt eða löglegt og hvort hann hyggist láta það viðgangast áfram.

*Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):* Ég verð að segja það, að ég á erfitt með að svara þessari síðustu fyrirspurn, því að hún kemur mér sáralítið við. Ég veit ekki, til hvaða ráðh. ætti að beina henni. Sennilega til þess, sem ætti að hafa eftirlit með gjaldeyrisverzlun hér á landi. Ég er búinn að vera það stutt í Reykjavík, að mér er alls ekki kunnugt um neina leigusamninga og hef a. m. k. ekki átt hlutdeild í neinum leigusamningum, þar sem samið sé um greiðslu í amerískum dollurum. Hvort það er, það get ég ekkert um sagt. Það er sennilega á fárra manna færi að gefa upplýsingar um slíkt. Slíkir hlutir mundu vera gerðir án þess, að vottar séu við hafðir, og það er eins og var til forna, að það varðar ekki við lög að blóta á laun. En ef opinbert er, þá auðvitað varðar það við gjaldeyrislögin. Ég vísa þessari fyrirspurn algerlega frá mér, því að ég get ekki svarað henni frekar.

## 4. Ólöglega innfluttar vörur.

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
*Fsp. til fjmrh. um ólöglega innfluttar vörur* [55. mál, 3] (A. 62).

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Félag ísl. iðnrekenda, en svo nefnast heildarsamtök helztu iðnrekenda í verksmiðjuiðnaði hér á landi, gefur út mánaðarrit, sem heitir Íslenzkur iðnaður. Ritstjóri þess rits er Páll Sigþór Pálsson, en ábyrgðarmaður Kristján Jóh. Kristjánsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, talinn einn af máttarstólpum Sjálfstfl., greindur maður og grandvar í hvívetna og seinþreyttur til vandræða. Íslenzkur iðnaður verður því, m. a. af hv. stjórnarflokkum, talinn mjög ábyrgt málgagn ábyrgra manna.

Í ágústhefti þessa blaðs er bréf, sem Félag ísl. iðnrekenda sendi fjmrn. 7. sept. s. l. Í bréfi þessu er frá því skýrt, að umrætt félag hafi tvisvar áður skrifað fjmrn., í fyrsta sinn 17. nóv. 1952, og borið fram ákærur út af því, að mikil brögð væru að því, að í verzlunum hér í Reykjavík og úti á landi væru á boðstólum vörur, sem fluttar væru inn með ólöglegum hætti og því tollsviknar. Einnig er þess getið, að félagið hafi skrifað viðskmrn., tollstjóra og kært til sakadómara út af þessu ólögmæta framferði, en lítinn árangur séð af öllu því erfiði.

Í bréfinu til fjmrn. eru taldar upp 5 vörutegundir og þess getið, að þær séu ólöglega innfluttar, tollsviknar, eða eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta, að á markaðinn virðast koma ýmsar vörur, sem ekki eru fluttar inn á löglegan hátt og sleppa þannig undan tollgreiðslum."

Mér er kunnugt um, að Félag ísl. iðnrekenda var reiðubúið að leggja fram óhrekjanlegar sannanir ákæruatriðum sínum til stuðnings, ef þess hefði verið óskað af hálfu fjmrn., en engar slíkar óskir bárust frá rn. né hafa enn þá borizt þrátt fyrir ítrekaðar kærur félagsins.

Það er eftirtektarvert, að vörur þær, sem kært er yfir að séu seldar tollsviknar á frjálsum markaði víðs vegar hér á landi, eru allar eða flestallar frá Bandaríkjunum. Þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hvernig á því stendur, enda hefur því oft verið haldið fram í blöðum, án þess að æðstu yfirvöld landsins mótmæltu, að stórkostlegt smygl væri rekið frá Keflavíkurflugvelli, en hinn ameríski her, sem hér dvelst, nýtur þeirra fríðinda með meiru að búa við algert tollfrelsi.

Nú er það þekkt fyrirbæri víða erlendis, að bófafélög reka smygl í stórum stíl, og í sambandi við þau eru svo svartamarkaðs- og leynisalar, sem dreifa vörunum. En það er hins vegar hvergi þekkt á byggðu bóli, þar sem lög og réttur eru einhvers metin, að tollsviknar vörur séu seldar fyrir opnum tjöldum á frjálsum markaði fyrir framan nefið á og til háðungar öllum þeim yfirvöldum, sem gæta eiga laga og réttar og almenns velsæmis. Svo fullkomið og takmarkalaust virðingarleysi fyrir lögum og reglum þekkist hvergi, nema þá ef vera skyldi hér á landi. Og það er líka óþekkt með öllu, að æðstu yfirvöld þoli slíkt framferði þegjandi og hljóðalaust mánuðum saman, eftir að opinberar ákærur höfðu borizt um það, nema þá ef vera skyldi hér á landi.

Til þess að gefa hæstv. fjmrh. tækifæri til að afsanna það, að Ísland sé verr á vegi statt í þessum efnum en önnur lönd, og til að afsanna þær óbeinu sakargiftir um vítavert sinnuleysi í þessum efnum, sem bréf Félags ísl. iðnrekenda felur í sér, hef ég lagt fyrir hann nokkrar spurningar á þskj. 62, sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1) Hinn 17. nóv. 1952 barst fjmrn. bréflega ákæra frá Félagi ísl. iðnrekenda (sbr. málgagn félagsins í ágúst s. l.) um það, að í verzlunum hér á landi væru vörur, sem þangað væru komnar eftir ólöglegum leiðum og ekki hefði verið greiddur af tollur. — Lét fjmrn. þá þegar fara fram rannsókn vegna þessarar ákæru? Ef svo var ekki, hverjar orsakir lágu þá til þess, að það var ekki gert?

2) Hinn 1. apríl 1953 ítrekaði Félag ísl. iðnrekenda þessa ákæru með bréfi til fjmrn. — Var þá fyrirskipuð rannsókn vegna þessarar

ákæru? Ef svo var ekki, hverjar orsakir voru því valdandi, að svo var ekki gert?

3) Hinn 7. sept. s. l. endurtekur Félag ísl. iðnrekenda í þriðja sinn þá ákæru sína til fjmrn., að hér séu á boðstólum tollsviknar vörur á frjálsum markaði. — Hvað hefur sú athugun, sem fjmrn. þá fól tollstjóra að framkvæma, leitt í ljós?

4) Hefur ríkisstj. í hyggju að fyrirskipa sakamálshöfðun gegn þeim aðilum, sem brotlegir kynnu að reynast, ef ákærur Félags ísl. iðnrekenda væru á rökum reistar?

5) Hvernig er það tryggt almennt, að ekki séu hér á boðstólum tollsviknar vörur á frjálsum markaði?

6) Hvaða sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar og eru gerðar til þess að koma í veg fyrir það, að tollfrjálsar vörur hernámsliðsins á Keflavíkurflugvelli séu á boðstólum hér í verzlunum eða á annan hátt?"

Til viðbótar þessu vil ég svo aðeins geta þess, að blað hæstv. fjmrh., Tíminn, birti í gær grein, þar sem sagt er frá því, að mikil brögð muni vera að því, að spiritus sé smyglað inn í stórum stíl til landsins.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Þessar fsp., sem hv. þm. mælti hér fyrir, eru samdar af þeirri illkvittni, sem honum er lagin. Í öðru hverju orði eru aðdróttanir um vanrækslu, jafnvel yfirhylmingu með þeim, sem sekir kunna að hafa reynzt. Þetta eiga fsp. allt að gefa í skyn, eins og ræða hv. þm. áðan glögglega staðfestir. En það mun nú koma í ljós af svörunum, að þessi uppsetning öll einkennist líka af öðru, sem mjög einkennir þennan hv. þm., og það er það, hvað hann á erfitt með að fara rétt með. Kem ég að því fljótlega.

Fyrsta spurningin er þannig:

„Hinn 17. nóv. 1952 barst fjmrn. bréfleg ákæra frá Félagi ísl. iðnrekenda um það, að í verzlunum hér á landi væru vörur, sem þangað væru komnar eftir ólöglegum leiðum og ekki hefði verið greiddur af tollur. — Lét fjmrn. þá þegar fram fara rannsókn vegna þessarar ákæru? Ef svo var ekki, hverjar orsakir lágu þá til þess, að það var ekki gert?"

Og allt það, sem á eftir kemur, er byggt á þessu, að í nóvembermánuði 1952, fyrir svo löngu, hafi félag iðnrekenda sent ákærur um þessi málefni til fjmrn., og síðan er í hverri spurningu hér á eftir þetta tuggið upp: „Ef ekki var gerð athugun, þá af hverju ekki?"

Svarið við þessari fsp. 1 er það, að skrifstofustjóri minn og fulltrúar í rn., eftir að hafa borið sig saman við Félag ísl. iðnrekenda, kannast ekkert við það, að þangað hafi komið nokkurt bréf um þetta efni 17. nóv. 1952, en þrjú bréf um allt annað efni. Þessi spurning er því alveg út í hött, hvernig sem á því stendur.

2. spurning er þessi:

„Hinn 1. apríl 1953 ítrekaði Félag ísl. iðnrekenda þessa ákæru með bréfi til fjmrn. — Var þá fyrirskipuð rannsókn vegna þessarar ákæru? Ef svo var ekki, hverjar orsakir voru því valdandi, að svo var ekki gert?"

Þessi spurning er þá þar af leiðandi, af því sem ég hef þegar sagt, einnig út í hött að því leyti til, að ekki var um ítrekun að ræða og ekki heldur ákæru þeirrar tegundar, sem fyrirspyrjandi vill gefa í skyn. En í bréfinu — þessu bréfi — sendir Félag ísl. iðnrekenda svo hljóðandi ályktun frá ársþingi iðnrekenda 1953:

„Þá vill ársþingið að marggefnu tilefni skora á hlutaðeigandi yfirvöld að skerast tafarlaust í leikinn um það, að ekki sé á boðstólum í verzlunum iðnaðarvarningur, sem ekki er leyfður innflutningur á."

Síðar í sama bréfi er það tekið fram, að Félag ísl. iðnrekenda vilji ekki á þessu stigi málsins bera fram ásakanir í garð einstakra vöruseljenda um brot í þessum efnum. En rétt áðan var þessi hv. þm. að fullyrða það, að Félag ísl. iðnrekenda hefði, að því er manni skildist, á fyrstu stigum málsins boðið slíkar upplýsingar fram.

Hinn 9. apríl 1953, eða 8 dögum eftir að rn. fékk þetta bréf, sendi það afrit af því til verðgæzlustjóra og óskaði aðstoðar hans í því að upplýsa, hvort slíkt misferli sem að er vikið í ofangreindu bréfi og ályktun hafi átt sér stað og hverjar ráðstafanir kunni að verða nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir slíkt framvegis. Verðgæzlustjóri gerði síðan athuganir í málinu í samráði og samvinnu við tollstjóra, og kem ég að niðurstöðu þeirra atriða í svari mínu við *næstu spurningu. Kemur nú* 3. spurningin, og hún er þannig:

„Hinn 7. sept. s. l. endurtekur Félag ísl. iðnrekenda í þriðja sinn þá ákæru sína til fjmrn., að hér séu á boðstólum tollsviknar vörur á frjálsum markaði. — Hvað hefur sú athugun, sem fjmrn. þá fól tollstjóra að framkvæma, leitt í ljós?"

Einnig þessi fsp. er auðvitað villandi af ástæðum, sem ég nú þegar hef sagt, og röng, en það rétta er, að í þessu bréfi frá 7. sept. s. l. sendir Félag ísl. iðnrekenda fjmrn. í fyrsta sinn kvartanir um tiltekin atriði, en til viðbótar er svo vísað í bréf, sem Félag ísl. iðnrekenda hafi áður sent til tollstjóra og viðskmrn., en þessi tilteknu atriði koma fyrst fram 7. sept. Fjmrn. sendi bréfið til tollstjóra og lagði fyrir hann að gefa rn. skýrslu um málið og gera grein fyrir því, hvaða ráðstafanir hann teldi tiltækilegastar og áhrifaríkastar til þess að koma í veg fyrir, að slíkt misferli sem um ræðir í bréfinu og virðist hafa átt sér stað gæti átt sér stað. Tollstjóri hefur nú sent rn. skýrslu um öll þessi mál, bæði þau atriði, sem koma fram í bréfinu til fjmrn. í september og ég var að minnast á, og í hinum fyrri bréfum Félags ísl. iðnrekenda til tollstjórans og viðskmrn. Hér verður sem sagt gerð grein fyrir því í einu lagi, hver niðurstaðan varð af þessum athugunum. Nú er ekki þægilegt að svara spurningu eins og þessari, sem ég vil biðja hv. þm. að taka eftir. Ég vil rifja hana upp. Það er síðari hlutinn af þessari þriðju spurningu: „Hvað hefur sú athugun, sem fjmrn. þá fól tollstjóra að framkvæma, leitt í ljós?" Á ég nú að fara að greina frá því hér á hv. Alþ. um hvert einstakt atriði nákvæmlega, hvað gerðist? Í raun og

veru væri ekki ástæða til þess, ef ekki væri um jafnillkvittinn rógburð að ræða og felst í fyrirspurninni. Ég mun því gera grein fyrir hverju atriði fyrir sig, þó að það sé í raun og veru meira en vafasamt að lesa það allt yfir hv. þm. Það tekur dálitla stund, en ekki mjög langa.

Það var kvartað um það, að í verzlunum væru á boðstólum ýmsar vörur, sem að líkindum væru ólöglega innfluttar. Voru þetta ýmist leyfisvörur, sem kærandi taldi að engin innflutningsleyfi væru veitt fyrir, eða vörur, sem voru af enskum eða amerískum uppruna, en kærandi gerði ráð fyrir að einungis mætti flytja inn frá löndum, sem skipt er við á jafnvirðisgrundvelli. Í fyrri flokknum var tilgreint sælgæti, en í síðari flokknum voru yfirhafnir, úlpur fyrir drengi og karla, í öðru lagi sportskyrtur fyrir drengi og karla, í þriðja lagi regnkápur úr plastefni, í fjórða lagi manchettskyrtur úr nylon, í fimmta lagi brjóstahöld og lífstykki og í sjötta lagi enskar snyrtivörur. Og það, sem ég nú greini, er í óbeinni ræðu úr skýrslu tollstjóra um athugun á öllum þessum málum. Tollstjóri lét þegar fara fram rannsókn í verzlunum, sem fyrirsvarsmenn Félags ísl. iðnrekenda bentu á, — áðan tók fyrirspyrjandi það hér fram, að það hefði verið forðazt að tala við iðnrekendur um þetta, — að hefðu þessar vörur til sölu, og leiddu þær athuganir eftirfarandi í ljós, eftir því sem segir í skýrslu tollstjóra:

1) Um sælgæti: Á sínum tíma höfðu nokkrir sjómenn fengið tollafgreitt nokkurt magn af sælgæti, einkum tyggigúmmíi, sem þeir keyptu fyrir frjálsan gjaldeyri. Enn fremur var s. l. vor tollafgreidd stór sending af tyggigúmmíi, sem innflutningsleyfi hafði verið veitt fyrir. Vara sú, sem hér er á markaðnum af þessu tagi, er því engan veginn öll ólöglega innflutt, segir tollstjóri. Hins vegar telja tollgæzlumenn, að líkur séu fyrir því, að allmikið hafi verið flutt inn af þessari vöru á ólöglegan hátt ásamt því, sem löglega kom inn. Er langt síðan hætt var að tollafgreiða tyggigúmmí fyrir farmenn til að koma í veg fyrir, að reikningar frá þeim væru notaðir til að skjóta sér á bak við með smyglaða vöru. Hefur tollgæzlan unnið að því að komast fyrir þennan ólöglega innflutning, og hafa sakadómara nú verið sendar skýrslur hennar til frekari aðgerða.

Á þessu tímabili, sem hér er um að ræða, hefur sem sagt verið þannig ástatt, að ekki hefur verið hægt að segja um það, hvort tyggigúmmí, sem í verzlun væri, væri löglega eða ólöglega innflutt, því að það var löglega innflutt tyggigúmmí á markaðnum.

2) Um úlpurnar: Úlpurnar, sem að framan greinir, eru á bátagjaldeyrislista frá öllum löndum, ef þær eru ætlaðar konum eða telpum, en á bátagjaldeyrislista einungis frá „clearing"-löndum, ef það er á karla og drengi. Þessar flíkur eru hins vegar þannig gerðar, að karlar og konur nota þær jöfnum höndum með sama sniði og úr sömu efnum. Hefur ekki verið hægt að greina þar á milli við tollflokkun. Allmikið hefur verið flutt inn af þeim frá Bandaríkjunum sem kvenfatnaður, en þegar í smásölurnar kemur, eru þær keyptar jafnt af körlum sem konum, og er erfitt að hafa hemil á slíku. Og mér skilst, að það sé t. d. ómögulegt að vita um það með vissu, hvort hv. fyrirspyrjandi gengur í kvenúlpu eða ekki. Það sé sem sagt ekki hægt að greina það í sundur og því ekki hægt um vik að fást við þetta atriði.

Ég skal taka það fram, að þessi grg. tollstjóra um rannsókn á þessu máli, er ekki samin í tilefni af fyrirspurn hv. þm., heldur er hún í ráðuneytið komin áður en sú fsp. kom fram.

3) Sportskyrtur úr gerviefnum eru á bátagjaldeyrislista frá öllum löndum. Athugun tollgæzlumanna leiddi ekki í ljós, að þær væru hér á markaðnum ólöglega innfluttar. Regnkápur úr plastefnum og manchettskyrtur úr nylon eru á bátagjaldeyrislista frá öllum löndum. Mikið hefur verið og er flutt inn af þessum vörum á löglegan hátt, og hefur ekkert komið fram, sem bendir til ólöglegs innflutnings.

4) Brjóstahöld og lífstykki: Rannsókn leiddi í ljós, að það, sem var á markaðnum af þessari vöru frá Bandaríkjunum, var löglega tollafgreitt út á innflutningsleyfi. Enskar snyrtivörur voru fluttar hér inn í allstórum stíl og tollafgreiddar gegn gömlum gotu- og faxasíldarleyfum, sem breytt hafði verið í leyfi fyrir þessum vörum. Og eins og menn sjá af því, hafa þær verið til löglega innfluttar á markaðnum og því erfitt um það að segja um hvert atriði fyrir sig, hvort það væri þá af því eða öðruvísi til komið.

Hér hafa verið taldar upp þær vörutegundir, sem kvartanir Félags ísl. iðnrekenda við tollstjóra og viðskmrn. snerust um. Rannsóknir á innflutningi þeirra voru framkvæmdar, þegar er kvartanir Félags ísl. iðnrekenda bárust, en að sjálfsögðu hefur tollgæzlan ekki gefið stjórn Félags ísl. iðnrekenda eða öðrum óviðkomandi upplýsingar um niðurstöður þeirra, þar eð henni er að lögum óheimilt að veita slíkar upplýsingar um innflutning einstakra manna eða fyrirtækja. Og af sömu ástæðum er það, að það hefur láðst að tilkynna Frjálsri þjóð, að þessi athugun hefði farið fram.

Skal nú vikið að þeim atriðum í bréfi Félags ísl. iðnrekenda frá 7. sept. s. l., sem ekki höfðu komið fram í fyrri bréfum til tollstjóra og viðskmrn., þ. e. a. s. þeim atriðum, sem voru tekin fram í bréfinu til fjmrn. umfram það, sem áður hafði verið tekið fram og athugað út af bréfunum til hinna.

Félag ísl. iðnrekenda hefur kært til sakadómara skömmu fyrir s. l. áramót, að seld væri vara, sem auglýst væri sem súkkulaðiduft, en tollafgreidd væntanlega sem kakó. Hafði fulltrúi sakadómara komizt að þeirri niðurstöðu, að sala þessarar vöru væri ólögmæt, og Félag ísl. iðnrekenda þá fallizt á að afturkalla kæruna gegn því, að salan væri stöðvuð. Um þetta segir svo í skýrslu tollstjóra til rn.:

„Samkv. upplýsingum frá Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, fjallaði kæra sú, sem greind er í 2. tölulið í bréfi 7. sept. s. l., um það, að kakóduft væri á markaðnum, auglýst og boðið fram sem súkkulaðiduft. Ekkert kom fram, sem benti á ólöglegan innflutn-

ing eða ranga tollflokkun, enda hefur kakóduft, sem fellur undir 18. kafla nr. 4 í tollskránni, verið frílistavara frá upphafi, og gildir það jafnt þótt það sé blandað ýmsum bragðbætandi efnum, sem gera það svipað súkkulaðidufti til notkunar.“

Þá er í þessu bréfi rætt um enskt fataframleiðslufyrirtæki, sem starfar á Keflavíkurflugvelli. Fjmrn. er ekki kunnugt um það, hvort þessi klæðskeri hefur rétt til að stunda iðn sína hér á landi, enda heyrir það undir önnur ráðuneyti. Tollgæzluna snertir aðeins innflutningur á efni því, sem hann vinnur úr, en það er flutt inn á sama hátt og aðrar nauðsynjar varnarliðsins gegn þeim yfirlýsingum heryfirvalda, sem krafizt er um allan slíkan tollfrjálsan innflutning.

Loks segir í niðurlagi þessa bréfs frá iðnrekendum, að í verzlunum hér í bænum muni allvíða vera eða hafa verið til sölu náttföt og ýmiss konar bómullarnærfatnaður frá Bandaríkjunum. „Prjónaður nærfatnaður var á óskilorðsbundnum frílista frá öllum löndum utan dollarasvæðisins,“ segir tollstjórinn um það atriði. Og um þetta segir enn fremur í skýrslu tollstjóra: „Tollgæzlan hefur leitað í verzlunum að þessum vörum, eftir að bréf rn. barst, en ekki orðið þeirra vör. Slík leit verður þó að sjálfsögðu aldrei tæmandi. Hins vegar er ólíklegt, að vörum þessum sé smyglað, til þess eru þær of fyrirferðarmiklar miðað við verðmæti og lítið ábatavænlegar miðað við ýmsar aðrar vörur.“

Þetta eru þá skýrslur tollstjóra um þessa rannsókn, sem höfðu verið sendar til rn. og fyrir lágu þar áður en þessi fsp. varð til, sem hér er verið að svara.

4. spurningin er þannig: „Hefur ríkisstj. í hyggju að fyrirskipa sakamálshöfðun gegn þeim aðilum, sem brotlegir kynnu að reynast, ef ákærur Félags ísl. iðnrekenda væru á rökum reistar?“

Þegar komizt hefur upp um tollsvik, hafa málin jafnan verið send sakadómara til meðferðar, og hefur svo verið gert m. a. fyrir skömmu og mun verða gert framvegis.

Svo vil ég segja það að lokum, að ég hef ef til vill verið helzt til óþolinmóður í orðum við hv. fyrirspyrjanda, en að mér fannst að gefnu fullu tilefni. Það stafar kannske af því, að ég er því heldur óvanur, að mér sé borið á brýn, að ég sjái í gegnum fingur með þeim, sem vilja koma sér undan því að greiða réttmæta skatta og gjöld. Hingað til hefur mér verið fundið ýmislegt annað til foráttu en það. Það er nokkurt nýmæli fyrir mig, að lögð sé alveg sérstök áherzla á að reyna að koma því inn hjá mönnum, að ég sé yfirhylmingarmaður í þessum sökum. Það er nýstárlegt.

5. spurningin er þannig: „Hvernig er það tryggt almennt, að ekki séu hér á boðstólum tollsviknar vörur á frjálsum markaði.“

Svarið er þetta: Tollgæzlan er til þess sett að koma í veg fyrir, að tollsviknar vörur komist inn í landið, eftir því sem auðið er, auk þess sem verðgæzlan og tollgæzlan fylgjast með því, hvort á boðstólum séu í verzlunum vörur, sem ástæða væri til að álíta að væru tollsviknar.

6. spurning: „Hvaða ráðstafanir hafa verið og eru gerðar til þess að koma í veg fyrir það, að tollfrjálsar vörur hernámsliðsins á Keflavíkurflugvelli séu á boðstólum hér í verzlunum eða á annan hátt?“

Eftirlit með tollfrjálsum innflutningi varnarliðsins er tvíþætt. Fyrst er eftirlit með því, að varan sé flutt til Keflavíkurflugvallar, og síðan eftirlit með því, að hún sé ekki flutt þaðan aftur. Um fyrra atriðið hefur tollgæzlan á flugvellinum samvinnu við tollgæzluna í Rvík, þar eð meginhluti varanna er fluttur á land hér, en eftirlit með hinu síðara atriði er í höndum tollgæzlunnar á flugvellinum, sem reynir að sjálfsögðu eftir föngum að gæta þess, að misferli eigi sér ekki stað. Nýtur tollgæzlan þar aðstoðar lögreglunnar, sem hefur stöðugan vörð við flugvallarhliðin og leitar mjög oft í bílum þeim, sem út af vellinum fara. Um s. l. áramót lét rn. athuga sérstaklega, hvernig ástatt væri um tollgæzluna á flugvellinum, og var þá ákveðið að bæta þar við tveimur tollvörðum og var gert. Af öðrum sérstökum ráðstöfunum er ástæða til að geta þess, að fyrir atbeina fjmrn. voru á s. l. vori afnumin öll leyfi varnarliðsmanna til þess að flytja með sér áfengi út af flugvallarsvæðinu. Það er algerlega bannað. Rn. hefur haft nána samvinnu við tollgæzluna þarna suður frá um ýmsar aðrar ráðstafanir, sem gætu orðið til aukins öryggis, og mun halda því áfram. Stundum hefur orðið dálítið ógreiðara um framkvæmdir vegna þess, að margir aðilar hafa þurft að fjalla um þessi mál, en nú eru þessi mál komin öll í eitt ráðuneyti, þ. e. a. s. öll þau mál, sem snerta framkvæmd varnarsamningsins og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, og ætti framkvæmdin að verða á ýmsan hátt auðveldari fyrir þær sakir. Hitt er svo annað mál, að það er vafasamt mjög, að tollgæzlan sé nógu sterk, nógu öflug. Gæti máske verið ástæða til að bæta við verulegu liði og aukinni tollgæzlu, og er það nú í athugun, en það náttúrlega kostar fé, og er alltaf álitamál, hversu mikið skuli leggja í kostnað við þess konar.

Ég hef nú svarað þessum spurningum og læt nú hv. þm. um að dæma það, hvort rn. hefur látið þær upplýsingar, sem um þetta hafa komið, sem vind um eyrun þjóta eða hið gagnstæða.

*Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Ég hygg, að aldrei hafi neinn ráðh. sýnt jafnlítilmótlega framkomu á Alþingi Íslendinga og hæstv. fjmrh. gerði hér áðan. Ég hef aldrei haft háar hugmyndir um kurteisi og siðmennilega framkomu þessa hæstv. ráðh. Ég hef aldrei látið mér detta í hug, að hann hafi af lærimeistara sínum, Jónasi Jónssyni, lært mikið í þeim efnum. Hins vegar hefði honum átt að vera vorkunnarlaust á langri starfsævi að læra hvort tveggja, kurteisi og siðmenntaða framkomu, af undirmönnum sínum í fjmrn. Ruddalegt orðbragð ráðh. í minn garð læt ég mig því litlu skipta og mun ekki einu sinni

beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvað langt þm. leyfist að ganga í slíku hér á hv. Alþingi.

Hæstv. ráðh. lagðist svo lágt í því að afsaka sjálfan sig í því máli, sem hér var til umr., að hann neitaði því, að bréf Félags ísl. iðnrekenda frá 17. nóv. 1952 væri til. Ég mun, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp stuttan kafla úr Íslenzkum iðnaði, ágústblaði 1953. Þar segir svo:

„Hinn 1. apríl s. l. ritaði F.Í.I. hv. fjmrn. bréf, þar sem vakin er athygli á því, að á markaðinn virðast koma ýmsar vörur, sem ekki eru fluttar inn á löglegan hátt og sleppa þannig undan tollgreiðslum. Mál þetta bar á góma á síðasta ársþingi F.Í.I., og samþykkti þingið einróma svo hljóðandi tillögu:

Þá vill ársþingið að marggefnu tilefni skora á hlutaðeigandi yfirvöld að skerast tafarlaust í leikinn um það, að ekki sé á boðstólum í verzlunum iðnaðarvarningur, sem ekki er leyfður innflutningur á. Þar sem oss er eigi kunnugt um, að hafizt hafi verið handa með athugun á þessu máli né eftirlit í þessu skyni hafi verið tekið upp, þrátt fyrir ósk vora í nefndu bréfi og ábendingu í bréfi dags. 17. nóv. 1952, viljum við enn eindregið fara fram á, að ákveðnar ráðstafanir verði nú þegar gerðar til upplýsinga og vægðarlaust bundinn endi á allt misferli, sem koma kann í ljós við þá athugun."

Þetta held ég að nægi til þess að sanna það, að hæstv. ráðh. fór hér með rangt mál áðan, og til að sanna það sömuleiðis, að það var rangt, sem hann þar hélt fram, að Félag ísl. iðnrekenda hefði ekki óskað eftir rannsókn í þessu máli.

Að öðru leyti krefst svar hæstv. ráðh. varla athugasemda. Hann laut svo djúpt í því að reyna að afsaka sig, að hann bendlaði sjómannastéttina við þetta mál, til þess að reyna að draga úr áhrifum þess ástands og því hyldýpi spillingarinnar, sem hér blasir við í því, að það hefur liðizt mánuðum saman og kannske árum, að hér væru seldar fyrir opnum tjöldum á frjálsum markaði tollsviknar vörur, án þess að hin æðstu yfirvöld hreyfðu hönd né fót í því efni.

Þetta sinnuleysi stjórnarvaldanna verður þó e. t. v. skiljanlegra þegar menn athuga það, hverjir eiga hér hlut að máli. Það er í fyrsta lagi verzlunarstéttin, eftirlætisgoð hæstv. fyrrverandi ríkisstj., sú stétt, sem hæstv. fyrrverandi ríkistj. gaf einkarétt á að flétfletta almenning í þessu landi með því að heimila henni ótakmarkaða álagningu á allar vörur og leysa af allar þær hömlur, sem áður höfðu verið þar á. Og í öðru lagi er hér um að ræða annað eftirlætisgoð hæstv. stjórnarvalda, nefnilega ameríska herinn. Með tilliti til þessa verður það e. t. v. skiljanlegt, að hæstv. ríkisstjórnir hafi ekki gert mikið í því að hreinsa til í þeim ósóma, sem hér hefur blasað við allra augum.

Svo að ég gangi nú ekki alveg eins langt í orðbragði og hæstv. fjmrh. leyfði sér hér áðan, held ég mér leyfist þó að spyrja, með tilliti til þess, sem hér liggur fyrir, hvenær þessi hæstv. fjmrh. telji tímabært að sýna af sér þá mannslund að segja af sér embætti fjmrh. og fela það í hendur einhverjum flokksbræðra sinna, sem meiri ástæða væri til að telja að gæti sinnt því eða gegnt því lýtalítið.

*Forseti (JörB):* Út af fyrirspurn hv. þm. um orðbragð á Alþingi, þá vil ég benda honum á, að það er ætlazt til þess, að þm. viðhafi aðeins þau ummæli, sem ekki varða við lög, þó að það væri fyrir utan þinghelgi, en af slíkum reglum eru allir þm. bundnir. Er þar engin undantekning, og ég vil því benda þessum hv. þingmanni á íslenzkt orðtak, sem segir: „Eins og þú ávarpar aðra, ávarpa aðrir þig." Og þetta er gott að hafa í huga, ef menn vilja gæta sóma þessarar stofnunar, sóma Alþingis, og þá jafnframt sjálfs sín.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Ég ætla ekki að fara að skattyrðast hér við þennan hv. þm. Það er erfitt að ræða við hann um þessi mál. Ég ætla að nota tækifærið einmitt til þess að minnast á það, að þessi hv. þm. lýsti mig ósannindamann fyrst hér á hv. Alþingi og síðan í blaði sínu, Frjálsri þjóð. Það var í sambandi við fasteign þá, sem afhent var hér upp í stóreignaskatt og varð að rífa. Upplýsti ég, að fasteignamatið á þessari eign hefði verið 21 þús. og eitthvað kr. og eignina hefði orðið að taka með því sexföldu, sem sé 127 þús. kr., upp í stóreignaskattinn. Þá var hv. þm. ekki lengi að því, fremur en hann er vanur, að segja, að þetta væri ósatt, og lýsti mig hér ósannindamann að þessu og síðan í blaði sínu. Nú síðan hafa tveir menn, sem fjölluðu um þessi mál, fulltrúi í fjmrn. og fulltrúi á skattstofunni, gefið skýrslu. Þessi hv. þm. mátti náttúrlega vita það, að sú tala, sem ég fór með, hlaut að vera rétt, vegna þess að starfsmenn fjmrn. gefa mér ekki upp rangar tölur til þess að fara með hér á hv. Alþingi, og því síður að ég eða þeir segi vísvitandi ósatt. Þess vegna hefði hv. þm. mátt spara sér öll stóryrðin og verið betra fyrir hann að spara þau. En hann tók annan kost. Hann lýsti mig sem sagt ósannindamann að þessu. En ég vil gjarnan fá inn í þingtíðindin þá skýrslu, sem fulltrúarnir á skattstofunni og í fjmrn. hafa gefið, einmitt um þetta fasteignamatsmál, og með leyfi hæstv. forseta, þá er hún þannig:

„Í janúarmánuði 1951 var okkur undirrituðum afhent afsal frá verksmiðjunni Vífilfell til ríkissjóðs fyrir hluta úr eigninni Haga við Sandvíkurvog hér í bæ. Var þá fyrir hendi fasteignamat á eigninni Haga í heild, en ekki einstökum hlutum hennar, og þurfti því að finna matsverð þess hluta, er afhenda skyldi ríkissjóði. Afsalinu fylgdi eftirfarandi matsgerð tveggja dómkvaddra manna um verðmæti útbyggingarinnar, sem ríkissjóði var afhent sem greiðsla á stóreignaskatti félagsins."

Og svo kemur orðrétt þessi matsgerð:

„Samkvæmt framanskráðri útnefningu hafa matsmenn framkvæmt umbeðið mat.

Af misskilningi var okkur fyrst afhent útnefningin 29. þ. m., og hefur matsgerðin því ekki verið framkvæmd fyrr en í dag, 31. des. 1951.

Að skoðunargerð lokinni og þeim mælingum,

sem nauðsynlegar voru, svo og að fengnum upplýsingum um ástand eignarinnar við fasteignamat, teljum við útbygginguna vera, reiknaða í hundraðshlutum af allri eigninni, 14,75%.

Matsgerð þessa erum við reiðubúnir til að staðfesta, þegar þess kann að verða krafizt.

Reykjavík, 31. des. 1951.

Gústaf E. Pálsson, Tómas Vigfússon."

„Rétt þótti," segja fulltrúarnir, „að fá staðfestingu fasteignamatsins í Reykjavík á matsgerð þessari. Var það gert, og barst svar frá fasteignamatinu þannig, að ritað er á áðurgreinda matsgerð:

„Staðfest — Reykjavík, 25. febr. 1952.

Fasteignamat Reykjavíkur.

Einar Kristjánsson, M. Björnsson."

Fasteignamat allrar eignarinnar Hagi var í árslok 1949 144 þús. kr. Í samræmi við ákvæði stóreignaskattslaganna var því eignin talin félaginu til stóreignaskatts á því verði sexföldu. 14,75% af fasteignamatinu var því 21240 kr., en sú fjárhæð sexföld kr. 127144.00.

Nú kemur í ljós, að fasteignamatið í Reykjavík hefur metið eignina að nýju, eftir að hluti hennar var orðinn eign ríkissjóðs, og metið útbygginguna á kr. 17900.00, en það mat er óviðkomandi skattlagningunni og eignaryfirtökunni, svo sem ofanritað ber með sér. Eignahlutann varð ríkissjóður sem sé að taka á því mati, sem lagt var til grundvallar skattaálagningunni, en það var fasteignamatið, sem í gildi var 31/12 1949.

Reykjavík, 17. okt. 1953.

Kjartan Ragnars,
fulltrúi í fjármálaráðuneytinu.
Árni Halldórsson,
fulltrúi á Skattstofu Reykjavíkur."

Á þessu sjá menn, hvort ég muni hafa verið ósannindamaður að þessu með fasteignamatið á eigninni, enda mátti nærri geta um það. En hvað gerði þessi hv. þm.? Hann hleypur upp í fjmrn., hittir þar mann, fær hjá honum upplýsingar um fasteignamat það, sem nú er á eigninni, og hleypur með það í blað sitt. — Ég heyri vel skrjáfa í blaði, og ég sé, að hv. þm. er með blaðið þarna núna og er að búa sig undir að koma með það hér á eftir, skilst mér, en ég skal gera það óþarft fyrir hann. — Hv. þm. hleypur upp í fjmrn., hefur samband við mann, sem vinnur í fasteignamati, og fær hjá honum vottorð um, að fasteignamatið sé kr. 17900.00, sem það var þá orðið, hleypur svo með það í blaðið Frjálsa þjóð og lýsir mig lygara að því, sem ég hafi sagt hér á Alþ., sem sé því, að fasteignamatið hafi verið kr. 21600.00. Áreiðanlega gerði hann það ekki í góðri trú, því að áreiðanlega vissi hann það og gat a. m. k. fengið að vita það, ef hann hefði athugað málið svolítið betur, að málavextir voru þeir, að hér var um tvö fasteignamöt að ræða, annað fasteignamatið, sem gilti 31/12 1951, og átti að taka eignina samkv. því, og hitt hið nýrra fasteignamat, sem hann hafði fengið upp gefið. Hv. þm. hefði verið í lófa lagið að fá þetta upplýst, en hann kaus það heldur — og það lýsir honum vel — að lýsa mig ósannindamann að þessu, en þurfa svo náttúrlega að taka það allt aftur, alveg eins og nú.

Nú kemur hv. þm. hér og segir, að ég hafi gengið svo langt að segja um þetta bréf frá 17. nóv. 1952, að þessar ákærur hafi aldrei verið skrifaðar. Ég vil lesa hér upp það, sem skrifstofustjórinn og fulltrúi í fjmrn. hafa um það að segja. En hann var áðan að lýsa því, hvað þessir menn væru mikil prúðmenni, alveg gagnstætt við mig. Þeir segja orðrétt um 1. spurningu hv. þm.:

„Félag ísl. iðnrekenda sendi ráðuneytinu 17. nóv. 1952 þrjú bréf, en ekkert þeirra hafði að geyma ákæru þá, sem um er spurt."

Spurningin er því út í hött. Þetta er frá þeim mönnum, sem þetta hafa rannsakað. Ég spurði skrifstofustjórann að því tvisvar, þótt ég raunar ætti að þekkja þennan hv. þm., þannig að mér átti ekki að koma þetta á óvart. Ég spurði hann samt tvisvar: Er það alveg víst, að þetta geti verið rétt? Og hann sagði: „Fulltrúinn hefur borið sig saman við skrifstofustjórann í Félagi ísl. iðnrekenda, og svarið er rétt eins og það er sett þarna niður." Ákæra hefði ekki komið, heldur þrjú bréf um annað efni.

## 5. Lánveitingar út á smábáta.

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:

*Fsp. til ríkisstj. um lánveitingar út á smábáta* [55. mál, 4] (A. 62).

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson):* Herra forseti. Við höfum þrír þm., eins og þskj. 62 ber með sér, leyft okkur að bera fram fsp. um, hvað liði framkvæmd á þál., sem samþykkt var eftir till. frá okkur þremur á síðasta Alþingi, nánar tiltekið 5. des. s.l.

Ályktunin hljóðaði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita áhrifum sínum til þess, að fiskveiðasjóður veiti framvegis lán út á smábáta í samræmi við lán út á stærri báta, án þess að krefjast baktryggingar, enda séu smábátarnir vátryggðir í samræmi við vátryggingu hinna og tryggingarfélög skylduð, ef með þarf, til þess að taka þá í tryggingu."

Smábátaútgerðin er mjög þýðingarmikil fyrir þjóðina. Hún er yfirleitt áhættuminni en útgerð stærri skipa. Þar er minna lagt undir í hverjum leik og meira þess vegna við hæfi almennings. Þar af leiðandi eflir þessi útgerð sjálfsbjargarhug fólks, svo að hollt má telja. Hún er að mestu rekin frá heimahöfnum, og þeir, sem hana stunda, þurfa yfirleitt ekki að

búa utan heimila sinna. Með því notast tómstundir útgerðarmanna betur og heimilislíf verður heilsteyptara. Fjölskyldur geta unnið að þessari útgerð og lagt þannig saman krafta sína, eins og gert er við bú í sveit og þykir giftusamlegt til þrifa. Þessi útgerð krefur ekki hafnarmannvirkja í líkingu við stærri útgerðina og er því á þann hátt þjóðfélaginu ódýrari. Hún viðheldur sjávarsíðumegin betur en flest eða allt annað jafnvæginu í byggð landsins, sem mjög er nú farið að verða umrætt og áhyggjuefni þjóðarinnar, ef raskast.

Þessi útgerð er ekki árviss, og það er engin útgerð á Íslandi, en hún hefur minnstum áföllum valdið fyrir þjóðfélagsheildina, og rekstur hennar hefur, þegar á allt er litið, minnsta opinbera aðstoð fengið. Síðan landhelgin var víkkuð og friðaðir voru firðir fyrir dragnótaveiðum, hefur trúin á útgerð þessara smáu báta aukizt, eins og eðlilegt er, og ýmsir telja, að þegar sé líka farinn að sjást vottur þess, að fiskgengd hafi aukizt á smábátamiðin. Eftir upplýsingum, sem ég hef fengið frá Fiskifélagi Íslands, þá gengu nú í sumar, í júní til ágúst, nálega þriðjungi fleiri opnir vélbátar til veiða heldur en sumarið áður, og bendir þetta til þess, hvert stefnir. Það er skylt og nauðsynlegt, að tekið sé fullt tillit til þessarar útgerðar af hálfu hins opinbera og þeim, sem kaupa sér eða láta smíða sér þessa báta, sé veittur sæmilegur aðgangur að lánsfé til þess að koma upp þessari útgerð. Jafnframt þurfa þessir menn að geta vátryggt báta sína, svo að bátarnir verði fullkomin veð fyrir nauðsynlegum lánum og til þess að draga úr tjóni, þegar slys verða.

Við þremenningarnir fluttum till. okkar í fyrra með þessum og fleiri rökum, sem þingheimur féllst þá á. Nú þykir okkur við eiga að biðja um skýrslu frá hæstv. ríkisstj. um það, hvað hún eða fyrirrennari hennar hefur gert til þess að framkvæma fyrirmæli þingsins í þessum efnum, hvort smábátaeigendurnir eiga nú sæmilega greiðan gang að lánum út á báta sína sem veð og hvort þeir eiga þess kost að vátryggja bátana. — Ég leyfi mér að vænta góðra frétta frá hæstv. ríkisstjórn.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Ég mun ekki að þessu sinni ræða þá almennu hlið málsins, hvort ástæða sé til þess að hvetja menn til útgerðar smábáta. Um það hefur hver sína skoðun, og ég geri ráð fyrir því, að hin nýja friðun landhelginnar ætti að verða mörgum hvatning til slíkrar útgerðar, eða að minnsta kosti vona ég, að reynslan megi skera úr um það á jákvæðan hátt.

Ég tel óþarfa að lesa hér upp aftur þá þál., sem fram var borin af hv. fyrirspyrjendum. Ég skal hins vegar leyfa mér að skýra frá því, að fiskveiðasjóður Íslands hefur upplýst, að eigendur smábáta eigi rétt á lánum úr fiskveiðasjóði án aukaveða eða baktrygginga, ef bátarnir eru í fullkominni vátryggingu, en þó því aðeins, að um nýja báta með nýjum vélum sé að ræða og yfir fimm smálestir að stærð, þar sem um minni báta fari sem lausafé og geti þeir þess vegna ekki talizt frambærileg veðtrygging.

Varðandi svo vátrygginguna á slíkum bátum er þetta að segja: Þegar lögin um vélbátaábyrgðarfélög voru sett, voru opnir vélbátar skyldutryggðir samkvæmt þeim. En brátt komu fram á Alþingi kröfur um það frá þeim, sem töldu sig fara með umboð smábátaeigenda, að skyldutryggingu væri létt af þessum bátum. Alþingi varð við þessum kröfum, þó á þann hátt, að bátaábyrgðarfélögunum er heimilt að tryggja opna vélbáta, ef samþykki Samábyrgðarinnar kemur til. Þetta samþykki veitti Samábyrgðin félögunum þegar í eitt skipti fyrir öll. Síðan hafa margir opnir vélbátar verið tryggðir hjá félögunum og eru það enn, og samkv. upplýsingum þeirra félaga, sem svarað hafa fyrirspurnum þar um, þá stendur eigendum smábáta opið að tryggja þá hjá félögunum. Um vátryggingu smábáta gilda alveg sömu reglur og um vátryggingu stærri báta.

Vænti ég, að með þessu sé á fullnægjandi hátt svarað fyrirspurnum hv. fyrirspyrjenda.

*Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson):* Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir skýrslu hans, en mér varð ekki alveg ljóst af henni, hvort ríkisstj. hefur tekið þannig til greina þál. frá í fyrra, að hún hafi skorizt í þetta mál, eða hvort í skýrslunni fólust upplýsingar um það, hvernig ástandið var og að ástandið sé nú eins og það var.

Mér er vel ljóst, að smábátar hafa getað fengið tryggingu stund úr ári, en ekki á sama hátt og dekkbátar. Og þetta hefur reynzt ófullnægjandi. Smábátaeigendurnir hafa ekki getað fengið lán út á þessa báta sem veð, því að lánsstofnanir, þ. á m. fiskveiðasjóður, hafa svarað því til, að þessir bátar væru í raun og veru eins og lausafé. Og þegar nú hæstv. ráðh. upplýsir, að bátar fimm tonna og minni liggi utan við það svið, sem fiskveiðasjóður tekur báta til greina á, þá virðist mér, að hér vanti mjög á, að komið sé í það horf, sem við flm. ætluðumst til og ég hygg að þingheimur með samþykkt till. í fyrra hafi ætlazt til.

Það er sem sé margt af þeim bátum, sem gengur á grunnmið og heldur uppi atvinnulífi á smástöðum, fimm tonn og minna; og það eru þeir bátar, eins og hinir bátarnir, sem þurfa að geta verið veð fyrir hæfilegum lánum, miðað við það verðmæti, sem í þessum fleytum felst.

Ég vil þess vegna óska þess, að ef það er rétt skilið, að þessir bátar séu enn ekki veðhæfir og eigendur þeirra eigi í sama stríðinu og þeir hafa að undanförnu átt með að fá fé til þess að koma sér upp þessari útgerð, þá beiti hæstv. ríkisstj. sér fyrir því, að úr þessu verði bætt. Mér skilst í raun og veru, að það hilli undir möguleika til þess að tryggja þessa báta. Mér skilst að Samvinnutryggingar hafi tekið það upp að bjóðast til að taka þessa báta í tryggingar. Vera má, að það sé á einhvern takmarkaðan hátt. Ég gerði ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hefði fylgzt með því og mundi geta upplýst um þetta, en þó að Samvinnutryggingar hafi gert þetta og samvinnufélögin þar með brotið ís, þá er það

ekki fyrir það, að ríkið hafi gagnvart þessum skipum gert það sem ber eða einkaframtakið. Og ég efast um, að enn séu þessi mál þannig hjá Samvinnutryggingum, að fullnægt geti. Æskilegt væri, að hæstv. ríkisstj. vinni meira en hún hefur gert fyrir þessi mál.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við að bæta. Ég hef upplýst, að lán eru veitt út á þessa smábáta eftir sömu reglum og út á stærri báta, og ég hef náttúrlega ekki treyst mér til þess að ákveða gegn skoðun þeirra, sem stjórna fiskveiðasjóðnum, að veðhæfir séu t. d. bátar, sem eru ein eða tvær smálestir. Þeir, sem óska eftir, að því verði þannig fyrir komið, ættu þá að bera fram um það skýrari fyrirmæli en nú gilda. Ég hef einnig upplýst, að þessir bátar eiga aðgang að vátryggingarfélögunum. Ég hef upplýst, að í öndverðu var um að ræða skyldutryggingu þessara báta, en að þeir, sem töldu sig málsvara þeirra manna, sem bátana eiga, mæltust til þess á Alþingi, að þessi skyldutrygging væri afnumin. Alþingi varð við þeim tilmælum, en heimilaði tryggingarfélögunum að vátryggja bátana, að tilskildu samþykki samtryggingarinnar. Samtryggingin hefur í eitt skipti fyrir öll afsalað sér umsögn í hverju einstöku tilfelli og gefið hinum einstöku tryggingarfélögum fullt vald til að fara þar eftir þeim reglum, sem þau telja skynsamlegar, miðað við staðhætti í einstökum útgerðarþorpum eða verstöðvum.

Ég held ekki, að undan þessu sé ástæða til að kvarta. Ég er hins vegar fús til að eiga viðræður við hv. fyrirspyrjendur um, hvort t. d. sjútvmrn., sem hefur náið samstarf við stjórn fiskimálasjóðsins, gæti komið þar einhverju góðu til leiðar í framkvæmdinni, liðkað eitthvað til á þeim fáu einstöku stöðum, sem kynnu að krefjast úrbótar umfram þær almennu reglur, sem ég hef hér skýrt frá.

Annað eða fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram í þessu sambandi.

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Ég vil leyfa mér í sambandi við þessa fyrirspurn að vekja athygli hæstv. sjútvmrh. á vandamáli í sambandi við trillubátaútgerðina. Það vandamál, sem ég þar á við, er það, hversu haga skuli slysatryggingu skipshafna á þessum bátum. Samkv. ísl. lögum eru öll skip yfir 12 lestir skyldug að skrásetja áhöfn skipanna. Um leið og skrásetning fer fram, eru greidd slysatryggingariðgjöld fyrir áhöfnina. Aftur á móti er ekki skylt að skrá skipverja á skip, sem er undir 12 smálestum að stærð. Mér er ekki fullkomlega ljóst, hvað skoðunarskylda á skipum almennt nær langt niður. Ég hygg, að allir bátar, sem ná 6 m lengd, séu skoðunarskyldir og eigi að hlíta skoðun skipaskoðunarmanns. Ég hygg enn fremur, að einhvers staðar séu fyrirmæli um það, að öll fljótandi för skuli skrásetja með umdæmistölum í því umdæmi, sem skipunum er haldið út í. Þó ætla ég, að nokkur misbrestur sé á þessu tvennu, bæði hinni almennu skoðun á bátum undir 12 lestir niður í 6 m lengd og á skrásetningu trillubáta bæði hér í Reykjavík og um land allt. Þetta verður því alvarlegra sem þessi skipastóll eykst meira og trillubátarnir verða algengari.

Annað vandamál er í þessu sambandi. Það er örðugt að greina á milli, hvort þessir bátar eru notaðir sem fiskibátar eða sem skemmtibátar. Séu þessir bátar gerðir út á fiski, er enginn minnsti vafi á því, að það ber að slysatryggja áhafnir þeirra. Séu þeir aftur á móti skemmtibátar, eingöngu notaðir sem slíkir, þá er engin tryggingarskylda á áhöfninni. Sökum þess, hversu mikið los er á framkvæmd í þessu efni, eftirliti, skoðun og skrásetningu þessara báta, þá er ákaflega miklum örðugleikum bundið að skera úr því í fyrsta lagi, hvort tryvgingarskyldan nái til mannanna á bátunum, og í öðru lagi, hvaða bátar falli undir slysatryggginguna og hvaða bátar ekki.

Tilmæli mín til hæstv. ráðh. eru því þau, að samtímis því sem sú athugun fer fram, sem hann gerði hér ráð fyrir áðan í sambandi við vátryggingu bátanna, þá verði einnig athugað, hvernig haganlegast væri að koma fyrir tryggingu skipshafna á þessum bátum og hvernig greina mætti á milli þeirra báta, sem eru ætlaðir til fiskveiða, og hinna, sem eingöngu eru til skemmtana. Ég sé ekki, að það yrði á annan veg betur gert en að fyrirskipa skrásetningu og skoðun á öllum þessum fljótandi förum, þar sem tilgreint væri, hvort báturinn væri ætlaður til fiskveiða eða til skemmtiferða og annars slíks. — Ég vænti, að hæstv. ráðh. muni athuga þetta ásamt öðrum hliðum málsins.

## 6. Atvinnubætur o. fl.

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:

*Fsp. til fjmrh. um notkun heimilda samkv. 22. gr. fjárlaga 1953 til atvinnubóta o. fl.* [55. mál, 5] (A. 62).

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Haraldur Guðmundsson):* Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn um þrjá liði í 22. gr. fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Tveir af þessum liðum eru með nokkuð sérstökum hætti. Í 4. lið 22. gr. er ríkisstj. heimilað að verja allt að 5 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, sem hún telur heppilegast. Ríkisstj. getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynlegt.

Ég orðaði þetta svo áðan, að þessi heimild væri með nokkuð sérstökum hætti, þar sem það

er algerlega lagt á vald hæstv. ríkisstj. að meta bæði nauðsyn aðstoðar og hver aðstoð skuli veitt og með hverjum skilyrðum.

Það liggur í augum uppi, að þegar ríkisstj. er gefin slík heimild, slíkt vald, þá verður ríkisstj., strax og henni gefst tækifæri til, að skýra hv. Alþ. frá, hvernig hún hefur notað þessa heimild. Möguleikar til misnotkunar, möguleikar á að mismuna hinum ýmsu stöðum, eru þarna fyrir hendi, og því er nauðsynlegt, að Alþ. fái við fyrsta tækifæri glögga skýrslu um, hversu svona víðtæk heimild hefur verið notuð. Að þessu lýtur fyrsta spurningin, og hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hve miklu fé hefur ríkisstj. varið til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu samkv. 4. lið 22. gr. fjárlaga, hverjum hefur verið veitt fé í þessu skyni, hve mikið hverjum, hvaða skilyrði hafa verið sett fyrir framlögum ríkissjóðs, og hvaða framlög hafa komið í móti?"

Allt hefur þetta verið lagt á vald ríkisstjórnarinnar að því er úthlutunina varðar, að meta nauðsynina, eins og ég áðan sagði, og að meta hversu mikið skyldi fram leggja til hvers aðila. Jafnframt væri æskilegt, ef hæstv. ríkisstj. gæti upplýst, hverjir staðir fleiri en þeir, sem aðstoð hafa fengið, hafa leitað aðstoðar og hver svör þeir hafi fengið.

17. liður sömu gr. heimilar ríkisstj. að ábyrgjast lán, allt að 6 millj. kr., til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja. Hér eru engin skilyrði sett. Ríkisstj. er lagt í sjálfsvald, fyrir hvaða aðila hún veitir þessa ábyrgð og hvort hún veitir hana yfirleitt. Það gildir það sama um þennan lið eins og þann, sem ég áðan nefndi, að ríkisstj. getur að sjálfsögðu, ef hún vill það viðhafa, mismunað þeim aðilum og stöðum, sem leita eftir þessari aðstoð, því að henni eru engar reglur settar um það, hvernig hún skal veita þennan stuðning. Ég tel því, að einnig í sambandi við þennan lið sé hin fyllsta nauðsyn og bein siðferðisleg skylda hæstv. ríkisstj. að skýra Alþ. tafarlaust frá því, hverjum aðstoðin hafi verið veitt, undir hverjum skilyrðum og með hvaða hætti. Þessir tveir heimildarliðir nema samtals 11 millj. kr., og þó að hæstv. ríkisstj. þyki það kannske ekki ýkja mikið fé á nútíma mælikvarða, þá er þó það víst, að með þessari upphæð hefur mátt — og ég vil ekki draga í efa, að það hafi verið gert — bæta aðstöðuna mjög á ýmsum stöðum á landinu. En hitt veit ég, að ekki hafa allir fengið aðstoð, sem hafa talið sig hafa hennar þörf í þessum efnum. Ýmsir draga í efa, að allir þeir, sem aðstoð fengu, hafi haft ríkari þörf fyrir hana en hinir, sem enga hafa fengið.

Loks er spurzt fyrir um, hvort ríkisstj. hafi tekizt á hendur ábyrgð fyrir bæjarfélög þau, sem um getur í 18. lið 22. gr. fjárlaga, og ef svo er, með hvaða skilyrðum og gegn hverjum tryggingum ábyrgðin hefur verið veitt. En þessi liður fjárlaganna hljóðar, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast lán vegna togaraútgerðar fyrir bæjarfélögin á Akranesi, Siglufirði, Seyðisfirði, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum, ef óhjákvæmilegt þykir, til þess að tryggja áframhaldandi rekstur togaranna á þessum stöðum, þó ekki hærri lánsfjárhæð en nemur 500 þús. kr. fyrir hvert skip, eða samtals 4½ millj. kr., enda séu þær tryggingar settar fyrir ábyrgðinni, sem ríkisstj. metur gildar, og uppfyllt þau skilyrði, sem ríkisstj. setur."

Þessi ályktun er með alveg venjulegum hætti. Hér er ríkisstj. heimilað að ganga í ábyrgð fyrir tiltekna aðila fyrir upphæð allt að ákveðnu hámarki og jafnframt lagt fyrir hana að ganga eftir tryggingum fyrir þessu og meta gildi þeirra. Því er varðandi þennan lið aðeins spurzt fyrir um það, hvort ríkisstj. hafi tekizt á hendur ábyrgð fyrir þessi bæjarfélög, með hvaða skilyrðum og hvaða tryggingar hafi verið settar.

Þessar heimildir, sem ég hef nú drepið á, eru veittar með fjárlögum, sem eru afgreidd á Alþ. þann 27. jan. 1953. En réttum tveimur mánuðum síðar veitir hæstv. ríkisstj. sjálfri sér heimild til þess að ábyrgjast fyrir tvo af þeim kaupstöðum, sem greinir frá í 18. liðnum, samtals 2 millj. 850 þús. kr., ef ég man rétt, til viðbótar.

Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvað hafi gerzt á tímabilinu frá janúarlokum og til loka marzmánaðar, þegar brbl. með heimild til að ábyrgjast fyrir Siglufjörð og Seyðisfjörð eru gefin út. Hvers vegna var ekki tekið fullt tillit til þess, sem nauðsynlega þurfti að gera fyrir þessa staði, um leið og heimildin var sett inn í fjárlögin þann 27. jan.? Í fjárl. var ríkisstj. veitt heimild til þess að ganga í ábyrgð fyrir togaraútgerð á báðum þessum stöðum til jafns við hina, sem upp eru taldir. En á þeim tveim mánuðum, sem svo líða þangað til brbl. eru gefin út, virðist svo sem ríkisstj. hafi séð, að þær ráðstafanir, sem talið var að mundu nægja í lok janúar, hafi verið algerlega ófullnægjandi, þegar komið var fram í lok marzmánaðar. Hvað hefur gerzt á þessu tímabili?

Ég vænti, að hæstv. ríkisstj. geti upplýst þetta. Ég hef beint fyrirspurninni til ríkisstj. í heild, því að ég veit ekki til fulls, hverjir hafa með þessi mál farið, en vil endurtaka það, sem ég hef fyrr sagt, að það er að sjálfsögðu skylda ríkisstj., sem tekur við jafnvíðtækum og óákveðnum heimildum eins og greinir í tveimur fyrstu liðunum, að skýra Alþ. frá því við fyrsta tækifæri, sem henni gefst til þess, hvernig hún hefur notað þessar sérstæðu og víðtæku heimildir.

*Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):* Herra forseti. Ég mun svara fyrsta lið í fsp. hv. 4. þm. Reykv. (HG), en hæstv. fjmrh. mun svara 2. og 3. lið, þar sem það heyrir meira undir hans rn.

Ég skal aðeins taka það fram fyrst út af þeim mikla umvöndunartón, sem var í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að sjálfsagt væri að skýra Alþ. tafarlaust og sem allra fyrst frá því, á hvern hátt ríkisstj. hefði notað þær heimildir, sem hún hefði fengið á þennan hátt, að sú heimild, sem síðasta Alþ. veitti henni, gilti fyrir árið 1953 og það eru enn meira en tveir mán-

uðir eftir af því ári, svo að það mætti nú segja, að ekki væri tími til þess fyrr en árinu væri lokið að skýra frá þessu. En þótt ég telji, að það sé tæplega tímabært fyrr en í lok ársins að gefa tæmandi skýrslu um þetta mál, þá hef ég látið semja eins greinilega skýrslu varðandi það og unnt er að fá nú. En ég taldi aðeins rétt að geta þess, að ég álít, að það sé síður en svo, að þetta mál hafi dregizt úr hömlu fyrir ríkisstj. enn þá, og þess sé jafnvel tæpast að vænta, að hún hefði fullnægjandi svör tilbúin fyrir það ár, sem heimildin tekur til og enn er ekki liðið. En ég tel rétt að fara svolitið meira út í þetta mál, og má það þá teljast skýrsla að nokkru leyti um fyrri ár varðandi þetta sama efni, en ég skal gera það mjög stuttlega.

Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, brugðust fiskveiðar mjög á árunum 1951 og 1952. Einkum var þetta á Austurlandi, Norðurlandi og á Vestfjörðum. Við þetta bættist svo það, að síldveiðar brugðust bæði þessi ár, þó að út yfir tæki nú með árið 1952, sem var eindæma aflaleysisár hvað síldveiðar snerti fyrir Norðurlandi, eins og allir muna ljóslega eftir. Á þessum árum gengu í gildi friðunarákvæði varðandi fiskveiðar hér við land, sem við allir teljum sjálfsögð og nauðsynleg, en höfðu þó í för með sér algera stöðvun dragnótaveiða og togveiða á minni bátum og komu því mjög hart niður á ýmsum smærri atvinnurekendum varðandi fiskveiðarnar. Atvinnuástandið var því mjög erfitt og þó einkum í þeim landshlutum, sem ég nefndi áðan, og sérstaklega þá í sjávarþorpum, sem byggðu afkomu sína nær einvörðungu á einhvers konar sjávarveiðum.

Það var af þessum ástæðum, sem ríkisstj. fékk heimild til að verja nokkru fé úr ríkissjóði til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum á þessum árum, eftir því sem ástæða væri til og þar sem ástandið væri allra erfiðast. Á árinu 1952 var skipuð sérstök nefnd, atvinnumálanefnd, sem hefur verið starfandi síðan ríkisstj. til aðstoðar við þessi mál. Hlutverk n. var að gera tillögur um úrræði vegna atvinnuörðugleika, og var verkefni hennar jöfnum höndum að gera till. um yfirstandandi örðugleika, það sem þyrfti að gera strax til úrbóta, en einnig að gera heildaryfirlit um atvinnuástandið á þeim stöðum, þar sem erfiðleikarnir væru mestir, og skila því síðan í hendur ríkisstjórnarinnar.

Eftir að þessi n. tók til starfa, hefur ríkisstj. í verulegum atriðum farið eftir tillögum hennar um ráðstöfun þess fjár, sem heimilað var til úrbóta vegna atvinnuörðugleika. Ég skal geta þess, að í þessari n. voru fulltrúar bæði frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Atvinnumálanefnd vinnur nú að áliti upp úr þeim athugunum, sem hún hefur haft, og hefur ríkisstj. lagt fyrir hana að geta skilað því um næstu áramót. En það er svona meir varðandi framtíðina en þá stundarörðugleika, sem víða hefur orðið vart.

Þetta taldi ég rétt að taka fram í þessu sambandi. Samtals hefur verið varið fé úr ríkissjóði til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þessum árum eins og hér segir: Árið 1951 kr. 1217646.80, árið 1952 kr. 6490987.12 og árið 1953 kr. 4944855.51. Er þá reiknað með eins og þetta stendur nú í dag og þá gert ráð fyrir, að ekki verði um frekari aðgerðir að ræða fyrr en ný fjárlög hafa verið sett. En auk þess framlags 1953, sem svo að segja fyllir alveg þá heimild, sem hv. fyrirspyrjandi minntist á í 22. gr. fjárlaga, hefur ríkisstj. orðið að ráðstafa á þessu ári upp á væntanlega heimild eða fjárveitingu 1954 alls 443 þús. kr., þannig að það hefur farið um 387 þús. kr. fram úr þeirri heimild, sem Alþ. veitti. Samtals hefur þá verið ráðstafað á þessum þremur árum í þessu skyni kr. 13096499.43.

Fyrirspurn sú, sem hér liggur fyrir, varðar notkun heimildar samkv. 22. gr. fjárlaganna fyrir þetta ár, en sú heimild hljóðaði upp á 5 millj. kr., eins og ég tók fram áðan. Mun ég þá, þó að það taki nokkurn tíma, gefa skýrslu um sundurliðun á þeirri upphæð fyrir yfirstandandi ár, hvernig fénu hafi verið varið, hvaða tryggingar hafi verið teknar, þar sem tryggingar voru teknar, sumt var veitt sem beinn styrkur, o. s. frv., eftir því sem hv. fyrirspyrjandi spurði um. Ég vil bara taka það strax fram, að ég get ekki gefið tæmandi skýrslu um, hve mikið fé hafi komið á móti á hverjum stað, en það má fullyrða, að þess var alls staðar krafizt, að mótframlög væru mikill hluti þess kostnaðar, sem um var að ræða.

Ég mun þá fara hringferð um landið og gefa yfirlit um þetta.

Fyrst nefni ég Eyrarsveit á Snæfellsnesi, sem hefur fengið 250 þús. kr. vegna hraðfrystihúss Grundarfjarðar með veði í húsinu, og lánstíminn er tíu ár.

Í öðru lagi nefni ég Stykkishólmshrepp í Snæfellsnessýslu, sem hefur fengið 200 þús. kr. til kaupa á vélbátnum Arnfinni, 50 þúsund til kaupa á vélbátnum Gissuri hvíta, 20 þús. til bátakaupa síðar, en fyrst um sinn var heimilað, að fénu mætti verja til sundlaugar, sem var verið að byggja, en sú kvöð liggur á, að það gengur yfir í báta jafnótt og það losnar þar, og það svo að segja strax. Trygging er tekjur og eignir hreppsins, og lánstíminn er tíu ár.

Í þriðja lagi er Ólafsvík, Snæfellsnesi, með 100 þús. kr. til hafnarbóta. Hafnarbótalánin njóta ríkisábyrgðar, og sérstakra trygginga er því ekki krafizt þarna, en lánstíminn er tíu ár.

Þá er það í fjórða lagi Flateyjarhreppur í Barðastrandarsýslu, sem hefur fengið kr. 142855.51. Þetta fé hefur verið notað til að koma vélbát, Sigurfara í Flatey, á vertíð s. l. vetur. Rn. varð að ábyrgjast sjóveð, er á kynni að falla, og 110 þús. kr. rekstrarlán í Landsbanka Íslands. Vertíðin gekk hörmulega, og ástandið í Flatey var hörmulegt á þessum tíma, svo að við svelti lá hjá fólkinu þar. Sjóveðin urðu kr. 32855.51, og rekstrarlánið kr. 110000.00, eins og ég sagði áðan, eða samtals eru þetta 142 þús. rúmlega. En auk þess hefur Flateyjarhreppur fengið loforð fyrir 50 þús. kr. til kaupa á 50 smálesta báti. Þetta er ekki enn komið í kring, og féð er því geymt þangað

til af þessum bátakaupum verður. Loks er Flateyjarhreppur enn með 36 þús. kr., sem ekki er heldur búið að afgreiða, en það er til greiðslu lögveðskrafna vegna útgerðar, og er talið hér um bil víst, að það verði að gera slíkt, því að hreppurinn getur ekkert gert eins og ástatt er, og er þetta fé geymt í því skyni.

Þá er það fimmta; það er Suðureyri í Vestur-Ísafjarðarsýslu. H/f Ísver hefur fengið 75 þús. kr. Það er lán til byggingar á 35—40 smálesta bát, sem er í smíðum í Landssmiðjunni. Tryggingin er veð í bátnum, og lánstíminn er tíu ár. — Þá er það Óskar Kristjánsson, Suðureyri. Það er lán til byggingar á öðrum bát, álíka stórum, sem einnig er í smíðum í Landssmiðjunni, og trygging er veð í bátnum og lánstími sá sami, 10 ár, og upphæðin er 75 þús. kr. til hvors þeirra. — Þá er það Páll Friðbergsson o. fl. á Suðureyri. Það er lán til bátabyggingar einnig, af sömu stærð, 75 þús. kr., sem er í smíðum hjá skipasmíðastöð Marzelíusar Bernharðssonar, trygging sú sama og lánstími eins.

Þá er það Eyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu með 60 þús. kr. Það er lán til atvinnuaukningar. Ég get ekki gefið nánari skýringu á því nú. Trygging er tekjur og eignir hreppsins, og lánstíminn er tíu ár.

Þá er það Grunnavíkurhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu. Eins og þið vitið, þá hefur fólkið verið að hverfa úr nyrztu hreppunum þarna, og voru veittar 100 þús. kr. til þess að gera tilraun til að færa byggðina saman, það sem eftir væri, og stöðva eitthvað af fólkinu í Grunnavík. Hefur það áreiðanlega borið allmikinn árangur. Þetta er látið sem beint framlag, en ekki ætlazt til, að það verði endurgreitt nokkurn tíma.

Þá er það Bolungavík. Það er lán vegna skips, 120 þús. Þetta er ekki afgreitt, en bíður þar til séð verður, hvað um það verður.

Þá er það Hnífsdalur með 90 þús., sömuleiðis vegna skips, sem ekki er afgreitt enn þá, og er upphæðin geymd.

Þá er það Súðavíkurhreppur, lán til starfrækslu hraðfrystingar á rækjum h/f Frosta. Það eru 50 þús. Tryggingin er tekjur og eignir hreppsins og lánstíminn tíu ár.

Þá er það Fiskimjöl h/f, Ísafirði með 150 þús., lán til byggingar á hráefnaþró og kaupa á skilvindu. Trygging er veð í fiskimjölsverksmiðjunni, og lánstíminn er 15 ár.

Þá er það útgerðar- og fiskiðjuver Kaldrananeshrepps á Drangsnesi, 90 þús., þar af eru 30 þús. vegna viðgerðar m/b Ásdísar. Trygging þar er krafa útgerðarfélagsins um björgunarlaun hjá Skipaútgerð ríkisins vegna m/s Skjaldbreiðar, sem ég veit ekkert hvers virði er, og lánstíminn er 10 ár. 60 þús. af þessu er vegna tryggingar iðgjalda báta félagsins; trygging er veðréttur í m/b Ásdísi, og lánstíminn er 10 ár. Þetta er alls 90 þús., en Kaldrananeshreppur hefur verið einn af þeim hreppum, sem við allra mesta erfiðleika hafa átt að etja að undanförnu.

Þá er það Hólmavík í Strandasýslu, 125 þús. Er það lán vegna verksmiðju, sem er þar verið að reisa eða hefur verið reist, en ekki búið að afgreiða þetta enn þá; það bíður þar til fullnægjandi gögn eru fyrir hendi.

Þá er það Árneshreppur í Strandasýslu, 30 þús. Er það lán til kaupa á 15 smálesta bát. Sigurði Péturssyni í Djúpavík hefur verið heitið láninu, enda liggi fyrir samþykki hreppsnefndar hreppsins. Þetta er enn óafgreitt líka.

Þá er það Höfðahreppur í Austur-Húnavatnssýslu með 100 þús. vegna hraðfrystihúss h/f Hólaness, um endurbætur á húsinu o. fl. Trygging er veð í hraðfrystihúsinu og lánstíminn 10 ár. — Þá er það í öðru lagi Höfðahreppur með 20 þús. kr., til Benjamín Sigurðssonar til kaupa á bát, sem er 11 smálestir; trygging tekjur og eignir hreppsins og lánstíminn sömuleiðis 10 ár.

Þá er það Kaupfélag Skagfirðinga, til byggingar hraðfrystihúss, 250 þús.; trygging veð í húsinu, og lánstíminn er 20 ár.

Þá er það Sauðárkrókskaupstaður með 50 þús. vegna niðursuðu- og beinamjölsverksmiðju á Sauðárkróki. Trygging er veð í verksmiðjunni, og lánstíminn er 10 ár.

Hofsóshreppur í Skagafjarðarsýslu er með 50 þús. til verbúðabygginga. Tryggingin er tekjur og eignir hreppsins, og lánstíminn er 20 ár.

Þá er það Siglufjarðarkaupstaður með 750 þús., til togaraútgerðarinnar á Siglufirði. Trygging er veð í síldarverksmiðjunni Rauðku og í togurum bæjarins, lánstíminn er 10 ár.

Þá er það Hríseyjarhreppur í Eyjafirði með 50 þús. vegna sjóvinnsluhúss, lánstíminn 20 ár; trygging er tekjur og eignir hreppsins fyrir upphæðinni. Þá er það Hríseyjarhreppur í öðru lagi með 60 þús. til kaupa þriggja trillubáta, lánstíminn 10 ár; trygging er tekjur og eignir hreppsins.

Þá er það Angantýr Jóhannsson, Hauganesi, 30 þús. til kaupa á 12 smálesta bát, trygging veð í bátnum, lánstíminn er 10 ár.

Þá er það hlutafélagið Baldur, Dalvík, með 100 þús. til kaupa á vélskipinu Pólstjarnan. Tryggingin er veð í skipinu, og lánstíminn er 10 ár.

Þá er það Ólafsfjarðarkaupstaður með 30 þús. vegna hafnarinnar, trygging tekjur og eignir kaupstaðarins, lánstíminn er 10 ár. Ég tel rétt að taka hér fram, að Ólafsfjörður hefur átt í miklum vandræðum og var búinn að fá verulegar upphæðir frá fyrra ári, svo að þessi upphæð sker sig sérstaklega úr, hvað hún er lítil í samanburði við þær þarfir, sem þar hafa verið.

Þá er það J. G. Sólnes, Akureyri, með 20 þús. til skreiðhjalla. Trygging er veð í hjöllunum, og lánstíminn er 10 ár. — Þá er einnig Leó Sigurðsson, Akureyri, með 15 þús. Fé er veitt til sama, hjalla, og trygging og lánstími sama. — Þá er það Guðmundur Guðmundsson og Guðmundur Jörundsson, Akureyri með 90 þús. til skreiðhjalla. Þetta hefur ekki verið afgreitt enn þá, og þessir peningar eru geymdir.

Þá er Fiskiðjusamlag Húsavíkur með 90 þús. kr. til byggingar fiskhjalla og skreiðargeymslu;

trygging er veð í hjöllunum og geymslunni, og lánstíminn er 20 ár.

Þá er það hlutafélagið Frosti, Raufarhöfn, með 250 þús. vegna byggingar hraðfrystihúss hlutafélagsins; trygging er veð í hraðfrystihúsinu og lánstíminn 25 ár.

Þá er það Seyðisfjörður með 250 þús. til fiskþurrkunarhúss og fiskiðjuvers. Trygging er veð í mannvirkjunum, og lánstíminn er 25 ár.

Þá er það Neskaupstaður með 100 þús. til byggingar fiskhjalla í Neskaupstað. Trygging er veð í fiskhjöllum og í fasteign eða jörð, lánstíminn 20 ár.

Þá er það Mjóafjarðarhreppur, þ. e. styrkur til ræktunar, 15 þús.

Þórlindur Magnússon, Eskifirði, til kaupa á vélskipinu Heimaklettur, þ. e. 75 þús.; trygging er veð í skipinu og lánstíminn 10 ár.

Þá er það Búðahreppur með 40 þús. til skreiðhjalla. Þetta hefur ekki verið afgreitt og er geymt.

Fáskrúðsfjarðarhreppur, þ. e. styrkur til ræktunar vegna Hafnarnesþorps í Fáskrúðsfirði, 15 þús. kr.

Þá er það Stöðvarhreppur, 70 þús. kr. til kaupa á vélbáti, Jóni Guðmundssyni; trygging tekjur og eignir hreppsins, lánstíminn er 10 ár.

Breiðdalshreppur í Suður-Múlasýslu, 45 þús. kr. til útgerðar vélbátsins Goðaborgar; trygging tekjur og eignir hreppsins, og lánstíminn er 10 ár.

Hlutafélagið Arnarey á Djúpavogi, 60 þús. kr. til kaupa nýrrar vélar í vélskipið Víði; trygging veð í skipinu og lánstíminn 10 ár.

Þá er það Búlandshreppur með 110 þús. kr.; til vélbátsins Svanur 70 þús. og til vélbátsins Papey 40 þús., trygging tekjur og eignir hreppsins og lánstíminn 10 ár. Sami, þ. e. Búlandshreppur, með 20 þús., þ. e. styrkur til ræktunar.

Hafnarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu, 200 þús. vegna tveggja vélbáta, sem eru um 35 smálestir, keyptir að; trygging er tekjur og eignir hreppsins, og lánstíminn er 10 ár.

Þá er Hvammshreppur í Vestur-Skaftafellssýslu, þ. e. styrkur til kartöfluræktunar, 45 þús., og sami hreppur, styrkur til kartöflugeymslu, sem ekki er afgreitt enn, 15 þús.

Þá eru Vestmannaeyjar, vegna skreiðhjalla, 75 þús.; trygging er veð í hjöllunum, og lánstíminn er 15 ár.

Þá er það loks Álftaneshreppur með 6 þús. kr., sem voru veittar til fyrirhleðslu eða umbóta á sjóvarnargarði á nesinu.

Þetta gerir samtals kr. 4944855.51. En auk þess hefur svo ríkisstj. veitt eftirfarandi upphæðir, sem koma til viðbótar og eru þá að miklu leyti umfram þá heimild, sem var í fjárl.

Suðureyrarhreppur 100 þús. kr. til bílavogar og löndunarkrana; trygging er tekjur og eignir hreppsins og lánstíminn 10 ár.

Útgerðarfélag Höfðakaupstaðar, 103 þús. kr. vegna vélar í vélskipið Ásbjörgu; trygging er veð í bátnum, og lánstíminn er 10 ár.

Arnarey, hlutafélag, Djúpavogi, 90 þús. Upphæðin er veitt sem lán til viðbótar áðurnefndu láni, að fjárhæð 60 þús. kr.; trygging er veð í vélbátnum Víði og lánstíminn 10 ár.

Loks er svo útgerðar- og fiskiðjuver Kaldrananeshrepps með 150 þús. kr. til kaupa á vélskipinu Ingólfi; trygging veð í skipinu, og lánstíminn er 10 ár.

Samtals eru þetta 443 þús. kr., og kemur þá fram sama tala og ég nefndi heildartöluna áðan.

Vaxtakjör, þar sem um lán er að ræða, sem er nú í flestum tilfellum, eru hin sömu á öllum lánunum, þ. e. 5½%. Ég skal taka það fram, að það hefur verið aðalregla við úthlutun þessa fjár, að lánin eða styrkirnir eru veittir viðkomandi sveitarfélögum, sem svo láta þá til annarra aðila. En þar sem út af þessu bregður, sem er á nokkrum stöðum, hefur yfirleitt verið farið samkvæmt till. viðkomandi sveitarstjórna og reynt að hafa sem allra nánasta samvinnu við sveitarstjórnirnar um fjárveitingar, enda þær í því nær öllum tilfellum verið sá aðili, sem komið hefur fram fyrir hönd viðkomandi hrepps eða þeirra aðila, sem þar hafa sótt um lán.

Ég tel mig þá hafa svarað þessum lið fyrirspurnarinnar.

*Fyrirspyrjandi (Haraldur Guðmundsson):* Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. *félmrh.* mjög glögg og greinargóð svör við minni fyrirspurn. Að sjálfsögðu get ég ekki að svo stöddu myndað mér skoðun um það í einstöku atriðum, hver nauðsyn hafi verið á því að veita frekar þessum stöðum og þessum aðilum hjálp en ýmsum öðrum, sem enga aðstoð fengu. Skýrsla hæstv. ráðh. er fullnægjandi, eins og vænta mátti af honum, sem svar við fsp. svo langt sem hún nær. En hann veitti engar upplýsingar um, hverjum hefði verið synjað um aðstoð, og getur það gefið tilefni til nánari athugunar síðar.

Mér þykir leitt, ef hæstv. ráðh. hefur tekið sér nærri þann umvöndunartón, sem hann kvað verið hafa í ræðu minni. Ég get þó ekki á það fallizt, að tónninn hafi verið sérstakur umvöndunartónn. Hitt er rétt, að ég lagði á það áherzlu, að ég teldi brýna skyldu ríkisstj., þar sem um svo sérstæðar heimildir er að ræða, að gefa við fyrsta tækifæri Alþingi skýrslu um, hvernig hún hefði notað þessar heimildir. Það hefur hæstv. ráðh. gert, glöggt og greinilega, og er ég honum mjög þakklátur fyrir það. Hitt verður að játa, að hann gaf ekki upplýsingar um þörf eða nauðsyn annarra aðila og staða, sem ekkert fengu. Um það verð ég því að leita upplýsinga annars staðar.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Annar liður fsp. frá hv. þm. er þannig:

„Hve miklar ábyrgðir og fyrir hvaða aðila hefur ríkisstj. tekizt á hendur samkv. 17. lið 22. gr. fjárlaga, hversu er háttað tryggingum fyrir lánunum, og hvaða loforð hafa verið veitt um ríkisábyrgð samkv. þessum lið?"

Það var upphaf þessara ábyrgða, sem hér er spurt um, að þegar stofnlánadeildina þraut fé til útlána, voru mörg hraðfrystihús og fisk-

iðjufyrirtæki, sem loforð höfðu fengið um lán, og önnur, sem gerðu ráð fyrir stofnlánum þegar framkvæmdir væru komnar langt áleiðis, en ekki fengu nein lán úr stofnlánadeildinni. Var þá tekin upp heimild í fjárlög til þess að ábyrgjast lán fyrir slík fyrirtæki. Ábyrgðir vegna eldri fyrirtækjanna, sem voru í byggingu þegar þetta var framkvæmt, voru flestar afgreiddar á árunum 1951 og 1952, en þó ekki allar. Nú heimilaði Alþingi í fjárl. fyrir árið 1953 að veita þessar ábyrgðir áfram, og það er það, sem hv. þm. spyr um núna, hvaða ábyrgðir hafi verið veittar samkv. þessari heimild í fjárl. fyrir 1953.

Ýmis fiskiðjuver hafa sótt um ábyrgð samkv. þessari heimild, en ekki verið afgreiddar enn þá á árinu 1953 nema þessar ábyrgðir: hraðfrystihús Húsavíkur 80 þús. kr.; fiskimjölsverksmiðjan Njáll á Bildudal 110 þús. og Ísfirðingur h/f 400 þús. kr. — Afgreiðslur hafa ekki farið fram fleiri en þetta sumpart vegna þess, að framkvæmdum er ekki svo langt komið, að tímabært sé að takast á hendur ábyrgð, eða málin eru í nánari athugun. Virðist okkur í rn. svo, að öll fiskiðjuver á landinu, sem hafa með höndum nýjar framkvæmdir til stækkunar eða endurbyggingar, og allir þeir, sem standa að byggingu nýrra fiskiðjuvera, sæki um ábyrgð samkv. þessari heimild, og þannig mun það hafa verið frá því að hún var fyrst lögleidd. Hefur þessi starfsemi því í framkvæmdinni orðið eins konar framhald af útlánum stofnlánadeildarinnar til fiskiðjuveranna, enda mun Alþingi hafa ætlazt til þess, eins og ég gat um áðan. Enn þá hefur engum verið neitað, sem uppfyllt hefur þau almennu skilyrði, sem sett hafa verið fyrir þessari ábyrgð, en hins vegar hafa ekki allar beiðnir enn þá verið afgreiddar. Þær eru í athugun sumar.

Þá spyr hv. þm. að því, — þetta laut að því, hverjar ábyrgðir hefðu verið teknar á árinu, — hverjum hafi verið heitið ríkisábyrgð. Rétt er að taka fram, að Einar Guðfinnsson, Bolungavík, Fiskiðjuver Ísfirðinga h/f, það mun vera fiskiðjuver togarafélagsins á Ísafirði, hygg ég að ég muni rétt, hraðfrystihús Kaupfélags Skagfirðinga, Sauðárkróki, og Hraðfrystihúsið h/f á Patreksfirði hafa fengið loforð um ábyrgð, en eins og ég gat um, þá liggja talsvert fleiri umsóknir fyrir, sem ekki hafa enn þá verið afgreiddar endanlega.

Þá spyr hv. þm., hvaða tryggingar séu fyrir þessum lánum. Fjmrn. hefur sett sér fastar reglur um afgreiðslu ábyrgða sem hér segir:

Að lánstiminn sé 15 ár hið skemmsta. Að ábyrgð ríkissjóðs ásamt því, sem á hvílir framar í veðröð, fari ekki yfir 60% af verðmæti hins veðsetta, miðað við matsverð stofnlánadeildar sjávarútvegsins, eða 60% af söluverði, ef það liggur fyrir og er lægra. Þetta munu vera sömu reglur og stofnlánadeildin fylgdi á sinum tíma. Til tryggingar ábyrgðunum séu veð í fiskiðjuverunum ásamt öllu tilheyrandi, sem í veðröð fer ekki yfir 60%, eins og ég sagði áðan.

Þá er það þriðji liðurinn: „Hefur ríkisstj. tekizt á hendur ábyrgð fyrir bæjarfélög þau, sem um getur í 18. lið 22. gr. fjárlaga, og ef svo er, með hvaða skilyrðum og gegn hverjum tryggingum hefur ábyrgðin verið veitt?“

Veittar voru á árinu samkv. 22. gr., 18. lið, ríkisábyrgðir til eftirtalinna bæjarútgerða fyrir láni hjá Landsbankanum til fimm ára, fyrsta árið afborganalaust og vextir 6½%: Akranes 1 millj. 55 þús., og veðið 5. veðréttur í Bjarna Ólafssyni og 3. veðréttur í botnvörpungnum Akurey. Siglufjörður 958 þús., veð í botnvörpungunum Hafliða og Elliða. Seyðisfjörður — það er h/f Bjólfur, sem þar á hlut að máli — 555 þús. og 5. veðréttur í botnvörpungnum Ísólfi. Þá er það Neskaupstaður. Það er 1 millj. 227 þús. kr. og er 5. veðréttur í Goðanesinu og Agli rauða, tveimur togurum þar á staðnum. Þá koma Vestmannaeyjar með 1 millj. 104 þús. Það er 5. veðréttur í Elliðaey og togara, sem nú heitir Vilborg Herjólfsdóttir, en þá hét öðru nafni, ég held Bjarnarey.

Þannig er gengið frá þessum lántökum, þótt einkennilegt sé, að gegn lánum þessum hjá Landsbankanum leggur ríkissjóður á sérstakan reikning í bankanum fjárhæð, sem er jafnhá lánunum samanlögðum. Það mundi nú sumum þykja harðir kostir að taka lán með þessu móti. En þannig er þetta. Afborganir af lánunum koma jafnharðan til frádráttar á hinum bundna reikningi, en verði um vanskil að ræða, greiðir ríkissjóður þau á átta árum frá upphaflega lánstímanum. Það er sem sé ríkisábyrgð fyrir lánunum og bundið fé að auki á móti. Skilyrði fyrir þessum ábyrgðum eru, að ríkissjóður hafi heimild til eftirlits með útgerðarrekstrinum, útgerðin sendi ársfjórðungslega reikningsyfirlit og breytist hagur útgerðarinnar svo að dómi ríkisstj., að hún geti greitt lánin upp, þá geti ríkisstj. krafizt þess, að það verði gert. Loks er það skilyrði, að hlutaðeigandi skip verði gerð út frá þessum sömu stöðum sem þau voru á, þegar þetta var gert. Síðan hefur verið sótt um að færa eitt skip til. Vestmannaeyingar vildu selja sitt skip til Hafnarfjarðar, og sá ríkisstj. að sjálfsögðu ekki ástæðu til að setja fótinn fyrir það, og var samþykkt, að lánið færðist yfir á hina nýju eigendur.

Ég man ekki eftir því, að það geti verið fleiri atriði, sem þurfi að taka fram til þess að svara spurningunum.

*Fyrirspyrjandi (Haraldur Guðmundsson):* Ég þakka hæstv. fjmrh. greinargóð svör við prentuðum fsp. og hef ekki frekar um að spyrja í því sambandi á þessu stigi málsins. Munnlegri fsp. minni í fyrri ræðunni um, að hverju leyti ástandið hefði breytzt á Seyðisfirði og Siglufirði frá því að fjárlagaheimildin var veitt og þangað til brbl. voru gefin út þann 30. marz s.l., hefur hæstv. ráðh. hins vegar undan fellt að svara.

Viðvíkjandi þeim kjörum, sem ráðh. skýrði frá að ríkisstjórnin hefði fallizt á eða Landsbankinn sett henni, verð ég að segja, að mér finnst það heldur þungir kostir fyrir hæstv. ríkisstj., að í viðbót við það að taka á sig ábyrgð á lánunum og skilvísri greiðslu þeirra skuli ríkisstj. þurfa að binda jafnháa upphæð á föstum reikn-

ingi í bankanum til þess að lánið fáist. En það verður að skoða sem mál milli hæstv. ríkisstj. og bankans, og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það. Yfirleitt er sama að segja um svar hæstv. fjmrh. og skýrslu hæstv. félmrh.: Svör eru fullnægjandi svo langt sem þau ná, en gefa tilefni til athugunar á aðstöðu annarra staða, sem svipað stendur á fyrir.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Það er ekkert í fsp. sérstaklega um Siglufjörð og Seyðisfjörð, og ég hafði ekki tekið eftir því, að hv. þm. vék sérstaklega að þeim málum í framsögu sinni áðan. Hann spurði, hvað hefði breytzt frá því, að ábyrgðarheimildin var samþ. og þangað til brbl. voru gefin út, sem heimiluðu ríkisstj. að taka miklu meiri ábyrgðir eða veita miklu meiri hjálp til þessara staða en annarra staða, sem hér áttu hlut að máli. Það er ekki hægt að svara þessu öðru en því, að þegar farið var að athuga þessi mál nánar en gert var í samráði við hv. fjvn., á meðan þetta var til íhugunar í þinginu, þá kom í ljós, að ómögulegt var að halda skipunum á þessum tveim stöðum nema með því að gera á Siglufirði miklu víðtækari ráðstafanir en menn höfðu gert sér vonir um að þyrfti, og á Seyðisfirði nokkru víðtækari ráðstafanir en gert var ráð fyrir. Ríkisstj. stóð þá frammi fyrir því, hvort það ætti þá að láta niður falla að greiða fyrir því, að skipin gætu verið áfram á þessum stöðum, eða þá að beita sér fyrir víðtækari aðstoð. Var þá síðari kosturinn valinn.

## 7. Iðnaðarbanki Íslands.

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um lántöku fyrir Iðnaðarbanka Íslands h/f* [55. mál, 6] (A. 62).

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. aftur tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Eggert Þorsteinsson):* Herra forseti. Allt frá landnámsöld hafa fiskveiðar og landbúnaður verið höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, en oft verður þess þó vart í fornbókmenntum okkar, að heimilisiðnaður á einnig drjúgan þátt í atvinnulífi fólksins. Hin sterka hvöt Íslendingsins til þess að vera sjálfum sér nógur gengur sem rauður þráður um allar þessar sögur. Smiðjur og smiðahús eru við hvert býli, og þar eru smíðuð nauðsynleg tæki til vinnu utan húss og innan.

Stórvægilegt átak til þess að gera iðnað að atvinnuvegi hefst þó ekki fyrr en hinn mikli brautryðjandi Skúli Magnússon landfógeti hefst handa með innréttingum sínum fyrir rúmum tveimur öldum. Skilningsleysi samtíðarmanna Skúla fógeta olli því þó, að hugsjónir Skúla rættust ekki í hans tíð.

Þess gerist ekki þörf, að saga íslenzks iðnaðar verði rakin varðandi þær fyrirspurnir, sem ég hef leyft mér að leggja hér fyrir hæstv. ríkisstj. Sú saga, sem gerðist í málum íslenzks iðnaðar milli iðnsýningarinnar 1932 og svo aftur nú árið 1952, hefur sannað, að ekki verður lengur gengið fram hjá íslenzkum iðnaði, handverks- og verksmiðjuiðnaði, sem þriðja höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar. Því til sönnunar nægir að benda til athugunar hagstofunnar um atvinnuskiptingu landsmanna árið 1950.

Tæpum tveim öldum frá stofnun innréttinga Skúla Magnússonar er með öðrum orðum atvinnuskipting Íslendinga á þann veg, að langstærstur hluti þjóðarinnar byggir afkomu sína á iðnaði. Hlutfallstölurnar um atvinnuskiptingu þessara þriggja atvinnuvega þjóðarinnar eru þannig: Iðnaður í Rvík einni árið 1950 25.2; um landið allt sama ár 21, en árið 1940 14.2; landbúnaður í Rvík einni árið 1950 1; um landið allt sama ár 19.9, en árið 1940 30.5; fiskveiðar árið 1950 í Rvík einni 6.3; um landið allt sama ár 10.8, en árið 1940 um landið allt 15.9.

Þannig hefur þá þróunin orðið. Árið 1940 höfðu framfæri af iðnaði 21.5% landsmanna; árið 1950 höfðu framfæri af iðnaði 32.5%, eða þriðjungur þjóðarinnar. Það má því ljóst vera, hve mikill liður iðnaðurinn er orðinn í athafnalífi landsmanna allra og þar með þjóðhagskerfinu sjálfu.

Eitt höfuðvandamál þessa atvinnuvegar er hinn alvarlegi lánsfjárskortur. Þessu vandamáli hugðust samtök iðnaðarmanna mæta m. a. með stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f. Það vakti og almenna ánægju meðal velunnara iðnaðarins, þegar Alþingi heimilaði ríkisstj. með l. nr. 29 16. febr. 1953 að taka lán allt að 15 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fé þetta til bankans með sömu kjörum og það var tekið. Iðnaðarbankinn tók svo til starfa 25. júní s. l., en hefur enn þá ekkert fé fengið til útlána nema innborgað hlutafé og innlagt sparifé. Þrátt fyrir að sparifjárviðskiptin hafi reynzt fram úr öllum vonum, má ljóst vera, að bankinn gegnir hvergi nærri þeim skyldum, sem honum voru ætlaðar, vegna rekstrarfjárskorts. Máli mínu til skýringar vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp orðrétt bréf, sem stjórn bankans sendi ríkisstj. hinn 17. júlí s. l. og enn hefur ekkert svar fengizt við. Bréfið er svo hljóðandi:

„Síðasta Alþingi samþykkti heimild til ríkisstj. um lántöku allt að 15 millj. kr. til þess að endurlána Iðnaðarbanka Íslands h/f. Opnunardegi bankans var frestað til 25. júní í stað þess að hefja starfsemina alllöngu fyrr, og var það m. a. byggt á þeirri von, að þá hefði auðnazt að útvega bankanum fyrrnefndar 15 millj., svo að hann gæti lítillega svarað brýnustu lánsfjáreftirspurn iðnaðarins. Sú von brást, og nú er enn svo ástatt, að bankinn hefur ekki fengið

þetta 15 millj. kr. lán. Ekki er bankaráði heldur kunnugt um, hverjar tilraunir kunna að hafa verið gerðar síðustu vikurnar til þess að fá lánið og hvort það er væntanlegt í næstu framtíð. Hins vegar viljum vér ekki láta hjá líða að tjá hæstv. ríkisstj., að bankanum er lífsnauðsyn á að fá þetta fé, og beinum vér því vinsamlegum tilmælum til ríkisstj. um lausn málsins í samræmi við heimildina, er Alþingi gaf. Ef fyrirsjáanlegt þykir, að lántökutilraunir muni ekki bera árangur í náinni framtíð, er ákjósanlegt að fá upplýsingar um það, svo og hverjar líkur eru fyrir, að lánið muni að lokum fást." (Síðan er undirskrift bankaráðsmanna.)

Þannig hefur nú þyrmt yfir þeim vonum, að óskabarn iðnaðarins, Iðnaðarbankinn, fái að dafna og gegna sínu göfuga hlutverki. Það má ekki heldur ske, að skilningsleysi forráðamanna þjóðarinnar hefti för iðnaðarins nú, eins og á dögum Skúla, að því marki að tryggja almenningi öruggari atvinnu og stuðla að efnahagslegu jafnvægi og frjálsræði þjóðarinnar. Þúsundir launþega og atvinnuveitenda, sem byggja afkomu sína á þessum atvinnuvegi, bíða eftir svari um, hvað líði lánsfjárútvegun til bankans.

Ég vona, að við þessum spurningum fáist skýr og skilmerkileg svör frá hæstv. ríkisstj. eða viðkomandi ráðherra. Ég tel á þessu stigi málsins ekki rétt að ræða þetta mál öllu frekar, en ítreka óskir mínar um, að skýr og skilmerkileg svör fáist við þessum spurningum.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Til svars þessari fsp. frá hv. þm. vil ég fyrst leyfa mér að minna á yfirlýsingu, sem kom hér fram í fyrravetur, þegar þessi lánsheimild var samþykkt. Ég kvaddi mér þá hljóðs í hv. Ed. til þess að gefa þessa yfirlýsingu fyrir stjórnarinnar hönd, þegar sýnilegt var, að þingfylgi var fyrir því að gera lánsheimildarfrv. að lögum, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér hluta úr þeirri ræðu:

„Ríkisstj. á eftir að útvega 70—80 millj. kr., til þess að hægt sé að ljúka virkjun Sogsins, virkjun Laxár og áburðarverksmiðjunni, og getur vel svo farið, að taka verði þetta fé að láni að einhverju eða öllu leyti. Þá hefur verið samþ. á þessu þingi heimild til þess að taka að láni 16 millj. kr. vegna smáíbúða og 22 millj. vegna Búnaðarbankans. Enn fremur er gert ráð fyrir, að sementsverksmiðjan muni kosta um 85 millj. kr., og mun verða að taka það fé að láni mestallt, sennilega um 45 millj. erlendis og allt að 40 millj. innanlands. Eru þá taldar þær lántökur, sem núverandi ríkisstj. hefur ákveðið að sitji fyrir öðrum lánsútvegunum í framkvæmd. Enn fremur eru í lögum heimildir til þess að ábyrgjast fyrir Framkvæmdabankann allt að 80 millj. í lántökum, og í lögum eru einnig á ýmsum stöðum heimildir til þess að taka lán til raforkuframkvæmda, a. m. k. 80 millj. kr. samtals, en framkvæmdaröð þessara lántaka hefur ekki verið ákveðin af núverandi ríkisstj."

Þetta, sem ég nú hef lesið, var það, sem yfirlýst var fyrir hönd fyrrverandi ríkisstj., þegar lánsheimildin fyrir Iðnaðarbankann var samþ. Og þessi yfirlýsing var gefin þá til þess að ekki fengist röng mynd af þessu máli í upphafi. Af þeim forgangslánum, sem þá voru ákveðin af fyrrverandi ríkisstj., er enn þá eftir að koma sementsverksmiðjuláninu í höfn. Núverandi stjórnarflokkar hafa í málefnasamningi sínum ákveðið, að fyrir öllu öðru skuli sitja, nema sementsverksmiðjuláninu, að tryggja 100 millj. kr. lánsfé til raforkuframkvæmda víðs vegar um landið. Að svo stöddu er því ekki mögulegt að segja til um það, hvenær hægt verður að útvega Iðnaðarbankalánið, eins og allir munu skilja af því, sem ég hef sagt. En ríkisstj. mun gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að leysa þetta mál ásamt öðrum svo fljótt sem auðið er.

Þannig er háttað um útvegun lánsfjár, að ekki er hægt að hafa of mörg járn í eldinum í einu. Sé það gert, getur farið verr en skyldi. Í þessu sambandi þykir mér rétt að minna á, að í málefnasamningi stjórnarflokkanna eru ákvæði um, að endurskoðaðar verði reglur um lán til iðnaðarins með það fyrir augum að koma fastari skipan á þau mál. — Þetta svar er gefið í samráði við alla ríkisstj. og fyrir hennar hönd.

*Fyrirspyrjandi (Eggert Þorsteinsson):* Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör og vona, að þau geti borizt til stjórnar Iðnaðarbankans, þó að þau að sjálfsögðu séu ekki eins og hún hefði óskað og allir þeir velunnarar iðnaðarins, sem óskuðu að bankinn gæti að einhverju leyti gegnt því hlutverki, sem Alþingi hefur sjálfsagt ætlazt til, eins og aðrir aðilar í landinu, að hann gegndi, þegar ákveðið var, að hann skyldi stofnaður. Mér skildist, að það sé að sjálfsögðu eðlilegt og rétt, að raforkuframkvæmdir sitji fyrir, en til þess að jafnframt sé hægt að nýta þá auknu raforku og þá sér í lagi með tilliti til iðnaðarins, þá verði skilyrðislaust að athuga betur alla þá möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera til þess að koma til móts við bankann og óskir bankaráðs, að bréfum þess sé a. m. k. svarað, því að bankinn, eins og hann starfar í dag, gegnir hvergi nærri því hlutverki, sem ég gat um áðan að hann ætti að gera, og er jafnvel lítils nýtur fyrir það verkefni, sem hann átti að leysa af hendi. Þess vegna er kannske út í hött, þegar verið er að samþ. á Alþingi heimildir fyrir ríkisstj. um lánveitingar eins og samþ. var 16. febr. 1953 til Iðnaðarbankans, ef svo eru ekki neinir möguleikar fyrir hendi um að uppfylla þær óskir.

Ég held, að það sé öllum ljóst, eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að hér er á ferðinni mál, sem ekki þolir langa bið, mál, sem stærstur hluti allra vinnandi stétta í landinu byggir jafnvel afkomu sína á, að iðnaðurinn geti þróazt, a. m. k. ekki hægar en hann hefur gert síðast liðin ár þrátt fyrir margs konar misskilning af hálfu stjórnarvaldanna. Ríkisstj. ber því þrátt fyrir þær skuldbindingar, sem flokkar ríkisstj. hafa bundizt hvor öðrum um

í núverandi ríkisstj., að sjá svo um, að þessari ósk frá 16. febr. 1953, sem samþ. var á Alþingi, verði fullnægt og til móts við hana verði komið og þá sér í lagi með tilliti til þess, að fullnægt verði óskum og kröfum, sem til Iðnaðarbankans eru gerðar og þess iðnaðar, sem byggir afkomu sína á að fá rekstrarfjárlán hjá bankanum.

*Einar Olgeirsson:* Hæstv. fjmrh. hefur endurtekið hér yfirlýsingu, sem hann gaf í fyrra, þar sem hann sló því föstu, að ákveðin lán, sem þá væri búið að samþ., ættu að ganga á undan láninu til Iðnaðarbankans. Ég skildi þessa yfirlýsingu þannig, að á meðan verið væri að reyna að útvega þessi lán, mundu ekki verða tekin inn í ný lán, sem mundu verða látin ganga á undan Iðnaðarbankanum, og ég vildi gjarnan fá skýringu á því, hvort það er rétt skilið.

Hér var verið að samþ. með sérstaklega skjótum hætti í gær lánsheimild til ríkisstj. upp á 4.1 millj. kr. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Er meiningin, að þessi lánsheimild, 4.1 millj. kr., sem ríkisstj. nú hefur fengið sem lög, verði notuð áður en búið er að nota þær aðrar lánsheimildir, sem Alþ. hefur veitt ríkisstj.? Á að skjóta þessum 4 millj. kr., sem samþ. voru í gær, fram yfir það, sem Alþ. var búið að samþ. áður? Á máske að taka þessar 4 millj. kr. að láni undireins, en skjóta hinu aftur fyrir, sem bíður? Mig langar til að fá svar við þessu. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að geta fengið það upplýst í þeim n., sem hafa fjallað um þetta, og mér skilst, að það mundi vera í andstöðu við þá yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf í fyrra. Þetta var náttúrlega alveg meiningarlaus yfirlýsing, sem hæstv. fjmrh. gaf fyrir hönd ríkisstj. í fyrra, ef allar samþykktir allra næstu ára um lánsheimildir til ríkisstj. eiga jafnóðum að vera framkvæmdar og Iðnaðarbankalán alltaf að skjótast aftur fyrir. Hins vegar var það upplýst í gær af hæstv. fjmrh., að þetta lán, sem ætti að taka hjá Framkvæmdabankanum fyrir stuttbylgjustöðvarhúsið, ætti að takast hjá Alþjóðabankanum, án þess einu sinni að í l. stæði, að það mætti taka þetta í útlendri mynt; það var ekki haft fyrir að setja það. Máske, að svo framarlega sem Alþjóðabankinn eða einhverjar alþjóðlegar stofnanir segja eitt orð um, að það sé nauðsynlegt, að Ísland taki lán til þessa og þessa hlutar, að það eigi þá að fara að ganga á undan og það eigi að hafa sérréttindi fram yfir allt, sem Alþ. samþykkir og hæstv. ríkisstj. gefur yfirlýsingar um? Þetta langaði mig aðeins til að fá upplýst, hvort á að bíða að taka þetta lán, sem taka á hjá Framkvæmdabankanum upp á 4 millj. kr., þangað til búið verður að taka 15 millj. kr. til Iðnaðarbankans.

Svo er annað, sem ég hef stundum spurt að og mér finnst alltaf ákaflega óglöggt hér. Fyrst hæstv. ríkisstj. gengur svona illa að fá lán, af hverju er þá ekki breytt l. hér og þeim stofnunum þjóðarinnar, sem nú er bannað að taka lán erlendis, veittar heimildir til þess? Nú sem stendur eru hinar ýmsu opinberu stofnanir, bæjarfélög og slíkt, hindraðar í því að taka lán erlendis samkvæmt Bretton-Woods-samþykktinni, og formlega munu einstaklingar eiga rétt á því, þó að það sé nú máske lítið raunhæft sem stendur. En ég held, að ef við eigum að búa við það þing eftir þing, að hæstv. ríkisstj. afsaki sig með því, að hún geti ekki fengið lán handa eins ríku landi og Ísland er til framkvæmda, sem stór gróði er af, þá sé miklu betra, að hæstv. ríkisstj. hætti að fást við þessar lánsútveganir og gefi þá stofnunum — við skulum segja eins og Reykjavíkurbæ og öðrum slíkum — rétt til þess að reyna þá að bjarga sér sjálfir í þessum efnum. Ég held, að það sé mjög athugandi bæði fyrir Reykjavíkurbæ og bankastofnanir hér og aðrar slíkar bara að fá rétt til þess að bjarga sér sjálfar með þetta. Það er ekki hægt að þola það til lengdar, að nauðsynlegustu framkvæmdir í landinu séu látnar bíða ár eftir ár og eðlilegur rekstur vegna þess, að nokkrir ráðh. treysta sér ekki til þess að útvega lán.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Hv. 2. þm. Reykv. sá ástæðu til þess að gera sig merkilegan í sambandi við þetta mál. Ég ætla ekki að skattyrðast við hann eða setja hér á langar ræður um fjármálaspeki hans. Hún er þm. kunn, fyrr og síðar. Hann hefur venjulega haldið því fram, að hægt væri að leysa öll fjárhagsvandamál með því að gefa út meiri seðla. Hann minntist þó ekkert á það áðan, máske fyrir það, að ræðutíminn var svo stuttur.

Ég kvaddi mér hljóðs til að svara því, að um þetta lán, 4 millj. kr. til þess að byggja stöðina á Rjúpnahæð, hefur þegar verið samið við Alþjóðabankann. Það lán minnkar ekki neitt möguleika Íslands til þess að fá önnur lán, vegna þess að það er nánast form, ef svo mætti að orði kveða. Lánið er tekið til þess að koma upp byggingu hér fyrir alþjóðaflugþjónustuna, sem Íslendingar hafa með höndum og fá gjaldeyri til greiðslu á láninu jafnóðum. Þetta lán snertir því ekkert möguleika Íslands til þess að fá önnur eða meiri lán, stendur ekki í vegi fyrir neinni framkvæmd, hvorki þeirri, sem hér er verið að tala um, né annarri. Það er svo þar fyrir utan, að það getur ekki að óbreyttum lánareglum orðið til Alþjóðabankans farið með Iðnaðarbankalánið, vegna þess að Alþjóðabankinn lánar ekki nema til þess að kaupa efni og vélar til nýrra fyrirtækja. Það yrði þá að breyta láninu í það horf, að það væri til þess að koma upp einhverjum sérstökum iðnaðarfyrirtækjum eða til stofnlána, en það hefur ekki verið meiningin, heldur hefur verið ætlunin, að þetta lán gengi aðallega til rekstrarlánastarfsemi iðnaðarins.

*Emil Jónsson:* Herra forseti. Ég skal ekki fara út í það að ræða hér möguleika ríkisstj. til lántöku né þá lánapólitík, sem rekin hefur verið að undanförnu, og skal leiða það mál alveg hjá mér. En þó vil ég láta þess getið, að ég ætla, að ýmsir möguleikar til lántöku hafi verið fyrir hendi, sem kannske hafa ekki verið

fullnotaðir, og það er vert að athuga í þessu sambandi.

En hitt langaði mig til þess að minnast á og benda hv. þm. á, að það virðist svo sem hér séu ekki allir jafnir fyrir lögunum. Þetta er nú í annað sinn, sem höggvið er í sama knérunninn af fyrrverandi og núverandi fjmrh. eða þeim mönnum, sem fara með fjármálastjórn landsins. Hið fyrra sinn var, að ég ætla, fyrir tveim árum, þegar því var lýst yfir hér á Alþ., að vegna ákveðinnar lántöku, sem tekin var til búnaðarframkvæmda eða til Búnaðarbankans, ef ég man rétt, þá yrði að fresta framkvæmdum við stóriðnaðarfyrirtæki hér á landi um óákveðinn tíma, vegna þess að bæði lánin gætu ekki orðið tekin samtímis, og þá var svo sem auðvitað, hver átti að víkja og hver átti að bíða. Það var sementsverksmiðjan, sem var látin bíða, eða því var yfirlýst hér á þinginu, vegna þess að annað lán hafði verið tekið til framkvæmda, sem stóðu hæstv. ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. nær en þær framkvæmdir. Nú virðist svo sem þetta litla — vesæla vil ég segja — 15 millj. kr. framlag til Iðnaðarbankans eigi að færast aftur fyrir ég veit ekki hvað mörg lán, sem hæstv. ríkisstj. vill láta ganga á undan. Og það var yfirlýst af hæstv. fjmrh. hér áðan, að það væri ekki einungis hans sjónarmið, sem þar kæmi til greina, heldur hæstv. ríkisstj. allrar.

Þetta er, eins og ég segi, ekki í fyrsta sinn, sem hugur hæstv. ríkisstj., þeirrar sem nú situr og þeirrar sem næst sat á undan, birtist á þennan hátt í garð iðnaðarins. Og það er það, sem mér þykir leitt, og það er það, sem ég vil benda á alveg sérstaklega, að hér virðist, að ekki séu allir jafnir fyrir lögunum, heldur sé iðnaðurinn hafður sem hornreka og þá fyrst eitthvað látið til hans renna, þegar öðrum hefur verið fullnægt og kannske vel það.

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Ég ætla nú ekkert að fara að deila við hæstv. fjmrh. um álit okkar beggja á atvinnulífi og fjármálum. Það er svo ólíkt, að það verður víst ekki samræmt. Hann lítur þannig á, að togararnir, sem skapa meginið af öllum útflutningi Íslands, séu gums, sem þjóðin hafi raunverulega ekkert við að gera, var á móti því, að þeir væru keyptir, og fannst mátulegt, að ríkisstj., sem keypti þá, sæti uppi með þetta gums allt saman. Ég hef álitið, að grundvöllurinn fyrir fjármála- og atvinnulífi Íslands væri þau tæki, sem fólkið vinnur með, en ekki pappírsseðlarnir, sem væru notaðir manna á milli til þess að létta viðskipti manna. Hann hefur aftur á móti trú á pappírsseðlunum sem því eina, sem skapi auðinn, en ekki vinnunni. Okkar álit fer þarna ekki saman, og ég ætla ekki í þessum fimm mínútna ræðutíma að fara að gera þá hluti upp, hins vegar aðeins víkja að þessu, sem hann svaraði hér og svaraði alveg eins og ég bjóst við.

Hann segir, að það sé þegar samið um, að þetta lán, sem heimilað var í gær, verði tekið hjá Framkvæmdabankanum og Framkvæmdabankinn taki það hjá Alþjóðabankanum. Ég bjóst líka við þessu. Þegar Alþjóðabankinn eða alþjóðastofnun segir eitt orð við ríkisstj., þá gengur það náttúrlega fyrir öllu, sem Alþ. segir, fyrir öllum yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. sjálfrar líka. Vafalaust er auðvelt fyrir hæstv. ráðh. að færa rök að þessu. En það er bara hvað snertir form, lög og samþykktir á Alþ. ekki rétt. Þá hefði í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. las upp hérna áðan og hann gaf í fyrra, átt að standa til viðbótar: Enn fremur skulu öll þau lán, sem erlendir aðilar álíta að ríkisstj. beri að taka, hafa forgang fyrir því, sem Alþ. kann að samþykkja. — Það vantaði í yfirlýsinguna.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég hefði verið á móti því, að nýsköpunartogararnir væru keyptir til landsins. Þetta er ósatt hjá hv. þm., og hann veit það vel, það er svo oft búið að leiðrétta þetta. Ég var því fylgjandi, að togararnir væru keyptir. Ég vildi hins vegar afla fjár á annan hátt til þeirra mála innanlands en þeir, sem að því stóðu.

Hann sagði, hv. þm., að ég tryði á það, að pappírsseðlarnir sköpuðu auðinn. Þetta eru alveg öfugmæli, því að það er hann, sem trúir því. Hann heldur, að það sé hægt að leysa allan vanda og skapa nægilegan auð bara með því að gefa úr pappírsseðla. Hann hefur haldið hér langar prédikanir þing eftir þing, dag eftir dag, einmitt um þessa stefnu sína.

Þá var hv. þm. enn að nöldra út af þessu 4 millj. kr. láni til þess að byggja stöð á Rjúpnahæð í sambandi við alþjóðaflugþjónustuna, og það er helzt á honum að heyra, að Alþjóðabankinn hafi sagt okkur að taka þetta lán. Það er nú líklegt, eða hitt þó heldur, að Alþjóðabankinn hafi verið að skipta sér af þessu, Alþjóðabankinn hafi verið að skipta sér af því, hvort við byggðum hús á Rjúpnahæð eða ekki. Þetta sýnir bara slúður það, sem hv. þm. venur sig á hér á hv. Alþingi. Okkur var nauðsynlegt að koma upp þessu húsi, af því að Ísland hefur tekið að sér alþjóðaflugþjónustuna. Af því hafa fjöldamargir Íslendingar atvinnu; tugir, að ég ekki segi hundruð Íslendinga hafa nú orðið atvinnu af þessu. Þess vegna þurftum við að fá þessa peninga, og þess vegna þurftum við að koma upp þessu húsi. Af því að það stóð þannig á, að við gátum fengið þessa peninga okkur svo að segja gersamlega að útlátalausu að öllu leyti, einmitt með því að taka þá að láni, í staðinn fyrir að taka þá frá framkvæmdum hér innanlands, og að lánið er raunverulega endurgreitt af öðrum, — það, sem aðrir greiða okkur fyrir þessa þjónustu, gengur til að greiða lánið, — var auðvitað sjálfsagt að taka þetta lán. En ef það ætti að taka alvarlega þetta, sem hv. þm. er hér að skrafa, þá sýnist það vera hans álit, að við hefðum alls ekki átt að taka þetta fé þarna, heldur hefðum við átt að taka það af okkar eigin fjármunum og gera þá minna af öðru. Það hefði hann talið hyggilegra.

Hv. 5. landsk. þm. (EmJ) sagði hér nokkur orð. Ég skal ekki svara þeim mörgum orðum. Hann sagðist telja, að ekki hefðu allir lánsmöguleikar verið notaðir. Mér er ekki kunnugt

um annað en það hafi verið gert, og ég vil biðja hann að láta mig vita, ef hann veit einhvers staðar um möguleika fyrir ríkisláni, sem ég þekki ekki.

Þá var hv. þm. í ádeilutón að tala um, að það ætti að færa Iðnaðarbankalánið aftur fyrir, — ja, hann vissi ekki hvað mörg lán eða hversu mikið. Það var alveg ljóst af því, sem ég sagði, og hv. þm. er það skýr, að hann hefur vafalaust ekki misskilið það, að núverandi stjórnarflokkar hafa í málefnasamningi sínum ákveðið, að fyrir öllu öðru skuli sitja, nema sementsverksmiðjuláninu, að tryggja 100 millj. kr. lánsfé til raforkuframkvæmda víðs vegar um landið. Það er satt, það hefur verið ákveðið að taka þetta fram fyrir allt annað. Það var þetta, sem ég upplýsti, og annað ekki, og það er þetta, sem gefur hv. 5. landsk. þm. ástæðu til þess að fjandskapast hér í sambandi við þetta mál. Hann er því orðinn ber að því að fjandskapast við ríkisstj. fyrir það að hafa tekið fram fyrir annað að tryggja 100 milljónir til raforkuframkvæmda. Annað hefur ekki verið gert, og við það fjandskapast hv. þm. Hann um það.

*Emil Jónsson:* Herra forseti. Ég þarf nú ekki mörgu að svara hæstv. ráðh., en um þau tvö atriði, sem hann nefndi, skal ég fara nokkrum orðum.

Ég lét í ljós nokkurn vafa á því, að allir möguleikar til lántöku, sem ríkisstj. hefði getað haft, hefðu verið notaðir, og ég stend við það og get þá sagt ráðh., hvað ég á við með því, ef hann vildi á það hlusta. En ég tel enga þýðingu hafa að fara að ræða það hér á þessu stigi málsins, en ég mun geta sagt honum, hvað ég á við með því, utan fundar. Og það veit hæstv. ráðh. líka vel, að það hafa verið til ýmsir möguleikar, þó að þeir hafi ekki verið notaðir út í yztu æsar. *(Fjmrh.:* Hvaða möguleikar eru það?) Ja, ráðh. þekkir þá, og ég skal gjarnan skýra frá því, að ég hef sjálfur tekið á móti tilboðum í ákveðnar erlendar lántökur til framkvæmda hér á landi, sem hafa verið sýnd hæstv. ráðh. og hann kannske hefði þá getað notfært sér, ef hann hefði viljað. — En um það, að ég hafi hér gerzt ber að því að fjandskapast við raforkuframkvæmdir í landinu, vegna þess að ég nefndi það, að mér þætti slælega að unnið málefnum Iðnaðarbankans, því vísa ég algerlega á bug. Náttúrlega má finna fjölmargar framkvæmdir, sem eru þarfar og nauðsynlegar, en að það sé endilega nauðsynlegt að ákveða, að það skuli taka 100 milljónir til raforkuframkvæmda áður en snert er á Iðnaðarbankanum, en ekki t. d. við skulum segja 85 millj. í raforkuframkvæmdir og 15 millj. handa Iðnaðarbankanum, sem gætu þá komið nokkurn veginn jöfnum höndum, það skil ég ekki. Það sýnir aðeins það, sem ég hef margoft bent á hér áður, að hugur hæstv. ríkisstj. og kannske alveg sérstaklega hæstv. fjmrh. fer ekki í þá átt að greiða fyrst fyrir iðnaðinum, heldur síðast fyrir honum, þegar þau mál eru til afgreiðslu, sem hug hans standa nær. Það er út af fyrir sig kannske ekkert við það að segja frá hans sjónarmiði, en ég bendi á þetta, og þetta vekur óánægju þeirra manna, sem við þetta eiga að búa. Þeim finnst þeir ekki standa jafnfætis öðrum atvinnugreinum landsins, sem þeir telja sig þó fullkomlega sambærilega við. — Það var aðeins þetta og þetta eitt, sem ég var að víta í þessu sambandi.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er sú, að mér virðist vera töluverður misskilningur uppi hér í hv. Sþ. í sambandi við þetta lán til Iðnaðarbankans, 15 millj. kr., sem ekki hafa enn verið útvegaðar bankanum. Hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan og kannske einhverjir fleiri, að allir lánsmöguleikar hafa ekki enn verið nýttir. Ég vil nú segja, að sem betur fer er hagur íslenzku þjóðarinnar ekki svo kominn enn, að allir lánsmöguleikar hafi verið nýttir til hins ýtrasta. Við skulum gera okkur ljóst, að ástandið hjá okkur væri ekki glæsilegt, ef svo væri. Sem betur fer hafa ekki allir lánsmöguleikar verið nýttir. En það eru takmörk fyrir því, hversu hart má fara í lántökum, og við verðum líka að aðgæta það, hvernig skilyrðin eru, sem sett eru fyrir lánum, og hvort þau eru aðgengileg. Hvort sem við tökum lán til iðnaðarins eða til einhvers annars, þá hljótum við að leitast við að fá lánin með sem aðgengilegustum og beztum kjörum. Þessar 15 millj. kr., sem Iðnaðarbankinn þarf að fá og mun fá, þurfa að fást sem fyrst.

Hæstv. fjmrh. gaf hér yfirlýsingu áðan, sem ég hélt að hv. þm. væru flestir eftir atvikum ánægðir með, ef þeir á annað borð hafa heyrt það, sem hæstv. ráðh. sagði. Hv. 5. landsk. þm. (EmJ) virðist ekki hafa heyrt það, vegna þess að hann sagði hér áðan, að það væru mörg lán á undan Iðnaðarbankaláninu. En hvað sagði hæstv. fjmrh.? Hann sagði, að sementsverksmiðjulánið og lántakan vegna raforkuframkvæmdanna væru á undan. Hver er hér á hv. Alþ., sem ekki vill leggja áherzlu á sementsverksmiðjulánið, að frá því verði gengið sem allra fyrst? Er það nokkur? Hver er hér á hv. Alþ., sem ekki vill að raforkuframkvæmdunum verði hraðað? Er það nokkur? Samkvæmt yfirlýsingu fjmrh. á Iðnaðarbankalánið að koma á eftir þessum tveimur lánum. Samkvæmt yfirlýsingu fjmrh. ætlar ríkisstj. að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að þetta mál verði leyst sem allra fyrst. Og samkvæmt stjórnarsamningnum er miklu veigameira atriði fyrir iðnaðinn en þessar 15 millj. kr., að þar er ákveðið að leysa rekstrarfjárþörf iðnaðarins, líkt og gert hefur verið fyrir sjávarútveginn og landbúnaðinn.

Það var sagt hér áðan, að iðnaðurinn væri hornreka og hefði verið það. Ég skal viðurkenna, að iðnaðinum hefur ekki verið sinnt eins og æskilegt væri. En það er að minnsta kosti núna í stjórnarsamningunum tekið fram, að iðnaðurinn skuli njóta sömu réttinda og aðrir tveir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar, þ. e. sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn, með því að iðnaðinum skuli séð fyrir rekstrarfé. Þetta atriði í stjórnarsamningnum er þýðingarmeira

en 15 milljónirnar, því að 15 milljónirnar hrökkva vitanlega skammt sem rekstrarfé fyrir allan iðnaðinn í landinu.

Ég efast ekkert um, að hv. 5. landsk. þm. ber góðan hug til iðnaðarins. En um leið og ég staðfesti það, þá ætlast ég til, að hann meti það, sem er í stjórnarsamningunum, að iðnaðinum skuli séð fyrir rekstrarlánum, eftir því sem auðið er, á borð við landbúnað og sjávarútveg. Því hefði hann ekki átt að gleyma, þegar hann stóð hér áðan og hélt sína ræðu og fullyrti, að iðnaðurinn væri hornreka. En einu sinni var þessi hv. þm. iðnmrh., og tæplega vill hann nú halda því fram, að iðnaðurinn hafi verið hér hornreka á því tímabili. Þó hef ég aldrei heyrt, að það hafi verið neitt sérstakt blómatímabil fyrir iðnaðinn, það tímabil, sem þessi ágæti hv. þm. var iðnmrh.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Það eru örfá orð. — Ég kem því enn ekki fyrir mig, hvað hv. 5. landsk. þm. getur átt við með því, sem hann sagði um ríkislánsmöguleika, sem ekki hefðu verið notaðir. Það getur að vísu ætíð komið fyrir, að það sé hægt að útvega lán í einhverja alveg sérstaka framkvæmd, en ekki í öðru skyni. Það er hugsanlegt. Það er ekki víst, að ríkið geti ætíð notfært sér slíkt, ef verið er að leita eftir lánum í annað, sem á að sitja fyrir. Ég kem því sem sagt ekki fyrir mig, hvað hv. þm. getur átt við með þessu, en hann ætlar þá að láta mig vita um það nánar, mér skilst utan þessara umræðna. En mér vitanlega hefur það verið þannig, að notaður hefur verið hver möguleiki, sem opnazt hefur, til þess að fá lán í þau mannvirki eða til þeirra framkvæmda, sem stjórn og þing hafa viljað láta sitja fyrir. Við höfum ekki getað fengið nærri því öll þau lán, sem við höfum viljað fá. Til dæmis reyndum við ákaflega mikið til þess að fá lán í Bretlandi til að greiða 30 milljónir, sem ógreiddar voru af andvirði 10 togara, sem keyptir voru þar í landi, en árangurslaust. Við reyndum einnig utan Bretlands að fá þetta lán, en árangurslaust. Niðurstaðan varð sú, að við urðum að greiða þetta lán og fá til þess peninga hér innanlands á þann hátt, sem náttúrlega var ekki hagfellt eins og á stóð. Það urðum við að gera vegna þess, að við gátum ekki fengið þetta lán. Það er takmarkað, sem hægt er að fá af lánum erlendis, eins og hv. þm. vita. Og það hafa verið höfð sem sagt öll spjót úti til þess að reyna að fá þau lán, sem hv. Alþ. hefur ákveðið að skuli tekin og stjórnin hefur í samráði við þingmeirihlutann á hverjum tíma haft á oddinum.

Hv. þm. var enn að reyna að gera það tortryggilegt, að það væri tekið fram fyrir að tryggja 100 millj. til raforkuframkvæmda, og hann virðir það til fjandskapar við iðnaðinn. Ég vil benda hv. þm. á það í þessu sambandi, að athugi hann löggjöfina, þá mun hann sjá, að áður en samþykkt var lánsheimildin til Iðnaðarbankans, sem við erum að ræða hér um, þá er búið að samþykkja líklega hart nær 100 millj. kr. lántökur handa þessum raforkuframkvæmdum, en það fé var eftir að útvega, en á nú að tryggja. Með því er verið að uppfylla miklu eldri lánsheimildir en hér er verið að ræða um, þar sem Iðnaðarbankinn á í hlut. Því fer þess vegna alls fjarri, að hér eigi að gera nokkrum rangt eða nokkuð eigi nú að framkvæma öðruvísi en áformað var. Þvert á móti er því lýst yfir nú af ríkisstj., að það verður gengið í að útvega Iðnaðarbankalánið svo fljótt sem nokkur möguleiki er á ásamt öðru því fé, sem hv. Alþ. hefur sett stjórninni fyrir að reyna að útvega.

## 8. Bátagjaldeyrir.

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um bátagjaldeyri* [55. mál, 7] (A. 62).

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. 1951 var tekið upp bátagjaldeyrisfyrirkomulagið svonefnda. Í því felst það, að sérstakur skattur er lagður á fjölmargar innfluttar vörur, sem ekki má flytja inn nema samkv. sérstökum reglum, sem ríkisstj. gefur út, og andvirði skattsins er síðan notað til styrktar bátaútveginum í landinu. Samkv. ákvæði í stjórnarskrá ríkisins er óheimilt að leggja á nokkurn skatt, nema það sé gert samkv. lögum. Þessi skattur, þessi tollur, sem lagður var á landsmenn til styrktar bátaútveginum, er ekki innheimtur samkv. sérstökum lögum, engin sérstök lög hafa verið sett til þess að veita ríkisstj. heimild til þessarar skattheimtu eða tollheimtu. Hins vegar er skatturinn innheimtur samkv. reglum, sem ríkisstj. hefur gefið út, og vísað í því sambandi í gildandi lög um fjárhagsráð. Um rétt ríkisstj. til þess hefur verið mjög deilt; það hefur verið mjög um það deilt, hvort eðlilegt hafi verið að grundvalla þessa miklu skattheimtu eða tollheimtu á þeim lögum, sem í var vitnað. Skal ég láta það liggja á milli hluta hér. En hitt er alveg einsdæmi um þennan mikla toll, að hann er eini tollurinn, sem nú er lagður á landsmenn, er þeir vita ekki sjálfir, hversu miklu nemur. Það er auðvitað grundvallaratriði varðandi alla tollheimtu, varðandi öll gjöld, sem lögð eru á þegnana, að þeir fái sjálfir að vita, hversu mikið þeir eru látnir borga, jafnvel þó að það fari ekki beint í ríkissjóðinn, heldur fari eftir öðrum leiðum í hendur þeirra aðila, sem njóta eiga gjaldanna, sem á eru lögð.

Eitt af því, sem er að athuga við þessa miklu toll- eða gjaldaálagningu, er það, að hún er gersamlega utan við allt eftirlit, í fyrsta

lagi löggjafarsamkomunnar og um leið alls almennings í landinu. Þetta er eina skattgjaldið, sem á hefur verið lagt, sem yfir hvílir þvílík leynd, að enginn veit, hversu miklu það nemur, svo að þörf er á því að bera fram hér á hinu háa Alþ. fsp. til þess að fá upplýst, hversu mikið almenningur er látinn borga og hversu mikið ein tiltekin atvinnugrein í landinu fær í styrk af þessu gjaldi. Þetta er auðvitað ástand, sem er algerlega óviðunandi. Ætli ríkisstj. sér að halda áfram þessari furðulegu skattheimtu, þá ber henni að setja um það skýr og ákveðin lög, þannig að það liggi alveg ljóst fyrir, hversu gjaldið á hverri vörutegund nemur miklu og hvernig því er varið í þágu bátaútgerðarinnar.

Það hafa nokkrum sinnum verið gerðar um það áætlanir, — m. a. hef ég gert það meðan síðasta þing sat, — hversu miklu þetta gjald hafi numið. Sumt af niðurstöðum mínum þá var vefengt, talið, að ég teldi gjaldið ívið of hátt, ekki miklu þó. En hér verður auðvitað að fá hreint borð, menn verða að fá að vita, hvað gjaldið er mikið og hvað við þessa peninga er gert.

Við þetta hefur svo bætzt, að mér hefur borizt til eyrna, að kostnaður sá, sem hlýzt af innheimtu þessa bátgjaldeyrisálags og úthlutun fjárins sé mjög mikill, þannig að óeðlilega hár hluti gjaldsins fari í hreinan skrifstofukostnað eða innheimtu- og úthlutunarkostnað. Þess vegna hef ég einnig leyft mér að spyrja um það, hversu miklu þessi kostnaður nemi, til þess að unnt væri á eftir að mynda sér hugmynd um það, hvort ekki væri hægt að draga úr honum eða inna þessa þjónustu af hendi ódýrar en þarna á sér stað. En aðalatriðið er þó að fá upplýst, hversu þessi sérkennilegi skattur nemur hárri fjárhæð.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Eins og hv. þm. gat um, er fsp. í tvennu lagi. Annars vegar: Hve miklu nam bátagjaldeyrisálagið á árinu 1952? Eftir upplýsingum, sem rn. hefur aflað, nam það 58412004 kr. — Hin fsp., þ. e. annar liður, er um það, hver var kostnaður á sama tíma við framkvæmd reglnanna um bátagjaldeyri. Þar til svara ég því, að ríkið hefur ekki haft neinn kostnað af þeirri innheimtu.

## 9. Smáíbúðabyggingar.

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:

*Fsp. til félmrh. um smáíbúðalán* [55. mál, 8] (A. 62).

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. aftur tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Hinn 11. des. s. l. voru samþykkt lög hér á hinu háa Alþ., sem svo hljóða, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 16 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fé þetta skal endurlána lánadeild smáíbúðarhúsa með sömu kjörum og það er tekið."

Hæstv. fjmrh. skýrði frá því í fjárlagaræðu sinni, að ríkisstj. hafi tekið 10 millj. kr. lán til þess að endurlána smáíbúðadeildinni. Ég hef því leyft mér að spyrjast fyrir um, hvað líði notkun þessarar lántökuheimildar að öðru leyti. Um það þarf ekki að fjölyrða, að þeir, sem ráðizt hafa í byggingu smáíbúðarhúsa samkvæmt gildandi lagaákvæðum um það efni, eiga við að búa hinn mesta fjárskort. Það liggur við, að fjölmargir þeirra, sem hafa ráðizt í þessar framkvæmdir, verði að hætta við þær, geti ekki lokið þeim sökum þess, hve lánsfjárerfiðleikar eru gífurlega miklir. Má segja, að þeim, sem hér eiga hlut að máli, hafi verið lofað í upphafi meiru en efnt hafi verið af hálfu hins opinbera, og er það mjög miður. Þessir aðilar hafa lagt í mikla fyrirhöfn og mikinn kostnað til þess að leysa úr sárum vandræðum, og það er mjög miður, ef þessum framkvæmdum getur ekki orðið lokið vegna skorts á lánsfé. Til þess ber því hina brýnustu nauðsyn, að ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að fullnægja þessum lagaákvæðum og sjái lánadeildinni fyrir 16 millj. kr. lánsfé, sem gert er ráð fyrir í þessum gildandi lögum. — Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. hefði hagstæð svör að flytja um þetta efni.

*Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):* Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn hv. 1. landsk. (GÞG), sem er í tveim liðum, get ég gefið þessar upplýsingar: Ríkisstj. tók snemma á þessu ári eða samdi um 10 millj. kr. lán í Landsbanka Íslands, sem var þá afhent lánadeild smáíbúðarhúsa til útlána, sem áttu að ganga til byggingar smáíbúða. Úthlutun á þessum 10 millj. var lokið 21. sept. s. l., og hafði þá 428 mönnum verið veitt lán, og þessir lántakendur eru dreifðir um allt land.

Út af 2. lið fsp. vil ég segja þetta:

Nú að undanförnu hefur ríkisstj. staðið í samningum við lánsstofnanir um 6 millj. kr. lán til viðbótar handa lánadeild smáíbúða. Ég veit ekki betur en að það sé algerlega öruggt, að það lán fáist og það nú á allra næstu vikum. Það eru þegar hafnar undirbúningsaðgerðir að úthlutun á þessari upphæð, þó að ekkert verði gert opinbert um það, fyrr en þetta liggur greinilega fyrir. En það yrðu mikil vonbrigði fyrir ríkisstj., ef þetta mál leystist ekki að fullu nú innan mjög skamms. — Ég sé ekki ástæðu út af þessari fsp. að taka fleira fram.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör,

sem hann veitti við fsp. Af þessum svörum er ljóst, að sú upphæð, sem fallið hefur hverjum lántakanda í hlut af því fé, sem þegar hefur verið útvegað fyrir tilstilli ríkissjóðs, er aðeins 23 þús. kr. að meðaltali, og er augljóst, að lánsfjárvandræði þessara byggjenda smáíbúðarhúsanna eru með engu móti leyst. Þess vegna er mjög nauðsynlegt, að gerð verði gangskör að því að fá þetta 6 millj. kr. lán til viðbótar a. m. k., og leysir það raunar ekki allan vandann að fullu. Mér þykir vænt um þau tíðindi, sem hæstv. ráðh. flytur. Það eru gleðitíðindi fyrir marga, sem hér eiga hlut að máli, að von skuli vera á þessu fé á næstunni að minnsta kosti. Meira ætti það helzt að vera, en miklu betra er þetta þó en ekki neitt. Þykir mér það ánægjuefni.

## 10. Fiskskemmdir.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um rannsókn fiskskemmda* [67. mál] (A. 84).

Á 11. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 12. og 13. fundi í Sþ., 28. okt. og 4. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt, bárust hingað snemma á s. l. vori mjög alvarlegar kvartanir yfir göllum eða skemmdum á hraðfrystum fiski, sem seldur hafði verið til tveggja viðskiptalanda okkar, Tékkóslóvakíu og Austurríkis. Þessi fiskur hafði verið sendur héðan um s. l. áramót, og kvörtuðu kaupendur bæði yfir slæmum og hroðvirknislegum frágangi á fiskinum og beinum skemmdum á vörunni sjálfri. Hér var að sjálfsögðu mikið alvörumál á ferðum, sem nauðsyn bar til að tekið yrði föstum tökum. Þarf ekki mörgum orðum að því að eyða, hve mikið við Íslendingar eigum í húfi í sambandi við vöruvöndun, ekki sízt þegar um er að ræða aðalútflutningsvöru landsmanna. Atvmrn. brá og við, þegar kvartanir þessar bárust seint í marzmánuði, boðaði ýmsa aðila þessa máls til fundar, þ. á m. stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, fiskmatsstjóra, yfirfiskmatsmenn og fleiri. Samkv. tilkynningu, sem atvmrn. birti um mál þetta í blöðum hinn 11. apríl, voru fundarmenn á einu máli um það, að grafast yrði þegar í stað fyrir orsakir þessara fiskskemmda. Jafnframt var lögð á það áherzla, að þeir, sem sekir reyndust, sættu verðskulduðum viðurlögum. Á fundinum var samþykkt, að framkvæmd yrði rannsókn á öllum fiski í hverju einasta frystihúsi landsins og að fulltrúum fiskframleiðenda og fiskmatinu yrði falið að annast þessa rannsókn. Þær ráðstafanir, sem hér um ræðir, voru réttmætar og sjálfsagðar, nema hvað ástæða er til að gagnrýna það, hvaða aðilum var falið að framkvæma rannsóknina. Virðist það næsta hæpin ráðstöfun að fela þeim aðilum að kanna þetta mál, sem höfuðábyrgðina hlutu að bera á því, sem miður hafði farið. En þessi háttur var nú á hafður, og skal ég ekki fara fleiri orðum um það í þeim stutta tíma, sem ég hef hér til umráða. Hins vegar hef ég leyft mér að spyrja, hvað rannsókn þessi hafi leitt í ljós. Í annan stað spyr ég að því, hvort gerðar hafi verið eða í undirbúningi séu af hálfu atvmrn. eða fiskmatsstjóra ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að skemmdir á aðalframleiðsluvöru okkar, fiskinum, geti átt sér stað í stórum stíl.

Þetta er því miður ekki í fyrsta sinn, sem fram hafa komið á síðari árum kvartanir út af gölluðum eða skemmdum fiski. Þarf ekki að lýsa því, hve alvarlegt mál það er, ef miður vönduð framleiðsla verður til þess að stórspilla sölumöguleikum okkar. Sú var tíðin, að íslenzkur fiskur var viðurkenndur á mörkuðum fyrir gæði. Við megum vissulega ekki við því að glata þeim orðstír, sem farið hefur af þessari mikilvægu framleiðsluvöru. Öll mál, sem snerta óvandaða framleiðslu á sjávarvöru, ber því að taka föstum tökum. Ég vænti þess, að svo hafi verið gert í því tilfelli, sem hér um ræðir.

Fsp. mín er fram borin til þess að fá upplýst, hvað rannsókn sú, sem boðuð var í vor, hefur leitt í ljós, og þó ekki síður til hins, að vita, hvort ekki hefur af þessu gefna tilefni og á grundvelli rannsóknarinnar þótt tiltækilegt að gera ráðstafanir, sem að haldi gætu komið til að fyrirbyggja alvarlegar skemmdir á mikilvægustu og verðmætustu útflutningsafurðum okkar.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Fsp. sú, sem hér er beint til mín, er í þremur liðum.
„1) Hefur ríkisstj. látið framkvæma rannsókn á skemmdum þeim á hraðfrystum fiski, sem varð vart við s. l. vor?
2) Hafi sú rannsókn verið gerð, hver varð niðurstaða hennar?
3) Hvaða ráðstafanir hyggst fiskmat ríkisins eða ríkisstj. gera til að koma í veg fyrir slíkar fiskskemmdir?“
Mér heyrðist nú á hv. fyrirspyrjanda, að honum væri nokkuð kunnugt um fyrsta liðinn, að rannsókn hefði verið látin fara fram í þessum efnum, og hygg ég þá, að honum sé um fleira kunnugt, enda er hann þá ella einn af þeim fáu, sem hafa ekki áhuga fyrir slíkum málum, viti hann ekki meira um þessa rannsókn en fyrirspurnir hans virðast benda til.

Ég mundi þurfa alllangan tíma, og miklu lengri en ég álít ástæðu til að tefja störf þingsins með, til þess að gefa nákvæma skýrslu um þetta, en vil að gefnu tilefni segja það, sem nú skal greina.

Fyrstu þrjá mánuði þessa árs voru þeir Pétur Thorsteinsson, núverandi sendiherra Íslands

í Moskvu, og dr. Oddur Guðjónsson, form. fjárhagsráðs, erlendis á vegum ríkisstj. í þeim erindum að semja um verzlunarviðskipti milli Íslands og ýmissa ríkja í Mið-Evrópu. Strax eftir heimkomu sína tjáðu þeir atvmrn., að viðskiptaaðilar í Tékkóslóvakíu og Austurríki hefðu skýrt þeim frá því, að verulegra skemmda og ills frágangs hefði orðið vart í íslenzkum hraðfrystum fiski, sem sendur hefði verið til þessara landa um síðustu áramót. Þetta mun hafa verið í fyrsta skipti, sem kvartanir bárust frá þessum löndum yfir gæðum hraðfrysta fisksins.

Sama dag og rn. barst þessi vitneskja, boðaði það ýmsa aðila þessa máls til fundar, og sá fundur var haldinn næsta dag. Þar mættu stjórn og varastjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, framkvæmdastjóri útflutningsdeildar S. Í. S., forstjóri Fiskiðjuvers ríkisins, fiskmatsstjóri, yfirmatsmenn og nokkrir fleiri. Á fundi þessum skýrðu þeir Pétur Thorsteinsson og dr. Oddur Guðjónsson frá því, sem þeir höfðu áður tjáð rn. um fiskskemmdirnar. Umræður urðu allmiklar um málið, og voru allir fundarmenn á einu máli um það, að grafast yrði þegar í stað fyrir orsakirnar til þessara fiskskemmda og að þeir, sem sekir reyndust, sættu verðskulduðum viðurlögum. Í fundarlok var samþykkt, að framkvæmd yrði rannsókn í hverju einasta frystihúsi landsins og að fulltrúum fiskframleiðendanna og fiskmatinu — ég vil sérstaklega vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda leiða athygli að því, að það voru fulltrúar fiskframleiðenda og fiskmatið — þessum tveim aðilum yrði falið að annast þessa rannsókn.

Jafnframt var skipuð nefnd til athugunar á þessu máli, og skyldi þessi n. taka tafarlaust til starfa. Nefndina skipuðu Helgi Pétursson framkvæmdastjóri útflutningsdeildar S. Í. S., Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri frá Sandgerði, tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og dr. Jakob Sigurðsson auk fiskmatsstjóra ríkisins.

Nefndin ákvað að miða fyrstu störf sín í aðalatriðum við eftirfarandi atriði: Í fyrsta lagi að hefja þegar athuganir á gæðum allrar freðfisksframleiðslu landsmanna, svo að hægt væri að koma í veg fyrir útflutning, ef skemmdir kæmu fram í einhverjum frystihúsunum. Í öðru lagi að komast fyrir um orsakir þess, að gölluð vara væri framleidd og flutt út sem fullgild vara. Og í þriðja lagi að gera tillögur um raunhæfar úrbætur, sem tryggðu, að slíkir gallar á framleiðslunni endurtækju sig ekki í framtíðinni.

Næstu daga var safnað fjölda sýnishorna úr hraðfrystihúsunum við Faxaflóa, og þau voru síðan athuguð gaumgæfilega hér í Reykjavík. Sýnishorn þessi reyndust vera algerlega óskemmd vara. Jafnframt voru sendir sérstakir menn til þess að taka hæfilegan fjölda sýnishorna úr öðrum frystihúsum landsins og senda þau til Reykjavíkur til athugunar. Sýnishornin voru þídd upp og metin eftir sérstökum reglum og gerðar nákvæmar skýrslur um skoðun og mat á þeim. Mat sýnishornanna fór þannig fram, að ávallt skoðuðu hvert sýnishorn tveir yfirfiskmatsmenn, einn matsmaður frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og einn matsmaður frá S. Í. S. Fiskmatsstjóri var ætíð viðstaddur skoðunina og jafnframt framkvæmdastjórar sölusamtakanna eða fulltrúar þeirra.

Eftir þessar athuganir á gæðum fisksins úti á landi var stöðvaður í bili útflutningur á öllum fiski, sem vafi þótti leika á um varðandi gæði, og hafnar á þeim fiski nánari rannsóknir. Niðurstöður þeirra rannsókna voru þær, að nokkuð af fiski varð endanlega dæmt annars flokks, en þó verzlunarhæf matvara. Magn þeirrar vöru, sem þannig var dæmd annars flokks af framleiðslu ársins 1952, varð endanlega um 500 smálestir og var selt sem annars flokks vara fyrir lægra verð. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að annars flokks hraðfrystur fiskur er ekki nýtt fyrirbæri, enda má segja, að eðlilegt sé, að af svo miklu magni sem framleitt er hér árlega komi ævinlega fram eitthvert magn af fiski með geymsluskemmdum, svo sem þornunum o. fl., og hefur þessi fiskur jafnan verið seldur sem annars flokks vara. Ég vil þó hér segja það sem mitt álit, að svo mikið magn sé óhóflega stór hlutfallstala af framleiðslumagninu sem annars flokks vara.

Þessi fyrsta athugun, sem fram fór, leiddi í ljós eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að reynt hefur verið að hagnýta togarafarma til vinnslu í frystihúsum úti á landi, frystihúsum, sem hvorki höfðu afkastagetu né aðbúnað til þess að vinna fiskinn nægjanlega fljótt. Í öðru lagi, að aðbúnaði og áhöldum frystihúsa var að ýmsu leyti ábótavant, svo að fullkomins öryggis gætti við varðandi framleiðsluna. Og í þriðja lagi, að matsmenn og framleiðendur virtust í einstökum tilfellum hafa sýnt tómlæti við vöruvöndun.

Í framhaldi af þessum athugunum fól rn. þeim dr. Jakob Sigurðssyni og dr. Þórði Þorbjarnarsyni með bréfi, dags. 12. júní, að ferðast um landið og halda áfram rannsóknum þessara mála. En þessir tveir menn eru, sem öllum er kunnugt, sérfróðir menn í þessum efnum. Í bréfi rn., erindisbréfi til þessara manna, segir m. a.:

„Æskilegt er, að rannsóknin beinist aðallega að þessum atriðum:

1) Hefur hráefnið verið hæft til vinnslu?

2) Hefur útbúnaður frystihúsanna verið fullnægjandi?

3) Hafa undirmatsmenn og verkstjórar verið starfi sínu vaxnir?

4) Hafa hlutaðeigandi yfirmatsmenn vanrækt starf sitt, og þá einnig hvort mistök hafi átt sér stað hjá yfirstjórn fiskmatsins í Reykjavík?

Ráðuneytið hefur falið fiskmatsstjóra og yfirmatsmönnum að veita rannsóknarnefndinni alla þá aðstoð, sem þeir geta látið í té."

Þessi síðari rannsókn leiddi í ljós, eins og sú fyrri, að útbúnaði frystihúsanna var sums staðar ábótavant. Enn fremur, að hráefnið hefur stundum verið gallað og að lestahreinsun á bátum hefur verið ábótavant.

Síðan þessi rannsókn fór fram, hefur fiskmat ríkisins ásamt Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og S. Í. S. unnið að gagngerðum endurbótum

þessara mála, og hefur hin bezta samvinna ríkt milli þessara aðila. Mörg frystihús — ég hygg, að þau hafi verið þrettán — voru látin hætta framleiðslu og unnið að endurbótum á þeim. Nokkrir matsmenn hafa verið látnir hætta störfum og aðrir settir í þeirra stað. Í sambandi við þessar ráðstafanir var reglugerð um mat á hraðfrystum fiski endurskoðuð og hert á ýmsum ákvæðum um kröfur varðandi gæði hráefnis og útbúnað vinnslustöðva. Fyrirmæli um þessi efni höfðu áður verið gefin út af fiskimálastjóra í leiðbeiningaformi, en nú voru tekin upp í reglugerð skýr og ótvíræð ákvæði um þetta. Segja má, að eftirlit með allri framleiðslu hafi verið hert til muna.

Að lokum er rétt að geta þess, að síðan þessar aðgerðir hófust hafa ekki borizt kvartanir um gæði á hraðfrystum fiskflökum frá erlendum kaupendum. Nær öll framleiðsla þessa árs hefur nú þegar verið flutt út og seld, án þess að kaupendur hafi kvartað yfir gæðum þessa árs. Framleiðsla yfirstandandi árs mun að magni til vera komin fram úr meðalframleiðslu undanfarinna ára.

Ég vænti, að hv. fyrirspyrjandi og aðrir þeir, sem ekki hafa haft nægar sagnir af þessu, hafi séð það, að þegar í stað þegar atvmrn. í fyrsta skipti bárust slíkar kvartanir, var fljótt og mjög röggsamlega á málinu tekið. Daginn eftir eða samdægurs og okkur berst fréttin um skemmdirnar boðum við til fundar, sem haldinn er strax daginn eftir, og við boðum á hann alla þá aðila, sem við gátum náð til og við töldum að líklegastir væru til að geta ráðið bót á þessum málum. Til rannsóknar á málinu eru valdir ekki rangir aðilar, heldur þeir, sem a. m. k. við vitum réttasta, því að þetta er allt gert í samráði við fiskmatið, við framleiðendurna, og svo við tvo sérstaka vísindamenn, sem við áttum tök á til þess að rannsaka þetta mál, þá dr. Þórð og dr. Jakob.

Ég hygg, að það verði ekki heldur dregið í efa, að um leið og rn. bárust einhverjar sannanir um missmíð í þessum efnum, hafi það tekið mjög röggsamlega á málinu, vikið frá fiskmatsmönnum, stöðvað frystihús og gert yfirleitt allar þær ráðstafanir, sem við höfðum vit á og töldum líklegar til farsæls árangurs, enda er það sannast sagna, að af öllum starfsmönnum ríkisins dreg ég í efa að þeir séu margir, sem eru röggsamari í sínum störfum en sá, sem á nú mestan heiðurinn af þessum framkvæmdum, þ. e. a. s. Gunnlaugur Briem skrifstofustjóri í atvmrn., því að hann hefur að langsamlega mestu leyti staðið fyrir þessu öllu, sem gert hefur verið, en auðvitað í eðlilegu samráði við sinn ráðherra, en Gunnlaugur Briem er, eins og ég sagði, ágætlega viti borinn maður og mjög röggsamur embættismaður.

Ég segi það svo sem mína skoðun, að ég hef enga tilhneigingu til þess að hlífa þeim framleiðendum eða neinum þeim, sem vill falsa sínar vörur. Það er ekki hægt að gera sjálfum sér, sínni stétt né sínu landi verri skömm og skaða en með því að gera tilraun til svika. Ég mun enga linkind né hlífð sýna í þessum efnum, hver sem hlut á að máli. Ég get bætt því við, að þegar ég hafði með fiskframleiðslu að gera, átti ég daglega ferð um fiskmatshús, þar sem verið var að meta minn fisk, og það kom fyrir, að ég leyfði mér, þótt það væri kannske ekki alveg rétt, að gera athugasemd við fiskmatið. En það var aldrei, ekki í eitt einasta skipti, til þess að spyrja fiskmatsmann, hvers vegna þessi fiskur væri látinn í nr. 2, sem þó væri nr. 1. Ég sá auðvitað oft fisk, sem var nr. 1, látinn í nr. 2. Ég er alveg saklaus af að hafa gert nokkurn tíma athugasemd um það. En ég sá líka fisk látinn í nr. 1, sem var nr. 2, og ég leyfði mér að vekja athygli fiskmatsmanna á, hvílík höfuðnauðsyn það væri að vanda þetta og gera sér fulla grein fyrir því, hve stórvægilegt tjón þeir með slíku bökuðu eigendum fisksins og landinu og þjóðinni í heild. Ég tala nú ekki um, ef hægt er að fella menn undir grun um vísvitandi tilraunir til svika í þessum efnum. Ég vil ekki beina því að neinum á þessu stigi málsins, en ég vil segja hv. fyrirspyrjanda og öðrum það, að ég ber nægjanlegt skyn á, hversu þýðingarmikil vöruvöndunin er, til þess að vilja eiga í því fullan þátt að bæta úr því, sem miður hefur farið, og hef þar á verði fyrir mig þann dugmesta og bezta embættismann, sem ég get kosið mér, skrifstofustjórann í atvmrn.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir skýr og greinargóð svör við fyrirspurnum mínum. Þar kom ýmislegt í ljós, sem ég er alls ekki viss um að allir hafi vitað áður. Í því sambandi vil ég aðeins láta það í ljós, að mér fannst ástæðulaust hjá hæstv. ráðh. að vera með nein svigurmæli til mín um það, að ég sé áhugaminni eða viti minna um þessi mál en aðrir menn, þó að ég hafi borið fram þessar fyrirspurnir, því að ég veit ekki til, að þær upplýsingar, sem hann nú gaf og voru mikilsverðar á marga lund, hafi verið gefnar áður, hvorki í blöðum né hér á Alþingi né nokkurs staðar opinberlega. Þess vegna hygg ég, að það hafi verið full ástæða til að spyrja um þessi efni og ágætt í sjálfu sér að fá þau skýru svör, sem hér voru gefin og virðast benda til þess, að þessi mál hafi verið tekin allföstum tökum. Sérstaklega vil ég ekki á neinn hátt deila á þá meðferð, sem þetta mál fékk, eftir að það var fengið í hendur ágætum vísindamönnum til athugunar, eins og var hátt að um síðari rannsóknina, sem hæstv. ráðh. talaði um.

Þetta mál er, eins og ráðh. undirstrikaði í sinni ræðu, mjög mikilsvert, enda brýn nauðsyn, að vandað sé til framleiðslu landsmanna og þá alveg sérstaklega þeirrar framleiðslu, sem er langmestur hluti útflutningsins, fiskframleiðslunnar, að þar má ekki sýna hina minnstu linkind á neinn hátt. Það er ágætt, ef fast og vel hefur verið tekið á þessu máli, og mér þykir vænt um að heyra það, að hæstv. ráðh. lýsir því yfir, að hann muni vera á verði um þessi efni í framtíðinni. Ég hygg, að það sé ekki vanþörf á því, því að sannleikurinn er sá, að okkur Íslendingum hefur nú á síðari árum, því miður, hrakað mjög í þessu efni í

sambandi við fiskframleiðslu. Það var sú tíð, að íslenzkur fiskur — og þá alveg sérstaklega saltfiskur — var á öllum mörkuðum álitinn alveg sérstök gæðavara. En á stríðsárunum síðustu hygg ég að þessu hafi hrakað mjög með fiskafurðir okkar, framleiðslu þeirra og eftirlit með þeim ekki síður. Ég veit það, að fiskmat ríkisins hefur á síðustu árum ekki farið varhluta af gagnrýni, sem því miður mun stundum hafa verið á rökum reist, og kom það raunar fram í svari hæstv. ráðh., að nauðsynlegt hafði verið að víkja fiskmatsmönnum frá, vegna þess að þeir höfðu ekki staðið nægilega í stöðu sinni. Og þessi gagnrýni hefur því miður einnig beinzt að æðstu mönnum fiskmatsins, m. a. fiskmatsstjóra. Ég hef ekki aðstöðu til þess hér að ræða um það, að hve miklu leyti sú gagnrýni er réttmæt, en ég veit, að hún hefur komið fram, og þetta er svo mikilvægt starf, að þar þarf vissulega fullkomins eftirlits með af hálfu þeirra, sem hafa þessi mál með höndum; og því var gott að heyra það, að hæstv. ráðh. lofaði því eindregið og hafði um það sterk orð, að hann mundi standa þarna vel á verði.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Það var nú ekki annað, sem fyrir mér vakti með því, sem hv. fyrirspyrjandi kallaði svigurmæli í sinn garð, en að mótmæla því, sem hann hafði sagt í sinni fyrri ræðu varðandi mannaval við rannsókn þessa, enda báru ummæli hans í síðari ræðu fullkominn vott um það, að hann var ánægður með þá, sem staðið hafa að rannsóknunum, og þær afleiðingar, sem rn. hefur tekið af niðurstöðum rannsóknanna.

Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að vöruvöndun hnignaði mjög á Íslandi á stríðsárunum, og hefur verið reynt á margvíslegan hátt að leiðrétta missmíðar, sem þeir hafa orðið varir við, sem mest fjalla um þessi mál daglega. Sá embættismaður, sem ég gat um, Gunnlaugur Briem, hefur fylgt þessu máli jafnan eftir og tekið allar umkvartanir til greina og reynt að leiðrétta þær misfellur, sem hann hefur fengið fregnir af, á sinn venjulega hátt, þ. e. a. s. hljóðalausan og umbúðalausan, látið lítið á sér og sinni hæfni bera, en reynt að láta hins vegar sitt ágæti og sína starfshæfni koma fram í jákvæðum niðurstöðum af tilraunum til úrbóta.

Ég hef svo ekki um þetta annað að segja. Ég endurtek, að málið er að því leyti í höndum þess ágætasta manns, sem völ er á, þar sem það fyrst og fremst fellur undir skrifstofustjóra rn., Gunnlaug Briem, en það er kannske einhverjum fróun að vita um, að ég hef sjálfur, að svo miklu leyti sem til minna kasta kemur, ríkan áhuga fyrir, að allt sé gert, sem auðið er, til þess að létta af okkur skömm og skaða óráðvendni og hirðuleysis varðandi vöruvöndun á aðalútflutningsvörum okkar.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Það er óhætt að segja, að það sló óhug á marga, þegar fréttist, að alvarlegar kvartanir hefðu borizt frá markaðslöndunum um skemmdir á íslenzkum fiski. Og mönnum var það yfirleitt mikið í mun, að myndarlega væri á því máli tekið, rannsakað, hverjir hefðu brugðizt trúnaði þjóðarinnar að því er snertir vöndun á framleiðsluvörunum, og menn fylgdust með því eða vildu fylgjast með því af gaumgæfni, hvað hefði verið gert. Ég var einn þeirra, sem leituðu fregna af því, hvernig þessi rannsókn hefði farið fram og hver hefði orðið niðurstaða hennar, en hjá fiskmatinu og yfirstjórn þess var enga vitneskju um þessi mál að fá. Ég álít því, að það hafi verið mjög tímabært, að fram kom fsp. um þetta á Alþingi og þannig fengin á opinberum vettvangi sú vitneskja, sem nú hefur verið gefin. Og held ég þó, að æskilegt væri, að jafnvel væri gefin ýtarlegri skýrsla um þetta, t. d. að visindamennirnir, sem fengust við hina síðari rannsókn, yrðu beðnir að gefa opinberlega skýrslu um þau atriði málsins, sem eru þess eðlis, að það henti, að þau séu opinberlega rædd og vitneskja gefin um þau.

Ég heyrði það á svörum hæstv. ráðh., að það hefði þótt athugunarefni, hvort hráefnið, sem tekið væri til hraðfrystingar, væri alltaf verkunarhæft, og vil nú spyrjast fyrir um það, hvort strangari fyrirmæli hafi nú verið gefin um það, hvaða hráefni megi taka til hraðfrystingar. Það er almannarómur, að það hafi verið allt of langt gengið í því að taka fisk, sem farinn var að skemmast, og það getur aldrei orðið 1. flokks vara; það vitum við. Mér finnst nokkru máli skipta, hvort settar hafi verið ákveðnari og strangari reglur um, hvaða hráefni megi taka til hraðfrystingar.

Ég heyrði það, að strangari kröfur hefðu verið gerðar til útbúnaðar hraðfrystihúsa, og þess hefur áreiðanlega verið þörf; einnig að matsmenn hefðu verið látnir víkja frá sínu starfi, af því að rannsóknir hefðu sýnt, að þeir hefðu brugðizt trúnaði í sínu starfi. En einnig var frá því skýrt af hæstv. ráðh., að það hefði verið tekið til athugunar, hvort mistök hefðu átt sér stað af stjórn yfirmatsins í Rvík, en ég tók ekki eftir því, að hann viki neitt að því, hvort það hefði komið í ljós eða hvort stjórn yfirmatsins hefði við rannsóknina verið alveg sýknuð af öllum yfirsjónum eða vanrækslu í þessu efni. En það skiptir líka verulegu máli, að það séu ekki bara smáþjófarnir, sem séu hengdir, heldur að tekið sé fyrir meinsemdina líka, ef hennar verður vart á æðstu stöðum. Það skiptir kannske mestu máli í þessu máli eins og ýmsum öðrum.

En þá var það sérstaklega eitt atriði, sem ég vildi fá svör við í sambandi við þessa umræðu, og það er þetta: Mörgum er það kunnugt, að verkstjórar hraðfrystihúsanna eru nú og hafa verið jafnframt matsmenn viðkomandi hraðfrystihúss. Þessir verkstjórar eru þjónar þess, sem á viðkomandi hraðfrystihús. Þeir eru ekki allir eins skilningsgóðir á það og hæstv. ráðh., sem er líka gamall og reyndur útgerðarmaður, að vilja ota heldur vafasamri 1. flokks vöru í 2. flokk, heldur jafnvel hafa tilhneigingu til að ota 2. flokks vöru í 1. flokk, hugsandi ekki um þann álitshnekki og

það hagsmunalega tjón, sem þjóðin getur orðið fyrir af slíkum vinnubrögðum. En lítilsigldur og ekki fyllilega nógu djarfur verkstjóri við íshús, hálfhræddur kannske við sinn yfirboðara, óttast, að hann hafi það sjónarmið, að hann vilji koma meiru en góðu hófi gegnir af sinni framleiðsluvöru í 1. flokk, þótt hún verðskuldi það ekki; hann getur verið skaðlegur einmitt fyrir það, að hann er bæði verkstjóri og undirmaður eigandans og trúnaðarmaður þjóðfélagsins sem matsmaður í senn. Hefur þetta fiskskemmdamál ekki leitt það í ljós, að þetta sé í grundvallaratriði óheppilegt og ótryggilegt, að hafa verkstjóra hraðfrystihúsanna sem matsmenn, eiðsvarna matsmenn, til þess að gæta hagsmuna þjóðfélagsins? Ég held, að það sé óheppilegt fyrirkomulag og að menn viti, að það er óheppilegt. Og það má mikið vera, ef það hefur ekki komið í ljós í sambandi við þetta fiskskemmdamál, að trúnaðarbrot sumra matsmannanna við húsin séu bein afleiðing af því, að þeir jafnframt eru verkstjórar þeirra, sem eiga hraðfrystihúsin. Ég vil fá að vita um, hvort það hefur ekki hvarflað að mönnum, sem hafa æðstu yfirstjórn þessara mála og er umhugað um, að þarna verði ekki mistök, sem vitanlega eru þjóðinni óbætanleg, að gera breytingu á þessu að lögum.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Ég held það hafi ekki verið nema tvö eða þrjú atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. landsk. (HV), sem gefa ástæðu til frekari upplýsinga frá minni hendi.

Hann spurði um það, hvort böndin hefðu borizt að yfirfiskmatinu. Mér hefur ekki borizt nein vitneskja enn þá um það, að böndin hafi sérstaklega að þeim borizt. Annars er mál þetta í höndum skrifstofustjórans, að öðru leyti en því, að við ræðumst við um þær aðgerðir, sem verður að hafa í frammi, jafnóðum og nauðsynin kallar á. En auðvitað kemur allt betur í ljós áður en þessu máli er lokið og þá líka, hvort eða að hvað miklu leyti má sakfella yfirmatið um vanrækslu. Og það er náttúrlega alveg rétt hjá hv. þm., að það stýrir engri lukku, að vikið sé frá einstökum undirmatsmönnum, ef svo þeir, sem höfuðábyrgðina bera, eru ekki kallaðir til ábyrgðar fyrir sína misbresti.

Varðandi hitt atriðið, sem hann minntist á, hvort ekki stafaði hætta af því, að sami maðurinn væri verkstjóri og matsmaður, þá verð ég að segja, að að órannsökuðu máli er ekki óeðlilegt, að mönnum detti þetta í hug. Það er ekki óeðlilegt, því að það er eins og hann sagði, hv. þm., að það er ekki víst, að allir fiskframleiðendur líti sömu augum á sinn hag, hvað þá heldur þjóðarinnar, í þessum efnum. En það mun verða sérstaklega rannsakað, hvort hægt er að leiða rök að því, að frekar sé um vanrækslu eða um skemmdir að ræða, þar sem þessi háttur er á hafður. Reynist svo, þá verður það bannað. Hins vegar langar mann ekki til að nauðsynjalausu að leggja stein í götu þessarar framleiðslu, hún á við næga örðugleika að etja. Það gildir um að reyna að láta þá, sem þetta stunda, sjómenn, verkamenn, útgerðarmenn og hraðfrystihúsaeigendur, bera sem skástan hlut frá borði og gera engin óþörf vandkvæði. En ef þessi rannsókn leiðir þessa hættu í ljós, þá verður ekki hjá því komizt að setja undir þann leka, þótt óþægindum valdi.

Ég endurtek svo, að rannsókn er ekki að fullu lokið. Hvort ástæða er til að gefa út um þetta einhverja opinbera skýrslu, skal ég ekki dæma að svo komnu. Í þessu er auðvitað ekkert, sem þarf að fara leynt í þennan hóp. En það getur vel verið, að það sé eitthvað, sem við út á við teljum okkur ekki til framdráttar að vera að birta, eins og hv. þm. líka gerði ráð fyrir að gæti hugsazt; um það veit ég ekki á þessu stigi málsins. En að sjálfsögðu eru engin leyniplögg í þessu, sem þeir mega ekki eiga allan opinn aðgang að, sem á þingi sitja, og aðrir þeir menn, sem líta á þetta mál frá hagsmunasjónarmiði Íslendinga og engu öðru sjónarmiði.

Ég lýk svo þessari stuttu aths. aðeins með því að segja, að það verður haldið áfram að rannsaka og það verður haldið áfram að gera tilraunir til úrbóta og engin linkind í því sýnd.

## 11. Mannanöfn.

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var útbýtt:
*Fsp. til menntmrh. um framkvæmd l. um mannanöfn* [88. mál] (A. 131).

Á 14. fundi í Sþ., 5. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ætlun löggjafans, þá er hann setur lög um eitthvert efni, að þeim lögum sé framfylgt. Sú er og skylda framkvæmdavalds að sjá svo um, eftir því sem auðið er, að gildandi lagaákvæði séu framkvæmd. Hv. alþm. er vafalaust öllum ljóst, hver hætta er í því fólgin að hafa í lögum ákvæði, sem brotin eru svo að segja daglega. Vissulega sljóvgar það siðgæðis- og réttarvitund þjóðarinnar, þegar þegnarnir hafa það fyrir augum, að Alþingi setur lög, sem síðan er litið á sem hvert annað gildislaust pappírsgagn. Þarf naumast mörgum orðum að þessu að eyða.

Fyrir röskum 28 árum, vorið 1925, setti Alþingi lög um mannanöfn. Þau lög hafa verið í gildi síðan, óbreytt með öllu, að því er ég bezt veit. Lög þessi eru stutt, fremur ljós og glögg. Fyrir lagasetningu þessari beittu sér ágætir menn, sem í hvívetna báru fyrir brjósti veg og velferð íslenzkrar tungu. Fyrir þeim vakti það að stemma stigu við óþjóðlegum og afkáralegum nöfnum, sem spilla smekk manna og óprýða tunguna. Því miður hefur tekizt svo

til um framkvæmd þessara þörfu laga, að mjög skortir á, að ákvæðum þeirra hafi verið framfylgt. Skal ég nú finna þessum orðum stað, eftir því sem takmarkaður tími minn leyfir.

1. gr. laga um mannanöfn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver maður skal heita einu íslenzku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita kenningarnafn sitt með sama hætti alla ævi.“

Hvernig er þessu farið? Ég fletti um daginn nokkrum kirkjubókum frá árunum 1930—44 og athugaði skírnarnöfn þar. Ég sleppti af ásettu ráði nöfnum barna, þar sem foreldrarnir voru erlendir, annar eða báðir. En af 500 nöfnum, sem ég athugaði, taldist mér svo til, að nálega 100 nöfn, eða tæpur fimmti hluti, gætu með engu móti orðið skilgreind sem íslenzk nöfn. Og þó að ég hafi ekki haft undir höndum kirkjubækur frá allra síðustu árum, 8 eða 9, hef ég enga trú á því, að þetta hafi breytzt til bóta. — Þá reyndist það ákvæði og brotið, að ekki megi skíra barn fleiri nöfnum en í hæsta lagi tveimur. Af þessum 500 skírnarnöfnum, sem ég kannaði, hétu 37 börn þremur nöfnum, 5 fjórum nöfnum og eitt hvorki meira né minna en fimm nöfnum, þar af voru tvö ónefni.

2. gr. laganna fjallar um það, að ættarnafn mætti enginn taka sér, eftir að lögin tækju gildi. Þetta ákvæði hygg ég að sé sniðgengið á þann hátt, að allmargir hafa tekið sér upp nöfn, sem þeir nota eins og ættarnöfn, þótt þau muni að vísu ekki viðurkennd í opinberum gögnum.

4. gr. laganna er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu. Prestar skuli hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sé fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekisdeild háskólans úr.“

Ég leyfi mér að staðhæfa, að þessi lagagrein hefur þrásinnis verið brotin. Hvað segja hv. alþm. um nöfn eins og karlmannsnafnið Ramón, kvennanöfnin Telma, Alice, Iris, Sylvia, Evlalía, Oktavía, Bergmannía eða skírnarnöfn eins og Sísí, Lilly? Allt eru þetta skírnarnöfn frá tveim síðustu áratugum. Þannig mætti lengi telja. Má í þessu sambandi benda á nafnalista fermingarbarna, sem birtast í dagblöðum haust og vor. Þar gefur oft á að líta.

6. og síðasta grein nafnalaganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarráðið gefur út skrá eftir till. heimspekisdeildar háskólans yfir þau mannanöfn, sem nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti að lokinni útgáfu hins almenna manntals.“

Skrá sú, sem samkv. 1. er skylt að gefa út 10. hvert ár, hefur mér vitanlega aldrei séð dagsins ljós. Prestum landsins er því nokkur vorkunn, þótt þeir hafi ekki gengið ötullega fram til að koma í veg fyrir óíslenzk skírnarnöfn. Þeir hafa ekki haft sér til stuðnings þau gögn og þær leiðbeiningar, sem ráð var fyrir gert, að þeir fengju í hendur.

Nú skal ég ekkert um það segja, hvort einhverjum kann að þykja ástæða til að breyta gildandi lögum um mannanöfn. Vel kann að vera, að menn séu þeirrar skoðunar. Ég sé ekki þörf á því, sízt af öllu í þá átt að hliðra til fyrir erlendum nöfnum eða ónefnum. Með því væri verið að gefa spilltum málsmekk undir fótinn. En hvað sem því líður, þá tel ég víst, að hæstv. menntmrh. og hv. alþm. hljóti að vera mér sammála um það, að á meðan lög þessi eru í gildi, beri að framkvæma þau. Hitt er óviðunandi með öllu, að þau séu sniðgengin í mörgum greinum og menn fái jafnvel að haga sér eins og þau séu ekki til. Mér hefur þótt ástæða til að vekja athygli hæstv. menntmrh. á þessu og hef því leyft mér að beina til hans þeirri fsp., hvort hann sjái sér ekki fært að láta framfylgja betur en gert hefur verið ákvæðum l. nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn. Vænti ég skilnings og góðra undirtekta af hans hálfu.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, var fyrir nær einum mannsaldri sett löggjöf hér á Alþ. um mannanöfn, löggjöf, sem síðan hefur mjög lítið verið hirt um, eins og hann réttilega skýrði frá. Það mun sannast í þessum efnum, að enginn af þeim starfsmönnum stjórnarráðsins, sem um þessi efni fjalla, veit til að nokkurn tíma hafi verið gerðar ráðstafanir til að fara eftir þessari löggjöf eða fylgja henni, fyrr en hæstv. fyrrv. menntmrh. Björn Ólafsson hófst handa á árinu 1952 um það að láta fara fram rannsókn á íslenzkum mannanöfnum og fékk til þess einn hinn færasta mann, hagstofustjórann fyrrverandi, Þorstein Þorsteinsson, sem er nú, að því er mér er tjáð, að vinna úr þeim skýrslum og sérstaklega skýrslum frá prestum um mannanöfn, sem til eru nú á Íslandi. Áður en hæstv. fyrrv. menntmrh. gerði þessa ráðstöfun, sem hlýtur að vera undirstöðuráðstöfun til að framfylgja þessum lögum, er hvorki mér né öðrum kunnugt um, að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að framfylgja þeim. Jafnframt hafði fyrrv. hæstv. menntmrh. í huga að skipa nefnd eða gera aðrar ráðstafanir til endurskoðunar l., en úr því mun ekki hafa orðið vegna þess, að beðið var eftir þeirri skýrslu Þorsteins Þorsteinssonar, sem ég gat um. Og úr því sem komið er, þá er það vissulega eðlilegt, að frumgögn málsins, ef svo má segja, liggi ljóst fyrir. Tel ég þetta vera þá skynsamlegustu vinnuaðferð í þessu, sem hægt er að hafa.

Það er engin furða, þó að það væri einmitt Björn Ólafsson, sem beitti sér fyrir þessu, vegna þess að hann hefur einmitt hér á Alþ. haft forgöngu um það, að nýir íslenzkir ríkisborgarar af erlendum uppruna yrðu knúðir til þess að taka sér íslenzk nöfn. Hefur raunar ekki öllum þm. sýnzt eitt um það, þó að þessi skoðun hafi orðið ofan á. En einmitt í samræmi við þær aðgerðir eru þessar aðgerðir hæstv. fyrrv. menntmrh., sem ég tel vera undirbúning og

nauðsynlega forsendu þess, að hægt sé að fylgja þessum lögum.

Ég er hæstv. fyrrv. menntmrh., eins og ég segi, einnig sammála um, að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin, því að auðvitað er það ekki rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að lögin væru að öllu leyti einföld og auðveld í meðferð. Ef þau hefðu verið það, hefðu þau ekki verið látin liggja svo mjög í aðgerðaleysi eins og raun ber vitni um. Og segja má, að æði flókið og raunar mjög erfitt og allt að því óframkvæmanlegt sé að elta menn uppi fyrir það að taka sér ranglega ættarnafn, og er vafasamt, að sektir slíkar sem eru í l., þó að beitt væri, dygðu í þeim efnum. Um þetta eins og margt annað er það svo, að það er miklu meira málsmekkur og tilfinning manna, sem ræður úrslitum, heldur en beint lagaboð. Og það er enginn vafi á því, að þótt lögin frá 1925 hafi ekki verið framkvæmd eins og orð þeirra standa til, hafa þau samt haft stórkostlega þýðingu að því leyti sem þau felldu úr gildi fyrri ættarnafnalögin og þar með hindruðu, að menn gætu fengið löggildingu á nýjum ættarnöfnum. Þess eru að vísu nokkur dæmi, að einstaka menn hafa síðan tekið sér ættarnöfn, en það verður þó að teljast alger undantekning og gerbreyting frá því, sem verið hafði næsta áratug á undan, þegar mjög var títt og nærri daglegur viðburður, að hinn og þessi tæki sér upp ættarnafn. En við sjáum það einfaldlega af því að renna augunum yfir þingmannahóp hér, að hér eru nú sárafáir menn með ættarnöfn, og þá engir aðrir, að því er ég í fljótu bragði sé, heldur en til þess hafa þó löglega heimild, þannig að þegar litið er yfir menn þannig af tilviljun, þá er það ljóst, að jafnvel ættarnafnafaraldurinn, þó að ekki hafi tekizt að kveða hann alveg niður, eins og ég persónulega hef mikla löngun til, þá hefur með lögunum tekizt að draga mjög úr honum, tilfinning manna og málsmekkur nú gerir það að verkum, að vafalaust um ófyrirsjáanlega framtíð verður miklu minni löngun en var til þess að taka upp ættarnöfn, og það var a. m. k. annar höfuðtilgangur l. að koma í veg fyrir það. Og ég er engan veginn viss um, að það mundi greiða ákaflega fyrir í þessum efnum, þó að ráðuneyti tæki upp á því að elta þá með málsókn, sem á móti þessu hafa brotið. Ég held, að almenningsálitið og sú breyting á hugsunarhætti, sem þetta frv. var merki um, hafi í þessu miklu meiri áhrif.

En engu að síður er auðvitað leitt að hafa lög, sem menn hafa ekki treyst sér til að framkvæma bókstaf sínum samkvæmt, aldrei frá því að þau voru sett, neinir þeir, sem um það hafa fjallað, og þess vegna tel ég, að tímabært sé að endurskoða lögin, og ef ég gegni þessari stöðu, mun ég gera ráðstafanir til þess, jafnskjótt og fyrir liggur sú grundvallarrannsókn, sem fyrirrennari minn hafði fyrirskipað, sem sýndi, að hann hafði einmitt glöggan skilning á nauðsyn skynsamlegra aðgerða í þessum efnum.

Hitt er svo annað, varðandi óþjóðleg nöfn, að þar er kannske nokkru erfiðara að greina á milli en hv. fyrirspyrjandi vill vera láta. Það er enginn vafi á því, að nöfn eins og Jón, Jóhann og önnur slík nöfn, svo að aðeins séu nefnd dæmi, nöfn, sem eru mjög tíðkanleg í íslenzku, eru af óþjóðlegum uppruna. Er þrátt fyrir það hægt að fara nú að setja þessi nöfn á bannlista? Við skulum segja, mundi vera hægt að setja nafn eins og Ágústa á bannlista? En hver er aftur munurinn á nafni eins og Ágústa annars vegar og Oktavía hins vegar, sem hv. fyrirspyrjandi nefndi? Allt er þetta harla hæpið, og í raun og veru hefur málsmekkur fólksins og tilfinning í þessu meira að segja en bein fyrirmæli löggjafans. Hitt er svo vafalaust, að prestar og kennarar, ekki síst prestar, gætu haft ákaflega góð áhrif með leiðbeiningum til almennings, og einmitt þess vegna, jafnvel þó að ekki væri fylgt eftir fullkomnu banni, gæti slíkur listi yfir óheppileg nöfn haft mikið uppeldisgildi fyrir almenning. Því er ég sammála. Einmitt þess vegna tel ég það mjög mikils virði, að haldið sé áfram við þann undirbúning á framkvæmd laganna, sem hæstv. fyrrverandi menntmrh. gerði ráðstafanir til nú fyrir rösku ári.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans og lýsi því jafnframt yfir, að mér var með öllu ókunnugt um það, að fyrrv. menntmrh. hefði fyrirskipað eða lagt drög að því, að framkvæmd yrði rannsókn á þeim mannanöfnum, sem nú tíðkuðust. Ég vissi ekki um hana, en mér þykir mjög vænt um, að hann skyldi hafa farið inn á þessa braut, því að það var vissulega ekki vanþörf á, að þarna yrði gerð rækileg athugun, ef það gæti leitt til einhverra bóta í þessum efnum, eins og vænta má.

Hæstv. ráðh. minntist í því sambandi á það, að á síðasta Alþ. hefði verið samþ. löggjöf um veitingu ríkisborgararéttar, þar sem þeim mönnum, sem sótt höfðu um íslenzkan ríkisborgararétt, var gert það að skyldu að taka upp íslenzk nöfn samkv. mannanafnalögunum. Ég lít nú að vísu þannig á, að eins og þetta var samþ., þá geti það orkað nokkurs tvímælis, og þó alveg sérstaklega meðan lögin um mannanöfn eru alls ekki framkvæmd gagnvart Íslendingum. Það hefur fyrrv. menntmrh. einnig séð, að þarna var mikið ósamræmi í milli, og hefur hann líklega af þeim ástæðum m. a. ákveðið, að fram færi rannsókn á þeim mannanöfnum, sem nú tíðkast.

Hæstv. menntmrh. minntist á það, að það væri stundum örðugt að greina á milli erlendra nafna, sem ekki lytu íslenzkum málsmekk, eða, eins og það er orðað í lögunum, „ekki hlýða lögum íslenzkrar tungu“. Það getur verið í einstökum tilfellum, að það sé nokkrum erfiðleikum bundið, en ég held, að engum hafi dottið í hug að ganga svo hart fram í þessum efnum að vilja banna eða leggja niður nöfn, sem tíðkazt hafa hér öldum saman, þó að þau séu sannanlega erlend eða af erlendum uppruna. Ef þau hlýða lögum málsins, sérstaklega beygingarlögum, þá mun engum hafa dottið það í hug. En það er alveg sérstaklega ein tegund

málspillingar, sem virðist fara mjög í vöxt á síðari árum, og hún er sú að skíra börn og þó sérstaklega kalla börn, og fullorðið fólk þá líka, gælunöfnum. Þegar ég athugaði nöfn í nokkrum kirkjubókum, eins og ég gat um áðan, rakst ég á þetta hvað eftir annað, að það er farið bókstaflega að skíra börn með alls konar einkennilegum og næsta furðulegum gælunöfnum. Þetta er eitt af því, sem ég held að þurfi að stemma stigu við, en yfirleitt tel ég fulla nauðsyn á því, að annað tveggja sé gert, það sem hæstv. menntmrh. talaði um, að endurskoða lögin og þá breyta þeim að svo miklu leyti sem það kynni að þykja nauðsynlegt, eða þá að fylgja betur eftir framkvæmd þeirra en gert hefur verið.

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Ég er í meginatriðum sammála hv. fyrirspyrjanda um það, sem hann segir, og sé þess vegna ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta; vildi þó bæta við og ítreka, að málið er auðvitað ekki alveg eins einfalt og hann lætur, vegna þess að auðvitað hefur tungan þróazt með mismunandi hætti á ólíkum tímum, og það er auðvitað erfitt að ætla með löggjöf að setja henni ákveðinn farveg, þó að það sé hægt að veita mikla leiðbeiningu. En við vitum það t. d. hjá okkar forfeðrum, sem við með réttu dáum fyrir þeirra málsmekk, að þó að þeir skírðu þá ekki börn sín beinum gælunöfnum, þá höfðu þeir þann sið, ef svo mætti segja, að þeir tóku viðurnefni og gerðu að mannanöfnum, og sýndi það, að töluverð tilbrigði voru í því, hvernig nöfnin mynduðust. *(GilsG:* Það var fallegur siður.) Já, það var fallegur siður, en ég veit ekki, hvort allir málspekingar þess tíma hefðu fyrir fram litið þannig á, og það er eins erfitt nú og þá að ætla að setja tungunni ákveðinn farveg fyrir fram. Það má vel vera, að það þyki fallegur siður þúsund árum seinna, sem hafi þótt ljótur siður í upphafi að taka, — ja, það, sem nú er kallað viðurnefni, mætti kannske öðru nafni kalla uppnefni, og gera að eiginnöfnum.

Við segjum, að lögunum sé nú ekki framfylgt. Þetta er ekki bókstaflega rétt, vegna þess að það er a. m. k. eitt ákvæði l., sem stundum reynir nokkuð á, og það er að fólk sækir um að fá breytt nöfnum, ef það hefur verið skírt eins og hér stendur: „Nú hefur maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn, áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.“ Að breyttu breytanda er þetta skilið þannig, að menn geti fengið, að nafninu til með forsetaleyfi, raunverulega með ráðuneytisleyfi, breytingu á nafni, ef atvik standa til. Í sumar kom til mín umsókn um það, að stúlka, sem hét Guðmunda, vildi fá breytt sínu nafni. Þetta nafn hlítir réttum beygingarreglum og er myndað eftir góðu íslenzku nafni, Guðmundur. Ég játa það hins vegar, að mér fannst nafnið svo óviðkunnanlegt, að úr því að konan vildi sjálf breyta, þá væri hægt að leyfa það. En fullkomið matsatriði er slíkt og ekki alveg ljóst, hvar mörkin á að setja. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það, að viðbúið er, að mjög sýnist sitt hverjum, ef alveg ákveðnar reglur eiga um þetta að gilda, en langeðlilegast, að með hæfilegri fræðslu og leiðbeiningum af hálfu þeirra manna, sem málsmekk og málvit hafa, séu menn látnir nokkuð frjálsir. Það er mín skoðun í þessu eins og fleiru.

*Páll Zóphóníasson:* Herra forseti. Það var bara, að í sambandi við þessa fsp. langar mig til að fá upplýsingar um hjá hæstv. ráðh., hvernig þessi rannsókn fyrrverandi hagstofustjóra væri hugsuð. Það liggur fyrir á hagstofunni nafn á hverjum einasta manni í landinu. Um hvað er hann að spyrja presta, hvaða upplýsingar vantar hann frá þeim? Það var ákveðið á sínum tíma, að skrá yfir mannanöfn yrði prentuð í sambandi við hvert tíu ára manntal. Það var gert í fyrstu, en svo hefur það ekki verið gert síðustu árin. Og þegar ég hef spurzt fyrir um það á hagstofunni, hvernig stæði á, að það væri hætt að prenta þetta eftir hvert tíu ára manntal og lofa manni að sjá, hvað allir menn í landinu hétu og hvað margir væru Jónar og margir væru Stefánar o. s. frv., o. s. frv., þá var mér sagt, að ríkisstj. hafi hætt við það. Er meiningin — og það var það, sem mig langaði til að vita — að prenta núna mannanafnaskrá, sem getur svo verið leiðbeinandi bæði fyrir prestana og aðra? Á áframhaldandi að hunza þau ákvæði l. að veita prestunum upplýsingar um þetta eftir hvert 10 ára manntal með því að lofa þeim ekki að sjá nöfnin, sem til eru í landinu? Þetta langaði mig til að fá að vita. Ættarnöfnin eru nú mörg, allt of mörg. Ætli það séu ekki átta hérna í þinginu með ættarnöfnum af 52? Ef þau eru álíka mörg hjá þjóðinni allri, þá mætti þeim gjarnan fækka. Og ég er ekki viss um, að eitt þeirra, sem notað er hér af þingmanni, sé löglegt. Ég fullyrði það ekki, en held það.

## 12. Verðtrygging sparifjár.

Á 15. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um verðtryggingu sparifjár* [97. mál, 1] (A. 161).

Á 16. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Á s. l. vori var samþ. samhljóða í Sþ. svo hljóðandi till. til þál. um verðtryggingu sparifjár, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að taka nú þegar til gaumgæfilegrar rannsóknar, hvort

eigi sé hagkvæmt og framkvæmanlegt að koma á þeirri skipan, að bankar og sparisjóðir taki fé til ávöxtunar með skuldbindingu um að greiða uppbætur á það, samsvarandi þeirri hækkun, sem verða kann á kaupgjaldsvísitölu eða vísitölu framfærslukostnaðar á þeim tíma, sem féð er geymt óhreyft á sama reikningi, en það sé eigi skemur en fimm ár, enda verði lántakendum þessa fjár sett það skilyrði, að þeir greiði bönkum og sparisjóðum verðuppbætur á lánsfé samkv. framangreindri reglu, ef vísitalan hækkar á lánstímanum. Þá er ríkisstj. og falið að vinna að því, að þetta fyrirkomulag um ávöxtun sparifjár og útlán þess verði upp tekið, ef jákvæður árangur verður af rannsókninni."

Þannig hljóðaði þáltill., sem samþ. var á s. l. ári. Hér var hreyft við hinu merkasta máli, og var gott, að þessi till. skyldi vera samþykkt og þannig efnt til þessarar rannsóknar. Fregnir hafa birzt af því opinberlega, að þetta mál hafi verið rætt á fundi þjóðbankastjóra Norðurlanda, sem haldinn var hér á s. l. sumri. Einn af bankastjórum Landsbankans, Jón Árnason, flutti á þeim fundi mjög athyglisvert erindi, þar sem hann gerðist forsvarsmaður þessarar hugmyndar, og hefur þetta erindi verið birt opinberlega. Frá því hefur og verið skýrt í reykvískum blöðum, að í Finnlandi, sem hefur að ýmsu leyti átt við svipuð vandamál að etja í verðlagsmálum og Ísland, þótt að vísu í enn þá stærri mæli sé, hafi þetta mál verið mjög á dagskrá og mjög um það rætt, hvort ekki ætti að taka upp þá skipan, sem gert er ráð fyrir eða rætt er um í till.

Um það getur ekki verið ágreiningur, að í löndum, þar sem miklar breytingar verða á verðlagi og þar með á gildi peninga, sé það brýnt úrlausnarefni, hvernig forða skuli sparifjáreigendum og peningaeigendum yfirleitt frá því tjóni, sem af verðlagshækkuninni hlýzt, og þá jafnframt, hvernig eigi að koma í veg fyrir það, að lántakendur og skuldarar hagnist óeðlilega á verðlagshækkuninni eða verðfellingu peninganna. Þess vegna tel ég þessa till. hafa verið mjög tímabæra á sínum tíma og hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj. um það, hvort till. hafi komið til framkvæmda, hvort sú athugun, sem þar er um að ræða, hafi farið fram, og ef svo er, hver niðurstaða þeirra athugana þá hafi orðið. Leyfi ég mér að vænta svars hæstv. ríkisstj. um þetta efni.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp., sem hljóðar svo:

„Hefur farið fram athugun á því, hvort og með hverju móti takast mætti að tryggja verðgildi sparifjár, svo sem gert var ráð fyrir í þingsályktun, samþykktri 5. febr. 1953? Ef svo er, hvað hefur hún þá leitt í ljós í aðalatriðum?"

Í sambandi við þetta er rétt að taka fram, að viðskmrn. sendi till. þessa til bankanefndarinnar, og ég ætla, að hv. fyrirspyrjandi eigi sæti í þeirri nefnd. Ætlaðist ríkisstj. til, að bankanefndin tæki till. til athugunar og benti á úrlausnir og ráð í því efni, sem í till. felst. Ríkisstj. hefur ekki borizt svar frá bankanefndinni enn þá, en væntir þess, að það megi koma sem fyrst, svo að sú athugun, sem bankanefndin gerir, megi takast til yfirvegunar í ríkisstj. og það komi fram, hvað bankanefndin hefur fram að leggja í þessu efni. Ríkisstj. gerir ráð fyrir því, að álit bankanefndarinnar liggi fyrir, áður en langur tími líður, og að þá verði hægt að ræða um þetta á víðari vettvangi.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir svör hans við fsp. — Varðandi það, að mál þetta hafi verið sent til þeirrar n., sem starfar að endurskoðun bankalöggjafarinnar, er það að segja, að mér, sem á sæti í þeirri n., er ekki um það kunnugt. Það kann að hafa verið sent til formanns n., en hann hefur ekki lagt það fyrir n. í heild, enda hefur hún ekki starfað um alllangt skeið, sökum þess að fyrsta verkefninu, sem henni var falið að vinna að, er fyrir alllöngu lokið. Ef þetta liggur fyrir bankanefndinni, þá liggur það hjá formanni hennar og hefur borizt til hans eftir að bankanefndin hélt síðasta fund, en alllangt er síðan.

Hitt er svo annað mál, að það er mjög vafasamt, að það sé eðlilegt að senda slíkt mál sem þetta til mþn., sem starfar að endurskoðun bankalöggjafarinnar. Fyrst og fremst hefði verið eðlilegt að leita eftir tillögum bankanna sjálfra um þetta mál, eða allra helzt að skipa n. sérfræðinga til þess að íhuga það, sem hér er um að ræða, vegna þess að þetta mál er algerlega sérstaks eðlis og í sjálfu sér óskylt sjálfri bankalöggjöfinni. Um þetta mundi auðvitað þurfa að setja alveg sérstaka löggjöf, en ákvæði um þetta ættu ekki heima í löggjöf um neinn af þeim bönkum, sem nú starfa, né heldur um sérstakan seðlabanka, þótt stofnaður yrði. Ákvæði um þetta ættu að vera alveg sérstök löggjöf, ef til kæmi, enda mun um það hafa verið rætt í Finnlandi, þar sem mál þetta hefur verið mest rætt. Þar mun engum hafa komið til hugar, að ákvæði um þetta ættu heima í almennri bankalöggjöf né heldur í löggjöf um hina einstöku banka. Ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert annað í þessu en að senda það formanni millibankanefndarinnar, er að vísu erindið ágætlega komið í hans höndum, svo vel sérfróður sem hann er um þau mál, sem hér er um að ræða. En æskilegra teldi ég þó, að ríkisstj. hefðist eitthvað annað og meira að, fæli þessa athugun einhverjum sérfróðum mönnum í samráði við bankana og þá kannske í samráði við bankanefndina, sem nú starfar.

Tilgangur minn með fsp. var fyrst og fremst að fá vitneskju um það, sem kynni að hafa verið gert í málinu, og auk þess að vekja athygli á því, að hér er um að ræða mál, sem undir engum kringumstæðum má sofna og á skilið hina vönduðustu sérfræðilegu athugun.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Ég tel þá málsmeðferð, sem hefur verið höfð á þessari till., alveg eðlilega frá hendi ríkisstj.,

að senda till. til bankamálanefndarinnar, þar sem dr. Benjamín er formaður og hv. 1. landsk. þm. (GÞG) á sæti og fleiri ágætir menn. Og það er eðlilegt, að þessi n. hafi till. til athugunar fyrst og fremst. Hún er í stöðugu sambandi við bankana, um leið og hún endurskoðar bankalöggjöfina, og það er ekki eðlilegt, að ríkisstj. geri aðrar ráðstafanir í þessu máli fyrr en álit frá bankanefndinni er komið, og mér kemur það nú dálítið kynlega fyrir, að hv. fyrirspyrjandi skuli ekki hafa kynnt sér málið í n., því að það er fyrir alllöngu síðan komið til hennar. En ríkisstj. væntir þess, að álit frá bankanefndinni komi fljótlega, og það verður m. a. undir því áliti komið, hvað ríkisstj. sér ástæðu til að gera í málinu. Ég er hv. fyrirspyrjanda sammála um það, að þetta mál sé mikilsvert og þess virði, að því sé gaumur gefinn.

*Skúli Guðmundsson:* Herra forseti. Hér hefur verið gerð að umtalsefni till. um verðtryggingu sparifjár, sem samþ. var á síðasta þingi. Þessi till. var fram borin á þinginu af mér, hv. 1. þm. Rang. (HelgJ) og hv. þm. S-Þ. (KK), og var till. samþ. nokkuð breytt hér á hæstv. Alþingi.

Mér þykir vænt um, að hv. 1. landsk. þm. hefur hreyft þessu máli í fyrirspurnarformi, og úr því að málinu hefur verið hreyft hér, þá vildi ég nota tækifærið til þess að beina þeim tilmælum til hæstvirtra ráðherra, að athugun þessa máls verði hraðað svo sem föng eru á. Ég vænti þess vitanlega, að jákvæður árangur verði af þessari rannsókn, svo að unnt verði að koma á slíkri tryggingu hið fyrsta.

## 13. Álagning á vörur o. fl. (fsp. GÞG).

Á 15. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt:
*Fsp. til viðskmrh. um álagningu á innfluttar vörur o. fl.* [97. mál, 2] (A. 161).

Á 16. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Þegar fyrrverandi hæstv. ríkisstj. afnam nær allt verðlagseftirlit, skömmu eftir að hún kom til valda, var því lýst yfir af hæstv. fyrrverandi viðskmrh., að ríkisstj. mundi fylgjast með því og gefa almenningi kost á að fá vitneskju um, hver áhrif afnám verðlagsákvæðanna hefði á álagningu og vöruverð, og þess vegna mundi ríkisstj. sjá til þess, að safnað yrði skýrslum um álagningu og vöruverð á þeim vörum, sem frjáls álagning væri á, og þær birtar almenningi. Þetta var og gert skömmu eftir að álagningarreglurnar voru afnumdar. Af þeim skýrslum kom í ljós, að álagning hafði stórhækkað, hafði hækkað svo mikið, að um hreint verzlunarhneykslí var að ræða, enda hlaut svo að fara, vegna þess að markaðinn hungraði eftir fjölmörgum vörutegundum, sem innflutningur hafði verið takmarkaður eða jafnvel alveg bannaður á um langt skeið, og nú þegar hann var skyndilega gefinn frjáls og verðlagsákvæði jafnframt afnumin, þá hlaut svo að fara, að þetta ástand yrði notað, enda var hægt að nota það til þess að okra mjög á ýmsum þessara vörutegunda.

Skýrslur hæstv. fyrrverandi ríkisstj., sem samdar voru af verðgæzlustjóra eða á skrifstofu hans, leiddu og tvímælalaust í ljós, að svo var. Þessar skýrslur urðu mikið umræðuefni hér á Alþ. og í blöðum, en á grundvelli þeirra mátti sjá, að álagning hafði margfaldazt, oft og einatt komizt upp í mörg hundruð prósent, og að heildarálagning á þær vörur, sem ekkert verðlagseftirlit var með, einkum og sér í lagi bátagjaldeyrisvörurnar, hafði hækkað um tugi milljóna króna. Eru ýmsum hv. alþm. upplýsingar um það vafalaust í svo fersku minni, að óþarfi er að rekja einstök töludæmi um það. Þessari skýrslusöfnun og skýrslubirtingu var síðan haldið áfram um alllangt skeið. En nú hafa hins vegar liðið nokkrir mánuðir, án þess að ríkisstj. eða verðgæzlan hafi birt nokkrar opinberar upplýsingar um álagningu á þær vörur, sem verðlagseftirlit er ekki með. Gera má að vísu ráð fyrir, að álagning hafi lækkað eitthvað, kannske talsvert, síðan á fyrstu mánuðunum eftir að verðlagseftirlit var afnumið, en almenningur á kröfu á því að fá að vita, hver álagning enn er á þær vörur, sem ekki eru háðar verðlagseftirliti, og þess vegna er það, sem ég hef leyft mér að spyrja hæstv. viðskmrh., hvort enn sé safnað skýrslum um álagningu á innfluttar vörur, sem ekki eru háðar verðlagsákvæðum, svo sem byrjað hafði verið á þegar verðlagsákvæði voru afnumin. Ef þetta er ekki gert, þá spyr ég, hvers vegna því hafi verið hætt. En ef það er gert, þá spyr ég, hvers vegna þær skýrslur séu ekki birtar eða niðurstaða þeirra. Hér er um að ræða mál, sem almenningur á heimtingu á að fá fyllstu vitneskju um. Það skiptir miklu máli fyrir raunverulegan kaupmátt launa, við hvaða verði menn þurfa að greiða þær vörur, sem fluttar eru til landsins eða framleiddar eru í landinu. Álagningin ræður verulegu um það verð, sem menn verða fyrir vörurnar að greiða, og þess vegna á almenningur í heilbrigðu lýðræðisþjóðfélagi heimtingu á að fá fulla vitneskju um það, hvaða hlut milliliðir ætla sér sem þóknun fyrir dreifingu vörunnar. Þetta eiga að vera algerlega opinber plögg, sem almenningur á að hafa fullan aðgang að.

Enn fremur hef ég leyft mér að spyrja um, hvaða breyting hafi orðið á kostnaðinum við framkvæmd verðlagseftirlitsins eða verðgæzlunnar frá 1949 og til 1952, en 1949 var sem kunnugt er verðlagseftirlit með nær öllum innfluttum vörum og nær öllum innlendum iðnaðarvörum og innlendri þjónustu. 1952 hafði

hins vegar verðlagseftirlitið verið takmarkað við mjög fáar vörutegundir, þær einar, sem innflutningur var og er takmarkaður á. En svo hefur virzt sem kostnaðurinn við verðgæzluna hafi lækkað tiltölulega mjög lítið, a. m. k. mun starfsfólki við hana hafa verið fækkað mjög lítið. Það er því alveg augljóst mál, að ef það er rétt, að um það bil sami fólksfjöldi starfi að verðgæzlu nú og gerði meðan nær allar innfluttar vörur og öll innlend iðnaðarvara og þjónusta var undir verðlagseftirliti, þá ætti það lítið að kosta til viðbótar, þótt skrifstofan og starfsfólkið væri látið hafa fullt verkefni og allar innfluttar vörur og innlend iðnaðarvara og þjónusta væri enn háð verðlagsákvæðum. Um þetta vildi ég enn fremur fá nákvæmar upplýsingar, svo að unnt væri að gera sér sem skýrasta grein fyrir því, hversu mikið ríkisstj. hefur sparað á því að afnema verðlagseftirlitið. Hitt veit maður, að almenningur hefur tapað tugum milljóna á því, að verðlagseftirlitið skyldi hafa verið afnumið.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Almenningur hefur tapað tugum milljóna á því, að verðlagseftirlitið var afnumið, sagði hv. fyrirspyrjandi. Ég býst nú við, að það væri eðlilegt, að þessum fullyrðingum fylgdu einhver rök og að hann væri þá með skýrslur í höndunum, sem sönnuðu þetta. Ég kem kannske að því síðar. En fsp. þær, sem hér eru fram bornar, eru að mínu áliti alveg eðlilegar og ég get tekið undir með fyrirspyrjanda, að það er sjálfsagt og eðlilegt, að neytendur í landinu fái að fylgjast með því, hversu álagningin er há á hverjum tíma eða hversu mikið verzlunarstéttin tekur í þjónustugjald við það að dreifa vörunni til almennings. Þetta er alveg sjálfsagt og eðlilegt.

Í fyrstu er spurt að því:

„Er enn safnað skýrslum um álagningu á innfluttar vörur, sem eru ekki háðar verðlagsákvæðum, svo sem byrjað var á, þegar verðlagsákvæði voru afnumin? Ef svo er ekki, hvers vegna var því þá hætt? Ef svo er, hvers vegna eru þær þá ekki birtar?“

Það verður eitt og sama svarið við 1. og 3. spurningunni, því að skrifstofa verðgæzlustjóra hefur stöðugt unnið að athugun á álagningu á vörum, sem undanþegnar eru verðlagsákvæðum, og hefur nýlega lokið við skýrslu um niðurstöður þeirra athugana, sem gerðar hafa verið á þessu ári úti á landi, en Reykjavíkurskýrslan verður væntanlega tilbúin um næstu mánaðamót, og verður þá heildarskýrslan send blöðunum til birtingar.

Hv. fyrirspyrjandi talaði um, að það hafi dregizt í nokkra mánuði nú að birta þessar skýrslur, og það er alveg rétt, að svo hefur verið, en það er ekki vegna þess, að það hafi verið meiningin að hætta birtingu þessara skýrslna, heldur þykir ástæða til að draga þetta saman og birta skýrslur t. d. tvisvar, þrisvar á ári, og ætti það að nægja til þess, að almenningur fengi að fylgjast nægilega með, því að skýrslusöfnun og skýrslugerð sem þessi útheimtir ákaflega mikla vinnu og hefur mikinn kostnað í för með sér.

Þá spyr hv. fyrirspyrjandi að því, hver kostnaðurinn við framkvæmd verðlagseftirlitsins hafi verið 1949 og 1950.

Svar: Heildarkostnaður við skrifstofu verðgæzlustjóra árið 1949 nam 760802 kr.; þar af voru launagreiðslur kr. 560508.00, en heildarkostnaður við skrifstofu verðgæzlustjóra árið 1952 nam kr. 592900.00, þar af launagreiðslur 475350 kr. Heildarkostnaður við verðlagsskrifstofu fjárhagsráðs nam árið 1952 195050 kr., þar af launagreiðslur 124976 kr. Áður en embætti verðgæzlustjóra var stofnað, annaðist sama stofnunin, skrifstofa verðlagsstjóra, bæði verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit.

Nú býst ég við því, að hv. fyrirspyrjandi segi sem svo: Það hefur nú ekki sparazt mjög mikið við það, að hámarksálagning var afnumin á ýmsum vörum. Ósköp lítið hefur nú sparazt, mun hann segja, eða tæpar 170 þús. kr. í launagreiðslum. En 170 þús. kr. eru nú líka peningar. Og þess verður líka að geta, þegar þessar tölur eru bornar saman, að önnur talan er frá árinu 1949, fyrir gengisbreytingu, og svo er aftur miðað við árið 1952, og samt munar í launagreiðslum allt að 170 þús. kr. Við vitum, að launagreiðslur frá 1949 hafa hækkað ákaflega mikið, og munurinn er þess vegna talsvert meiri en hér er sýnt.

En svo verð ég að geta þess, að enda þótt hámarksákvæði hafi verið afnumin á ýmsum vörutegundum, þá hefur ekkert verið slakað á verðgæzlunni. Það er fullkomin verðgæzla í landinu eftir sem áður, og það hefur komið í ljós, að þótt hámarksákvæðin hafi verið afnumin, þá er nú, eftir að vörubirgðir söfnuðust upp í landinu og vöruhungrið var mettað, álagningin á hinum ýmsu nauðsynjavörum ekki hærri í dag — eða sama sem ekkert hærri — heldur en hún var á meðan hámarksákvæðin giltu. Og ég held nú, að hv. fyrirspyrjandi ætti að vera sérstaklega ánægður með, að ekki hefur verið slakað á verðgæzlunni samtímis því sem hámarksákvæðin voru afnumin, því að það er þetta, sem hann er hér að tala um í dag að sé nauðsynlegt, að almenningur fái að fylgjast með. Ef ég mátti skilja ræðu hans rétt áðan, þá taldi hann það einnig nauðsynlegt, sem ég geri líka, að það sé takmarkað, sem almenningur greiðir í þjónustugjald til þeirra, sem við vörudreifinguna fást. Og með því að ekki er slakað á verðgæzlunni, þótt hámarksákvæðin séu afnumin, þá er hér um töluvert aðhald að ræða, ef það út af fyrir sig nægir ekki að hafa nægilegt vöruframboð og vörumagn á boðstólum. En það er mín skoðun, að það út af fyrir sig sé nú bezta verðlagseftirlitið, ef fólkið hefur nægilegt vöruval úr að velja, það getur gengið á milli búða og keypt vöruna þar sem hún er ódýrust og þar sem hún er bezt. Og það vitum við allir — og hv. fyrirspyrjandi líka — að á meðan allar vörur voru undir verðlagsákvæðum, en vöruskorturinn var í landinu, þá gagnaði verðlagseftirlitið ekki nema að örlitlu leyti. Það var farið fram hjá verð-

lagsákvæðunum, og almenningur varð að kaupa vöruna miklu dýrar en hún virtist vera eða átti að vera. En frá þessu hefur orðið breyting. Nú má segja, að álagningin sé mjög skapleg, eftir því sem við er að búast. Við vitum, að verzlunarkostnaður er mjög hár í dag, og það er eðlilegt, að verzlunarálagning þurfi þess vegna að vera töluverð. En það, sem ég vil endurtaka og undirstrika, er það, að álagningin er í dag mjög svipuð því, sem hún var á meðan hámarksákvæðin giltu.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir mjög greinagóð svör við fsp. mínum og gleðst sérstaklega yfir því, að von skuli vera á nýrri skýrslu um álagningu á innfluttar vörur, sem verðlagsákvæði gilda ekki um. Ég vona, að hún verði girnileg til fróðleiks, svo sem fyrri skýrslur um þessi efni, þó að ég voni að vísu líka, að niðurstöður hennar beri ekki vott um eins hróplega álagningu, í mörgum tilfellum eins hróplegt okur og fyrri skýrslur leiddu í ljós. Ég vona vissulega, að svo verði, og fagna því að fá tækifæri til þess að kynna mér þessar skýrslur.

En það kom í ljós, sem mig og marga fleiri hafði grunað, að sparnaður ríkissjóðs af því að fella niður nær allt verðlagseftirlit nemur í raun og veru hlægilegri upphæð. Hér er um að ræða 170 þús. kr. sparnað, og það verður nú ekki talin stór fjárhæð á meira en 400 millj. kr. fjárlögum. Sannleikurinn er sá, að hæstv. viðskmrh. og hæstv. fjmrh. hafa ekki ástæðu til að gorta mikið af þeirri sparnaðarviðleitni, sem leitt hefur af sér 170 þús. kr. sparnað við framkvæmd verðgæzlu í landinu.

Það er auðséð, að það hefur verið eitthvað allt annað, sem vakti fyrir hæstv. fyrrverandi ríkisstj., þegar hún afnam verðlagsákvæðin, en að spara ríkissjóði fé. Umhyggja fyrir almenningi hefur það ekki verið, því að það er vitað, að verðlag á innfluttum vörum stórhækkaði við afnám verðlagseftirlitsins. Það er umhyggja fyrir einhverjum öðrum aðilum, sem knúið hefur ríkisstj. til þess verks að afnema nær allt verðlagseftirlit í landinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri rétt hjá mér að nefna einhver dæmi um, að verðlag á innfluttum vörum hefði hækkað verulega við afnám verðlagseftirlitsins. Ég skal verða við þessari ósk hæstv. viðskmrh., að nefna þá örfá dæmi, sótt í skýrslu fyrirrennara hans í embættinu, hæstv. fyrrverandi viðskmrh., og verðgæzlustjóra.

Samkvæmt fyrstu skýrslunni, sem var birt, hækkaði meðalálagning heildsala á vefnaðarvöru fluttri inn samkv. frílista um 180% frá því, sem verið hafði meðan verðlagsákvæðin voru í gildi. Hún nær þrefaldaðist. Meðalálagning heildsala á bátagjaldeyrisvöru, sem flutt var inn, hækkaði um 128%, eða meira en tvöfaldaðist. Álagningarhækkun smásalanna var hins vegar allmiklu hóflegri, en útsöluverð þessarar vöru, sem fyrsta skýrsla verðgæzlustjóra tók til, hækkaði um 23% vegna álagningarhækkana heildsala og smásala. — Þetta finnst hæstv. ráðh. kannske ekki vera mjög mikið. En það er enginn vafi á því, að það er ekki ofsagt, sem ég sagði, að á þeim vörum einum, sem fyrsta skýrslan náði til, nam álagningarhækkunin nokkrum milljónum, og hafi hún verið tilsvarandi á öllum innflutningnum, hefur hún numið tugum milljóna.

Samkvæmt síðari skýrslunni, sem birt var, kom í ljós, að talsvert var farið að draga úr álagningarhækkuninni. Meðalálagningarhækkun á vefnaðarvöru var í heildsölu 108%, en álagningarhækkun smásalanna var 34%, og þetta olli 11% hækkun á útsöluverði allrar vefnaðarvöru fluttrar inn samkv. frílista. Kaupmáttur launa launamannsins var m. ö. o. lækkaður um 10% vegna álagningarhækkunar milliliðanna. Hver launamaður fékk 10% minna af vefnaðarvöru fyrir kaupið sitt beinlínis vegna þess, að álagningarákvæðin höfðu verið afnumin.

Af síðustu skýrslu hæstv. fyrrv. viðskmrh. mátti sjá, að heildsalar hefðu átt að fá 85 þús. kr. fyrir að flytja inn þær vefnaðarvörur, sem hún tók til, samkv. fyrrverandi verðlagsákvæðum, en þeir tóku 176 þús. kr. fyrir það. Smásalar áttu að fá 343 þús. kr. fyrir að flytja inn þær vörur, sem skýrslan fjallaði um, en þeir tóku 459 þús. kr. fyrir það. Þetta eru engar smáupphæðir. Og þess vegna er það vafalaust rétt, að almenningur í landinu hefur verið látinn greiða tugi milljóna króna meira en ella, vegna þess að verðlagsákvæði voru afnumin.

Fyrrv. ríkisstj. bar því við, þegar hún afnam verðlagsákvæðin, að hún vildi spara — spara ríkissjóði fé. Henni hefur tekizt að spara 170 þús. kr., en almenningur hefur orðið að borga tugi milljóna króna til viðbótar. Þetta er stefna fyrrverandi og núverandi ríkisstj. í hreinni mynd, í allri sinni nekt. Almenningur má borga tugi milljóna, það er réttlætt með því, að ríkissjóður spari 170 þús. kr.

Það tjáir ekkert fyrir hæstv. viðskmrh. að halda því fram, að ekki megi bera núverandi álagningu saman við þau verðlagsákvæði, sem giltu áður, vegna þess að þau hafi ekki verið haldin. Ef hæstv. viðskmrh. segir þetta, þá er hann að halda því fram, að verzlunaraðilar, kaupmenn og kaupfélög, hafi áður brotið verðlagsákvæði í stórum stíl. Hæstv. viðskmrh. var sjálfur fyrirmyndar kaupfélagsstjóri, og ég trúi því ekki, að hann haldi því fram, að hans kaupfélag eða önnur kaupfélög eða kaupmenn almennt hafi brotið verðlagsákvæði í svo stórum stíl, að algerlega óheimilt sé að bera núverandi frjálsa álagningu saman við verðlagsákvæðin. Ef sá samanburður er óleyfilegur, þá er það versti áburður, sem íslenzk verzlunarstétt nokkurn tíma hefur orðið fyrir. Ég vænti þess ekki að heyra slíkan áburð úr munni hæstv. núverandi viðskmrh.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi (GÞG) misskildi mig alveg áðan. Ég var ekki að bera það á kaupmenn og kaupfélög, að þau hefðu brotið verðlagsákvæði í stórum stíl. Hitt veit þessi hv. þm., að verðlagsákvæðin dugðu ekki að því leyti,

að það voru ýmsir, sem voru með alls konar viðskipti og brask á bak við tjöldin, þegar vöruþurrðin var, og það er nú hægt að tala um það í fullri hreinskilni. Það er öllum ljóst, að svarti markaðurinn og bakdyraverzlunin þróaðist á því tímabili, sem verðlagsákvæðin voru sem hörðust. Og hvers vegna eigum við að vera að setja hér upp hræsnissvip og viðurkenna ekki þessa staðreynd? Verðlagsákvæðin, á meðan þau voru hvað mest, dugðu ekki; það var farið fram hjá þeim, og almenningur hafði þess vegna ekki not af þeim. En þau verðlagsákvæði og það verðlagseftirlit, sem fyrrverandi ríkisstj. kom á með því að útiloka svarta markaðinn og vöruþurrðina, hefur verið haldbezt og haldrýgst fyrir allan almenning í þessu landi. Og ég vil segja, að það hafi sparað almenningi í þessu landi tugi millj. kr. og aukið kaupmátt launþeganna sem því svarar, að þeir skyldu losna við svarta markaðinn, sem þróaðist í skjóli verðlagseftirlitsins.

Þá er hv. fyrirspyrjandi að tala um það, að sparnaðurinn hafi ekki verið nema 170 þús. kr. 170 þús. kr. er náttúrlega ekki stór peningur að áliti þessa hv. þm., en þetta er vitanlega miklu meira en 170 þús. kr., vegna þess að það er annars vegar tekið árið 1949 og hins vegar árið 1952, og á þessu tímabili hafa launagreiðslur stórhækkað. En ég er sammála hv. þm. um það, að þetta út af fyrir sig er ekki afgerandi í málinu. Það, sem er afgerandi í málinu, er það, að verzlunarástandið hefur stórum batnað frá því, sem það var. Og hv. þm. ætti ekki að álasa hæstv. ríkisstj. fyrir það, þótt hún hafi ekki dregið úr verðgæzlunni. Verðgæzlan er í fullum gangi eftir sem áður og skýrslusöfnun **eins og hv. þm. óskar eftir að sé.**

Ef við athugum nú — ég er hérna með verðútreikning yfir vefnaðarvöru — álagningu á vefnaðarvöru, t. d. á lérefti, eins og hún var samkvæmt verðlagsákvæðunum og eins og hún er í dag undir frjálsu verðlagi, þá er það þannig, að hér er t. d. eitt dæmi: léreft, sem er keypt fyrir kr. 1784.52. Ef verðlagsákvæði hefðu gilt, þá hefði álagning á þessum vöruslatta verið kr. 160.61, en álagning á svipaða upphæð núna er kr. 162.20. Það er m. ö. o. kr. 1.60 hærri álagning á þessa upphæð í dag en var á meðan verðlagsákvæðin voru í gildi. Nú vil ég geta þess, að þetta er raunverulega minni álagning í dag en var á meðan verðlagsákvæðin giltu, því að verðlagsákvæðin voru afnumin — að mig minnir — í apríl 1951. Síðan hafa ýmsir kostnaðarliðir hækkað mjög hjá verzluninni. 1952, í aprílmánuði, hækkuðu bankavextir, en það þýðir, að það hækkar verzlunarkostnaður. Og síðan 1951, eftir að verðlagsákvæðin voru afnumin, hefur kaupgjald og annar kostnaður við verzlunarrekstur aukizt gífurlega, eins og allir þekkja, sem við verzlun hafa fengizt. Samt er það svo, að á þetta vörumagn, kr. 1784.00, er ekki lagt meira núna en var undir verðlagsákvæðunum, nema sem nemur kr. 1.60, sem er raunverulega miklu minni þóknun í álagningu en áður var. Og þegar sú skýrsla, sem verður birt um næstu mánaðamót frá verðgæzlunni, kemur fram, þá munu menn sjá það, að álagning á vefnaðarvörur og aðrar nauðsynjavörur er nú svo hæfileg, miðað við það, sem hún var undir verðlagsákvæðunum, að það er ekki undan neinu að kvarta í þessu efni.

Mig minnir, að hv. fyrirspyrjandi hafi einhvern tíma verið í verðlagsn., sem tók ákarðanir um, hversu álagning mætti vera há á ýmsum vörum, og mig grunar, að hámarksákvæðin á ýmsum vörum hafi verið ákveðin af honum, a. m. k. að einhverju leyti. Þegar nú undir frjálsu fyrirkomulagi er hægt að staðhæfa það, að álagningin er ekki meiri en þessi hv. þm. leyfði, þegar hann var í verðlagsn., þá er ekki a. m. k. ástæða fyrir hann að vera að kvarta undan hárri álagningu.

Varðandi það, sem þessi hv. þm. sagði hér áðan í sambandi við hækkaða álagningu, þá er rétt að geta þess, að fyrst í stað þegar álagningin var gerð frjáls, þá hækkaði hún töluvert á meðan verið var að metta markaðinn og seðja vöruhungrið, en síðan þetta breyttist og vöruhungrið var mettað og vöruframboðið varð nóg, þá hefur álagningin og verðlagið leitað í þann farveg, sem ég áðan var að lýsa, þannig, að álagning á vefnaðarvörur fyrir kr. 1800.00 er nú kr. 1.60 hærri en hún var á meðan verðlagsákvæðin giltu, og er þá ekki reiknað með hinum ýmsu kostnaðarliðum, sem hafa hækkað mjög á þessum tveim árum, sem liðin eru síðan hámarksákvæðin voru felld í burtu, þannig að raunverulega hefur álagningin og þóknunin til verzlunarstéttarinnar lækkað á þessu tímabili, þegar tekið er tillit til þessara kostnaðarliða.

Ég veit, að hv. fyrirspyrjandi er mjög ánægður yfir því að fá þessar upplýsingar, því að hann ber hag almennings fyrir brjósti sérstaklega, eins og okkur öllum ber vitanlega að gera. Þessar upplýsingar hefur hann kannske ekki búizt við að fá, en þessar staðreyndir hlýtur hann að vera mjög ánægður með. Og þegar sú skýrsla kemur, sem verður birt um næstu mánaðamót, þá mun hann verða enn glaðari í sínu hjarta af þeim árangri, sem hefur náðst í verzlunarmálunum.

*Björn Ólafsson:* Herra forseti. Ég tek nú ekki til máls í þessu máli af því, að ég telji, að hæstv. ráðh. (IngJ) hafi ekki í fullu tré við hv. 1. landsk. (GÞG) í þessu máli; það er síður en svo, eins og komið er fram í þessum umr. En vegna þess, að mér eru ekki alveg óviðkomandi þær ásakanir, sem hann bar fram í sambandi við kostnaðinn við verðgæzluna, þá vildi ég gjarnan víkja að því nokkrum orðum.

Mig furðar satt að segja á því, að hv. þm., eftir allt það fimbulfamb, sem hann hefur haft um þetta mál fyrr og síðar, frá því að það kom fyrst til umr. og hámarksákvæðin voru afnumin, skuli nú vera að reka hornin í það, að verðlagseftirlitið skuli ekki hafa verið skorið nægilega niður. Auðvitað er ekki hægt að lækka kostnaðinn við verðlagseftirlitið nema dregið sé úr starfseminni. Ef verðlagseftirlitið á að haldast óbreytt, er sýnilegt, að standa verður undir þeim kostnaði, sem af því leiðir.

Þess vegna kemur þetta úr hörðustu átt og er illa í samræmi við það, sem hv. þm. vill halda fram í þessu máli.

Þegar hámarksákvæðin voru afnumin að mestu leyti, þá var gert það, sem hægt var, til þess að lækka kostnaðinn við verðlagseftirlitið í samræmi við það hlutverk, sem verðlagseftirlitið hafði, eftir að hámarksákvæðin voru afnumin. Ef ég man rétt, þá var þriðjungur af mannafla skrifstofunnar látinn fara. En þrátt fyrir það að mjög var gengið á verðgæzlustjóra að fækka sem mest fólkinu, þá taldi hann, að ef hann ætti að sinna, svo að í lagi væri, því hlutverki, sem honum var fengið eftir að hámarksákvæðin voru afnumin, m. a. fyrir forgöngu og mikið umtal af hálfu hv. 1. landsk., því hlutverki að hafa eftirlit með verðlagi í landinu og gefa skýrslu um það, þá gæti hann ekki gert það með færra fólki en þegar hafði verið ákveðið, eftir að hámarkseftirlitið var afnumið. Þetta nýja hlutverk, sem honum var fengið og hefur verið hv. þm. ærið efni í langar ræður á mörgum þingum, var rannsókn á verðlaginu og eftirlit með verðlagi á nokkuð mörgum vörutegundum, á svipaðan hátt og áður var, í sambandi við þá samninga, sem gerðir voru er vinnudeilunni lauk á síðasta ári.

Ég tel það ekki skipta miklu máli, hvort verðlagseftirlitið er 170 þús. kr. dýrara eða ódýrara í rekstri. Hitt er aðalatriðið, að það geti afkastað því starfi sómasamlega, sem því er fengið í hendur. Ég álít, að það hafi gert það og ekkert sé undan því að kvarta. Hv. þm. hefur sízt að minu áliti undan því að kvarta, því að hann hefur fengið allar þær skýrslur, sem hann hefur beðið um, að því er ég veit bezt. Var þar unnið talsvert fyrir hann og honum gefið efni í þingræður, sem hann hélt. Það var unnið fyrir hann á verðgæzluskrifstofunni, svo að hann gæti haldið áfram fullyrðingum sínum, sem því miður voru flestar út í bláinn. Upplýsingarnar voru því miður mjög misjafnlega notaðar, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið.

Þær fullyrðingar, sem hv. þm. bar fram hérna, eru ekki annað en það, sem stundum hefur á blaðamáli verið kallað „gamlar lummur". Þetta hefur hann endurtekið nú a. m. k. á tveim þingum. Þetta er líklega þriðja þingið, sem hann ber fram þessar gömlu „lummur", sem eru fullyrðingar út í bláinn, er hann hefur aldrei getað sannað. Hann er með tölur, sem hann fullyrðir að séu réttar, en hann hefur aldrei getað fundið þeim stað, enda var engin undirstaða fyrir tölunum. Það er ákaflega auðvelt að halda langar ræður með slíkum hætti fyrir þá menn, sem ekki eru vandari að virðingu sinni en svo, að þeir halda því fram, sem þeir sjálfir vita ekki hvort er rétt. Það er sannast sagna um hv. þm., að þótt hann sé að fullyrða þetta, þá veit hann ekki, hvort það er rétt, því að hann hefur ekki haft tækifæri eða getu til þess að prófa það. Ég kalla það heldur óvandaðan málflutning, eins og allur málflutningur hans hefur verið í þessu máli. Hann hefur verið óvandaður frá upphafi til enda og hefur ekki verið settur fram í öðru skyni en því að sinna lýðskrumshlutverki sínu eins og það hefur nú verið undanfarin ár.

Út af þeim skýrslum, sem fram hafa komið s. l. tvö missiri, vil ég segja, að ég ætla, að a. m. k. þær skýrslur, sem síðast komu fram, sýndu, að álagningin var að ná jafnvægi og orðin mjög hófleg. Því var aldrei haldið fram, þegar hámarkseftirlitið var afnumið, að ekki kynni að bregða eitthvað út úr góðu horfi fyrst í stað. Hjá því var naumast hægt að komast, enda gengu menn að því sem vísu. En eftir því sem lengur leið, komust þessi mál í betra horf og jafnvægið varð betra og betra. Síðustu skýrslur, sem komu út, sýndu mjög hóflega álagningu. Var varla hægt að segja, að um nokkra misnotkun væri að ræða í þeim skýrslum. Þetta kallar nú hv. þm. að sé að hafa tugmilljónir króna af almenningi. Ég mundi nú heldur segja, að almenningur hafi grætt tugmilljónir króna á því, að hámarksverð var afnumið og jafnframt að vörubirgðir voru svo mikið auknar í landinu, að fullkomlega frjáls samkeppni gat komið til greina. Þeir menn, sem nokkuð eru kunnugir verzlunarástandinu í dag, vita það, að samkeppni er mikil í flestum vörum núna; ég vil segja nær því hvaða vöru sem er frjáls innflutningur á. Samkeppnin er svo mikil, að ég fullyrði óhikað, að það er hvergi í nágrannalöndunum lægri álagning á slíkar vörur en hér. (*Forseti:* Ræðutímanum er lokið.)

Ég skal þá reyna að slá botninn í þetta. Ég segi: Almenningur hefur grætt tugmilljónir króna á því, að haftaskipulag Alþfl. var afnumið með öllum ókostum þess og svartamarkaðsbraski, sem því fylgdi. Og það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að halda því fram, að fólkið sjálft líti á þetta eins og hann. Það lítur allt öðruvísi á það. Það lítur þannig á, að það sé verzlunarfrelsið, sem þjóðin hefur grætt á; það sýna kosningarnar í sumar. Ef þetta er athugað ofan í kjölinn, þá geri ég ráð fyrir, að hv. 1. landsk. þm. komist að raun um, að ein meginorsök þess, hvernig kosningarnar fóru í sumar fyrir flokki hans, var sú, hvernig afstaða hans og flokks hans var í þessu máli.

*Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason):* Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. varð heldur lítil hjálp að ræðu hv. 3. þm. Reykv. (BÓ). Sú ræða hefði betur verið óhaldin, og hlutur viðskmrh. hefði þá verið heldur betri en hann nú er orðinn eftir ræðu hv. flokksbróður sins. Upphafið á ræðu hans var algerlega óskiljanlegt. Hann sagði, að ég virtist vilja afnám verðlagseftirlits vegna þess, að ég heimtaði, að kostnaðurinn yrði sem lægstur. Auðvitað ætlast ég til þess, að hæstv. ríkisstj. spari á öllum sviðum. Ég ætlast til þess, að hún spari stjórnarkostnað, þó að ég vilji ekki leggja ríkisstj. niður. Hvað á svona málflutningur að þýða? (*BÓ:* Hver segir, að það sé ekki sparað eins og hægt er?) Já, það ber vott um skringilegan sparnað, að nær allt verðlagseftirlitið hefur verið afnumið og kostnaðurinn samt ekki lækkað nema um 170 þús. kr. (*BÓ:* Þetta er hreinn misskilningur.) Þá

hefur hæstv. viðskmrh. farið með alrangt mál hér áðan, og þá eru flokksbræðurnir að leiðrétta hvor annan. (*Forseti:* Ég vil benda ræðumanni á, að þetta er aðeins örstutt aths.) Aðeins örfá orð, herra forseti, vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég hefði á undanförnum árum farið með staðlausa stafi um álagningu verzlunarstéttarinnar á innfluttar vörur. Ég ætla að benda þingheimi á, að allt það, sem ég hef sagt um þessi mál, hefur verið sótt í skýrslur, sem sjálfur viðskmrh., Björn Ólafsson, hefur gefið út. Sé eitthvað rangt í því, sem ég hef sagt, t. d. tölunni, sem ég nefndi áðan, þá eru skýrslur hans falsaðar. (Gripið fram í.) Ekkert verið misnotaðar. Ég hef ekkert sagt annað en það, sem ég hef beinlínis sótt í hans eigin skýrslur, og annaðhvort gefur hann út rangar skýrslur eða starfsmenn hans. Það er náttúrlega dæmalaust, að hv. þm. skuli standa hér upp og kalla það óvandaðan málflutning að nota skýrslur, sem hann sjálfur hefur fengið mönnum í hendur. Hvað er þá vandaður málflutningur, með leyfi að spyrja?

En staðhæfingar mínar mun ég halda áfram að endurtaka, þangað til ástand þessara mála verður lagað og lagað meir en það hefur verið gert hingað til.

Hæstv. núverandi viðskmrh. sagði, að verzlunarástandið hefði stórum batnað á undanförnum tveimur, þremur árum. Það hefur meira verið til af vörum. Það er rétt. En hverju er það að þakka? Það er því að þakka fyrst og fremst, að við höfum fengið vörur fyrir hundruð milljóna króna gefnar erlendis frá. Marshallaðstoðin hefur numið mörgum hundruðum milljóna króna. Hún hefur komið í vörum, og það er ein höfuðástæðan fyrir því, að meiri vörur hafa verið til í búðunum en áður, og auk þess hefur verzlunarhallinn numið mörg hundruð milljónum króna. Á tveimur og hálfu ári hefur verzlunarhallinn numið 600 millj. kr. Það er von, að eitthvað sé til af vörum í búðunum. En hitt staðhæfi ég, og við það stend ég, að þetta hefur verið almenningi óhagstætt að því leyti, að verð varanna hefur verið hærra en það hefði þurft að vera, vegna þess að álagningin hefur stórhækkað samkvæmt skýrslum sjálfs fyrrverandi viðskmrh., Björns Ólafssonar.

*Forseti (JS):* Mér þykir það leitt, að síðasti ræðumaður misnotaði þá heimild, sem ég veitti honum til að segja aðeins örfá orð. Samkvæmt þingsköpum er ræðumönnum aðeins ætlað að tala tvisvar. Ég gerði það þó, af því að ég treysti því, að hann mundi aðeins segja örfá orð, en ég tel, að hann hafi misnotað þetta. Ég harma það.

*Gísli Jónsson:* Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af því, að hæstv. forseti hefur leyft hér einum af hv. þm. að fara lengra en þingsköp leyfa, mega vænta þess, að sú aðferð verði ekki tekin upp hér í Alþ. (*Forseti:* Ég mun gæta þess framvegis.) Nú hefði það verið sök sér, ef um hefði verið að ræða mann, sem flutti þinglega sitt mál, þótt þessi þingsköp hefðu verið brotin. En að hlusta hér dag eftir dag á tómar fullyrðingar, hálfgerðar svívirðingar á pólitíska andstæðinga og brjóta svo þingsköpin eins freklega og hér hefur verið gert, það verður náttúrlega ekki þolað af samþm. þessa hv. þm. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að hann hefur nýlega rætt hér og tekið meiri tíma í hvort skipti en hann hafði leyfi til samkvæmt þingsköpum um fyrirspurn, sem hann bar hér fram, og upplýst er, að málið hefur stöðvazt hjá ríkisstj. af því, að það er í höndum þessa hv. þm. enn þá til þess að svara málinu. Svo lítið veit hann um þau mál, sem hann er að bera fram hér í Alþ. — Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að hann hefur flutt hér — (Gripið fram í.) Ég vildi nú gjarnan, að hv. þm. þegði hér og bryti ekki þingsköpin á þann veg meðan ég er að tala samkvæmt þingsköpum. Hann hefur flutt hér þess utan þáltill. um að koma málunum í það horf, sem þau þurfa að komast í, en hann hefur sjálfur staðið á móti í þrjú þing að gætu komizt í það horf, sem hann nú heimtar að þeim sé komið í og ásakar ríkisstj. fyrir að vera ekki búin að koma þeim í.

Ég þóttist hafa ástæðu til þess að segja þessi orð og vænta þess, að hæstv. forseti leyfi ekki manni, sem fer jafnóvirðulega með málflutning hér á Alþ., að tala lengur en hann hefur leyfi til samkvæmt þingsköpum.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Nú var skemmtiatriði á dagskrá. Hv. þm. Barð. (GíslJ) kom fram í gervi vandlætarans; einhver allra svívirðilegasti og dónalegasti orðhákur þessa þings fer að setja ofan í við hv. 1. landsk. (GÞG) fyrir óþinglegt orðbragð. Skörin færist stundum upp í bekkinn, og það gerði hún sannarlega hér, og var ekki verið að taka af sér skóhlífarnar, heldur farið hér á skítugum skónum til þessa verks.

Viðvíkjandi ásökun hæstv. forseta í garð hv. 1. landsk. um það, að hann hafi brotið þingsköp með því að tala í þriðja sinn, þá verð ég nú að segja það, að vissulega er það honum málsbót, að hæstv. forseti gaf honum leyfi til að fara í ræðustól í þriðja sinn, og hvers vegna? Af því, að það var vitanlega viðurkennt bæði af forseta og öðrum, að hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), hæstv. fyrrverandi viðskmrh., hafði farið með þau svigurmæli hér, sem sneiddu að heiðri hv. þm., og þess vegna bar forseta að leyfa þetta. Og ég hygg, að hv. 1. landsk. hafi ekki gert annað en það að bera af sér þær svívirðingar, sem hv. 3. þm. Reykv. bar á hann, nefnilega það, að hann hefði farið rangt með opinberar tölur. En ég hygg, að allir viðurkenni, að hv. 1. landsk. er mjög grandvar með að fara rétt með tölur.

Ein af þeim ásökunum, sem borin var fram á hendur hv. 1. landsk. þm., var sú, að hann hefði ekki tekið hér dæmi til að færa orðum sínum stað, en það gerði hann þó vissulega. Svo kemur hér hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) og segir: Hér á Íslandi er nú lægri álagning á vörum en á nokkrum hinna Norðurlandanna. — Kom þessi hv. þm. með tölur frá hinum Norðurlöndunum

um álagningu þar og álagningu hér? Nei, bar það ekki við, kom með staðhæfingu, sem hann leitaðist ekki við að sanna, og ætti þó að hafa öðrum þm. betri aðstöðu til að hafa slík gögn í höndum sem fyrrv. viðskmrh. Honum leyfist að koma hér fram með fullyrðingar, sem gætu verið 100% lygi, án þess að bera það við að færa orðum sínum stað, og það er óskað eftir því nú, að hv. þm. komi með sönnunargögn fyrir því, að álagning sé nú lægri á Íslandi en í nokkru hinna Norðurlandanna, og verði þannig ekki ber að ósannindum fyrir framan þingheim.

Eina sönnun þóttist hv. þm. bera fram fyrir því, að hæstv. fyrrverandi ríkisstj. hefði verið sýknuð af kjósendum landsins fyrir stjórnina í viðskiptamálunum og fyrir það, að hún hefði fellt niður verðlagseftirlitið, og það var það, hver útkoman hefði verið í síðustu kosningum. Útkoman var í síðustu kosningum sú, að hæstv. stjórnarflokkar töpuðu — töpuðu 3% atkvæða, úr 62% niður í 59%. M. ö. o., það var nokkur áfellisdómur einmitt á hæstv. ríkisstj. í dómi kjósendanna. Og í Reykjavík var Sjálfstfl. svo sem síður en svo á uppgangi hér í þessum kosningum. Aftur á móti sá flokkur, sem haldið hefur uppi gagnrýni á þennan fyrrv. hæstv. viðskmrh., bætti við sig á fimmta hundrað atkvæða í Reykjavík, þegar Sjálfstfl., sem er margfalt stærri flokkur, hjakkaði í sama farinu. (*Forseti:* Tíminn er búinn.) — Nú, er hann búinn? M. ö. o., það sönnunargagn, sem hv. þm. vildi bera fyrir sig, var neikvætt; það var sönnunargagn gegn honum sjálfum og gegn hæstv. fyrrv. ríkisstjórn.

## 14. Olíumál.

Á 15. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt:
*Fsp. til viðskmrh. um olíumál* [97. mál, 3] (A. 161).

Á 16. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson):* Herra forseti. Fyrir nokkru síðan, þegar frv. um olíueinkasölu ríkisins var hér til umr., þá var hér fátt af ráðh. á þingi. Það var á fundi í hv. Nd., og sérstaklega var mönnum þá vant viðskmrh. Með því að beita nokkrum hörkubrögðum tókst þó að fá hæstv. ráðh. til viðtals og fá þannig aðstöðu til að bera fram fyrir hann nokkrar spurningar um þýðingarmikið mál viðvíkjandi olíuinnkaupum þeim, sem ríkið hefur nú gert í sambandi við vöruviðskipti við Rússland. Mönnum lék t. d. hugur á að fá að vita, hvaða innkaupsverð hefði verið á þeim olíum, sem ríkisstj. festi kaup á í Rússlandi, en það hefur ekkert heyrzt opinberlega um verð á þessari vöru. 1. tölul. í fsp. þeirri, sem nú er til umr., er um það, hvaða innkaupsverð pr. tonn hafi verið á þeim olíum, sem ríkið keypti í Rússlandi nú fyrir skemmstu.

Það hafði flogið fyrir, en þó alls ekki fengizt staðfest, að olíufélögin, sem hér starfa, hefðu e. t. v. verið strax gerð að aðilum við kaup olíunnar í viðskiptalandinu, en flestir eru þeirrar skoðunar, að ríkisstj. Íslands sé aðili að samningnum, en þar sem það er hins vegar vitað, að olíufélögin fara eftir sem áður með verzlun olíunnar innanlands, þá standa menn í þeirri meiningu, að olíusamningur ríkisstj. hafi verið framseldur olíufélögunum, og er um það atriði spurt í 2. tölul. fsp., hvort ríkisstj. hafi ekki verið aðili að samningnum eða hvort hann hafi verið framseldur olíufélögunum.

Auðvitað skiptir það geysilega miklu máli, hvort hægt er að komast hjá óþörfum milliliðum í sambandi við olíuverzlunina, og er því spurt um það í 3. tölul., hvort olíusamlög útvegsmanna og sjómanna eigi þess kost að ganga milliliðalaust inn í samninga hæstv. ríkisstj. og fá þannig þessa vöru án milliliðakostnaðar. Manni skilst, að ef það er þannig, að olíufélögin hafi fengið að ganga inn í samninginn, þá ætti samlögum útvegsmanna og sjómanna ekki síður að leyfast það. Um þetta er spurt í 3. tölul. fsp.

Þá er það geysilega mikilsvert atriði í sambandi við verð á vöru eins og olíu, hver farmgjaldakjör eru fáanleg í sambandi við flutning vörunnar til landsins, og menn hafa látið sér detta í hug, að þegar um svo mikið magn er að ræða, sem keypt er á einum stað af einum aðila, þá hafi verið hægt að ná óvenjulega hagstæðum kjörum um farmgjöld. Er spurt um það í 4. tölul. fsp., hvort ekki hafi náðst við svo mikil heildarinnkaup á olíu hagkvæmari farmgjöld en við höfum áður átt að venjast.

5. og síðasti tölul. fsp. víkur að því, hvort ekki sé að vænta hagkvæmara verðlags fyrir notendur olíunnar vegna hagkvæms innkaupsverðs í slíkum stórinnkaupum og vegna hagkvæmari farmgjalda, þar sem vitað er, að hægt er nú að flytja inn vöruna í geysistórum tankskipum.

Þetta eru allt saman atriði, sem ég vona nú að hæstv. viðskmrh. sjái sér fært að svara, af því að hér er um mál að ræða, sem heyra undir hans rn., og um vöruinnkaup að ræða, sem nema, eins og upplýst hefur verið, allt að sjötta hluta af vöruinnkaupum þjóðarinnar. Þetta eru allt saman atriði, sem skipta aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn, mjög miklu máli, og ég vona nú, að við fáum mjög ýtarleg svör við öllum liðum þessarar fsp., því að það eru margir, sem hafa hug á að fá sanna og áreiðanlega vitneskju um þessi atriði.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Ef hv. fyrirspyrjandi er þeirrar skoðunar, að ég sé eitthvað tregur til þess að svara þessum fsp., þá vil ég láta hann vita það, að mér

er ljúft að gera það, enda þótt ég teldi ekki ástæðu til þess að gera það, þegar frv. um olíueinkasölu var hér til umr. fyrir nokkrum dögum í hv. Nd., því að eins og þessi hv. þm. veit, þá snerust umr. um olíueinkasölufrv. upp í spurningatíma og var orðið að nokkurs konar sjónleik í d., og taldi ég mér alls ekki skylt að taka þátt í slíku. En nú hefur hv. þm. borið fram fsp. eins og þingsköp mæla fyrir, og þá er ekki nema sjálfsagt að gefa svör við þeim.

Fyrsta spurningin er þessi: „Hvaða innkaupsverð pr. tonn var á olíum þeim, sem ríkisstj. festi kaup á í Rússlandi?“

Svar við þessari spurningu er á þá leið, að í samningum um olíukaup frá Sovétríkjunum er ekki samið um fast verð, heldur ákveðið, að greitt skuli á hverjum tíma sama verð og skráð er sem heimsmarkaðsverð þann dag, sem olían er lestuð í skip, og þetta fyrirkomulag held ég að sé tryggast fyrir okkur vegna þess, að þótt okkur hefði tekizt að semja um ákveðið verð, þá gat vitanlega verið áhætta í því, ef olían síðar meir hefði lækkað. En með því að gera samningana á þá leið, að það skuli vera lægsta heimsmarkaðsverð á hverjum tíma, þá erum við öruggir að fá olíuna með beztum fáanlegum kjörum.

Þá er önnur spurning: „Var olíufélögunum framseldur samningur ríkisstj., og ef svo er, þá með hvaða kjörum?“

Svar við því: Olíufélögunum þremur var framseldur samningurinn í heild og óbreyttur, enda var heimild til slíks framsals í sjálfum samningnum. Ég veit ekki, hvort hv. fyrirspyrjandi hefur nokkuð við þetta að athuga. Það sýnist vera eðlilegt, að þessum þremur olíufélögum, sem aðstöðu hafa til að taka við olíunni og geyma hana, sé framseldur samningurinn, enda annast þau olíusöluna nú eins og þau gerðu áður, á meðan olían var keypt annars staðar frá.

Þá er þriðja spurning: „Er olíusamlögum útvegsmanna og sjómanna heimilt að ganga inn í samningana milliliðalaust og án milliliðakostnaðar?“

Svar við þessu: Olíuinnflutningur til landsins hefur undanfarin ár verið í höndum þriggja olíufélaga, eins og kunnugt er, og hafa olíusamlög útvegsmanna og sjómanna annaðhvort verið aðilar að þeim félögum eða haft fastan samning um olíukaup við eitthvert þeirra. Ekki verður séð, að olíusamningur við Sovétríkin hefði réttlætt nokkra breytingu í þeim efnum frá því, sem verið hefur, enda hafa engir aðilar aðrir en olíufélögin aðstöðu til þess að taka við heilum förmum með stórum olíuskipum, eins og hagstæðast er að flytja olíuna til landsins. Eins og ég sagði í svari mínu við 2. spurningu, er framsala samningsins bundin við olíufélögin þrjú, og er ekki, eins og nú standa sakir, raunhæft að gera ráð fyrir öðrum olíuinnflytjendum, m. a. vegna þess, að aðrir aðilar hafa ekki aðstöðu til að taka á móti olíunni, hafa ekki tanka eða neina aðstöðu til þess.

Þá er það fjórða spurning: „Hvaða farmgjaldakjör hafa náðst við þessi miklu heildarinnkaup á olíum?“

Þetta eru náttúrlega mikil kaup í okkar augum og stór kaup á mælikvarða okkar Íslendinga, en vitanlega eru þetta smákaup á mælikvarða stórþjóðanna, og vil ég vekja athygli á því, ef einhverjir hv. þm. vildu halda því fram, að hér væri um stóra samninga að ræða á heimsmælikvarða, sem gæfu tilefni til einhverra sérstakra vildarkjara. En ég býst við því, að ef við gerum okkur ljóst, að hér er verið að gera olíuinnkaup fyrir aðeins 150 þús. manns, þá verða heildarkaup á olíu, sem við þurfum, ekki nein stórkaup, miðað við það, sem gildir á heimsmælikvarða og þegar verið er að kaupa inn fyrir milljónaþjóðir. En sem svar við þessari spurningu vil ég segja þetta: Tvö olíuflutningaskip hafa verið tekin á leigu, annað til tveggja ferða með brennsluolíu, en hitt til þriggja ferða með gasolíu og benzín. Farmgjöldin á brennsluolíuförmunum eru 37 sh. 4 d., en á hinum förmunum tveimur 36 sh. 4 d., og einum 33 sh. 6 d., allt miðað við flutning á ensku tonni.

Nú er kannske spurt að því, hvernig standi á þessum mismun, og þá er rétt að geta þess, að þetta er nokkuð undir því komið, hvað skipin eru stór, og líka eru fragtirnar venjulega hærri á veturna en á sumrin, vegna þess að siglingarnar eru dýrari á þeim árstíma. Ósamið er um frekari flutninga. Rangt er að gera ráð fyrir lægri farmgjöldum á leiðinni Reykjavík—Patomi en Reykjavík—Vestur-Indíur, því að vegalengdin til Patomi er talsvert lengri, og hefur því orðið að greiða heldur hærri farmgjöld en þyrfti að greiða fyrir sambærileg skip í flutningum milli Vestur-Indía og Reykjavíkur.

Þá er það fimmta spurning: „Kemur engin verðlækkun á olíum útvegsmönnum og öðrum notendum olíunnar til góða vegna hagkvæmra stórinnkaupa og hagstæðra farmgjalda?“

Það, sem ég sagði áðan í sambandi við þessi stórkaup, hefði nú kannske frekar átt við í sambandi við þessa spurningu, en ég vil taka fram til viðbótar, að það er rangt að gera ráð fyrir verðlækkun á þeirri forsendu, að hér sé um stórinnkaup og stórflutninga að ræða, eins og hv. 3. landsk. virðist gera, því að um sama verð og svipað flutningsmagn er að ræða í Sovétríkjunum eins og við höfum keypt á undanförnum árum frá öðrum löndum, og hefur ekki orðið nein breyting á olíuverði síðan samningurinn var gerður, en aftur á móti hækkað útsöluverð á benzíni um 3 aura lítrinn, sem stafaði af verðhækkun á heimsmarkaðinum.

Ég ætla, að hv. fyrirspyrjandi láti sér nægja þessi svör og þessar upplýsingar, sem ég nú hef gefið, og hef ég ekki neinu við það að bæta að svo komnu.

*Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson):* Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir svör, sem ég hygg að séu skýr og greinargóð og fari ekkert á svig við það, sem um var spurt. Hins vegar ætla ég ekkert að þakka honum fyrir það, þó að það yrði nú af því, að hann

svaraði, því að nú bar málið þannig að, að hann átti engrar undankomu auðið með að svara, og get ég því ekkert um það vitað, hvort honum var það ljúft eða leitt. Svo mikið er víst, að hæstv. ráðh. svaraði ekki fyrr en hann varð að svara, en það var mjög eðlilegt, að hann hefði svarað þessum mjög svo eðlilegu spurningum í umr. um það mál, sem spurningarnar voru bornar fram í sambandi við í hv. Nd.

Við höfum sem sé fengið upplýst, að þarna hefur ekki verið samið um fast verð á olíunum, heldur eiga Íslendingar að sæta, að mér skildist, lægsta heimsmarkaðsverði á hverjum tíma, sem samningurinn gildir fyrir, og það tel ég fyllilega vera tæmandi svar við fyrirspurnarliðnum. — Það er alveg óyggjandi svar líka, sem ég hef fengið við 2. tölulið, að olíufélögunum þremur hefur verið framseldur samningurinn óbreyttur eins og ríkisstj. gerði hann og ríkisstjórn Íslands er aðili að samningnum við viðskiptalandið. En í framhaldi af því vildi ég þó máske spyrja: Voru olíufélögunum þremur engin skilyrði sett um álagningu eða verðlag á olíunum, þegar þeim var framseldur þessi hagstæði heildarsamningur íslenzka ríkisins, engin skilyrði til þess að vernda viðskiptamennina?

Af þriðja svari hæstv. ráðh. við þriðja tölulið er ljóst nú, að olíusamlög útvegsmanna og sjómanna fá ekki að ganga inn í þennan samning milliliðalaust og án milliliðakostnaðar. Það er talið, að þau þurfi að taka þessa olíu aftur hjá olíufélögunum, og þykir mér það heldur miður, að þeim skyldi vera gert þarna lægra undir höfði en olíufélögunum, þessum samtökum útgerðarmanna og sjómanna, þ. á m. togaraeigendunum, sem eru stærstu notendur olíunnar í landinu. Sum olíusamlög eru eigendur að tönkum og hafa þannig aðstöðu til að taka við nokkuð verulegu magni af olíum. Það er mér kunnugt um, og get ég því ekki fallizt á, að það sé alveg eins sjálfsagt og hæstv. ráðh. vildi láta skína í, að þessir aðilar kæmu ekki til greina. Mér finnst því, að framsal hæstv. ríkisstj. hafi verið nokkuð fortakslaust og tillitslaust við atvinnurekendurna sjálfa að því er þetta snertir.

Við fjórða tölulið svaraði hæstv. ráðh. því, að þessi olíukaup, þó að þau þættu stór á okkar mælikvarða, væru raunar smá á heimsmælikvarða. Ég get nú ekki skilið, að það sé beint svar við því, hvort við höfum ekki orðið þarna aðnjótandi hagkvæmari farmgjalda, því að þar er um það að ræða, hvort þarna var um að ræða magn, sem væri meira en svo, að það kæmist í hin stærstu tankskip. Allt hvað magnið var meira en 16—20 þús. eða 30 þús. tonn, — og þetta er margfaldlega það, — þá gat verið um að ræða hina stærstu tankskipaflutninga, og undireins og það nam t. d. 30 þús. tonnum, þá var þarna komið að því, að við höfðum aðstöðu til að flytja olíuna inn á hinn hagkvæmasta hátt í hinum stærstu tankskipum, og þá hefði ég vænzt, að hagur væri af svo stórum innkaupum og að sá hagnaður yrði með einhverjum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. látinn koma notendunum beint til góðs. Það er alveg áreiðanlegt, að magnið er svo mikið, að þarna er um marga stórskipafarma að ræða á heimsmælikvarða.

Fimmtu spurningunni var svarað á þann veg, sem nokkur rök eru til, að það sé rangt að bera saman við sérstaklega hagkvæm innkaup, vegna þess að innkaup íslenzka ríkisins séu ekki stór á heimsmælikvarða. En þau eru þó þrefalt stærri en magnið hjá hverjum hinna þriggja aðila, sem hafa keypt olíu inn hingað til, og hefði því mátt búast við, að heildarinnkaup íslenzka ríkisins, sem eru jafnmikil og innkaupin af því magni, sem keypt hefur verið inn af þremur aðilum áður, hefðu verið hagkvæmari nú en hjá þeim í þrennu lagi.

*Lúðvík Jósefsson:* Herra forseti. Mér þótti vænt um að fá þær upplýsingar, sem hér komu fram í þessu máli frá hæstv. viðskmrh. Þó fannst mér ýmislegt skorta á í sambandi við þessar upplýsingar, en það getur nú verið, að það stafi að einhverju leyti af því, hvernig málið liggur hér fyrir. Ég hefði t. d. óskað eftir því, að hann hefði skýrt alveg hreinlega frá því hér, eins og spurt er um í 1. lið fsp., sem hér liggur fyrir, hvað innkaupsverðið er pr. tonn nú á olíunum. Það er rétt, sem heyrzt hefur áður, að samið hafi verið um gildandi heimsmarkaðsverð á þessum olíutegundum á hverjum tíma, en hér hefur verið spurt um það, hvað er innkaupsverðið á hverju tonni, og ég vildi því mjög óska eftir því, að hæstv. viðskmrh. vildi upplýsa það hér nú. Hann hefur upplýst hér, hvað er flutningsgjaldið, hvað hefur verið samið um í flutningsgjald fyrir hvert tonn af þessum olíum, og það er þá ekki lítið fróðlegt fyrir þá, sem þurfa að kaupa olíur, að vita bæði innkaupsverðið, sem mjög hefur verið dulið fram að þessu yfirleitt, og líka um flutningsgjaldið, og þá fer maður síðan nokkuð nærri um það, hvernig kaupin gerast á eyrinni hjá þeim, sem með þetta verzla.

En það voru hér atriði, sem mér fannst ástæða til að vekja frekari athygli hæstv. viðskmrh. á og annarra þm. Hann vildi láta líta svo út í svörum sínum, fannst mér, að aðstaða hefði ekki verið fyrir hendi til þess, að olíusamlög útvegsmanna yfirleitt hefðu haft nokkra aðstöðu til þess að ganga inn í þann samning, sem ríkisstj. hér gerði, vegna þess að þau ættu yfirleitt ekki yfir að ráða neinum olíugeymum, nema svo smáum, að þau gætu ekki tekið við olíunni til neinnar teljandi geymslu. Það er nú samt sem áður svo, að fjölmörg olíusamlög útvegsmanna í landinu eiga allálitlega geyma. En auk þess er svo það þegar þekkt af reynslu hér, að ríkissjóður hefur áður haft nokkuð með innflutning á olíu að gera til landsins, og þá var hægt, á meðan geymsluplássið var minna en það er nú, að gefa olíusamlögum útvegsmanna kost á því að fá olíuna til sín í sína geyma einmitt með beinu innkaupsverði. Og það sýnist t. d., að það hefði verið lítill vandi að setja þessum stóru olíufélögum, sem fengu að yfirtaka þennan stóra samning, þau skilyrði, að um leið og þau fengju að hafa með innflutninginn að gera,

yrðu þau að selja hinum fjölmörgu olíusamlögum útvegsmanna af sínum birgðageymum olíuna, eftir því sem þeirra birgðageymar aftur leyfðu, á beinu innkaupsverði. Slík skilyrði hafa ekki verið sett, og nú geta þessir innflytjendur, sem þarna hafa fengið að yfirtaka hinn stóra samning ríkisins, átt við olíusamlög útvegsmanna eins og hvern annan almennan kaupanda í landinu, sem sagt verzlað við þá í rauninni á smásölugrundvelli. Ég er sannfærður um það, að eins og þetta var hægt á árunum 1944 og 1945, þá hefði þetta líka verið hægt nú í dag, að gefa þeim kost á því að fá olíuna úr þeirra olíustöðvum hér eða þeim olíustöðvum, sem olían hefur verið fyrst flutt á, ef vilji ríkisstj. hefði verið nægur í þessu efni, eða hún átti að sjá, hvað hér var í rauninni að gerast.

Mér fannst hæstv. viðskmrh. gera líka allmikið úr því, að olíuinnflutningur okkar Íslendinga væri í rauninni lítilræði á heimsmælikvarða, og það kann vel að vera, að þegar allur heimurinn er lagður til grundvallar, þá verði okkar hlutur lítill. En eigi að síður er það staðreynd, að við flytjum nú orðið inn til landsins yfir 200 þús. tonn af olíu, og það er langsamlega stærsti innflutningsliðurinn á vörum til Íslands. 200 þúsund tonn af olíu er býsna álitlegt, og þegar það hefur komið hér fram, eins og kom fram í alþingiskosningunum í sumar, að það þótti vera sannað, að einn aðili, sem hér flutti inn olíu, hafi fengið afslátt af einum olíufarmi, sem nam 700 þús. kr. frá hinu skráða verðlagi á frögtum, þá þykir mér ótrúlegt, þegar samningar stóðu fyrir dyrum við olíuskip um það að tryggja þeim flutning hingað til landsins á 200 þús. tonnum af olíu, að þá hefði ekki verið hægt að lækka fragtirnar talsvert mikið á öllu því magni frá því, sem hafði gilt hér í landinu fram að þeim tíma. En við höfum sem sagt ekki enn orðið vör við það, að olíuverðið hafi af þessum ástæðum neitt lækkað hér í útsölu.

Tími minn er víst búinn og enda ekki til þess ætlazt að ræða þetta mál á breiðum grundvelli hér í fyrirspurnatíma, en ég vildi undirstrika þá beiðni mína til hæstv. viðskmrh., að hann sæi sér fært að skýra hér einmitt frá beinu svari við 1. lið fsp., sem sagt því, hvað var hið raunverulega innkaupsverð í krónum talið á hverju tonni, sem keypt hefur verið.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Það virðist svo, að hv. fyrirspyrjandi sé nokkurn veginn ánægður með þau svör, sem ég gaf áðan, en ég vil þó taka hérna nokkur atriði fram, og ein spurning var það, sem hann varpaði fram, hvort olíufélögunum þremur hafi verið framseldur samningurinn án skilyrða um álagningu og verðlag til notendanna. Ja, um þetta er ekki annað að segja en það, að dreifingarkostnaður og álagning á olíu og benzín er undir verðlagsákvæðum, sem fjárhagsráð sér um, og flokksmaður hv. fyrirspyrjanda er í fjárhagsráði og fylgist með þessu. Og ég ætla það, að þar sem olían hefur nú um langt skeið verið undir hámarksákvæðum, þá hafi ekki verið leyfð óhæfilega mikil álagning, og þess vegna hefur ekki verið ástæða til sérstaklega nú að gera ráð fyrir einhverjum sérstökum skilyrðum eða afslætti frá þeirri álagningu, sem olíufélögin hafa haft, nema því aðeins að það hafi áður verið óhóflega mikið. En ég vil bara taka það fram, að þetta er nú og hefur verið undir hámarksákvæðum og háð samþykki verðlagsyfirvaldanna á hverjum tíma, hversu mikinn dreifingarkostnað og álagningu olíufélögin megi taka af benzíni og olíum.

Þá lýsti hv. fyrirspyrjandi og reyndar síðasti ræðumaður líka því, að þeir væru óánægðir með það, að olíusamlög skyldu ekki hafa getað gengið beint inn í þessi kaup eins og olíufélögin. Ég benti á það áðan, að olíusamlög og útvegsmenn hafi ekki aðstöðu til þess að taka á móti því olíumagni, sem nauðsynlegt væri til þess, að þau gætu orðið þessara hlunninda aðnjótandi. Að vísu sagði hv. síðasti ræðumaður, að olíusamlögin hefðu tanka og aðstöðu til þess og þetta hafi þau gert 1944. En vissulega mun það nú hafa verið í smáum stíl, og víst er það, að þessir geymar, sem olíusamlögin hafa, eru mjög litlir, og mikill kostnaðarauki hefði það nú verið að láta þessi stóru olíuflutningaskip fara að sigla hringinn í kringum land til þess að láta á þessa litlu geyma, sem olíusamlögin hafa yfir að ráða. Ég held, að við getum verið sammála um það, að eins og ástandið er í dag, þá hafi þessi olíusamlög ekki aðstöðu til þess að taka á móti neinu verulegu magni af olíu, þannig að það geti svarað kostnaði að láta stór olíuskip sigla á þá staði, þar sem tankarnir eru. En ég vil segja það, að það er eðlilegt, að olíusamlög skapi sér aðstöðu til þess að geta gert þannig bein og milliliðalaus innkaup. Og mér finnst eðlilegt, að hvenær sem þau skapa sér þá aðstöðu, þá njóti þau hinna beztu kjara og komist inn í samninga á þann hátt, sem hv. fyrirspyrjandi og hv. síðasti ræðumaður óska eftir.

Þá var talað um farmgjöldin og hvort þau hafi verið hagkvæm og hvort ríkisstj. hafi ekki náð hagkvæmari samningum í sambandi við þessi stóru innkaup, sem þessir hv. þm. eru alltaf að ræða um. Ég gat um það áðan, hvað farmgjöldin hefðu verið. Þau voru í einu tilfellinu 33 sh. og 6 d., í öðru tilfellinu 36 sh. og 4 d. og í þriðja tilfellinu 37 sh. og 4 d. Ef við tökum nú meðaltalið af þessu og segjum 35 sh., þá verður það ca. 80 kr. pr. tonn. Nú man ég það, að í fyrravetur var talað um, að fragt á olíu, miðað við það, sem þá tíðkaðist lægst, væri átta dollarar pr. tonn, en átta dollarar eru ca. 130 kr. Þegar við berum þetta saman, sjáum við, að fragtin á olíunni frá Sovétríkjunum er þarna 50 kr. lægri pr. tonn en hún var í fyrra frá Bandaríkjunum, og verður að segja, þegar þetta er borið saman, að þarna sé um hagkvæma samninga að ræða, enda þótt það sé tekið með í reikninginn, að fragtir hafi lækkað á heimsmarkaðnum síðan í fyrravetur. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að fragt-

irnar á þessum tíma hafi náðst með eins hagkvæmum kjörum og unnt var og ekki sé ástæða til þess að vera óánægður með það.

Þá var það ein spurning, sem hv. síðasti ræðumaður varpaði hér fram, hvað væri innkaupsverð eða fob-verð á olíunni pr. tonn í Sovétríkjunum. Þetta er nú ekki þannig spurt í fyrstu spurningunum. En ég hef lýst því, að þetta væri heimsmarkaðsverð á hverjum tíma. Það væri vitanlega hægt að svara því, hvaða verð væri fob. á því olíumagni, sem búið er að festa kaup á. En ég verð nú að segja, að ég held ég viti þetta hér um bil, en þó ekki svo nákvæmlega, að ég telji rétt að fara með það nú. Ég vil láta hv. fyrirspyrjanda vita af því, að þetta getur ekki verið neitt leyndarmál, og ég get gefið honum alveg nákvæmar upplýsingar um þetta eftir hálftíma eða svo. Ég vil ekki fara með tölur hér, sem eru ekki alveg 100% réttar, og vænti ég, að hv. fyrirspyrjandi virði mér það til vorkunnar.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja og vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi og hv. síðasti ræðumaður sætti sig nokkurn veginn við þær upplýsingar, sem ég nú hef gefið.

*Lúðvík Jósefsson:* Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir það loforð, sem hann gaf nú hér, og sætti mig fyllilega við það og get vel skilið það, að hann hafi ekki þessar tölur hér á reiðum höndum út af fyrir sig. Ég er honum þakklátur fyrir þetta loforð, því að mér leikur hugur á að vita hið sanna í þessu efni. En það, sem ég hjó aðallega eftir í því, sem hann sagði, og gerði það að verkum, að ég bað hér um orðið aftur, var það, að mér fannst hæstv. viðskmrh. leiða athygli manna hér að því, að með samningum þeim, sem nú hafa verið gerðir um fragt á þessum olíum frá Sovétríkjunum til Íslands, hafi í rauninni tekizt að lækka fragtina beinlínis um ca. 50 kr. á tonn, og má vel vera, að þetta sé rétt. (*Viðskmrh.:* Þetta voru nú ekki beinlínis mín orð, eins og ég tók fram. Ég tók fram, að fragtin hefði lækkað síðan.) Já, alveg rétt, já, segjum það. Það skiptir í rauninni engu máli upp á þá ályktun, sem ég vil af þessu draga. Með öðrum orðum, fragtin hefur lækkað um 50 kr. á tonn, hvort sem það er vegna almennrar lækkunar á frögtum eða vegna hagstæðra samninga. En sé nú þetta tilfellið, þá vantar okkur lækkunina á olíunni, og það er það, sem skiptir öllu máli, og ég vil aðeins segja það, að ég vil vænta þess, að hæstv. viðskmrh. athugi þetta alveg gaumgæfilega. Hafi raunverulega tekizt að fá þessa lækkun almennt séð á flutningi olíunnar til landsins, þrátt fyrir það að raunverulega hafi nú flutningsleiðin lengzt, þá hlýtur að verða að koma allveruleg verðlækkun á olíum.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, vegna þess að hv. síðasti ræðumaður virðist hafa misskilið nokkuð af því, sem ég sagði áðan. Ég benti á það, að fragtin hefði lækkað um ca. 50 kr. frá því í fyrravetur, miðað við þær tölur, sem ég nefndi. En ég vil þá um leið taka það fram, vegna þess að hv. ræðumaður taldi, að það þyrfti að koma fram lækkun á olíum og benzíni sem þessu næmi, að álagning á olíu og benzíni hefur ekki hækkað frá því í fyrravetur, og úr því að lækkunin hér heima kemur ekki fram, þá hlýtur það að liggja í því, að heimsmarkaðsverðið hefur hækkað, sem það líka hefur gert, enda liggur það alveg fyrir, og hv. þm. hlýtur að vita það, að álagning á olíu og benzíni hefur ekki verið hækkuð á þessum tíma. Það vil ég, að allir hv. þm. viti, og úr því að fragtin hefur lækkað, en útsöluverðið lækkar ekki þrátt fyrir það, þá stafar það af því, að innkaupsverð olíunnar hefur hækkað.

## 15. Álagning á vörur o. fl. (fsp. BergS).

Á 15. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt:
*Fsp. til viðskmrh. um eftirlit með samningunum um lausn vinnudeilunnar í desember 1952* [97. mál, 4] (A. 161).

Á 16. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Það mun enn í ferska minni hv. þingmanna, að í desember í fyrra var háð hér á landi eitthvert víðtækasta verkfall, sem um getur í sögu íslenzkrar verkalýðshreyfingar. Allir, sem nokkurn skilning vildu á þeim málum hafa, viðurkenndu, að verkföll þessi hefðu verið nauðvörn verkalýðsfélaganna, sem að þeim stóðu, nauðvörn, sem beinlínis leiddi af siaukinni kjaraskerðingu þessara stétta, sem aftur var afleiðing af stefnu fyrrv. ríkisstj. í efnahagsmálum. En eins og kunnugt er, hafði sú ríkisstj. í fyrsta lagi framkvæmt stærstu gengisfellingu, sem um getur í sögu íslenzkrar þjóðar, en auk þess breytt grundvelli kaupgjaldsvísitölunnar og takmarkað með ýmsum hætti, að vísitalan væri sá mælikvarði um raunveruleg laun, sem henni var upphaflega ætlað að vera samkvæmt eðli málsins. Í öðru lagi hafði fyrrv. ríkisstj. heimilað frjálsa álagningu á margar helztu þurftarvörur, sem gaf ýmsum óprúttnum bröskurum tækifæri til að féfletta almenning að vild sinni. Í þriðja lagi hafði þessi sama ríkisstj. innheimt á annað hundrað millj. kr. tolla og skatta árlega umfram það, sem áður hafði þekkzt hér á landi. Og í fjórða lagi hafði þessari sömu ríkisstj. nær því tekizt að skipuleggja íslenzkan iðnað í rúst og skapa verulegt atvinnuleysi, að nokkru leyti með aðstoð innflutts sérfræðings í þeim málum.

Gegn afleiðingum þessa verknaðar reis íslenzkt verkafólk, karlar og konur, í voldugri

fylkingu en til þess tíma hafði þekkzt hér á landi. Úrslit þeirrar baráttu urðu, svo sem kunnugt er, með allsérstökum hætti og mörkuðu að margra dómi tímamót í sögu íslenzkrar verkalýðsbaráttu. Í stað þess að fara þá leið, sem venjulegust hafði verið til þess tíma, að fá atvinnurekendur til að fallast á hækkaða krónutölu verkalauna, neyddi verkalýðurinn sjálfa ríkisstj. til undanhalds og til viðurkenningar á því, að stefna hennar og aðgerðir í innanlandsmálum hefðu verið rangar og óeðlilegar, og vann því tvöfaldan sigur í baráttu sinni, pólitískan sigur og fékk raunverulegar kjarabætur. Tími minn hér leyfir ekki, að sú saga verði rakin svo sem vert væri. Aðeins skal á það minnzt, að ríkisstj. og nánustu skjólstæðingar hennar, braskararnir, neyddust til að viðurkenna, að álagningarokrið hefði keyrt úr hófi fram, og var því í samningum þeim, sem undirritaðir voru við lausn verkfallsins, svo kveðið á, að flutningsgjöld og álagning á ákveðnar vörutegundir skyldu lækka, og skyldi það vera á ábyrgð ríkisstj. og undir hennar eftirliti, að þessu ákvæði samningsins yrði framfylgt.

Í fjórða lið þess grundvallar, sem samningurinn um lausn verkfallanna byggist á, segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Álagning á ýmsar nauðsynjavörur almennings, sem taldar eru í tillögum ríkisstj., lækkar fyrir atbeina ríkisstj. eins og þar greinir, og mun ríkisstj. hafa eftirlit með því, að þær álagningarreglur verði haldnar."

Þessar vörutegundir, sem taldar eru í till. ríkisstj., eru kornvörur, kaffi óbrennt, nokkrar tegundir af vefnaðarvörum og ullarvörum og búsáhöld úr aluminium, leir og gleri. Og var nánar tilgreint í þessum till., hver álagning skyldi vera á hverja vörutegund fyrir sig, eftir að samningurinn var gerður.

Nú er það ekki á vitund almennings, hvernig þær álagningarreglur, sem talað er um í till. ríkisstj., voru né hvort þær hafa verið haldnar, eins og ríkisstj. lofaði og tók ábyrgð á. En þar sem meginþorri þjóðarinnar taldi, að sú leið, sem hér var farið inn á í verkalýðsbaráttunni, þ. e. að knýja fram lækkanir á ýmsum nauðþurftum í stað beinna kauphækkana, væri mjög æskileg, er eðlilegt, að þess sé almennt vænzt, að haldið verði áfram á þeirri braut. Til þess að svo geti orðið, verður að ríkja gagnkvæmt traust milli samningsaðila um, að staðið sé við gerða samninga. Þess vegna verða öll atriði í sambandi við þá að vera almenningi ljós og greið aðgöngu.

Öllum er ljóst, að verkalýðsfélögin hafa staðið við sinn hluta í öllum atriðum af samningum þeim, sem gerðir voru seint í des. 1952 um lausn verkfallanna. En hefur ríkisstj. staðið við sinn hluta og þá ábyrgð, sem hún tók á sig með þeim samningum, eða hefur hún haldið þannig á þeim málum, að það gætu kallazt bein svik við þessa samninga? Öllum mönnum er ljóst, að ef ríkisstj. hefði ekki staðið við samningana að sínu leyti, væri það eitthvað það alvarlegasta sem fyrir gæti komið, bæði vegna samninganna sjálfra svo og vegna framhaldsins á þeirri nýju leið í íslenzkri verkalýðsbaráttu, sem hafin var með verkföllunum í desember í fyrra. Til þess að vekja þessi mál af svefni og til að afla almenningi þeirrar vitneskju um þau, sem honum ber, hef ég leyft mér að bera fram nokkrar spurningar á þskj. 161, sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á hvern hátt er það tryggt af hálfu ríkisstj., að sú lækkun álagningar á neyzluvörur komi til framkvæmda, sem lofað var og samið var um í sambandi við lausn vinnudeilunnar í des. 1952? Er ríkisstj. kunnugt um, hvort þessi ákvæði samninganna frá des. 1952 hafi verið haldin af hlutaðeigandi aðilum, svo sem til var ætlazt? Gilda sömu reglur um verðútreikninga á umræddum vörum eins og þeim vörum, sem enn þá eru undir verðlagsákvæðum? Hvaða viðurlög liggja við því, ef innflytjendur brjóta umrætt samkomulag eða bregða út af eigin tilboði um hámarksálagningu á þær vörutegundir, sem lagðar voru til grundvallar við lausn vinnudeilunnar í des. 1952?"

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Mér virðist nú, að formáli sá, sem hv. fyrirspyrjandi hafði, og sú ræða, sem hann flutti hér áðan, væri að ýmsu leyti óþörf og ekki viðkomandi þeim spurningum, sem hann hefur lagt hér fram og mér finnst að mörgu leyti eðlilegar.

Hann spyr: „Á hvern hátt er það tryggt af hálfu ríkisstj., að sú lækkun álagningar á neyzluvörur komi til framkvæmda, sem lofað var og samið var um í sambandi við lausn vinnudeilunnar í des. 1952?"

Það er tryggt með verðgæzlunni, og hún á að hafa eftirlit með því. Og með bréfi, dags. 5. jan. s. l., fól viðskmrn. skrifstofu verðgæzlustjóra að fylgjast með, að verzlunarálagning verði ekki hærri en samtök kaupmanna og samvinnufélaga hafa lofað. Í sama bréfi benti rn. á, að nauðsynlegt væri, að skrifstofan krefði innflytjendur um verðútreikninga yfir umræddar vörutegundir, og var það gert með auglýsingu dags. 15. jan. s. l.

Annar liður: „Er ríkisstj. kunnugt um, hvort þessi ákvæði kjarasamninganna frá des. 1952 hafi verið haldin af hlutaðeigandi aðilum, svo sem til var ætlazt?"

Verðgæzlustjóri hefur skýrt mér frá, að ekki hafi annað komið fram við athuganir skrifstofu sinnar en að innflytjendur og smásöluverzlanir hafi staðið við hið gerða tilboð. Og í viðtali, sem ég átti við hann, telur hann þetta nokkuð öruggt, því að hann hefur haft útsendara hringinn í kringum landið til þess að fylgjast með þessu síðan loforðið var gefið, og hann telur öruggt, að þetta hafi verið haldið, enda mun það koma fram í þeirri skýrslu, sem mun verða birt um næstu mánaðamót, hvort þetta er ekki rétt.

Þá er þriðji liður: „Gilda sömu reglur um verðútreikninga á umræddum vörum eins og þeim vörum, sem enn þá eru undir verðlagsákvæðum?"

Eftir afnám verðlagsákvæða ýmissa vörutegunda 10. júlí 1951 hækkuðu fljótlega ýmsir

innflytjendur suma kostnaðarliði í verðútreikningum sínum frá því, sem leyfilegt var á vörum, sem enn voru undir verðlagsákvæðum. Þetta hefði nú gerzt, enda þótt þessar vörur hefðu verið undir verðlagsákvæðum eftir gengisbreytinguna, og um leið og vextirnir voru hækkaðir, þá hefði fjárhagsráð ekki komizt hjá því að leyfa hækkun á hinum ýmsu kostnaðarliðum, þótt hámarksákvæði hefðu enn þá verið í gildi. Tilboð kaupmanna og samvinnufélaga um hámarksálagningu byggðist á þeim verðútreikningsgrundvelli, sem myndazt hafði síðan á miðju ári 1951, eða eftir að hámarksálagningin var úr gildi numin. En það breytir ekki neinu í því, sem hér er spurt um eða talað um, því að tilboð kaupmanna og samvinnufélaga byggðist á lækkun frá því verði, sem gilti fyrir verkfallið.

Þá er spurt að því: „Hvaða viðurlög liggja við því, ef innflytjendur brjóta umrætt samkomulag eða bregða út af eigin tilboði um hámarksálagningu á þær vörutegundir, sem lagðar voru til grundvallar við lausn vinnudeilunnar í des. 1952?"

Mér er ekki kunnugt um, að það séu nein viðurlög í því efni, enda var hér um frjálst tilboð að ræða, og eins og ég sagði áðan, þá er ekki kunnugt um, að þetta hafi verið brotið, og hefur þess vegna ekki komið neitt til álita um það, hvort eða hvernig bæri að haga refsiaðgerðum í þessu tilfelli. En aðalatriðið er það, að verðgæzlan hefur fylgzt með þessu, og niðurstöður verðgæzlustjóra eru þannig, að hann telur, að þetta samkomulag hafi verið haldið af hálfu kaupmanna og samvinnufélaga.

*Karl Guðjónsson:* Herra forseti. Það mál, sem hér er á dagskrá, er miklu umfangsmeira en svo, að það sé hægt að ræða það svo sem vert væri í einum fyrirspurnatíma. En ég get þó ekki látið þetta tækifæri ónotað til þess að gefa hæstv. viðskmrh. dálitlar upplýsingar, sem alveg virðast hafa farið fram hjá honum og hans stjórnardeild. Hann telur, að þessi ákvæði, sem verkalýðsfélögin sömdu upp á eftir loforði ríkisstj., hafi yfirleitt verið haldin. Þetta er hinn mesti misskilningur, og vil ég í því sambandi leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér upp örlítinn kafla úr bréfi, sem Verkalýðsfélag Vestmannaeyja hefur nýlega sent bæði mér og hv. þm. Vestmannaeyjakaupstaðar. Þar segir:

„En því miður hefur misbrestur orðið á því hér í Eyjum," þ. e. á því, að staðið væri við þá samninga, sem þarna voru gerðir. „Verð mjólkur í lausu máli er ákveðið í samningi á kr. 2.71 pr. lítra, en hér hefur það orðið á aðfluttri mjólk frá samsölunni í verzlun Helga Benediktssonar kr. 3.00 pr. lítra, en heimaframleidd mjólk kr. 3.16 pr. lítra."

Síðan er farið í bréfinu nokkrum frekari orðum um einstök tilvik hjá smæstu mjólkurframleiðendum í Eyjum, sem selja mjólkina á dálítið misjöfnu verði, enginn þeirra þó á því lögákveðna verði, að undanskildu Dalabúinu, sem er eign Vestmannaeyjabæjar og selur á hinu umsamda verði. Hér er líka talið upp, að verð á kaffi var ákveðið í samningi kr. 40.80 pr. kg., en er í reyndinni í októbermánuði s. l. 41.40. Þannig eru taldar upp allmargar vörutegundir í nefndu bréfi, og yfirleitt stenzt verðlagið ekki í neinu að því er tekur til Vestmannaeyja. Hitt hef ég nú að vísu grun um, að hvergi hafi þessi samningsákvæði verið eins illa haldin og gagnvart Vestmanneyingum, því að Verkalýðsfélag Vestmannaeyja sendi út bréf til fjölmargra verkalýðsfélaga á landinu og gerði fyrirspurnir um það, hvernig þessi ákvæði væru haldin gagnvart þeim, og gefa svörin tilefni til þess að ætla, að ríkisstj. sé hvergi eins brotleg við sinn samning og gagnvart Vestmanneyingum.

Eins og ég tók fram áðan, er alveg vonlaust að ætla að ræða í fyrirspurnatíma þetta mál, sem er stórmál og á vafalaust eftir að koma hér fyrir í þingsölum, ef hæstv. ríkisstj. vindur ekki bráðan bug að því að leiðrétta þetta og gera ráðstafanir til að standa við sína samninga.

Það er vissulega alvarlegt atriði, ef það á svo að vera í framtíðinni, að verkalýðsfélögin undirriti samninga eftir loforði frá ríkisstj. um, að þetta eða hitt skuli ske, ríkisstj. svíkur síðan flest, kannske öll sín samningsatriði, og verkamenn standa uppi án þess að geta í raun inni sótt á nokkurn aðila, því að sá aðili, sem þeir formlega gera samninginn við, atvinnurekendur, er ekki brotlegur,, heldur er það ríkisstj. En yfirstéttinni á Íslandi þykir hagkvæmast að hafa þetta skipt í tvennt; annar aðilinn er samningsaðili, og hann er látinn halda sínn hluta af samningnum, hinn aðilinn, sem yfirstéttin beitir fyrir sig, er ríkisvaldið, og það svíkur, og á því er naumast hægt að ná nokkrum lögfræðilegum tökum. Ég get upplýst það, að Verkalýðsfélag Vestmannaeyja hefur að sínu leyti lagt þetta mál fyrir Alþýðusambandið, og það hefur verið þar lengi í athugun, og lögfræðingur Alþýðusambandsins telur, að það sé mjög erfitt að koma fram málsóknum á hinn rétta aðila, þar sem hann sé þriðji aðili, þ. e. a. s. ríkisstj., en ekki sá aðili, sem raunverulega hefur undirritað samninginn.

Ég vil að lokum — ég sé, að forseti er farinn að ókyrrast, ég er sjálfsagt búinn með minn tíma — beina því til hæstv. ríkisstj., að ef það er raunverulegt, að þessar vanefndir hafi farið fram hjá henni, þá veit hún það nú, að a. m. k. að því leyti sem tekur til Vestmannaeyja, þá er samningurinn gersamlega vanefndur af hálfu ríkisstj., og vona ég, að á því megi verða úrbót hið allra fyrsta.

*Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Mér þykir leitt að geta ekki þakkað hæstv. viðskmrh. fyrir svör þau, sem hann gaf mér. Ég verð að játa á mig þá sök, að ég er svo vanur orðinn loðnum tilsvörum og jafnvel vísvitandi meira og minna röngum svörum frá hæstv. ríkisstj., að ég er hættur að leggja fyrir hana spurningar án þess að vita fyrst sjálfur svörin við því, sem ég spyr um.

Hæstv. viðskmrh. tók það fram áðan hér, að **hann teldi ræðu mína óeðlilega** í sambandi við

þessa fyrirspurn og jafnvel ástæðulausa. Ég vil aðeins svara því á þann veg, að ég ákveð það sem betur fer enn þá, hvað ég segi og hvenær. Ef ég hefði haft 10 mínútur til umráða, þegar ég lagði mína fsp. hér fyrir áðan, þá hefði ég getað notað seinni fimm mínúturnar til þess að flytja ræðu hæstv. viðskmrh., því að ég vissi, hverju hann mundi svara. Ég vissi um bréfið frá ríkisstj. 5. jan. 1953. Ég vissi vel um það bréf, vegna þess að ég hef á eigin spýtur aflað mér upplýsinga um þessi mál og að í því bréfi var ekkert það atriði, sem gat gert verðgæzlustjóra kleift að hafa eftirlit með þessum málum, vegna þess að það vantaði sem sagt í bréfið það sem við átti að éta, nefnilega grundvöllinn, hvernig átti að reikna verðlag þessara vara út. Það er alls ekki nóg, þó að tekið sé fram, að álagning skuli lækka, sjálf álagningarprósentan, við skulum segja úr 12% niður í 10%, þegar það eru ótal smugur í verðlagningargrundvellinum til að koma við hækkunum, sem eru meiri en það sem þessari lækkun á álagningu nemur, og það er það, sem gert hefur verið í fjölda tilfella og kannske flestöllum.

Ráðh. minntist hér á það, að vextir hefðu hækkað og þess vegna hefði álagningargrundvöllur verið hækkaður, vegna þessarar vaxtahækkunar. Þetta er rétt. Meðan bankavextirnir voru 6%, var í verðlagningargrundvelli reiknað 1% vegna vaxta, en þegar bankavextir hækkuðu úr 6% í 7%, þá var í grundvellinum hvorki meira né minna en hækkað úr 1% í 2—3%. Þar að auki var bætt við símakostnaði, og í sumum tilfellum hefur í verðútreikningum þessara vara, sem hér um ræðir, verið lagt á söluskatt í tolli, enda þótt það sé lögbrot, og bátagjaldeyrisálagið sjálft. Ja, það er náttúrlega spurning, hvort álagning á söluskatt í tolli er lögbrot eða ekki lögbrot. Að vísu er það brot á bókstaf laga, en að öðru leyti er heimil frjáls álagning, svo að það veit enginn maður neitt. Það er sama, hvort maður leggur 20% á helming einhverrar ákveðinnar upphæðar eða 10% á alla upphæðina. Þannig veit enginn lengur, hvað er lög og hvað er ekki lög í þessu landi.

En það er alveg öruggt mál, að það, sem hæstv. viðskmrh. hafði hér eftir verðgæzlustjóra áðan, getur ekki staðizt. Mér er kunnugt um, að síðan verðgæzlustjóra var falið að hafa eftirlit með þessum hlutum, hefur hann ekki getað staðfest einn einasta verðútreikning, ekki einn einasta, sama hvað lítið parti sem var, og ekki gert það. Það eina, sem hann hefur gert, er að kvitta fyrir því, að hann hafi tekið við verðútreikningi frá ákveðnu fyrirtæki fyrir ákveðna vöru. Annað hefur hann ekki gert, og annað hefur hann ekki getað gert, vegna þess að hann hafði engin fyrirmæli frá hæstv. ríkistj. um það, hvað hann skyldi gera.

Ég vil taka það alveg skýrt fram, að í þessu felst engin ásökun á hæstv. núverandi viðskmrh., vegna þess að þetta er miklu eldra mál en að það nái til hans. Málið heyrði undir hv. 3. þm. Reykv., hæstv. fyrrv. viðskmrh., og það er hann, sem hefur ekki sett þær reglur, sem honum bar að setja í sambandi við þetta. Málið stendur meira að segja þannig, að þó að skrifstofu verðgæzlustjóra séu sendir verðlagsútreikningar um þessar vörur, sem hér um ræðir og átti að lækka álagningu á, þar sem samningarnir eru beinlínis brotnir í öllum atriðum, hverju einu og einasta, þá getur verðgæzlustjóri ekkert gert annað en að kvitta fyrir móttöku þeirra. Hann hefur ekki heimild til að gera neitt, engin lög að fara eftir, enga reglugerð að fara eftir og ekkert í höndunum frá hæstv. ríkisstj.

*Gunnar Jóhannsson:* Herra forseti. Það munu öllum vera það kunnar og í fersku minni hinar miklu deilur, sem háðar voru hér í Rvík í desember, og líka mun það flestum kunnugt, að þá var farið inn á sérstakar leiðir til þess að leysa þá deilu.

Ég verð að segja það, að mér varð það ánægjuefni, að þetta mál skyldi koma hér á dagskrá í sambandi við þá fsp., sem hér liggur fyrir. Ég tel mig knúðan til þess að segja frá því, ætlaði reyndar að gera það síðar á þinginu, að það samkomulag, sem gert var og ríkisstj. átti hlut að, hefur ekki verið haldið nema að litlu leyti. Ég miða hér við þann stað, sem ég er frá og er vitanlega kunnugastur. Það skal þó tekið fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að eitt af því, sem samið var um í nefndu samkomulagi, sem sé mjólkurverðið, hefur verið haldið, að ég held, eftir því sem ég hef kynnt mér, á öllum stöðum á landinu nema í Vestmannaeyjum, og eiga samtök bændanna og þeir, sem að þeim málum standa, heiður skilið fyrir það að hafa staðið við það, sem þar var samið um. En allt annað er hægt að segja um aðra liði þessa samkomulags. Ég vil t d. benda á það um þær vörutegundir, sem samið var um fast verð á, sem var kartöflur, sykur, kaffi, að það hefur gilt allt annað verð á þeim vörutegundum norður á Siglufirði heldur en t. d. hér í Rvík. Ég minnist þess ekki heldur, að það væri neitt um það í nefndu samkomulagi, að það ætti að gilda sérstakt verð á kartöflum yfir sumarmánuðina. En ég býst við því, að bæði Reykvíkingar og aðrir hafi orðið varir við það, að verð á þeirri vörutegund í sumar og fram á haust var ekki í samræmi við það samkomulag, sem gert var.

Ég vil alveg sérstaklega undirstrika það, að það er mjög óheppilegt, ef gerðir eru samningar, hvort sem það er á milli atvinnurekendanna beint og verkalýðsfélaganna eða hvort það eru samningar, sem ríkisstj. stendur að að meira eða minna leyti, eins og var um þessa samninga, ef samningsaðilar gera sig brotlega eða seka um það að brjóta gegn samkomulaginu. Og ég fullyrði það hér, að það verður ekki til þess að létta undir í framtíðinni, ef um deilur er að ræða, það sem hér hefur skeð, að eftir að ríkisstj. er búin að stuðla að því, að gerðir séu samningar, þá skuli þeir samningar hafa verið brotnir eins mikið og raun ber vitni.

Hv. 9. landsk. þm. (KGuðj) benti á mjólkurverðið í Vestmannaeyjum, sem er orðið hneyksli. Það er beinlínis landfrægt, að það skuli geta átt sér stað, að þegar búið er að

semja um fast verð, þá skuli vera hægt að selja vöruna, í þessu tilfelli mjólkina í Vestmannaeyjum fyrir miklu hærra verð en nokkurs staðar annars á landinu.

Ég vil alveg sérstaklega undirstrika það, að hæstv. viðskmrh., sem þessi mál falla undir, rannsaki þessi mál nánar. Hann sagði hér í sinni svarræðu til fyrirspyrjanda, að verðlagseftirlitið eigi að tryggja þetta. Ja, við höfum svei mér á Siglufirði snúið okkur til verðlagseftirlitsins og fengið ákaflega loðin svör.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Hér er til umræðu fsp. um framkvæmd á þeim samningum, sem gerðir voru milli þriggja aðila í desember í fyrra, milli alþýðusamtakanna, milli samtaka vinnuveitenda og ríkisstjórnar Íslands sem þriðja aðila. Hæstv. núverandi viðskmrh. hefur svarað því, að verðlagsyfirvöldin viti ekki annað en að staðið hafi verið við þessa samninga. En það er alveg áreiðanlega rétt, að það hefur því miður ekki verið staðið við þessa samninga eins og skyldi, og vanefndirnar eru sérstaklega af hendi hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s. af hendi hæstv. fyrrv. ríkisstj., og síðan núverandi hæstv. ríkisstj. hefur setzt að völdum, hefur ekki verið gerð leiðrétting á þessu.

Það var minnzt á brot hæstv. ríkisstj. á sínum hluta samkomulagsins að því er snertir mjólkurverð í Vestmannaeyjum af hv. 9. landsk. hér áðan. Það er í hverju orði sannleikur. Þarna hefur ríkisstj. reynzt svo smá, að hún hefur gert sig að svikara við gert samkomulag við verkalýðssamtökin í landinu fyrir nokkra tugi aura á lítra í einum einasta kaupstað landsins. Ég tel, að ríkisstj. Íslands eigi að meta æru sína hærra verði en svo, að þetta geti átt sér stað.

Verkalýðssamtökin í Vestmannaeyjum hafa reynt að ná rétti sínum út af þessu broti hæstv. ríkisstj., en ekki tekizt það enn. Það hefur verið gengið á fund ríkisstj., svo að hún veit og hefur vitað í marga mánuði um þessi brot, en ekki fengið þeim kippt í lag. Það, sem stendur í veginum fyrir því, að hægt sé að fá dóm félagsdóms um þessi samningsrof, er það, að vinnulöggjöfin kveður svo á, að félagsdómur skuli taka til úrskurðar og dóms þau mál, sem stafi af brotum af hendi atvinnurekenda eða verkalýðssamtaka á gerðum stéttarfélagasamningum. En hér er um ríkisstj. að ræða, og segja lögfræðingar, að það falli þess vegna út fyrir ramma félagsdóms að dæma í slíkum brotamálum. Í slíku skálkaskjóli getur ríkisstj. Íslands ekki setið, og hún getur ekki vænzt þess að fá að sitja í slíku skjóli, ef hana skortir sómatilfinningu til þess að finna það sjálf. Það er vitanlega ekkert annað fyrir hendi í þessu máli en að höfða sakamál gegn ríkisstj. Íslands, höfða almennt mál gegn ríkisstj. Íslands, ef félagsdómur telur sig ekki geta dæmt í málinu, nema því aðeins að núverandi hæstv. ríkisstj. geri þarna ráðstafanir til að bæta það, sem brotið hefur verið, og bæta mönnum það upp í Vestmannaeyjum, sem gengið hefur verið á þeirra hlut á liðnu ári. Það er nokkurn veginn reiknanlegt dæmi, og þetta ber að bæta, a. m. k. ber núverandi hæstv. ríkisstj. að gera gangskör að því þegar í stað, að mjólkurverð í Vestmannaeyjum verði kr. 2.70, eins og um var samið, því að það er alveg fast undirstöðuatriði í samningsgerðinni, að verð á mjólk og nokkrum öðrum vörutegundum skuli á ábyrgð ríkisstj. vera ákveðið að krónutölu miðað við verðeiningu. Það er því ekkert hægt að deila um, hvort þarna sé um samningsrof að ræða eða ekki.

Ég hef haft nokkur afskipti af þessu máli, og ég harma það, að Alþýðusamband Íslands skuli ekki vera búið að fara í málaferli við ríkisstj., úr því að ekki telst hægt að láta félagsdóm dæma það. En það, sem fyrst og fremst ber að herða að hæstv. ríkisstj. um, er það, að hún viðurkenni það, sem þarna hefur gerzt, og láti leiðrétta það, láti færa verðið niður í kr. 2.70 og borga til baka úr ríkissjóði með einhvers konar verðjöfnun, það sem einstaklingar í Vestmannaeyjum hafa orðið að borga meira fyrir hvern lítra mjólkur en þeim bar samkv. samkomulaginu. Það er alveg sama og að svíkja þá um kaup að ætla þeim að borga mjólkina hærra verði en um var samið, og það bitnar fyrst og fremst á barnafjölskyldunum í einum einasta kaupstað landsins.

Ég læt mér ekki detta í hug, að hv. 4. landsk. (GJóh) hafi farið með rangt mál, þegar hann upplýsti áðan, að það hefði verið hækkað verð á kaffi og sykri og fleiri vörutegundum, sem áttu að vera undir ákveðnu verði samkv. loforði ríkisstj., yfir sumarmánuðina s. l. sumar, en það vantar þarna upplýsingar um, hvort þetta hefur verið kært, hvort það hefur verið leitað leiðréttingar á þessu gagnvart hæstv. ríkisstj. eða hvort það hefur verið gerð tilraun til að leita til dómstólanna um þetta, því að þarna er líka augljóslega um brot að ræða af hendi hæstv. ríkisstj.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Hv. 3. landsk., síðasti ræðumaður, er nú kunnugur því, hvernig samningarnir voru á milli hæstv. ríkisstj. og verkalýðsfélaganna frá því í des. í fyrra, og þess vegna undrar mig, að hann skuli koma hér upp í ræðustólinn og belgja sig upp og segja, að ríkisstj. hafi svikið Vestmanneyinga í sambandi við mjólkurverðið þar. Hvernig stendur á því, að Hannibal Valdimarsson kemur hér og belgir sig upp og segir hér gegn betri vitund, að ríkisstj. hafi brotið samninga á Vestmanneyingum? Hannibal Valdimarsson er það skýr maður, að hann veit, að ríkisstj. tók aldrei ábyrgð á mjólkurverðinu í Vestmannaeyjum. Og ég tel, að allir hv. þm. séu nú það kunnugir Vestmannaeyjum, vegna þess að það er staður, sem oft ber á góma, þetta er blómlegur útgerðarstaður, en það er tvennt, sem háir þessum stað, það er vatnsleysi og það er mjólkurleysi, og það hefur alltaf verið þannig í Vestmannaeyjum, að mjólkin hefur verið þar mun dýrari en nokkurs staðar annars. Þegar samkomulag var gert um það hér s. l. haust, að mjólkurverðið skyldi vera kr. 2.71, þá tók ríkisstj. ekki á sig ábyrgð á því að greiða

niður mjólkina í Vestmannaeyjum það mikið, að hún yrði þar á sama verði og mjólk er í Rvík, og það er bezt, að hv. þm., sem kemur hér upp í ræðustólinn og fullyrðir slíkt og ber svik á ríkisstj. í þessu tilefni, komi með samninginn og lesi upp úr honum þá grein, sem segir, að ríkisstj. hafi tekizt skuldbindingar á hendur um það að greiða mjólkina niður í Vestmannaeyjum það mikið, að hún verði ekki dýrari þar en annars staðar. (Gripið fram í.) Nei, en það er bezt að ég komi með það.

Það hefur verið talað um svik og brot á þessu samkomulagi, sem gert var í desembermánuði s. l. í fleiri atriðum en þessu. Ég sagði hér áðan, eftir viðtali, sem ég átti við verðgæzlustjórann, að hann og hans starfslið hafi haft eftirlit með því, að þessir samningar væru haldnir, og verðgæzlustjóri fullyrðir, að samningar hafi verið haldnir. Nú kemur hér upp hv. þingmaður, sem er og hefur verið starfsmaður í fjárhagsráði, og fullyrðir, að verðgæzlustjóri hafi enga aðstöðu til að fylgjast með þessu eða fullyrða nokkuð hér um. Þessi ræðumaður segir líka, að hann taki ekki þetta fram vegna þess, að hann vantreysti verðgæzlustjóra, o sei sei. Ég segi nú bara, þegar verðgæzlustjóri kemur á minn fund og fullyrðir það, sem hann hefur sagt við mig, og það, sem ég hef hér tekið fram, og kvartar ekki neitt undan því, að hann vanti heimildir eða aðstöðu til þess að vinna sín verk, þá verð ég nú að segja það, að annar hvor hefur á röngu að standa. Ef þessi hv. ræðumaður, hv. 8. landsk., heldur því fram, að hann hafi hér farið með rétt mál, þá heldur hann því fram, að verðgæzlustjóri hafi farið með rangt mál. Þá er þetta argasta vantraust, sem hægt er að bera á einn embættismann í landinu, og það væri ekki nema eðlilegt, að 8. landsk. þm. yrði látinn standa við þessi orð sín annars staðar en hér í hv. þd., því að hann ber hér þungbærar sakir á verðgæzlustjóra, að hann hafi farið með rangt mál, þegar hann fullyrðir, að samningarnir frá des. 1952 hafi verið haldnir. Það eru þungar sakir, sem hv. þm. verður að gera grein fyrir á öðrum stað. — Nú sagði þessi hv. þm., að hann hefði ekki borið þessa fsp. fram vegna þess, að hann hafi ekki vitað, hvernig henni yrði svarað, því að ef hann hefði haft 5 mínútur yfir að ráða, þá hefði hann getað haldið sömu ræðuna og ég flutti hér áðan. Það er nú dálítið einkennilegt að vera að gera fsp. um það mál, sem hann sjálfur veit svörin við. Þetta er það mesta grín, sem ég hef nokkurn tíma vitað að hafi átt sér stað hér hjá einum hv. þm. í Alþingi.

Það var talað hér um, að kaffið væri hækkað frá því, sem samningurinn hefði tekið fram; það hefði verið talað um, að það ætti að vera kr. 40.80. Ég man nú kannske ekki nákvæmlega, hvað kaffiverðið er í dag, en mig minnir þó, að pakkinn sé kr. 10.15 a. m. k. í sumum búðum hér í Rvík, og ég þekki a. m. k. verzlun, þar sem kaffipakkinn er seldur á kr. 10.15. Það gerir kr. 40.60, 20 aurum lægra en talað var um í samkomulaginu í des. í fyrra. Mér er líka kunnugt um það, að sykurkílóið hefur a. m. k. lækkað um krónu frá því í des. í fyrra. Þetta nefna þessir hv. þm. ekki neitt. Mjólkurverðið er greitt niður það mikið núna, að það er sama útsöluverð og var í des. í fyrra, kartöfluverðið einnig, eins og tekið er fram í samningunum, en það, sem ber á milli í sambandi við mjólkina, eins og ég sagði hér áðan, er það, að ríkisstjórnin tók aldrei á sig skuldbindingar að greiða mjólkina niður í Vestmannaeyjum það mikið, að hún með samkomulaginu yrði á sama verði og hér í Rvík eða annars staðar, vegna þess að mjólkin í Vestmannaeyjum hefur alltaf verið miklu dýrari en annars staðar vegna þeirrar aðstöðu, sem Vestmannaeyingar hafa. Þess vegna ættu menn ekki að vera að tala um svik í sambandi við þetta.

Það var fleira, sem hv. fyrirspyrjandi talaði hér um áðan. Hann talaði um það, að samkv. bréfinu, sem var gert í janúarmánuði s. l., skorti verðgæzlustjóra allar heimildir til þess að vinna sín verk. Ég kom lítillega að því áðan, að verðgæzlustjóri hefði ekki kvartað undan því, að hann hefði ekki heimildir og hefði ekki aðstöðu, og það er það, sem við þó vitum allir, að ef verðgæzlustjóri finnur verzlun, sem eitthvað saknæmt er hjá, þá getur hann hvenær sem er kært það til ríkisstj. eða sakadómara, eftir því sem hér á við, og í þessu tilfelli, ef samningar væru brotnir, þá er honum alltaf opin leið að kæra til ríkisstj. þetta atriði, því að það er ekkert síður ríkisstj., sem vill að samningarnir verði haldnir, heldur en verkalýðsfélögin. Og ég vil upplýsa það, að ef hægt er að benda á einhver atriði með sanni, sem sanna það, að samningarnir hafi verið brotnir, þá er það gegn vilja ríkisstj. Hitt er svo kannske ekkert undarlegt, þótt það megi benda á í einhverri verzlun, sem hefur tilhneigingu til þess að selja dýrt, að það geti komið fyrir, að það finnist þar einhver vörutegund á hærra verði en æskilegt er. En verðgæzlan hefur eftirlit með því, að þetta sé ekki gert.

Hv. 8. landsk. var að tala um vaxtahækkunina og afleiðingar af því, að vaxtakostnaður hjá verzlunum hefði verið hækkaður úr 1% í 2—3%, eftir að vextirnir höfðu hækkað aðeins um 1%, úr 6% í 7%. Það er alveg rétt, að þessi kostnaður, vextirnir, hefur verið hækkaður hjá flestum úr 1% í 2% vegna vaxtahækkunar, ekki aðeins vegna þess að vextirnir hækkuðu um 1%, heldur einnig vegna þess, að um leið og þetta gerðist, þá var innflytjendum gert að skyldu að borga inn í bankann 60—70% af andvirði þeirrar vöru, sem þeir pöntuðu, og þessir peningar urðu svo að liggja í bankanum stundum 6, stundum 9 og stundum 10—11 mánuði vaxtalausir, áður en varan kom, og það er þetta, sem veldur því nú frekar, að þessi liður var hækkaður úr 1% í 2%, heldur en þó að vextirnir hækkuðu úr 6% í 7%. Ég veit, að hv. 8. landsk. þm., sem ég ætla vera viðskiptafræðing, hlýtur að gera sér ljóst, að það að þurfa að borga inn í bankann peninga, sem eiga að liggja þar marga mánuði vaxtalausir, hlýtur að leiða af sér aukinn kostnað fyrir verzlunina.

Ég sé svo ekki, að það sé fleira, sem ég þarf að taka hér fram, en ég undirstrika það í sam-

bandi við mjólkurverð í Vestmannaeyjum, að ríkisstj. hefur ekki tekið þá ábyrgð á sig að auka niðurgreiðslu á mjólkurverði þar það mikið, að mjólkin, hvernig sem gengur að framleiða mjólkina í Vestmannaeyjum eða koma henni þangað, verði ekki dýrari þar en annars staðar. Og hvernig stendur á því, að Vestmanneyingar hafa þagað yfir því þangað til í dag og fsp. er ekki borin fram af hv. 9. landsk. til þess að koma þessu máli á dagskrá, heldur af hv. 8. landsk. þm.. — hvernig stendur á því, ef ríkisstj. hefur brotið samninga á Vestmanneyingum, að þeir hafa ekki leitað réttar síns og að það virðist vera eins og af tilviljun, af því að hv. 8. landsk. þm. kemur hér með fsp., að hv. 9. landsk., sem er úr Vestmannaeyjum, vaknar? Og hv 3. landsk., sem stendur framarlega í verkalýðshreyfingunni og var einn aðalmaðurinn hér í verkfallinu og samningunum í desembermánuði; það er eins og af tilviljun, að hann vaknar nú í dag, af því að hv. þm. úr öðrum flokki kemur með fsp. Eða ætluðu þessir hv. þm. að sofa á þessum svikum ríkisstj., ef hv. 8. landsk. þm. hefði ekki verið svo góður að vekja þá?

Nei, það sjá allir, og það vita allir, að þessir hv. tveir þm. eru með þessar staðhæfingar hér nú gegn betri vitund, og það þykir mér leiðinlegt. Mér þykir það leiðinlegt, að menn skuli vera að koma hér upp í ræðustólinn, belgja sig hér upp, tala um svik af hendi ríkisstj., en vita þó, að þeir mæla rangt.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., var fram haldið umræðu um fsp.

*Karl Guðjónsson:* Herra forseti. Þegar umr. var frestað um þessa fsp., sem nú er hér aftur á dagskrá, fyrir viku eða nálægt því, þá stóð svo á, að hæstv. viðskmrh. (IngJ) hafði hér flutt töluvert þungorða ræðu, sem hann beindi m. a. til mín, og í þeirri ræðu spurði hann mig tveggja spurninga. Hann spurði mig, hvers vegna ég hefði ekki borið fram þá fsp., sem hér væri til umræðu, úr því að mér væri svo mikið áhugamál að ræða þetta, og í öðru lagi, hvort ég hefði sofið á því máli, sem umræðurnar snerust nú aðallega um, þ. e. a. s. um verðlagsmál á mjólk í Vestmannaeyjum. Ég vil ekki láta hjá líða að svara þessum spurningum.

Í fyrsta lagi gerði ég ekki þessa fsp. vegna þess, að ég reynist reyndar vera öllu betur að mér í þessu máli en ráðh. og hef þess vegna ekki um mikið að spyrja í því efni. Hann hélt því hér fram í sinni fyrstu ræðu um málið, að ríkisstj. hefði hvarvetna staðið við þau loforð, sem gefin voru í sambandi við verðlag, ekki einasta á mjólk, heldur á ýmsum fleiri vörutegundum í sambandi við lausn vinnudeilunnar í desembermánuði í fyrravetur. Ég kunni ekki við það að sitja undir slíkum upplýsingum án þess að gefa ráðherranum þær upplýsingar, að í öllum atriðum væri þetta loforð ríkisstj. brotið í því byggðarlagi, þar sem ég á búsetu, en alvarlegust væru brotin í sambandi við verðlag á mjólk, þar sem ríkisstj. hafði lofað því, að mjólkin skyldi seld á kr. 2.71 lítrinn, en raunin orðið sú, að mjólkin er seld á kr. 3.00 til 3.16 lítrinn; allt meginmagn þeirrar mjólkur, sem seld er í Vestmannaeyjum.

Um hitt, þá aðdróttun ráðh., að ég hafi sofið á málinu, vil ég aðeins svara því, að það eru nú til ýmiss konar fleiri hugsanlegar leiðir til þess að fá þetta leiðrétt heldur en að fara með það í fyrirspurnatíma í Alþingi. Ég hef upplýst það, að mér og hv. þm. Vestmanneyinga kom saman um það að flytja málið ekki sérstaklega inn í þingið fyrr en séð yrði, hver yrði afstaða framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem nú hefur þetta mál á dagskrá sinni og tekur það væntanlega fyrir á fundi, sem það heldur núna einhvern alveg næstu daga. Að þeim fundi loknum gæti ráðh., ef til vill, átt von á því, að ekki einasta ég, heldur einnig samflokksmaður hans, þm. Vestm., hefði eitthvert orð um þetta mál að segja í þinginu, þó að það verði væntanlega þá ekki neinar fyrirspurnir sérstaklega.

En þó að hæstv. viðskmrh. hafi haldið því fram í sinni fyrstu ræðu, að ríkisstj. stæði hvarvetna við sín loforð, þá var hann nú reyndar runninn ofan af því, a. m. k. að nokkru leyti, í sinni síðari ræðu um málið, og var hann þá kominn inn á allt aðra braut. Hann var sem sé kominn inn á þá braut, að ríkisstj. hefði aldrei lofað þessu tiltekna verði á mjólk í Vestmannaeyjum. Ég vil nú til leiðréttingar á þessari missögn ráðherrans leyfa mér að vitna hér í þau plögg, sem urðu til þess, að vinnudeilan varð leyst í Vestmannaeyjum. Hún leystist þar reyndar degi síðar en hér í Rvík og víðast hvar annars staðar, og það var einmitt vegna ákvæðanna um verðlag á mjólk. Ég efast ekki um það, að hæstv. viðskmrh. sé það ekki einasta kunnugt, heldur viðurkenni hann það líka, að við lausn þessarar deilu kom Gunnlaugur Briem, starfsmaður stjórnarráðsins, fram fyrir hönd ríkisstj. og flutti hennar boðskap til þeirra aðila, sem að öðru sömdu um lausn þessarar deilu. Á fundi í Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja, sem hafði lausn deilunnar til meðferðar, lágu fyrir upplýsingar Gunnlaugs Briems um, hver kjör ríkisstj. byði til lausnar deilunni. Voru upplýsingarnar í símskeyti og vottuðu hans staðfestingu á því, að verðlag á mjólk skyldi lækka úr kr. 3.25 í kr. 2.71. Nú er það að vísu alveg rétt, sem ráðh. hélt fram, að mjólk hefði verið dýrari í Vestmannaeyjum en annars staðar fyrir þetta verkfall. Hún var dýrari en kr. 3.25. En Verkalýðsfélag Vestmannaeyja samdi alls ekki upp á þetta, heldur gerði það sína fyrirspurn um það, hvort mjólkin ætti einnig að lækka í Vestmannaeyjum niður í kr. 2.71, þó að hún hafi þar áður verið dýrari en tiltekið var í hinu upphaflega skeyti. Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Jón Sigurðsson, sem mun vera framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, gaf hins vegar þær upplýsingar símleiðis, að hann hefði fengið loforð ríkisstj. fyrir því, að verðið ætti alls staðar, þ. á m. í Vestmannaeyjum, að vera kr. 2.71 á lítra, og sendi

daginn eftir skeyti, sem ég hef hér afrit af og hljóðar á þessa leið:

„Hef fengið yfirlýsingu sáttanefndarmannsins Gunnlaugs Briems stjórnarráðsfulltrúa, að niðurgreidd verði öll mjólk, sem seld er mjólkurbúð, og verðið það sama hvar sem er á landinu, kr. 2.71 lítri."

Skeytið er undirritað af Jóni Sigurðssyni.

Það liggur þess vegna alveg hreint fyrir, að verkamenn í Vestmannaeyjum sömdu um þetta mjólkurverð. Það er þess vegna aðeins spurningin: Er það ríkisstj. sjálf, sem brýtur þetta? Hefur Gunnlaugur Briem farið hér með staðlausa stafi og lofað öðru fyrir hönd ríkisstj. en hann hafði umboð til? Eða þá í þriðja lagi: Hefur fulltrúi Alþýðusambands Íslands ekki fengið þær staðfestingar hjá stjórnarráðinu eða stjórnarráðsfulltrúa, sem hann sendir til Vestmannaeyja sem staðfestingu? Ef hæstv. viðskmrh. getur fært sönnur á það, að stjórnarráðsfulltrúinn hafi gert það, sem hann hafði ekki umboð til, eða að fulltrúi Alþýðusambandsins fari með rangt mál, getur komið til greina að sýkna ríkisstj. af því að hafa brotið sinn samning. En á meðan slíkt liggur ekki fyrir, þá hef ég það fyrir satt, að ríkisstj. hafi brotið gerða samninga og að henni beri að leiðrétta það.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Ég er hér með fyrir framan mig samning þann, sem varð til að leysa verkföllin í desembermánuði s. l. Í upphafi þess samnings segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur í samræmi við tillögur sínar varðandi lausn núverandi kjaradeilu verkamanna og vinnuveitenda, er birtar voru 16. þ. m., ákveðið, að eftirfarandi ráðstafanir skuli koma til framkvæmda, ef síðar greind miðlunartillaga verður samþ. og aflétt verður verkföllum þeim, sem nú eru háð, að verð á lítra nýmjólkur lækki úr kr. 3.25 í kr. 2.71, verð á kartöflum lækki úr kr. 2.45 í kr. 1.75 á kg, verð á kaffi lækki úr kr 45.20 í kr. 40.80 á kg, verði á sykri lækki úr kr. 4.14 í kr. 3.70 á kg, verð á saltfiski lækki úr kr. 5.60 í kr. 5.20 á kg, verð á brennsluolíu lækki um 4 aura á lítra, verð á benzíni lækki um 4 aura á lítra og flutningsgjöld til landsins lækki um 5%." Og ríkisstj. lofar að sjá um, að þetta verði gert og að með þessu fái hún heimild til að lækka vísitöluna um 5.18 stig.

Menn taka sjálfsagt eftir því, að þetta er orðað þannig um fimm fyrstu liðina, að verðið á að lækka í kr. 2.71 á mjólkurlítra, í kr. 1.75 á kartöflukg, í kr. 40.80 á kaffi, í kr. 3.70 á sykri og í kr. 5.20 á saltfiski, en á hins vegar að lækka um 4 aura á lítra, að því er snertir brennsluolíu og benzín. Þar er það ákveðið, um hve marga aura skuli lækka á einingu.

Það er alveg óyggjandi, að það var álit allra, sem þarna komu við sögu, að hvað sem verðið væri á mjólk, kartöflum, sykri og saltfiski hingað og þangað um landið, þá væri það hið umsamda verð, sem það skyldi lækkað í samkv. skuldbindingu ríkisstj., sem skyldi gilda um allt land, og það er ekki stafur til um það, að Vestmannaeyjar séu þar undanskildar. Ég hef alltaf litið svo á, að Vestmannaeyjar tilheyrðu íslenzka ríkinu, og þegar íslenzka ríkisstj. semur um ákveðið verðlag fyrir vörutegund um allt land, þá eigi Vestmannaeyjar að fylgja með. Það var miklu víðar en í Vestmannaeyjum, sem verðlagið á mjólkurlítra var annað en kr. 3.25 og annað en kr. 45.20 verð á kg af kaffi. En það hefur alls staðar verið látið gilda verðlagið, sem það átti að lækka í, nema í Vestmannaeyjum, og svo að því er snertir Sigluförð með sumarverðið, sem var tekið upp núna á sumarmánuðunum á ýmsum vörum, er ekki virðist hafa verið munað eftir skuldbindingum ríkisstjórnarinnar heldur að því er það snertir. Verðið átti að lækka í þetta, að því er þessar fimm vörutegundir snerti, en um ákveðna auratölu á einingu í tveimur tilfellum. Það er tvenns konar orðalag, og er mjög broslegt og kátlegt og grátlegt, ef hæstv. ráðh. hefur farið línuvillt og ríkisstj. öll í þessu máli.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Það vill nú svo til, að ég hef hérna samninginn fyrir framan mig, þann samning, sem hv. 3. landsk. var að vitna í hér áðan.

Það hefur mest verið rætt um Vestmannaeyjamjólkina. Og það er ekki vegna þess, að ég unni ekki Vestmanneyingum alls góðs, þótt ég segi hér það, sem rétt er, að Vestmanneyingar hafa ekki undir þeim kringumstæðum, sem þeir nú hafa, neina kröfu á ríkisstj. um að fá mjólkina á kr. 2.71, og skal ég færa rök að því.

Það er, eins og kunnugt er, langt síðan og hefur kannske alltaf verið, að verðlag á mjólk í Vestmannaeyjum hefur verið mun hærra en t. d. hér í Reykjavík. Og síðan mjólkurlögin komust í gildi hafa Vestmanneyingar beinlínis sótt um leyfi til þess að selja mjólkina dýrari en annars staðar er. Ég er hérna með bréf í höndunum, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja skrifaði framleiðsluráði landbúnaðarins 1948, og framleiðsluráð vitnar í þetta bréf, og vil ég leyfa mér að lesa hér upp skýringar framleiðsluráðs á því, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 20. nóv.

Í sambandi við umræður þær, sem að undanförnu hafa farið fram á Alþingi og víðar um mjólkurmálin í Vestmannaeyjum, og samkv. ósk herra Gunnlaugs Briems skrifstofustjóra viljum við taka fram eftirfarandi:"

Gunnlaugur Briem óskaði eftir þessu bréfi frá framleiðsluráði eftir að hafa átt viðtal við framleiðsluráð, því að ég sneri mér til Gunnlaugs Briems, sem var í sáttanefndinni og þessum málum kunnugastur, til þess að fá enn fyllri upplýsingar frá hans hendi um þetta mál, ef ske kynni, að ég hefði nú ekki haft algerlega á réttu að standa hér s. l. miðvikudag. — Bréf framleiðsluráðsins er þá svo:

„1) Um nokkurra ára skeið hafa ýmsir örðugleikar komið fram í sambandi við framkvæmd mjólkursölunnar í Vestmannaeyjum. Orsök þeirra er aðallega sú, að eyjarnar eru ekki sjálfum sér nógar hvað snertir framleiðslu nýmjólkur og að framleiðslukostnaður mjólkurinnar þar er meiri en annars staðar á landinu. Sama er að segja um aðflutning viðbótarmjólkur úr landi. Þeir flutningar eru ávallt dýrir og erfiðir.

2) Af þessum sökum óskaði bæjarstjórn Vestmannaeyja eftir því í byrjun júlímánaðar 1948, að mjólkurverð yrði ákveðið 60 aurum hærra í Vestmannaeyjum en annars staðar á landinu. Við þessum óskum varð framleiðsluráð, enda hafði það til þess heimild í 27. gr. framleiðsluráðslaganna. Var mjólkurverð þá ákveðið í Vestmannaeyjum kr. 2.50 hver lítri í staðinn fyrir kr. 1.90 annars staðar á landinu. Þessi verðmismunur hækkaði nokkuð, þegar frá leið, með hækkandi mjólkurverði. Í nóvembermánuði 1952 var útsöluverð mjólkurinnar kr. 4.00 í Vestmannaeyjum, þegar það var kr. 3.25 annars staðar á landinu.

3) Þegar verkfallinu létti í desembermánuði 1952, ákvað ríkisstj. að auka niðurgreiðslur á mjólk úr 42 aurum í 86 aura á lítra. Með því að láta Vestmannaeyjamjólkina verða aðnjótandi niðurgreiðslnanna lækkuðu framleiðendur í Eyjum mjólkurverðið í kr. 3.14 eða um 86 aura. Mjólk frá mjólkurbúi bæjarins var hins vegar lækkuð niður í kr. 2.70, en mjólk, sem verzlun Helga Benediktssonar seldi og keypt var frá mjólkursamsölunni í Reykjavík, var þá seld á kr. 3.00. Þessa mjólk selur samsalan Helga Benediktssyni á kr. 2.50 fob. Reykjavík. Mjólkin er því núna seld kr. 0.84 til kr. 1.30 ódýrari en hún var áður vegna niðurgreiðslna ríkisins.

Eins og sakir standa, eru Vestmanneyingar ekki á neinu ákveðnu mjólkursölusvæði. Þetta þýðir það, að þangað mega öll mjólkursamlög selja mjólk og mjólkurvörur, án þess þó að nokkurt eitt þeirra beri ábyrgð á sjálfri mjólkurdreifingunni í Vestmannaeyjum. Næsti fundur framleiðsluráðs, sem haldinn verður í byrjun desember, mun hins vegar taka ákvörðun um það, hvort svo verður framvegis eða hvort Vestmannaeyjar verði úrskurðaðar sem sérstakt sölusvæði eða heyri t. d. til Reykjavíkurbæ."

Ef það verður ákveðið, að Vestmannaeyjar heyri til Reykjavíkursvæðinu, þá er ekkert um það að villast, að eftir það muni Vestmanneyingar fá mjólkina á sama verði og hún er seld hér í Reykjavík. Á meðan það er ekki ákveðið, að Vestmannaeyjar fylgi Reykjavíkursvæðinu, og þær hafa ekki komizt í þau samtök, sem gilda um mjólkursölu, þá hafa þeir ekki neina kröfu á þessu, eins og fram kemur hér. En þrátt fyrir þetta hefur verðmismunurinn í Vestmannaeyjum minnkað um 84 aura til kr. 1.30 frá því í desember 1952, miðað við það, sem mjólkurverðið var áður í Vestmannaeyjum og gilti hér. Þetta hefur gerzt þrátt fyrir það, þótt ekki væri skylt að gera verðmuninn minni. Og eins og segir hér í bréfinu, þá var ákveðið að auka niðurgreiðsluna úr 42 aurum í 86 aura. Og það hefur ekki aðeins verið gert í Vestmannaeyjum að auka niðurgreiðsluna um þetta, heldur hefur það raunverulega í framkvæmd orðið miklu meira, þótt mjólkin í Vestmannaeyjum sé samt sem áður nokkru dýrari í dag en hún er hér í Reykjavík.

Hv. 9. landsk. vitnaði í Gunnlaug Briem áðan og las upp skeyti frá Jóni Sigurðssyni, þar sem Jón Sigurðsson vitnar í Gunnlaug Briem, að hann hafi yfirlýsingu um það í höndunum, að seld mjólk í mjólkurbúð skuli vera framvegis í Vestmannaeyjum á sama verði og hún er seld í Reykjavík. Hér er áreiðanlega ruglað nokkuð saman og um misskilning að ræða, því að það, sem Gunnlaugur Briem hefur meint með þessu, er mjólk, sem væri seld úr mjólkurbúð, löggildri mjólkurbúð, sem væri í samtökum mjólkurframleiðenda á viðurkenndu mjólkursölusvæði Reykjavíkur, — og að þessi skilningur hlýtur að hafa verið í skeytinu, staðfestist hér með bréfi, sem ég hef frá Gunnlaugi Briem, og með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa það upp:

„Þegar rætt var um verðlækkun þá á nauðsynjavöru, sem ríkisstj. beitti sér fyrir með niðurgreiðslum úr ríkissjóði í samningaumleitunum atvinnurekenda og vinnuþega í s. l. desembermánuði, þá var jafnan miðað við verðlagið á þessum vörum í Reykjavík. Og orðalag samkomulagsins ber þetta með sér, þar sem segir, að verð á nýmjólk lækki úr kr. 3.25 í kr. 2.71, en mjólkurverðið í Reykjavík var þá kr. 3.25 á þessum tíma."

Af hverju er ekki tekið fram í samningunum, að mjólkin, þar sem hún er hærri en kr. 3.25, skuli einnig lækka niður í kr. 2.71? T. d. mun hún hafa verið 4 kr. í Vestmannaeyjum. Af hverju er ekki tekið fram í samningunum, að þar sem mjólkin í Vestmannaeyjum sé 4 kr., þá skuli niðurgreiðslan vera þeim mun hærri á þeim stað? Það segir ekki, vegna þess að það var ekki til þess ætlazt. — Og enn heldur Gunnlaugur Briem áfram:

„Vísitala framfærslukostnaðar hefur ávallt verið miðuð við verðlag í Reykjavík. Íbúar annarra kaupstaða og kauptúna hafa hér ekki borið skarðan hlut frá borði. Enda þótt einstaka vörutegundir væru seldar með lægra verði í Reykjavík en annars staðar á landinu, þá voru aðrar vörur og þjónusta seldar þar hærra verði. Sérstaklega hefur húsaleiga verið hærri í Reykjavík en utan hennar. Niðurgreiðslan þurfti að sjálfsögðu að vera fyrir fram ákveðin á hinum einstöku vörutegundum, og verður það ekki dregið í efa, að það væri rétt framkvæmd á samkomulaginu að greiða mjólkurverðið í Vestmannaeyjum niður um sömu upphæð og gert er í Reykjavík, enda þótt vitað væri, að mjólkin væri seld þar lægra verði en í Vestmannaeyjum. Mjólkurframleiðendur gátu að sjálfsögðu ekki sjálfir skammtað sér niðurgreiðslu úr ríkissjóði að eigin geðþótta með því að ákveða sjálfir söluverð mjólkurinnar og senda síðan hlutaðeigandi ráðuneyti reikning fyrir hækkunina."

Þetta segir Gunnlaugur Briem, sem var í samninganefndinni, og ég ætla, að hv. 9. landsk. og hv. 3. landsk. leyfi sér ekki að draga í efa, að það, sem Gunnlaugur Briem segir í þessum efnum, sé rétt. Samningurinn er líka hérna hjá mér, og þar segir í 1. tölulið a: „Verð á lítra nýmjólkur lækki úr kr. 3.25 í kr. 2.71." — Úr 3.25, þar sem hún er 3.25. En það segir ekki í samningnum, að þar sem mjólkin er hærri, þar skuli hún einnig lækka niður í kr. 2.71, vegna þess að það er ákveðið, að niðurgreiðslan skuli hækkuð úr 42 aurum í 86 aura. Það er ákveðið, hvað niðurgreiðslan skuli vera mikil. Og hvernig stendur svo á því, að Hannibal Valdimarsson

og Karl Guðjónsson, þótt hann vilji styðja Vestmanneyinga, eru að reyna að belgja sig hér upp og túlka þennan samning algerlega skakkt til þess að reyna að vekja glundroða og óánægju með það samkomulag, sem náðist í desember og hefur verið haldið af öllum aðilum? Hvers vegna er verið að reyna að básúna þetta og gera þetta að einhverju stórmáli? Er ekki nóg um sundrungina hér, þó að það sé ekki gert að ástæðulausu? Og við Karl Guðjónsson, hv. 9. landsk., vil ég segja þetta: Það er rétt stefnt hjá honum að reyna nú að vinna að því, að framleiðsluráðið taki Vestmannaeyjar inn í mjólkursölusvæði Reykjavíkur. Takist það, þá fá Vestmanneyingar mjólkina á sama verði og aðrir landsmenn. Og ég verð nú að segja það, að Vestmanneyingar eiga allt gott skilið; þeir ættu það sannarlega skilið, að þetta mætti komast í framkvæmd. En það hefst ekki með því að vera að herma svik upp á ríkisstj. í framkvæmd þessa máls. Það hefst aðeins með því að taka þetta mál raunhæfum og réttum tökum, og mér skilst, að hv. þm., Karl Guðjónsson, 9. landsk., sé kominn á þá skoðun, að það sé nú bezta leiðin og að sleppa stóryrðunum um svikin og vanefndir af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til þess að vera að fjölyrða meira um þetta. Ég ætla, að þetta sé nóg. Ég get vitanlega ekki gert við því, þótt þessir hv. þm. leyfi sér að koma hér upp aftur og fullyrða eitthvað út í bláinn, sem ekki stenzt. Það geta þeir náttúrlega gert, ef þeir halda, að þeir vinni málinu eitthvert gagn með því. En þeir gera það þá á móti betri vitund, því að samningurinn er hér, og hann er alveg ótvíræður hvað mjólkina snertir, og skoðun nefndarmanna er hér einnig á blaðinu. (*BergS:* En hin atriðin?) Hv. þm., Bergur Sigurbjörnsson, spyr hér um hin atriðin. Nú, ég hélt, að það hefði verið alveg útrætt um þau. Ég hélt, að hv. þm., Bergur Sigurbjörnsson, hefði fengið þær upplýsingar hér á miðvikudaginn var, að það væri alveg nægjanlegt, þar sem ég vitnaði í verðgæzlustjóra og að hann taldi, að verðgæzlunni væri þannig hagað, að það væri auðvelt að komast eftir því, ef um einhverjar vanefndir væri að ræða á því samkomulagi, sem gert var í desembermánuði. s. l. Og verðgæzlustjóri sagði við mig, að hann hefði enga ástæðu til þess að ætla eftir hina nánu eftirgrennslan verðgæzlunnar, að um nokkrar vanefndir væri að ræða. Ég veit ekki, hvort þetta er nóg fyrir hv. þm., Berg Sigurbjörnsson, en þetta er áreiðanlega nóg fyrir flesta aðra, sem vilja heyra þetta og ekki hafa einhverja sérstaka löngun til þess að spinna lopann og ræða þetta mál eitthvað meira í auglýsingaskyni. Það getur vel verið, ef vantar t. d. efni í Frjálsa þjóð, að það sé heppilegt að fá umr. eitthvað lengdar, jafnvel þótt menn telji nú, að það sé lítið á þeim að græða. En ef það væri nauðsynlegt fyrir hv. þm., þá tel ég það nú ekkert eftir að hlusta á hann.

*Forseti (JörB):* Á ræðuborðinu eru límd nöfn þingmanna og þeir kenndir við sitt kjördæmi og einnig röðun á landsk. þingmönnum. Hæstv. ráðh. varð það nokkrum sinnum á að nefna þingmenn með nöfnum, en til þess er ekki ætlazt, heldur að þeir séu kenndir við kjördæmi eða þá eftir röð við landskjör. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. og aðrir gæti þess í ræðum sínum framvegis. Það er aðeins við útvarpsumræður, sem skylt er að nefna nafnið líka. — Hv. 8. landsk. hefur talað tvisvar, en hefur kvatt sér hljóðs. En hann mun ætla að bera af sér sakir, og tekur hann til máls.

*Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Það er rétt, ég hef kvatt mér hljóðs til að bera af mér sakir. Ég skal vera mjög stuttorður. Þó get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að í svörum sínum hér um fsp. mína um þessi mál hefur hæstv. viðskmrh. teygt lopann út af mjólkurverðinu í Vestmannaeyjum, sem er í sjálfu sér smáatriði og aukaatriði í sambandi við vanefndir ríkisstj. á öllum þessum samningi. Sakirnar, sem ég ætlaði hins vegar að bera af mér, eru þær, að þegar þetta mál var á dagskrá hér síðast, þ. e. á miðvikudaginn var, þá lýsti hæstv. viðskmrh. því hér yfir með mörgum orðum, að ég hefði haldið því fram, að sökin á vanefndum ríkisstj. á þessum málum væri hjá opinberum embættismanni, þ. e. a. s. verðgæzlustjóra. Þetta er rangt. Ég tók fram, að verðgæzlustjóri hefði ekki haft nokkra möguleika til þess að fylgjast með þessum samningum og rækja þá skyldu, sem hann hefði átt að rækja í sambandi við það, vegna þess að ríkisstj. láðist að setja honum reglugerð um verðlagningu þeirra vara, sem ákveðið var að skyldu lækka með samningnum um verkföllin í desember 1952. Ríkisstjórninni láðist að setja honum þessa reglugerð til þess að fara eftir. Og ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskmrh., hvernig stóð á því, að þessi reglugerð um það, hvernig þessar vörur skyldu verðlagðar, svo að verðið lækkaði samkv. samningnum, var ekki sett. Hvernig stendur á því, að verðgæzlustjóri hefur ekki getað staðfest einn einasta verðlagsútreikning í sambandi við þessar umræddu vörur í samningnum alla tíð síðan? Hvernig stendur á því, að hann hefur ekki getað staðfest þessa útreikninga, heldur hefur orðið að kvitta fyrir móttöku á verðlagsútreikningunum? Ég vona, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þessari spurningu, ef hann heldur, að allt sé með felldu í þessu sambandi.

Þá vil ég líka taka það fram að gefnu tilefni, að hæstv. ráðh. sagði, að það væri um meiri háttar grín að ræða, ef ég spyrði um hluti, eins og ég lýsti yfir, sem ég vissi fyrir fram svarið við. Það hefur komið í ljós berlega hvað eftir annað, að þetta er nauðsynlegt fyrir þm. Það er nauðsynlegt fyrir þm. að vita svarið fyrir fram, vegna þess að ráðherrar hafa verið staðnir að því að gefa hér rangar upplýsingar. Þessu til sönnunar vil ég nefna hér enn eitt dæmi, þó aðeins mjög lauslega, sem fram hefur komið hér og kom s. l. miðvikudag í umr. um verðlagsmál. Þar leyfði hæstv. viðskmrh. sér að geta um það til staðfestingar því, hvað álagning hefði lítið hækkað síðan hún var gef-

in frjáls, að inn hefði verið fluttur slatti af vefnaðarvöru fyrir 1800 krónur og álagning hefði verið aðeins kr. 1.60 hærri á þennan slatta en ef hún hefði verið undir verðlagsákvæðum. Þetta er fullkomlega rangt í öllum atriðum. Þessi vörusending hefur aldrei verið flutt til landsins. Upplýsingarnar, sem ráðh. hafði í höndunum, var tilbúið talnadæmi, sett upp til að sýna mismunandi álagningaraðferðir og hvernig vörurnar hækkuðu eftir því, hvaða aðferð væri notuð. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. hafi misskilið þessar upplýsingar, sem hann hafði, og þess vegna farið rangt með, en þá ber honum skylda til að leiðrétta það hér. Ef hann hins vegar leiðréttir það ekki, þá hefur hann farið vísvitandi rangt með, og þá verður það aldrei nógsamlega vítt, að ráðh. skuli leyfa sér hér úr ræðustóli á hinu háa Alþ. að fara vísvitandi með rangar og falsaðar upplýsingar.

*Forseti (JörB):* Mér skildist, að hv. 3. landsk. hefði kvatt sér hljóðs, en hann er búinn að tala tvisvar. (Gripið fram í.) Athugasemd? Það er ekki réttur til þess í spurningatíma, aðeins að bera af sér sakir, ef það er eitthvað saknæmt, sem mönnum finnst að þeim hafi verið borið á brýn. (*HV:* Já, ég er sakaður um það að bera samningssvik á ríkisstjórnina, sem ég hafi samið við.) — Hv. 3. landsk. segir aðeins örfá orð.

*Hannibal Valdimarsson:* Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvernig hann vill skýra það, að það skuli vera tvenns konar ákvæði í þessum samningi, þar sem ríkisstj. skuldbindur sig um að lækka benzín um 4 aura á lítra og lækka brennsluolíu um 4 aura á lítra, en hins vegar lofar að ábyrgjast það, að verð á lítra af mjólk færist í kr. 2.71, og hvernig hann vill halda því fram, að ríkisstj. sé ekki sek um vanefndir, þegar hún ekki fullnægir því, að verð á lítra nýmjólkur sé kr. 2.71 um allt land, að verð á kartöflum sé kr. 1.75 um allt land og verð á kaffi kr. 40.80 um allt land, því að hún hefur lofað að færa verðið á þessum vörum niður í þetta, en lofaði ekki í þessu tilfelli að lækka mjólk um 54 aura á lítra. Ég held fast við það, að meðan hæstv. ríkisstj. sér ekki um, að verðið sé fært niður í það, sem í samningnum frá 19. des. segir, þá hafi hún vanefnt þann samning, og kemur ekkert við málinu, hvað hún hefur verið að baksa við að semja milli Vestmanneyinga og mjólkursamsölunnar í Rvík. Hún átti að standa við þennan samning. Meðan hún ekki hefur gert það, heldur brotið hann, eins og upplýst er, að því er snertir margar vörutegundir á Siglufirði og mjólkina í Vestmannaeyjum, þá er hún sek um vanefndir og hefur stórkostlega torveldað það, að tekið sé mark á hæstv. ríkisstj. sem samningsaðila oftar en gert hefur verið.

*Gylfi Þ. Gíslason:* Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. gat þess í framsöguræðu fyrir þeirri fyrirspurn, sem hér er enn til umr., að farið hefði verið í kringum samkomulag það, sem gert var milli stéttarfélaganna og ríkisstj. varðandi álagningu á nauðsynjavörur, á þann hátt, að álagningargrundvelli hefði verið breytt þannig, að sama álagningarhundraðstala gæfi milliliðum hærri krónutölu í álagningu en átti sér stað áður. Það, sem hv. þm. sagði um þetta efni, var allt saman rétt. En þessu hefur hæstv. viðskmrh. reynt að andmæla aðeins að mjög litlu leyti. Umræðurnar hafa hins vegar fyrst og fremst snúizt um mjólkurverðið í Vestmannaeyjum, sem þó er, eins og hv. 8. landsk. þm. tók fram áðan, að vísu ekki fallegt mál, en þó aðeins smámál við hliðina á því, sem hér hefur átt sér stað.

Hv. 8. landsk. þm. nefndi að vísu aðeins fá töludæmi máli sínu til sönnunar. Ég skal nú lofa hv. þm. að heyra töludæmi, óvefengjanleg töludæmi, sem sanna það svart á hvítu, að í kringum þetta samkomulag hefur verið farið á hinn vítaverðasta hátt og að því er virðist án þess að nokkuð hafi verið gert til þess að leiðrétta þetta misferli. Ég hef hér fyrir framan mig útreikning á vörusendingu, sem samkomulagið gilti um, að innkaupsverði 100 þús. kr. Fyrst er útsöluverðið reiknað eftir verðlagsákvæðunum, meðan þau voru í gildi. Þá verður svokallað kostnaðarverð þessarar vöru 195 þús. kr., heildsöluverð að meðtöldum söluskatti, tolli og bátagjaldeyri 283 þús. kr. og smásöluverðið 341 þús. kr. *Nú er hér einnig reiknað til samanburðar, hvernig sama vörusending kemur út samkvæmt samkomulaginu, sem gert var við stéttarfélögin.* Ég rek það ekki nánar, en get þess, að útsöluverðið er þá 361 þús. kr., þ. e. a. s. hækkun um 20 þús. kr. frá því, sem verið hefði, meðan verðlagsákvæðin voru í gildi, en það var nokkur lækkun frá því, sem verið hafði, áður en samkomulagið var gert, vegna þess að álagningin í hundraðstölum var lækkuð nokkuð. En nú kemur mergurinn málsins. Svo hef ég hér í þriðja lagi gert útreikning á því, hvert útsöluverð þessarar vöru verður, eftir að kaupmenn hafa breytt álagningargrundvelli sínum á þann hátt, sem þeir hafa gert, þó að þeir hafi haldið sömu álagningu að hundraðstölu, en það hafa þeir gert. Þeir virðast hafa haldið að leggja aðeins 10% á í heildsölu og 28% í smásölu, en þeir hafa breytt þeim grundvelli, sem lagt er á, þeir hafa hækkað hann og þannig auðvitað fengið hækkaða álagningu í krónum reiknað, sem er auðvitað hið eina, sem máli skiptir.

Ég nefni hér eftir aðeins heildsöluverðið til þess að gera þetta sem gleggst. Það heildsöluverð, sem var 290 þús. kr. samkvæmt samkomulaginu, reynist 301 þús. kr. samkvæmt þeirri venju, sem kaupmenn hafa tekið upp núna og hefur verið látin óátalin. Og smásöluverðið, sem reyndist 361 þús. kr., reynist 393 þús. kr. á sömu vörusendingunni, þótt hundraðstalan í álagningunni sé óbreytt, aðeins vegna þess að lagt er á fleiri grundvallarliði en áður. M. ö. o., ef miðað er við gömlu verðlagsákvæðin, þá var það verð, sem átti að vera á þessari sendingu, 5.9% hærra samkvæmt samkomulaginu, en samkvæmt hinum breyttu reglum millilliðanna er verðið 15.4% hærra. Sú hækkun, sem hefur orðið á útsöluverðinu vegna

hinna breyttu reikningsaðferða kaupmannanna að óbreyttri hundraðstöluálagningu, nemur 8.9%. Það er m. ö. o. ómótmælanleg staðreynd, að útsöluverð á samkomulagsvörunum hefur hækkað um 8.9% vegna þess, að milliliðirnir hafa breytt útreikningsaðferðum sínum á álagningargrundvellinum, þótt þeir hafi haldið hlutfallstöluálagningunni óbreyttri.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Ég tel það nú ákaflega mikils virði, að hv. síðasti ræðumaður viðurkenndi það, að kaupmenn og kaupfélög hafi staðið við álagningarprósentuna, sem gert var samkomulag um s. l. desembermánuð. Það hef ég nú ekki heyrt hann gera fyrr. En það er mikils virði, að hann skyldi gera þetta, vegna þess að það er góð aðstoð við mig að kveða niður þær fullyrðingar, sem ýmsir hv. þm. hafa verið með bæði í dag og s. l. miðvikudag, að samkomulagið við ríkisstj. hafi verið svikið og þetta loforð ekki haldið. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason — (Forseti grípur fram í.) — ég sagði Gylfi Þ. Gíslason. Hæstv. forseti talaði um það hér áðan, að það væri aðeins við útvarpsumræður, sem væri skylt að nefna nafn. Við venjulegar umr. er skylt að segja hv. þm., en ég minnist þess ekki, að það sé nokkurs staðar bannað, að nafnið sé nefnt með. Annars er sjálfsagt að verða við þessum óskum hæstv. forseta og fara að þingsköpum. — En það, sem ég vildi nú segja við hv. 1. landsk. í sambandi við verðgrundvöllinn, er það, að ég er sannfærður um, að ef hann hefði verið í verðlagsnefnd eftir að gengisbreytingin átti sér stað og sýnilegur vaxtakostnaður hækkaði og eftir að sú breyting var gerð á innflutningsreglunum að gera innflytjendum skylt að borga fyrir fram, opna rembusa að tveimur þriðju eða jafnvel 100% fyrir vörum, sem ekki komu til landsins fyrr en eftir 6 mánuði eða ár, þá hefði jafnvel þessi hv. þm. viðurkennt þetta og fengizt til að taka þessa kostnaðarliði með inn í verðlagsgrundvöllinn. En það, að þessi hv. þm. viðurkennir hér, að kaupmenn og kaupfélög hafi staðið við álagningarprósentuna, er mér og öðrum hv. þm. alveg nóg og staðfestir, að það er rétt, sem ég hef farið með. Ég hef nú ekki viljað kveða fastar að orði en svo, að það væri í öllum aðalatriðum, en þetta kemur nú í ljós þegar verðlagsskýrslurnar birtast, sem verður sennilega í fyrri hluta næsta mánaðar.

Þetta er nóg um það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, og vil ég þakka honum fyrir það, hversu hann var óvenjulega sanngjarn í sinni síðustu ræðu.

Hv. 3. landsk. (HV) var að tala hér áðan um samkomulagið og mjólkurverðið, sagði, að það væru bein svik hjá ríkisstj. að hafa ekki greitt mjólkina í Vestmannaeyjum niður í kr. 2.71, eins og talað væri um. Hitt er þó tekið fram á öðrum stað alveg ákveðið, að niðurgreiðslan skuli hækkuð úr 42 aurum í 86 aura. Og það segir hér í 1. lið í samningnum: „Verð á lítra nýmjólkur lækki úr kr. 3.25 í 2.71“ — þar sem mjólkin var kr. 3.25. En það segir ekki, að þar sem mjólkin var 4 kr., eins og í Vestmannaeyjum, skuli hún einnig lækka niður í kr. 2.71. Ef til þess hefði verið ætlazt, þá hefði verið tekið fram í samningnum: og þar sem mjólkin er hærri en kr. 3.25, hækkar niðurgreiðslan sem því nemur. — En það er ekki, og það álit, sem ég las hér upp áðan frá Gunnlaugi Briem skrifstofustjóra, sem var í samninganefndinni, staðfestir, að það var rétt, sem ég sagði hér s. l. miðvikudag, og að hv. 3. landsk. og aðrir, sem hafa haldið því fram, að ríkisstj. hafi svikið, hafa farið hér með rangt mál, að visu óviljandi, en ég ætlast til, að nú, þegar þeir hafa fengið staðreyndirnar, hætti þeir þessum hvalablæstri og viðurkenni, að þeir hafi haldið þessu fram s. l. miðvikudag vegna þess, að þeir hafi haft rangan skilning á málinu. Og ég sé það á hv. 9. landsk. (KGuðj), að hann er ánægður með þær upplýsingar, sem hann hefur fengið. Hann er ánægður með það, að hann hefur nú fengið leiðbeiningu um það, hvaða ráð hann á að hafa til þess að vinna fyrir Vestmanneyinga í þessu máli, og það er það ráð, sem ég hef bent honum á.

Nú, hv. 8. landsk. (BergS) vantar efni í blaðið, og þess vegna hefur hann verið hér með fullyrðingar, sem enginn tekur mark á og allir hafa gaman af, sem þekkja svona mátulega mikið til mannsins. Hann sagði hér áðan, að sá vöruslatti, sem ég hef verið að tala um s. l. miðvikudag, upp á 1800 kr., hefði aldrei verið fluttur til landsins og þetta væri hrein vitleysa, sem ég hefði farið með. Svona fullyrðingar út í bláinn eru vitanlega ekki þess verðar, að maður sé að fara hér upp í ræðustól til þess að mótmæla þeim, en ég er hér með verðútreikninginn og samanburðinn á þessu, skrifaðan af verðgæzlustjóranum sjálfum, og þess vegna ætti þessi hv. þm. ekki að leyfa sér að koma hér með svona hlægilega fullyrðingu eins og hann var með hér áðan.

Þetta ætla ég nú að nægi. Ég ætlast til, að þessir hv. þm., sem hafa verið með svigurmæli í garð hæstv. ríkisstj. fyrir vanefndir á samningnum, hætti þessu, eftir að ég hef lesið hér upp staðreyndirnar og gert þeim þær algerlega ljósar.

## 16. Álagning á vörur o. fl. (fsp. EggÞ).

Á 27. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um lækkun álagningar á nauðsynjavörur* [131. mál] (A. 331).

Á 28. fundi í Sþ., 17. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 10. febr., var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Eggert Þorsteinsson):* Herra forseti. Í upphafi var það meining mín með flutningi þessarar fyrirspurnar, að hún kæmi

fram áður en þingi væri frestað fyrir jól, en hún mun hafa verið of seint fram komin til þess. Ég álít þó, að fsp. missi ekki gildi sitt um að fá svör við henni frá ríkisstj. og að sérstök framsaga fyrir fyrirspurninni sem slíkri sé ekki nauðsynleg. Eins og hún liggur fyrir á þskj. 331, þá er augljóst, hverju ég vænti að fá svarað, og er þá um að ræða þann samning, sem um getur í fsp. og verkalýðsfélögin gerðu við vinnuveitendur með íhlutun ríkisstj. 19. des. 1952, um hvað ríkisstj. hafi gert til að tryggja framhald þeirra loforða, sem hún gaf við þessa samningsgerð, á móti því, að verkalýðsfélögin hafa nú framlengt sína samninga.

Ég tel, eins og ég sagði áðan, að það sé óþarft að fara um þetta mörgum orðum í framsögu, en vænti þess, að hæstv. ríkisstj. leysi greiðlega úr þessari spurningu, þannig að þau verkalýðsfélög, sem framlengt hafa samninga sína með það í huga, að ríkisstj. framlengi einnig sín loforð og tryggi að þau loforð yrðu haldin, fái vissu sína um, á hvern hátt þessir hlutir hafi verið tryggðir af hálfu ríkisstjórnarinnar.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Í sambandi við fsp. á þskj. 331 er rétt að taka það fram, að ríkisstj. hefur fengið loforð fyrir því, að álagning á nauðsynjavörur verði ekki hækkuð frá því, sem samið var um í des. 1952, og þá er rétt að taka það fram, ef einhverjir ekki vita um það, að þessi loforð hafa verið haldin.

*Fyrirspyrjandi (Eggert Þorsteinsson):* Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. þau svör, sem hann lagði hér fram. En eftir sem áður finnst mér, að spurningunni sé ekki að fullu svarað, en það er, á hvern hátt ríkisstj. hefur tryggt framlengingu þessara loforða. Hæstv. ráðh. svaraði því til, að það hefði verið tryggt, en ekki á hvern hátt þessi trygging væri, að loforðin yrðu haldin. Ég verð þó að álíta, að það sé með svipuðu móti og ríkisstj. gerði í upphafi, en tel þó mjög mikilsvert, að þetta hefur verið upplýst, að það eigi að halda áfram, vegna þess að margir báru á það brigður, og ég vænti þess, að ríkisstj. sjái sér fært að standa í einu og öllu við þær skuldbindingar, sem þó hefur orðið ágreiningur hér á hv. Alþ. um að hún hafi gert, t. d. um mjólkurverð í Vestmannaeyjum.

*Gylfi Þ. Gíslason:* Herra forseti. Mig langar til að beina einni fsp. til hæstv. viðskmrh. í sambandi við þetta mál. Mig langar til þess að spyrjast fyrir um, hvaða skilning hann og hæstv. ríkisstj. leggur í það að standa við samningana, sem gerðir voru í desemberverkfallinu 1952. Þá var sem kunnugt er um það samið, að álagning á vissum vörutegundum skyldi vera ákveðinn hundraðshluti af grunnverði vörunnar, eins og það hafði verið reiknað. — Nú langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann það að standa við þessa samninga að halda þessari hundraðstölu óbreyttri, þótt jafnframt sé breytt til um þann grundvöll, sem hundraðstalan er miðuð við? Mundi hann telja það að halda samningana, ef haldið væri áfram að leggja t. d. 20% á kostnaðarverð þeirrar vöru, sem um er að ræða, ef jafnframt er breytt til um aðferðina við að reikna álagningargrundvöllinn, t. d. teknir inn í hann kostnaðarliðir, sem áður voru ekki taldir með í honum, eða telur hæstv. ráðh. það eitt nóg til að standa við samningana að hækka ekki hundraðstöluna á álagningargrundvöllinn? Þetta tel ég að þurfi að liggja algerlega ljóst fyrir, þar eð að öðrum kosti verður ekkert um það sagt almennt, hvort við samkomulagið hefur verið staðið eða ekki. Ég hygg, að á það megi færa fullar sönnur, að breytt hafi verið um útreikningsaðferð, verðlagningaraðferð, í mörgum tilfellum, þannig að síðar hafi verið tekið upp á því að reikna með ýmsum kostnaðarliðum í grundvellinum, sem áður var ekki reiknað með, og er það auðvitað aðeins önnur aðferð við að hækka útsöluverðið á vörunni, en þó alveg sambærileg þeirri að halda grundvellinum óbreyttum, en hækka hundraðstöluálagninguna.

Þetta langar mig til að bera fram til viðbótar og óska eftir, að hæstv. ráðherra geri skýra grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls einnig.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Mér skilst nú, að hér sé komin ný fyrirspurn, og það væri nú æskilegt að fá tíma til að svara henni alveg sérstaklega og að hv. þm. bæri hana fram á venjulegan hátt, því að hér er um aðra spurningu að ræða en þá, sem liggur fyrir á þskj. 331. En það, sem þessi hv. þm. meinar, skilst mér sé það, að það hafi verið breytt til um útreikningsgrundvöll, álagningargrundvöll, frá því að samið var í des. 1952. En það er áreiðanlegt, að ef það er, þá er það ekki nema í örfáum tilfellum — og ef til vill alls ekki. Og eitt liggur nú alveg ljóst fyrir, og það er það, að álagningarprósentan hefur alls ekki verið hækkuð og að verðlag á þessum nauðsynjavörum, sem sérstaklega var samið um, hefur frekar lækkað en hækkað síðan samkomulagið var gert. Þess vegna geta verkalýðsfélögin vel unað þeirri framkvæmd, sem á hefur verið síðan samkomulagið var gert, vegna þess að verðlagið á þessum vörum hefur farið lækkandi og álagningarprósentan hefur ekki verið hækkuð og Verzlunarráð Íslands, Samband smásöluverzlana og Samband íslenzkra samvinnufélaga hafa með bréfum staðfest, að þau ætli enn um sinn að halda sig við þessa álagningarreglu, og hefur ríkisstj. þá tryggt það, að þetta verði framkvæmt áfram eins og verið hefur.

*Gylfi Þ. Gíslason:* Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég get þó ekki á það fallizt, að hér sé um að ræða annað mál og óskylt því, sem hér er til umræðu. Spurzt er fyrir um það á þskj. 331, hvað stjórnin hafi gert til þess að tryggja, að áfram haldist álagningarlækkun sú á ýmsum nauðsynjavörum, sem lofað var í samkomulagi verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda 19. des. 1952. Þessu er auðvitað ekki hægt að svara, nema því aðeins, að

menn komi sér saman um, hvað skuli telja þá álagningarlækkun, sem um var samið.

Það er mín skoðun, að ekki sé nóg að standa við það að hafa álagningarhundraðstöluna óbreytta. Við hitt þarf líka að standa, að hafa álagningargrundvöllinn óbreyttan, því að annars mundi verðlagið á þeim vörum, sem um er að ræða, verða hærra en ella, jafnvel þó að álagningarhundraðstölunni væri haldið óbreyttri.

Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann mundi telja það að halda samkomulagið ekki, ef verulegar breytingar væru gerðar á álagsgrundvellinum, og ég vona, að ég hafi skilið hann þar rétt; þar er ég honum alveg sammála. En ef þetta er skoðun hans og ef hægt væri að leiða rök að því, að grundvellinum hefði verið breytt í verulegum atriðum, þá vænti ég einnig, að hann muni gera ráðstafanir í samræmi við það, að samkomulagið hefði þá ekki verið haldið. Hann vildi gera mjög lítið úr því, að nokkrar breytingar að ráði hefðu verið gerðar á álagningargrundvellinum, og þær staðhæfingar hans skildi ég þannig, að hann teldi það vítavert, ef svo hefði verið gert.

Mér þætti vænt um, ef um þetta atriði kæmu fram alveg skýr og ótvíræð ummæli. Telur hæstv. ráðherra það vera brot á samkomulaginu, ef verulegar breytingar hafa verið gerðar á álagsgrundvellinum, eða telur hann það ekki? — Ég mun svo síðar leitast við að gera athuganir á því, hvort þetta hefur verið gert. Telji hæstv. ráðherra það vera brot á samkomulaginu, þá vona ég, að hann verði fús til þess að gera ráðstafanir til þess, að þau brot verði leiðrétt í framtíðinni.

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Það, sem ég sagði áðan, var það, að í örfáum tilfellum og ef til vill engum hafi álagningargrundvellinum verið breytt. Ég sagði ekkert um það, hvort ég hafi talið það vítavert eða ekki. Það hefði ekki verið gert nema að ráði verðgæzlustjóra og verðlagsyfirvaldanna og af illri nauðsyn, ef svo hefði verið; mér er ekki kunnugt um það, en mér er kunnugt um, að þær álagningarreglur, sem samið var um í des. 1952, hafa verið haldnar, og það er aðalatriðið, og þýðir ekkert fyrir þennan hv. þingmann að vera að mynda hér einhverja hliðarbraut, til þess að hlaupa út á í þessum umræðum. Aðalatriðið er, að álagningin hefur ekki breytzt frá því, sem samið var um 1952.

## 17. Eftirgjöf aðflutningsgjalda af bifreiðum.

Á deildafundum 18. febr. var útbýtt frá Sþ.:
*Fsp. til ríkisstj. um eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bifreiðum* [147. mál] (A. 378).

Á 34. fundi í Sþ., 19. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Hin síðari ár hefur sú spurning gerzt æ áleitnari í huga sívaxandi fjölda landsmanna, hvort þær ríkisstjórnir, sem með völd hafa farið hverju sinni, færu alltaf og í einu og öllu að réttum landslögum, og þó sérstaklega, hvort ýmis tiltæki þeirra gætu í raun og sannleika átt stoð í einhverjum lögum. Nagandi grunsemdir um, að svo væri ekki, hafa þjakað landsfólkið því meir, sem skuggalegri verk hafa verið unnin af þessum ríkisstjórnum, almenningi til óþurftar og sjálfri tilveru íslenzkrar þjóðar til tjóns.

Ég skal nefna tvö dæmi í þessu sambandi, þar sem ólöglært alþýðufólk efaðist mjög um, að ríkisstj. sú, sem með völd fór, hefði farið að réttum landslögum. Hið fyrra var bátagjaldeyrisálagið svonefnda, sem nokkrir vissu þegar í upphafi og enn fleiri vita nú að átti enga stoð í lögum, en var þar að auki brot á alþjóðasamþykktum, enda voru íslenzkum veittar átölur þungar fyrir tiltækið frá alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Síðara dæmið er það, sem frægt er orðið, að það hefur verið staðfest við eina elztu og víðfrægustu menntastofnun veraldar, Parísarháskóla, af einum nafntogaðasta þjóðréttarfræðingi veraldar, próf. Rousseau, með viðurkenningu doktorsritgerðar, að stjórnskipunarlög hafi ómótmælanlega verið þverbrotin og sjálfstæði landsins stórlega skert með samþykkt og undirritun herverndarsamningsins hinn 5. maí 1951.

Í þessum tveim tilfellum, sem ég hef nefnt, er lýðum ljóst, að um hrein lögbrot var að ræða af hálfu viðkomandi ríkisstj., og getur engum heilvita manni blandazt hugur um, að svo sé né heldur hve alvarlegs eðlis þau eru. Það má öllum ljóst vera, hvert stefnir um réttarfar almennt hér á landi og virðingu almennings fyrir landslögum, ef sjálfir löggjafar þjóðarinnar eða æðstu verðir laga og réttar halda ekki lögin í heiðri. Engir mega síður falla í freistni í þeim efnum en slíkir menn, ef halda á uppi tilhlýðilegri og nauðsynlegri virðingu siðaðrar þjóðar fyrir lögum og réttarfari. Engum ber ríkari skylda til að ganga á undan með góðu eftirdæmi í þeim efnum en æðstu vörðum laga og réttar.

En því miður horfir uggvænlega í þessum sökum á Íslandi í dag. Nagandi grunur um, að íslenzkar ríkisstjórnir fari ekki alltaf að réttum landslögum, þjakar margan heiðarlegan hugsandi manninn. Af því tilefni og til þess að hið rétta komi í ljós hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn í tveim liðum til hæstv. ríkisstj., sem prentuð er á þskj. 378, út af einu minni háttar tilfelli í þessu sambandi, þar sem vafi getur leikið á því, hvort ákveðnar stjórnarat-

hafnir hafi haft stoð í lögum eða verið beint lagabrot. En þó að þær stjórnarathafnir, sem spurt er um, séu ekki jafnalvarlegs eðlis í sjálfum sér og þau dæmi, sem ég nefndi áðan, er það engu þýðingarminna, hvort farið hefur verið hér að settum lögum eða ekki.

Fsp., sem prentuð er á þskj. 378, eins og áður er sagt, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1) Samkvæmt hvaða lagaheimild hafa samtals 10 ráðh. úr fjórum stjórnmálaflokkum fengið eftirgefin aðflutningsgjöld af bifreiðum síðasta áratug, sbr. upplýsingar í grein eftir Hermann Jónasson alþm. í dagblaðinu Tímanum hinn 26. janúar s.l.?

2) Hvernig hljóðaði bréfið, sem fjmrh. skrifaði tollstjóranum í Reykjavík 17. des. 1953 um tollafgreiðslu á bifreið fyrir Hermann Jónasson alþm., og við hvaða lagaheimild var stuðzt í sambandi við fyrirmælin um þá tollafgreiðslu?"

Um aðrar ástæður en þær, sem þegar eru greindar, til þess að ég ber þessa fsp. fram, get ég verið fáorður.

Um fyrri liðinn skal þetta tekið fram: Hinn 26. jan. s.l. ritar formaður Framsfl., hv. þm. Str., grein í dagblaðið Tímann, þar sem hann upplýsir, að a. m. k. 10 ráðh. úr fjórum stjórnmálaflokkum hafi fengið eftirgefin aðflutningsgjöld af bifreiðum, sem þeir hafa flutt inn fyrir sjálfa sig s.l. áratug. Þessar upplýsingar formanns Framsfl. urðu til þess, að ýmsir fóru að velta því fyrir sér, hvort þessi eftirgjöf á aðflutningsgjöldum ætti stoð í lögum eða ekki. Það vakti athygli, að formaður Framsfl., sem er lögfræðingur, vitnaði ekki í nein lög í umræddri blaðagrein, heldur talaði um samþykkt og venju. Hinir lögfróðustu menn, sem ég hef leitað upplýsinga hjá í þessu máli, hafa ekki getað gefið mér önnur svör en þau, að heimild væri í lögum til að veita lömuðu fólki og bæklaðu eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bifreiðum, en að þeirra áliti væri ekki unnt að koma ráðh. síðustu 10 ára undir þá skilgreiningu, enda þótt nærri lægi í ákveðnum skilningi.

Um síðari lið fsp. er það að segja, að hinn 17. des. s.l. ákvað fjmrh. að veita einum alþm., þ. e. a. s. hv. þm. Str., eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bifreið. Þegar ég spurðist fyrir um það mál í fjmrn., var mér neitað um þær upplýsingar, sem ég óskaði að fá, sem einstakt mun vera um meðferð opinberra mála. En mér var bent á, að ég gæti fengið þessar upplýsingar með því að leggja fram fsp. á Alþ. Það geri ég nú hér með, þó að það sé með öllu óviðunandi, ef taka á upp þá reglu, að þingmenn þurfa að leggja fram fsp. á Alþ., ef þá fýsir að fá upplýsingar um einhver atriði í meðferð opinberra mála.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Út af þessari fsp. vil ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Eftir því, sem ég hef komizt næst, eru meira en 20 ár síðan ákveðið var, að hver ráðh. skyldi hafa bifreið til afnota fyrir sig og ráðuneytið. Upphaflega átti ríkissjóður ævinlega þessar bifreiðar, en á árinu 1941 var sú ákvörðun tekin á ráðherrafundi, að í stað þess að stjórnarráðið keypti og ætti bifreiðar til afnota fyrir ráðh., þá skyldi hver ráðh. eiga þess kost að kaupa sjálfur bifreið hjá bifreiðaeinkasölunni, sem þá starfaði, enda fengi hann þá bifreiðina tollalaust, en þeir ráðh., sem ekki gerðu þetta, skyldu hins vegar hafa bifreið frá ríkinu til afnota eins og áður hafði tíðkazt. Þegar þessi nýja regla var upp tekin 1941, áttu sæti í ríkisstjórn fulltrúar frá þremur stærstu stjórnmálaflokkum landsins. Löggjöf hefur hins vegar ekki verið sett um bifreiðaeign eða bifreiðarekstur stjórnarráðsins fremur en annarra stofnana ríkisins. Hafa ráðuneytin því að sjálfsögðu orðið að gera margháttaðar ákvarðanir og setja ýmsar reglur um bifreiðaeign og bifreiðaafnot, bæði stofnana og einstaklinga, í þágu ríkisins, stundum um greiðslur fyrir afnot af eigin bifreiðum manna í þjónustu ríkisins o. s. frv. Þetta hefur allt orðið að gera án þess, að sérstök lagaákvæði eða lagaheimildir hafi legið fyrir. Síðan ofannefnd regla var upp tekin hafa átt sæti í ríkisstj. ráðh. úr öllum flokkum þingsins nema einum, sem stofnaður var á síðasta ári. Það mun allan tímann hafa verið vitað af hv. alþm., hver háttur hér hefur verið á hafður. Einnig hefur yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga vafalaust verið kunnugt um þessa reglu.

Um síðari hlutann af fsp. vil ég segja þetta: Þegar fyrrv. ríkisstj. var mynduð, óskuðu tveir af ráðh. að gera samning um það, að þeir notuðu við embættið eigin bifreiðar, sem þeir áttu, þegar þeir gerðust ráðh., og þá, að þær yrðu notaðar í þágu stjórnarráðsins án endurgjalds, enda fengju þeir þá síðar rétt til þess að flytja inn bifreiðar samkv. framangreindri reglu. En hinir ráðh. allir tóku þá til afnota bifreiðar, sem ríkið átti. Þetta var talið eðlilegt og sanngjarnt, og var frá þessu gengið þá. Í október og desember s.l. var í samræmi við þetta samkomulag tollstjóranum í Reykjavík tilkynnt, að þeir Björn Ólafsson og Hermann Jónasson ættu að fá innfluttar bifreiðar samkv. reglunni frá 1941.

Ég get ekki neitað því, að mér finnst nokkuð brosleg þessi rekistefna út af bifreiðanotkun ráðh. Það er alveg fullvíst, að enginn ráðh. á Íslandi mundi geta leyst af hendi það, sem af honum er krafizt, án þess að hafa bifreið til afnota. Ráðherralaun hér á landi eru þannig, að það kæmi ekki til mála, að nokkur ráðh. gæti staðizt greiðslu ferðakostnaðar síns af þeim launum. Ef ráðh. ættu að bera ferðakostnað sinn sjálfir, gætu engir nema vel efnaðir menn verið ráðherrar á Íslandi. Hér við bætist svo, að ráðuneytin þurfa að notfæra sér bifreiðar þessar og vinnu bifreiðarstjóranna með margvíslegu móti. Þegar það er svo athugað, að tæplega er til svo smávægilegt fyrirtæki á Íslandi, að það telji sér ekki nauðsynlegt að hafa afnot af bifreið, þá verður þetta nöldur út af bifreiðakostnaði ráðuneytanna blátt áfram hjákátlegt.

*Hermann Jónasson:* Herra forseti. Það er nú að vísu óþarfi að vera að bæta við þessi svör, sem hér hafa verið gefin, en af því að þessari

fsp. er með nokkuð óvenjulegum hætti beint persónulega að mér, þykir mér rétt að segja um þetta nokkur orð.

Það eru vitanlega ekki til nein lög um það, að nokkur embættismaður eigi að hafa bifreið, hvorki vegamálastjóri, póst- og símamálastjóri né allir þeir tugir, sem hafa bifreið og bifreiðarstjóra, og heldur ekki nein lög um það með ráðh. Það eru þess vegna nokkur hundruð manna, sem væru ólöglega með bifreiðarstyrki og bifreiðar, ef það þyrfti um það sérstök lög. Það þykir eðlilegt að greiða ferðakostnað embættismanna, og verður ekki hjá því komizt, hvorki hér né annars staðar, og þess vegna er það samkv. þeirri reglu, að ráðherrarnir hafa bifreiðar og bifreiðarstjóra.

Það er rétt skýrt frá hjá hæstv. fjmrh., að það var sérstaklega um þessi mál samið, þegar við komum í ríkisstj., ekki fyrir það, að við óskuðum eftir því, heldur fyrir það, að það voru engar bifreiðar til fyrir tvo ráðh. Ein bifreið var fengin frá Bessastöðum handa einum ráðh., ein kom úr erlendri sendisveit, tvær voru fyrir. Fleiri voru ekki til. Í sambandi við þessa fsp., sem er beint að mér sérstaklega, og þar mun verið að gefa í skyn, að ég hafi auðgazt óheiðarlega á kostnað ríkissjóðs, sem er vitanlega aðalatriðið fyrir þm. að vita hvort er eða ekki, vil ég segja það núna hér á þessum stað, að ég skal bjóða ríkisstj. það, að hún láti dómkvadda menn meta, hvað kosti að eiga bifreið yfir árið, og ef hún vill endurgreiða það, sem þetta hefur kostað, og það, sem ég hef verið lægri í launum en allir aðrir ráðh., vegna þess að ég hafði þessa sérstöðu, því að það er náttúrlega gefið mál, að ef einum ráðh. eru lagðar til bifreiðar með bifreiðarstjórum, en aðrir leggja sér það til og borga vexti af því, sem bifreiðin kostar, og afskriftir af henni, þá eru það nokkrar fjárhæðir. Og nú getur ríkisstj. valið. Ég býst ekki við, að menn haldi því fram, að ég eða sumir af ráðh. eigi að vera lægri í launum en aðrir. Ég býst ekki við, að því verði haldið fram. En ég býð ríkisstj. það, að hún láti bifreiðaeftirlitið meta, hvað það muni hafa kostað okkur í útborguðum peningum að leggja bifreiðina til, og þá getum við verið laus við þetta jag um eftirgjöf á innflutningsgjöldum. En ég er ekki viss um, að ríkisstj. græði á því. Ég býst ekki við, að neinn haldi því fram, að ríkið eigi ekki að greiða þessa skuld, og ég er ekki í neinum vafa um, að ríkið á að greiða hana, af þeirri einföldu ástæðu, að einn ráðh. á ekki að þurfa að sætta sig við að vera lægra settur í launum en aðrir. Meira að segja skuldin er svo örugg á ríkið, að hver einasti dómstóll mundi dæma ríkið til að greiða mér og Birni Ólafssyni þessa upphæð. Þess vegna er ekki verið að fara fram á annað hér en það, að ríkið greiði sína skuld, og það hélt ég satt að segja að það hefði heimild til að gera. Ef menn draga þetta í efa, að upphæðin, sem ætti að greiðast samkv. því, sem ég hef nú talið, sé rétt, þá er þeim í lófa lagið, eins og ég segi, að láta dómkvadda menn meta það, meta, hvað ríkið skuldar fyrir það, að við höfum lagt því til bifreið, sem við áttum ekki að gera, og þá þarf enginn að vera að deila um það, hvort rétt sé eða rangt.

*Fyrirspyrjandi (Bergur Sigurbjörnsson):* Herra forseti. Eins og ég tók fram áðan í máli mínu, spurðist ég fyrir um ákveðna lagaheimild til ákveðinnar stjórnarathafnar. Við þeirri fsp. hef ég ekkert svar fengið. Það hefur ekki verið vitnað í neina lagaheimild af þeim tveim ræðumönnum, sem hér hafa talað, heldur talað vítt og breitt um reglur eða venju eða samþykkt á stjórnarfundi o. s. frv. Þetta er sitt hvað. Ég mun í samræmi við fsp. mína vísa í nokkur lög.

1) Samkv. lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., 1. gr., 75. kafla, nr. 1 ber að greiða aðflutningsgjöld af fólksbifreiðum.

2) Samkv. lagafyrirmælum um söluskatt ber að greiða söluskatt af innfluttum fólksbifreiðum.

3) 1. málsgr. 40. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.“

Ég ætlaðist til þess, þegar ég lagði þessa fsp. fram, að svarið yrði þannig: ótvíræð tilvitnun í lagaheimild, eins og ég hef nú vitnað til. Það er augljóst hverju mannsbarni, sem komið er yfir fermingaraldur a. m. k., að enginn, hvorki einstaklingur í þessu þjóðfélagi, ríkisstj. né nokkur annar aðili, getur gert samþykkt (ekki heldur á ráðherrafundi 1941), sem gengur í bága við ótvíræð fyrirmæli sjálfrar stjórnarskrárinnar. Svar hæstv. fjmrh. verð ég því og hlýt eins og aðrir að skilja svo, að það sé ekki til lagaheimild fyrir þeirri stjórnarathöfn að veita ráðherrum eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Bollaleggingar eins og þær, sem hv. þm. Str. var hér með, eru algerlega út í hött, beinlínis út í loftið. Hann taldi til skuldar hjá ríkissjóði fyrir að hafa ekki haft bifreiðarstjóra, meðan hann var ráðherra, rétt eins og það væri skylda, embættisskylda ráðherra, jafnvel lagaboð, að hafa einkabifreiðarstjóra. Þessu er engan veginn þannig farið. Það er engin lagaheimild fyrir því, að ráðh. hafi einkabifreiðarstjóra. Og þó að hæstv. fjmrh. sé að tala hér um nöldur út af bifreiðakostnaði ráðherranna, þá er það þessu máli algerlega óviðkomandi. Það getur vel verið, að honum leiðist, að það sé talað um þessi mál. Það er í sjálfu sér leiðinlegt að tala um þennan bifreiðakostnað ríkisstjórnarinnar. En það er því máli alveg óviðkomandi, hvort lög hafa verið brotin eða ekki brotin.

Hv. þm. Str. hóf mál sitt á því að segja, að það væru ekki til nein lög um það, að embættismenn eigi að hafa bifreið, og ekki heldur um bifreiðarstyrki. Það voru ekki þessi lög eða lagaheimild um þetta efni, sem um var spurt. Það er þessu máli algerlega óviðkomandi í sjálfu sér, hvort þessi lög eru til eða ekki til. Það var spurt um lagaheimild til að veita ákveðnum mönnum eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bifreiðum, sem fluttar eru til landsins. Það er allt annað mál en hvort það

eru lög fyrir því, að embættismaður megi hafa bifreið eða bifreið ekki. Eitt lagabrot er engan veginn afsakað á neinn hátt eða skýrt með því, að lög séu að einhverju öðru leyti og í einhverju öðru sambandi brotin líka.

Ég býst við, að hæstv. fjmrh. skilji það, þar sem honum eru skattalög kunnari en önnur lög, að því er ég geri ráð fyrir, að það getur ekki skapazt nein löghefð með því að svíkja undan skatti. Það er vitanlegt, að menn svíkja undan skatti, telja ekki fram sínar tekjur og hafa ekki gert það árum saman sumir hverjir. En með því skapa þeir enga löghefð, þannig að þessi venja þeirra öðlist meira gildi en skattalögin sjálf. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. skilur, þó að hann kannske skilji ekki hitt eða vilji ekki skilja, að nákvæmlega það sama gildir um önnur lög, að þó að ríkisstj. geri einhverja samþykkt, sem gengur í bága við ótvíræð lög, meira að segja stjórnarskrána, þá missir ekki stjórnarskráin gildi sitt, og þessar samþykktir ríkisstj. öðlast ekki lagagildi.

## 18. Vernd hugverka o. fl.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um kostnað vegna verndar hugverka o. fl.* [161. mál, 1] (A. 426).

Á 38. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 39., 40. og 41. fundi í Sþ., 10., 17. og 24. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Sþ., 31. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Lárus Jóhannesson):* Herra forseti. Við Íslendingar erum hér í fámenninu að reyna að halda uppi menningarlífi, og er það eðlilega mjög erfitt. Í því sambandi verðum við auðvitað að hafa menningarsamband við önnur lönd. En þó að svo sé, er alls ekki víst, að þær reglur um verndun hugverka o. fl., sem gilda í öðrum löndum, eigi við hér hjá okkur.

Fyrir skömmu gengum við í Bernarsambandið, að því er ég tel að mjög vanhugsuðu máli. Fyrsti áberandi ávöxtur þess er hið alkunna STEF undir stjórn hávaðamannsins Jóns Leifs. Er sá félagsskapur, gauragangur framkvæmdastjórans, frekja og auglýsingastarfsemi svo kunn, að ég sleppi frekara umtali um það þær fáu mínútur, sem ég hef til umráða.

En þessi þátttaka í Bernarsambandinu hefur haft víðtækari afleiðingar. Áður en hún varð, sneru bókaútgefendur sér beint til höfunda erlendra bóka, sem þeir vildu gefa út, og fengu leyfi til þess fyrir sanngjarnt verð, miðað við aðstæður hér. Nú er þeim bent á að snúa sér til hinna erlendu „Stefa", og kemur þá í ljós, að gjöldin, sem krafizt er, hafa margfaldazt, til þess að hægt sé að halda uppi STEF-starfseminni, en án þess þó að höfundarnir beri meira úr býtum en áður. Nú er krafizt af okkur fyrir þýðingarrétt sömu gjalda og milljónaþjóðir eru látnar greiða, t. d. Ítalía, Spánn og stórþjóðir Suður-Ameríku.

Í sambandi við umræður hér á þingi um að gera gagnkvæman samning við Bandaríkin um vernd hugverka minntist ég á, að ég áliti, að aðstaða okkar væri þannig, að við ættum ekki að vera aðilar að alþjóðasamningum um þessi efni, heldur gera sérsamninga um vernd hugverka við þær þjóðir, sem við viljum hafa menningarsamband við, og þá um leið tryggja gagnkvæmar greiðslur, því að það er, eins og ameríska firma sagði í bréfi til mín, miklu meiri skömm fyrir landið, að samið sé um 100 dollara þóknun fyrir þýðingu á bók, sem ekki fæst yfirfærð, en þó að hnuplað sé þýðingarréttinum, ef ég má komast svo að orði. — Hæstv. menntmrh. greip þá fram í fyrir mér og skoraði á mig að flytja þáltill. um, að Ísland gengi úr Bernarsambandinu. Ég svaraði því á þá leið, að ég væri ekki búinn undir að gera það, því að mig skorti upplýsingar til að rökstyðja þá till.

Fsp. þær, sem ég hef borið fram, eru fram komnar til að afla gagna í þessu efni. Þær eru í fimm liðum. Í fyrsta lið er spurt, hversu miklar gjaldeyristekjur íslenzka þjóðarbúinu hafi hlotnazt frá öðrum löndum fyrir þýðingarrétt íslenzkra bóka og flutningsrétt íslenzkra tónverka og leikrita, síðan Ísland gekk í Bernarsambandið. Önnur spurningin er, hversu mikið fé ríkisútvarpið hafi greitt erlendum réttareigendum fyrir flutningsrétt erlendrar hljómlistar og erlendra leikrita og skáldsagna á sama tíma. Þriðja spurningin er um, hversu mikið fé þjóðleikhúsið hafi greitt fyrir það sama. Fjórða spurningin er um það, hversu mikinn erlendan gjaldeyri gjaldeyrisyfirvöldin hafi veitt bóka- og blaðaútgefendum á sama tíma til greiðslu fyrir þýðingarrétt erlendra bóka og blaðagreina. Og fimmta spurningin er, hve mörgum beiðnum um sams konar gjaldeyrisleyfi gjaldeyrisyfirvöldin hafa synjað.

Ég skal að lokum geta þess, að ég hef í blöðum orðið fyrir nokkrum árásum út af afstöðu minni í þessu máli úr einni átt, sem sé frá aðalafætu „hinna fátækustu af hinum fátæku", eins og komizt hefur verið að orði, sem telur, að afstaða mín sé sprottin af eiginhagsmunum, af því að ég hafi atvinnu af bókaútgáfu. Í því sambandi vil ég upplýsa, að ég hef enga bók gefið út í meira en tvö ár og ekki hugsað mér að gefa út fleiri bækur, því að ég er búinn að fá meira en nóg af bókaútgáfu hér á landi. En einmitt vegna þess, að ég var riðinn við bókaútgáfu, hef ég hingað til ekki komið skoðun minni á málunum eins á framfæri í þinginu og rétt hefði kannske verið. En nú tel ég mig standa það frjálsan, að ekki verði með neinum rökum hægt að rægja mig á þessum grundvelli þrátt fyrir góðan vilja í því efni,

*Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):* Herra forseti. Fyrsta fyrirspurnin hljóðar svo: „Hve miklar gjaldeyristekjur hafa íslenzka þjóðarbúinu hlotnazt frá öðrum löndum fyrir þýðingarrétt íslenzkra bóka og flutningsrétt íslenzkra tónverka og leikrita, síðan Ísland gekk í Bernarsambandið?"

Þessu er þar til að svara: Þessi hluti fsp. hefur verið borinn undir gjaldeyriseftirlit bankanna, og hefur það svar borizt, að þær greiðslur, sem bönkunum hafa borizt síðan Ísland gekk í Bernarsambandið, hafi bæði verið svo fáar og óverulegar, að varla verði álitið, að um teljandi gjaldeyristekjur hafi verið að ræða. Greiðslurnar hafa ekki verið skrásettar sérstaklega, heldur taldar með ýmislegu í flokkun þeirri, er gerð hefur verið á gjaldeyriskaupum bankanna. Til viðbótar þessum upplýsingum frá gjaldeyriseftirliti bankanna er rétt að geta þess, að því er varðar tónlistarflutning, að STEF mun hafa haft samninga við hliðstæð félög í öðrum löndum um, að ekki þurfi að yfirfæra til erlendra manna gjöld fyrir flutning tónverka þeirra hér á landi, enda yfirfæra hin erlendu félög ekki heldur gjöld til Íslands fyrir flutning íslenzkrar tónlistar þar. Af þessu leiðir, að íslenzk tónskáld eiga að njóta þeirra tekna, sem STEF hefur fyrir flutning allrar tónlistar hér á landi.

Önnur fsp. er: „Hversu mikið fé hefur ríkisútvarpið greitt erlendum réttareigendum fyrir flutningsrétt erlendrar hljómlistar og erlendra leikrita og skáldsagna á sama tíma?"

Svarið við þessu er: Samkvæmt upplýsingum ríkisútvarpsins hafa verið greidd höfundarlaun vegna erlendra réttareigenda, frá því að Ísland gekk í Bernarsambandið, sem hér segir: Fyrir leikrit 6879.50 kr. og fyrir sögur 3297.70 kr., samtals 10177.20 kr. Greiðslur vegna flutnings tónlistar hafa farið fram í einu lagi til STEFS, bæði fyrir erlenda og íslenzka höfunda. Samtals hafa greiðslur þessar numið öll árin 859 þús. kr. Samkvæmt áliti STEFS mun flutningur erlendrar tónlistar hafa verið um 90% af tónlistarflutningi útvarpsins.

Þriðja fsp.: „Hversu mikið fé hefur þjóðleikhúsið greitt fyrir hið sama?"

Svarið við því er, að þjóðleikhúsið hefur látið í té þær upplýsingar, að greiðslur þess fyrir flutningsrétt á erlendum leikritum, óperum og óperettum hafi numið samtals 251749.60 kr.

Fjórða fsp. er: „Hversu mikinn erlendan gjaldeyri hafa gjaldeyrisyfirvöldin veitt bóka- og blaðaútgefendum á sama tíma sem greiðslur fyrir þýðingarrétt erlendra bóka og blaðagreina?"

Samkvæmt upplýsingum innflutningsskrifstofunnar hafa á tímabilinu 1. jan. 1948 til áramóta 1953 verið veitt gjaldeyrisleyfi til bóka- og blaðaútgefenda svo og leikfélaga til greiðslu á þýðingarrétti, ritlaunum og flutningsrétti sem hér segir: 1948 3150 kr., 1949 3755 kr., 1950 1350 kr., 1951 15179 kr., 1952 17103 kr., 1953 52661 kr., og fram til 10. marz 1954 8914 kr.

Í fimmta lagi: „Hversu mörgum beiðnum um sams konar gjaldeyrisleyfi hafa gjaldeyrisyfirvöldin synjað á sama tíma?"

Svarið við því er þetta: Árin 1952 og 1953 hefur samkvæmt upplýsingum innflutningsskrifstofunnar verið synjað 13 beiðnum um yfirfærslu höfundarlauna. Innflutningsskrifstofan hefur ekki leitað synjana nema frá árunum 1952 og 1953, þar sem mörgum skjölum þess efnis hefur verið komið fyrir utan skrifstofunnar í geymslu, en það mundi kosta mikla vinnu að taka þessi skjöl fram og leita í þeim.

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hef að gefa varðandi þessar fsp.

*Fyrirspyrjandi (Lárus Jóhannesson):* Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar þær, sem hann hefur gefið. Þær staðfesta í höfuðatriðum þá hugmynd, sem ég hef gert mér um þessi mál, sem sé, að það væri síður en svo, eins og haft var eftir a. m. k. einum af forvígismönnum þeirra, sem ráku á eftir, að við gengjum í Bernarsambandið, að við gætum lagt niður síldveiðarnar, því að tekjurnar af íslenzkum hugverkum yrðu svo miklar, að við þyrftum ekki lengur að strita við að framleiða almenna útflutningsvöru. Í stað þess eru tekjurnar það litlar, að þær eru ekki taldar „teljandi". Svörin við 2., 3. og 4. spurningu sýna, að aðstaða okkar hefur stórversnað fjárhagslega frá því, sem áður var.

En það, sem ég hafði mestan áhuga á, var svarið við fimmtu spurningunni, því að þar er talað um, að synjað hafi verið þrettán gjaldeyrisbeiðnum síðustu tvö ár, en skrifstofan vildi ekki hafa fyrir því að leita lengra. Það er einmitt ein af aðalástæðunum fyrir því, að ég hef verið á móti þessum samningum, að við höfum ekki fengið þær yfirfærslur, sem við höfum þurft til þess að greiða fyrir erlendan þýðingarrétt, og að það hefur verið talið þjóðinni til mikils ósóma erlendis.

Svörin við þessum spurningum hafa gefið efnivið í eina af þeim röksemdum, sem falla að þeirri till., sem ég mun ef til vill bera fram á sínum tíma, að við segjum upp þátttöku okkar í Bernarsambandinu og gerum sérsamninga við þær þjóðir, sem við viljum hafa menningartengsl við.

## 19. Sementsverksmiðja.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um lán til sementsverksmiðju* [161. mál, 2] (A. 426).

Á 38. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Sþ., 10. marz, var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Í málefnasamningi þeim, sem gerður var milli Sjálfstfl. og Framsfl. þegar núverandi ríkisstj var mynduð á s. l. sumri, er getið nokkurra mála, sem hæstv. ríkisstj. lofaði að beita sér fyrir. Stjórnarsamningurinn birtist í stjórnarblöðunum 12. sept. Þar segir svo í kaflanum um raforkuframkvæmdir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggt verði til þessara framkvæmda (þ. e. raforkuframkvæmdanna) fjármagn sem svarar 25 millj. kr. á ári að meðaltali næstu ár. Í þessu skyni verði lögboðin árleg framlög af ríkisfé aukin um 5—7 millj. kr. og rafmagnsveitum ríkisins tryggðar 100 millj. kr. að láni, og sitji það fyrir öðrum lánsútvegunum af hendi ríkisstjórnarinnar, að undanteknu láni til sementsverksmiðjunnar."

Þannig hljóðar sá boðskapur. M. ö. o., lán til byggingar hinnar fyrirhuguðu sementsverksmiðju skyldi vera efst á blaði að því er varðaði framkvæmdalán samkv. skýlausu orðalagi stjórnarsamningsins.

Ég hygg, að þetta hafi engri gagnrýni sætt. Sementsverksmiðjumálið hefur nú verið mörg ár á dagskrá og framkvæmdir tafizt óeðlilega lengi. Öllum er ljóst, að hér er um að ræða fyrirtæki, sem getur haft ómetanlega þýðingu fyrir þjóðina, ekki sízt að því er snertir byggingar og vegagerð. Um það virðast allir hafa verið sammála, að sementsverksmiðja þyrfti að komast upp sem fyrst, og því mun mönnum hafa þótt það ákvæði stjórnarsamningsins eðlilegt, að þetta þjóðþrifafyrirtæki væri nr. 1 að því er varðaði lánsútveganir erlendis.

Nú liðu mánuðir, og ekkert heyrðist um sementsverksmiðjumálið. Hinn 21. febr. s. l. birti stjórnarblaðið Tíminn fréttabréf frá Alþingi, þar sem m. a. var svo að orði kveðið, að komið hefði fram nokkur tregða hjá Sjálfstfl. varðandi það að standa við fyrirheit stjórnarsáttmálans um raforkumálin. Þetta voru vissulega nokkur tíðindi, ef sönn reyndust, enda lét Morgunblaðið ekki standa á svari. Segist blaðið hafa snúið sér til forsrh. út af ummælum Tímans og hefur síðan eftir honum nokkur athyglisverð ummæli, ekki aðeins að því er raforkumálin snertir, heldur einnig og ekki síður varðandi sementsverksmiðjuna og útvegun lánsfjár til byggingar hennar. Morgunblaðið 23. febr. hefur þessi ummæli eftir forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi ummæli Tímans (þ. e. a. s. um tregðu Sjálfstfl. í raforkumálum) eru algert rangherми. Ég vil upplýsa það, að í stjórnarsamningnum er svo fyrir mælt, að lántaka til sementsverksmiðjunnar skuli ganga fyrir öðrum framkvæmdum, en í sementsverksmiðjumálinu er í bili nokkur snurða á þræðinum. Samkv. beinni uppástungu minni hefur því verið samþ. í ríkisstj., að eftir þessu ákvæði í stjórnarsamningnum skuli ekki farið, heldur tekið tillit til breyttra aðstæðna og fjár aflað til annarra stjórnarframkvæmda, eftir því sem auðið þykir."

Hér gefur hæstv. forsrh. ótvírætt í skyn, að einhver atvik hamli því, að staðið verði við það loforð stjórnarsamningsins, að útvegun láns til sementsverksmiðju skuli ganga fyrir öðrum stjórnarframkvæmdum. Hér er um mikilvægt mál að ræða, sem Alþingi getur naumast látið afskiptalaust. Verður að telja mjög æskilegt, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að skýra Alþ. frá því, hvernig mál þetta stendur nú. Hvaða snurða er það, sem hlaupið hefur á þráðinn? Er hér um varanlega frestun framkvæmda að ræða, eða má vænta þess, að málið leysist innan skamms?

Ég mun ekki í sambandi við þessa fsp. ræða upplýsingar, sem fram komu varðandi raforkuframkvæmdirnar í þeim orðum, sem Morgunblaðið hafði eftir hæstv. forsrh. 23. febr., og voru þær þó stórathyglisverðar. Skýrir hann m. a. svo frá, að Landsbankinn hafi tekið till. ríkisstj. um fjáröflun til raforkumála treglega, og virðist því einnig hafa hlaupið snurða á þann þráð. Að sjálfsögðu væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvernig þau mál eru á vegi stödd, en að þessu sinni hef ég ekki borið fram formlega fsp. um það efni, heldur aðeins um sementsverksmiðjumálið. Í sambandi við það hef ég leyft mér að beina til ríkisstj. eftirfarandi fsp.:

„Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstj. í því skyni að afla lánsfjár til byggingar sementsverksmiðju? Hverjar vonir standa til þess, að nauðsynlegt fé fáist, svo að byggingarframkvæmdir geti hafizt?"

Ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að gefa Alþingi upplýsingar um það, hverjar horfur eru á framkvæmdum í þessu mikilsverða máli.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Út af fsp. frá hv. 8. þm. Reykv., sem hann hafði orð fyrir nú og las upp, vil ég taka fram eftirfarandi:

Ríkisstj. hefur undanfarið unnið að því að útvega fjármagn til byggingar sementsverksmiðju. Hefur verið lögð í málið mjög mikil vinna, sem ekki er ástæða til né tímabært nú að rekja í einstökum atriðum. Er þessu lánsútvegunarstarfi ekki lokið enn þá og því ekki hægt að vita, hver endanleg niðurstaða verður. Ríkisstj. mun gera allt, sem í hennar valdi stendur til þess að útvega fé til sementsverksmiðjunnar. — Frekari svör get ég ekki gefið nú.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf; þau eru að vísu miklu fátæklegri en æskilegt væri, og ég hafði nú vissulega vænzt þess, að hæstv. ríkisstj. teldi sér fært að skýra eitthvað frekar frá því, hvernig þessi mál standa, en það má vera, að stjórnin hafi sínar ástæður til þess að láta ekkert uppi um þau mál. Þó hefði ég nú talið, að þetta mikilsverða mál snerti svo mjög alla landsmenn, að Alþingi ætti nokkurn rétt á því að fá að fylgjast með, ef einhver sérstök snurða hefði hlaupið á þann þráð, eins og hæstv. forsrh. komst að orði, þ. e., ef eitthvað sérstakt stæði í veginum fyrir því, að hægt yrði að afla láns til fyrirtækisins og hefjast handa um framkvæmdir nú á næst-

unni. Það er vissulega mikið alvöruefni, ef ekki greiðist úr þessu máli bráðlega, og við verðum að treysta því, að ríkisstj. láti einskis ófreistað til að leysa þann vanda, sem kann að hafa að höndum borið í sambandi við lánsútvegun, og við verðum einnig að treysta því, að hún muni, þegar er hún telur sér fært, skýra Alþingi frá, hvernig þessi mál standa, ekki sizt ef miklar horfur væru nú á því, að lán fengist ekki til þessara framkvæmda. Ég tel, að Alþingi eigi fullan rétt á að fá að vita um það og einnig hvað sérstaklega hafi komið í veg fyrir það, að tekizt hafi að útvega lán til þessa nauðsynjaverks.

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Ég held, að það væri gott, að hæstv. ríkisstj. vendi sig á að ræða þessi mál dálítið hispurslausara við okkur þingmennina en hún gerir. Við heyrðum það alveg í gær á hæstv. fjmrh., að það stendur á því um lán til sementsverksmiðjunnar, að Alþjóðabankinn setur þau skilyrði, að fyrirtækið sé ekki ríkiseign, eins og það er samkv. lögum frá Alþingi, og þetta er hlutur, sem við höfum rekið okkur á áður í þessum efnum. Þegar svona hlutir koma fyrir, þá á ríkisstj., og ef hún ekki vill gera það opinberlega, þá á hún bara að gera það á lokuðum fundi, að segja þingmönnum frá því, að svona standi það, og heyra þeirra ráð í því efni.

Ég vil fyrir mitt leyti gefa ríkisstj. þau ráð, þegar hún stendur þannig uppi með sitt fremsta mál hér í þinginu, að hæstv. fjmrh. getur engar upplýsingar gefið við fsp. þingmanna, að hún í svipinn hætti samningum við Alþjóðabankann og snúi sér til banka í Evrópu, hvort heldur er til Vestur- eða Austur-Evrópu, og láti þennan Alþjóðabanka alveg fá að vita það, að við séum ekkert upp á þá komnir til þess að framkvæma svona hluti, að leita til þeirra einna saman. Og ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að hennar viðskipti við Evrópu eru það mikil nú, að það ætti ekki að vera skotaskuld að fá annað eins smálán og um er að ræða í sambandi við sementsverksmiðjuna. Ég gæti bezt trúað, að það mundi verða ósköp hollur lærdómur fyrir þessa háu herra þar í Alþjóðabankanum, sem eru öðru hvoru að dirfast að setja sig á háan hest gagnvart okkur Íslendingum, að láta þá bara vita af því, að við getum ósköp vel komizt af án þeirra. Þessar 40, 50, 60 millj. kr. eða hvað það kann að vera, sem þarf í sementsverksmiðju, eru ekki þau ósköp, að það sé ekki hægt að útvega þess háttar upphæðir fyrir ríki, sem stendur eins vel og er eins ríkt og Ísland, og hefur önnur eins viðskipti út á við og Ísland hefur. — Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti mjög alvarlega að athuga það mál og sérstaklega þó að vera ekkert feimin að ræða svona vandamál við þingmenn, þegar þau koma fyrir. Þetta eru engin sérstök leyndarmál gagnvart þjóðinni. Það hefur áður komið fyrir í okkar sögu, að erlendir stórbankar hafa verið að setja ríkisstjórnum stólinn fyrir dyrnar. Það hefur þá venjulega verið reynt að brjótast út úr vandræðunum samt sem áður, þótt verr hafi staðið á hjá þjóðinni en núna.

Ég vildi aðeins skjóta þessu fram, fyrst þessi fsp. var hér til umræðu og fyrst hæstv. fjmrh. gaf nú ekki skýrari svör en þetta, svona til athugunar upp á seinni tímann.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Það má vel vera, að þingmenn stjórnarflokkanna viti um það, hvers eðlis sú snurða er, sem hlaupin er á þráð þessa sementsverksmiðjumáls, en svo mikið er víst, að út fyrir heimilisvébönd stjórnarinnar hefur þetta leyndarmál ekki komizt. En það verður að líta svo á, að Alþingi allt eigi heimtingu á að fá að vita, hvaða óyfirstíganlega örðugleika hæstv. ríkisstj. sé alltaf að berjast við í þessu máli.

Því var lofað, að þetta skyldi vera eitt fyrsta málið, sem hæstv. ríkisstj. kæmi á rekspöl og leysti, og manni skildist í haust, að það lægju nokkurn veginn fyrir ákveðin loforð um lánsfé til þessa mannvirkis. Manni skildist jafnvel af ráðherrum, sem voru í fyrrv. ríkisstj., að málið hefði eiginlega verið leyst af hinni fráfarandi ríkisstj. og það væri ekkert annað að gera fyrir núverandi ríkisstj. en tilkynna þá lausn málsins, sem legið hefði fyrir. En nú er sagt, að það sé búið að leggja mikla vinnu í lánsútvegun vegna sementsverksmiðjunnar. En árangurslaus vinna, segir hæstv. fjmrh. Allt fumið hefur verið árangurslaust, en það er ekki hægt á þessu stigi málsins að skýra frá því. Ég held, að það væri alveg sjálfsagður hlutur, að það væri skýrt nákvæmlega frá því, í hverju þessir óyfirstíganlegu örðugleikar liggja. Og að mikil vinna, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt í þetta, sé árangurslaus, — það er ekki hægt að taka það sem góða og gilda vöru, nema menn fái einhverja vitneskju um það, í hvaða stríði hún hefur átt. Það er sjálfur hæstv. forsrh. núverandi ríkisstj., sem hefur sagt, að snurða hafi hlaupið á þráðinn, svo að framkvæmdir dragist. Alþ. á heimtingu á að fá að vita, hvað felst í þessu goðsvari. Og þegar hæstv. ráðh. er spurður samkv. þeim rétti, sem þm. hafa samkv. þingsköpum, um jafnþýðingarmikið mál og þetta, þá er ekki gott að sætta sig við það, að engin svör fáist. Það er alveg ómögulegt að hugsa sér, að þetta almenna viðskiptamál sé þess eðlis, að ekki sé frá neinu að skýra. Við munum fyllilega taka það til greina, ef hæstv. ríkisstj. gerir þingheimi grein fyrir örðugleikum, sem að okkar dómi hefur verið ómögulegt að yfirstíga, og þá er stj. höfð undan allri sök og þá mundi verða skýrt frá því. En það verður alltaf lagt stj. út til ámælis að láta mánuð eftir mánuð líða svo, að ekki sé staðið við hið fyrsta og stærsta loforð, sem ríkisstj. gaf, þegar hún varð til og birti sinn stjórnarsáttmála.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):* Það er nú svo sem ekki ástæða til að svara þessu, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni. En ég vil þó bara upplýsa, að ef ríkisstj. væri þeirrar skoðunar, að það væri til gagns fyrir málið að gefa ýtarlegri upplýsingar en ég hef gert, þá mundi hún gera það. En af því að hún álítur, að það geti ekki verið til gagns fyrir málið, eins og það

stendur nú, að gera það, þá gerir hún það ekki. Ríkisstj. hefur þetta mál með höndum, og það er vitanlega stjórnarinnar að bera ábyrgð á því, hvenær hún gefur Alþ. skýrslu um málið, og það mun stj. gera. Hún mun gefa Alþ. skýrslu um málið svo fljótt sem hún telur málinu til góðs, að það verði gert.

Ég gaf upplýsingar um, hvað í þessu hefði verið unnið, þegar gengið var frá landbúnaðarlántökunni, eins og raunar síðasti ræðumaður gat um, og lýsti því þá yfir sem minni skoðun, að ég teldi góðar horfur á því, að lánið fengist. En eins og hv. þm. heyrðu, þá var það, sem ég sagði um þetta nú, á þá leið, að ég teldi ekki tímabært að rekja í einstökum atriðum, hvað fram hefði farið í málinu, teldi það ekki ávinning fyrir málið á þessu stigi, að þessu lánsútvegunarstarfi væri ekki lokið og því ekki hægt að vita, hver niðurstaðan yrði, að ríkisstj. mundi gera allt, sem í hennar valdi stæði til þess að útvega lán til sementsverksmiðjunnar, og að frekari svör væri ekki hægt að gefa að svo stöddu. Svo verður mönnum að líka þetta betur eða verr, eftir því sem skaplyndi þeirra er til.

## 20. Greiðslugeta atvinnuveganna.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna* [161. mál, 3] (A. 426).

Á 38. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Sþ., 10. marz, var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Á Alþ. 1952 fluttu sex hv. alþm. till. til þál. um að fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á greiðslugetu aðalatvinnuvega þjóðarinnar með það fyrir augum að fá úr því skorið, hversu hár rekstrarkostnaður atvinnufyrirtækjanna megi vera, til þess að þeim verði haldið í gangi sem lengstan hluta hvers árs og þeir veiti sem varanlegasta atvinnu. Var svo fyrir mælt í till., að ríkisstj. skyldi leita aðstoðar og samvinnu við samtök launþega og atvinnurekenda um framkvæmd þessarar rannsóknar. Skyldi rannsókn þessari lokið fyrir 1. nóv. 1953. Í grg. þeirri, sem fylgdi till., komast flm. svo að orði með leyfi hæstv. forseta:

„Rannsóknin er ætlað að sýna, hvern rekstrarkostnað hinar ýmsu greinar atvinnulífsins geta borið. Ef niðurstöðurnar sýna, að rekstrarkostnaður í sumum atvinnugreinum sé svo hár, að taprekstur sé óhjákvæmilegur, er eðlilegt, að látin sé fara fram framhaldsrannsókn á því, með hverju móti taprekstri verði forðað, hvort unnt sé að lækka einhverja kostnaðarliði eða hverjar ráðstafanir aðrar séu tiltækilegar, til þess að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum. Ef rannsóknin á hinn bóginn sýnir, að um verulegan ágóða sé að ræða í atvinnugreininni, mundi eðlilegt, að hlutdeild vinnunnar í arði fyrirtækisins yrði aukin með kauphækkunum eða á annan hátt."

Þáltill. þessi var samþ. í sameinuðu Alþingi 17. des. 1952.

Ég hygg, að engum muni blandast hugur um það, að rannsókn slík sem þessi, sé hún vel og ýtarlega af hendi leyst, geti reynzt mikilvæg undirstaða til að byggja á ýmsar gagnlegar aðgerðir í atvinnumálum þjóðarinnar. Það væri til að mynda ekki ófróðlegt, svo að eitt dæmi sé tekið, að sjá niðurstöður rækilegrar rannsóknar á rekstrarafkomu og greiðslugetu útgerðarfyrirtækja. Fullyrt er, og ég hygg, að það sé rétt, að fjölmörg útgerðarfyrirtæki, sem ekki hafa aðstöðu til að græða á fiskverkun og fisksölu, eigi við mikla erfiðleika að etja. Svo er um togaraútgerðina, og eru þó launakjör togarasjómanna nú svo léleg, að engu tali tekur, enda er stöðugur og sívaxandi skortur á sjómönnum, sem fást til að fara út á þessi góðu og aflasælu skip. Nú er hins vegar vitað, að fiskiskip okkar, togarar og vélbátar, flytja stórkostleg verðmæti að landi. Það er afli þeirra, sem útflutningur þjóðarinnar byggist að langmestu leyti á. Fyrir þau verðmæti, sem úr sjónum eru dregin, eru keyptar mestallar þær vörur, sem til landsins flytjast. Þó býr þessi atvinnuvegur við þau kjör, að útgerð togara og vélbáta er víða rekin með tapi, og sjómennirnir, alveg sérstaklega á togaraflotanum nú sem stendur, búa við allsendis óviðunandi launakjör. Mega ekki allir sjá, að hér er framið augljóst þjóðfélagslegt ranglæti, sem hlýtur að koma þjóðinni allri í koll, ef ekki verða fyrr en síðar ráðnar bætur á?

Það er margt, sem þessu veldur, og liggur sumt nokkurn veginn í augum uppi, svo sem gífurleg flutningsgjöld, okur á nauðsynjum útvegsins, rándýrt rekstrarfé og óeðlilegur gróði þeirra aðila, sem verka fiskinn og annast sölu á honum. En þó að allt þetta liggi nokkurn veginn ljóst fyrir í megindráttum, þá er mikils um það vert að fá ýtarlega rannsókn á rekstri útvegsins og ekki síður þá framhaldsrannsókn, sem flm. þáltill. þeirrar, sem ég hef rætt hér um, gera ráð fyrir að fram verði látin fara, þar sem um taprekstur er að ræða eða rekstrurinn er ekki um það fær að greiða þeim, sem við hann vinna, lífvænleg laun.

Þar sem nú er liðið nokkuð á fimmta mánuð síðan rannsókn þeirri á greiðslugetu íslenzkra atvinnuvega, er ríkisstj. var falið að láta framkvæma, átti að vera lokið, en ekkert hefur heyrzt um árangur þeirrar rannsóknar, hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hefur ríkisstj. látið framkvæma rannsókn þá á greiðslugetu og afkomu atvinnuvega þjóðarinnar, sem samþ. var í sameinuðu Alþingi 17. des. 1952 að fram skyldi fara og lokið fyrir 1. nóv. 1953? Sé rannsókn þessari lokið, hver varð í megindráttum niðurstaða hennar? Sé rannsóknin enn ekki lokið, hvenær má vænta

þess, að henni ljúki og gerð verði grein fyrir niðurstöðu hennar?"

Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að svara þessari fyrirspurn.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 17. marz, var fsp. tekin til frh. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 24. marz, var fram haldið umr. um fsp.

*Forseti (JörB):* Hv. fyrirspyrjandi hafði nú að vísu gert grein fyrir fsp., en hæstv. ráðh., sem svara mun fsp., var þá ekki viðstaddur, og mun ég veita hv. þm. aðeins eina eða tvær mínútur til þess að gera grein fyrir fyrirspurninni.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Á fundi Sþ. fyrir hálfum mánuði gerði ég nokkra grein fyrir fsp. þeirri, sem prentuð er hér á þskj. 426 og nú er til framhaldsumræðu. Hæstv. forsrh., sem mun hafa ætlað að svara fsp., var þá ekki viðstaddur, og bárust því engin svör frá hæstv. ríkisstj. Umr. um fsp. var því frestað.

Ég sé nú ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég áður sagði um gildi slíkrar rannsóknar sem þeirrar, er hér um ræðir. Ég ætla, að það sé hv. alþm. ljóst, eins og raunar hefur komið fram í afstöðu þeirra til málsins með samþykkt þáltill. á sínum tíma. Ég vil aðeins rifja það hér upp, að á Alþ. 1952 fluttu sex hv. alþm. till. til þál. um að fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á greiðslugetu atvinnuvega þjóðarinnar, með það fyrir augum að fá úr því skorið, hve hár rekstrarkostnaður atvinnutækjanna megi vera, til þess að þeim verði haldið í gangi sem lengstan hluta hvers árs og þeir veiti sem varanlegasta atvinnu. Var svo fyrir mælt í till., að ríkisstj. skyldi leita aðstoðar og samvinnu við samtök launþega og atvinnurekenda um framkvæmd þessarar rannsóknar. Skyldi rannsókninni lokið fyrir 1. nóv. 1953.

Þar eð ekkert hefur komið fram um það af opinberri hálfu, hvort rannsókn þessari sé lokið, og þaðan af síður, hverjar orðið hafa niðurstöður rannsóknarinnar, hef ég leyft mér að bera fram þá fsp., er ég vil nú lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur ríkisstj. látið framkvæma rannsókn þá á greiðslugetu og afkomu atvinnuvega þjóðarinnar, sem samþykkt var í Sþ. 17. des 1952 að fram skyldi fara og lokið fyrir 1. nóv. 1953? Sé rannsókn þessari lokið, hver varð í megindráttum niðurstaða hennar? Sé rannsókninni enn ekki lokið, hvenær má vænta þess, að henni ljúki og gerð verði grein fyrir niðurstöðu hennar?"

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Út af fsp. hv. 8. þm. Reykv. vil ég leyfa mér að gefa eftirfarandi skýrslu:

Hinn 17. des. 1952 var samþ. á Alþ. svo hljóðandi þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram **fara rannsókn** á greiðslugetu og afkomu atvinnuvega þjóðarinnar með það fyrir augum að fá úr því skorið, hversu hár rekstrarkostnaður atvinnutækjanna megi vera, til þess að þeim verði haldið í gangi sem lengstan hluta hvers árs og þeir veiti sem varanlegasta atvinnu. Skal ríkisstj. leita aðstoðar og samvinnu við samtök launþega og atvinnurekenda um framkvæmd þessarar rannsóknar, er skal lokið fyrir 1. nóv. 1953."

Hvorki fyrrverandi né núverandi ríkisstj. hefur látið framkvæma allsherjarrannsókn á afkomu atvinnuveganna með það fyrir augum að fá úr því skorið, hversu hár rekstrarkostnaður atvinnuveganna megi vera, til þess að þeim verði haldið í gangi sem lengstan hluta árs og þeir veiti sem varanlegasta atvinnu. Samkv. orðalagi till. mun hér aðallega átt við rannsókn á sjávarútvegi landsmanna. Rannsókn þessi er nokkrum vandkvæðum bundin, sem byggist fyrst og fremst á því, að aflabrögð eru æði mismunandi frá ári til árs og útflutningsverð afurðanna og útgerðarkostnaður mjög breytilegur, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt um. Niðurstöður slíkrar rannsóknar hlytu af þessum ástæðum að hafa mjög tímabundið gildi. Hins vegar hefur ríkisstj. látið framkvæma nokkur undanfarin ár athugun á rekstri og afkomuhorfum bátaútvegsins og hraðfrystihúsanna vegna hinna sérstöku innflutningsréttinda bátaútvegsmanna.

Allt frá því að tekin var ábyrgð á helztu útflutningsafurðum bátaútvegsins í ársbyrjun 1947, hefur hið opinbera fylgzt með afkomu þessa atvinnuvegar, bæði að því er snertir sjálfa bátana og einnig að því er snertir vinnustöðvarnar eða vinnslustöðvarnar, þ. e. aðallega frystihúsin. Fyrst framan af var nokkrum erfiðleikum bundið að fá um þetta glöggar upplýsingar, en með stofnun reikningsstofu sjávarútvegsins, sem starfrækt er á vegum Fiskifélags Íslands, hefur öll gagnasöfnun í þessu sambandi verið aukin mjög og auðvelduð. Er nú svo komið, að í sambandi við athuganir, sem fram hafa farið nú um undanfarin þrjú ár vegna bátagjaldeyrisaðstoðarinnar, hefur verið framkvæmd ýtarleg athugun á afkomu þeirra aðila, sem helzt eiga hér hlut að máli. Og á niðurstöðum þeirra rannsókna hefur verið byggt, þegar tekin hefur verið ákvörðun um aðstoð þá, sem bátaútveginum hefur verið veitt. Ég hygg, að óhætt sé að telja, að þær athuganir, sem gerðar hafa verið á þessum atvinnuvegi, gefi allglöggar upplýsingar um það, hvers hann er megnugur, miðað við þær aðstæður, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

Varðandi togaraútgerðina vil ég leyfa mér að segja þetta: Fram til ársloka 1952 gekk togaraútgerðin yfirleitt sæmilega. Hins vegar hefur afkoman orðið slæm, svo að ég ekki segi mjög slæm, á árinu 1953, og er nú svo komið, að staðhæft er, að allir eða nær allir togararnir eru reknir með tapi, og er vá fyrir dyrum í þessum atvinnurekstri, ef ekki finnast einhver úrræði til úrbóta. Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hefur leitað til ríkisstj. með þessi

vandamál, og hefur ríkisstj. óskað eftir skýrslum og öðrum upplýsingum um hag togaranna.

Um landbúnaðinn vil ég leyfa mér aðeins að geta þess, að samkv. 2. kafla laga nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., þá skal söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði miðast við það, að heildartekjur bænda eða þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta í landinu. Þetta grundvallaratriði hefur verið framkvæmt þannig, síðan lögin tóku gildi, að nefnd, sem skipuð er jafnmörgum fulltrúum frá neytendum og framleiðendum, þremur frá hvorum aðila, hefur árlega samið hinn svokallaða verðlagsgrundvöll, en verðlagsgrundvöllurinn er í rauninni ekki annað en reikningur yfir tekjur og gjöld bús af hugsaðri, nánar tiltekinni stærð, sem talið er nærri því að vera stærð meðalbús í landinu eða yfir allt landið. Endurskoðun á verðlagsgrundvellinum fer þannig fram árlega. Enda þótt verð búvaranna sé þannig hverju sinni í samræmi við kaup og kjör annarra stétta og verðlagsbreytingar, sem verða t. d. á rekstrarvörum landbúnaðarins einnig, þá er tæpast rétt að telja verðlagið beinan mælikvarða fyrir greiðslugetu landbúnaðarins, hygg ég.

Ég vænti, að eftir atvikum þyki þessar skýringar nægja. Þær fela a. m. k. í sér allar þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um málið, hvort sem mönnum þykir, að með því hafi verið fylgt þáltill. að fullu eða ekki. En eins og ég gat um í upphafi minna skýringa, þá er mikill vandi að gera þetta þannig, að öryggi sé í því, einmitt vegna þess, hvað stuttan tíma er við að miða vegna breytileika um aflabrögð og verðlag í aðalútflutningsframleiðslustarfsemi landsmanna.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann nú gaf. Það kemur í ljós, eins og hann glögglega gat um, að engin allsherjar rannsókn á hag og afkomu höfuðatvinnuvega þjóðarinnar hefur verið framkvæmd, eins og þó var ætlazt til með till., og það virðist ekki einu sinni hafa verið ætlun hæstv. ríkisstj., hvorki fyrrverandi né núverandi, að láta framkvæma slíka allsherjarrannsókn. Hæstv. forsrh. talaði um það, að það sé verulegum vandkvæðum bundið, og að slík rannsókn hafi ekki gildi nema um takmarkaðan tíma vegna breytilegs ástands atvinnuveganna, og er það að vissu leyti rétt, sérstaklega að því er varðar sjávarútveginn, því að þar eru breytingarnar hvað örastar og sveiflurnar hvað mestar.

En ég er þeirrar skoðunar, að athuganir slíkar sem hugsaðar eru í till. þurfi að fara fram með nokkuð skömmu millibili, að ég ekki segi nokkurn veginn að staðaldri. Það er svo mikið atriði fyrir allan þjóðarbúskapinn að vita með svo mikilli vissu sem hægt er, hvernig sakirnar standa hjá hverjum atvinnuvegi, að það er engin vanþörf á því, að þarna sé að staðaldri haldið uppi mjög rækilegum athugunum, einmitt í þá átt, sem till. mælti fyrir um.

Í grg. fyrir þessari þáltill., sem samþ. var í desembermánuði 1952, er m. a. um það rætt, að ástæða sé til framhaldsrannsóknar á hag ákveðinna atvinnugreina, þegar það sýndi sig, að þær gætu ekki staðið undir því að greiða sómasamlegt kaupgjald og væru ekki samkeppnisfærar við aðrar atvinnugreinar. Þetta er vissulega nauðsyn, sem allir hljóta að viðurkenna, og það er þá alveg sérstaklega eins og nú er ástatt varðandi togaraútgerðina, sem þessi nauðsyn er afar brýn.

Ég mun nú ekki á þeim fáu mínútum, sem ég hef hér til umráða, fara út í að ræða almennt um hag og ásigkomulag togaraútgerðarinnar, þess gefst væntanlega kostur innan skamms að ræða það svolítið nánar, en ég vil leggja á það áherzlu, að allar þær þjóðir, sem vilja undirbyggja þær opinberu aðgerðir, sem þær gera varðandi atvinnuvegi sína, telja nauðsynlegt að framkvæma undirstöðu- eða grundvallarrannsóknir á hag og afkomu atvinnuveganna. Ég vil aðeins nefna sem dæmi til fyrirmyndar frændþjóð okkar Norðmenn og þó e. t. v. alveg sérstaklega Svía, sem gert hafa mikið að þessu og telja ekki kleift að leggja út í neinar stórfelldar opinberar aðgerðir til þess að rétta við hag eins eða annars atvinnuvegar án þess að hafa áður látið framkvæma undirstöðurannsóknir. Hagstofa Íslands og þær aðrar stofnanir, sem vinna að upplýsingum ýmsum í sambandi við atvinnuvegina, leggja ýmislegt hráefni upp í hendurnar á þeim, sem síðan þurfa að framkvæma þessar rannsóknir, vinna úr „materialinu“ og leggja síðan niðurstöðurnar fyrir þá aðila, sem loks eiga að ákvarða um, hvað gera skuli. Ég vil mega vænta þess, að þessu mikilvæga atriði, undirstöðurannsóknum, sérstaklega þó varðandi höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, verði gefinn meiri gaumur hér eftir en hingað til, og ef sú till., sem samþ. var á Alþ. 1952, og þessi fsp. mættu verða til þess, að þessu nauðsynjamáli verði gefinn nokkuð meiri gaumur hér eftir en hingað til, þá tel ég það vel farið.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Út af ummælum hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) minni ég enn á það, að varðandi sjávarútveginn er þegar mikil gagnasöfnun fyrir hendi. Þar er bæði að benda á reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, sem hefur mikinn fróðleik að færa um afkomu bátaútgerðarinnar frá ári til árs, og svipað verður maður nú að telja að liggi nokkuð fyrir um afkomu landbúnaðarins, þó að það sé kannske ekki í sama mæli.

Ég veit ekki, hvað er óhætt að vera hreinskilinn, úr því að maður er kallaður stjórnmálamaður, en ég vil játa það, að ég hef heldur veigrað mér við að láta fara fram mjög nákvæmar rannsóknir á togaraútgerðinni, þó að togaraútgerðarmenn hafi oft beint þeim óskum til mín. Þetta er vegna þess, að ég hef talið, að bág afkoma mundi ýta undir óskir eða kröfur togaraútgerðarinnar á hendur ríkissjóði. Ég hef hins vegar haft ákaflega mikla

tilhneigingu til þess að telja, að ef togararnir ætla að fara að leggjast upp á ríkið sem ómagar, að mig skorti þá getu til þess að benda á framfærslusveitina. Það getur verið, að þetta sé skakkt sjónarmið, en þetta er alveg ærlega talað. Ég býst nú við, að málið standi þannig í dag, að það verði ekki hjá því komizt að hlusta meira á þessar raddir heldur en gert hefur verið. Ég trúi því sjálfur, nú orðið, að hagur togaraútgerðarinnar sé mjög örðugur, í bili a. m. k., og ég mun þess vegna geta sagt það um mig eins og um meðstjórnendur mína, að við munum vera reiðubúnir til þess að ræða þau mál við togaraútgerðarmennina og hlusta á þeirra till., um leið og ég skýri hér frá því, sem raunar mun hafa komið opinberlega fram, að ríkisstj. óskaði eftir ýtarlegri gögnum af hendi þeirra heldur en fyrir lágu í þeim viðræðum, sem forustumenn togaraútgerðarinnar áttu við ríkisstj.

Nú bendi ég alveg sérstaklega á það varðandi togaraútgerðina, að það er hægurinn hjá að fá óyggjandi upplýsingar um afkomu togaranna, og miklu fremur nú en var hér fyrr á árum, þegar togararnir voru nær allir í höndum fárra félaga, sem voru í eign fárra einstaklinga. Nú er mikill hluti af þessari útgerð rekinn af opinberum aðilum, þannig að það er hægt að fá þeirra reikningsskil, sem — hvað sem menn vilja segja um einstaklinginn — ættu þó ekki að vera vefengd. Við skulum nefna útgerðir eins og bæjarútgerð Reykjavíkur og bæjarútgerð Hafnarfjarðar; þessi bæði fyrirtæki eru stór útgerðarfyrirtæki, og ég geri ráð fyrir, að skýrslur frá þeim yrðu síður vefengdar, þó að ég telji þær kannske ekkert ábyggilegri en skýrslur frá einstaklingum eða einkafélögum. Ég geri ráð fyrir, að þeirra afkoma sé nokkuð táknræn fyrir afkomu togaranna yfirleitt.

Ég veit ekki, hvað menn vilja ganga langt, hvort mönnum þykir ástæða til að setja á laggirnar sérstakar n., sem hafi um þetta frekari rannsóknir. Ef við höfum bátaútveginn eins og hann er, togaraútveginn, með þeim aðgangi, sem við höfum að honum gegnum þessar opinberu útgerðir, landbúnaðinn, með þeim rannsóknum, sem þar fara fram, og svo loks þá loftvog, að hver sá, sem tapar, kemur með klögumálin og beiðnir sínar á hendur því opinbera, þá álít ég, að þetta mundi nú í bili nægja. Ef menn vilja annað, þá er það ekki ríkisstjórnarinnar að neita þeim óskum og kröfum, sem um það verða samþ. af Alþ. En ég vil ekki neita því, að mér finnst þessu nokkuð borgið í því formi, sem er nú, og ekki miklu til kostandi að hafa í frammi meiri rannsóknir um það, en er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að hlusta á þann þingvilja, sem um það kynni að koma fram.

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Ég var einn þeirra, sem greiddu þáltill. þeirri, sem er tilefni þessara umr., atkv. á sínum tíma. Ég gerði það af því, að ég taldi hina mestu nauðsyn, að fram færi allsherjarrannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna og jafnframt á afkomumöguleikum launþega í landinu, sem ynnu við þessa atvinnuvegi, því að þetta tvennt heyrir saman. Ég var ekki mjög bjartsýnn um árangur af samþykkt þessarar till., en mér datt þó ekki í hug, að fyrirspurn um framkvæmd á þessu atriði mundi vera svarað þann veg af hæstv. forsrh. sem raun er nú á orðin; sem sé engin viðleitni hefði verið höfð í frammi til allsherjarrannsóknar á þessu efni, því að það sagði hæstv. ráðh. skýrum orðum. Ég veit vel, að þetta er vandasamt og erfitt verk. Það tel ég víst, að hv. tillögumönnum hafi einnig verið ljóst, þegar þeir lögðu till. fram, og hæstv. ríkisstj. ekki síður, þegar hún tók við till.

Það eina, sem hæstv. ráðh. upplýsir í þessu efni, er það, að fyrir vélbátaútveginum sé séð með bátagjaldeyrisálagi, sem sé hagað með tilliti til nauðsynja útgerðarinnar á hverjum tíma. Ég vil ekki beinlínis vefengja, að þetta sé rétt, en ég verð að segja, að mér finnst undarlegt, að eftir því sem ég bezt veit hefur engin endurskoðun farið fram á tekjum eða útgjöldum í sambandi við þetta. Það hefur engin skýrsla legið fyrir Alþingi um það, hversu miklu bátagjaldeyrisálagið nemi. Það hefur engin skýrsla verið lögð fyrir Alþingi um það, hversu þessum greiðslum sé skipt, hvernig þær renni til milliliðanna eða hraðfrystihúsanna, hvað renni til útgerðarmannanna og hvað renni til sjómannanna sjálfra. Það er furðulegt, að um slíka upphæð, sem með álagi verzlunarinnar nemur áreiðanlega miklu á annað hundrað millj. kr., skuli engar skýrslur vera gefnar Alþingi, aðeins vísað til þess, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, að fyrir bátaútveginum sé séð á þennan hátt.

Að því er landbúnaðinn snertir er vísað til meðalbúsins samkv. 6 manna nefndinni frægu, og það eru allar upplýsingarnar, sem gefnar eru.

Að því er togarana snertir hef ég veigrað mér við að láta nokkra rannsókn fara fram, segir hæstv. ráðh., því að með því er kallað á kröfur á hendur ríkisstjórninni, ef ég skildi hann rétt. Nú skilst mér, að þessi veigrun hæstv. ráðh. hafi ekki borið tilætlaðan árangur, því að eftir því sem blöðin segja frá nú, þá liggja fyrir bein tilmæli, að ég ekki segi kröfur, af hendi togaraeigenda til aðgerða af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ráðherrann orðaði það svo, að fram til ársloka 1952 muni togaraútgerðin í heild hafa gengið sæmilega; á árinu 1953 og þar til núna mjög afleitlega. Nú liggja fyrir skýrslur um þetta efni frá sambandi togaraeigenda með ákveðnum kröfum og till. til ríkisstj., sem ganga í þá átt að láta annaðhvort svo eða svo mikið af þeirra afurðum falla undir bátagjaldeyrisskipulagið eða beinlínis að gera gengislækkun.

Það, að ég kvaddi mér hljóðs nú, stafaði af ummælum hæstv. ráðh. Hans næstsíðustu orð voru þau, að eftir atvikum líti hann svo á, að þessum málum væri nú nokkuð borgið. Mér finnst að athugaðri skýrslu botnvörpuskipaeigendanna, að þetta sé mjög einkennilega til orða tekið, því að eftir því sem í henni segir,

— og hæstv. ráðh. vill á engan hátt vefengja hana, skildist mér, — þá fer því fjarri, að togaraútgerðinni geti á nokkurn hátt talizt borgið; þvert á móti, ef þessar lýsingar eru réttar, virðist mér horfa til algerrar stöðvunar á togaraflotanum.

Nú er fullyrt, að ætlun hæstv. ríkisstj. sé að ljúka þessu þingi fyrir páska, þ. e. a. s. eftir tvær eða þrjár vikur, og ég vildi leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh. í sambandi við þetta mál, hvort þess sé að vænta, að skýrsla ríkisstj. um þetta efni, ekki togaraeigenda, hún hefur verið flutt, heldur skýrsla ríkisstj. um þetta efni verði lögð fyrir Alþingi og því frá því skýrt, á hvern hátt ríkisstj. hyggst að koma í veg fyrir, að togaraflotinn stöðvist, með þeim afleiðingum, sem augljóst er að slíkt hefði í för með sér. Mér finnst, eins og málin standa nú, mjög óskynsamlegt og óþingræðislegt af hæstv. ríkisstj. að láta þingið fara heim, án þess að það fái vitneskju um, hverjar eru fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Hæstv. fyrrverandi ríkisstj., sem var að efniviði sama og núverandi ríkisstj., var til þess stofnuð að bjarga atvinnuvegum landsins og fyrst og fremst sjávarútveginum og hefur unnið að því, að eigin dómi, kappsamlega allan þennan tíma og á þann hátt, sem mönnum er kunnugt um. Nú er þessum aðalatvinnuvegi Íslendinga, togaraútveginum, svo komið sem lýst hefur verið af togaraeigendum sjálfum og ekki vefengt af hæstv. forsrh. Ætlast hæstv. ráðh. til þess, að þingið láti sér nægja, að hann segi: Þessum málum er eftir atvikum nokkuð borgið; ég mun ekki kalla á kröfur á hendur ríkissjóði með því að fyrirskipa rannsókn, — og láti svo þingið fara heim? Og hvað ættum við svo að gera, ef áframhaldið verður það, sem lýst er í skýrslu togaraeigenda, sem opinberlega hefur verið birt?

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, vil ég byrja með að leiðrétta það, að ég hafi sagt, að hag togaraútvegsmanna eða togaraútgerðarinnar væri eftir atvikum borgið. Ég var að tala um upplýsingarnar um afkomuna, og mátti vel greina á milli þess. Ég tel, að liggi fyrir upplýsingar um afkomuna, sem er hægt að ganga úr skugga um hvort eru réttar eða rangar. En ég vil raunar taka það fram, að ég hef ekki hér gefið neina viðurkenningu fyrir því, að þær upplýsingar, sem fyrir liggja á þessu stigi málsins, séu réttar. Ég skal ekkert vera að vefengja þær upplýsingar fyrir fram. Ég ætla ekki heldur fyrir fram að undirstrika eða undirskrifa, að þær skýrslur, sem togaraútgerðarmenn á einum fundi hafa gefið ríkisstj., séu tæmandi. Við eigum eftir að yfirheyra þessa menn, ef á að koma til opinberra aðgerða, um það, hvernig stendur á því tapi, sem þeir tilgreina. Hvað er t. d. mikið reiknað í fyrningar, hvað er vaxtabagginn hár, er þetta tilbúinn reikningur eða er hann raunverulegur, hvað er tryggingargjaldið mikið o. s. frv.? Ég hef sjálfur séð margar slíkar greinargerðir. Það þarf að rannsaka þær, og þær eru ekki rannsakaðar af ríkisstj.

Varðandi bátaútveginn, þar sem hv. þm. segir að engin rannsókn hafi farið fram, höfum við árlega haft nefnd, sem ég hef skýrt frá hér í þinginu, skipaða færustu embættismönnum þjóðarinnar, sem mánuðum saman hafa lagt mikið verk í að framkvæma þær rannsóknir.

Mig undrar ekkert, þótt hv. 4. þm. Reykv. telji hér nokkurn meinbug á, ef Alþingi hafi ekki fengið neinar upplýsingar um neinar rannsóknir í þessum efnum. En ég get ekki gert að því, þó að það hendi hann eins og fleiri góða menn, þ. á m. mig, að vera ekki alltaf viðstaddur á Alþingi. En hér á Alþingi hafa verið gefnar upplýsingar um það tvennt, sem hann taldi mest ámælisvert að upplýsingar skorti um. Annað er um það, að rannsókn hefur raunverulega farið fram árlega á hag bátaútvegsins og einnig á greiðslugetu frystihúsanna, sem eru annar aðilinn í árlegum samningum í þessum efnum, framkvæmd af hæfustu mönnum, sem stjórnin á á að skipa, undir forustu skrifstofustjórans í atvinnumálaráðuneytinu, Gunnlaugs Briems. Í nefndinni eru auk þess fiskimálastjóri landsins, ýmsir aðrir þekktir skrifstofustjórar úr stjórnarráðinu, bæði fjmrn. og viðskmrn., og fleiri mætir menn, sem eru settir til þess fyrir hönd ríkisstj. að gagnrýna þá reikninga, sem fram eru lagðir, í því skyni, að ekki séu veitt ónauðsynleg fríðindi þessum aðilum til handa.

Þá er það líka misskilningur, ef hv. þm. heldur, að það hafi engar upplýsingar verið gefnar um bátagjaldeyrinn hér. Hér hefur á Alþingi og það á þessu þingi verið borin fram fsp. um það, hverju bátagjaldeyririnn nemi, og því hefur verið svarað. Þetta eru þau tvö aðalatriði, það eru þeir tveir hornsteinar, sem voru lagðir til grundvallar þeirri ádeilu, sem hv. þm. hafði í frammi á ríkisstj. af þessu tilefni. Og báðir eru þeir að því leyti til holsteinar, að það má lítið á þá styðja, til þess að þeir falli saman.

Ég vænti þess, að hv. þm. ætlist ekki til þess, að ríkisstj. biðji Alþingi að eiga hér setu eingöngu vegna þess, að vænta megi einhverra frekari skýrslna frá togaraútgerðinni. Ég veit ekki, hvað þeim skýrslum líður eða hvernig þeirri starfsemi vindur fram. Og það er auðvitað að mæta því eins og öðru, þegar það liggur fyrir. Það er nú svona um sjávarútveginn. Ég er sjálfur togaraútgerðarmaður, og ég hef oft séð skiptast á skin og skúrir í þeirri útgerð, og það getur vel svo farið enn.

Ég get ekki sjálfur á þessu stigi málsins fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gefið neina yfirlýsingu um það, hvað hún hefur í hyggju að gera til að ráða bót á örðugleikum togaraútgerðarinnar, einfaldlega af því, að togaraútgerðin hefur sjálf ekki gert nægа grein fyrir og fært fram tölulegar sannanir fyrir því, hver sé þörf varðandi hennar rekstur.

Ég hygg það hafi ekki verið annað í ræðu hv. þm., sem er ástæða til að gera athugasemdir við.

*Haraldur Guðmundsson:* Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði misskilið orð hans. Hann sagði, að hann hefði átt við rannsókn að því er snertir framkvæmd till. sjálfrar, en ekki, að nokkuð væri vel borgið hag togaraútgerðarinnar, og leiðréttist það hér með.

Það, sem ég spurði hæstv. ráðh. að í lok ræðu minnar, var það, hvort ekki mætti vænta skýrslu hæstv. ríkisstj. um ástand togaraútgerðarinnar. Ég ætlaðist alls ekki til, að hún tæki gilda þá skýrslu, sem fyrir liggur af hálfu togaraeigenda sjálfra, heldur spurði ég, hvort af tilefni þessarar skýrslu mætti ekki vænta skýrslu frá hæstv. ríkisstj. til Alþ. um hennar mat á ástandi togaraútgerðarinnar. Þessi skýrsla, sem nú liggur fyrir, mun vera samin af trúnaðarmönnum togaraeigenda, þrautkunnugum mönnum í togaraútgerðinni, og meðan ekki eru aðrar upplýsingar fyrir hendi, hlýtur almenningur að telja, ekki síst þegar þess er gætt, að svo mætir menn eru höfundar skýrslunnar, að hún muni hafa við rök að styðjast.

Hæstv. ráðh. sagði, að það þyrfti ýmislegt að athuga í sambandi við þessa skýrslu togaraeigenda, og ég er honum alveg sammála um það. Hvað er mikið vextir, segir hann, og hvað er mikil fyrning? Það er sjálfsagt að kynna sér það, enda ber skýrslan það án efa með sér; ég efa það ekki. Það er fleira, sem ástæða er til að athuga. Hvað er olíuverðið, og hvað mikið af olíuverðinu er gróði þeirra, sem selja hana? Það er fullkomið tilefni til athugunar. Hvað fá togararnir fyrir þann fisk, sem lagður er hér upp í frystihúsin, og hvað fá hraðfrystihúsin fyrir vöruna fullunna? Þetta er líka að sjálfsögðu til athugunar í sambandi við þessa skýrslu, og er að sjálfsögðu verkefni hæstv. ríkisstj. að athuga einmitt þessa liði um leið.

En það, sem ég vildi vekja athygli hæstv. ráðh. á, var það, að eftir að liggur fyrir þessi skýrsla togaraeigenda, sem segir berum orðum: Verði ekki einhverjar ráðstafanir gerðar, hlýtur þessi útgerð að stöðvast — þá hlýtur almenningur í landinu að vænta þess, að ríkisstj. láti eitthvað til sín heyra. Og Alþingi hlýtur að vænta þess, áður en það lýkur störfum, að eitthvað heyrist frá hæstv. ríkisstj. um þessi mál, hvort hún ætlar að sitja þegjandi undir þessari yfirlýsingu togaraútgerðarmanna og láta reka að því, að þeir framkvæmi það, sem þar er sagt, eða hvort hún ætlar að rannsaka, hvort skýrslan er rétt eða röng og hvort raunverulega er aðgerðar þörf til þess að koma í veg fyrir, að bátaflotinn stöðvist. Þetta var meiningin með minni fsp. áðan, og vænti ég, að hæstv. ráðh. sé það nú ljóst.

Ég sagði ekki í minni fyrri ræðu hér, að ekki hefði nein athugun farið fram á bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu og hag útgerðarinnar og hraðfrystihúsanna í því sambandi. Það veit ég að hefur verið gert. Hins vegar hefur ekki legið fyrir Alþingi, eins og ég áðan sagði, heildaruppgjör á því, hversu miklu þessi fjárhæð nemur og enn síður hvernig hún hefur skipzt á milli milliliðanna, vinnslustöðva og hraðfrystihúsa, útgerðarinnar og sjómannanna, sem er einn meginþátturinn í þessu máli og er sjálfsagt að upplýst sé. Enn fremur ítreka ég það, sem ég áðan sagði, að mér er ekki kunnugt um, að nokkur opinber endurskoðun hafi nokkru sinni farið fram á þessum reikningsskilum. Það var það, sem ég innti hæstv. ráðh. eftir. Og skiptir það þó á þessu tímabili hundruðum milljóna, sem þarna er um að ræða, síðan bátagjaldeyrisfyrirkomulagið var tekið upp.

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Ég vildi aðeins út af þeim umræðum, sem hér hafa orðið, og þeim yfirlýsingum, sem fram hafa komið frá hæstv. ríkisstj., benda hv. alþm. á, hverja reynslu við höfum í sambandi við lausnir á málum eins og þeim vandamálum, sem nú standa yfir fyrir togaraútgerðina.

Hæstv. forsrh. minntist á, hvernig séð hefði verið fyrir smáútveginum, fyrir vélbátaútveginum. Hvernig var það gert? Það var gert með því, að daginn eftir að Alþingi var sent heim, 7. marz 1951, þá var 8. marz gefin út reglugerð án lagaheimildar um að leggja álögur á þjóðina, sem núna nema hátt upp undir 100 millj. kr. á ári. Það var beðið þangað til búið var að senda Alþingi heim, og þá var ekki beðið boðanna lengur. Daginn eftir var gefin út ólögleg reglugerð, og í 3 ár er síðan búið að innheimta af alþýðu beint líklega 200—300 millj. kr. á ári, en til útvegsins um 100 millj. Það hefur verið dýr innheimta á bátagjaldeyrinum.

Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Eigum við kannske von á svona afgreiðslu núna, að daginn eftir að Alþingi sé sent heim, þá verði gefin út reglugerð um togaragjaldeyri?

Ég vil minna á, einmitt út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. var að spyrja að hér áðan, af hverju það væri engin endurskoðun á bátagjaldeyrinum eða öðru slíku, að ég veit ekki til þess, að það sé vani, ef eitthvað er tekið með ófrjálsum hætti, að það séu sérstakar endurskoðanir á slíku. Bátagjaldeyririnn hefur aldrei stuðzt við nein lög, aldrei verið innheimtur í sambandi við nein lög, verið ólöglegur allan tímann, og það er ekki vani að endurskoða það fé, sem þannig er fengið. Ríkisstj. er enn ekki farin að koma þessu í lag, og hefur hún þó meiri hluta hér á Alþ. til að gera hvað sem hún vill. Ég vildi þess vegna aðeins skjóta þessu fram. Ég álít fyrir mitt leyti, að aðferð eins og togaragjaldeyrir í viðbót við bátagjaldeyrinn sé algerlega óþolandi, auk þess sem hann sé ólöglegur, og það nái ekki nokkurri átt að ætla að leysa vandkvæði togaraútgerðarinnar, sem eru mikil, með því að hlaða þannig nýjum byrðum á herðar alþýðu í viðbót við þær, sem þegar eru fyrir. En ef á að fara hina leiðina, að skera niður vextina hjá bönkunum, sem græða tugi milljóna, lækka verðið á olíunni, veiðarfærum, lækka vátryggingu eða annað slíkt, sjá um, að hærra verð sé gefið af hálfu hraðfrystihúsanna og fiskhringanna, þá þarf til alls þessa aðgerða Alþingis. Það þarf til alls þessa lög, þannig að mér sýnist, að hæstv. ríkisstj., ef hún ætlar ekki að leysa málið með togaragjaldeyri, eftir að þing-

ið er sent heim, verði að reyna að gera eitthvað nú þegar á þessu þingi, ef hún hefur þá hug á að gera eitthvað í þá áttina að skera niður gróðann við hringa- og bankavaldið í landinu. Það er ekki um nema þessar tvær leiðir að velja. Og ég er ákaflega hræddur um, að ef sú leiðin verður ekki valin að skera niður gróða hringa- og bankavaldsins og létta þannig á togaraútgerðinni, þá verði það hin leiðin, sem ríkisstj. fer, nema hún ætli að láta togaraútgerðina stöðvast, en því hef ég hins vegar ekki trú á.

Ég vildi aðeins skjóta þessu fram hér út af þessum umræðum, sem hérna hafa orðið um þetta þýðingarmikla mál, sem vissulega ætti að koma fyrir þingið öðruvísi en í sambandi við fsp. og 5 mín. ræður í sambandi við það.

*Gylfi Þ. Gíslason:* Herra forseti. Fyrst hér hafa orðið nokkrar almennar umræður um bátagjaldeyrinn og framkvæmd bátagjaldeyriskerfisins vildi ég leyfa mér að skjóta hér fram nokkrum athugasemdum varðandi það mál.

Þegar rætt hefur verið um bátagjaldeyrinn, höfum við Alþfl.-menn jafnan haldið því fram, að með því að taka upp það kerfi hafi í raun og veru verið tekið upp tvöföld eða jafnvel þreföld skráning á gengi krónunnar; það hafi í raun og veru verið um það að ræða að skrá krónuna á margföldu gengi, þ. e. a. s. lækka krónuna að nokkrum hluta. Þessu hefur ávallt verið harðlega andmælt af formælendum kerfisins, formælendum stjórnarflokkanna, og talið, að þessi ráðstöfun ætti að engu leyti skylt við gengislækkun. Nú vill þannig til, að í skýrslum alþjóðastofnunar einnar, sem Íslendingar eru aðilar að, kemur það skýrt fram, að sú stofnun lítur á málið eins og við Alþfl.-menn, sem verið höfum að gagnrýna kerfið á þessum grundvelli, þegar það hefur borið á góma. Íslendingar eru aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gefur út miklar hagskýrslur og vandaðar, sem heita „International Financial Statistics", og er þar um að ræða skýrslur um gengismál og fjármál í öllum þeim löndum, sem eru aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Í desemberheftinu 1953 segir svo um gengi íslenzku krónunnar: Þar er tilgreint sölugengi hennar eða „selling rate", í fyrsta lagi 16.32 á dollar, í öðru lagi 20.55 og í þriðja lagi 26.25. Það er m. ö. o. skráð þrenns konar sölugengi á íslenzku krónunni í skýrslum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og er hér auðsjáanlega um það að ræða, að skráð er sérstakt gengi á krónunni í viðskiptum við clearinglöndin og sérstakt gengi á krónunni í viðskiptum við dollara-svæðið og EPU-svæðið, þar sem kemur til greina 61% bátagjaldeyrisálagið. Það er m. ö. o. reiknað inn í gengi krónunnar. Og tilsvarandi kaupgengi eru skráð 16.26, 18.30 og 21.15 kr. og þá tekið tillit til þess, að útvegsmenn fá ekki bátagjaldeyri á alla upphæð skirteina sinna, heldur aðeins helming þeirra. Í skýringum, sem eru gefnar við þessa gengisskráningu, er glögglega og alveg réttilega skýrt frá því, sem hér er um að ræða, og sagt í lokaorðum, að tvö síðustu gengin, tvö síðustu sölugengin og kaupgengin, þ. e. a. s. sölugengi 20.55 og 20.66, séu raunverulegt gengi, sem sé afleiðing af því kerfi, sem upp hafi verið tekið. Það er sagt, að það fyrirkomulag, sem lýst hafi verið, svo að ég viðhafi ensku orðin úr skýrslunni: „results in the effective rates given above" — þessum tölum, sem ég nefndi.

Hér er það m. ö. o. fengið svart á hvítu, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sú merka stofnun, lítur á bátagjaldeyriskerfið sem gengislækkun að hluta á íslenzku krónunni, og skýtur þá dálítið skökku við, ef íslenzku stjórnarvöldin halda fast í þann skilning, að þessar ráðstafanir séu sjálfu gengi krónunnar í raun og veru algerlega óskylt mál.

Ef svo fer nú, sem ýmsir láta sér detta í hug, að gripið verði til þeirra ráðstafana til hjálpar togaraútveginum að láta bátagjaldeyriskerfið einnig ná til hans, þá getur raunar varla svo farið, að langt verði í það, að staðfest verði sú hlutagengislækkun, sem þegar hefur verið framkvæmd með bátagjaldeyriskerfinu, með algerri gengislækkun á krónunni. Væri það vissulega mjög miður.

Vegna þeirra almennu umræðna, sem fram höfðu farið um málið, vildi ég ekki láta hjá líða að skjóta þessum athugasemdum fram.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Mér skilst nú þessar umræður vera komnar allangt út fyrir rammann, og ég skal þess vegna ekki svara nema litlu af því, sem fram er komið.

Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 1. landsk., sagði, vil ég aðeins benda á það, að „monetary fund", Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, heimilar bátagjaldeyrinn með þeim rökum, að það sé ekki tvöfalt gengi, því, að það rúmist ekki innan starfsreglna sjóðsins að leyfa tvöfalt gengi. Læt ég svo útrætt um það. — Hitt vita svo menn, að það er mismunandi álag á gjaldeyrinum, og mér fannst nú sannast sagna, að ræða þessa hv. þm. væri ekki beinlínis snertandi kjarna þess máls, sem við erum að deila um.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, vil ég aðeins segja það, án þess að fara að stæla hér að nýju, að auðvitað er bátagjaldeyririnn reistur á löglegum grundvelli. Það er nú búið að ræða það vikum saman á þingi, og ég skal því láta þetta nægja, staðhæfingu á móti staðhæfingu.

Varðandi það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, þá sýndist mér hann gera ráð fyrir, — það kom raunar bert í ljós, — að ríkisstj. hefði borizt ýtarleg sundurliðuð skýrsla frá togaraútgerðinni um afkomu hennar, og hann óskaði eftir að fá að vita dóm ríkisstj. um það, á hve miklum rökum þessi skýrsla væri reist, og þá einnig, hvaða úrræði hún sæi til að ráða bót á þeim meinbug, sem þar væri leiddur í ljós. Ég vil aðeins segja hv. 4. þm. Reykv. það, að slík skýrsla hefur ekki borizt ríkisstj. Útgerðarmenn hafa komið einu sinni á fund ríkisstj. og tjáð henni, að hagur útgerðarinnar stæði höllum fæti, að það væri daglegur halli á rekstr-

inum, nokkuð mismunandi eftir því, hvaða veiðar væru stundaðar o. s. frv. En slík skýrsla, sem hv. þm. gerði ráð fyrir að lægi fyrir og reisti óskir sínar á, liggur ekki fyrir.

Ég veit, að hv. þm. játar það með mér, að það er ástæðulaust, að ríkisstj. sé að skipta sér af því, hvert fiskverð frystihúsin greiða togaraútgerðinni, fyrr en þá ætti að koma til kasta ríkisstj. að taka á sig eitthvað af halla þeim, sem útgerðin kynni að vera rekin með. Að öðru leyti er það mál óviðkomandi stjórninni.

Það eru að vísu nokkrar aðrar umsagnir, sem væri ástæða til að leiðrétta, en ég vil ekki verja dýrmætum tíma þingsins til þess. Það eru stórmál á dagskrá í dag, sem ég vil ekki tefja með frekari umræðum um þessa fyrirspurn.

*Bergur Sigurbjörnsson:* Herra forseti. Mér þykir hlýða að gera hér nokkrar athugasemdir, áður en þetta mál er tekið út af dagskrá, því þó að hæstv. forsrh. segði áðan, að hér væru mörg stórmál til umr. og þess vegna ætti ekki að eyða tímanum í þetta mál, þá sé ég ekki betur en að hér sé um svo stórt mál að ræða, að það séu varla önnur stærri á dagskránni í dag.

Ég vildi fyrst taka fram, að þó að við þm. séum hér að tala við hæstv. ríkisstj. öðru hverju í spurningatímum, þá finnst mér eiginlega, að það væri heldur verkefni sálfræðinga að rannsaka og athuga hæstv. ríkisstj. á þessum tímum. Hér hafa nokkrum sinnum verið lagðar fram spurningar til ríkisstj. og vitað í sambandi við þær spurningar, að ríkisstj. stóð afar höllum fæti og hafði slæman málstað. Aldrei hefur þó hæstv. ríkisstj. dottið í hug að sýna af sér þann manndóm að kannast við það hreinskilnislega, að hennar málstaður væri slæmur og illur, heldur hefur hún reynt að bera af sér, flækja og þvæla málin sitt á hvað.

Í sambandi við þetta mál t. d. alveg sérstaklega skal það tekið fram, sem þegar hefur verið gert, að 17. des. 1952 var samþ. hér á hinu háa Alþ. þáltill., borin fram af 6 eða 7 hv. þm. Sjálfstfl., og ríkisstj. falið að gera ákveðinn hlut, og í till. voru meira að segja sett tímatakmörk, þannig að ríkisstj. var falið að hafa lokið ákveðinni rannsókn fyrir ákveðinn dag. Svo þegar þessi tímatakmörk eru útrunnin og hæstv. ríkisstj. er spurð, hvort hún hafi lokið þessari rannsókn eða ekki lokið henni, eða hvort hún hafi nokkurn tíma stofnað til hennar, þá eru svörin þau: Nei, að vísu ekki. — Yfirlýstur eindreginn vilji Alþ., m. a. hv. stjórnarfl., hefur verið algerlega hunzaður, en þá er barið í brestina og sagt: Ja, eiginlega var nú engin þörf á þessu, vegna þess að við höfum svo miklar upplýsingar. — Það er sagt eins og hæstv. forsrh. sagði: Við höfum upplýsingar frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Við höfum upplýsingar frá framleiðsluráði landbúnaðarins. — Gott og vel. Það er vafalaust rétt, að þeir hafa þessar upplýsingar, en það er bara að athuga í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstjórn hefur haft upplýsingar frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins síðan 1947 og frá framleiðsluráði landbúnaðarins síðan 1947 líka og frá 6 manna nefndinni frægu síðan 1942 eða 1943. Allar þær upplýsingar, sem hæstv. ríkisstj. getur því vísað til núna í sambandi við þetta mál, hafði hún, þegar þáltill. sú, sem hér um ræðir, var borin fram og samþ. hér á Alþingi. Þetta vissu þeir þm., sem báru þessa þáltill. fram, og þetta vissi hæstv. ríkisstj., sem við till. tók. En þá taldi enginn maður, að þessar upplýsingar, sem hæstv. forsrh. vísar til núna, væru fullnægjandi. Þá fannst m. a. honum sjálfum, að það væri þörf á þeirri rannsókn, sem hér var samþ. að framkvæma, en ríkisstj. hefur svikizt um — ég segi svikizt um að framkvæma.

Á þetta vildi ég benda, og sömuleiðis vildi ég benda á það, að í till. var tekið alveg sérstaklega fram, að launþegasamtökin skyldu eiga aðild að þeirri rannsókn, sem framkvæma átti. Og þó að hæstv. forsrh. geti nú vísað til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og framleiðsluráðs landbúnaðarins, þá er það ekki nema að mjög takmörkuðu leyti, sem launþegasamtökin hafa nokkuð haft með það að gera eða komið nærri þeim upplýsingum, sem þar eru veittar. Þess vegna hefur það, sem í till. var meginatriði, nefnilega að launþegasamtökin skyldu fá að vita um og rannsaka greiðslugetu atvinnuveganna, algerlega verið sniðgengið.

Ég hef víst ekki tíma til að fara út í fleiri atriði þessa máls á þeim fimm mínútum, sem mér eru hér skammtaðar, en í sambandi við annað mál, sem hefur verið rætt hér í sambandi við þessa fsp., nefnilega afkomu togaranna, vildi ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort ríkisstj. hefur nú þegar rætt um þann möguleika að fella gengi íslenzkrar krónu á nýjan leik til þess að koma í veg fyrir stöðvun togaraútgerðarinnar.

## 21. Togaraútgerðin.

Á 41. fundi í Sþ., 24. marz, var útbýtt:

*Fsp. til ríkisstj. um ráðstafanir vegna erfiðleika togaraútgerðarinnar* [180. mál] (A. 531).

Á 42. fundi í Sþ., 25. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 31. marz, var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Nú um nokkurt skeið hefur togaraútgerð Íslendinga átt við mikla og sívaxandi örðugleika að etja. Virðist ekki annað fyrirsjáanlegt, ef ekkert verður að gert, en að allur togarafloti landsmanna stöðvist á næstu vikum, en það mundi hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúskapinn, ef þessi mikilvirku framleiðslutæki yrðu bundin við landfestar, ef til vill um langan tíma.

Skýrslur sýna, að útflutningsverðmæti þau, sem togararnir framleiða, eru geysimikil. Með því fyrirkomulagi, sem verið hefur nú um nokkurra mánaða skeið eða í meira en hálft ár, að togararnir leggi fiskinn upp til vinnslu og verkunar hér innanlands, hefur togaraflotinn verið undirstaða blómlegs atvinnulífs í mörgum kaupstöðum og sjávarþorpum landsins. Ætti að vera þarflaust að fara um það mörgum orðum, að brýna nauðsyn ber til, að komið verði í veg fyrir stöðvun flotans.

Mjög hefur verið undan því kvartað, einkum nú í vetur, að erfiðlega gangi að fá menn á togarana. Orsakirnar eru ýmsar, en þó fyrst og fremst þær, að togarasjómenn bera of lítið úr býtum fyrir hina miklu vinnu, sem þeir verða að leggja fram. Þeir bera einnig áhættu sjómennskunnar, búa við langvarandi fjarvistir frá heimilum, verða að kosta miklu til hlífðarfata, en bera þó sízt meira frá borði en víða er greitt fyrir léttari, áhættuminni og þægilegri vinnu í landi. Sérstaklega eru kjörin á saltfiskveiðum, þar sem erfiðið er hvað mest, algerlega óviðunandi. Afleiðingin hefur orðið sú, að vanir togarasjómenn hafa í stórum stíl horfið af skipunum, en viðvaningar komið í þeirra stað, hafi skipin þá ekki orðið að láta úr höfn án þess að hafa fulla tölu skipverja. Þetta er orðið alkunnugt.

Hinn tilfinnanlegi skortur á vönum sjómönnum hefur síðan haft þær afleiðingar, að skipin fá minni afla og eru lengur en ella í hverri veiðiför. Þá hafa einnig orðið brögð að því, eins og skiljanlegt er, að meðferð og nýtingu aflans hefur hrakað, en það er að sjálfsögðu stórhættulegt fyrir allan orðstír íslenzkrar sjávarvöru. Allt hefur þetta leitt það af sér, að afkoma útgerðarinnar hefur stórversnað, svo að nú virðist ekki annað fyrir hendi en að leggja verði stórvirkustu veiðitækjum Íslendinga við festar, á sama tíma sem fiskafurðir virðast þó sæmilega vel seljanlegar og þörfin á erlendum gjaldeyri er svo brýn sem allir vita.

Fyrir skömmu birtist í blöðum og útvarpi skýrsla eða álitsgerð Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda eða stjórnar þess félags um hag togaraútgerðarinnar og framtíðarhorfur. Lýsingin var á þá leið, að margir togaranna hefðu um langt skeið tapað frá 4—6 þús. kr. á dag að jafnaði. Kemst stjórn félagsins að þeirri niðurstöðu, að óhjákvæmileg stöðvun vofi yfir flotanum, fáist ekki stórfelld breyting á þeim kjörum, sem togararnir eiga við að búa. Í álitsgerð þessari er jafnframt frá því skýrt, að forsvarsmenn togaraútgerðarinnar hafi rætt um hin sívaxandi fjárhagsvandræði togaranna við hæstv. ríkisstj. og fulltrúa hennar. Um undirtektir ríkisstj. er ekkert getið, en af ummælum, sem hæstv. forsrh. lét falla hér á Alþ. í síðustu viku, virðist mega ráða, að ríkisstj. hafi enn sem komið er lítið eða ekkert lagt til þessara mála. Mátti jafnvel skilja ummælin á þá leið, að stjórnarvöldin vildu sem allra mest hliðra sér hjá að hafa afskipti af þessum vanda, sem nú hefur að höndum borið. Hér virðist þó svo mikið í húfi, að stjórnarvöld landsins geti ekki látið það afskiptalaust, ef togaraflotinn stöðvast, heldur hljóti að leita úrræða, og það fremur fyrr en síðar.

Nú mun vera ætlunin að slíta Alþ. fyrir páska, og þykir mér því full nauðsyn til bera, að þingið fái eitthvað að vita um það, hvaða leiðir hæstv. ríkisstj. hyggst fara til að leysa vandkvæði togaraflotans og bæta kjör togarasjómanna. Ég tel það gersamlega óhæf vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj., ef hún ætlar að senda Alþ. heim, án þess að það hafi fjallað um þetta vandamál, sem snertir hag og afkomu þúsunda manna víðs vegar um land. Opinberar aðgerðir virðast hér óhjákvæmilegar. Með hliðsjón af fyrri vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. í hliðstæðum málum vaknar óneitanlega sá grunur, að hún ætli að halda að sér höndum, unz Alþ. hefur verið slitið, og taka þá fyrst ákvarðanir í þessu efni, ákvarðanir, sem vissulega gætu orðið örlagaríkar fyrir þjóðarheildina.

Ég tel, að Alþ. eigi kröfu til að vita það, hvaða leiðir hæstv. ríkisstj. hyggst fara í þessum málum. Í álitsgerð stjórnar Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda er ekki bent á neina ákveðna lausn á vandkvæðum togaraútgerðarinnar. En þar er þó í niðurlagi imprað á þeim möguleika, að togaraútgerðin fái hliðstæð fríðindi þeim, sem bátaútveginum hafa verið veitt, m. ö. o., það er imprað á togaragjaldeyri, svipuðum bátagjaldeyrinum sæla.

Ég tel nauðsynlegt, að úr því fáist skorið, áður en Alþ. lýkur, hvort hæstv. ríkisstj. hefur dottið í hug að fara einhverja slíka leið, sem raunar virðist ófær þegar af þeirri ástæðu, að nú eru fluttar inn með bátagjaldeyrisálagi flestar seljanlegar vörur aðrar en brýnustu neyzluvörur almennings. Eða dettur hæstv. ríkisstj. í hug að framkvæma nýja gengislækkun? Hvor þessara leiða sem farin yrði, bein eða óbein gengislækkun, hlyti að sjálfsögðu að hafa það í för með sér, að enn yrðu stórkostlega rýrð kjör alls almennings í landinu. Hin eina leið, sem hægt er að fara til að bjarga togaraútgerðinni frá hruni, er sú að rétta hag hennar á kostnað þeirra milliliða, sem sannanlega hafa haft af því stórgróða að verzla með afurðir sjávarútvegsins, — þeirra, sem flytja þær afurðir úr landi gegn mjög háum flutningsgjöldum, þeirra, sem selja honum nauðsynjar, og loks þeirra, sem græða á þeirri vöru, sem flutt er inn og keypt fyrir útflutningsafurðirnar.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. telji það skyldu sína að gefa Alþ. upplýsingar um það, hvora leiðina hún ætlar að velja. Þess vegna hef ég borið fram þá fsp., sem hér er til umræðu.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Herra forseti. Þessi fsp., sem hv. 8. þm. Reykv. ber fram, er í tveimur liðum:

„Hefur ríkisstj. hafizt handa um að leysa þau vandkvæði, sem steðja að togaraútgerð landsmanna og eru í þann veginn að stöðva þann atvinnurekstur?"

Þetta er fyrri stafliðurinn. Við því er því að svara, sem ég raunar gat um í sambandi við

aðra fsp. s. l. miðvikudag, að enn liggja ekki fyrir þær upplýsingar frá útgerðarmönnunum sjálfum, sem hægt sé að byggja á og leggja til grundvallar fyrir þeirri rannsókn, sem nauður mun reka til að framkvæma í þessum efnum. Enn þá hefur ríkisstj. ekki borizt skýrsla um afkomu nema eins einasta togara. Sú afkoma var að vísu mjög bágborin, en mér finnst ekki óeðlilegt að ætla, að sá togari, sem varð fyrir valinu, sé ekki meðal þeirra, sem bezta hafa haft afkomuna. En sem sagt, skýrslur frá hendi útgerðarinnar, sem eru þó nauðsynlegur grundvöllur fyrir stjórnina til að byggja á framhaldsrannsóknir og stjórnin hefur óskað eftir að fá, liggja ekki fyrir enn þá.

Annar liður fsp. hljóðar svo:

„Hverjar opinberar ráðstafanir telur ríkisstj. koma til greina til að bæta kjör togarasjómanna, rétta hlut útgerðarinnar og koma í veg fyrir algera stöðvun togaraflotans?"

Ég geri ráð fyrir, að hv. fyrirspyrjandi geti samsinnt því með mér, að það sé varla eðlilegt, að ríkisstj. sé reiðubúin að gefa svör við því, hvaða ráðstafana hún hyggur að heilladrýgst sé að grípa til, fyrr en stj. er orðið ljóst með sönnunargögnum, sem hún tekur gild, um hvaða vanda er að ræða. Eins og ég sagði hér við umr. um svipað mál nýverið, þá er ég sjálfur gamall útgerðarmaður. Ég veit mjög vel, að þar skiptast á skin og skúrir. Það gengur stundum illa mánuðum saman, kannske árum saman. En fram á þennan dag hefur togaraútgerðin þó baslað hjálparlaust og oft orðið að bera þunga bagga.

Ég get samsinnt því, að það er eðlilegt, sem hv. flm. sagði, að Alþ. telji sig eiga rétt á að vita, hvaða leiðir stj. vilji fara í þessu máli eins og í öðrum málum, en ég veit líka, að hv. þm. fellst á það, að þess er vart að vænta, að stj. geti tilkynnt Alþ., hverjar leiðir hún telur heilladrýgstar, fyrr en hún hefur sjálf gert sér grein fyrir, hverjar þær eru. Og það er tæplega þess að vænta, að stj. geti gert sér grein fyrir því, fyrr en hún hefur fengið þær upplýsingar, sem hún hefur beðið um frá útgerðinni.

Ég býst við, að allir þeir, sem nú eiga sæti í ríkisstj., séu sammála um það, — og ég segi það að gefnu tilefni frá hv. fyrirspyrjanda, — að það komi ekki til mála að veita togaraútgerðinni sömu friðindi og bátaútvegurinn hefur orðið aðnjótandi, nema fyrir lægju allt önnur og meiri gögn en nú liggja fyrir, og við skulum ekki vera að ganga í grafgötur um það, að sams konar friðindi til handa togaraútgerðinni og bátar njóta nú eru gengisfelling. Ef 70—80% af útflutningsvöru landsmanna er komið inn á bátagjaldeyrinn, er miklu einfaldara að fella krónuna. Það er áreiðanlega óhætt að treysta því, að ríkisstj. mun óska eftir miklu nákvæmari gögnum en hún hefur átt aðstöðu til að afla sér á þessu stigi málsins, áður en horfið væri að slíkum ráðum. Því má alveg treysta. Auk þess segi ég fyrir mitt leyti sem sjútvmrh., að mér finnst að enda þótt sönnur væru færðar á það, að togaraútgerðin hefði um visst mánaðabil verið rekin með halla, þá getur sú staðreynd ekki skoðazt sem óyggjandi grundvöllur undir kröfu um gengisfellingu eða bátagjaldeyri þessum útvegi til handa.

Ég vil svo segja það eins og er, að ég hef ekki sömu tröllatrú og ýmsir á, að hægt sé að bjarga útgerðinni með því að lækka olíuverðið. Ég veit, að útgerðarmenn eiga sjálfir hlut í sumum af þessum olíufyrirtækjum og hafa aðstöðu til þess að rannsaka þar öll gögn, og þeir geta þá sjálfum sér um kennt, ef þeir láta okra á sér. Ég veit, að togaraútgerðarmönnum bauðst að eiga meira en helming í einu slíku fyrirtæki, ef þeir hefðu kært sig um það.

Ég efast ekkert um, að það megi færa saman einhverja kostnaðarliði útgerðarinnar. Það ætla ég útgerðarmönnum að hafa vit á að gera sjálfir og bera þá fram sínar óskir við ríkisstj., ef þeir telja sig ekki einfæra um það.

Ríkisstj. hefur rætt það í sinn hóp, hvaða leiðir hún ætti að fara til þess að fá framkvæmda þá rannsókn, sem hún telur að verði að fara fram í þessum efnum, a. m. k. ef ekki breytist fljótlega til batnaðar hagur togaraútgerðarinnar, og eins og ég sagði hér í Alþingi nýverið, þá finnst okkur gæti verið um tvennt að ræða í þeim efnum: annars vegar að fela rannsóknina þeim sömu mönnum sem rannsakað hafa hag bátaútgerðarinnar og frystihúsanna, það eru skrifstofustjórarnir í atvmrn., fjmrn., viðskmrn., fiskimálastjóri, dr. Oddur Guðjónsson og Benjamín Eiríksson bankastjóri, — eða, sem líka gæti komið til greina, að ríkisstj. legði til, að þingið kysi nefnd í þessum efnum. Það er til athugunar hvort tveggja, og verður hnigið að öðru hvoru ráðinu.

Ég endurtek svo að lokum, að skilyrði þess, að slík rannsókn geti leitt á ekki allt of löngum tíma til skynsamlegrar niðurstöðu, er, að fyrir liggi þær skýrslur, sem ríkisstj. hefur krafizt af útgerðinni og útgerðin lét mála á að láta ríkisstj. í té.

*Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):* Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör, sem hann gaf, þó að ég verði hins vegar að viðurkenna það, að ég og hv. alþm. hafa nú ekki grætt mjög mikið á þeim svörum. Þar komu ekki fram miklar upplýsingar um það, hverja stefnu hæstv. ríkisstj. ætlar að taka í þessu vandamáli, en þó vissar bendingar, sem ástæða er til að vekja athygli á.

Hæstv. forsrh. talaði um það, að enn vanti fyllri skýrslur um hag togaraútgerðarinnar, og það kann vel að vera. Annars heyrðist mér nú á honum hér fyrir viku, þegar talað var um skýrslugerð og rannsókn á hag undirstöðuatvinnuveganna, að það mál væri í sæmilegu lagi og engin sérstök ástæða til þess að gera frekari ráðstafanir í því efni. En ég held, að þó að einhverjar slíkar skýrslur vanti, þá liggi það alveg ljóst fyrir, að flotinn er að stöðvast, m. a. og ekki síst vegna manneklu, vegna þess að togaraútgerðirnar telja sig ekki geta — og geta vafalaust ekki greitt togarasjómönnum hærra kaup eða bætt kjör þeirra frá því, sem nú er, að öllu óbreyttu, en á því er að sjálfsögðu brýn og knýjandi nauðsyn. Sú staðreynd,

að vanir togarasjómenn ganga unnvörpum í land, verður til þess, eins og ég gat um áðan, að hagur útgerðarinnar versnar enn við það, að ekki fást nema óvanir menn á skipin, svo að þarna er útgerðin komin í algeran vítahring, sem hún virðist ekki komast úr, nema hagur hennar verði bættur á einhvern hátt.

Hæstv. forsrh. tók lítið undir það, að hægt væri að bæta hag útgerðarinnar með því að lækka ýmsan rekstrarkostnað og minnka þann gróða, sem ég tel — og margir aðrir — að hafi verið af útgerðinni tekinn á margan hátt. Hann talaði jafnvel fremur um hinn möguleikann, að fella gengið almennt, taldi hæpna leið og raunar ófæra að fara út í einhvers konar togaragjaldeyri, enda er það alveg rétt, en almenn gengisfelling held ég að komi ekki heldur til mála. Um það mun allur almenningur í landinu a. m. k. á einu máli.

Það, sem ég held að verði að ganga úr skugga um og það sem fyrst, hafi það ekki verið gert þegar, sem því miður mun ekki hafa verið, er þetta: Hvers vegna er það, sem togararnir bera sig ekki? Það er þó vitað, að þeir afla geysilega mikils verðmætis, a. m. k. þegar hægt er að gera þá út með fullum og góðum mannskap, og það er einnig vitað, að fjöldi aðila hefur grætt stórlega á því að verzla með og meðhöndla á allan hátt framleiðsluna og þau verðmæti, sem fyrir hana eru keypt. Það þarf að rannsaka, hvað oliufélögin hagnast. Hæstv. forsrh. sagði að vísu, að togaraeigendur ættu hlut í einu oliufélaginu og það væri því þeirra sjálfra að segja til um það, hvort þeir væru féflettir á þeim vettvangi. En hann upplýsti þó jafnframt, að þeir hefðu ekki meiri hluta í því félagi, svo að ég veit ekki, hvort þetta er algerlega í þeirra höndum. Það þarf einnig að athuga um vátryggingargjöld, sem eru mikil á hvern togara. Er ekkert hægt að lækka á þeim lið? Hvað hagnast lánsstofnanir, sem leggja til rekstrarfé togaranna, að vísu oft af skornum skammti? Hvað græða þau skipafélög, sem annast flutninga á fiskinum? Hafa þau ekki hagnað, sem er óeðlilegur, á sama tíma og togararnir stórtapa? Hvað græða þeir, sem selja útgerðinni salt og veiðarfæri o. s. frv. Og þá ekki sízt, hvað græða þeir, sem kaupa togarafiskinn og verka hann og selja á erlendum markaði? Ég vil aðeins minnast á það, þó að tími minn sé nú þrotinn, að togarafiskur er nú keyptur á 85 aura kg og karfi er keyptur á sama verði. Það var fyrir nokkrum mánuðum allmikil deila uppi um karfaverðið. Þá var karfinn hækkaður úr 65 aurum í 85 aura, og mér er tjáð, að nú sé verulega sótzt eftir karfanum, en þó vita það allir kunnugir, að úr karfa fást ekki nema 25% flök, en úr þorski 35% flök. Það virðist því, með samanburði við karfaverðið, mjög auðvelt að hækka þorskverðið a. m. k. um 10—15 aura.

*Haraldur Guðmundsson:* Herra forseti. Nokkur orðaskipti áttu sér stað milli mín og hæstv. forsrh. s. l. miðvikudag í sambandi við fsp., sem að efni til var nokkuð svipuð og sú, sem hér er til umræðu. Hæstv. ráðh. svaraði því til þá, að engin málaleitun eða skýrsla hefði komið til ríkisstj. frá togaraeigendum. (Gripið fram í.) Ja, engin skýrsla að minnsta kosti, svo mikið er víst, — engin greinargerð eða skýrsla. Ég hafði þá ekki við höndina þau gögn, sem ég byggði mín ummæli þar á, en kynnti mér þau síðan, en þá var umræðunni um þetta mál lokið.

Í Morgunblaðinu þann 23. marz var grein um togaraútgerðina, með stórri fyrirsögn, sem hljóðaði svo:

„Stöðvun togaraflotans vofir nú yfir vegna sívaxandi erfiðleika. Ofan á lækkað markaðsverð og aukinn framleiðslukostnað bætist mannekla á skipunum. Útgerðarmenn vænta nú aðgerða ríkisvaldsins."

Þetta er skrifað í Morgunblaðið, stuðningsblað hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. forsrh., þriðjudaginn áður en ég hreyfði minni fsp. hérna á þinginu seinast.

Enn fremur segir í þessari sömu grein, að togaraeigendur sjái nú fram á það, svo að ekki verður um villzt, að stöðvun togaraflotans er óhjákvæmileg, fáist ekki stórfelld breyting á kjörum þeim, sem togararnir eiga við að búa. Stjórn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda hefur rætt við ríkisstj. um þetta stórfellda vandamál og bent á leiðir til þess að koma í veg fyrir stöðvun togaraflotans. M. a. hefur hún bent á þá leið að veita togaraútgerðinni hliðstæð fríðindi þeim fríðindum, sem bátaútveginum hafa verið veitt, þ. e. a. s. með bátagjaldeyri.

Þetta stóð í stuðningsblaði hæstv. forsrh. daginn áður en ég hreyfði þessu máli hér á Alþingi fyrir viku, og þá lætur hann svo sem honum sé í raun og veru ókunnugt um þetta mál og það eina, sem sé að gera, sé að skipa nú nefnd til þess að rannsaka væntanlega skýrslu, því að hún var ekki komin, — væntanlega skýrslu togaraeigenda um málið. Og nú, viku síðar, svarar hann fyrirspyrjanda því, að hann sé nú með hugleiðingar um það, hvort það séu ekki góðir menn í þetta 3 skrifstofustjórar úr ráðuneytinu og framkvæmdastjóri Framkvæmdabankans ásamt fiskimálastjóra. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi nú stundum brugðið skjótar við og tekið sér vald til þess að skipa menn í nefnd, þegar minna hefur kallað að en nú, án þess að vera að bollaleggja um það við þingheim, hvort það ætti að vera þessi skrifstofustjórinn eða hinn eða fiskimálastjórinn eða framkvæmdastjóri Framkvæmdabankans. Ég held, að hann hafi nú einhvern tíma ráðizt í annað eins stórræði og að skipa 5 manna nefnd, án þess að bera það undir ríkisstjórnina.

Svo segir hér enn fremur í þessari sömu grein:

„Ræddu forsvarsmenn togaraútgerðarinnar hin sívaxandi fjárhagsvandræði togaranna að nýju og fóru síðan á fund ríkisstj. og ræddu þar við hana og fulltrúa hennar um þetta stórfellda vandamál."

Daginn eftir, s. l. miðvikudag, var svo broddgrein í sama blaði, Morgunblaðinu, um þetta mál, komin út áður en ég veik fsp. til hæstv. forsrh.

Þessi grein heitir: „Uggvænlegar afkomuhorfur togaraútgerðarinnar," og þar er beinlínis sagt:

„Það er því óhjákvæmilegt að snúast með einhverjum úrræðum við vanda togaraútgerðarinnar. Vandi hennar er ekki aðeins mál hennar einnar, heldur allrar þjóðarinnar í heild. Á því hefur verið tæpt af hálfu útgerðarmanna, að með því að veita togaraútgerðinni hliðstæð gjaldeyrisfríðindi eins og vélbátunum mundi nokkuð mega greiða úr vandræðum þeirra. En þetta er hæpin leið. Áður en sú leið er nú farin að veita togaraútgerðinni bátagjaldeyrisfríðindi, verður því að reyna aðrar leiðir."

Þetta er skrifað fyrir viku í Morgunblaðinu. Nú finnst hæstv. ráðh., finnst mér, hálfótilhlýðilegt að tala um möguleika á nokkrum öðrum leiðum.

Ég mun nú hlíta áminningu forseta um að ljúka máli mínu. Ég vildi aðeins bæta þessu við, af því að ég gat ekki komið þessu að í umræðunum s. l. miðvikudag.

*Einar Olgeirsson:* Hæstv. forsrh. kvartaði yfir því, að það vantaði skýrslur.

Ég vil leyfa mér að spyrja hann: Er það ekki nokkurn veginn næg skýrsla viðvíkjandi afkomu togaraútgerðarinnar, að togari bæjarútgerðarinnar, Pétur Halldórsson, er búinn að liggja vikum saman í höfn, án þess að Reykjavíkurbær hafi getað séð sér fært að hagnýta þannig eitt bezta skip flotans?

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort fótatak þeirra íslenzku sjómanna, sem þramma núna í land af beztu togurum veraldarinnar, tali ekki hærra og skýrar en nokkur skýrsla frá nokkrum togaraútgerðarmönnum getur gert. Ég held við þurfum ekki að leita eftir skýrslum í þessum efnum. Við þurfum bara að gera það upp við okkur, hvort við þorum að leysa vandamál togaraútgerðarinnar eins og þau liggja fyrir núna.

Viðvíkjandi olíunni minntist hæstv. forsrh. á það, að útgerðarmennirnir gætu sjálfir séð um það, að olíuverðið væri lægra, þeir væru í Olíufélaginu og gætu stjórnað þar. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh.: Hvað sagði hans eigin flokkur um þetta sama olíufélag fyrir kosningarnar, og hvernig getur hann búizt við því, að þetta olíufélag hafi batnað nokkurn skapaðan hlut síðan? Eru ekki enn þá fyrir hæstarétti málshöfðanir fyrir okur á hendur þessu sama olíufélagi, og hvernig dettur honum í hug að slengja því hér fram, að útgerðarmenn, sem við þetta okur búa, ættu sjálfir að geta lyft þessu af sér?

Við vitum ósköp vel, að gróði olíufélaganna á hverjum togara, oliuþörfum þeirra, er um 200 þús. kr., og það fer upp undir það að vera helmingurinn af meðaltapi togaranna á s. l. ári, býst ég við. Við vitum enn fremur, að það, sem togararnir greiða árlega í vexti til bankanna, er milli 3 og 4 hundruð þús. kr., og við vitum á sama tíma báðir, að gróði t. d. Landsbankans eins er milli 30 og 40 millj. kr. á ári. Þorum við að skera þennan gróða niður til þess að láta Landsbankann og aðra banka landsins og meira að segja önnur olíufélög og annað slíkt lifa áfram? Við vitum það ósköp vel, að þetta drepst allt saman, svo framarlega sem togaraútgerðin er látin stöðvast.

Það er ekki til neins að halda áfram á þennan hátt, að hlaða þessum þunga gróðans á togaraútgerðina, láta þessa aðila í landi, hvort það eru bankar, oliuhringar, söluhringar, vátryggingarfélög eða aðrir slíkir, taka af bönkunum á ári upp undir hálfa milljón í gróða, en skilja togarana sjálfa eftir með tapi. Þetta getur ekki haldið svona áfram.

Við gerum kröfu til þess, að það verði rætt hér í þinginu og rætt alvarlega um þessi vandamál togaraútgerðarinnar, öðruvísi en í fyrirspurnatímum með 5 mínútna ræðufresti. Og Sósfl. mun fyrir sitt leyti gera ráðstafanir til þess, að það sé hægt, að slíkar umræður fari fram, og ég vona, að hæstv. ríkisstj. bregðist þá þannig við, að hún láti í té sínar hugleiðingar í þessum efnum. Það er bókstaflega óviðkunnanlegt fyrir þingið að eiga að ræða svona mál í 5 mín. ræðutímum eins og hérna er gert. Og hæstv. forsrh., sem sjálfur hefur lagt fram sinn mikla skerf til þess, að Ísland gæti eignazt þann stóra og mikla togaraflota, sem við eigum, mun skoða það skyldu sína að leysa nú þegar í samvinnu við Alþingi þau vandamál, sem togaraútgerðin býr við. Það eru vandamál alls landsins. Reykjavík lifir ekki, ef togaraútgerðin verður drepin undir henni núna.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði nú síðast, þá viðurkenni ég það hiklaust, að það eru fleiri en togaraútgerðarmennirnir, sem eiga sitt undir því, að togaraútgerðin stöðvist ekki. Og það er alveg rétt hjá honum, að höfuðstaðnum mun ekki farnast vel, ef útgerðinni farnast illa. Ég veit einnig, að hann og raunar fleiri fella mig ekki undir sök um það, að ég muni ekki hafa löngun til að létta undir með togaraútgerðinni, eftir því sem ég kynni að hafa vit á og getu til, og væri raunar fæstum skyldara en mér að bera hennar hag fyrir brjósti. Ég segi hins vegar, að mér finnst, að sem ráðherra eigi ég kröfu á því, að útgerðarmenn sjálfir leggi fyrir mig gögn, ekki bara fullyrðingar, heldur gögn fyrir sínum vandkvæðum. Ég veit að sönnu það mikið um útgerð, að ég þarf náttúrlega ekki að líta á marga reikninga til að vita, að útgerðin hefur gengið illa nú undanfarið. En sem ráðherra verð ég að krefjast þess, — og ekki sízt ég, af því að ég hef eiginlega alla mína ævi átt mitt undir því, að togaraútgerðin gengi sæmilega, — að óyggjandi gögn verði lögð á borðið. Ég get ekki látið fella mig undir sök um það, að ég geri till. um örlagaríkar ákvarðanir, fyrr en útgerðarmenn hafa lagt fyrir mig tvennt, skýrslur, sem þeir telja óyggjandi, um sína afkomu, og í öðru lagi, að ég hef fengið aðstöðu til að láta þá fjalla um þessar skýrslur, sem bæði ég og aðrir telja óvilhalla dómara.

Ég endurtek svo það, að ég tel, að útgerðarmönnum sé það engin ofraun að sjá um það

sjálfir, að þeir séu ekki féflettir, a. m. k. ekki af olíusölum. Þeir geta alveg eins myndað einir sín olíufélög, ef þeir telja sig féfletta af þeim félögum, sem þeir sjálfir eiga verulegan hluta í og fengu aðstöðu til að eiga meiri hluta í, ef þeir bara hefðu viljað. Ég þyrði eða gæti hins vegar ekki, vegna þess að ég er útgerðarmaður sjálfur, borið hér fram á Alþ. till. um það, sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi, að togaraútgerðin greiddi lægri vexti, eða hvað halda nú þingmenn að þeir mundu segja, ef þeir sæju framan í slíka till. frá Ólafi Thors um það, að togaraútgerðin hefði aðra og lægri vexti í bönkunum heldur en aðrir útgerðarmenn eða annar atvinnurekstur landsmanna? Mundi ég þá ekki fá að heyra einhvern són um það, að þetta væri gamall Kveldúlfs-karl, sem hér væri loksins farinn að sýna sitt innræti, þótt klókur sé!

Ég ann togurunum alls hins bezta. Ég veit, að þeir eru í þröng í bili. Ég hef oft séð, eins og ég segi, rætast vonum fyrr úr fyrir þeim. Ég tel þó, að afkoma þeirra þurfi að sæta rannsókn og eðlilegri meðferð, og það þarf enginn að halda, að ég hafi löngun til að taka léttilega eða gálauslega á þessum málum; þau eru of alvarleg til þess. En ég á kröfu á skýrslum, eins og ég hef sagt, og það er ekki hægt fyrir togaraútgerðarmenn að byggja sínar óskir um úrbætur á meira og minna órökstuddum fullyrðingum án sönnunargagna.

Út af því, sem hv. 8. þm. Reykv., fyrirspyrjandi, sagði, þá hef ég sumpart í svari mínu til hv. 2. þm. Reykv. vikið að því, sem mér þótti ástæða til að gera athugasemdir við í hans ummælum.

Ég vil þó aðeins leiðrétta þann misskilning, ef ég kynni að hafa gefið tilefni til hans, að mér finnist fremur geta komið til mála að fella gengi heldur en að athugaðir séu gaumgæfilega möguleikar til að lækka eitthvað af kostnaðinum við útgerðina. Ég tel einmitt, að gengisfelling sé það síðasta, það allra síðasta, sem til mála má koma í þessum efnum. Og ég mun fyrir mitt leyti vera reiðubúinn til samstarfs við útgerðarmenn, að svo miklu leyti sem geta mín nær, til þess bæði að ræða og gera ráðstafanir, innan eðlilegs ramma, sem gætu orðið þeim til hagsbóta á öðrum sviðum en með gengisfellingu. Ég vil leggja áherzlu á, að það liggi skýrt fyrir. En ég vil einmitt benda hv. fyrirspyrjanda á í tilefni af hans eigin orðum, að þetta mál liggur nú ekki alveg eins auðveldlega og ljóst fyrir og hann annað veifið virðist gera ráð fyrir. Hann segir: Það þarf að athuga olíuverðið, það þarf að athuga vátryggingargjöldin, það þarf að athuga, hvort skipafélögin, sem flytja fiskinn, græði ekki, það þarf að athuga, hvort þeir, sem kaupa fiskinn af togurunum, græða ekki o. s. frv. — Margt annað, sem hann alveg réttilega talaði um, þarf líka að athuga. En ég ætla þeim útgerðarmönnum, sem koma og kæra sín mál fyrir stjórninni, að leggja þessi gögn fyrir stjórnina. Ég ætla okkur að mega spyrja útgerðarmenn: Hvað hafið þið gert til að tryggja ykkur það hæsta verð hjá frystihúsum eða saltendum fyrir ykkar fisk? Hvað hafið þið gert til að tryggja ykkur lægstu vátryggingargjöld? Hvað hafið þið gert til að tryggja ykkur lægsta verð á olíum o. s. frv. — Það er ekki eins og þetta séu vöggubörn eða reifabörn, þessir útgerðarmenn. Þetta eru gamlir og reyndir menn í þjónustu sinni og eiga að kunna sín boðorð sjálfir, og þeir eiga að geta gefið þær upplýsingar.

Mér er sagt, að útgerðarmenn séu ekki sammála um leiðir til úrbóta. Þeir hafa almennt borið fram, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, óskir um, að bátagjaldeyrir fáist, eða sams konar fríðindi, togurunum til handa. Mér er sagt, að hv. 11. landsk. (LJós) standi að þeirri ósk mjög fast með útgerðarmönnum í þeirra hóp, en í flokk sínum tali hann á móti því. Þetta þarf allt, eins og ég segi, sinnar athugunar við. En málið er líka svo stórt, að það á ekki að standa á neinum að leggja í það vinnu og manna sízt mér.

Ég viðurkenni, að mannekla háir togurunum mikið. Á sumum hefur þó verið bætt úr þessu með því að fá Færeyinga á togarana. Sjómannafélag Reykjavíkur hefur beitt sér gegn því, þó að sjómannafélögin úti um land hafi samþykkt það, og togararnir hafa notið góðs af því. En það er engum vafa undirorpið, að það varðar mjög miklu, svo að ég segi ekki meira, um afkomu togaranna, að valinn maður sé í hverju rúmi.

Ég skal svo stytta mál mitt. Ég get þó ekki annað en svona upp á gamlan kunningsskap skopazt svolítið að mínum ágæta vini, hv. 4. þm. Reykv., sem hafði nú krækt sér í tvo nýja guði, sem voru alveg óyggjandi. Það var nú ekki hin heilaga þrenning, en það var hin heilaga tvenning; það var nefnilega Mogginn annars vegar og útgerðarmenn hins vegar. Hann sagði: „Útgerðarmenn hafa lýst yfir“ — og svo las hann úr yfirlýsingu útgerðarmanna. Hvað þurfti þá framar vitnanna við? Sá fyrsti, sem skrifar undir þessa yfirlýsingu, er nú úr Kveldúlfi og heitir Kjartan Thors. Það eru nú fleiri að vísu undir henni, en fram að þessu hefur nú ekki Alþfl. að minnsta kosti litið á það sem alveg hreina biblíu, þó að fengist einn og einn útgerðarmaður til þess að segja, að hagur útgerðarinnar væri bágur. — Ég endurtek, að ég hef alltaf trúað útgerðarmönnum ákaflega vel, en ég hef ekki verið eins viss um, að hv. 4. þm. Reykv. gerði það. En úr því að hann er nú búinn að fá þennan átrúnað, þá vil ég vara hann við að hafa aðra guði. Það er nú vist eitt af boðorðunum: „Þú skalt ekki aðra guði hafa.“ Hann trúir þá því, sem útgerðarmenn segja honum, héðan af. — Og einkum ætlast ég til, að hann fylgi þessu boðorði dyggilega hvað Morgunblaðið áhrærir. Menn sáu hann burðast með drápsklyfjar af Morgunblaði upp í ræðustólinn. Ég vissi ekki, hvor ætlaði að hafa það, Mogginn eða þingmaðurinn, þegar upp í ræðustólinn kom, en ég fann, að hann lagði mikið upp úr því, sem þar stóð, og mikið á sig til að geta þulið það yfir okkur hinum, ef okkur skyldi skorta eitthvað á trúna. En það hefur nú aldrei verið

hætt við því um mig, að ég tryði ekki Morgunblaðinu.

Ég segi svo það að lokum, að einmitt vegna þess, hve þetta mál er stórt, þá má engan undra, þó að menn vilji fá skýrar skýrslur, þannig að ýtarlegar rannsóknir geti farið fram.

*Einar Olgeirsson:* Herra forseti. Ég held, að það sé nú vissara fyrir okkur að búast ekki við miklu frumkvæði frá togaraútgerðarmönnum um að bjarga togaraútgerðinni og landinu í sambandi við þessi mál. Þeir hafa aldrei bjargað í þessum málum. Það mesta, sem hefur verið gert í því að reyna að tryggja rekstur togaraútgerðarinnar og búa landið almennilega út hvað þau tæki snertir, var vegna frumkvæðis frá ríkisstj. á sínum tíma, nýsköpunarstjórninni gömlu, en ekki frá togaraútgerðarmönnum sjálfum. Og hvað snertir hugsanlegt frumkvæði þeirra í sambandi við olíumálið, þá er ég nú hræddur um, að við verðum að gera okkur ljóst, að það væri nú náttúrlega ekki sérstaklega efnilegt út af fyrir sig, að togaraútgerðarmennirnir, skulum við segja, stofnuðu eitt olíufélagið til. Við fengjum fjórða settið af olíutönkunum hérna á Íslandi og kannske þriðja settið af olíuflutningaskipum, ef ríkisstj. ætlar að halda áfram uppteknum hætti. Ég held, að þetta verði nú ekki bezta fyrirkomulagið á okkar þjóðarbúskap, að haga okkur þannig. Ég held, að það væri nær, að ríkisstj. tæki einkasölu á olíunni og seldi útgerðarmönnum með kostnaðarverði.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. virtist bera fyrir brjósti, að það yrði nú sagt eitthvað ljótt um hann og hann vændur um ýmiss konar slæman tilgang, ef hann færi nú að bera hér fram till. um stórlækkaða vexti, sem sérstaklega kæmu togaraútgerðinni til góða, vil ég minna hæstv. ráðh. á, að það hafa áður verið bornar fram till. hér á Alþ. um stórlækkaða vexti, sem alveg sérstaklega kæmu togaraútgerðinni til góða, till. um 2% vexti á öllum stofnlánum til útgerðarinnar og það til 20 ára, till., sem m. a. gerðu ekki aðeins einstökum togaraútgerðarmönnum, heldur líka mörgum bæjarútgerðarfélögum kleift að afla sér þeirra togara, sem útvegur landsins og afkoma fyrst og fremst byggist á. Ég held, að flytja ætti till. um að ákveða vextina af afurðalánum til þess fisks, sem togararnir afla, það væri hægt að taka bátana með, ef maður vill, — að ákveða þá 1%, 1% vexti af öllum afurðalánum, og láta seðlabankann nota sitt fé til þess að lána á þennan hátt. Seðlabankinn hefur vaxtalausa alla seðlaveltuna frá ríkissjóði, og það er fyrirkomulag, sem tíðkast m. a. á Norðurlöndum, að afurðalán séu ekki meiri en þetta. Ég skal fullvissa hæstv. forsrh. um, ef hann væri hræddur við að bera fram slíka till., sem er nú ekki annars hans vani að vera hræddur, þá skyldi ég með mestu ánægju flytja þá till. með honum. Og þó að það yrði einhver andstaða hérna í þinginu, þá höfum við, ef við höfum þá flokka, sem við erum formenn fyrir, á bak við okkur, meiri hluta hér í þinginu til að setja þetta í gegn. Og 1% vextir á afurðalánunum í staðinn fyrir 5% og seinna meir 7%, eins og núna eru, þýðir 200—300 þús. kr. fyrir hverja togaraútgerð hér á Íslandi í sparnað.

Það er svo sem ekkert spursmál um það, að við getum leyst þessi mál og leyst þau fljótt, en hitt vil ég mega vona, að ekki komi til, að í apríl geri Alþ. ekkert í togaramálunum, í maílok verði síðan togararnir bundnir og í haust í október, þegar Alþ. kemur aftur saman, þá liggi kannske fyrir einhverjar till. um að fara að ræða þetta. Það vil ég vona, að komi ekki til, og eins og ég hef sagt, þá vonast ég til þess, að það verði tækifæri til þess að ræða þessi þýðingarmestu atvinnumál þjóðfélagsins öðruvísi en í fyrirspurnatíma hér á Alþ. á næstunni.

*Haraldur Guðmundsson:* Ekki er það nú rétt hjá hæstv. atvmrh., að ég hafi tekið trú á nýja guði, Morgunblaðið og samtök útgerðarmanna. Hitt virðist mér aftur á móti, ef maður heldur sér að biblíusögunum, að framferði hans nú minni átakanlega á einn mætan mann, Pétur, sem þýðir bjarg eða hella, sem afneitaði meistara sínum; en skömmu síðar gekk hann út og grét beisklega. Og ég gæti trúað því, að líkt færi nú fyrir þessum heiðursmanni, þegar hann afneitar sínum gömlu og nýjum guðum á þennan hátt. Hann minnti á það, að hann væri gamall Kveldúlfskarl, hann sæi nú ekkert eftir útgerðarmönnum að sanna mál sitt o. s. frv., o. s. frv., og skal ég ekkert úr því telja. En það, sem ég átti við, svo maður hverfi að alvörunni, með því að lesa hér upp úr þessum þykka doðrant, Morgunblaðinu, sem ég var með, er það, að það er alveg greinilegt, að samtök togaraeigenda í landinu, studd af aðalmálgagni hæstv. ráðh., hóta fullkominni stöðvun á grundvallaratvinnurekstri þjóðarinnar. Það, sem ég las upp úr blaðinu, þýðir ekkert annað en það, að verði ekki annaðhvort lækkaður gjaldeyririnn beint eða óbeint eða aðrar leiðir fundnar, eins og það er orðað, þá verður togaraútgerðin stöðvuð. Þetta segja útgerðarmenn sjálfir í sínu erindi, og þetta áréttar blað ráðh. í þeim leiðara, sem ég las upp hér áðan, og við slíkri hótun getur enginn skellt skolleyrunum, sem gerir sér grein fyrir því, hversu mikið er hér í húfi, því að á þessum undirstöðuatvinnuvegi byggist mikill hluti af öðrum atvinnuvegum þjóðarinnar. Þar við bætist svo það, að hæstv. ríkisstj. liggur undir rökstuddum grun um að ætla sér, þegar þingi er lokið, að reyna að afstýra stöðvun t. d. með gjaldeyrisfríðindum á einn veg eða annan til útgerðarmanna. Ég segi, að hún liggi undir rökstuddum grun í þessu efni, vegna þess sem hún hefur áður gert í hliðstæðu máli fyrir útgerðina, eða að öðrum kosti, eins og síðasti ræðumaður hér sagði, að láta málið liggja, hnútinn harðna, öngþveitið magnast, þangað til þing kemur saman í haust.

Því er það, sem ég hefði vænzt ákveðinna yfirlýsinga af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu efni nú og aðgerða áður en þingi lýkur.

*Forsrh. (Ólafur Thors):* Ég vil út af þessu, herra forseti, aðeins segja það, að meginatriði þessa máls er, að ríkisstj. segir: Við verðum að fá óyggjandi skýrslur frá útgerðinni sem grundvöll undir þær aðgerðir, sem útgerðin telur þurfa að gera, áður en við hverfum að nokkrum ráðum í þessum efnum. — Ef hv. 4. þm. Reykv. eða aðrir hv. alþm. telja sig bæra um að bera fram ráð til úrbóta án frekari upplýsinga, geta þeir gert það. Og þeir eru alveg eins bærir um það eins og við. Menn fá engar vitranir, þó að þeir setjist í ráðherrastól; það hlýtur þessi hv. þm. að vita, því að hann hefur sjálfur í mörg ár setið í ráðherrastól. Þessir hv. þm. eru alveg eins bærir um og við í ríkisstj. að gera sér grein fyrir, að hagur útgerðarinnar stendur illa í bili. Þeir eiga sama aðgang að útgerðarmönnum og ríkisstj. á, og ef þeir telja þetta svona auðleyst allt saman, hví í ósköpunum bera þeir þá ekki fram till. á þinginu um, hvað gera skuli, og binda hendur okkar? Og því fremur, ef þeir telja, að við sitjum á svikráðum í þessum málum, ætlum annaðhvort ekkert að sinna málinu og höfum engan áhuga fyrir neinu í því eða að svíkjast aftan að þinginu, þegar það er farið heim.

## 22. Bátasmíð innanlands o. fl.

Á 43. fundi í Sþ., 31. marz, var útbýtt:
*Fsp. til ríkisstj. um innlendar bátasmíðar og innflutning fiskibáta* [190. mál] (A. 609).

Á 44. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

*Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson):* Herra forseti. Svo sem kunnugt er, hefur nýsmíði fiskibáta hér innanlands verið næsta lítil nú um nokkurt árabil. Fiskibátaflotinn hefur farið rýrnandi af þeim sökum ár frá ári, allt frá 1947. Af þessu leiðir, að skipasmíðastöðvar í landinu hafa dregizt nokkuð aftur úr tæknilega og skipasmíðir hverfa unnvörpum frá iðn sinni.

Nú er svo komið, að yfir fiskibátaflotanum vofir sú hætta, að skipasmíðastöðvarnar verði þess ómegnugar að annast nauðsynlegustu viðgerðir vegna skorts á skipasmíðum á vissum tímabilum ársins, einkum á meðan vertíð stendur yfir fyrir Suðurlandi.

Skipasmíðir þeir, sem að undanförnu hafa unnið að undirbúningi flotans til veiða fyrir vertíð, standa uppi nær verkefnalausir, þegar þeim undirbúningi er lokið. Viðgerðir á daglegum skakkaföllum bátanna eru þá þeirra eina atvinna, en sökum þess, hve það er óvíst verkefni, horfir nú svo, að á vertíð verði skipasmíðastöðvarnar svo mannlausar, að tiltölulega lítið brot eða skemmd á bát fáist ekki við gert í tæka tíð, svo sem hina brýnustu nauðsyn ber þó til.

Í álitsgerð, sem skipasmiðir í Eyjum hafa gert um vandamál útvegsins og þá um leið sín eigin vandamál, segir m. a., með leyfi forseta:

„Vegna þess, hversu langt er um liðið frá síðustu nýbyggingaframkvæmdum, hafa skipasmíðastöðvarnar tapað miklu af þeim vönu mönnum, lærðum og ólærðum, sem þær höfðu yfir að ráða, og ungir menn hafa nú um skeið ekki ráðizt til náms í þessari iðngrein. Á árunum 1941—47 munu að staðaldri hafa unnið að skipasmíði hér nær 50 manns, en frá 1946 hefur enginn nemandi ráðizt hér til náms í skipasmíði. Sumir þeirra ungu manna, sem á þessum árum námu skipasmíði hér, hafa flutzt burt eða snúið sér að öðrum verkefnum, svo að hér á staðnum eru nú einungis 18 menn með réttindi skipasmiða og þó einungis 15 þeirra, sem vinna við skipaviðgerðir, þegar þeirra þykir þörf.

Þegar þess er gætt, að héðan ganga 70—80 bátar til veiða, liggur í augum uppi, að í undirbúningi vertíða er þetta engan veginn nóg vinnuafl til þess að annast viðgerðir og endurbætur þær, sem svo stór floti útheimtir. Þegar svo þar við bætist, að flestir draga í lengstu lög að hefja framkvæmdir, er óhjákvæmilegt að fjölga mönnum til muna við smíðarnar, ef verða mætti til að öllum nauðsynlegustu lagfæringum yrði lokið í tæka tíð. Sumir þeirra hlaupamanna eru einatt lítt eða ekki vanir smíðum.

Af þeim 18 mönnum hér, er réttindi hafa í skipasmíði, eru 9 komnir yfir fimmtugt og þar af 5 yfir sextugt. Hinir eru 29—45 ára gamlir.

Haldi nú fram sem horfir, má fullyrða, að ýmsir þeirra manna og þá sérstaklega hinir yngri, er réttindi hafa og kunnáttu í skipasmíði, leiti fyrir sér um aðra atvinnu og stöðugri, ef fáanleg væri, en óhugsanlegt er, að ungir menn ráðist til náms.

Af framansögðu er fullljóst, að nú brennur þessi kveikur frá báðum endum. Liggur því í augum uppi, í hvert óefni stefnir fyrir skipasmíðastöðvunum og þar með bátaútvegi staðarins í heild, en um þörf útvegsins fyrir skipasmíði verður ekki deilt.

Fyrir utan öll önnur veigamikil rök, sem fram hafa verið færð og öll sanna nauðsyn þess, að Íslendingar byggi sín fiskiskip sjálfir, væru þau fáu atriði, sem bent hefur verið á hér að framan, fullnóg ástæða til, að hið opinbera gerði nú þegar raunhæfar úrbætur í þessum efnum, svo að tryggt verði, að nýsmíði fiskiskipa innanlands geti hafizt svo fljótt sem verða má."

Undir þessa álitsgerð skrifa nær allir skipasmiðir í Eyjum.

Þessi álitsgerð er í fullu samræmi við þær niðurstöður, sem Iðnaðarmálastofnunin hefur

komizt að í sinni merku álitsgerð um athugun á samkeppnishæfni og starfsskilyrðum íslenzks tréskipaiðnaðar, sem birt hefur verið sem opinber skýrsla nú fyrir skömmu, en þar segir í annarri aðalniðurstöðunni:

„Íslenzkum skipasmíðastöðvum er nauðsynlegt að stunda jöfnum höndum viðgerðarvinnu og nýbyggingar til þess að hafa næg verkefni allt árið."

Það virðist líka vera, að innan ríkisstj. sé nokkur skilningur á þessum hlutum, a. m. k. verður það ráðið af samtali, sem Morgunblaðið átti við hæstv. viðskmrh. og birt er þann 13. okt. s. l., en þar segir ráðh. m. a., með leyfi forseta:

„Ríkisstj. telur sjálfsagt, að unnið verði að því, að innlendar skipasmíðastöðvar annist framvegis byggingar fiskibáta fyrir íslenzka útgerð. Er eðlilegt, að iðnaðarmenn og þá ekki sízt Iðnaðarmálastofnunin verði ríkisstj. til leiðbeiningar um það, á hvern hátt skipasmíðastöðvarnar geti unnið þessi verk, án þess að útgerðin sæti mun verri kjörum." Þar mun vera átt við: mun verri kjörum en með því að kaupa fiskiskip erlendis frá.

Með tilvitnun til þessa þykir mér nokkuð hafa dregizt, að ríkisstj. legði fram sínar raunverulegu till. til úrbóta í þessu máli. Þess má geta, að frv. það, sem hér liggur fyrir í þinginu til afgreiðslu um breytingar á tollskrá, miðar nokkuð í þessa átt, en er hins vegar ófullnægjandi til þess að hrinda af stað skipasmíðunum. Fyrir því hef ég freistað þess að fá nokkra grg. frá hæstv. ríkisstj. um þessa hluti með því að bera fram þá fsp., sem hér liggur nú fyrir til umr. og er í tveim liðum, þannig, með leyfi forseta:

„Hefur ríkisstj. undirbúið eða hafizt handa um nokkrar þær ráðstafanir, sem verða mættu til þess, að eðlileg nýsmíði fiskibáta geti farið fram hér innanlands? Ef svo er, hverjar eru þá fyrirætlanir ríkisstj.?"

Og í öðru lagi: „Hefur ríkisstj. í hyggju að leyfa innflutning fiskibáta á yfirstandandi ári?"

*Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):* Herra forseti. Fsp. þær á þskj. 609 frá hv. landsk. þm. (KGuðj), sem hér eru til umr., eru ef til vill eðlilegar í sambandi við það, sem fram hefur farið áður um bátasmíði og innflutning báta.

Eins og kunnugt er, hafa bátasmíðar legið niðri undanfarin 3—4 ár hérlendis, engir bátar smíðaðir á árunum 1950—52, en á seinni hluta s. l. árs var nokkuð hafizt handa í þessu efni, og eru nú í smíðum 9 fiskibátar í 8 skipasmíðastöðvum. Má þess vegna segja, að þetta sé nokkur framför frá því, sem var, á meðan ekkert var byggt, og hygg ég, að flestir geri sér ljóst, að þessu verður ekki kippt í lag öllu í einu, m. a. vegna þess, að það er rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að skipasmíðastöðvarnar hafa vegna verkefnaleysis misst marga af sínum föstu starfsmönnum og fagmönnum og eru sumar hverjar í dag, þótt þær hefðu öll önnur skilyrði, ekki starfshæfar, vegna þess að þær hafa ekki menn. Þess vegna þarf engan að undra það, þótt ekki sé enn kominn sérstakur fjörkippur í bátasmíðar innanlands, það hlýtur að eiga nokkurn aðdraganda.

Hv. ræðumaður vitnaði í ummæli mín 13. okt., sem birtust í Morgunblaðinu, þar sem ég hélt því fram, að ríkisstj. mundi vinna að því, að bátar verði hér eftir byggðir innanlands. En ég segi það sama nú. Ríkisstj. hefur unnið að því frá því í haust að koma þessum málum á það stig, að þetta geti orðið, og hún mun halda áfram að gera það, þannig að stefnir að því, að innan tiltölulega lítils tíma verði unnt að byggja bátana innanlands, en hætt kaupum erlendis frá.

S. l. haust var gefið leyfi fyrir 21 fiskibát til landsins, og ég man ekki, hvort hv. fyrirspyrjandi fjandskapaðist út í þetta, en ég man, að hans flokkur og Þjóðviljinn gerðu það. En innflutningur þessara báta var alveg nauðsynlegur vegna þess, að bátafloti landsmanna hafði rýrnað úr hófi fram og við stóðum frammi fyrir þeirri staðreynd, að ef ekki væri strax bætt úr þessu með því að leyfa innflutning á bátum, þá hlyti framleiðslan að dragast saman, því að bátasmíði innanlands hlaut að hafa nokkurn aðdraganda, og mér hafa sagt bátasmiðir, að það taki a. m. k. eitt ár að smíða hvern bát. Jafnvel þótt unnið hefði verið að því strax á s. l. hausti að smíða 20 eða 30 báta innanlands, þá hefði enginn af þeim bátum verið til nota á yfirstandandi vertíð. Nú vil ég upplýsa hv. fyrirspyrjanda um það, að 10 af þessum bátum hafa farið til Vestmannaeyja, og það eru líkur til, að þessir bátar afli á yfirstandandi vertíð ekki aðeins fyrir þeirri upphæð, sem látin var í erlendum gjaldeyri fyrir bátana, heldur kannske tvöfalt þeirri upphæð. Hefði nú verið nokkur búmennska í því að neita Vestmanneyingum og öðrum á s. l. hausti um þessa báta og láta þá vera í landi og halda að sér höndum og hætta að afla þjóðinni gjaldeyris? Ég held ekki. Og ég er alveg sannfærður um það, að Vestmanneyingar eru ekki þakklátir kommúnistum og öðrum þröngsýnum mönnum, sem skömmuðust út í stjórnarvöldin á s. l. hausti fyrir leyfisveitingar á þessum bátum. Hitt er svo allt annað mál, að það ber að stuðla að því, að bátarnir verði byggðir innanlands, og sú skýrsla, sem hv. þm. las hér upp úr áðan frá Iðnaðarmálastofnun Íslands, er til orðin vegna þess, að ég lagði fyrir, að Iðnaðarmálastofnunin gerði þessa athugun. Þessi skýrsla hefur töluverðan fróðleik að geyma og talsverðar upplýsingar að færa, og má töluvert af þessari skýrslu læra. Ríkisstj. mun byggja á þessari skýrslu sínar athuganir og það, sem hún nú hugsar sér að gera, til þess að bátasmíðar geti orðið innanlands meira en verið hefur.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til að þreyta hv. þm. á því að fara að lesa hér upp skýrslur og sízt vegna þess, að það er hægt að ganga að þeirri skýrslu, sem nú liggur fyrir frá Iðnaðarmálastofnuninni. En sé miðað við vissa stærð báta, sem byggðir eru innanlands, en það eru bátar 60—70 tonn og kannske allt upp í 100 tonn, þá má reikna með, að 29% af báta-

flotanum séu innanlandsbyggðir bátar. Mest var byggt á árunum 1945 og 1946. En eins og ég sagði áðan, þá var ekkert byggt á árunum 1950—52. Byggingarkostnaður innanlands er nokkuð hár, eins og kunnugt er, eða allt upp í 20 þús. kr. á tonn. Sé reiknað með, að dregnir séu frá tollar, söluskattur og bátagjaldeyrir, þá kostar samt báturinn með vél og öllu saman um 20 þús. kr. á tonn, ef hann er byggður innanlands.

Ég veit um einn mann, sem er að láta byggja innanlands, og hann gengur ekki að því gruflandi, að báturinn verður dýrari fyrir það. En hann segir: Ég vil heldur þennan bát, vegna þess að ég fylgist með byggingunni og þessi bátur verður vandaðri og betri en innfluttur bátur. — Hann vill það heldur, þótt hann verði nokkru dýrari en útlendur bátur. Eigi að síður verður að keppa að því, að innlendir bátar verði að verði til ekki miklu hærri en útlendir bátar. En hvernig á að fara að því? Einn liðurinn eru tollarnir, bátagjaldeyririnn og söluskatturinn. Mér finnst sjálfsagt, að það verði endurgreitt af bátum, sem eru smíðaðir innanlands. En samkvæmt skýrslu Iðnaðarmálastofnunarinnar er það ekki nóg. Samkvæmt þeirri skýrslu munar samt á heimabyggðum bát og innfluttum bát 2300 kr. á tonn eða á 50 tonna bát 135 þús. kr. Og það er nokkuð mikill munur. Það hafa komið fram till. um það, að þennan verðmun ætti að greiða beint úr ríkissjóði. Það eru vitanlega ýmis tormerki á því að gera það, þótt ýmsum muni ekki blöskra sú upphæð, sem árlega færi í það. Ef gert væri ráð fyrir, að byggðir væru innanlands árlega 20 bátar og að það þyrfti að gefa með hverjum bát auk tolla og söluskatts og bátagjaldeyris 135 þús. kr., þá eru það 2.7 millj. kr. Ég veit, að ýmsir mundu segja: Þetta er ekki sú upphæð, að menn þurfi að láta sig sundla yfir því. — En spurningin er, hvort þetta er hin rétta braut, sem ber að stefna að. Það eru þessar meðgjafir, sem oftast nær lenda í vandræðum og hlaða utan á sig, og nauðsynlegt er, ef hægt væri að finna einhverja aðra leið en þessa.

Til þess að auðvelda bátasmíðar innanlands þyrftu bátasmíðastöðvarnar að hafa meira verksvið en þær hafa nú. Og ríkisstj. er með það í athugun, hvernig á að leysa þá þörf. Hv. fyrirspyrjandi undrast yfir þeim seinagangi, sem hefur verið hjá ríkisstj., að hún skuli ekki hafa nú á borðinu öll ráð til þess, að þetta mál sé leyst. En ef þetta væri svona auðvelt eins og hv. fyrirspyrjandi hyggur, þá væri það alveg óafsakanlegt að hafa nokkurn tíma látið skipasmíðastöðvarnar hætta. Þær hættu skipasmíðum vegna hinna margháttuðu erfiðleika, sem þær gátu ekki yfirstigið. Og ef nú er verið að vinna að því að brúa þetta bil og yfirvinna þessa erfiðleika, þá held ég, að það sé ósanngjarnt af fyrirspyrjanda og öðrum að lýsa óánægju sinni yfir, að eftir tiltölulega fáa mánuði skuli ekki hnúturinn vera algerlega leystur. Þeir, sem kaupa fiskibáta, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir, hafa fengið lán úr fiskveiðasjóði. Þeir hafa fengið 50% af kostnaðarverði bátsins með 4% vöxtum til 20 ára. Þeir hafa fengið 25% vaxta- og afborgunarlaust í 5 ár, síðan hafa þeir greitt afborganir í 5 ár, en enga vexti, en svo vexti og afborganir í næstu 5 ár, eins og af 1. veðréttar láni. Þetta eru góð kjör, sem fiskveiðasjóður hefur gefið, en það, sem fiskveiðasjóð vantar, er aukið fé, til þess að hann geti innt þessar greiðslur af hendi. Og ef menn eru sammála um það að létta eitthvað undir með nýsmíði báta, þá fyndist mér það engin fjarstæða, að lánskjörin úr fiskveiðasjóði til innlendra báta væru betri en til þeirra báta, sem væru keyptir erlendis frá. Á þann hátt væri hægt að brúa bilið a. m. k. að nokkru, eða þessar 2300 kr. á tonn, sem ég nefndi áðan. Þetta er sem sagt til athugunar, og fyndist mér það vera eðlilegt, að bátar, sem væru byggðir innanlands, fengju þannig betri lánskjör en þeir bátar, sem væru fluttir inn.

Við vitum, að það hafa margir áhuga á því að efla fiskveiðasjóðinn af þessari brýnu nauðsyn, og er það í undirbúningi og athugun, hvernig það megi gerast, svo að lánaþörfinni verði fullnægt.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til þess að fara öllu fleiri orðum um þennan lið till. Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi sé eftir atvikum ánægður með þær upplýsingar, sem ég nú hef gefið, að ríkisstj. er að vinna að þessu máli, hefur hug á því að leysa þetta, hefur fullan skilning á því, að það er nauðsynlegt, að bátasmíðastöðvarnar séu starfandi, ekki sízt vegna þess, að það þarf þó alltaf að láta viðgerðir báta fara hér fram, en viðgerðir á bátum hljóta að verða dýrari og jafnvel óframkvæmanlegar hér, ef ekki eru bátasmiðir og bátasmíðastöðvar starfandi. Þetta er öllum ljóst.

Um annan lið till., hvort ríkisstj. hafi í hyggju að leyfa innflutning á bátum á yfirstandandi ári, þá get ég upplýst hv. fyrirspyrjanda um það, að innflutningur á bátum hefur ekki verið leyfður síðan í haust, að undanteknum einum bát til Vestmannaeyja, — ég held, að skipstjórinn heiti Þorvaldur Guðjónsson. Hann missti bátinn í fárviðri, og til þess að hann gæti nú farið á vertíð í Vestmannaeyjum og notað þann mannskap, sem hann var búinn að ráða til sín, þá var honum veitt leyfi til þess að nota vátryggingarfé til kaupa á nýjum bát, en hann gat fengið ágætan bát fyrirvaralaust í Þýzkalandi. Sá bátur er nú að veiðum í Vestmannaeyjum, og ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi sé ekki óánægður með þessa ráðstöfun. Önnur leyfi hafa ekki verið veitt síðan á s. l. hausti, og það er mjög til athugunar hjá ríkisstj. að veita ekki leyfi fyrir útlendum bátum, heldur gera mögulegt að byggja bátana innanlands og uppfylla þá rýrnun og þá eðlilegu aukningu á bátaflotanum, sem nauðsynleg er, með því að byggja þá innanlands. Hitt getur vitanlega alltaf átt sér stað, að það sé nauðsynlegt, t. d. ef bátur ferst, að veita einhverjar undanþágur frá þessu, en

það er óhætt að fullyrða og upplýsa það, að enn hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um að flytja inn báta á þessu ári.

*Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson):* Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið við fsp. mínum. Hins vegar verð ég að láta í ljós, að mér finnst að verulegu leyti svör hans hafa byggzt á þeim misskilningi, að fyrirspurnirnar væru fram komnar sem einhver sérstök árás á ríkisstj., og því miður gætir þess alloft í ummælum hæstv. ráðh. hér, að þeir leggja sig ekki fyrst og fremst fram um að svara efnislega því, sem um er spurt, heldur taka fsp. eins og árásir, sem þurfi að hrinda.

Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ég eða minn flokkur höfum fjandskapazt við það, að fiskiskipafloti landsmanna hafi verið aukinn. Við höfum deilt um þjóðhagsleg vandamál og möguleikana í sambandi við að smíða skip í landinu og flytja þau inn. En ég vil taka það greinilega fram, að þegar svo er komið, að fiskiskipaflotinn fer rýrnandi og skipasmíðar fara ekki fram nema mjög litlar í landinu, þá er hvorki ég né minn flokkur á móti því, að flutt séu inn skip. Og þegar það er upplýst, að í það byggðarlag, sem er mín heimbyggð, hafi farið mest af þeim skipum, sem innflutt hafa verið, og aflað þar mikilla gjaldeyristekna, þá er það reyndar ekkert fram yfir það, sem ég áður vissi; hefði ég talið það ákaflega illa farið, ef engin aukning hefði fengizt á fiskiskipaflotanum þar. Ég tel þess vegna eftir atvikum alls ekki hafa verið fráleitt að leyfa innflutning fiskiskipa á s. l. ári og tel það reyndar ekki enn, og fsp. er alls ekki gerð til ríkisstj. af þeim ástæðum.

Sú er ástæða fyrir því, að síðari liður fyrirspurnarinnar er fram kominn, að ýmsir menn í minni heimbyggð hafa mikinn áhuga á því að fá sér ný fiskiskip og hafa m. a. beðið mig um að grennslast eftir því, hvort það muni nokkuð þýða að sækja til ríkisstj. um innflutning á slíkum skipum.

Ég vil svo ítreka það, að æskilegast væri, ef ríkisstj. gæti sem hraðast undirbúið það, að skipasmíðar færu fram að sem mestu leyti í landinu sjálfu, og alveg skilyrðislaust að svo miklu leyti, að hægt væri að halda gangandi skipasmíðastöðvum allt árið, þannig að þær væru hvenær sem væri reiðubúnar til viðgerða á flota landsmanna, og sömuleiðis væri það ósk mín, að ríkisstj. sæi sér fært að standa ekki í vegi fyrir eðlilegri þróun og aukningu fiskiskipaflotans í landinu og gripi þá til innflutnings á skipum, eftir því sem til kynni að þurfa, að því leyti sem innlendar skipasmíðastöðvar gætu ekki annað eðlilegri aukningu flotans.

*Hannibal Valdimarsson:* Herra forseti. Það er sýnt af upplýsingum þeim, sem hv. 9. landsk. gaf hér áðan, að það er komið í mjög mikið óefni í sumum stærstu verstöðvum landsins, þegar skipasmíðastöðvar eru búnar að missa lærða skipasmiði svo mjög, að um hávertíðina er ekki hægt að fá framkvæmdar viðgerðir á fiskiskipaflotanum. En þetta var upplýst hér á Alþ., að að þessu stefndi fyrir meir en ári, í byrjun síðasta þings, þegar ég og hv. 5. landsk. þm. (EmJ) fluttum frv. á Alþ. um innlendar skipasmíðar. Í því frv. var lagt til, að niður yrðu felldir allir tollar og söluskattur af efni og vélum í innlend fiskiskip, sem smíðuð væru í íslenzkum skipasmíðastöðvum.

Í sambandi við flutning þessa frv. var það upplýst eftir rannsókn Fiskifélags Íslands, að skipasmíðastöðvarnar væru að verða óstarfhæfar, vegna þess að þær hefðu ekki tekið neinn nemanda í skipasmíðum og þær gætu ekki haldið í stöðugri vinnu hjá sér þeim skipasmiðum, sem þær hefðu haft, þegar ekkert væri verkefnið annað en stopular viðgerðir á fiskiflotanum.

Þetta frv. fékk nú góðar undirtektir. Ég man, að hv. form. Sjálfstfl., núverandi hæstv. forsrh., sagði, að þetta væri mjög þarft og gott frv. og hann og hans flokkur mæltu sterklega með því, að það væri samþ. En það var nú samt ekki samþ., samkvæmt þeirri föstu reglu í þessu okkar ágæta lýðræðislandi, að ekkert mál, hversu gott sem það sé, ef það kemur frá stjórnarandstöðunni, skuli ná fram að ganga. En það var gert dálítið í þessa átt, því að hæstv. ríkisstj. fékk sér heimild á fjárl. til þess að fella niður alla tolla og skatta af efni í íslenzk skip, sem smíðuð væru í íslenzkum skipasmíðastöðvum, og mætti endurgreiða það, þegar sönnur hefðu verið færðar á, að slíkur bátur hefði verið smíðaður. Þessi niðurfelling virðist nú hafa borið nokkurn árangur til lausnar þessu máli, þar sem núna er upplýst, að það hafi nokkrir bátar verið byggðir í íslenzkum skipasmíðastöðvum og 9 séu í byggingu. En samt er eftir að ganga þannig frá málinu, að íslenzk skipasmíði sé samkeppnisfær við erlendar skipasmíðastöðvar, þar sem verðmismunur er talinn á meðalfiskibátum um 135 þús. kr. Til þess að tryggja smíði 10 íslenzkra báta hér innanlands þyrfti sem sé að verja 1350 þús. kr., og mundi nú einhverjum sýnast, að það væri tilvinnandi til þess a. m. k. að geta haldið svo við kunnáttu í að smíða fiskibáta, að við séum ekki alveg upp á útlendinga komnir með það allt saman og þurfum að fara að flytja inn útlenda skipasmíði til þess að annast viðhaldið á bátunum okkar, en þá væri sannarlega í óefni komið, líkt og þegar við erum farnir að flytja inn íslenzka sjómenn til þess að starfa á bátunum.

Mér finnst, að það þurfi að ganga þannig frá þessu máli, að málið sé að fullu leyst, svo að íslenzkar skipasmíðastöðvar geti fengið unga menn til að læra skipasmíði og haft verkefni og viti það, að þær hafi verkefni fram undan til þess að hafa einhverja fasta skipasmíði í sinni þjónustu, því að annars lendum við í þessu, sem nú blasir við í Vestmannaeyjum og kannske víðar, að ekki sé hægt að fá viðgerðir á bátunum um hávertíðina, af því að lærðir skipasmiðir eru ekki fyrir hendi; eru komnir í aðra atvinnu, vegna þess að þeir hafa ekki átt kost á atvinnunni nema 2—4 mánuði ársins.

Það er alveg augljóst mál, að við verðum annaðhvort að fá fiskibátaflotann okkar endurnýjaðan með smíði innanlands eða með því að flytja báta frá útlöndum. Það var gert á s. l. ári vegna þeirrar margra ára vanrækslu, sem hafði verið í þessum efnum, að halda flotanum við, að kaupa inn 21 bát. En þá kom í ljós, að það vantaði 20 skipshafnir, og varð að flytja þá 300 útlendinga inn í landið til þess að manna þessa báta eða aðra í þeirra stað. Og það virðist þess vegna hafa verið mjög vafasöm ráðstöfun, og a. m. k. deili ég ekki um það, að þessi ráðstöfun hefur ekki verið spor í þá átt að tryggja íslenzkan skipasmíðaiðnað innanlands. Það var spor í öfuga átt með tilliti til þess.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að það þarf að gera skipasmíðastöðvunum mögulegt að hafa faglærða menn í sinni þjónustu, og það verður ekki gert með öðru en að gera það öruggt, að skipasmíðastöðvarnar hafi verkefni við nýsmíði auk viðhaldsins, sem til fellur á vissum tímum ársins. Og ég fellst einnig á það, að það muni vera langlíklegasta leiðin að hafa betri lánakjör á vélbátum, sem smíðaðir eru innanlands, heldur en til vélbáta, sem keyptir eru frá útlöndum. En mér finnst bara, að svo alvarlegt sé útlitið orðið, að hæstv. ríkisstj. megi ekki lengi draga að gera skipasmíðastöðvunum ljóst, að þær megi treysta því, að íslenzkur skipasmíðaiðnaður verði gerður lífvænn með t. d. ráðstöfunum í þá átt að tryggja betri lán til innlendra skipa, sem smíðuð eru af Íslendingum sjálfum.